Framangreind ákvæði raska að engu leyti gildandi lögum um verðtoll. Ákvæðin um sýning innkaupsreikninga í 1. gr. laga nr. 5 3. apríl 1928, svo og ákvæðin í gildandi reglugerð um verðtoll og ákvæði laga nr. 63 31. desember 1937 og 4. gr. laga nr. 132 31. des. 1935 skulu gilda, eftir því sem við á, um gjald samkvæmt þessari grein.

Sérstök skilagrein skal gerð fyrir gjaldi samkvæmt þessari grein. Fjármálaráðherra getur með reglugerð sett nánari fyrirmæli um greiðslu gjaldsins af vörum, sem sendar eru til landsins í pósti, og um annað, er snertir framkvæmd á ákvæðum greinarinnar, og má í reglugerðinni ákveða sektir fyrir brot á henni.

4. gr.

Með því að innheimta á árinu 1939 8 aura innflutningsgjald af hverjum lítra af benzíni, í stað þess innflutningsgjalds, sem ákveðið er í a-lið 1. gr. laga nr. 84 6. júlí 1932.

Að öðru leyti gilda ákvæði nefndra laga 6. júlí 1932 um innheimtu og endurgreiðslu innflutningsgjalds af benzíni samkvæmt 1. mgr. þessarar greinar.

Þeim tekjuauka, sem leiðir af framangreindri hækkun innflutningsgjaldsins af benzíni frá því, sem það var eftir nefndum lögum frá 1932, skal varið til að greiða kostnað við lagning akvega og malbikun þjóðvega svo sem hér greinir:

1.	Til malbikunar:		
	a. Elliðaárvegur	allt að	50000 kr.
	b. Hafnarfjarðarvegur	— —	50000 —
2.	Til akvega:		
	a. Til Suðurlandsbrautar	— —	70000 —
	b. — Vatnsskarðsvegar	— —	40000 —
	c. — Austurlandsvegar	— —	17000 —
	d. — vega út frá Akureyri	— —	15000 —
	e. — Ljósavatnsskarðsvegar	— —	5000 —
	f. — Sogsvegar	— —	16000 —
	g. — Steingrímsfjarðarheiðarvegar	— —	12000 —

Það, sem ofangreindur tekjuauki kann að fara fram úr 275000 krónum, leggist í sérstakan sjóð, er verði ráðstafað til lagningar Suðurlandsbrautar á árinu 1940.

5. gr.

Með því að innheimta á árinu 1939 með 11% viðauka alla skatta, tolla og önnur gjöld, sem greiða ber í ríkissjóð og falla í gjalddaga á árinu, og því einnig skatta og gjöld samkvæmt 2., 3. og 4. gr. laga þessara.

Framangreindu 11% gjaldi skal einnig bætt við aðflutningsgjöld af vörum, sem fluttar hafa verið til landsins fyrir 1. janúar 1938, en aðflutningsgjöld hafa ekki verið greidd af fyrir gildistöku laga þessara.

Undanþegin viðaukagjaldi samkvæmt 1. mgr. þessarar greinar eru útflutningsgjöld samkvæmt lögum nr. 63 23. jan. 1935, gjöld samkvæmt lögum nr. 25 9. jan. 1935 og aðflutningsgjöld af vörum þeim, sem tilgreindar eru í auglýsingu nr. 106 29. júní 1933, þó ekki lengur en samningur sá, sem þar er birtur, er í gildi.

Fjármálaráðherra setur nánari reglur um innheimtu viðaukagjaldsins samkvæmt þessari grein, svo og um skil á því í ríkissjóð.

6. gr.

Á árinu 1939 er ríkisstjórninni heimilt:

a. að endurgreiða fiskveiðagufuskipum vörutoll af kolum, sem þau nota til fiskveiða í salt.
b. að falla frá innheimtu vörutolls af salti.

Heimild þessi sé þó því aðeins notuð, að bæjar- eða hreppsfélög, sem hlut eiga að máli, eða fyrirtæki, sem rekin eru af þeim, veiti útgerðinni hliðstæð hlunnindi, að dómi ríkisstjórnarinnar, með lækkun á gjöldum.

Noti ríkisstjórnin heimild þessa, heimilast henni að hækka skatt- og tollviðauka þann, sem um ræðir í 5. gr. laga þessara, úr 11% í 12%.

7. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1939.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta:

Með þessu frumvarpi er ráðgert að framlengja fyrir árið 1939 þau ákvæði til tekjuöflunar, sem lögfest voru á síðasta Alþingi með lögum um bráðabirgðatekjuöflun ríkissjóðs og jöfnunarsjóðs bæjar- og sveitarfélaga.

Eru fyrir hendi sömu ástæður fyrir tekjuþörf ríkissjóðs og bæjar- og sveitarsjóða sem fyrir lágu í haust.

4. Frumvarp til laga

um bráðabirgðabreyting nokkurra laga.

(Lagt fyrir Alþingi 1938.)

1. gr.

1. Framkvæmd laga nr. 50 10. nóv. 1913, um að landssjóður leggi landsbankanum til 100 þús. kr. á ári næstu 20 ár, er frestað til árlsoka 1939.
2. Tekjur eftir lögum nr. 56 31. maí 1927, um skemmtanaskatt og þjóðleikhús, renna í ríkissjóð til ársloka 1939.
3. Tekjur eftir lögum nr. 58 8. sept. 1931, um einkasölu á tóbaki, skulu renna í ríkissjóð til ársloka 1939.
4. Framkvæmd annarar og þriðju greinar laga nr. 45 10. nóv. 1913, um bjargráðasjóð Íslands, er frestað til árlskoa 1939.
5. Kennslu-eftirlit það. sem ræðir um í 6.—8. gr. laga nr. 35 19. maí 1930, fellur burt til ársloka 1939.
6. Framkvæmd c-liðar í 8. gr. laga nr. 84 6. júlí 1932, um bifreiðaskatt og fleira, er frestað til ársloka 1939.
7. Ríkisstjórninni er heimilt að fresta til ársloka 1939 framlögum samkvæmt 5. gr. laga nr. 34 19. júní 1933, um breyting á lögum nr. 84 6. júlí 1932, um bifreiða-

skatt og fleira, til þeirra kaupstaða og verzlunarstaða, sem ekki leggja tilskilinn hluta á móti ríkisframlaginu og framkvæma ekki malbikun á árinu 1939.

8. Á árinu 1939 leggur ríkissjóður ekki fram til ræktunarsjóðs Íslands þann hluta útflutningsgjalds, sem ræðir um í 12. gr. laga nr. 63 28. jan. 1935.
9. Á árinu 1939 skal frestað framkvæmd laga nr. 98 19. júní 1933, um læknishéraða- og prestakallasjóði.
10. Á árinu 1939 fellur niður starf gengisnefndar og launagreiðsla til hennar, samanber lög nr. 48 4. júní 1924 og lög nr. 9 27. maí 1925.
11. Á árinu 1939 skal ekki verja hærri fjárhæð úr ríkissjóði til búfjárræktar, samanber lög nr. 32 1931, en 62000 kr. Landbúnaðarráðherra ákveður í samráði við búnaðarfélag Íslands, hvernig þessum sparnaði verði náð.
12. Á árinu 1939 má ekki verja úr ríkissjóði meira en 14000 kr. til kaupa á erlendum áburði, sbr. lög nr. 51 28. jan. 1935.
13. Á árinu 1939 leggur ríkissjóður ekki fram meira en 1000 krónur til bókasafna prestakalla, sbr. lög nr. 17 7. júlí 1931.
14. Á árinu 1939 greiðir ríkissjóður ekki hærra framlag til sýsluvegasjóða en það, sem ákveðið er til móts við 4½% úr héruðum, sbr. lög nr. 102 19. júní 1933.
15. Árið 1939 skulu ekki vera launaðir prófdómendur við ríkisskólana eða skóla, er njóta ríkisstyrks, nema við embættispróf í háskólanum og burtfararpróf í menntaskólunum, kennarskólanum, stýrimannaskólanum, vélstjóraskólanum, siglingafræðinámskeiðum og vélgæzlunámskeiðum.
16. Á árinu 1939 leggur ríkissjóður fram 60000 kr. til verkfærakaupasjóðs.
17. Heimild sú til að greiða vaxtastyrk af fasteignaveðslánum bænda, stofnlánum til frystihúsa, mjólkurbúa o. fl., sem veitt er samkv. 4. gr. l. nr. 79 frá 19. júní 1933, og lögum um breyting á þeim lögum, nr. 91 frá 3. maí 1935, skal úr gildi felld fyrir árið 1939.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1939.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta:

Með þessu frumvarpi er farið fram á, að frestað verði framkvæmd á eða breytt til bráðabirgða árið 1939 þeim lögum og einstökum lagaákvæðum, sem frestað er framkvæmd á eða breytt til bráðabirgða árið 1938.

Ekki er annað sýnilegt en að full þörf sé fyrir sparnað þann árið 1939, sem af frumvarpi þessu leiðir, ef það verður að lögum.

5. Frumvarp til laga

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að innheimta ýms gjöld 1939 með viðauka.

(Lagt fyrir Alþingi 1938.)

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að innheimta eignarskatt, álagðan 1939 samkvæmt lögum nr. 6 9. janúar 1935, með 10% viðauka. Þó skal ekki innheimta álag, sem nemur minna en 3 kr. hjá gjaldanda.

2. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt til ársloka 1939 að innheimta með 25% viðauka vitagjald, aðflutningsgjald skv. lögum nr. 37, 13. júní 1937 nema af sykri, sírópi, brenndu og óbrenndu kaffi, kaffibæti og öli, aukatekjur ríkissjóðs, þær sem taldar eru í lögum

nr. 27 27. júní 1921, I.—VI. kafla, stimpilgjald samkvæmt lögum nr. 75. 27. júní 1921, og ennfremur verðtoll (sbr. lög nr. 47 15. júní 1926, lög nr. 5 3. apríl 1928, lög nr. 11 2. júní 1933, lög nr. 132 31. des. 1935 og lög nr. 6 6. jan. 1938), þó ekki verðtoll af þeim vörum, er greinir í lögum nr. 83 19. júní 1933 og auglýsingu nr. 106 29. júní 1933, og eigi heldur af skófatnaði, öðrum en lakk-, flos- og silkiskóm, og olíufatnaði.

3. gr.

Viðaukinn sé reiknaður þannig, að hver toll- og gjaldeining hækkar um 25%, og reiknast ½ eyrir og ½% eða hærra sem heill eyrir eða heilt prósent, en minna broti skal sleppt.

Gengisviðauki sá á aukatekjum ríkissjóðs og stimpilgjaldi, er um ræðir í þessari grein, tekur þó ekki til greiðslna fyrir embættisverk, sem framkvæmd eru, eða fyrir skjöl, sem gefin eru út vegna framkvæmdar á lögum nr. 78 19. júní 1933, um kreppulánasjóð.

Rísi ágreiningur um það, hvort reikna skuli gjaldið með 25% viðauka eða ekki, sker fjármálaráðuneytið úr.

4. gr.

Skemmtanaskatt samkvæmt lögum nr. 56 31. maí 1927 skal til ársloka 1939 heimilt að innheimta með 80% álagi. Þó skulu leiksýningar, hljómleikar og söngskemmtanir innlendra manna undanþegnar álagningunni.

5. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. jan. 1939.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta:

Í þessu frumvarpi er lagt til að framlengja til ársloka 1939 gildandi lagaákvæði um að innheimta eignarskatt með 10% viðauka og ýmis önnur gjöld með 25% viðauka. Enn fremur er lagt til að aðflutningsgjald samkv. lögum nr. 37 13. júní 1937 verði einnig innheimt með 25% viðauka, með fáeinum undantekningum.

Loks er lagt til að framlengja til ársloka 1939 gildandi lagaákvæði um að innheimta skemmtanaskatt samkv. lögum nr. 56 31. maí 1927 með 80% álagi.

Ekki verður séð, að hjá þessum framlengingum verði komizt.

Nd. 6. Frumvarp til laga

um breytingar á lögum nr. 6 9. jan. 1935, um tekjuskatt og eignarskatt.

Flm.: Sigurður Kristjánsson.

1. gr.

Aftan við a-lið 7. greinar laganna bætist:
Fæði og húsnæði skipverja á skipum kemur þó eigi hér til greina.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta var flutt á síðasta þingi, en hafði ekki hlotið afgreiðslu, er þingi sleit. Fylgdi því þá eftirfarandi greinargerð:

Meðal þess, sem meta ber til skattskyldra tekna samkv. a-lið 7. greinar tekju-

skatts- og eignarskattslaganna frá 1935, er talið fæði og húsnæði, sem látið er í té í kaupgjaldsskyni.

Hlunnindi þessi munu af skattanefndum almennt metin á 2 kr. á dag, að því er snertir skipverja. En þótt fæði og húsnæði á skipum kosti útgerðirnar eflaust þetta eða meira, er hitt víst, að skipverjarnir sjálfir, að minnsta kosti þeir, sem fjölskyldu hafa fram að færa, hafa af þessum hlunnindum lítinn sparnað á heimilum sínum. Mun óhætt að fullyrða, að hin verri aðstaða, sem skipverjinn hefir til þess, vegna fjarveru sinnar frá heimilinu, að afla nauðsynja til þess á haganlegan og ódýran hátt, vegur fullkomlega á móti því, sem neyzlan á heimilinu verður minni við það, að hann er þar ekki á fæði.

Öll rök styðja það því, að þessi hlunnindi reiknist ekki til skattskyldra tekna.

Nd. 7. Frumvarp til laga

um breytingar á lögum nr. 43 19. júní 1933, um stjórn vitamála og um vitabyggingar.

Flm.: Sigurður Kristjánsson.

1. gr.

7. gr. laganna orðist svo:

Vitamálastjóri gerir árlega tillögur og áætlun um fjárveitingar úr ríkissjóði til vitamála. Tillögur þessar skal hann gera í samráði við forstöðumann stýrimannaskólans í Reykjavík og formann Farmannasambands Íslands. Skal þetta gert svo snemma, að ríkisstjórnin geti haft tillögurnar til hliðsjónar við samningu fjárlagafrumvarpsins.

2. gr.

Úr 8. gr. laganna falli orðin „ef ástæður ríkissjóðs leyfa".

3. gr.

9. gr. laganna verði svo hljóðandi:

Ráðherra lætur reisa vita þá, sem taldir eru hér á eftir, þegar fé er veitt til þess í fjárlögum:

Á Þjófakletti í Borgarfirði	ljósviti
— Borgareyjum	—
— Rauðanesi	—
— Hjörsey á Mýrum	—
— Stapa	—
— Rifi á Snæfellsnesi	—
— Stórfiskaskeri við Hagabót	—
Undir Söðli við Skorarhlíð	—
Á Bjargtöngum	stækkun ljósvita
— —	radíóviti
— Vatneyri við Patreksfjörð	ljósviti
— Langanesi í Arnarfirði	—
— Þingeyri við Dýrafjörð	—
— Fjallaskaga við Dýrafjörð	—
— Flateyri við Önundarfjörð	—
— Sauðanesi	—
— Gelti	radíóviti
— —	hljóðviti
— Æðey	ljósviti
— Sléttueyri í Jökulfjörðum	—
— Aðalvík	—

Á Hornbjargi	radíóviti
— —	hljóðviti
— Munaðarnesi	ljósviti
— Krossnesi	—
— Kaldrananesi	—
— Kjörseyri við Hrútafjörð	—
— Bálkastaðanesi	—
— Skagaströnd	—
— Kálfshamarsnesi	stækkun ljósvita
— Skagatá	— —
— Reykjadisk við Skagafjörð	ljósviti
Nyrzt á Málmey	ljósviti
Á Siglunesi	radíóviti
— Grímsey	ljósviti
— Húsavíkurhöfða	—
— Snartarstöðum	—
— Grenjanesi	—
— Svínalækjartanga	—
— Langanesi	stækkun ljósvita
— —	radíóviti
— —	hljóðviti
— Digranesi	ljósviti
— Kolbeinstanga í Vopnafirði	—
— Skálanesi við Borgarfjörð	—
— Glettinganesi	hljóðviti
— Hellisnesi við Norðfjörð	ljósviti
— Grímutanga við Reyðarfjörð	—
— Selnesi á Breiðdalsvík	—
— Seley	—
— —	radíóviti
— —	hljóðviti
— Hvalsnesi	ljósviti
— Stokknesi	radíóviti
— Hestgerði	ljósviti
— Ingólfshöfða	stækkun ljósvita
— Stórhöfða	— —
— Faxaskeri	ljósviti
— Loftsstaðahól	—
— Hafnarnesi við Þorlákshöfn	—
— Reykjanesi	hljóðviti
— Gróttu	radíóviti
— —	hljóðviti

4. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

Greinargerð.

Frv. þetta var flutt á síðasta þingi, en tími vannst ekki til að afgreiða það. Fékk sjávarútvegsnefnd það til athugunar. Var svo áliðið þings, er frv. var tekið fyrir í nefndinni, að ekki var unnt að afgreiða það til deildarinnar. Sendi nefndin það vitamálastjóra til yfirlits, en umsögn hans var ókomin, er þingi sleit.

Frv. er flutt hér óbreytt og með eftirfarandi greinargerð, er því fylgdi upphaflega:

„Frumvarp þetta er flutt fyrir tilmæli Farmannasambands Íslands. Aðalbreytingin, sem með því er farið fram á að gerð verði á lögunum um vitamál og vitabyggingar, er við 9. grein, þ. e.: skrána yfir vita þá, sem skv. lögunum skal byggja.

Til þess að ákveða, hvar vitar skuli standa umhverfis allt landið, svo að af þeim verði fyllst not, þarf mikinn kunnugleika. Munu núverandi skipstjórar strandferðaskipanna standa flestum eða öllum framar í þessum efnum. Samkvæmt athugun þeirra, er nokkrum þeirra vita, sem taldir eru í 9. gr., ákveðnir rangir staðir. Einnig vantar í skrána nokkra vita, sem ekki er síður þörf á en ýmsum þeirra, sem í lögunum eru taldir. Skráin í 9. gr. frumvarpsins er samin eftir fyrirsögn hr. skipstjóra Ásgeirs Sigurðssonar.

Fyrir öðrum atriðum frumvarpsins verður gerð grein í framsögu."

Nd. 8. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 28 19. maí 1930, um greiðslu verkkaups.

Flm.: Ísleifur Högnason, Einar Olgeirsson.

1. gr.

Orðin „nema svo hafi áður verið sérstaklega um samið" í niðurlagi fyrri málsgr. 1. gr. laganna falli niður.

2. gr.

Orðin „nema öðruvísi sé um samið" í niðurlagi fyrri málsgreinar 2. gr. laganna falli burtu.

Greinargerð.

Frv. sama efnis var flutt á haustþinginu í fyrra og fylgdu því eftirfarandi athugasemdir:

„Greiðsla á verkkaupi með skuldajöfnuði (greiðsla í vörum) hefir á síðari árum færzt mjög í aukana, að minnsta kosti í kauptúnum og kaupstöðum utan Reykjavíkur. Eins og lögin um greiðslu verkkaups eru nú, geta þeir, sem vinnu kaupa, borið fyrir sig málsgrein þá í lögunum, sem hér er lagt til, að felld verði niður, og greitt verkkaupið í vörum, ávísunum á vörur eða með skuldajöfnuði. Það er auðskilið, að slík greiðsla verkkaups þýðir launalækkun verkamannsins og takmarkar jafnframt val hans um það, á hvern hátt hann ver verkalaunum sínum. Með auknu atvinnuleysi og þar af leiðandi auknu framboði á vinnuafli hefir aðstaða verkkaupanda batnað til þess að knýja verkamenn til að semja um óhagkvæmari greiðslu verkkaups.

Með frumvarpinu er ætlazt til, að úr þessu verði bætt og að verkkaup verði skilyrðis- og undantekningarlaust greitt í peningum. — Nánar í framsögu."

Ed. 9. Frumvarp til laga

um breyting á framfærslulögum, nr. 135 31. des. 1935.

Flm.: Brynjólfur Bjarnason.

1. gr.

a. Á eftir orðunum „telst þar til" í fyrstu málsgr. 1. gr. laganna bætist inn í: húsnæði, fatnaður, ljós, hiti o. s. frv.

b. Síðasta málsgr. 1. gr. orðist svo:

Skal atvinnumálaráðuneytið skipa sérfróða nefnd, sem í byrjun hvers fjárhagsárs, að fengnum tillögum framfærslunefnda og sveitarstjórna, gerir áætlun um nauðsynlega framfærslu heimilis samkv. gildandi verðlagi á hverjum stað, og birtir sundurliðaða skrá yfir framfærslukostnað, er hún telur fjölskyldum nægilegan á hverjum stað og farið skal eftir við úthlutun framfærslustyrks fyrir einn mann, tvo í heimili, þrjá o. s. frv. Allur framfærslustyrkur skal miðaður við gjaldskrá þessa og fullur framfærslustyrkur skal vera jafnhár og framfærslukostnaður samkvæmt skránni. Að minnsta kosti tvær konur skulu jafnan eiga sæti í nefnd þessari, og skal önnur þeirra jafnan vera reynd húsmóðir.

2. gr.

Orðin „enda hafi hún foreldraráð yfir þeim“ í 1. málsgr. 4. gr. laganna falli niður.

3. gr.

7. gr. laganna orðist svo:

Nú óskar framfærsluþurfi að búa utan heimilis framfærslumanns, og skal hann þá fá af almannafé svo sem 1. gr. ákveður. Viðkomandi lögreglustjóri úrskurðar síðan og innheimtir greiðslu þessa hjá framfærslumanni að nokkru eða öllu leyti, eftir efnum og ástæðum framfærslumanns. Úrskurði yfirvalds í þessu efni má skjóta til stjórnarráðsins.

4. gr.

8. gr. laganna falli niður, og greinatalan breytist samkvæmt því.

5. gr.

9. gr. laganna orðist svo:

Yfirvald ákveður, þar sem framfærslumaður á heima, eða dvelur, ef hann á hvergi fast aðsetur, meðlag barna með foreldrum, foreldra með börnum, stjúpbörnum eða kjörbörnum, hjóna hvors með öðru og upphæð barnsfararkostnaðar.

6. gr.

Síðasta málsgr. 10. gr. laganna orðist svo:

Fráskilin kona á rétt á að fá fullnægt úrskurði sínum á sama hátt, en heimilt er þó sveitarstjórn að hlutast til um, að úrskurðinum sé breytt, ef hagir aðilja breytast, þó svo, að aldrei sé greitt minna en meðalmeðlag með börnunum.

7. gr.

12. gr. laganna orðist svo:

Landið er eitt framfærsluhérað, og á sérhver íslenzkur ríkisborgari rétt á framfærslu í dvalarsveit sinni.

8. gr.

Síðasta málsgr. 11. gr. laganna orðist svo:

Framfærslumaður eða ríki á sömu framfærslukröfu á hendur húsbónda, útgerðarmanni og lærimeistara eins og hjú, skipverji og iðnnemi, ef þau neyta eigi réttar síns.

9. gr.

13. og 14. gr. laganna falli niður, og greinatalan breytist samkv. því.

10. gr.

Í stað orðsins „meðlagsúrskurði“ í 1. málsgr. 15. gr. laganna komi: samningi.

Alstaðar þar, sem stendur „meðalmeðlag“ í greininni komi: meðalmeðgjöf.

11. gr.

16. gr. laganna falli niður.

12. gr.

Í stað orðanna "í heimilissveit sinni" í 18. gr. laganna komi: hér á landi.

13. gr.

Við 20. gr. laganna bætist: og kemur ekki til niðurjöfnunar samkv. þessum lögum.

14. gr.

a. Í stað síðari málsl. 22. gr. laganna komi:
Sama rétt á og kona öryrkja og manns, sem þjáist af langvarandi sjúkdómi og nýtur eigi dagpeninga úr sjúkrasamlagi, og ennfremur kona manns, sem dvelur langdvölum í fangelsi eða á vinnuhæli.

b. Við sömu gr. bætist ný málsgr., svo hljóðandi:
Skal konan leggja fram skriflega umsókn og fylgja henni skýrsla gefin af henni sjálfri. Umsóknir þessar skulu vera á sérstökum eyðublöðum, er ráðuneytið sendir valdsmönnum. Heimilt er valdsmanni að leita umsagnar um skýrslu konunnar, ef honum þykir ástæða til.

15. gr.

Á eftir orðunum í 23. gr. „hljóða á nafn hinna yngstu" komi: Heimilt er að úrskurða meðlag allt að því ár aftur í tímann, ef fjárhagsástæður eru þannig, að þess gerist þörf.

16. gr.

Í stað „ekkjunnar" í 23. gr. og „ekkjan" í 24. gr. laganna komi: konunnar og konan.

17. gr.

25. gr. laganna orðist svo:
Meðlög með börnum samkvæmt úrskurði og barnsfararkostnaður skal greiðast af lögreglustjóra, þar sem úrskurðinum er framvísað. Þegar greiðslu er krafizt, er skylt að sýna úrskurð og lífsvottorð barnsins, sé þess krafizt. Meðlagsúrskurðir og barnsfararkostnaður kemur eigi til niðurjöfnunar samkv. lögum þessum.

18. gr.

26. gr. laganna falli niður, og greinatalan breytist samkv. því.

19. gr.

Aftan við 28. gr. laganna bætist: í umboði stjórnarráðsins.

20. gr.

29. gr. laganna orðist svo:
Í kaupstöðum skal vera framfærslunefnd, skipuð 5 mönnum, til að annast framkvæmdir framfærslumálanna í kaupstaðnum.
Í Reykjavík kýs fulltrúaráð verklýðsfélaganna einn mann og verklýðsfélögin í kaupstöðum annarsstaðar einn mann. Bæjarstjórn kýs þrjá menn hlutbundnum kosningum. Ráðuneytið tilnefnir einn mann til jafnlangs tíma og nefndarmenn eru kosnir, og er hann formaður nefndarinnar.
Kjörtímabil framfærslunefndar er hið sama og kjörtímabil bæjarstjórnar.
Í kaupstöðum skal nefndin vera launuð.

21. gr.

30. gr. laganna orðist svo:
Hreppsnefnd er heimilt að stofna framfærslunefnd, er skipuð sé þrem mönnum, tveim kosnum hlutfallskosningu af hreppsnefnd og formanni, er ráðuneytið skipar.

22. gr.

Aftan við 32. gr. laganna bætist:

Á sama hátt er hverjum einstökum meðlim framfærslunefndar heimilt að áfrýja úrskurði meiri hluta nefndarinnar.

23. gr.

Í stað orðanna „sveitarfélagi sínu“ í síðari málsgr. 33. gr. laganna komi: framfærslustjórn.

24. gr.

35. gr. laganna orðist svo:

Atvinnumálaráðuneytið setur reglugerð um tilhögun og framkvæmd framfærslumála á hverjum stað. Meðal annars skal tiltekið í þeirri reglugerð, hvaða kröfur skuli gerðar til heimila og stofnana, sem taka að sér börn og aðra styrkþega, hvernig eftirliti skuli hagað með gamalmennum, börnum og sjúklingum o. s. frv.

25. gr.

39. gr. laganna orðist svo:

Nú þarfnast maður framfærslustyrks, og skal hann þá senda framfærslunefnd eða sveitarstjórn skriflega beiðni, þar sem greinir frá ástæðum og heimilishögum hans, atvinnu, ómagafjölda, heilsufari, eignum og skuldum. Er honum skylt að greina rétt frá högum sínum að viðlögðum drengskap. Skal ráðherra láta gera eyðublöð fyrir þessar umsóknir og senda framfærslunefndum og sveitarstjórnum.

Framfærslustyrkur skal greiddur í peningum, nema styrkþegi óski annars. Húsnæði, sem framfærsluþurfa er útvegað og fyrir er greitt af opinberu fé, eða sveitarstjórn leggur til, skal vera gott og heilsusamlegt að dómi héraðslæknis.

Styrkþega skal heimilt að velja sér húsnæði eða dvalarstað sjálfur, ef kröfur hans fara ekki fram úr því, sem heilbrigðisnefnd telur sanngjarnt, enda hafi framfærslunefnd ekki sambærilegt húsnæði til handa styrkþega.

26. gr.

41. gr. laganna orðist svo:

Aldrei má framfærslunefnd eða sveitarstjórn sundra heimilum sakir fátæktar.

27. gr.

a. Í 43. gr. laganna falli niður orðin: „að því leyti sem við verður komið“.
b. Aftan við sömu gr. bætist: Áfrýja má úrskurði barnaverndarnefndar, samkv. næstu málsgr. á undan, til stjórnarráðsins.

28. gr.

a. Í stað „Innansveitarmenn“ í upphafi 2. málsgr. 44. gr. komi: Félög eða einstaklingar.
b. Aftan við sömu gr. laganna bætist ný málsgr., svo hljóðandi:

Nú þykir lögreglustjóra ástæða til, að fram kominni kæru út af meðferð á framfærsluþurfa, að láta í té til bráðabirgða aðstoð eða hjálp, og fellir hann þá úrskurð þar að lútandi, enda er þá sveitarsjóði skylt að leggja út þann kostnað, er úrskurðurinn kynni að hafa í för með sér. Áfrýja má úrskurði lögreglustjóra til ráðherra, en hlíta skal úrskurði lögreglustjóra þar til fullnaðarúrskurður fellur.

29. gr.

45. gr. laganna orðist svo:

Skylt er sveitarstjórn að sjá þeim börnum, sem eru undir hennar umsjá, fyrir þeirri menntun, sem hæfileikar þeirra standa til.

30. gr.

2. málsgr. 48. gr. laganna falli niður.

31. gr.

49. gr. laganna orðist svo:

Nú hefir heimilisfaðir vinnu, sem nægja mundi til framfærslu heimilisins, eða þiggur nægan framfærslustyrk, en lætur heimilið bjargarlaust vegna drykkjuskapar eða annarar óreglu, og er framfærslunefnd eða sveitarstjórn þá heimilt, að fengnum úrskurði lögreglustjóra, að skylda atvinnurekanda þann, sem viðkomandi vinnur hjá, að greiða allt kaupið eða hluta þess til konunnar, eða ef um framfærslustyrk er að ræða, skal henni afhentur styrkurinn.

32. gr.

a. 1. málsgr. 50. gr. laganna orðist svo:

Sveitarstjórn skal, svo sem auðið er, sjá vinnufærum framfærsluþurfum fyrir viðunanlegri vinnu, sem gerir þeim fært að sjá heimili sínu farborða, enda sé hún greidd með venjulegu kaupgjaldi á staðnum.

Skylt er framfærsluþurfa að taka þá vinnu, sem sveitarstjórn hefir vísað honum á, nema hann hafi frambærilegar ástæður til neitunar, svo sem: 1) að hann þoli ekki vinnuna samkv. læknisvottorði, 2) að heimilisástæður hamli því, að hann geti sótt til vinnu langt frá heimilinu, 3) að vinnan sé ekki í hans fagi, ef um fagfólk er að ræða, 4) að atvinnan sé svo léleg eða skammvinn, að hún nægi ekki til lífsframfæris, en geti hinsvegar orðið til þess að hann verði af betri vinnu annarsstaðar.

b. Í stað orðanna í 2. málsgr. sömu greinar „Á sama hátt getur framfærslusveit barnsföður látið hann“ komi: Sveitarstjórn getur látið barnsföður.

c. Síðasta málsgr. sömu greinar falli niður.

33. gr.

51. gr. laganna falli niður, og greinatalan breytist samkvæmt því.

34. gr.

a. Í stað „framfærslusveit“ í 52. gr. laganna komi: heimilissveit.

b. Orðin „að viðlögðu fangelsi skv. 53. gr.“ í lok sömu gr. falli burtu.

35. gr.

53. gr. laganna falli niður, og greinatalan breytist samkvæmt því.

36. gr.

Yfirskrift VII. kafla verði: Um endurgreiðslu framfærslustyrks og jöfnun framfærslukostnaðar.

37. gr.

54. og 55. gr. laganna falli niður, og greinatalan breytist samkvæmt því.

38. gr.

56. gr. laganna orðist svo:

Sá, sem þegið hefir framfærslustyrk, er skyldur að endurgreiða hann ríkinu sem aðra skuld, nema um styrk sé að ræða, sem eigi er endurkræfur samkv. þessum lögum eða öðrum. Því aðeins er þó heimilt að gera fjárnám í eignum eða tekjum styrkþega, að afkomu hans framvegis sé með því ekki stefnt í hættu. Aldrei má þó gera fjárnám í meðlagsúrskurði með börnum né barnsfararfúlgu.

Ennfremur getur faðir eða móðir, sem meðlag eiga að greiða, fengið með úrskurði valdsmanns undanþágu frá endurgreiðsluskyldu fyrir lengri eða skemmri tíma, ef ástæður eru fyrir hendi, svo sem veikindi, atvinnuleysi, ómegð eða annað slíkt.

39. gr.

Tvær síðari málsgr. 58. gr. laganna falli niður.

40. gr.

59. gr. laganna orðist svo:

Nú vanrækir barnsfaðir að endurgreiða ríkinu meðlag, sem greitt hefir verið samkv. úrskurði, og er þá heimilt að leggja löghald á kaup hans eða aðrar tekjur hans til greiðslu slíkra meðlaga, og má þá hvort heldur er skylda húsbónda hans eða atvinnurekanda þann, er barnsfaðirinn starfar hjá, til þess að halda eftir hluta af mánaðarkaupi mannsins eða allri fúlgunni, er honum ber að greiða.

41. gr.

60. gr. laganna falli niður, og greinatalan breytist samkvæmt því.

42. gr.

61. gr. laganna orðist svo:

Nú deyr foreldri, er samkvæmt úrskurði yfirvalds átti að greiða meðlag með barni sínu, skilgetnu eða óskilgetnu, og á þá móðir barnsins eða fósturforeldri rétt á að fá hið úrskurðaða barnsmeðlag greitt, sem telst þá styrkur veittur munaðarlausu barni. Sama gildir, ef faðerni barns er fullsannað, þó ekki hafi verið kveðinn upp úrskurður um meðlagsskyldu föðurins, áður en hann dó.

43. gr.

62. gr. laganna orðist svo:

Nú giftist móðir barns, er meðlag hefir tekið eftir dauða barnsföður, eða frá ríkinu að barnsföður lifandi, og á hún þá áframhaldandi rétt til meðlagsgreiðslu, svo lengi sem úrskurðurinn er í gildi.

Valdsmaður getur numið úrskurð úr gildi, ef sannað er, að fjárhagsástæður móðurinnar hafa breytzt svo, að tryggt sé, að hún geti alið barnið upp án meðlags.

44. gr.

a. Við 63. gr. laganna bætast nýir töluliðir:
   8. Styrkur veittur í veikindum fyrirvinnu heimilis, er eigi nýtur dagpeninga úr sjúkrasamlagi.
   9. Styrkur veittur vegna ómegðar.
b. Aftan við setninguna „sem hér um ræðir“ bætist: nema meðlögin, sem ríkið greiðir.

45. gr.

64. gr. laganna orðist svo:

Skylt er bæjarstjórnum og hreppsnefndum, að fengnum tillögum framfærslunefndar, að ákveða innan þriggja mánaða, hvort þeginn framfærslustyrkur skuli afturkræfur af styrkþega, og skal þeim heimilt að ákveða, að svo skuli ekki, ef þær telja það sanngjarnt vegna aldurs þiggjanda, ómegðar hans, veikinda hans sjálfs eða þeirra, sem hann hefir á skylduframfæri, atvinnuleysi hans eða vegna annara óhappa. Ákvörðunum sveitarstjórna getur styrkþegi eða framfærslunefndarmaður skotið til sýslumanns í sveitum, en atvinnumálaráðherra í kaupstöðum.

Sveitarstjórn ákveður þó þegar í stað, hvort meðlagsgreiðslur samkv. úrskurði eða samningi skuli afturkræfar eða ekki, en veita má meðlagsskyldum þriggja mánaða gjaldfrest, þegar ástæður þykja til þess. Greiði hann ekki meðlagið að þeim tíma liðnum, telst það framfærsluskuld veitt honum til handa.

46. gr.

65. gr. laganna og þær greinar, sem á eftir koma, falli allar niður. Í stað þeirra bætast þrjár nýjar greinar í áframhaldandi röð:

a. Í lok hvers reikningsárs, og eigi síðar en 1. marz næsta ár, sendir sveitarstjórn atvinnumálaráðuneytinu yfirlit yfir framfærslukostnað þann, sem hún hefir haft á árinu.

Atvinnumálaráðuneytið jafnar síðan niður framfærslukostnaði allra sveita á landinu á hverja sveit, að hálfu eftir samanlögðu skattmati fasteigna í sveitinni í samanburði við samanlagt skattmat allra fasteigna á landinu, að hálfu eftir samanlagðri fjárhæð skuldlausra eigna og tekna af eign og atvinnu í sveitinni í samanburði við tilsvarandi fjárhæðir á öllu landinu.

Atvinnumálaráðuneytið innheimtir síðan eftirstöðvar framfærslukostnaðar hjá þeim sveitum, sem greitt hafa minna en þeim bar, samkv. þessari niðurjöfnun, og endurgreiðir þeim sveitum mismuninn, sem greitt hafa of mikið. Skal innheimtu og endurgreiðslu lokið fyrir 1. júlí vegna undanfarandi árs.

b. Lög þessi öðlast gildi 1. jan. 1938, og falla þá jafnframt úr gildi öll þau lagaákvæði, er kynnu að brjóta í bága við þau.

c. Þegar lög þessi hafa öðlazt staðfestingu konungs, skal færa þau inn í meginmál framfærslulaga, nr. 135 31. des. 1935, og gefa þau út svo breytt.

Greinargerð.

Frumv. þetta var flutt á síðasta þingi, og fylgdu því eftirfarandi athugasemdir:

Frv. það, sem hér liggur fyrir, er flutt fyrst og fremst til þess að taka verstu agnúana af núverandi framfærslulöggjöf. Það verður því að líta á þetta frv. sem bráðabirgðabreytingu, á meðan tryggingalöggjöf landsins er ekki komin í það horf, er gerir alla framfærslulöggjöf í núverandi mynd óþarfa. Frv. felur samt í sér allverulegar breytingar á framfærslulöggjöfinni, sem gera hana í senn einfaldari í framkvæmdinni og hagkvæmari fyrir styrkþurfa.

Helztu breytingarnar eru þessar:

1. **1. gr. frv.** Þó að 1. gr. í núgildandi framfærslulögum eigi að fela í sér skyldu hins opinbera til þess að sjá þeim borgið, sem sjálfir af einhverjum orsökum eru þess ekki megnugir, þá er framkvæmd laganna víðast hvar svo, að styrkþurfinn finnur ekki, að hann eigi neinn rétt. Hið opinbera tekur ekki tillit til neins annars en þess, að framfærslan kosti sem allra minnst á hverju augnabliki. Aðferðin verður auðvitað oft hin dýrasta, þar sem heilsu styrkþurfa er stefnt í voða af skorti á lífsnauðsynjum, auk þess sem slík aðferð hefir siðspillandi áhrif á þá, sem styrk þurfa að þiggja. Enginn mælikvarði er til um það, hver sé réttur þess, sem fullan framfærslustyrk þarf. Til þess að ná einhverju, verður styrkþurfinn oft að beita ýmsum brögðum, t. d. skríðandi auðmýkt eða ofstopa og frekju, sem að vísu er þó sjaldgæfara en orsök er til. Það væri því mikil nauðsyn á að ákveða í lögum um lágmarksupphæð fullkomins framfærslustyrks, sem tryggði styrkþegum rétt til ákveðins styrks, sem þeir geta krafizt, er þeir hefðu sannað, að þeir þyrftu styrksins með, eins og t. d. dagpeninga í sjúkrasamlagi. Framfærslustyrkurinn er ekkert annað í eðli sínu en trygging, sem allir hafa borgað eftir efnum og ástæðum, og á auðvitað ekki eingöngu að miða að því að halda lífinu einhvernveginn í styrkþurfum, heldur fyrst og fremst að því að tryggja, að þeir geti sem fyrst orðið færir um að verða sjálfbjarga aftur, og þegar um barnafjölskyldu er að ræða, þá að tryggja það, að heilsa og þroski barnanna sé ekki sett á vonarspil.

Sú leið að ákveða lágmarksupphæð er þó ekki farin hér, enda er mjög torvelt að festa í lögum, hvað styrkur skuli vera minnstur, sökum hinna öru verðlagsbreytinga, sem eiga sér stað frá ári til árs. Hér er aftur á móti sú lausn fundin, að sérfróð nefnd geri áætlun um nauðsynlegan framfærslukostnað heimila, samkv. gildandi verðlagi á hverjum tíma og á hverjum stað.

Það virðist ekki nema sanngjarnt, að slík nefnd sé skipuð af yfirstjórn framfærslumálanna, ríkisstjórninni, þegar ríkið verður eitt framfærsluhérað.

Það er að vísu mikill galli, að slík nefnd hefði hið afgerandi orð um upphæð framfærslustyrks og styrkþurfum yrði lokuð sú leið að áfrýja úrskurði hennar. Hinsvegar yrði sú skrá, sem hún semdi yfir þurftarstyrk, réttur styrkþega á hverjum stað, sem hann gæti krafizt að fá greiddan, ef hann þyrfti fullan styrk.

Því verður að treysta, að slík nefnd skoðaði það fyrst og fremst skyldu sína að ákveða gjaldskrána þannig, að miðað sé við þá upphæð, sem á hverjum stað verður að teljast nauðsynleg til sómasamlegrar framfærslu heimilis.

2. **2. gr. frv.** Þessi breytingartillaga er gerð með tilliti til þess, að foreldraráð og framfærsluskylda fylgjast ekki alltaf að. Faðir hefir t. d. aldrei foreldraráð yfir óskilgetnu barni sínu. Kona hans hefir því enga framfærsluskyldu við óskilgetin börn manns síns, hversu góðar ástæður sem hún hefir. Eru dæmi til þess, að Reykjavíkurbær hefir ekki getað endurkrafið meðlag frá efnuðum föður vegna þess, að konan hafði fjárráðin á heimilinu.
3. Við 7. gr. laganna er gerð breyting, sem heimilar framfærsluþurfa, sem á framfærsluskylda frændur á lífi, að kjósa sér sjálfir dvalarstað, þar sem fjöldamörg dæmi eru til þess, að nú verða þeir annaðhvort að hálfsvelta til þess að komast hjá því að leita til sveitar eða framfærslumanna sinna eða þá að dvelja sér um geð á heimili framfærslumanns. Þetta ákvæði núgildandi laga hefir í mörgum tilfellum eyðilagt heimilislífið og komið af stað missætti, sem hefði mátt komast hjá.
4. Breytingin við 12. gr. laganna er ein hin mikilvægasta, sem gerð er við lögin, þar sem er ákvæðið um, að ríkið skuli vera eitt framfærsluhérað. Þar með er fengin trygging fyrir því, að hinn illræmdi sveitarflutningur hverfur, enda gerir frv. alstaðar skýlausan sjálfsákvörðunarrétt styrkþurfans, sbr. og breyt. við 7., 39., 41. og 50. gr. laganna.
5. **14. gr. frv.** Reynslan hefir sýnt, að verst er séð fyrir í núgildandi lögum heimilum, þar sem húsbóndinn er fatlaður, veikur eða fjarvistum um lengri tíma. Úr þessu er reynt að bæta með því að koma þessum heimilum undir sömu ákvæði og heimilum ekkjunnar.
6. Í 17. gr. frv. er tekið upp það nýmæli að láta greiða meðlög hjá lögreglustjórum, í stað þess að nú annast bæjar- og sveitarstjórnir slíkar greiðslur. Réttara virðist og sanngjarnara, að ríkið greiði meðlög með börnum, og myndi þetta fyrirkomulag á greiðslu styrksins verða til mikils hagræðis fyrir barnsmæðurnar.
7. **20. gr. frv.** Það hefir komið í ljós við framkvæmd framfærslulaganna, sem og ýmsra annara laga, að jafnvel hagkvæm ákvæði geta snúizt til tjóns í höndum þeirra, sem ýmist eru miður velviljaðir eða ekki þekkja nægilega ástæður, kjör og hugsunarhátt fólksins, sem lögin ná til. Með því að láta verklýðsfélögin eða fulltrúaráð þeirra kjósa einn mann í framfærslunefnd, er fengin nokkur trygging fyrir því, að réttur framfærsluþurfa sé ekki fyrir borð borinn vegna vanþekkingar á kjörum hans. Í sveitum þótti hinsvegar ekki fært að setja þetta ákvæði, með því að víða eru þar engin verklýðsfélög starfandi, enda sumstaðar óþarflega viðamikið að hafa sérstaka framfærslunefnd.
8. 27. og 28. gr. eru samhljóða 7. og 8. gr. frv., sem Stefán Jóh. Stefánsson og Héðinn Valdimarsson fluttu á síðasta Alþingi, og vísast því hér til greinargerðar með því frv., svo hljóðandi:

„Í 8. gr. frv. eru tvær nýjar smábreytingar. Önnur er smávægileg breyting á 2. málsgr. 44. gr., er ekki þykir ástæða að ræða frekar um. Hin er auki við sömu framfærslulagagrein (44. gr.), þar sem lögreglustjóra er heimilað að úrskurða um bráðabirgðahjálp til framfærsluþurfa. Hefir þetta verið gert einstöku sinnum í Reykjavík, án þess að til þess væri skýr heimild í framfærslulögunum. Þykir því réttara að hafa til þess ákveðna lagaheimild."

9. **29. gr. frv.** Hörmulegur misbrestur hefir löngum verið og er enn á uppeldi

munaðarlausra barna, sem sveitarstjórnir eiga að sjá fyrir. Með þessari grein er viðurkenndur réttur slíkra barna til eigi lakara uppeldis heldur en þess, er bjargálna foreldrar reyna að veita börnum sínum.

10. **30. gr. frv.** Þessi niðurfelling sýnist tæplega þurfa skýringar við. Virðist það í alla staði óréttlætanlegt, að þó fólk hafi neyðzt til að fá styrk eða lán hjá sveitinni, þá sé það undir öðrum réttarfarslögum en aðrir ríkisborgarar, eða að það sé svipt fjárráðum af þeim einum ástæðum, að það hefir komizt í skuld við sveitina.
11. **31. gr. frv.** Með því að breyta 49. gr. laganna á þann hátt, sem hér er gert, er öllum gert jafnt undir höfði, hvort sem þeir þiggja framfærslustyrk og „fara ráðlauslega með efni sín", eins og segir í greininni, eða svalla út kaupi sínu, svo að heimilið verður oft verr stætt heldur en fyrirvinnulaust. Þessi takmörkun á fjárforræði, sem um getur í frv., virðist vera nægileg, enda hætt við, að ákvæðum 49. gr. verði misbeitt.
12. **32. gr. frv. (a).** Það þykir einsætt, að sveitarstjórnum og öðrum, sem um framfærslumál fjalla, beri siðferðisleg og þjóðfélagsleg skylda til að sjá vinnufærum mönnum fyrir vinnu, í stað þess að gera menn að. æfilöngum styrkþegum, svo sem oft vill verða, ef um langvarandi atvinnuleysi er að ræða, sem drepur niður bæði líkamlega krafta og viljaþrek manna. En sú vinna, sem mönnum er fengin, verður að vera valin við hæfi hvers eins og ekki sem ófrjálsra manna vinna.
13. **45. gr. frv.** Það virðist með öllu ástæðulaust að láta framfærsluskuldir hrúgast upp á þá menn, sem sýnilega verða aldrei færir um að greiða þær, jafnvel þótt heimilishagur þeirra batnaði svo, að þeir gætu komizt af hjálparlaust, enda til lítillar uppörvunar fyrir styrkþega, ef þeir eiga að rogast með margra ára skuldasúpu, vitandi það, að hver eyrir, sem viðkomandi aflaði sér fram yfir brýnustu þarfir, yrði tekinn til lækkunar á skuldinni.
14. **46. gr. frv.** er um niðurjöfnun framfærslustyrksins á milli sveitarfélaganna, og er þar farið eftir frv. Jóns Baldvinssonar á þinginu 1932 (þingskjal 159).

Sþ. 10. Tillaga til þingsályktunar

um að auka ljósmagn Vestmannaeyjavitans á Stórhöfða.

Flm.: Jóhann Jósefsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að gera ráðstafanir til þess að auka ljósmagn Vestmannaeyjavitans á Stórhöfða svo fljótt sem því má við koma.

Greinargerð.

Samkvæmt áskorun margra vélbátaformanna í Vestmannaeyjum var á þinginu 1934 af sama flutningsmanni flutt till. til þál., sem fór í sömu átt og sú, er hér um ræðir. Tillagan var samþykkt í neðri deild Alþingis og afgreidd til ríkisstjórnarinnar sem ályktun þeirrar deildar. Þótt langt sé um liðið, hefir enn ekki orðið úr framkvæmdum hjá þeim stjórnarvöldum, er hlut eiga að máli.

Sú nauðsyn, er fyrir lá 1934 í þessu efni, liggur engu síður fyrir nú. Sjómenn eru almennt mjög óánægðir yfir því, hve ljósmagn vitans er lítið, og telja brýna þörf þess, að úr verði bætt. Fyrir því er þessi till. til þál. flutt nú og málið tekið upp að nýju.

Nánar í framsögu.

Nd. 11. Frumvarp til laga

um Raufarhafnarlæknishérað.

Flm.: Gísli Guðmundsson.

1. gr.

Stofna skal, þegar landlæknir mælir með, sérstakt læknishérað, er nefnist Raufarhafnarlæknishérað, og skipa sérstakan héraðslækni til að þjóna því. Skal hann hafa búsetu á Raufarhöfn.

2. gr.

Raufarhafnarlæknishérað nær yfir Austur-Sléttu frá Rifi og vesturhluta Þistilfjarðar að Kollavík, og minnka núverandi Öxarfjarðar- og Þistilfjarðarlæknishéruð sem því svarar.

3. gr.

Laun héraðslæknis skulu ákveðin af heilbrigðisstjórninni, unz þau verða ákveðin í launalögum.

4. gr.

Á meðan skilyrði 1. gr. eru ekki fyrir hendi skal ár hvert settur læknir á Raufarhöfn mánuðina júní—september, að báðum meðtöldum, og nái starfssvið hans yfir Raufarhafnarlæknishérað eins og það er ákveðið í 2. gr. Þóknun læknisins skal ákveðin af heilbrigðisstjórninni.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frv. samhljóða þessu var flutt á síðasta þingi. Frv. þessa efnis var einnig flutt á Alþingi 1936 og á fyrra þinginu 1937.

Íbúar Raufarhafnar og nágrennis þurfa nú að sækja lækni til Kópaskers, sem er mjög erfitt og kostnaðarsamt. Sömuleiðis eiga vesturbæir Þistilfjarðar mjög erfiða læknissókn til Þórshafnar. Er frv. flutt samkvæmt áskorun almenns borgarafundar á Raufarhöfn, 13. febr. 1936, og áskorunum, er síðar hafa borizt.

Áherzla skal á það lögð, að heilbrigðisástand á Raufarhöfn hefir undanfarið verið allalvarlegt, og að slysahætta er þar jafnan nokkur í sambandi við iðnrekstur yfir sumartímann. Um síldveiðitímann kemur þangað fjöldi skipa, sem geta þurft á læknisaðstoð að halda. Við þetta er bráðabirgðaákvæði 4. gr. miðað.

Að öðru leyti vísast til þeirra ástæðna, sem fram eru færðar í erindi til Alþingis, sem samið er af nefnd, er nefndur borgarafundur kaus til að rita Alþingi um málið.

Fylgiskjal.

Erindi til Alþingis.

Hinn 13. febrúar þ. á. var almennur borgarafundur haldinn hér á Raufarhöfn, þar sem m. a. var rætt um þá nauðsyn, að hér verði hið bráðasta stofnað nýtt læknishérað. Fundurinn kaus okkur undirritaða til að skrifa hinu háa Alþingi um málið.

Við viljum því hér með draga fram nokkur rök fyrir nauðsyn þessa máls, sem jafnframt geta verið til skýringar fyrir þá háttvirtu þingmenn, sem ekki eru kunnugir staðháttum.

Þess skal og getið, að héraðslæknir okkar, hr. Jón Árnason á Kópaskeri, er því mjög meðmæltur, að hér verði settur læknir, og er það því í fullu samráði við hann, að fram á þetta er farið, og nokkur af eftirfarandi atriðum eftir honum höfð.

1. Öxarfjarðarhérað nær, sem kunnugt er, frá Ormarsá, austan við Raufarhöfn, að Tunguheiði og upp á Hólsfjöll. Mun vegalengdin enda á milli, héðan og upp á Hólsfjöll, eigi skemmri en ca. 200 km., en frá bústað læknisins til Raufarhafnar eigi skemmri en 60 km., og auk þess heiðarvegir allsnjóþungir og óvarðaðir á milli. Getur því að vetrarlagi verið næstum ókleift að ná í lækni um fleiri daga, jafnvel þótt hann sé heima, og sjúklingar því hjálparlausir þann tíma.
2. Kostnaður við læknisvitjanir hingað til Raufarhafnar og grennd verður svo mikill, að öllum þorra manna er nær ókleifur.

   Héraðslæknirinn hefir gefið okkur þær upplýsingar, að meðaltalskostnaður við hverja ferð sína hingað verði ca. kr. 70.00 auk læknishjálpar, og kostnaður við að sækja lækni til Þórshafnar, sem stundum hefir verið gert, verður oftast meiri, enda hefir sá læknir einnig víðáttumikið hérað og því ekki ætið að hann geti við slíku snúizt.
3. Hér í þorpinu eru liðlega 200 manns heimilisfastir, og í grenndinni, sveitinni, sem hugað er að tilheyri þessu læknishéraði, annað eins, svo það mundu verða ca. 400 manns, sem læknis yrðu njótandi með hægara móti við þessa breytingu. Auk þess kemur hér á sumrin fjöldi skipa, einkum veiðiskipa, innlendra sem útlendra, sem stundum þurfa til læknis að leita, og svo er rekin hér síldarbræðsluverksmiðja, sem af getur stafað slysahætta, sem af annari vélaiðju.
4. Samkv. milliríkjasamningnum síðasta milli Íslands og Noregs, „norsku samningunum“, er Raufarhöfn ein af þeim höfnum, sem Norðmenn hafa leyfi til að notfæra sér, svo langt sem það nær, enda koma þeir oft hér við, er þeir koma hér upp á sumrin til síldveiða við Norðurland, til að taka vatn o. fl., áður þeir leggja út til veiða. Af þessum skipum, ásamt öðrum útlendum skipum, er hingað koma beint frá útlöndum, getur alltaf stafað farsóttarhætta, og því nauðsyn, að læknir sé ekki búsettur fjarri slíkum stöðum.
5. Héraðslæknirinn skýrir svo frá, að fyrir nokkrum árum hafi berklaveiki verið nálega óþekkt hér á Raufarhöfn og Austur-Sléttu, en sé nú á seinustu árum mjög að breiðast út, og að ekkert viðlit sé fyrir sig í slíkri fjarlægð, er hann sitji, með víðáttumikið læknishérað, að hafa það eftirlit, sem nauðsynlegt sé í því efni.

Vér viljum því skora á hið háa Alþingi að athuga þau rök, er hér eru færð fram fyrir nauðsyn þess, að hér verði stofnað nýtt læknishérað.

Oss er það ljóst, hver útgjöld slíkt hefir í för með sér fyrir ríkið, en þegar betur er að gáð, gæti það ef til vill orðið sparnaður, að hér væri læknir, bæði fyrir ríkið og einstaklinga.

Óskum vér svo, að málaleitun vorri verði vel tekið af hinu háa Alþingi.

Með mikilli virðingu.

Raufarhöfn, 15. febrúar 1936.

Hólmsteinn Helgason. Einar B. Jónsson. Friðmundur Jóhannesson.

Til Alþingis Íslands, Reykjavík.

Nd. 12. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 30 19. júní 1922 [Skemmtanaskattur].

Flm.: Bjarni Ásgeirsson, Pétur Ottesen.

1. gr.

Aftan við lagagreinina bætist: né heldur héraðsmót ungmennafélaga.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frv. þetta var flutt á síðasta þingi, en náði þá ekki fram að ganga. Fylgdi því svo hljóðandi greinargerð:

Frumvarp þetta er flutt eftir beiðni stjórnar Ungmennasambands Borgarfjarðar. Í erindi því, er hér með fylgir og ritað hefir formaður sambandsins, hr. rithöfundur Þorsteinn Jósepsson á Signýjarstöðum, eru færðar fram ástæður fyrir þessari breytingu.

Fylgiskjal.

Þann 7. apríl 1936 fékk hreppsnefnd Borgarhrepps í Mýrasýslu heimild til að leggja skemmtanaskatt á skemmtanir, sem haldnar væru innan hreppsins, samkv. lögum nr. 34 frá 22. nóv. 1918.

Nú vill þannig til, að Ungmennasamband Borgarfjarðar heldur hið árlega héraðsmót sitt innan takmarka Borgarhrepps, eða að Ferjukoti í Borgarhreppi, og nær þessi heimild hreppsnefndarinnar því eins til héraðsmótsins sem annara skemmtana í hreppnum.

Þegar stjórn U. M. S. B. varð þess áskynja, að skattleggja átti héraðsmótið, fór hún þess á leit við hreppsnefnd Borgarhrepps, að hún veitti sambandinu undanþágu frá skattgreiðslu. Þessari beiðni var synjað, en sambandsstjórninni hinsvegar lofað því, að ef hún greiddi kr. 100.00 fyrir mótið 1936, skyldi frekari skatts ekki verða krafizt fyrir það ár. Að þessum kosti gekk sambandsstjórnin, en jafnframt var henni gefið í skyn af hlutaðeigandi hreppsnefndaroddvita, að þessi ívilnun fengist varla oftar. Má ungmennasambandið því búast við fullri skattálagningu þegar á árinu 1937, en skatturinn nemur allt að 20% af brúttótekjum mótsins. (Veitingar eru líklega undanteknar, en af þeim verður að greiða sérstakan veitingaskatt.)

Nú horfir málið þannig við, að ef 20% skattur (auk veitingaskatts) verður lagður á héraðsmót Borgfirðinga, en það er svo að segja eina tekjulind ungmennasambandsins, þá á sambandið um þrjá kosti að velja:

1. Að halda mótinu áfram á sama stað og borga skemmtanaskatt. En það myndi hinsvegar verða til þess, að hreinar tekjur af mótinu minnkuðu til stórra muna og starfsemi sambandsins væri lömuð í stórum stíl.

2. Að flýja með mótið yfir í annan hrepp, og þannig að auka sambandinu erfiði og geipikostnað, með því að rífa byggingar og mannvirki, flytja það og byggja á nýjum stað. Auk þess hlyti skemmtanaskattshættan að vera yfirvofandi, því að samkv. núgildandi lögum getur hvaða hreppur sem er fengið heimild til að skattleggja skemmtanir innan sinna hreppstakmarka.

3. Að leggja héraðsmótið alveg niður. En það væri það sama og U. M. S. B. væri hætt að starfa, því að án fjármagns er því ekki unnt að starfa áfram.

Hvað Ungmennasambandi Borgarfjarðar viðvíkur, kemur skemmtanaskatts-

álagning mjög hart og jafnframt ómaklega niður. Ungmennasambandið hefir frá því að það byrjaði að starfa verið einhver mesti og þarfasti menningarfélagsskapur í héraðinu, og menningarleg starfsemi þess hefir æ aukizt með ári hverju, meðal annars vegna þess, að tekjur sambandsins hafa farið vaxandi. Meðal þeirra mála, sem ungmennasambandið hefir frá fyrstu tíð haft með höndum, eru íþróttir og líkamsmenntun. Hefir það jafnan verið tengiliður milli ungmennafélaganna í íþróttamálum, styrkt þau til íþróttanámskeiða og íþróttakennslu, hvatt þau til aukinna íþróttaiðkana og árlega veitt nokkurt fé til íþróttaverðlauna. Auk þessa hefir það á hverju ári styrkt íþróttafélag Borgfirðinga, svo það gæti keppt á landsmótum í íþróttum. Árangurinn ætti öllum að vera kunnur, sem áhuga hafa fyrir íþróttum, meðal annars fyrir glæsilegan árangur í víðavangshlaupinu í Reykjavík. Slík sigursæl íþróttakeppni Borgfirðinganna á landsmótum ætti að verða til þess að glæða áhuga í öðrum byggðum landsins fyrir líkamsmennt og íþróttum.

Til heimilisiðnaðar og garðyrkju hefir ungmennasambandið á flestum árum veitt nokkurn styrk, og nú hefir það einnig byrjað á því að veita ungmennafélögum styrk til bókakaupa, en áður var fé veitt til að leiðbeina ungmennafélögum um niðurröðun bóka í bókasöfnum. Öll eiga þessi málefni ótvíræðan rétt á sér og sýna, hve starfssvið ungmennasambandsins er víðtækt.

Þegar héraðsskóli Borgfirðinga var byggður í Reykholti, færðist ungmennasambandið það þrekvirki í fang að taka að sér 20 þúsund króna greiðslu af áföllnum kostnaði. Þessi skuldabaggi hefir á undanförnum árum að vísu verið þröskuldur í vegi fyrir öðrum framkvæmdum sambandsins, en hinsvegar orðið til þess að vekja ungmennafélögin til nýs lífs og áhuga fyrir menningarmálum þjóðarinnar. Ungmennasambandinu hefir tekizt úrlausn þessa fjárhagslega vandamáls svo vel, að skuldir hvíla orðið litlar á sambandinu, og þetta hefir vakið áhuga ungmennafélaga fyrir nýjum stórvirkum framkvæmdum, sem allar miða til aukinnar menningar.

Meðal þeirra mála, sem nú eru á döfinni í Ungmennasambandi Borgarfjarðar, er bygging húsmæðraskóla fyrir héraðið og bygging borgfirzks æskulýðsheimilis. Mun hvorttveggja að líkum eiga nokkuð langt í land, einkum vegna þess, hve fjármagn er lítið, — en hvað mundi verða, ef nettótekjur sambandsins minnkuðu um allt að helmingi, vegna óheilbrigðrar skattgreiðslu? Auk þessa, sem að framan er greint, hefir U. M. S. B. ákveðið að stofna til almenns fyrirlestranámskeiðs við Reykholtsskóla í samráði við skólanefnd skólans, og verður þetta námskeið haldið í vor að öllu forfallalausu. Einnig hefir U. M. S. B. hafizt handa með skuggamyndasöfnun af héraðinu, fegurð þess, þjóðvenjum, framkvæmdum, merkum mönnum, merkum stöðum, atvinnuháttum og öðrum framkvæmdum og menningu. Mun ungmennasambandið þannig ekki aðeins gera héraðinu ómetanlegt gagn með þessu starfi sínu, heldur er það og brautryðjandi á þessu sviði, því að vænta má, að önnur héraðasambönd og ungmennafélög taki þessa nýbreytni upp í framtíðinni. Er hinn fyrsti vísir nú þegar kominn í framkvæmd með ca. 50 skuggamyndaplötum af borgfirzku landslagi.

Bifreiðar, sem notaðar eru við kennslu, skulu að aftan og framan bera greinileg spjöld með áletruninni „kennslubifreið". Dómsmálaráðherra getur ákveðið, að kennslubifreiðar séu með tilliti til kennslunnar búnar sérstökum öryggistækjum.

Kennsluakstur má fara fram þar, sem akstur viðkomandi ökutækja annars er

leyfður, en þó getur lögreglan bannað slíkan akstur á ákveðnum götum og vegum, er slíkt bann þykir nauðsynlegt.

Dómsmálaráðherra setur nánari reglur um kennslu og próf bifreiðarstjóra. Meðal annars getur hann ákveðið, að auk fyrrgreindra skilyrða skuli menn einnig verða að fá löggildingu dómsmálaráðuneytisins til þess að mega veita kennslu í bifreiðarakstri.

22. gr.

Eigandi (eða umráðamaður) bifreiðar má ekki fela stjórn hennar manni, sem eigi hefir ökuskírteini.

Eigandi (umráðamaður) bifreiðar er skyldur til þess, þegar lögreglan krefst þess, að upplýsa, hverjir hafi ekið bifreiðinni og stjórnað henni á hverjum tíma.

23. gr.

Enginn má neyta áfengis við bifreiðarakstur. Enginn má aka bifreið eða reyna að aka bifreið, er hann er undir áhrifum áfengis. Ef ástæða er til að ætla, að maður hafi brotið gegn þessu fyrirmæli, getur lögreglan fært hann til læknis til rannsóknar, og er þá viðkomanda skylt að hlíta þeirri meðferð, sem læknirinn telur nauðsynlega vegna rannsóknarinnar, þar á meðal, að tekið sé úr honum blóðsýnishorn. Dómsmálaráðherra setur nánari reglur um læknisrannsóknina. Það er bannað að fá þeim, sem er undir áhrifum áfengis, stjórn bifreiðar.

Þegar maður á opinberum veitingastað er undir áhrifum áfengis, og veitingamaðurinn eða þjónn hans vita eða hafa ástæðu til að ætla, að hann ætli í þessu ástandi að aka bifreið, þá er veitingamanninum eða þjóni hans skylt að gera það, sem þeim er unnt, til þess að hindra hann í að aka eða reyna það, þar á meðal með því að gera lögreglunni aðvart.

Enginn má aka eða reyna að aka bifreið, ef hann vegna ofreynslu, svefnleysis, undanfarandi neyzlu áfengis eða æsandi eða deyfandi lyfja eða annara slíkra orsaka er haldinn slíkri þreytu eða sljóleika, að hann geti eigi á tryggilegan hátt stjórnað bifreiðinni. Það telst til þyngingar við ákvörðun refsingar, ef maður hefir í slíku ástandi ekið leigubifreið til mannflutninga. Tóbaksreykingar eru bannaðar við bifreiðaakstur.

Rétt er í reglugerð, sem sett er samkvæmt lögum þessum, að ákveða lágmark hvíldartíma í sólarhring hverjum fyrir bifreiðarstjóra, með hæfilegri hliðsjón af hættu, sem stafað getur af ofþreytu eða svefnleysi.

24. gr.

Bifreiðarstjóri skal ávallt gæta þess, að öll tæki í bifreiðinni, einkum stjórntæki, hemlar og merkjatæki, séu í lagi og verki vel.

IV. KAFLI

Um akstur á götum, vegum og öðrum svæðum.

25. gr.

Akstur bifreiða er heimill á öllum götum, vegum og svæðum, sem opin eru fyrir umferð almennt, nema því aðeins, að takmarkað sé samkvæmt heimild í lögum eða lögreglusamþykktum að því er snertir einstaka vega- eða götukafla.

26. gr.

Ökuhraðanum skal ávallt haga eftir gerð bifreiðarinnar, umferðinni og ástandi vegarins. Hraðinn má aldrei vera meiri en svo, að stöðva megi bifreiðina á ⅓ þess hluta vegarins, sem auður er og hindranalaus framundan og bifreiðarstjóri hefir útsýn yfir.

Í kaupstöðum, kauptúnum og ámóta þéttbýli má ökuhraðinn aldrei vera meiri en 30 kílómetrar á klukkustund. Utan þessara staða má hraðinn vera meiri, ef næg útsýn er yfir veginn, og ökumaður samt sem áður getur fullnægt öllum skyldum sínum, þó aldrei meiri en 55 kílómetrar á klukkustund. Í dimmu má hraðinn aldrei vera meiri en 35 kílómetrar á klukkustund.

Með lögreglusamþykktarákvæðum má setja nánari reglur um ökuhraðann. þar á meðal ákveða lægri hámarkshraða en að framan greinir.

Framangreindur hámarkshraði er því aðeins heimill, að akbrautin sé óhindruð og yfirsýn nægileg og að umferð frá hliðarbrautum verði séð í tæka tíð. Á ljósatíma má eigi aka hraðar en brautarlýsingin, þar á meðal lýsingin frá ljóskerum bifreiðarinnar, leyfir. Ökuhraðanum skal ávallt stilla svo í hóf, sem telja verður nauðsynlegt vegna umferðarinnar, og aldrei er heimilt að aka fram úr ökutæki eða vegfaranda, nema akbrautin sé auð og óhindruð á nægjanlega löngu svæði framundan. Ennfremur er bannað að aka fram úr öðru ökutæki á vegamótum. Til hleðslu á bifreiðum skal vandað eftir föngum, en sé hleðsla bifreiðar mikil fyrirferðar, skal draga úr hraðanum að tiltölu við þann trafala, sem slíkt getur haft í för með sér fyrir umferðina.

Þar sem ökumaðurinn sér ekki langt fram á veginn, í kröppum bugðum, við vegamót eða gatnamót, þar sem vegurinn er sleipur og þar sem mikil umferð er, má ekki aka hraðar en svo, að stöðva megi vagninn þegar í stað. Sé bleyta eða for á veginum, skal aka svo gætilega, að ekki slettist á aðra vegfarendur.

Þar sem lögreglan af sérstökum ástæðum telur frekari takmörkun ökuhraðans nauðsynlega, má gera hana með því að festa upp spjald við akbrautina með þar að lútandi áletrun.

27. gr.

Skylt er bifreiðarstjóra í akstri og meðferð bifreiðar að sýna nauðsynlega aðgæzlu og varkárni gagnvart nærstöddum og annari umferð yfirleitt, svo og vegna þeirra, sem bifreiðin flytur.

Verði fundin upp tæki, sem reynast nothæf til að hindra, að á vegfarendur eða annað það, sem í námunda er, slettist vegna aksturs bifreiðar í bleytu eða for, getur dómsmálaráðherra með minnst árs fyrirvara fyrirskipað, að bifreiðar skuli búnar slíkum tækjum.

28. gr.

Ökumaður bifreiðar skal gefa hljóðmerki í tæka tíð, þegar hætt er við árekstri, en notkun hljóðmerkis undanþiggur ekki bifreiðarstjórann skyldu hans til sérstakrar varkárni. Hann skal þegar í stað hætta að gefa hljóðmerki og stöðva bifreiðina og gangvél hennar, ef nauðsyn krefur, svo sem ef hestar hræðast eða verða óróir, og eigi má hann gefa hljóðmerki um leið og bifreiðin fer framhjá hestum á veginum.

Bannað er að gefa hljóðmerki, nema þegar umferðin gefur tilefni til þess.

Aki bifreið fram á eða mæti hún ökutæki, ríðandi manni eða öðrum vegfarendum, skal ökumaðurinn gefa hljóðmerki til viðvörunar í tæka tíð og halda bifreiðinni nægjanlega til hægri á akbrautinni, ef hann ætlar að aka fram úr, en til vinstri, ef umferðin kemur á móti honum. Gefi akandi eða ríðandi maður eða maður með gripi bifreiðarstjóra merki, eða ef gripirnir ókyrrast, skal bifreiðarstjórinn bíða þess, hvort gerðar eru varúðarráðstafanir, t. d. með því, að maður stígur af baki, vikið er til hliðar o. s. frv. Annars er bifreiðarstjóra heimilt að aka áfram, en meðan hann ekur framhjá, skal hann gæta sérstakrar varkárni. Ef nauðsyn krefur, er bifreiðarstjóri skyldur til að aðstoða við að flytja hesta og aðra gripi framhjá bifreiðinni. Ef ferðamenn með hlaðna vagna hafa neyðzt til að víkja út af vegi fyrir bifreið, skal bifreiðarstjóri einnig veita liðsinni sitt, ef þörf gerist, til þess að koma vögnunum aftur á veginn.

Ef bifreið mætir vögnum eða öðrum vegfarendum á þeim stað, þar sem vegurinn er svo mjór, að hvorugur kemst framhjá öðrum, skal bifreiðin aka til baka og nema staðar þar, sem hinir komast framhjá henni.

Bifreiðarstjóri er skyldur til að víkja til vinstri handar fyrir umferð, sem á eftir kemur, og hleypa henni framhjá sér, ef unnt er.

Hinsvegar skulu vegfarendur jafnan víkja úr vegi fyrir bifreiðum sem öðrum vögnum, og aldrei tefja fyrir þeim að óþörfu.

29. gr.

Ef slys vill til, sem stafar af eða stendur í sambandi við notkun bifreiðar, skal ökumaður þegar nema staðar, ef bifreiðin er á ferð, skýra frá nafni sínu og heimilisfangi og hjálpa þeim, sem slasazt hefir, ef þörf gerist.

30. gr.

Bifreiðarstjóri ber ábyrgð á því, að bifreiðin gefi ekki frá sér þéttan reyk, valdi ekki ónauðsynlegum hávaða eða óþægindum fyrir vegfarendur eða aðra, sem dvelja eða búa nálægt akbrautinni, og að gufa eða óþefur stafi ekki frá bifreiðinni frekar en óumflýjanlegt er.

31. gr.

Þegar bifreiðarstjóri yfirgefur bifreið, skal hann stöðva vélina og ganga svo frá henni, eftir því sem kostur er á, að óviðkomandi geti ekki sett hana í gang eða hún farið í gang sjálfkrafa.

32. gr.

Atvinnumálaráðherra getur sett gjaldskrá, er ákveður fargjöld með leigubifreiðum til mannflutninga. Hann getur og ákveðið, að gjaldmælir skuli vera í slíkum bifreiðum.

33. gr.

Dómsmálaráðherra getur sett reglur um leigu á mannflutningabifreiðum án bifreiðarstjóra.

V. KAFLI

Um skaðabótaskyldu og vátryggingu.

34. gr.

Verði tjón af notkun bifreiðar á mönnum eða munum, er sá, sem ábyrgð ber á henni, skyldur til að bæta það að fullu, enda þótt hvorki honum eða ökumanni bifreiðarinnar verði kennt um tjónið.

Skaðabóta verður þó eigi krafizt, ef sá, sem tjónið beið, hefir sjálfur af ásettu ráði valdið tjóninu eða stuðlað að því. Hafi sá, sem tjónið beið, orðið þess valdandi með stórkostlegu gáleysi, getur hann eigi krafizt bóta, nema því aðeins, að eigandi (umráðamaður) eða ökumaður bifreiðarinnar einnig eigi sök á því. Þá skiptist tjónið að tiltölu við sök þeirra. Ef sá, sem tjónið beið, annars hefir sýnt af sér gáleysi, má taka tillit til þess við ákvörðun skaðabótanna.

Ef tveim eða fleiri bifreiðum lendir saman, skiptist tjónið á þær innbyrðis að tiltölu við sök þeirra á slysinu.

Með framangreindum ákvæðum er eigi skertur neinn sá réttur til skaðabóta, er leiðir af almennum reglum.

Skaðabótakröfu ásamt kostnaði fylgir lögveð í bifreiðinni, ef hún, þegar tjónið varð, var í notkun eigandans eða lögmæts umráðamanns. Lögveð þetta gengur fyrir öðrum skuldum, sem hvíla á bifreiðinni, að fráskildum opinberum gjöldum.

35. gr.

Eigandi eða umráðamaður bifreiðar ber ábyrgð á henni og er skaðabótaskyldur samkvæmt 34. gr.

Noti maður bifreið annars manns í heimildarleysi, færist skaðabótaskylda eigandans yfir á notandann.

36. gr.

Sérhverjum bifreiðareiganda er skylt að kaupa í tryggingarfélagi, sem viðurkennt er af ríkisstjórninni, og halda við tryggingu fyrir bifreið sína, er nemi kr. 15000 fyrir tvíhjóla bifreiðar og kr. 30000 fyrir fjórhjóla bifreiðar. Skal með því tryggð greiðsla, að því leyti sem til hrekkur, á hverri þeirri skaðabótakröfu, er þeim kann að verða gert að greiða, sem ábyrgð ber á bifreiðinni, þegar slysið eða tjónið bar að höndum.

Fyrir bifreiðar til mannflutninga skal tryggingarupphæðin þó aldrei nema minnu en sem svari 5000 krónum á hvern farþega, sem heimilt er að flytja í bifreiðinni.

Tryggingarskylt er ekki ríkið eða stofnanir, sem það ber ábyrgð á, konungur og fjölskylda hans, útlendir þjóðhöfðingjar eða sendiherrar og sendiræðismenn annara ríkja.

Dómsmálaráðherra setur nánari reglur um tryggingarskylduna og viðurkenningu á tryggingarfélögum.

Iðgjöld, sem tryggingarskyldur bifreiðareigandi skuldar viðurkenndu tryggingarfélagi, eru lögtakskræf.

Verði tryggingartaki gjaldþrota, skulu iðgjöld þau, sem í gjalddaga eru fallin, njóta forgangsréttar í búi hans, samkvæmt 83. gr. 4. tölulið skiptalaganna, og gildir það, þó tryggt sé fyrir hærri fjárhæð en lögboðið er.

Tryggingarfélagið hefir endurkröfurétt á hendur tryggingartaka, hafi hann valdið tjóninu af ásetningi eða stórkostlegu gáleysi. Endurkröfurétti þessum fylgir lögveð samkvæmt reglunni í 34. gr. síðustu málsgr., þó þannig, að veðband það, sem ræðir um í þeirri grein, gangi fyrir. Bannað er að kaupa tryggingu gegn endurkröfu vátryggingarsala.

Sérhver bifreiðareigandi skal tryggja ökumann bifreiðar, og gildir sú trygging fyrir hvern bifreiðarstjóra, er henni stýrir. Tryggingin er fyrir bótum vegna slysa, er bifreiðarstjóri kann að verða fyrir við aksturinn. Skal tryggt í Slysatryggingu ríkisins og fyrir sömu bótum, sem þar eru ákveðnar. Umboðsmenn slysatryggingarinnar innheimta iðgjöldin.

37. gr.

Nú er refsimál höfðað gegn manni fyrir lögbrot, sem skaðabótaskyldu getur haft í för með sér samkvæmt 34. gr., og skal þá gefa þeim, sem fyrir tjóninu varð, kost á að koma að skaðabótakröfu í málinu.

Komi skaðabótakrafa fram, skal viðkomandi vátryggingarfélagi gert aðvart um málið og gefinn sami kostur á því og sökunautar hafa almennt til þess að færa fram varnir gegn slíkum kröfum, enda er þá dómur um skaðabótakröfuna bindandi fyrir félagið og aðfararhæfur gegn því.

Í sérstökum tilfellum, þegar skaðabótamálið út af fyrir sig er mjög flókið og umfangsmikið og sættir takast ekki, getur rétturinn vísað því frá dómi í refsimálinu.

VI. KAFLI

Um refsingu og svipting ökuleyfis.

38. gr.

Brot gegn lögum þessum og reglum, sem settar verða samkvæmt þeim, varða sektum eða fangelsi, nema þyngri refsing liggi við samkvæmt öðrum lögum. Hver, sem ekur bifreið eða reynir það, er hann er undir áhrifum áfengis, fær öðrum manni, sem er undir áhrifum áfengis, stjórn bifreiðar, ekur bifreið eftir að hann hefir verið sviptur ökuleyfi eða réttinum til að öðlast það, misnotar merki það, sem rætt er um í 1. gr. 5. mgr., eða notar skrásetningarmerki á aðra bifreið en til er

ætlazt, skal sæta fangelsi, nema um alveg sérstakar málsbætur sé að ræða. Upphæð sektanna skal sérstaklega miða við fjárhagsástæður sökunauts.

Nú fremur ökumaður, sem ekki er eigandi bifreiðarinnar sjálfur, eða er háður stjórn annars manns, brot gegn lögum þessum eða fyrirmælum, sem sett verða samkvæmt þeim, með vitund og vilja bifreiðareigandans eða yfirboðara síns í starfinu, og skal þá einnig bifreiðareigandanum eða yfirboðaranum refsað fyrir brotið.

Með mál út af brotum á lögum þessum og reglum, sem settar verða samkvæmt þeim, skal farið sem almenn lögreglumál.

Sektir fyrir brot gegn lögum þessum renna í ríkissjóð.

39. gr.

Bifreiðarstjóri, sem ekur bifreið undir áhrifum áfengis eða neytir áfengis við bifreiðarakstur, skal sviptur ökuleyfi sínu um ákveðinn tíma, þó eigi skemur en 3 mánuði, eða fyrir fullt og allt, ef miklar sakir eru eða um ítrekað brot er að ræða. Ef alveg sérstakar málsbætur eru fyrir hendi og kærði hefir eigi áður orðið sekur um samskonar eða annað verulegt brot gegn skyldum sínum sem bifreiðarstjóri, þarf þó eigi auk refsingar að beita ökuleyfissviptingu. Ökuleyfissviptingu má einnig beita, hafi kærði orðið sekur um mjög vítaverðan akstur eða ef telja verður, með hliðsjón af eðli brotsins og annars framferðis kærða sem bifreiðarstjóra, varhugavert vegna öryggis umferðarinnar, að hann hafi ökuleyfi. Hafi kærði ekki ökuleyfi, skal í stað ökuleyfissviptingar koma svipting réttarins til þess að öðlast ökuréttindi.

Hafi maður verið sviptur ökuleyfi eða réttinum til að fá það í lengri tíma en 3 ár, þá getur dómsmálaráðherra, er 3 ár eru liðin frá sviptingunni og sérstakar ástæður mæla með því, ákveðið, að honum skuli veitt ökuleyfið á ný eða rétturinn til þess að öðlast það, enda séu færðar sönnur fyrir því, að viðkomandi hafi verið bindindismaður um neyzlu áfengis frá því hann var sviptur ökuleyfinu. Slíkt leyfi má þó aðeins veita einu sinni sama manni.

Svipting ökuleyfis eða réttar til þess að öðlast ökuleyfi skal gerð með dómi. Áfrýjun frestar ekki verkun dóms að þessu leyti.

Nú telur lögreglustjóri, að maður hafi unnið til ökuleyfissviptingar, og getur hann þá svipt hann ökuleyfi til bráðabirgða. Þó getur viðkomandi dómstóll breytt þeirri ákvörðun lögreglustjóra áður en dómur gengur í málinu.

Hver, sem sviptur hefir verið ökuleyfi samkvæmt þessari grein eða hefir misst það eftir 20. gr., skal afhenda ökuskírteinið lögreglunni. Er maður hefir verið sviptur ökuleyfi eða réttinum til að öðlast það, skal það strax tilkynnt öllum lögreglustjórum á landinu.

Hafi íslenzkur ríkisborgari eða maður búsettur hér á landi sætt refsingu erlendis fyrir verknað, sem samkvæmt lögum þessum hefði varðað missi ökuleyfis eða rétt til þess að öðlast það, þá má svipta hann nefndum réttindum með dómi í opinberu máli, sem höfðað er gegn honum í þessu skyni, og koma þá að öðru leyti til framkvæmda ákvæðin hér að framan.

40. gr.

Sömu viðurlögum og greinir í 38. og 39. gr. skulu bifreiðarstjórar sæta, þótt annar hafi haft með höndum starf þeirra í bifreiðinni, ef þeir eru sjálfir í henni og áttu að annast starfið, en hafa vanrækt það vegna áfengisnautnar og verulegt slys hlotizt af því.

Það varðar refsingu að veita bifreiðarstjórum áfengi, þegar þeir eru að störfum.

VII. KAFLI
Um útlendar bifreiðar.

41. gr.

Menn, sem koma til Íslands frá útlöndum og flytja með sér bifreiðar, sem eigi eru skráðar hér á landi, eru háðir reglum þessara laga með eftirfarandi breytingum.

Dómsmálaráðherra setur í samræmi við ákvæði í 14. gr. reglur um tilkynningu á skrásetningu bifreiðanna og ákveður, hvort þær skuli skoðaðar af eftirlitsmönnum bifreiða og hvort á þær skuli sett íslenzk kennimerki.

Dómsmálaráðherra setur nauðsynlegar reglur um eftirlit með slíkum bifreiðum, meðan þær eru hér á landi, þar á meðal, hvaða yfirvaldi skuli gefa skýrslur þær, sem ræðir um í 14. gr. Nú er eigandi (umráðamaður) bifreiðar búsettur hér á landi, og skal þá skrásetja bifreiðina hjá lögreglustjóra þar, sem eigandinn á heima, eða öll kennimerki bifreiðarinnar afhendast lögreglustjóra þar svo fljótt sem unnt er. Ef eigandi (umráðamaður), sem ekki hefir verið búsettur áður hér á landi, sezt hér að, eða ef maður búsettur hér á landi kaupir eða fær umráð yfir slíkri bifreið, þá skal skrásetningin eða afhending kennimerkjanna fara fram með sama hætti.

Nú hefir maður, sem aka vill útlendri bifreið, ekki ökuskírteini, sem heimilar honum að aka bifreið hér á landi, og skal hann þá sækja um leyfi til lögreglustjórans í því umdæmi, þar sem hann fyrst óskar að nota bifreiðina. Lögreglustjóri getur þá látið umsækjandanum í té íslenzkt ökuskírteini, ef skilyrðum til þess er fullnægt, eða leyft honum að nota útlent ökuskírteini um ákveðinn tíma og með þeim skilyrðum, er hann telur nauðsynleg.

Hver, sem notar útlenda bifreið hér á landi, er skyldur til að vátryggja bifreiðina eins og segir í 36. gr., og fylgir lögtaksréttur iðgjöldunum eins og þar segir. Dómsmálaráðherra setur nánari reglur um tryggingu þessara bifreiða.

VIII. KAFLI
Um gildistöku laganna o. fl.

42. gr.

Auk þess, sem segir í einstökum greinum laganna, getur dómsmálaráðherra sett reglugerð um framkvæmd þeirra.

43. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi, og eru frá sama tíma numin úr gildi l. nr. 70 1931, um notkun bifreiða, orðið „bifreiðarstjórar“ í 21. gr. 1. mgr. laga nr. 33 1935, og öll lagafyrirmæli, sem fara í bága við lög þessi.

Reglugerðir, sem settar hafa verið samkvæmt eldri bifreiðalögum og nú eru í gildi, skulu gilda að svo miklu leyti, sem þær fara ekki í bága við lög þessi, unz öðruvísi verður ákveðið með lögum eða reglugerðum.

Greinargerð.

Frv. þetta er flutt að ósk dómsmálaráðherra, en var einnig flutt á síðasta þingi og fylgdi því þá svo hljóðandi greinargerð:

„Við samningu frumvarps þessa hefir m. a. verið höfð hliðsjón af dönskum og norskum bifreiðalögum. Eru sum ákvæði þeirra tekin lítt breytt upp í frv., en öðrum breytt eftir íslenzkum staðháttum og þörfum. Þá er ýmsum ákvæðum laga nr. 70 frá 1931, um notkun bifreiða, haldið í frumvarpinu, en það er mun fyllra og skýrara en lögin. Loks hefir verið tekið tillit til þeirrar reynslu, sem fengizt hefir hér á landi í þessum efnum. Verða nú helztu breytingar og nýmæli frumvarpsins tekin til athugunar.

Um 1. gr.

Bifreið er skilgreind hér með nokkuð öðrum hætti en í 1. grein bifreiðalaganna frá 1931, þar sem það, eftir 1. málsgr. þessarar greinar, skiptir ekki máli, til hverskonar notkunar ökutækið er ætlað, ef það aðeins er vélknúið og rennur eigi á spori. Í framkvæmdinni mun þetta þó ekki gera verulegan mun frá því, sem áður var, vegna undantekningarinnar, sem gerð er í 2. málsgr. um vélknúin ökutæki til jarðyrkju eða vegavinnu. Veghefillinn mundi t. d. ekki nú frekar en áður verða talinn bifreið. Eðlilegt virðist að miða réttindi til að stjórna slíkum ökutækjum við tiltekinn aldur. Þau eru ekki hættulaus í notkun. Hinsvegar mun óþarfi að krefjast allra sömu skilyrða til þess að geta öðlazt rétt til að stjórna þeim og ef um venjulegar bifreiðar væri að ræða. Þessi ökutæki eru sjaldnast á ferð á vegum eða almannaleiðum, og þau eru hægfara og því venjulega auðvelt að varast þau. Umferðinni stafar því sjaldnast veruleg hætta af þeim.

Undanþágur greinarinnar frá hámarkshraða fyrir lögreglu-, slökkviliðs- og sjúkrabifreiðar eru ekki nýmæli og sjálfsagðar.

Ákvæðið í síðustu málsgrein er nýtt hér, að öðru leyti en því, að undanþágan kynni í einstökum tilfellum að byggjast á reglum neyðarréttarins. Bifreiðar lækna í læknisvitjunum geta fallið undir ákvæðið.

Um 2. gr.

Ákvæði fyrri málsgr. er sett með það fyrir augum, að koma í veg fyrir, að bifreiðar trufli umferðina með óeðlilegum hávaða, eða valdi farþegum eða öðrum, sem í námunda við þær eru, óþægindum með óþef eða reyk.

Í síðari málsgr. eru heimiluð tilvik, sem lengi hafa viðgengizt, sem sé það, að bifreiðar dragi aðrar bifreiðar bilaðar. Þá tekur niðurlag greinarinnar öll tvímæli af um það, að ákvæði frumvarpsins skuli, eftir því sem við á, gilda um ökutæki þau, sem dregin eru, en það er ekki talið, að núgildandi bifreiðalög taki til ökutækja, sem svo er ástatt um.

Um 3.—4. gr.

Þurfa ekki greinargerðar.

Um 5. gr.

Engin ákvæði eru í bifreiðalögunum samsvarandi ákvæðunum í fyrstu málsgr., sem eru eðlileg og sjálfsögð.

Ákvæðin um hemla eru svipuð og í bifreiðalögunum, að öðru leyti en því, að hér er ekki, eins og þar, tiltekin ákveðin vegalengd, sem hægt skuli að stöðva bifreið á.

Um 6. gr.

Ákvæðin um það, hvernig horni skuli fyrir komið og hvernig hljóð það skuli gefa, eru ný.

Um 7. gr.

Í frumvarpi þessu eru ákvæðin um ljósaútbúnað bifreiða allmiklu ýtarlegri en í bifreiðalögunum. Eru hér sérstök ákvæði um það, hvernig framljósin skuli vera stillt, sett í samræmi við fengna reynslu manna um það, hvernig stillingin eigi að vera, til þess að þau komi að sem beztum notum við akstur.

Ákvæði um, að á vögnum, sem dregnir eru, skuli vera afturljós, er ekki í bifreiðalögunum, en nauðsynlegt er að hafa slíkt ljós, til þess að draga úr slysahættu af umferð, sem á eftir kemur.

Þá er það ákvæði, að eigi skuli vera hægt að slökkva á afturljóskeri frá sæti ökumanns eða bifreið innanverðri meðan framljósin eru tendruð, og sett meðal annars vegna þess, að hætt er við, að það gleymist að tendra afturljósið eða að það sé slökkt af óvarkárni, ef sérstakur slökkvari er fyrir það.

Um 8. gr.

Útbúnaður sá, sem þessi grein fjallar um, hefir verið algengur í bifreiðum, en ekki fyrirskipaður.

Um 9. gr.

Svo að segja samhljóða ákvæði er í bifreiðalögunum.

Um 10. gr.

Útbúnaður sá, sem þessi grein fjallar um, er venjulega með þeim hætti í bifreiðum, sem greinin fyrirskipar, en í bifreiðal. var ekki samskonar ákvæði.

Um 11. gr.

Þarf ekki greinargerðar.

Um 12. gr.

Leyfileg breidd bifreiða er hér aukin frá því, sem nú er samkvæmt bifreiðalögunum. Er sú breyting í samræmi við þær undanþágur, sem veittar hafa verið nokkuð almennt undanfarið samkvæmt heimild í 3. gr. 1. mgr. bifreiðal.

Um 13. gr.

Samskonar ákvæði er ekki í bifreiðal., en það er hægðarauki fyrir eftirlits- og löggæzlumenn, að þessi merki séu á bifreiðum.

Um 14. gr.

Ákvæði þessarar greinar eru mjög svipuð fyrirmælum bifreiðal. um skráseiningarmerki, en nokkru ýtarlegri, sbr. það ákvæði greinarinnar, að lögreglustjóri skuli halda sérstaka bifreiðaskrá, sem í skal rita nauðsynlegar upplýsingar um bifreið og eiganda hennar, eins og nú er gert, þó bifreiðalögin hafi ekki að geyma bein ákvæði um það.

Þá er hér fyrirskipað, að skráseiningarmerki skuli bæði sett framan og aftan á bifreið.

Ennfremur er eftirlitsmönnum nú heimilað að ákveða, hve mikinn þunga vörubifreiðar megi flytja. Loks er bifreiðaeigendum og ökumönnum skylt í einstökum tilfellum að hlýða fyrirmælum eftirlits- og löggæzlumanna um hleðslu bifreiða. Síðasttöldu ákvæðin eru sett til aukins öryggis.

Um 15. gr.

Ákvæði þessarar greinar eru ný, en leiðir af hlutarins eðli.

Um 16. gr.

Í þessari grein er það sjálfsagða nýmæli, að ef aðeins er að ræða um skamma dvöl með bifreið í öðru lögsagnarumdæmi en þar, sem hún er skrásett, þá þurfi umskráning ekki að fara fram.

Um 17. gr.

Skipun eftirlitsmanna bifreiða er hér lögð undir dómsmálaráðherra, en var eftir bifreiðalögunum hjá atvinnumálaráðherra. Sýnist eðlilegra, að eftirlitsmenn heyri undir dómsmálaráðuneytið.

Þá er lögreglu- og eftirlitsmönnum heimilað í greininni að stöðva bifreiðar hvenær sem er og skoða þær. Ætti þetta ákvæði að ýta undir bifreiðaeigendur og ökumenn að reyna að hafa bifreiðar sínar alltaf í lögmæltu ásigkomulagi.

Um 18. gr.

Ákvæði þetta miðar til þess, að bifreiðaeigendur hafi eftirlit með ásigkomulagi bifreiða sinna.

Um 19. gr.

Ákvæði þessarar greinar hafa aðallega fyrir augum almannaöryggi. Benzín er svo eldfimur vökvi, að gæta verður sérstakrar varúðar við meðferð hans, og þykir því rétt að heimila að setja sérstakar reglur að því er geymslu hans og annara eldfimra efna snertir.

Um 20. gr.

Skilyrðin, sem fullnægja þarf til þess að fá ökuleyfi, eru að mestu þau sömu og áður. Nýmæli er það, að bifreiðarstjóraefnum skuli veitt fræðsla um eldfimihættu benzíns og annara efna, og hverra varúðarráðstafana skuli gætt í því sambandi. Hefir reynsla sýnt, að brýn þörf er fyrir ákvæði þetta, sbr. hæstaréttardóm, uppkveðinn 20. okt. 1937. Þó ekki sé það tekið fram í greininni, er tilætlunin, að andleg heilbrigði, nægilega góð sjón og heyrn og önnur líkamleg heilbrigði verði sönnuð með læknisvottorðum. Reglusemi má sanna með vottorðum tveggja valinkunnra manna.

Ennfremur er það nýmæli, að lögreglustjóri getur neitað um ökuskírteini, ef varhugavert þykir, vegna fyrri hegðunar manns, að veita honum það. Gæti oft verið ástæða til þess, ef hegðunin bæri vott um kæruleysi í starfi eða glæpahneigð. Hinsvegar er dómsmálaráðherra heimilað að leyfa, að ökuskírteini verði veitt mönnum, sem ekki fullnægja almennum kröfum um líkamshreysti. Getur einatt staðið svo á, að ekki sé ástæða til að meina slíkum mönnum að aka bifreið í einstökum tilfellum, t. d. einkabifreið, enda þótt ekki væri rétt að leyfa þeim bifreiðarakstur í atvinnuskyni.

Loks er í greininni það nýmæli, að ökuskírteini gildi aðeins í 5 ár frá útgáfudegi. Ákvæðið er meðal annars sett til þess að koma í veg fyrir, að menn, sem einu sinni hafa fengið ökuskírteini, en halda ekki við ökukunnáttu sinni, hafi ökuleyfi áfram, enda þótt þeir fullnægi þá ekki kunnáttuskilyrðunum til bifreiðaaksturs.

Um 21. gr.

Ákvæði um æfingar bifreiðarstjóraefna í bifreiðarakstri eru ekki í bifreiðal., en sjálfsagt þótti að taka ákvæði um þetta efni upp í frumvarpið. Fyrirmæli greinarinnar um það, hvenær nemandi eða ökukennari skuli teljast stjórnandi kennslubifreiðar, eru í samræmi við hlutarins eðli. Þá er ákvæðið um sérstök auðkenni á kennslubifreiðum sjálfsagt og sett í því skyni, að aðrir vegfarendur geti gætt sérstakrar varúðar, þegar kennslubifreiðar taka þátt í umferðinni.

Um 22. gr.

Ákvæði fyrri málsgreinar þessarar greinar er sjálfsagt.

Síðara ákvæðið er sett til þess að létta lögreglunni rannsóknir í bifreiðamálum.

Um 23. gr.

Í grein þessari eru ýmis nýmæli, er miða til þess að auka öryggi í sambandi við bifreiðaakstur. Í fyrsta lagi er nú, auk neyzlu áfengis við akstur og akstur undir áhrifum áfengis, bannað að reyna að aka bifreið í því ástandi.

Þá er mönnum, sem grunaðir eru um brot á þessum fyrirmælum, nú skylt að hlíta þeirri meðferð, sem læknir telur nauðsynlega til þess að komast fyrir það, hvort aðili sé brotlegur við þau. Oft getur leikið vafi á því, hvort maður sé undir áhrifum áfengis, sem ekki yrði úr skorið, nema með rannsókn læknis.

Ennfremur er hér sérstök eftirlitsskylda lögð á herðar veitingamanna og veitingaþjóna á opinberum veitingastöðum, ef þeir hafa ástæðu til að ætla, að gestur ætli undir áhrifum áfengis að aka bifreið.

Loks er í síðustu málsgrein bann við akstri bifreiða í ástandi, sem ætla má, að dragi mjög úr hæfni bifreiðarstjórans.

Um 24. gr.

Hér er lögð sérstök eftirlitsskylda með bifreið á bifreiðarstjórann, sem, ef vanrækt er, getur bakað honum ábyrgð.

Um 25.—26. gr.

Þurfa ekki greinargerðar.

Um 27. gr.

Hér er lögð skylda á bifreiðarstjóra að gæta sérstakrar varkárni í sambandi við bifreiðarakstur. Vanræksla í þessu efni getur varðað hann refsingu, jafnvel þó tjón hljótist eigi af.

Um 28. gr.

Ákvæðum þessarar greinar svipar til samskonar ákvæða í bifreiðalögunum, en eru nokkru ýtarlegri. Hér er bannað að gefa hljóðmerki nema umferðin gefi tilefni til. Er ákvæðið sett til þess að koma í veg fyrir óþarfa hávaða, sem truflað geti umferðina og bakað áheyrendum óþægindi, t. d. raskað næturró þeirra.

Um 29. gr.

Samhljóða ákvæði er í 2. mgr. 9. gr. bifreiðalaganna.

Um 30. gr.

Þetta ákvæði er sett í því skyni, að bifreiðarstjórar hirði vel þær bifreiðar, sem þeir fara með.

Um 31. gr.

Ákvæði þetta er nýtt, en sjálfsagt. Það hefir sýnt sig, að börn, sem ekki hafa kunnað með bifreiðar að fara, hafa sett þær af stað eða þær hafa runnið af stað sjálfkrafa, hafi þær verið yfirgefnar. Er því nauðsynlegt, að svo vel sé frá bifreiðunum gengið, að slíkt geti ekki átt sér stað, því að ella geta slys af hlotizt.

Um 32. gr.

Samskonar ákvæði er í bifreiðalögunum.

Um 33. gr.

Þarf ekki greinargerðar.

Um 34. gr.

Eftir þessari grein er skaðabótaskylda þess, sem ábyrgð ber á bifreið, nokkru víðtækari en áður. Samkvæmt almennum skaðabótareglum bakar maður sér — utan samninga — aðeins skaðabótaábyrgð með því að valda öðrum tjóni af ásetningi eða gáleysi. Réttarþróunin gengur þó í þá átt, að láta skaðabótaábyrgðina ná lengra, þegar um einstaklinga eða fyrirtæki er að ræða, sem reka hættulega starfsemi. Byggist þetta á þeirri skoðun, að það standi þeim, sem rekur slíka starfsemi, næst að bera áhættuna, sem henni er samfara, enda þótt honum verði ekki gefin subjektiv sök á tjóni, sem verða kann í sambandi við starfsemina. Nú er notkun bifreiða allhættuleg starfsemi, og eru því ákvæði 1. og 2. málsgr. um bótaskyldu vegna tjóns, sem af notkun þeirra hlýzt, í samræmi við framangreinda skoðun. Hin víðtæka bótaskylda greinarinnar tekur aðeins til tjóns, sem hlýzt af notkun bifreiðar. Standi bifreið t. d. kyrr á bifreiðastæði og rekist einhver á hana þar og meiði sig, mundu um það tilvik gilda almennar reglur.

Þá nær þessi víðtæka ábyrgð aðeins til eiganda bifreiðar eða umráðamanns, eða þess, sem notar hana í óleyfi eiganda eða umráðamanns. Bifreiðarstjóri getur auðvitað jafnframt orðið bótaskyldur eftir almennum reglum.

Þá á sá, sem fyrir tjóni verður, enda þótt hann hafi sýnt af sér gáleysi, rétt á bótum hjá eiganda, nema því aðeins, að um stórkostlegt gáleysi sé að ræða. Ekki er það skilyrði fyrir bótaskyldunni, að um sök sé að ræða hjá eiganda eða umráða-

manni. Sé hinsvegar um stórkostlegt gáleysi að ræða hjá þeim, sem tjón bíður, og jafnframt sök hinumegin, ber að skipta tjóninu í hlutfalli við sökina á hvora hlið, þó þannig, að rétt er að taka harðara á sök bifreiðarstjóra.

Samkvæmt 3. málsgr. gilda almennar skaðabótareglur um tjón á bifreiðum, sem rekast á.

Um 35. gr.

Þarf ekki greinargerðar.

Um 36. gr.

Ákvæði þessarar greinar um tryggingar eru að mestu samhljóða ákvæði bifreiðalaganna. Þó eru tryggingarupphæðirnar hækkaðar talsvert frá því, sem áður var. Er það gert til þess, að nokkurnveginn öruggt sé, að þeir, sem fyrir tjóni verða af bifreiðaslysum, fái tjón sitt bætt.

Þá eru nokkrir aðiljar, sem öruggt má telja, að bótagreiðslur fáist hjá, undanþegnir tryggingarskyldu.

Um 37. gr.

Ákvæði þessarar greinar byggjast á því, að oft er kostnaðar- og vafningaminnst fyrir þann, sem fyrir tjóni hefir orðið af völdum bifreiðar, að fá skaðabótakröfu útkljáða í refsimálinu, hafi slíkt mál verið höfðað út af slysinu. Þó getur skaðabótakrafan verið svo umfangsmikil, að sameining hennar við refsimálið geti valdið óþægindum, og má þá vísa henni frá samkvæmt 3. mgr.

Um 38. gr.

Í þessari grein eru lagðar allmiklu þyngri refsingar við brotum gegn lögunum og reglum, sem samkv. þeim kunna að verða settar, en áður var í bifreiðalögunum. Almennu refsingarnar eru hér sektir eða fangelsi, án annarar takmörkunar upp eða niður á við en þessum refsitegundum er sett í lögum. Þá er fangelsisrefsing fyrirskipuð í nokkrum tilfellum, nema alveg sérstakar málsbætur séu fyrir hendi. Ákvæði laga þessara eru meðal annars sett til tryggingar öryggi einstaklinga og almennings. Ýmis brot gegn þeim eru þess eðlis, brjóta svo í bág við réttlætistilfinningu alls þorra manna og hafa svo geigvænlegan háska í för með sér fyrir líf manna, limi og verðmæti, — t. d. það að aka bifreið undir áhrifum áfengis — að taka verður hart á þeim.

Niðurlag 1. mgr. um ákvörðun sektarupphæða er í samræmi við ákvæði 60. gr. hinna alm. hegningarlaga.

Að öðru leyti þarf greinin ekki skýringa við.

Um 39. gr.

Ákvæðin um sviptingu ökuleyfis eru nokkru rýmri í þessari grein en í bifreiðal. Fleiri tilvik geta varðað ökuleyfissviptingu, en hinsvegar er hér heimild til að svipta ekki ökuleyfi, ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi, þar sem í bifreiðal. á að beita ökuleyfissviptingu skilyrðislaust. Er því eftir ákvæðum greinarinnar frekar hægt að taka tillit til allra aðstæðna í hverju einstöku falli.

Þá er hér það sjálfsagða nýmæli, að í stað ökuleyfissviptingar skuli koma missir réttar til að fá ökuskírteini, ef um brot manna, sem ekki hafa ökuskírteini, er að ræða.

Ennfremur er mönnum í 3. málsgr. opnuð leið til þess að fá ökuskírteini aftur. Getur einatt staðið svo á, að ástæður, sem ökuleyfissvipting byggist á, séu ekki lengur fyrir hendi.

Loks er ákvæði í 5. mgr. meðal annars sett í því skyni, að koma í veg fyrir það, að menn, sem sviptir hafa verið ökuskírteini, geti flutzt í annað lögsagnarumdæmi og fengið þar nýtt.

Svipting ökuskírteinis er öryggisráðstöfun og því nauðsynlegt að beita henni án tillits til þess, hvar viðkomandi var staddur, er hann framdi þann verknað, sem

að þessum lögum varðar ökuleyfissviptingu eða réttinn til þess að öðlast ökuleyfi. Er síðasta málsgrein því sett.

Um 40. gr.

Ákvæði þessarar greinar eru að efni til samhljóða 24. gr. áfengislaga, nr. 33 1935. Þykir rétt að fella ákvæði þessi inn í bifreiðalögin.

Um 41. gr.

Ákvæði þessarar greinar eru flest nýmæli, en þurfa ekki greinargerðar.“

Nd. 23. Frumvarp til laga

um byggingarsamvinnufélög.

Flm.: Gísli Guðmundsson.

1. gr.

Tilgangur byggingarsamvinnufélaga er að reisa íbúðarhús fyrir meðlimi þeirra til eigin afnota með sem hagfelldustum kjörum, að safna eiginframlögum félagsmanna (sjá 3. gr.) og reka lánastarfsemi.

Ekki má stofna nema eitt byggingarsamvinnufélag í hverjum kaupstað eða kauptúni.

2. gr.

Nú vilja menn stofna byggingarsamvinnufélag, og skulu þeir þá kveðja til almenns fundar á því svæði, sem félaginu er ætlað að ná yfir, og bera málið upp til umræðu og atkvæða. Ef 15 menn eða fleiri koma sér saman um stofnun byggingarsamvinnufélags og bindast samtökum um að gerast félagsmenn, setja þeir félaginu samþykktir í samræmi við lög þessi, og skal leita staðfestingar atvinnumálaráðuneytisins á þeim.

3. gr.

Byggingarsamvinnufélögum sé aflað fjár:

A. Með frjálsum framlögum hvers félagsmanns í stofnsjóð, unz fjárhæð hans í sjóðnum nemur minnst $\frac{1}{5}$ hluta andvirðis þess húsnæðis, sem hann ákveður, að félagið komi upp fyrir hann. Þegar þessari fjárhæð er náð, situr félagsmaður fyrir um byggingu húss, enda gangi stofnsjóðsinnieign hans upp í byggingarkostnaðinn. Vextir af stofnsjóði leggjast við höfuðstól, og skulu þeir á hverjum tíma jafnháir og innlánsvextir í sparisjóði hjá Landsbanka Íslands. Um rétt til útborgunar stofnfjár fer eftir ákvæðum laga um samvinnufélög, nr. 36 frá 1921.

B. Með árlegu gjaldi í rekstrarsjóð félagsins, sem ákveðið skal í samþykktum þess, og sé þessum sjóði varið til þess að standa straum af rekstrarkostnaði félagsins. Kostnaður við að reisa nýjar byggingar telst ekki rekstrarkostnaður.

C. Ennfremur getur félagið tekið lán til útlánastarfsemi sinnar. Heimilt er fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs að ábyrgjast þau lán. Lánin má taka í erlendri mynt. Gefa skal út skuldabréf fyrir lánum þessum, er hvert um sig nemi ákveðinni upphæð, sem fjármálaráðherra samþykkir. Hvert slíkt lán telst til útlána einn lánaflokkur, og er honum til tryggingar samábyrgð allra þeirra félagsmanna, sem fá lán samkvæmt 4. gr. í þeim flokki. Ekki mega vera færri en 15 félagsmenn í hverjum flokki.

Félagsmenn í sama lánaflokki mynda sérstaka deild innan síns byggingarsamvinnufélags, og er þeim heimilt að hafa sérstaka stjórn að því er varðar sérmál deildarinnar.

D. Nú hafa verið stofnuð fleiri en eitt byggingarsamvinnufélag í kaupstað eða kauptúni, og skal þá það félagið, er fyrst hóf byggingarstarfsemi, hafa rétt til ríkisábyrgðar, eða það félag, sem fyrst var stofnað, ef um byggingarstarfsemi hefir ekki verið að ræða. En hafi fleiri félög verið stofnuð eða hafið byggingarstarfsemi í sama kaupstað eða kauptúni samkvæmt lögum þessum, skulu þau hafa rétt til að ganga inn í hið viðurkennda félag, og skal þá röðun meðlima þeirra á félagsskrá miðast við þann tíma, er þeir gerðust félagar í hinu fyrra félagi.

4. gr.

Byggingarsamvinnufélag veitir félagsmönnum sínum lán til þess að koma upp byggingum til eigin afnota, enda hafi þeir uppfyllt skilyrði þau um stofnsjóðstillög, sem um getur í 3. gr. A. hér að framan.

Lán þessi skulu tryggð með fyrsta veðrétti í húsum og lóðaréttindum allt að 60% af virðingarverði eignarinnar. Ennfremur veitir félagið lán gegn öðrum veðrétti í eignunum, þó þannig, að samanlagðir fyrsti og annar veðréttur nemi ekki meiri fjárhæð en 80% af kostnaðarverði eignarinnar. Félagið veitir lánin með sömu kjörum og það nýtur á lánum þeim, sem tekin eru í þessu skyni.

5. gr.

Stofnsjóður skal jafnan vera í handbæru fé í banka eða sparisjóði, þar sem ávaxta má fé ómyndugra, að svo miklu leyti, sem honum er eigi varið til að standast framkvæmdir við byggingar eða til útlána. Nú kemur fram hagnaður við útlán eða aðra ávöxtun stofnfjár, og rennur hann í varasjóð félagsins. Um ráðstöfun varasjóðs félagsins gilda ákvæði laga um samvinnufélög, nr. 36 frá 1921.

6. gr.

Félagsmenn í byggingarsamvinnufélagi fá því aðeins lán hjá félaginu, að þeir uppfylli eftirfarandi skilyrði auk þess, sem um ræðir í 3. gr. A.:

A. Að húsin séu gerð úr varanlegu efni og rúmtak hverrar íbúðar fari ekki fram úr 500 teningsmetrum, með venjulegum nútímaþægindum og eftir fastákveðnum fyrirmyndum, sem stjórn félagsins hefir ákveðið og samþykktar hafa verið af atvinnumálaráðuneytinu.

B. Að húsin séu byggð á þeim stöðum, sem félagsstjórnin ákveður og samþykktir eru af atvinnumálaráðuneytinu, enda útvegi félagsstjórnin leigulóðir.

C. Að félagið annist um byggingu hússins að öllu leyti, og sé það afhent honum gegn skuldabréfum með veði í húseigninni, er nemi þeirri fjárhæð, sem húsið kostar umfram stofnfjárframlagið.

D. Að félagsmaður sé fjárráða, heimilisfastur innan þess svæðis, sem félagið nær yfir. Þeir félagsmenn, er eigi hafa haft yfir 6000 króna skattskyldar tekjur að meðaltali 3 síðastliðin ár og ekki eiga yfir 10 þúsund króna eignir, ganga fyrir öðrum um íbúð.

7. gr.

Nú ákveður félagsstjórn, að félagsmenn skuli reisa sambyggingar, og fær til þess samþykki atvinnumálaráðuneytisins, og er félaginu þá heimilt að annast viðhald slíkra bygginga utanhúss. Noti félag heimild þessa, skal gera reglugerð um eftirlit og framkvæmd viðhalds, svo og skiptingu kostnaðar á eigendur. Um sameiginleg tæki innanhúss í sambyggingu, svo sem leiðslur allar og hitunartæki, fer eftir því, sem segir í reglugerð. Um reglugerðir, er samdar kunna að verða samkvæmt þessari grein, skal leita samþykkis atvinnumálaráðuneytisins.

8. gr.

Byggingarsamvinnufélagi, sem kemur upp sambyggingum, er heimilt að eiga til frambúðar sameiginlegt miðstöðvarhús og þvottahús fyrir margar íbúðir, húsnæði

fyrir fasta starfsmenn félagsins og fyrir matvöruverzlun. Ákvæði skulu sett í reglugerð um þátttöku eigenda íbúðanna í kostnaði, sem af þessu hlýzt.

9. gr.

Ákveðið skal í samþykktum byggingarsamvinnufélags, að enginn, sem fengið hefir íbúð að tilhlutun félagsins, megi selja hana, nema stjórnin hafi áður hafnað forkaupsrétti félagsins vegna, og aldrei framleigja nema nokkurn hluta af íbúðinni, og þarf þó samþykki stjórnarinnar til. Þó getur eigandi, að fengnu leyfi stjórnarinnar, leigt heila íbúð um stundarsakir, ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi. Söluverð slíkrar íbúðar, hversu oft sem eigendaskipti kunna að verða, má aldrei vera hærra en stofnverð hennar, að viðbættu virðingarverði þeirra endurbóta, er á kunna að hafa verið gerðar, en að frádreginni hæfilegri fyrningu, hvorttveggja samkvæmt mati dómkvaddra manna. Sé um framleigu að ræða, ákveður stjórn félagsins, hve há leigan megi vera, og miðast hún við raunverulegan kostnað eiganda, samkvæmt mati, af íbúðinni eða hluta hennar, sem leigður er.

Nú sannast, að félagsmaður hefir selt hús hærra verði en leyfilegt er samkvæmt þessari grein, og rennur þá sá hluti söluverðsins, sem er umfram hið löglega verð, til félagsins og leggst í varasjóð. Verði seljandi einhverra orsaka vegna eigi fær um að greiða fjárhæð þessa, á félagið kröfu á hendur kaupanda, en þó því aðeins, að honum hafi, þegar kaupin fóru fram, verið kunnugt um, að seljandi hafi brotið á móti ákvæði þessarar greinar, og er þá fjárhæðin forgangsskuld með veði í húsinu næst á eftir veðréttum félagsins. Auk þess eru þá öll lán félagsins, sem á húsinu hvíla, þegar fallin í gjalddaga.

10. gr.

Nú neytir stjórn byggingarsamvinnufélags eigi forkaupsréttar, og er þá eiganda heimilt að selja eignina hverjum þeim manni, sem félagsstjórn samþykkir, en þó verður kaupandi að gerast meðlimur í byggingarsamvinnufélaginu og hlíta samþykktum þess.

11. gr.

Óheimilt er að veðsetja húseignir byggingarsamvinnufélaga fyrir hærri fjárhæð samtals en nemur 80% af upphaflegu kostnaðarverði þeirra og endurbóta, sem á kunna að hafa verið gerðar, að frádreginni eðlilegri fyrningu, eins og hún kann að vera á hverjum tíma, enda verður eigi gert fjárnám í eigninni fyrir meiri fjárhæð.

12. gr.

Ríkisábyrgðin fyrir lánum til byggingarsamvinnufélaga er því skilyrði bundin, að fyrsti veðréttur, að viðbættri ríkisábyrgð, nemi ekki hærri upphæð en 15 þús. kr. fyrir hverja einstaka íbúð.

13. gr.

Um stjórn, reikningsskil og fundi byggingarsamvinnufélaga fer eftir ákvæðum laga um samvinnufélög, nr. 36 frá 1921. Fjármálaráðherra skipar annan endurskoðanda, enda skal félaginu skylt að senda ráðuneytinu samrit af aðalreikningi sínum árlega.

Þóknun til stjórnar og endurskoðenda greiðist úr rekstrarsjóði félagsins.

14. gr.

Ríkisstjórnin lætur gera fyrirmyndaruppdrætti bæði að sérbyggingum og sambyggingum, til afnota fyrir byggingarsamvinnufélög, og lætur þær í té án endurgjalds.

Sömuleiðis sér ríkisstjórnin um öruggt eftirlit með framkvæmdum og húsbyggingum þeirra félaga, er starfa samkvæmt lögum þessum.

15. gr.

Um skrásetningu og félagsslit byggingarsamvinnufélaga fer eftir ákvæðum laga um samvinnufélög, nr. 36 1921.

16. gr.

Lög nr. 71 23. júní 1932, um byggingarsamvinnufélög, og lög nr. 41 19. júní 1933, um breyting á þeim lögum, eru úr gildi felld.

17. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frv. þetta var flutt á síðasta þingi. Fylgdi því þá svo hljóðandi greinargerð:

„Í þessu frumvarpi felast nokkrar tillögur til breytinga á gildandi lögum um byggingarsamvinnufélög.

Fyrsta breytingartillagan, um að ekki skuli vera nema eitt byggingarsamvinnufélag í hverjum kaupstað eða kauptúni, er fram komin sökum þess, að heppilegast mun vera, að ekki séu fleiri en eitt byggingarsamvinnufélag á hverjum stað. Ef mörg félög eru á sama stað, verður hvert um sig lítið og framkvæmdir litlar, og ekki mun þá, í flestum tilfellum, um áframhaldandi starf vera að ræða, heldur spretta félögin þá upp, hvert af öðru. Nokkrir menn byggja, og þegar því er lokið, fellur starfsemi þess niður. Miklu heppilegra er, að á hverjum stað sé aðeins eitt félag með áframhaldandi starfi. Byrjunarörðugleikarnir koma þá léttar niður, og meiri reynsla fæst um byggingarlag, efni, húsagerð, byggingarskipulag o. fl., þegar sama félagið hefir áframhaldandi byggingarstarfsemi með höndum. Auðveldara ætti einnig að vera fyrir þekkt og öflugt félag að afla lánsfjár til bygginga heldur en lítil og óþekkt félög, og eftirlit með félagsskapnum af hálfu þess opinbera auðveldara og öruggara. Yfirleitt má gera ráð fyrir betri árangri af starfi byggingarfélaganna, ef þau eru stór og öflug, og að því er stefnt með þessari tillögu.

Önnur tillagan er um að fella niður stofnsjóðsgjaldið, 1‰ af kostnaðarverði húsnæðis hvers félagsmanns. Þetta ákvæði er óþarft, þar eð hér er ekki um rekstur að ræða. Hver húseigandi greiðir strax vissan hluta af húsverðinu, og síðan standa húsin sem trygging fyrir því láni, sem út á þau er veitt af láni félagsins. Viðhald hússins er og á ábyrgð hvers húseiganda.

Þriðja tillagan, um sérdeildir innan félagsins, er fram komin til þess að þeir, sem eru í sama lánaflokki og bera sameiginlega ábyrgð á láninu, geti haft með sér sjálfstæðan félagsskap, er fari með sérmál þeirrar deildar og sem hana eina varðar.

Fjórða breytingartillagan er um hvaða félag eigi að öðlast full réttindi og teljast hið löglega félag á hverjum stað. Það er eðlilegt, að það félag, sem fyrst hefir verið stofnað og hafið starfsemi á hverjum stað, öðlist þann rétt, en hinsvegar er öllum félagsmönnum hinna félaganna á staðnum, ef til eru, tryggður fullur réttur í því félagi, sem öðlast réttindi. Bezt er réttur þeirra tryggður með því, að þeir komi í hið löglega félag í þeirri röð, sem þeir hafa gengið í hið fyrra félag.

Fimmta og síðasta breytingartillagan er það viðbótarákvæði, að þeir félagsmenn skuli ganga fyrir um að fá byggt hjá félaginu, sem sökum lítilla tekna eða eigna geta ekki eða eiga örðugt með að byggja sér íbúð af eigin rammleik. Eðlilegt er, að þeir gangi fyrir öðrum um að verða aðnjótandi þeirra hlunninda, sem veitt eru með ríkisábyrgðinni, og þeir, sem svo vel eru efnum búnir, að telja má, að þeir geti af eigin rammleik reist sér hús, sitji ekki í vegi fyrir hinum, sem meiri hafa þörfina á þeim hlunnindum, er þeir verða aðnjótandi í byggingarfélaginu. Markið um tekjur og eignir hefir hinsvegar verið sett svo hátt, að víst sé um, að aðrir útilokist ekki frá hlunnindunum en þeir, sem komizt gætu af án þeirra.

Þar eð breyting á fyrstu lögunum um byggingarsamvinnufélög hefir áður orðið

að lögum, er æskilegt, að lög um byggingarsamvinnufélög, nr. 71 frá 23. júní 1932, og lög nr. 41 frá 19. júní 1933, ásamt þeim breytingum, sem í þessu frumvarpi felast, verði felld saman í eina heild.“

Ed. 24. Breytingartillaga

við frv. til l. um bráðabirgðatekjuöflun ríkissjóðs og jöfnunarsjóðs bæjar- og sveitarfélaga.

Frá atvinnumálaráðherra.

Við 2. gr. Síðasta málsgr. 2. gr. orðist þannig:

Sá skattauki, sem lagður kann að verða á 6000 kr. skattskyldar tekjur eða þar yfir samkvæmt þessum lögum, skiptist í tvo jafna hluta, og skal öðrum hlutanum varið til þess, sem talið er í 1. gr., en hinn hlutinn skal renna til byggingarsjóða samkvæmt lögum nr. 3 9. janúar 1935, um verkamannabústaði, í því bæjar- eða sveitarfélagi, þar sem skatturinn er á lagður, og tekur ákvæði þetta einnig til þess skattauka, sem á er lagður á árinu 1938 samkv. l. nr. 71 31. des. 1937, um bráðabirgðatekjuöflun ríkissjóðs og jöfnunarsjóðs bæjar- og sveitarfélaga. Þar, sem byggingarsjóðir eru ekki starfandi, rennur helmingur þessa skattauka til sýslusjóðs þeirrar sýslu, þar sem skatturinn er lagður á.

Nd. 25. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 40 13. júní 1937, um framlög ríkisins til endurbyggingar á sveitabýlum.

Flm.: Sveinbjörn Högnason.

Aftan við lögin bætist svo hljóðandi bráðabirgðaákvæði:

Þar til ákvæði 11. og 12. gr. laga nr. 87 frá 1933 um húsabótaskyldu landsdrottins koma til framkvæmda, er heimilt að veita ábúendum á jörðum, sem eru í einkaeign, styrk samkvæmt lögum þessum, enda á þá ríkissjóður endurgreiðslukröfu að sínum hluta stofnkostnaðar byggingarinnar samkv. 12. gr. laga nr. 87 1933.

Greinargerð.

Frv. þetta var flutt á síðasta Alþingi, en varð eigi útrætt. Fylgdi því þá svofelld greinargerð:

„Styrkur samkvæmt lögum frá síðasta þingi um endurbyggingar sveitabýla er bundinn því skilyrði, að jarðir þær, sem styrkur er veittur til endurbyggingar á, séu annað tveggja, í sjálfsábúð eða heimilt sé að byggja þær í erfðaábúð. Eru þessi skilyrði sjáanlega þannig ákveðin vegna þess, að talið hefir verið, að fyrir endurhýsingu á jörðum, sem eru í einkaeign, hafi verið séð með ákvæðum ábúðarlaganna, þar sem landsdrottni er lögð á herðar skyldan til að hýsa jörð sína. Og er það vitanlega rétt sjónarmið, þegar til framkvæmda kemur. Hins hefir ekki verið tekið tillit til, að þessi skylda landsdrottins kemur ekki til framkvæmda fyrr en einhverntíma á árinu 1938.

Nú eru nokkrir leiguliðar, sem byggt hafa á þessu ári, vegna aðkallandi nauðsynjar, sem ekki varð frestað til næsta árs, og sumir þeirra hafa gert það í þeirri trú, að þeim myndi hægt að fá einhvern styrk til þess samkvæmt lögunum frá síðasta þingi um endurhýsingar sveitabýla. Eru þessir menn sérstaklega illa settir, ef ekki verður úr bætt, og vegna þess er frumvarp þetta fram borið.“

Nd. **26. Frumvarp til laga**

um húsmæðrafræðslu.

Flm.: Bjarni Bjarnason, Bjarni Ásgeirsson, Helgi Jónasson, Jörundur Brynjólfsson, Steingrímur Steinþórsson, Sveinbjörn Högnason, Þorbergur Þorleifsson.

1. gr.

Landbúnaðarráðherra hefir yfirstjórn allrar húsmæðrafræðslu í landinu.

2. gr.

Húsmæðraskólar í sveit, sem fullnægja ákvæðum þessara laga, skulu viðurkenndir og styrktir af ríkinu.

I. KAFLI

Um húsmæðraskóla í sveitum.

3. gr.

Ríkið viðurkennir og styrkir húsmæðraskóla á eftirtöldum stöðum: Hallormsstað í Suður-Múlasýslu, Laugum í Suður-Þingeyjarsýslu, Laugalandi í Eyjafjarðarsýslu, Blönduósi í Húnavatnssýslu, Staðarfelli í Dalasýslu, Laugarvatni í Árnessýslu og Reykholti í Borgarfjarðarsýslu.

Skólar þessir, og aðrir, er síðar kunna að verða stofnaðir, skulu vera sjálfseignarstofnanir eða eign héraða og sýslufélaga og fullnægja að öðru leyti ákvæðum laga þessara, skulu öðlast þau réttindi, er lögin greina.

4. gr.

Tilgangur skólanna er að styðja uppeldi ungra kvenna á þjóðlegum grundvelli og veita nemendum hagkvæma kunnáttu fyrir lífið, sérstaklega í öllu því, er lýtur að heimilisstörfum.

5. gr.

Nemendur skulu eigi vera yngri en 16 ára. Heimilt er forstöðukonu, í samráði við skólaráð, að veita undanþágu frá þessu ákvæði, þegar sérstaklega stendur á.

6. gr.

Eimskip 50—300	2	2
— 300—500	2	2
— 500—800	3	2
Flutninga- og farþegaskip 500—800	3	3
Flutningaskip 800—1200	3	2
— og farþegaskip 800—1200	4	3
Flutningaskip 1200—2500	4	3
— og farþegaskip 1200—1800	4	3
— — — 1800—2500	5	4
Flutningaskip yfir 2500	5	4
— og farþegaskip yfir 2500	6	5
Mótorskip að 15	1	1
— 15—50	2	2
— 50—150	2	2
— 150—400	2	2
— 400—600	2	2
— 600—900	3	2
Flutninga- og farþegaskip 600—900	4	3
Flutningaskip 900—1300	3	2
— og farþegaskip 900—1300	4	3
Flutningaskip 1300—2600	4	3
— og farþegaskip 1300—1900	4	3
— — — 1900—2600	5	4
Flutningaskip yfir 2600	6	4
— og farþegaskip yfir 2600	7	5

Við e-lið í frumvarpinu er gert ráð fyrir, að þau skip, sem sigla fastar ferðir innan flóa eða fjarða, þurfi ekki að hafa nema 2 vélstjóra. Er það í samræmi við það, sem venja er í nágrannalöndunum, þegar um slíkar ferðir er að ræða. Virðist ekki úr vegi í þessu sambandi að athuga, hvaða kröfur nágrannaþjóðir vorar gera um réttindamenn á skipum sínum.

Dönsk fiskiskip 20—50 rúmlestir þurfa ekki að hafa stýrimann nema skipverjar séu fleiri en 8, og á farþegaskipum er ekki krafizt 2 stýrimanna í innanlandssiglingum nema skipið hafi rétt til að flytja yfir 500 farþega, og fyrst þegar skip eru stærri en 2500 rúml., er krafizt 3 stýrimanna í utanlandssiglingum. Á fiskiskipum er ekki krafizt 2 vélstjóra fyrr en vélin er orðin stærri en 500 hestafla, og á öðrum skipum í utanlandssiglingum 2 vélstjóra við 500—800 hestafla vél, en 3 úr því.

Í Noregi er einnig fyrst krafizt 3 stýrimanna, þegar skip eru yfir 2500 rúml., og í innanlandssiglingum þurfa skip upp að 500 rúmlestum ekki nema 1 stýrimann. Á skipum, sem hafa fastar ferðir, sem ekki taka yfir 12 tíma, og hafa vél undir 300 hestöflum, þarf aðeins 1 vélstjóra, og 3 vélstjóra er fyrst krafizt í utanlandssiglingum, þegar vél er 1000 hestöfl og meira.

Í Svíþjóð er fyrst krafizt stýrimanns á farþegaskip 250—1500 rúmlestir í Eystrasalts-siglingum og 2 stýrimanna, þegar skip er yfir 1500 rúmlestir, og ekki fyrr en skip er orðið yfir 2000 rúmlestir er krafizt 3 stýrimanna í utanlandssiglingum. Á farþegaskipum í Eystrasalts-siglingum er ekki krafizt nema 2 vélstjóra, og þá fyrst, þegar vél skipsins er 500—800 hestöfl eða meira.

Af þeim dæmum, sem nefnd hafa verið, sést, að frumvarpið gerir ráð fyrir fleiri réttindamönnum en lögboðin eru hjá nágrannaþjóðum vorum. Sýnist því vera hóflega á málinu tekið.

Því hefir verið haldið fram, að réttindamönnum hafi verið fjölgað í því augnamiði að skapa aukið öryggi fyrir sjófarendur. Er það þó tæpast vitað, að slys hafi hlotizt af því, að ekki væru nægilega margir réttindamenn á skipum sem slíkir. Tökum dæmi um flutninga- og farþegaskip á stærð við Gullfoss með 3 stýrimenn og 4 vélstjóra. Segjum, að einn vélstjóri eða einn stýrimaður verði veikur í höfn úti á landi og þurfi að leggjast á sjúkrahús. Samkvæmt lögum um atvinnu við siglingar á íslenzkum skipum má skipið ekki halda áfram ferð sinni fyrr en viðkomandi yfirmaður hefir verið sendur úr Reykjavík, ef hann er ekki fáanlegur á staðnum. En þó allir hásetarnir strykju af skipinu, hafa nefnd lög ekkert við það að athuga, þó skipið héldi áfram. Nú er það vitað, að skipið getur farið allra sinna ferða með 1 stýrimann og 2 vélstjóra, en ekki ef skipið vantar hásetana. Sést á því, hversu einhliða hefir verið á þetta mál litið.

Nd. 38. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 41 19. maí 1930 [Sjómannalög].

Flm.: Gísli Guðmundsson, Skúli Guðmundsson.

1. gr.

Síðasti málsliður 18. gr. laganna orðist svo: Þurfi að reikna kaup fyrir brot úr mánuði, telst mánuðurinn 30 dagar.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Íslenzku sjómannalögin munu að mestu eiga að vera þýðing á dönskum og norskum sjómannalögum. En í 18. gr. laganna hefir af einhverjum ástæðum slæðzt inn undarlegt ákvæði, sem ef um þýðingu hefir átt að vera að ræða, er á misskilningi byggt. En þetta ákvæði hefir orðið þess valdandi, að útgerðarfyrirtæki á Íslandi hafa, síðan nefnd lög öðluðust gildi, orðið að greiða föstum ársmönnum 12

mánaða kaup eftir samningi eða ákvörðun, að viðbættu 5—6 daga aukakaupi. Kemur þetta aðallega til góða þeim, sem mest bera úr býtum, en sýnist ástæðulaust. Hjá sumum fyrirtækjum nemur þessi greiðsla 5—10 þús. kr. á ári, og jafnvel meira.

Hér fer á eftir orðréttur texti ákv. dönsku, norsku og íslenzku sjómannalaganna til frekari skýringar því, sem hér er um að ræða.

Danmörk. Sömandsloven af 1. Maj 1923. 3. kafli. 18. gr. Niðurlag greinarinnar hljóðar þannig:

Skal Hyren beregnes for en Del af en Maaned, regnes Maaneden til tredive Dage.

Noregur. Sjömannslov av 16. februar 1923. 3. kafli. 18. gr. Niðurlag greinarinnar hljóðar þannig:

Skal hyre beregnes for del av en måned, regnes måneden til 30 dager.

Ísland. Sjómannalög 19. maí 1930. 2. kafli. 18. gr. Niðurlag greinarinnar hljóðar þannig:

Þurfi að reikna kaup fyrir **mánuð eða** brot úr mánuði, telst mánuðurinn 30 dagar.

Nd. 39. Frumvarp til laga

um framkvæmd viðgerða á íslenzkum skipum.

Flm.: Ísleifur Högnason, Einar Olgeirsson.

1. gr.

Eigendur íslenzkra skipa skulu skyldir að láta framkvæma allar viðgerðir á skipum sínum hér á landi, með þeim undantekningum og skilyrðum, sem nánar greinir í lögum þessum.

2. gr.

Ef skip bilar í hafi, en er þó sjálfrátt ferða sinna, skal sigla því til íslenzkrar hafnar til viðgerðar, nema svo sé ástatt, að öryggi skips og áhafnar þyki betur borgið með því að halda skipinu til erlendrar hafnar.

3. gr.

Þær einar smiðjur mega taka að sér viðgerð stórskipa, sem fá til þess sérstaka löggildingu. Um löggildingu þessa fer eftir reglugerð, sem atvinnumálaráðherra setur um það efni.

4. gr.

Ef engin löggilt smiðja getur tekið að sér viðgerð á skipi, þá er eiganda skipsins frjálst að sigla skipinu til annars lands hafnar og fá þar viðgerð.

5. gr.

Nú vill eigandi skips, umboðsmaður eða vátryggjandi láta fram fara viðgerð á skipi, en ekki næst samkomulag um verð á viðgerðinni eða hann dregur í efa, að fullnægjandi viðgerð fáist hér á landi, og neitar af þeim sökum að gera samning um viðgerðina við hérlenda smiðju, og er honum þá eigi að síður óheimilt að senda skipið til annars lands til viðgerðar, nema því aðeins, að hann hafi áður fengið álit sitt staðfest með úrskurði gerðardóms.

6. gr.

Gerðardómur, sem nefndur er í 5. gr., skal skipaður þannig:

Eigandi skips eða umboðsmaður hans tilnefnir 1 mann í dóminn, vátryggjandi skipsins tilnefnir 1 mann. Félag járniðnaðarmanna í Reykjavík tilnefnir 1 mann og

forstjórar löggiltra smiðja tilnefna í sameiningu 1 mann, en skipaskoðunarstjóri ríkisins er sjálfkjörinn oddamaður.

Gerðardómur skal hraða úrskurði sínum svo sem verða má, að sem minnstum töfum valdi eða baga fyrir skipseigendur.

7. gr.

Nú berst lögreglustjóra kæra um, að misbeitt hafi verið ákvæðum 2. gr. og telur hann, að ekki hafi verið um skýlaust brot að ræða, skal hann þá vísa málinu til gerðardóms, er um ræðir í 6. grein.

8. gr.

Brot á lögum þessum varða sektum, allt að 10000 kr., nema þyngri hegning liggi við að lögum.

Greinargerð.

Frumvarp líkt þessu var flutt á þingi 1936 og báðum þingum 1937, en náði ekki fram að ganga, og vísast til greinargerðar þeirrar, er fylgdi því 1936.

Nánar í framsögu.

Nd. 40. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 45 13. júní 1937, um bann gegn dragnótaveiði í landhelgi.

Flm.: Gísli Guðmundsson, Pálmi Hannesson, Skúli Guðmundsson, Steingr. Steinþórsson.

Aftan við fyrri málsgr. 1. gr. laganna bætist:

Á svæðinu frá Straumnesi austur um land að Eystra-Horni eru dragnótaveiðar á skipum, sem eru að stærð 35 smálestir brúttó eða meira, bannaðar allt árið.

Greinargerð.

Það er vafalaust, að rýmkun sú, sem gerð var á s. l. ári á rétti til dragnótaveiða, er til mikils tjóns á fjörðum inni. Telja flm., að ákvæðum laganna hefði þurft að breyta verulega, en sjá sér þó eigi fært að bera fram viðtækari breytingu að þessu sinni.

Frv. gerir ráð fyrir, að dragnótaveiði á skipum, sem eru að stærð 35 smál. brúttó eða meira, sé bönnuð fyrir Norður- og Austurlandi allt árið, en nú er hún heimil í október og nóvembermánuði.

Ed. 41. Frumvarp til laga

um breyting á framfærslulögum, nr. 135 31. desember 1935.

Flm.: Sigurjón Á. Ólafsson.

1. gr.

21. gr. laganna orðist þannig:

Nú er manni, sem á framfærslurétt hér á landi, veittur framfærslustyrkur hjá sendiherra Íslands í Kaupmannahöfn eða hjá öðrum umboðsmönnum ríkisins erlendis, og skal þá greiða þann styrk úr ríkissjóði. Sömuleiðis greiðist úr ríkissjóði

kostnaður við heimflutning þess styrkþega og skylduliðs hans frá útlöndum, sem ofangreindir umboðsmenn annast, ef kostnaðurinn fæst ekki á annan hátt endurgreiddur.

2. gr.

Í stað síðari málsl. 22. gr. laganna komi: Skal ekkjan leggja fram skriflega umsókn, og fylgi umsókninni skýrsla, gefin af ekkjunni sjálfri. Umsóknir þessar skulu vera á sérstökum eyðublöðum, er ráðuneytið sendir valdsmönnum. Heimilt er valdsmanni að leita umsagnar um skýrslu konunnar, ef honum þykir ástæða til.

3. gr.

26. gr. laganna falli niður.

4. gr.

a. Á eftir fyrsta málsl. 2. málsgr. 32. gr. laganna komi nýr málsl.:
Sama rétt hefir hver einstakur framfærslunefndarmaður, er ekki vill una afgreiðslu nefndarinnar.

b. Aftan við sömu gr. laganna bætist ný málsgr., svo hljóðandi:
Skylt er framfærslunefnd að hlíta úrskurði ráðherra um ágreiningsmál, er til hans verður skotið, þar til þeim úrskurði kynni að verða haggað af dómstólum.

5. gr.

35. gr. laganna orðist þannig:

Ráðherra setur, að fengnum tillögum bæjarstjórnar Reykjavíkur, sérstakar nánari reglur um tilhögun á framkvæmdum framfærslumála í kaupstaðnum. Í reglugerð þessari má ákveða um sérstaka nefnd, er úrskurði til fullnustu kærur út af ákvörðunum framfærslunefndar.

Kostnaður við störf þessarar nefndar greiðist að hálfu úr ríkissjóði og að hálfu úr bæjarsjóði Reykjavíkur. Þóknun til nefndarmanna ákveður atvinnumálaráðherra.

6. gr.

a. Orðin „að því leyti, sem við verður komið“ í 43. gr. laganna falli niður.

b. Aftan við sömu lagagrein bætist: Áfrýja má úrskurði barnaverndarnefnda samkvæmt 41. og 42. gr. til ráðherra.

7. gr.

a. Í stað „Innansveitarmenn“ í upphafi 2. málsgr. 44. gr. komi: Félög eða einstaklingar.

b. Aftan við sömu gr. laganna bætist ný málsgr., svo hljóðandi:
Nú þykir lögreglustjóra ástæða til, að fram kominni kæru út af meðferð á framfærsluþurfa, að láta í té til bráðabirgða aðstoð eða hjálp, og fellir hann þá úrskurð þar að lútandi, enda er þá hlutaðeigandi framfærslusveit skylt að greiða þann kostnað, er úrskurðurinn kynni að hafa í för með sér. Áfrýja má úrskurði lögreglustjóra til ráðherra, en hlíta skal úrskurði lögreglustjóra, þar til fullnaðarúrskurður fellur.

8. gr.

1. málsgr. 53. gr. laganna orðist þannig:

Nú sýnir framfærsluþurfi mikla óhlýðni og þrjózku við sveitarstjórn, eða hann sökum leti, drykkjuskapar, illinda eða óknytta eykur sveit sinni sýnileg þyngsli, og má þá sveitarstjórn kæra hann fyrir lögreglustjóra, og er þá heimilt að dæma hann í fangelsi við venjulegt fangaviðurværi í allt að 3 mánuði. Með slík mál skal farið sem almenn lögreglumál.

9. gr.

3. málsgr. 58. gr. laganna orðist þannig:

Það sveitarfélag skal inna greiðsluna af hendi, þar sem barnsfaðirinn á lögheimili, þegar barnsmeðlagið fellur í gjalddaga.

Ákvæði 3. mgr. tekur ekki til þeirra meðlagsgreiðslna, sem barnsmóður hafa verið greiddar fyrir gildistöku þessara laga.

10. gr.

2. málsgr. 59. gr. laganna orðist þannig:

Heimilt er sveitarstjórn að krefjast, að löghald verði lagt á kaup barnsföður eða aðrar tekjur hans til greiðslu slíkra meðlaga, og má hvort heldur er skylda húsbónda hans eða atvinnurekanda þann, er barnsfaðirinn starfar hjá, til þess að halda eftir hluta af mánaðarkaupi mannsins eða allri fúlgunni, er honum ber að greiða.

11. gr.

Aftan við 61. gr. laganna bætist:

Sama gildir, ef faðerni barns er fullsannað, þó ekki hafi verið kveðinn upp úrskurður um meðlagsskyldu föðurins áður en hann dó.

12. gr.

62. gr. laganna orðist þannig:

Nú giftist móðir barns, er meðlag hefir tekið eftir dauða barnsföður samkvæmt 61. gr., eða móðir barns, sem meðlag hefir fengið frá dvalarsveit sinni að barnsföður lifandi, og á hún þá rétt á, að valdsmaður úrskurði henni meðlag eftir reglum III. kafla laga þessara, en ekki haggar það rétti dvalarsveitar barnsmóður til endurgreiðslu frá barnsföður eða framfærslusveit hans.

13. gr.

Aftan við 64. gr. laganna bætist ný málsgr., svo hljóðandi:

Þó skal allur framfærslustyrkur fyrnast, þegar fjögur ár eru liðin frá því að styrkþurfa var síðast veittur framfærslustyrkur, nema veð hafi verið tekið fyrir hinum veitta styrk.

14. gr.

65. gr. laganna orðist þannig:

Nú hefir framfærslunefnd eða hreppsnefnd ráðstafað styrkþurfa til dvalar í aðra sveit, með eða án meðgjafar um lengri eða skemmri tíma, og ber þeirri sveit, sem ráðstafaði dvöl hans, þá að annast framfærslu styrkþurfans meðan hann þarf á óslitnu sveitarframlagi að halda, þó aldrei skemur en 3 ár frá því er hann flutti í hina nýju heimilissveit. En óslitið sveitarframlag telst það, ef styrkþegi þiggur framfærslustyrk einu sinni á hverjum tólf mánuðum.

15. gr.

1. málsgr. 67. gr. laganna orðist þannig:

Sannist það við rannsókn þessa, að sveitarstjórn fyrrverandi heimilissveitar styrkþegans, eða einstakir áhrifamenn í sveitarfélaginu, hafi komið því til leiðar, að styrkþegi flutti búferlum í aðra sveit, í þeim tilgangi að losa fyrrverandi heimilissveit hans við framfærslu styrkþegans, skal þeirri sveit skylt að endurgreiða dvalarsveit hans allt, er hann eða fjölskylda hans kann að þiggja í framfærslustyrk meðan hann þarf á óslitnu sveitarframlagi að halda, þó aldrei skemur en 3 ár frá því að styrkþeginn flutti í hina nýju heimilissveit (sbr. síðasta málsl. 65. gr.).

16. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1938.

17. gr.

Þegar lög þessi hafa öðlazt staðfestingu konungs, skal færa þau inn í meginmál framfærslulaga, nr. 135 31. desember 1935, og gefa þau út svo breytt.

Greinargerð.

Frv. þetta er flutt að tilhlutun atvinnumálaráðherra, og fylgdi því svo hljóðandi greinargerð:

Við framkvæmd hinna nýju framfærslulaga hafa komið í ljós ýmsir agnúar á þeim, og miðar þetta frumvarp að því að ráða bót á þeim.

Um einstakar greinar frumvarpsins skal þetta tekið fram:

Um 1. gr.

Eins og 21. gr. framfærslulaganna nú er orðuð, ættu framfærslustyrkir, veittir íslenzkum ríkisborgurum af erlendum stjórnarvöldum, að endurgreiðast úr ríkissjóði. Þetta er ekki í samræmi við alþjóðareglur, þar sem slíkir styrkir eru ekki endurgreiddir milli ríkja, og er því rétt að takmarka greiðsluskyldu ríkissjóðs við þá styrki eina, sem veittir eru af umboðsmönnum íslenzka ríkisins erlendis.

Um 2. gr.

Mörgum ekkjum hefir þótt hvimleið rannsókn sú, sem framfærslunefndir hafa látið framkvæma á hag ekkna, sem sótt hafa um styrki með börnum sínum. Þær hafa kosið, að framkvæmd yrði öðruvísi hagað um skýrslugerð um heimilisástæður þeirra og hagi yfirleitt, sem væri á sér minni blæ þess, að um veitingu framfærslustyrks væri að ræða. Þess vegna er lagt til, að þessu verði breytt þannig, að ekkjan gefi lögreglustjóra skýrslu um hagi sína, sem lögreglustjóri rannsakar, eftir því sem honum þykir ástæða til.

Um 3. gr.

Hér er lagt til, að 26. gr. framfærslulaganna falli niður, sem ákveður, að ef ekkja giftist, þá falli meðlagsúrskurðirnir sjálfkrafa úr gildi.

Ekki er ástæða til að óttast, að sveitarsjóðum verði íþyngt að ástæðulausu með niðurfellingu þessarar greinar, þar sem sveitarstjórnum er að sjálfsögðu rétt að krefjast, að lögreglustjóri felli úrskurði úr gildi vegna breyttra ástæðna ekkjunnar, samkvæmt 23. gr. laganna.

Um 4. gr.

Þarf ekki skýringa.

Um 5. gr.

Hér er lagt til að breyta 35. gr. framfærslulaganna á þann veg, að settar séu sérstakar reglur um framfærslumál í Reykjavík, sem að sjálfsögðu hefir nokkra sérstöðu sem höfuðborg með hart nær ⅓ landsmanna. Af því að ekki hefir verið um þetta sett sérstök löggjöf, virðist óhjákvæmilegt, að settar verði um það nokkuð ýtarlegar reglur. Sömuleiðis hefir reynslan leitt í ljós, að áfrýjun á úrskurðum framfærslunefndar hefir verið mjög seinfær, og þykir því rétt að heimila skipun sérstakrar nefndar, er úrskurði þessi mál til fullnustu.

Hinsvegar þykir sanngjarnt, að ríkissjóður greiði kostnað við störf þessarar dómnefndar að hálfu á móti Reykjavíkurkaupstað, þar sem nefndin á að inna af hendi störf, sem að nokkru leyti hafa verið unnin af atvinnumálaráðuneytinu.

Um 6. gr. og 7. gr.

Þurfa ekki skýringa.

Um 8. gr.

Ákvæði 53. gr. framfærslulaganna virðist vera í nokkru ósamræmi við gildandi réttarfarsreglur, þar sem sveitarstjórn er heimilað, með samþykki lögreglustjóra, að

leggja refsingu á styrkþega fyrir yfirsjónir þær, er í greininni getur. Það virðist rétt, að dómur gangi um, hvort refsivert brot hefir verið framið, og er greininni breytt í samræmi við það.

Um 9. gr.

Samkvæmt 3. mgr. 58. gr. skal það sveitarfélag inna meðlagsgreiðslu af hendi, þar sem barnsfaðirinn á lögheimili, þegar greiðslunnar er krafizt, og getur barnsmóðir því í vissum tilfellum haft áhrif á það, hvaða sveitarfélag verður greiðsluskylt. Er því réttara og öruggara, að það sveitarfélag sé greiðsluskylt, þar sem barnsfaðirinn á lögheimili á gjalddaga meðlagsins.

Um 10. gr.

Hér er lagt til, að upphaf 2. mgr. 59. gr. verði þannig: „Heimilt er sveitarstjórn að krefjast, að löghald verði lagt á kaup barnsföður“ o. s. frv., í stað þess, að nú er svo að orði kveðið, að „Heimilt er sveitarstjórn að leggja löghald á kaup barnsföður“ o. s. frv., sem mætti skilja þannig, að sveitarstjórn gæti sjálf, án atbeina fógeta, lagt löghaldið á, sem að sjálfsögðu hefir ekki verið tilætlunin.

Um 11. gr.

Þarf ekki skýringa.

Um 12. gr.

Með hæstaréttardómi var 62. gr. framfærslulaganna skýrð á nokkuð annan veg en gert hafði verið í framkvæmd sumstaðar, og var með þeim dómi einnig haggað framkvæmd, sem verið hafði um skeið í sambandi við greiðslu á meðlögum til barnsmæðra, er gifzt höfðu öðrum en barnsfeðrum sínum. Þykir því nauðsyn til bera að setja um þetta nýjar reglur, og er eðlilegast að fylgja reglunni í III. kafla laganna, um styrk með börnum ekkna.

Um 13. gr.

Til þess að hvetja menn til sjálfsbjargar þykir rétt að láta allan framfærslustyrk fyrnast, þegar fjögur ár eru liðin frá því að styrkþurfa var síðast veittur framfærslustyrkur, það er að segja löghjóða hér almenna fyrningarfrestinn.

Um 14. gr.

Í 65. gr. eru ákveðin viðurlög við því, ef sveitarstjórn ráðstafar styrkþega til dvalar í aðra sveit í þeim tilgangi að losna við framfærslu hans, og þykir rétt að kveða nánar á um þessi viðurlög með því að ákveða, að sú sveit, sem ráðstafar styrkþeganum, skuli ávallt annast framfærsluna fyrstu 3 árin eftir flutning styrkþegans, þótt hann hafi ekki verið á óslitnu sveitarframfæri þann tíma.

Þá er skýrt í greininni, hvað skuli teljast óslitið sveitarframlag, og virðist rétt, þar sem hér er um óréttmætan tilgang að ræða, að binda það við styrkþágu einu sinni á hverjum 12 mánuðum.

Um 15. gr.

Hér eru ákvæði 67. gr. færð til samræmis við ákvæði 65. gr., enda verður í framkvæmdinni tæpast hægt að greina á milli þeirra tilvika, sem falla undir þessar greinar hvora um sig.

Um 16. gr. og 17. gr.

Þurfa ekki skýringa.

Nd. 42. Frumvarp til laga

um birtingu efnahagsreikninga.

Flm.: Skúli Guðmundsson, Gísli Guðmundsson.

1. gr.

Hlutafélög, samvinnufélög, önnur félög, fyrirtæki bæjar- og sveitarfélaga og einstaklingar, sem reka verzlun, útgerð, iðnað eða aðra atvinnu og skulda bönkum og sjóðum hér á landi samtals 50000 kr. eða meira í árslok, skulu árlega birta efnahagsreikninga sína. Séu reikningar afhentir stjórnarráðinu til birtingar eigi síðar en 5 mánuðum eftir lok reikningsársins.

2. gr.

Fjármálaráðuneytið annast birtingu efnahagsreikninga samkv. 1. gr. Ráðuneytið ákveður með reglugerð form reikninganna, hvernig þeir eiga að vera sundurliðaðir og annað, sem snertir framkvæmd laga þessara.

Ráðuneytinu er heimilt að krefja þá aðilja, sem um getur í 1. gr., um rekstrarreikninga eða einstaka liði úr rekstrarreikningum, til birtingar, ef ástæða þykir til.

3. gr.

Ráðuneytinu er heimilt að krefjast borgunar fyrir birtingu efnahagsreikninga. Það ákveður söluverð reikninganna, skipar fyrir um, hver stjórnarvöld skuli fá þá ókeypis og hvað gera skuli til að gera almenningi sem auðveldast að kynnast reikningunum.

4. gr.

Ráðuneytið heldur sérstakan reikning yfir árlegar tekjur og gjöld reikningsútgáfunnar. Ef tekjuhalli verður, telst hann með skrifstofukostnaði stjórnarráðsins, en verði tekjuafgangur, telst hann með tekjum ríkissjóðs.

5. gr.

Ráðuneytið getur hvenær sem er krafið banka og sjóði um skýrslu yfir lánveitingar.

6. gr.

Við vanrækslu þeirrar skyldu, að senda reikninga til birtingar, getur stjórnarráðið ákveðið dagsektir, unz úr er bætt. Úrskurði ráðuneytisins um dagsektir verður ekki áfrýjað. Gefi einhver ranga eða villandi skýrslu um efnahag sinn, varðar það sektum frá 100 til 1000 kr., nema þyngri refsing liggi við að lögum.

Sektir skal innheimta með aðför.

7. gr.

Mál út af brotum á lögum þessum skal fara með sem almenn lögreglumál. Sektir samkvæmt lögunum renna í ríkissjóð.

8. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Til þess að bæta úr þeirri vöntun, sem er á því, að landsmenn eigi þess kost að kynnast hag þeirra fyrirtækja, sem hafa mest af sparifé þjóðarinnar til ávöxtunar, er frv. þetta fram borið. Reikningar ríkissjóðsins og ríkisfyrirtækja eru nú árlega birtir almenningi, og verður eigi séð, að síður sé ástæða til að birta reikn-

inga einkafyrirtækja, sem hafa mikið af fjármunum landsmanna að láni frá bönkum og sjóðum.

Ríkisstofnanir birta nú árlega bæði rekstrar- og efnahagsreikninga, og væri réttmætt að krefjast samskonar reikningsskila af einkafyrirtækjum, sem starfa með lánsfé. Hér er þó aðeins lagt til, að þess verði krafizt, að efnahagsreikningar þeirra verði birtir, en ráðuneytinu veitt heimild til að krefjast rekstrarreikninga eða upplýsinga um einstök atriði úr rekstrarreikningum, eftir því sem ástæða þykir til. Gæti t. d. vel komið til mála að birta með efnahagsreikningunum upplýsingar um úthlutun ágóða í félögum o. s. frv. En það myndi m. a. auka kostnað við reikningaútgáfuna að birta rekstrarreikninga allra þeirra, sem lögin ná til, samhliða efnahagsreikningunum, og er sleppt að gera kröfur til þess að sinni.

Ályktun um birtingu reikninga einkafyrirtækja var samþykkt á síðasta flokksþingi framsóknarmanna. Erlendis eru hliðstæð ákvæði í lögum.

Skal svo vikið að einstökum greinum frv.

Um 1. gr.

Í 1. gr. er ákveðið, að öll fyrirtæki, bæði félaga og einstaklinga, sem skulda bönkum eða sjóðum 50000 kr. eða meira, skuli árlega birta efnahagsreikninga sína. Þykir eigi ástæða til að krefjast slíkra reikningsskila af þeim, sem hafa minna en 50 þús. kr. lánsfé.

Um 2. gr.

Þar er ákveðið, að stjórnarráðið annist útgáfu reikninganna og skipi fyrir um form þeirra. Einnig að ráðuneytinu sé heimilt að krefjast rekstrarreikninga, eða upplýsinga um einstök atriði þeirra, ef það telur ástæðu til.

Um 3. og 4. gr.

Í þessum greinum er ákveðið, að stjórnarráðið geti krafizt borgunar fyrir birtingu reikninga af þeim, sem fyrirskipað er að birta reikninga samkv. 1. gr.; ennfremur að heimilt sé að láta reikningana ókeypis að einhverju leyti, og að haldinn sé sérstakur reikningur um tekjur og gjöld af þessari útgáfu. Eru þessi ákvæði hliðstæð þeim, sem eru í gildandi lögum um útgáfu Lögbirtingablaðsins.

Um 5. gr.

Rétt þykir að ákveða, að ráðuneytið geti hvenær sem er krafizt upplýsinga um lánveitingar frá bönkum og sjóðum, til samanburðar við reikninga, sem það fær til birtingar.

Um 6.—8. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Nd. 43. Frumvarp til laga

um hafnargerð á Raufarhöfn.

Flm.: Gísli Guðmundsson, Finnur Jónsson.

1. gr.

Ríkissjóður veitir til hafnargerðar á Raufarhöfn í Presthólahreppi í Norður-Þingeyjarsýslu, samkvæmt áætlun, er ríkisstjórnin hefir samþykkt, ⅖ kostnaðar, eftir því sem fé er veitt til þess í fjárlögum, allt að kr. 180000.00 — eitt hundrað og áttatíu þúsund krónur — gegn ⅗ hlutum frá hafnarsjóði Raufarhafnar.

2. gr.

Ríkisstjórninni veitist heimild til að ábyrgjast fyrir hönd ríkissjóðs allt að kr. 270000.00 — tvö hundruð og sjötíu þúsund króna — lán, er hafnarsjóður Raufarhafnar kann að taka, gegn ábyrgð Presthólahrepps og sýslusjóðs Norður-Þingeyjarsýslu, en þó aldrei meira en ⅗ kostnaðar við hafnargerðina, eða kr. 480000.00. Tillag úr ríkissjóði og ábyrgð ríkissjóðs eru bundin því skilyrði, að yfirumsjón með verkinu og reikningshald sé falið manni, sem atvinnumálaráðuneytið samþykkir.

3. gr.

Hafnarmerki skulu ákveðin af atvinnumálaráðherra í samráði við vitamálastjórn ríkisins og hafnarnefnd Raufarhafnar.

4. gr.

Sérhver er skyldur til að láta af hendi lönd og mannvirki, er þarf til hafnargerðarinnar, eða undir brautir og vegi í þarfir hafnarinnar, svo og leyfa, að tekið verði í landi hans hvort heldur er grjót, möl eða önnur jarðefni og þola þær eignakvaðir, óhagræði eða takmörkun á afnotarétti, sem hafnargerðin hefir í för með sér, allt gegn því, að fullar bætur komi fyrir. Náist ekki samkomulag um bæturnar, skulu þær ákveðnar með mati tveggja dómkvaddra manna, að tilkvöddum báðum málsaðiljum. Kostnaður við matið greiðist úr hafnarsjóði Raufarhafnar. Nú vill annarhvor málsaðili ekki una mati, og getur hann þá heimtað yfirmat, en gera skal hann það innan 14 daga frá því matsgerð er lokið. Yfirmat skal framkvæmt á sama hátt, af 4 dómkvöddum mönnum, og skipi þá atvinnumálaráðherra 5. mann í gerðina, sem þá er formaður nefndarinnar. Kostnað við yfirmat greiði sá, er þess hefir krafizt, ef matsupphæðinni verður ekki breytt meir en nemur 10% af hinni ákveðnu endurgjaldsupphæð, ella greiðist kostnaðurinn úr hafnarsjóði Raufarhafnar.

5. gr.

Meðfram strandlengjunni umhverfis höfnina má ekki gera í sjó fram neina bryggju eða önnur mannvirki, né fylla upp eða dýpka út frá landi, nema eftir tillögum hafnarnefndar og með samþykki sveitarstjórnar Presthólahrepps. Sá, sem vill gera eitthvert slíkt mannvirki, skal senda hafnarnefnd beiðni um það, og skal beiðninni fylgja lýsing á því, svo og uppdráttur, ef með þykir þurfa, í tvennu lagi, og heldur hafnarnefnd öðru eintakinu. Hafnarnefnd afgreiðir síðan málið til sveitarstjórnar. Sá, sem fengið hefir slíkt leyfi, skal skyldur að halda mannvirkinu svo við, að engin hætta stafi af því. Þessi ákvæði gilda og um þær bryggjur og önnur mannvirki, er þegar hafa verið gerð á hafnarsvæðinu.

Brot gegn þessari grein varða sektum, frá 20—500 krónum, og getur hafnarnefnd látið nema burt mannvirkið á kostnað eiganda.

6. gr.

Sveitarstjórn Presthólahrepps fer með stjórn hafnarmálanna, undir yfirumsjón atvinnu- og samgöngumálaráðuneytisins.

7. gr.

Framkvæmd hafnarmála og eftirlit með höfninni og eignum hennar skal fela hafnarnefnd. Hafnarnefnd skipa 3 menn, kosnir af sveitarstjórn Presthólahrepps. Nefndarmenn skulu kosnir til þriggja ára, og gengur einn úr árlega. Fyrstu 2 árin ræður hlutkesti, hver það skuli vera.

8. gr.

Eignum hafnarsjóðs má aðeins verja í þarfir hafnarinnar. Sveitarsjóður ábyrgist skuldir hafnarsjóðs, og sveitarstjórn hefir ábyrgð á eignum hafnarinnar.

9. gr.

Sveitarstjórn má ekki, án leyfis ráðuneytisins, selja eða veðsetja fasteignir hafnarsjóðs, eða kaupa nokkrar nýjar fasteignir, taka stærri lán eða lán til lengri tíma en að þau verði greidd aftur af tekjum þess árs, er fer í hönd, né endurnýja slík lán eða fresta greiðslutímanum, og ekki heldur gera nein þau mannvirki við höfnina, sem svo eru stórvaxin, að árstekjurnar hrökkvi ekki til að koma þeim í framkvæmd.

10. gr.

Til þess að standa straum af kostnaði við dýpkun hafnarinnar og byggingu og viðhald hafnarvirkja, svo og til árlegs rekstrarkostnaðar hafnarinnar, er heimilt að innheimta gjöld þau, sem hér segir:

1. Árlegt gjald af bryggjum og öðrum mannvirkjum, sem gerð eru samkv. 5. gr.
2. Gjöld af skipum og bátum, er hafna sig á Raufarhöfn, og farmi þeirra:
   a. Lestagjald.
   b. Vitagjald.
   c. Vörugjald. Undanskildar skulu þó vörur þær, er samkvæmt farmskrá skipsins eiga að fara til annara hafna á landinu, ef þær eru ekki settar á land.
   d. Bryggjugjald af skipum, er leggjast við bryggjur hafnarinnar.
   e. Festagjald af skipum, er nota festar hafnarsjóðs.

Gjöld þessi, sem og gjöld fyrir önnur afnot af eignum hafnarinnar skulu ákveðin í reglugerð, er hafnarnefnd Raufarhafnar semur og atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið staðfestir.

Herskip, varðskip, björgunarskip og skemmtiskip skulu undanþegin gjöldum til hafnarinnar samkvæmt tölulið 2. a, b, og c.

11. gr.

Nú má álíta, að tekjur af gjaldstofnum þeim, sem heimiladir eru í 10. gr., hrökkvi ekki fyrir árlegum útgjöldum hafnarinnar, og getur þá hafnarnefnd, með sérstöku samþykki atvinnumálaráðuneytisins fyrir hvert ár, ákveðið, að leggja megi aukagjöld allt að 10% á hin ákveðnu gjöld af út- og innfluttum vörum. Gjöld samkvæmt 10. og 11. gr. innheimtir hafnarnefnd, og má taka þau lögtaki.

12. gr.

Reikningsár hafnarsjóðs er almanaksárið.

13. gr.

Fyrir 1. nóvember ár hvert ber hafnarnefnd að leggja fyrir sveitarstjórn áætlun um tekjur og gjöld hafnarinnar á komandi ári. Sveitarstjórn skal hafa fullsamið áætlunina fyrir lok nóvembermánaðar og senda hana síðan atvinnumálaráðuneytinu til samþykktar fyrir árslok, ásamt nauðsynlegum skýringum á einstökum gjalda- og tekjuliðum.

14. gr.

Nú hefir sveitarstjórn í hyggju einhverjar meiri háttar aðgerðir við höfnina, eða hún vill gera einhverjar þær ráðstafanir, er samþykki atvinnumálaráðuneytisins þarf til, og skal hún þá senda ráðuneytinu sérstaka tillögu um það efni. Skal það gert svo tímanlega sem kostur er á, svo að samþykki ráðuneytisins geti komið til áður en hún lætur fjárhagsáætlun hafnarinnar frá sér fara.

15. gr.

Komi það í ljós, þegar fram á árið líður, að óumflýjanlegt sé að sinna einhverjum aðgerðum utan áætlunarinnar, eða fara fram úr áætluðum fjárhæðum, ber hafnarnefnd að tilkynna það sveitarstjórn í tæka tíð. Fallist hún á tillögur hafnarnefndar, skal þegar leitað samþykkis ráðuneytisins til þess að víkja megi frá áætluninni. Fyrr má ekki framkvæma verkið né stofna til tekjuhallans.

16. gr.

Við lok hvers reikningsárs, og ekki síðar en fyrir febrúarlok, skal hafnarnefnd gera reikning yfir tekjur og gjöld hafnarinnar á hinu liðna ári og efnahagsreikning hennar. Reikningana skal endurskoða og úrskurða á sama hátt og reikninga sveitarinnar.

17. gr.

Að öðru leyti skal ákveða með reglugerð, er hafnarnefnd semur og ráðuneytið staðfestir, allt það, er lýtur að greiðri og hættulausri umferð um höfnina, góðri reglu og öðru höfninni viðkomandi, er við þykir eiga. Í reglugerðinni má ákveða sektir fyrir brot gegn henni, 20—1000 krónur. Sektir samkvæmt lögum þessum renna í hafnarsjóð.

18. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Á fyrra þingi 1937 báru flutningsmenn þessa frumvarps fram í neðri deild tillögu til þingsályktunar um „að fela ríkisstjórninni að láta á næsta sumri rannsaka möguleika til hafnarbóta á Raufarhöfn og gera áætlun um kostnað við þær". Var tillagan flutt með sérstöku tilliti til síldveiðiflotans og óska, sem uppi hafa verið um aukningu síldariðnaðar á Raufarhöfn. Náði hún samþykki deildarinnar á sama þingi.

Á síðastl. sumri lét vitamálaskrifstofan svo framkvæma rannsókn þá, er farið var fram á í tillögunni. Hefir vitamálaskrifstofan nú lokið bráðabirgðaáætlun um kostnað við hafnarbæturnar. Að hennar áliti eru skilyrði til framkvæmda á þessum stað sérstaklega hagstæð, miðað við þá aðstöðu, sem þær myndu veita.

Aðalverkið er fólgið í dýpkun og þar með stækkun hafnarinnar. En áætlanirnar, sem fyrir liggja, eru þrjár, og kostnaður talsvert mismunandi, eftir því hversu víðtæk dýpkun yrði framkvæmd og hvað byggt yrði af mannvirkjum við hafnarbakka.

Frumvarpið er í aðalatriðum samið af hreppsnefnd Presthólahrepps og flutt eftir beiðni hennar. En tölur viðvíkjandi kostnaði við hafnarbæturnar eru miðaðar við þá áætlun vitamálaskrifstofunnar, sem gerir ráð fyrir fullri framkvæmd verksins. Hinsvegar mun mega bæta höfnina mjög mikið fyrir helming eða jafnvel þriðjung þeirrar upphæðar.

Nd. 44. Frumvarp til laga

um skatt- og útsvarsgreiðslu útlendinga o. fl.

Flm.: Jakob Möller, Sigurður Kristjánsson, Héðinn Valdimarsson, Jóhann G. Möller.

1. gr.

Gagnvart útlendingum, sem landvistar- og atvinnuleyfi hafa um takmarkaðan tíma, eða þeim mönnum, er ástæða er til að ætla, að dvelji hér aðeins takmarkaðan tíma eða eru á förum af landi burt, án þess þó að ákvæði 29. gr. 2. tölul. laga um útsvör, nr. 106 1936, nái til þeirra, en hafa fasta atvinnu, skal haga innheimtu tekjuskatts til ríkis og útsvars til bæjar- eða sveitarfélaga svo sem segir í lögum þessum.

2. gr.

Sé dvöl aðilja hér á landi svo löng, að hún skapi honum útsvars- eða skattskyldu, ber kaupgreiðandi hans fulla ábyrgð á greiðslu þessara gjalda, svo sem um hans eiginn skatt eða útsvar væri að ræða (sbr. þó 4. og 7. gr.).

Gagnvart þeim aðiljum, sem ekki hafa takmarkað dvalar- eða atvinnuleyfi, kem-

ur þó ábyrgð kaupgreiðanda því aðeins til greina, að innheimtumenn skatts eða útsvars tilkynni honum, að hann verði gerður ábyrgur.

3. gr.

Til tryggingar ábyrgð þeirri, er í 2. gr. getur, skal kaupgreiðanda heimilt að halda eftir af kaupi útsvars- eða skattgreiðanda, frá því að útsvars- eða skattskylda skapast, allt að 20% af launum, ef um einhleypan mann er að ræða, en allt að 15%, ef fjölskyldumaður á í hlut.

4. gr.

Nú þykir sýnt, að minna nægir en í 3. gr. er ákveðið, til að fullnægja skatt- og útsvarsgreiðslum gjaldanda. Getur þá gjaldandi snúið sér til hlutaðeigandi niðurjöfnunarnefndar og skattanefndar (skattstjóra) og farið fram á, að þær geri tillögur um, hve miklu skuli haldið eftir af kaupi hans til að standast téðar greiðslur ákveðið útsvars- og skattár. Þegar þessir aðiljar hafa gert sínar tillögur, fellur niður ábyrgð kaupgreiðanda á þeim skatt- og útsvarsgreiðslum, sem umfram kunna að vera þá upphæð, sem haldið er eftir samkv. tillögunum, enda hafi kaupgreiðandi skýrt rétt frá málavöxtum.

5. gr.

Jafnskjótt og skattur og útsvar gjaldanda hafa verið ákveðin, skal kaupgreiðanda skylt að endurgreiða gjaldanda það, sem of mikið kynni að hafa verið haldið eftir af kaupi skatt-(útsvars)ársins.

6. gr.

Kaupupphæð þá, sem kaupgreiðandi heldur eftir af kaupi gjaldanda, skal honum skylt að ávaxta með venjulegum bankainnlánsvöxtum, þar til greiðslur hafa farið fram í ríkis- og bæjar- eða sveitarsjóð eða endurgreiðslur til gjaldanda sjálfs.

7. gr.

Nú nægir upphæð sú, sem heimilt er samkvæmt lögum þessum að halda eftir af kaupi gjaldanda, ekki til þess að ljúka skatt- og útsvarsgreiðslum einhvers gjaldanda, og ber þá kaupgreiðandi einnig ábyrgð á þeirri upphæð, sem á vantar, sbr. þó niðurlag 4. gr. Þessi ábyrgð fellur þó burtu, ef kaupgreiðandi tilkynnir innheimtumönnum ríkis og hlutaðeigandi bæjar- eða sveitarfélags brottför gjaldanda svo fljótt sem auðið er, og eigi seinna en 2½ mánuði áður en hana ber að höndum.

8. gr.

Að öðru leyti gilda ákvæði laga um tekjuskatt og eignarskatt og laga um útsvör, eftir því sem á við.

9. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Það eru talsverð brögð að því, a. m. k. í Reykjavík, að útlendingar, sem dvelja hér við atvinnu, komast hjá skatt- og útsvarsgreiðslum samkvæmt gildandi lögum um þessi efni. Fer það oft mjög eftir því, hvenær árs gjaldandi hverfur héðan.

Ef svo er, að gjaldandinn fer héðan af landi burt áður en útsvars- eða skattálagningu er lokið, og reyndar ef hann fer áður en útsvar eða skattur fellur í gjalddaga, reynist ókleift að innheimta gjöldin, enda þótt enginn vafi geti leikið á um gjaldskylduna.

Með frv. er ætlazt til, að skattheimtumönnum ríkissjóðs og sveitarfélaga verði gert nokkuð hægara um vik að innheimta persónulega skatta hjá þeim gjaldendum, er frv. nær til. Flm. er ljóst, að ákvæði frv. eru engan veginn tæmandi. En þar sem

ætla má, að á lögum um útsvör verði gerðar gagngerðar breytingar áður en mörg ár líða — en það er einkum vegna útsvarsinnheimtu, að frv. er flutt —, þykir flm. rétt að reyna nokkuð þá aðferð, sem frv. gerir ráð fyrir, og má síðan, er ný útsvarslög verða sett, hafa nokkra hliðsjón af reynslu, er fæst af frv., ef það verður að lögum.

Nd. 45. Frumvarp til laga

um héraðsþing.

Flm.: Vilmundur Jónsson, Bjarni Ásgeirsson, Gísli Sveinsson, Gísli Guðmundsson, Jón Pálmason, Thor Thors, Stefán Stefánsson, Ásgeir Ásgeirsson.

1. gr.

Heimilt skal samkvæmt lögum þessum að koma á fót héraðsþingum, er njóta sérstakra réttinda. En héraðsþing eru fulltrúafundir kjördæmis utan kaupstaðanna, er kýs þingmann eða þingmenn til Alþingis.

2. gr.

Tilgangur héraðsþinga er að ræða og gera samþykktir um héraðsmál og önnur þjóðmál til undirbúnings meðferð þeirra á Alþingi, svo og að hlýða á og ræða skýrslur þingmanns eða þingmanna viðkomandi kjördæmis um meðferð og úrslit mála á Alþingi.

3. gr.

Réttindi héraðsþinga eru þau, að samþykktir, er þau gera og senda Alþingi eða ríkisstjórn, séu teknar til sérstakrar athugunar. Skulu allar slíkar samþykktir, er Alþingi berast, jafnóðum flokkaðar eftir efni og fengnar hlutaðeigandi þingnefndum til meðferðar.

4. gr.

Til héraðsþings skulu kosnir fulltrúar, 2—4 úr hverjum hreppi kjördæmisins, eftir fólksfjölda.

5. gr.

Fulltrúar til héraðsþings skulu kosnir að tilhlutun stjórnmálaflokka þeirra, er fram komu við síðustu alþingiskosningar, og í hlutfalli við atkvæðamagn þeirra í kjördæminu við þær kosningar (sbr. 7. gr.).

6. gr.

Til þess að greiða fyrir undirbúningi til héraðsþinga er rétt, að stjórnmálaflokkar landsins eigi umboðsmann í hreppum kjördæmisins, er miðstjórn flokksins viðurkennir.

7. gr.

Milli héraðsþinga starfar þriggja manna nefnd í kjördæminu, kosin með hlutfallskosningum á síðast háðu héraðsþingi.

Eftir alþingiskosningar í kjördæminu reiknar yfirkjörstjórn út, hvað hverjum stjórnmálaflokki beri margir fulltrúar samkvæmt 5. gr. og í samræmi við ákvæði kosningalaga um það, hvernig flokknum teljist atkvæði, og tilkynnir það nefnd þessari. Nefndin ákveður síðan í samráði við umboðsmenn flokkanna, hversu marga fulltrúa flokkur má kjósa í hverjum hreppi kjördæmisins, og skal þess gætt, eftir því sem unnt er, að hver flokkur fái rétt til að kjósa fulltrúa í sem flestum hreppum og, ef um fáa fulltrúa flokks er að ræða, að þeir séu kosnir í þeim hreppum, þar sem ætla má, að sá flokkur eigi mest fylgi.

Áður en héraðsþingi hefir verið komið á í kjördæmi samkvæmt lögum þessum, skal starfsnefnd þessi kosin af hlutaðeigandi sýslunefnd.

8. gr.

Nefnd sú, er um getur í 7. gr., auglýsir í blöðum eða á annan hátt, hversu margir fulltrúar komi á hvern stjórnmálaflokk samkv. 5. gr. og hvar þeir skuli kosnir samkv. 7. gr.

9. gr.

Nú á stjórnmálaflokkur rétt á að kjósa í hreppi fulltrúa samkv. 5. gr., og boðar þá umboðsmaður flokksins í tæka tíð fyrir hvert héraðsþing flokksfund innan hreppsins, og kýs sá flokksfundur fulltrúa þá, sem flokknum ber úr þeim hreppi.

Kjörgengir til fulltrúa á héraðsþing eru kjósendur í kjördæminu.

Varafulltrúa er heimilt að kjósa.

Umboðsmaður gefur fulltrúum kjörbréf, undirritað af 2 viðstöddum fundarmönnum.

10. gr.

Hreppsnefnd í þeim hreppi, þar sem héraðsþing er háð, sér fyrir ókeypis húsnæði til fundarhalda.

11. gr.

Hvert héraðsþing ákveður, hvar og hvenær næsta héraðsþing komi saman, en halda má þau til skiptis í hreppum kjördæmisins.

Viðkomandi sýslunefnd ákveður þetta um hið fyrsta héraðsþing kjördæmis, sem komið verður á samkvæmt lögum þessum.

12. gr.

Þingsköp héraðsþinga skulu sniðin eftir þingsköpum Alþingis, eftir því sem við getur átt og auðvelt er að koma við. Um atkvæðagreiðslur á héraðsþingum skulu gilda sömu reglur og á Alþingi.

Þingmaður eða þingmenn kjördæmis hafa málfrelsi og tillögurétt á héraðsþingi kjördæmis síns, en ekki atkvæðisrétt, nema þeir séu jafnframt fulltrúar.

13. gr.

Nú er héraðsþing ekki fullskipað fulltrúum samkvæmt ákvæðum laga þessara, annaðhvort af því, að kosning hefir að einhverju leyti farizt fyrir, eða kjörnir fulltrúar hafa ekki sótt þingið, og skal þess þá getið, hvers vant er, í gögnum, er fylgja samþykktum héraðsþingsins til Alþingis.

14. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta á fyrstu rætur að rekja til ályktunar, er gerð var á þing- og héraðsmálafundi að Ögri í Norður-Ísafjarðarsýslu veturinn 1934 og samþykkt þar með atkvæðum allra fulltrúa, er fundinn sátu, án tillits til flokkaskiptingar.

Ályktunin var svo hljóðandi:

> Fundurinn skorar á næsta Alþingi að lögfesta skipun héraðsþinga þannig, að þau verði jafnan skipuð í sem fyllstu samræmi við kjörfylgi stjórnmálaflokkanna í héraðinu á hverjum tíma, og séu héraðsþingum, skipuðum eftir þeim reglum, veitt þau forréttindi fram yfir aðra þingmálafundi, að stjórn og þing taki tillögur þeirra til sérstakrar athugunar.

Frv. þetta varðar þó á engan hátt Norður-Ísafjarðarsýslu sérstaklega, og jafnvel síður en önnur kjördæmi, því að hún hefir komið þeirri skipun á mál það, er

frv. ræðir um, sem að vísu þarfnast verulegra umbóta, en tekur þó langt fram því skipulagsleysi, sem í öðrum kjördæmum flestum er látið viðgangast.

Málið varðar öll kjördæmi í landinu utan kaupstaðanna, en einkum hin afskekktari og strjálbýlli, sem ná yfir stór svæði og klofin eru sundur í byggðarlög við mismunandi skilyrði og eiga þar af leiðandi margvíslegra og ólíkra hagsmuna að gæta. Í samræmi við þetta er það, að frv. er flutt af þingmönnum allra flokka á Alþingi, þeirra, er sér telja fulltrúa úr kjördæmum þeim, er frv. varðar.

Hér fer á eftir rökstuðningur aðalflm. fyrir þörf slíkra héraðsþinga, sem frv. ræðir um, jafnframt því sem gerð er grein fyrir því, hvernig þeim megi haga, þannig, að þau svari sem bezt tilgangi sínum, en það er á þann hátt, er frv. gerir ráð fyrir:

Af öllum ómerkilegum fundum, sem á þessu landi eru haldnir, munu svokallaðir þingmálafundir hafa á sér mesta fyrirlitningu og vera fyrirlitningarinnar maklegastir. Til þingmálafunda er boðað reglulaust með stuttum fyrirvara, oft á hinum fráleitustu tímum og jafnvel á ólíklegustu stöðum. Ræður hending ein um aðsóknina, sem aldrei er nema hrafl eitt af kjósendum. Dettur engum óbrjáluðum manni í hug, að þingmálafundur, sem þannig er boðaður og sóttur, geti á réttan hátt lýst afstöðu kjósenda á því svæði, sem hann á þó að heita að ná til.

Hér við bætist oft hin fráleitasta meðferð mála á þessum þingmálafundum. Þeim er ætlað að gína yfir svo mörgu, að engin leið er að gera því nokkur skil á stund úr degi, og jafnvel ekki þó að beitt væri hinum hagkvæmustu vinnubrögðum. En því er sjaldnast til að dreifa. Mál eru tekin til meðferðar meira eða minna af handahófi, og er ekki ótítt, að meiri hluti fundartímans eyðist í hin ómerkilegustu mál, ef ekki í hið heimskulegasta þvarg og þýðingarlausasta karp um persónuleg efni. Oft fá kjósendur á fundarsvæðinu lítið eða ekkert tækifæri til að láta til sín heyra á fundinum fyrir bægslagangi aðkomumanna, enda eins oft ekki ætlað að taka annan þátt í fundarstörfunum en að vera þolinmóðir áheyrendur og þægt atkvæðafé. Í fundarlok, þegar jafnvel mikill meiri hluti fundarmanna er vikinn af fundi, er loks hespaður af, umræðulaus og athuganalítið, fjöldi samþykkta um hin mikilvægustu mál. Hver úrslitin verða, fer eftir því, hverjir kjósendur hafa í það skiptið verið þaulsætnastir og umborið bezt þá lítilsvirðingu, sem þeim hefir verið sýnd.

Á síðustu tímum virðist jafnvel leikur gerður til þess að snúa öllu þingmálafundahaldi upp í vísvitandi skrípalæti og afkáraskap. Verður þingmálafundaherferðum hinna síðustu ára helzt líkt við hinn svonefnda guerillahernað. Flokki manna lýstur niður, að því er kalla má að óvörum, á einhverjum stað til þingmálafundarhalds. Öllum ráðum er beitt til þess, að sá, er fyrir fundinum gengst, eigi þar öruggan meiri hluta, og þá að jafnaði mest til unnið, ef vitað er, að sá meiri hluti á sér enga stoð í flokksafstöðu á fundarsvæðinu. Á þennan hátt fást traustsyfirlýsingar á stjórnir þaðan, sem allir vita, að þær eiga minnst traustið, og vantraustsyfirlýsingar þaðan, sem það er öruggast. Meðan einn flokkurinn vinnur þvílíkan „sigur“ á einum stað, vinnur andstöðuflokkurinn tilsvarandi sigur á öðrum. Og þannig heldur herferðinni áfram, stundum í grænum spretti.

Mun þetta heyra undir þann póst í hinni alþýðlegu guðfræði, er maður nam í æsku og hljóðaði um að „skemmta skrattanum“. Svo mikið er víst, að engin lifandi manneskja virðist taka á þessu hið minnsta mark. Jafnvel blöðunum tekst ekki að leyna því, þrátt fyrir sínar breiðu fyrirsagnir, að þau hafa meiri og minni skömm á þessum þingmálafundafregnum, og ekki einu sinni gaman að þeim.

Nú er það höfuðtilgangur þingmálafunda, að undirbúa mál fyrir Alþingi og hafa áhrif á afgreiðslu þeirra þar. En það vita allir, sem á Alþingi eru kunnugir, að þingmálafundarsamþykktir eru þar einna minnst virtar allra skjala. Kemur varla fyrir, að á þær sé litið, og verður ekki séð, að þær eigi þangað, að öllu óbreyttu, nokkurt erindi.

Hinir sérstöku þingmálafundir, sem tíðkazt hafa, er þingmenn boða til að segja kjósendum sínum þingfréttir, leiðarþingin, eru litlu betur komin en aðrir þingmálafundir. Víðast hvar eru leiðarþingin með öllu dottin úr sögunni, en þar, sem einhver viðleitni er við að halda þau og mest þörfin er á þeim, en það er í hinum afskekktari kjördæmum, er engin fær leið fyrir þingmenn að ná til nema örfárra kjósenda, svo að einnig leiðarþingin eru yfirleitt réttnefnd skrípamynd af því, sem þeim er ætlað að vera. En til þessa nauðaómerkilega sambands við kjósendur sína þurfa þingmenn hinna afskekktu og strjálbýlu kjördæma að verja óhæfilegum tíma og takmarkalausri fyrirhöfn, auk mikilla fjárútláta, svo að flestum er ofvaxið að rísa undir.

Nú er það þó svo, að allt þetta þingmálafundarbasl á rót sína að rekja til ákveðinnar þarfar, sem krefst fullnægingar. Víst þurfa kjósendur að fylgjast sem bezt með í þjóðmálum. Og ekki er lítið undir því komið, að þingmenn hinna einstöku kjördæma standi í sem nánustu, lifandi sambandi við kjósendur sína og þeir við þá. Fleiri og fleiri héraðsmálum er skotið til aðgerða Alþingis. Hvar á að undirbúa þau, og hvar á þingmaðurinn, sem eins oft er utanhéraðsmaður, að kynnast hinum ýmsu héraðsmálum, sem honum verða fengin til flutnings á Alþingi? Er oft allmiklum erfiðleikum bundið fyrir hann að meta kröfurnar réttilega, einkum ef þær eru fleiri en sjáanlega er unnt að sinna, eða rísa hver gegn annari, sem einnig getur komið fyrir. Og hvar og hvernig eiga þingmenn að skýra kjósendum sínum frá störfum Alþingis og standa þeim reikningsskap ráðsmennsku sinnar?

Ísfirðingar hafa með þing- og héraðsmálafundum sínum vísað hér á leið, er ég ætla, að horfi til réttrar áttar. Þessir fundir, sem haldnir hafa verið í Vestur-Ísafjarðarsýslu síðan, að ég ætla, fyrir aldamót, en einnig um allmörg ár í Norður-Ísafjarðarsýslu, eru skipaðir kjörnum fulltrúum úr öllum hreppum hlutaðeigandi kjördæmis. Þeir eru árlega haldnir, tíðast til skiptis í hreppunum, og standa í nokkra daga og jafnvel upp í viku. Þingmaður kjördæmisins situr að jafnaði fundina.

Þeir fara skipulega fram, og er fundarstörfum hagað með nokkurri hliðsjón af því, sem tíðkað er á Alþingi. Fastar nefndir eru settar, sem málum er vísað til eftir efni. Nefndarálit eru samin, hvert mál rætt að jafnaði tvisvar og samþykktir síðan gerðar. Þingmaðurinn fær tækifæri til að segja frá gangi mála á Alþingi og skýra afstöðu sína til þeirra, og fulltrúarnir á sama hátt tækifæri til að finna að gerðum hans og framkomu. Einkum eru héraðsmálin rækilega rædd, þingmanninum til mikillar leiðbeiningar og góðs undirbúnings undir væntanlegan flutning þeirra á Alþingi. Er hér unnt að koma við ólíkum vinnubrögðum þeim, sem tíðkast á hinum venjulegu þingmálafundum.

Fyrir unga menn, sem sækja fundi þessa sem fulltrúar eða áheyrendur, geta þeir orðið sannkölluð námskeið í þjóðmálum og fundastörfum. Hér geta ungir menn frá hinum afskekktustu stöðum, sem sýnt er um að reka opinber erindi og ná því að verða kosnir fulltrúar, vakið á sér hina fyrstu athygli sér til frama og öðrum — hver veit hvað mörgum — síðar til fulltingis.

Áhrif þessara funda ná mjög víða um kjördæmið. Þeir eru haldnir í heyranda hljóði, og eru oft mjög margir áheyrendur samtals alla dag-

ana, jafnvel svo, að furðu getur vakið, þegar þeir eru háðir í afskekktum, fámennum og strjálbyggðum hreppum. Fulltrúarnir dreifast síðan heim í hvern hrepp og segja fréttirnar, enda er það tíðkað af sumum, að halda til þess sérstaka fundi, er heim kemur. Það hjálpar og til, ef sífellt er skipt um fundarstað. Fundir þessir geta því í raun og veru haft miklu almennara gildi, þó að fulltrúafundir séu, en hinir svokölluðu „almennu" þingmálafundir, sem áður hefir verið lýst.

Augljós galli á þing- og héraðsmálafundum Ísfirðinga er það, að engin viðleitni hefir verið höfð við að skipa þá fulltrúum að réttum lýðræðisreglum.

Að vísu heitir svo, að fulltrúarnir séu kosnir á almennum hreppsfundum. En þeir hreppsfundir eru eins og gengur mjög misjafnlega og stundum afarilla sóttir. Fulltrúarnir eru tíðast kosnir í heyranda hljóði eftir uppástungum, oft með tilliti til þess, hver helzt á heimangengt, eða hver helzt ber sig eftir því að fara, eða hefð er komin á að fari, eða hefir ráð á að fara — og er augljóst, hver áhrif slíkt hefir á skipun fundanna. Þá senda hinir fámennustu hreppar jafnmarga fulltrúa og hinir fjölmennustu. Auk þess er það ekki dæmalaust, í Norður-Ísafjarðarsýslu að minnsta kosti, að smávægilegum brellum sé beitt við kosningarnar, svo sem með því að leggja áherzlu á það á hreppsfundunum, að kosning fulltrúanna eigi umfram allt að vera ópólitísk, og þykir slíku ekki sízt beitt til framdráttar þeim, sem pólitískastir eru, þegar á fundina er komið. Það mun og hafa komið fyrir, að ekki hefir verið látið hátt um það, að kjósa ætti fulltrúa á hreppsfundi, sem boðaðir hafa verið, eða að sætt hefir verið færi, þegar slíkur fundur hefir þótt heppilega skipaður til slíkra kosninga. En í landi, þar sem öll pólitísk starfsemi er bundin við flokka, er það nánast hlægilegt — að svo miklu leyti sem tráss við heilbrigða skynsemi getur nokkurn tíma verið hlægilegt — að halda fundi í umboði alþingiskjósenda til að ræða og gera samþykktir um pólitísk mál, ef fundirnir eru skipaðir fulltrúum án tillits til flokksafstöðu þeirra. Í Norður-Ísafjarðarsýslu hefir nú verið ákveðið, að fulltrúar til þing- og héraðsmálafunda verði kosnir hlutfallskosningum á almennum hreppsfundum, sem er spor í áttina, þó að ekki sé fullnægjandi.

Ef unnt væri að breyta skipulagi slíkra þing- og héraðsmálafunda þannig, að þar sætu jafnan fulltrúar í sem fyllstu samræmi við afstöðu stjórnmálaflokkanna í kjördæminu, ætla ég, að þeir mættu verða til mikillar fyrirmyndar.

Það mætti í fljótu bragði virðast fullkomnust tilhögun, að kjósa árlega til þing- og héraðsmálafunda eða héraðsþinga, sem ég vil kalla, jafnalmennum og tryggum leynilegum kosningum og þegar kosið er til Alþingis. En slíkt er óframkvæmanlegt vegna fyrirhafnar og kostnaðar, enda vafasöm þátttaka í slíkum kosningum og því hæpið, að þær gætu nokkurn tíma sýnt sömu afstöðu, sem kjördæmið hefir til skipunar Alþingis, sem helzt ætti þó að vera, þar sem héraðsþingi er einkum ætlað að vera milliliður milli kjósenda kjördæmisins og Alþingis.

Ég hefi því numið staðar við það, að eftir atvikum sé það lýðræðislega réttast, jafnframt því sem það er auðveldast í framkvæmd, að láta hverjar alþingiskosningar í kjördæminu ráða skipun héraðsþings kjördæmisins, að því leyti hvernig það verði skipað með tilliti til flokka kjörtímabilið út. En um fulltrúana sé engu að síður kosið árlega. Og að ósekju við lýðræðið má ívilna hinum afskekktu byggðum og strjálbýlinu, með því að heimila þeim að senda jafnmarga fulltrúa á héraðsþing og hinum fjölmennari.

Það mun verða fundið að þessari skipun héraðsþinga, að breytt afstaða kjördæmis til flokka á kjörtímabilinu nái ekki að sýna sig á héraðsþinginu. Ég þekki því miður enga leið til að fá slíkt leitt í ljós aðra en nýjar alþingiskosningar. Síðustu alþingiskosningar ráða jafnan skipun Alþingis og stjórn landsins, hver straumhvörf, sem orðið hafa síðan þær fóru fram, og í samræmi við það er það rökrétt eftir eðli og tilgangi héraðsþinganna, að hið sama gildi um þau. Hverskonar svokallaðar prófanir á kjörfylgi flokkanna, með almennum þingmálafundahöldum eða öðru, eru auk þess jafnheimilar eftir sem áður, og eru héraðsþingin þar enginn þröskuldur í vegi, nema síður sé. Almennan þingmálafund getur t. d. verið tilvalið að halda að loknu hverju héraðsþingi, á þeim stað, þar sem það hefir verið háð, eða í öðrum hreppum, þegar fulltrúarnir koma heim.

Ég ætla jafnvel, að það geti verið hollt fyrir vinnubrögð héraðsþinganna, að engin keppni eða reipdráttur sé um pólitískt fylgi á fundunum, en við það látið sitja, sem um það hefir orðið kunnugt við hinar síðustu alþingiskosningar, og beðið hinna næstu. Þingmaðurinn eða þingmennirnir, sem kosningu hafa náð, sitja hvort sem er út kjörtímabilið, og hvað sem flokksafstöðunni líður, leitast þeir við, hver eftir sinni getu, að vera fulltrúar kjördæmisins í heild og reka erindi þess á Alþingi. Það, sem ætti sér þá stað við hverjar alþingiskosningar í kjördæmum, þar sem héraðsþing hafa verið skipulögð, er það, að ekki eru eingöngu kosnir þingmenn, heldur jafnframt skipuð ráð þeim til handa í hverju kjördæmi, er séu sem nákvæmastur spegill af flokksafstöðunni við kosningarnar á hverjum stað, en umfram allt til að vera þingmönnunum til fulltingis og ráðuneytis um þau mál, er varða hvert kjördæmi sérstaklega, svo og til að hafa meðalgöngu milli Alþingis og kjósenda hvers kjördæmis, sem annars er svo erfitt að ná til í heild.

Ætla má, að héraðsþing, skipuð á þennan hátt, horfi til þeirrar siðbótar og menningarauka í landinu, að hinu opinbera sé skylt að hlynna að einhverju leyti að þeim fram yfir annarskonar þingmálafundi, og í því skyni er frv. þetta samið í því formi, sem það er, og komið á framfæri.

Gert er ráð fyrir, að frv. sé svo ljóst og hver einstök grein þess svo auðskilin, að ekki sé þörf á að skýra það ýtarlegar. Þó þykir rétt að vekja enn betur athygli á því, að ekki er farið fram á að skylda nokkurt kjördæmi til að halda héraðsþing, heldur hitt, að héraðsþingum, sem á verður komið af frjálsum vilja, séu veitt nokkur réttindi fram yfir aðra þingmálafundi, er séu í því fólgin, að tillögum frá þeim sé meiri sómi sýndur á Alþingi, og þá að því tilskildu, að þau séu skipulögð þannig, að fullt mark sé á þeim takandi, en það má því aðeins verða, að til þeirra séu kosnir fulltrúar að réttum lýðræðisreglum.

Ed. 46. Frumvarp til laga

um uppeldisheimili fyrir vangæf börn og unglinga.

Flm.: Guðrún Lárusdóttir.

1. gr.

Vangæf börn og unglingar eru í lögum þessum talin drengir og stúlkur, sem eru svo siðferðislega vanþroska, að þau brjóta hegningarlögin, sýna vítaverða ósiðsemi eða eru svo ódæl heima fyrir, að aðstandendur og kennarar ráða ekki við þau.

2. gr.

Stofna skal uppeldisheimili fyrir vangæf börn og unglinga, annað fyrir drengi og hitt fyrir stúlkur. Skal drengjaheimilið taka til starfa fyrir árslok 1939, en stúlknaheimilið ekki síðar en árið 1940.

3. gr.

Ríkið starfrækir heimili þessi á sinn kostnað, eftir reglugerð, er kennslumálaráðherra setur í samráði við barnaverndarráð og fræðslumálastjóra. Í reglugerðinni má ákveða, að framfærandi barns, sem er til þess efnalega fært, að dómi hlutaðeigandi framfærslunefndar eða sveitarstjórnar, greiði með því á heimilið. Meðgjöfin sé miðuð við meðalmeðgjöf í framfærsluhéraði barnsins.

4. gr.

Uppeldisheimili þessi skulu geta tekið, hvort um sig, 25—30 börn og unglinga, til 18 ára aldurs, sem barnaverndarnefndir eða lögreglustjórar ráðstafa þangað. Verði aðsókn meiri en húsrúm leyfir, ganga börn innan 15 ára aldurs fyrir þeim eldri, og þau börn látin sitja í fyrirrúmi, sem fátækust eru eða erfiðust þykja heima fyrir.

5. gr.

Kennslumálaráðherra ákveður, í samráði við barnaverndarráð, hvar þessar stofnanir verða, en þó skulu þær vera í sveit, þar sem er nægilegt landrými til búskapar, svo að börnin og unglingarnir geti vanizt algengri sveitavinnu.

Greinargerð.

Í þriðja sinn flyt ég nú þetta frumvarp, í því trausti, að Alþingi daufheyrist ekki lengur við öðru eins nauðsynjamáli.

Í greinargerð og framsögu þeirra frumvarpa, er ég áður flutti um þetta efni, hefi ég fært næg rök að því, að allir þeir, sem kunnugastir eru þessum málum hérlendis, svo sem barnaverndarnefndir, barnaverndarráð og lögreglustjórar, eru sammála um, að brýn þörf sé á að stofna slík heimili tafarlaust; þá hefi ég einnig bent á, hvað vér stöndum langt að baki nágrannaþjóða í þessum efnum. Tel ég því óþarft að rita langa greinargerð í þetta sinn.

Þó verður ekki hjá því komizt að minna á, að þjóðinni verður fulldýrt hvert árið, sem framkvæmdir dragast í þessu efni.

Í Reykjavík hefir t. d. tala afbrotabarna því sem næst tvöfaldazt á liðnu ári. Árið 1936 voru þau 88, en 1937 172, og afbrot þeirra talin í skýrslu barnaverndarnefndar 526 alls, en eru í rauninni miklu fleiri, þar sem margendurtekið „hnupl“ frá sama manni og langvarandi lauslæti sama barns eru hvert um sig talið „eitt afbrot“, eins og skýrsla nefndarinnar greinir frá. Þar segir meðal annars:

„Sum kynferðismálin hjá stúlkunum hafa verið alvarlegs eðlis, þ. e. um langvarandi og rótgróið ósiðlæti hefir verið að ræða, og er því ekki síður ástæða til að koma þeim burt úr bænum en drengjum þeim, sem sekir hafa gerzt um marga þjófnaði.“

Sumir halda, að það sé alltaf hægt að koma afbrotabörnum eða vangefnum börnum kaupstaða á sveitaheimili, og margir óttast of mikinn tilkostnað við sérstök uppeldisheimili. Um hið fyrrgreinda má lengi deila, og er það þó í raun réttri til þess eins að tefja málið, því að það er vafalaust rétt, er segir í fyrrnefndri skýrslu barnaverndarnefndar Reykjavíkur: „Er alveg ógerningur að finna nógu mörg góð sveitaheimili, sem vilja taka afbrota- og vandræðabörn til langdvalar, og vöntun á uppeldisheimili fyrir þau er mjög tilfinnanleg.“

Ráðunautur barnaverndarnefndar Reykjavíkur, dr. Símon Ágústsson, hefir skrifað formönnum skólanefnda í flestum sveitum og beðið þá að útvega heimili, er tekið gætu afbrotabörn, en svörin hafa flest verið neitandi, og þó stöku heimili hafi tekið

afbrotadrengi, þá hafa þau fljótlega skilað þeim aftur, og árangurinn ekki annað en kostnaður og fyrirhöfn nefndarinnar og óhollur flækingur fyrir drengina.

Hvað kostnaðinn snertir, þá fer hann að sjálfsögðu nokkuð eftir því, hvað hyggilega er farið af stað. Ef keypt væri vel hýst jörð og ekki tekin fleiri börn í fyrstu en þar kæmust vel fyrir, þá þyrfti ekki að greiða fyrsta árið í stofnkostnað meira en um 20—25 þús. kr., því væntanlega mundi bankalán hvíla á slíkri jörð, sem greiða mætti á mörgum árum.

Rekstrarkostnaður færi mjög eftir því, hvernig búskapurinn gengi. Hann þarf að vera sem margbreyttastur, svo börnin gætu lært alla almenna sveitavinnu.

Eðlilegast væri, að minni skoðun, að ríkissjóður greiddi allan rekstrarkostnaðinn, eins og venja er um hliðstæðar stofnanir erlendis. En til þess að greiða fyrir framgangi málsins, er gert ráð fyrir í 3. gr. frv., að framfærendur greiði talsvert upp í dvalarkostnaðinn.

Annars verður þjóðin og fulltrúar hennar að gera sér ljóst, að það eru sízt minni ástæður til að gera róttækar ráðstafanir, þegar næm afbrotahneigð hertekur börn og unglinga, heldur en þegar næm pest kemur í kvikfénað landsmanna. Og eins og nú er komið, er það ekkert annað en ógæfusamlegt fyrirhyggjuleysi að láta reka á reiðanum, unz þessi afbrotafaraldur elur af sér harðsnúinn glæpamannaflokk.

Komandi kynslóð verður ekki þakklát þeim, sem ekkert hirða um, þótt æskan gangi á afbrotabraut í hundraðatali, og vilji ekki reyna þau endurbótaráð, sem öðrum þjóðum gefast vel.

Nd. 47. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 69 31. des. 1937, um tekjur bæjar- og sveitarfélaga og eftirlit með fjárstjórn bæjar- og sveitarstjórna.

Flm.: Sigurður E. Hlíðar, Steingr. Steinþórsson, Stefán Stefánsson.

1. gr.

Aftan við 1. málsgr. 4. gr. laganna komi:

Á sama hátt eru undanþegnar skatti þessum jarðræktartilraunastöðvar þær, sem reknar eru með opinberum styrk og undir opinberu eftirliti.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Með bréfi hins háa atvinnu- og samgöngumálaráðuneytis, dags. 1. marz þ. á., er úr því skorið, að undanþáguheimildin í 4. gr. l. nr. 69 31. des. 1937, um tekjur bæjar- og sveitarfélaga og eftirlit með fjárstjórn bæjar- og sveitarstjórna, nái ekki til jarðræktartilraunastöðva, sem ekki eru eign bæjar- og sveitarsjóða.

Nú er sjálfsagt flestum kunnugt, að jarðræktartilraunastöðvar, sem starfræktar eru með þjóð vorri, svo sem tilraunastöðin á Sámsstöðum og tilraunastöð Ræktunarfélags Norðurlands á Akureyri, hafa yfir mjög takmörkuðu fé að ráða, en hinsvegar um mjög svo merkilega og nauðsynlega starfsemi að ræða í almennings þágu. Það virðist því engin sanngirni mæla með því, að einmitt slíkri starfsemi skuli íþyngt með skattaálagningu þeirri, er í 1. gr. téðra laga getur.

Af þessum ástæðum er frumvarp þetta fram komið.

Nánar í framsögu.

Nd. **48. Breytingartillögur**

við frv. til l. um breyt. á vegalögum, nr. 101 19. júní 1933.

I. Frá *Jörundi Brynjólfssyni* og *Bjarna Bjarnasyni.*
Framan við frvgr. bætist nýr rómv. liður (og breytist liðatala frv. samkvæmt því):
Tölul. V. í l. nr. 72 23. júní 1936 skal orða svo:
Gnúpverjavegur: Frá vegamótum Skeiðavegar sunnan Laxár um brú á Kálfá og norðan Skaftholtsmúla og Ása, um Hamarsheiði, neðan við Fossnesgljúfur um brúarstæði á Hamrinum upp Þjórsárdal að Ásólfsstöðum.

II. Frá *Sveinbirni Högnasyni* og *Helga Jónassyni*
Framan við frvgr. kemur nýr rómv. liður.
Á eftir A. 10. í 2. gr. laga nr. 101 19. júní 1933 bætast nýir liðir:
a. *Ásvegur:* Frá vegamótum Suðurlandsbrautar um Ás og Háfshverfi að fyrirhuguðu brúarstæði á Hólsá.
b. *Fljótsvegur:* Frá Hemlu um Akurey að Bergþórshvoli.
c. *Miðeyjarvegur:* Frá vegamótum Suðurlandsbrautar vestan Ála, um Miðey, Lágafell, Skíðbakka að Affalli ofan Úlfsstaðahverfis.

III. Frá *Gísla Sveinssyni* og *Emil Jónssyni.*
Framan við frvgr. kemur nýr rómv. liður:
Á eftir A. 11. í 2. gr. laga nr. 101 19. júní 1933 bætist nýr liður:
Dyrhólaeyjarvegur: Frá Litla-Hvammi í Mýrdal (af Suðurlandsvegi) um Loftsali að Dyrhólaeyjarvita.

IV. Frá *Ólafi Thors* og *Bergi Jónssyni.*
Framan við frvgr. kemur nýr rómv. liður:
Á eftir A. 13. í 2. gr. laga nr. 101 19. júní 1933 bætast nýir liðir:
a. *Grindavíkurvegur:* Af Reykjanesbraut á Vogastapa til Grindavíkur.
b. *Hafnavegur:* Af Reykjanesbraut hjá Njarðvíkum í Hafnir.
c. *Stafnesvegur:* Frá Sandgerði að Stafnesi.
d. *Vitavegur:* Af Sandgerðisvegi að Garðskagavita.

V. Frá *Jörundi Brynjólfssyni* og *Bjarna Bjarnasyni.*
Í stað „2. gr. laganna" í upphafi frvgr. kemur: 2. gr. l. nr. 101 19. júní 1933.

VI. Frá *Thor Thors.*
Aftan við frvgr. bætist nýr rómv. liður:
Á eftir XI. b. í lögum nr. 72 23. júní 1936 bætast nýir liðir:
a. *Eyrarsveitarvegur:* Frá Stykkishólmsvegi um Helgafellssveit til Eyrarsveitar.
b. *Hnappadalsvegur:* Frá Stykkishólmsvegi um Hnappadal og Heydal að Bílduhóli á Skógarströnd.

VII. Frá *Þorsteini Briem.*
Aftan við frvgr. bætast nýir rómv. liðir:
a. Á eftir B. 8. í 2. gr. laga nr. 101 19. júní 1933 komi nýr liður:
Haukadalsvegur: Frá Haukadalsárbrú á Vesturlandsvegi um Stóra-Vatnshorn að Krossi í Haukadal.
b. Tölulið XII. í lögum nr. 72 23. júní 1936 skal orða svo:
Skarðsstrandarvegur: Frá Vesturlandsvegi hjá Ásgarði um Staðarfell, Skarð og Tjaldanes á Vesturlandsveg í Saurbæ.

VIII. Frá *Bergi Jónssyni.*
Aftan við frvgr. bætast nýir rómv. liðir:
1. Aftan við XIV. b. í lögum nr. 72 23. júní 1936 bætist: og þaðan eftir póstleiðinni á þjóðveginn austan Þorskafjarðar.
2. Á eftir XIV. c. í sömu lögum bætast nýir liðir:
a. *Ketildalavegur:* Frá Bíldudal að Selárdal.

b. *Suðurfjarðavegur:* Frá Bíldudal um Dufansdal að Fossi.
c. *Tálknafjarðarvegur:* Af þjóðveginum við Gileyri að Bakka í Tálknafirði.

IX. Frá *Ásgeiri Ásgeirssyni.*
Aftan við frvgr. bætist nýr rómv. liður:
Á eftir XV. c. í lögum nr. 72 23. júní 1936 bætast nýir liðir:
a. *Hvammsvegur:* Frá Þingeyri í Hvamm.
b. *Höfðavegur:* Frá Gemlufalli að Höfða.
c. *Ingjaldssandsvegur:* Frá Hjarðardal um Valþjófsdal yfir Klúku að Sæbóli á Ingjaldssandi.
d. *Flateyrarvegur:* Frá Breiðadal til Flateyrar.

X. Frá *Jóni Pálmasyni, Pálma Hannessyni* og *Steingrimi Steinþórssyni.*
Aftan við frvgr. bætist nýr rómv. liður:
Á eftir C. 7. í 2. gr. laga nr. 101 19. júní 1933 bætist nýr liður:
Kolugafjallsvegur: Frá Skagastrandarvegi um Norðurárdal til Sauðárkróks.

XI. Frá *Pálma Hannessyni* og *Steingrimi Steinþórssyni.*
Aftan við frvgr. bætist nýr rómv. liður:
Tölul. C. 9. í 2. gr. laga nr. 101 19. júní 1933 skal orða svo:
Sauðárkróksvegur: Frá Sauðárkróki um Varmahlíð að vegamótum Kjalvegar hjá Mælifelli.

XII. Frá *Steingrimi Steinþórssyni* og *Pálma Hannessyni.*
Aftan við frvgr. bætist nýr nómv. liður:
Á eftir C. 10. í 2. gr. l. nr. 101 19. júní 1933 bætist nýr liður:
Hólavegur: Frá Hofsósvegi að Hólum í Hjaltadal.

XIII. Frá *Stefáni Stefánssyni* og *Garðari Þorsteinssyni.*
Aftan við frvgr. bætist nýr rómv. liður:
Tölul. C. 12. í 2. gr. l. nr. 101 19. júní 1933 skal orða svo:
Dalvíkurvegur: Frá Dalvík um brú á Svarfaðardalsá hjá Árgerði um Árskógsströnd, ásamt brautinni að Litla-Árskógssandi, og um Arnarneshrepp, ásamt brautinni til Hjalteyrar, um brú á Hörgá hjá Möðruvöllum að vegamótum Norðurlandsvegar á Moldhaugahálsi.

XIV. Frá *Jörundi Brynjólfssyni* og *Bjarna Bjarnasyni.*
Við fyrirsögn frv. bætist: og lögum nr. 72 23. júní 1936.

Ed. 49. Frumvarp til laga

um framlenging á gildi laga um verðtoll og bráðabirgðaverðtoll.

(Eftir 2. umr. í Ed.).

1. gr.

Lög nr. 47 15. júní 1926, um verðtoll af nokkrum vörum, lög nr. 5 3. apríl 1928, um breyting á þeim lögum, með þeim breytingum, sem leiðir af lögum nr. 11 2. júní 1933, um bráðabirgðaverðtoll, lögum nr. 132 31. des. 1935 og lögum nr. 6 6. jan. 1938, um breyting á þeim lögum, svo og lög nr. 11 2. júní 1933, lög nr. 132 31. des. 1935 og lög nr. 6 6. jan. 1938, skulu gilda til ársloka 1939.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Sþ. 50. Tillaga til þingsályktunar

um skipun nefndar til að athuga ráðstafanir út af yfirvofandi kreppu og stríði.

Frá Einari Olgeirssyni, Brynjólfi Bjarnasyni og Ísleifi Högnasyni.

Sameinað Alþingi ályktar, að kosin skuli 5 manna nefnd, og eigi hver þingflokkur einn fulltrúa í henni. Verkefni nefndarinnar sé að athuga, í samráði við ríkisstjórnina, í höfuðatriðum, hvaða ráðstafanir sé hægt að gera nú og á næstunni af hendi hins opinbera til að mæta þeirri nýju kreppu, sem er að hefjast, og til að tryggja afkomu þjóðarinnar, ef nýtt heimsstríð skyldi brjótast út. Leggi nefndin álit sitt fyrir þingið áður en fjárlög verði afgreidd.

Nefndin vinni kauplaust.

Greinargerð.

Það dylst engum, sem fylgist með í atvinnuþróuninni erlendis og innanlands, að ný heimskreppa er að hefjast, og fyrir alþýðu manna, sem enn líður undir hinum geigvænlegu áhrifum síðustu heimskreppu á afkomu Íslendinga, er því sjálfsagt, að þegar verði hafizt handa til að gera þær ráðstafanir, sem færar þykja til að draga úr áhrifum kreppunnar. Sama máli gegnir um útlitið nú fyrir heimsstyrjöld, enda vitanlegt, að Norðurlandaþjóðirnar eru þegar farnar að athuga, á hvern hátt þær verði bezt við afleiðingum styrjaldar búnar.

Við álítum því nauðsynlegt, að þetta Alþingi athugi nú þegar, áður en síðasta hönd er lögð á fjárlög fyrir árið 1939, hvað helzt sé hægt að gera og að hve miklu leyti sé hægt að ná samkomulagi allra þingflokka í þessu nauðsynjamáli. — Nánar í framsögu.

Ed. 51. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 46 13. júní 1937, um samvinnufélög.

Flm.: Einar Árnason.

1. gr.

Fyrsta málsgr. 19. gr. laganna orðist þannig:

Á fundum í félagi, sem er óskipt heild, hafa allir félagsmenn atkvæðisrétt. En í félagi, sem skiptist í deildir, hafa fulltrúar deildanna einir atkvæðisrétt. Hve marga fulltrúa hver félagsdeild má senda á fund með fullu umboði, fer eftir tölu félagsmanna í deildinni, svo sem samþykktir félagsins nánar ákveða. Heimilt er þó að ákveða, að fulltrúatalan fari jafnframt eftir heildarvöruskiptum deildanna við félagið.

2. gr.

Fyrri málsgr. 31. gr. laganna orðist þannig:

Æðsta vald í sambandsmálum er í höndum fulltrúafunda. Fulltrúar eru kosnir af félögum þeim, sem eru í sambandinu, og fer tala þeirra, er hvert félag má senda á sambandsfund, eftir tölu félagsmanna, eða eftir viðskiptum félagsins við sambandið og tölu félagsmanna, svo sem samþykktir sambandsins nánar ákveða.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Samkvæmt núgildandi samvinnulögum miðast fulltrúatala, sem hvert sambandsfélag má senda á sambandsfund, við tölu félagsmanna. En það er eðlilegt, að einnig megi taka tillit til viðskipta félagsins við sambandið, og þannig er það í flestum nágrannalöndum vorum. Er þá einnig rétt, að félögum, sem skiptast í deildir, sé gefin samskonar heimild til að miða tölu deildarfulltrúa á félagsfund bæði við félagsmannatölu í deildinni og viðskipti deildarmanna við félagið.

Frumvarpið er flutt samkvæmt ósk Sambands ísl. samvinnufélaga.

Nd. 52. Breytingartillaga

við frv. til l. um breyt. á vegalögum, nr. 101 19. júní 1933.

Frá Vilmundi Jónssyni.

Aftan við frvgr. bætist nýr rómv. liður:

Á eftir XVII. b. í lögum nr. 72 23. júní 1936 bætast nýir liðir:

a. *Súðavíkurvegur:* Frá Kirkjubóli í Skutulsfirði um Arnardal til Súðavíkur.
b. *Skorarheiðarvegur:* Frá Hrafnfjarðareyri í Jökulfjörðum til Furufjarðar á Ströndum.
c. *Látravegur:* Frá Hekleyri um Hesteyri að Látrum í Aðalvík.

Nd. 53. Nefndarálit

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 28 13. jan. 1938 [Lax- og silungsveiði].

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin leggur til, að frv. verði samþykkt.

Alþingi, 3. marz 1938.

Bjarni Ásgeirsson, form.	Pétur Ottesen, frsm.	Steingr. Steinþórsson, fundaskr.
Jón Pálmason.	Emil Jónsson.	

Nd. 54. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 71 28. nóv. 1919, um laun embættismanna.

Flm.: Vilmundur Jónsson.

1. gr.

Aftan við 2. málsgr. 12. gr. laganna komi ný málsgr., svo hljóðandi:

Við veitingu læknishéraða, sem í eru færri en eitt þúsund íbúar aðrir en þeir, sem eiga jafnframt rétt til læknisvitjunar í önnur héruð, er ráðherra heimilt að ákveða, að launin skuli þegar frá upphafi greiðast með fullri aldursuppbót.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

Greinargerð.

Það verður sífellt torveldara að fá héraðslækna í hin afskekktustu og fámennustu héruð, og er nú ekki útlit fyrir annað en að sum þeirra fáist alls ekki skipuð. Tilgangur þessa frv. er að gera þessi læknishéruð eftirsóknarverðari, ef unnt væri.

Ed. 55. Fyrirspurn

til ríkisstjórnarinnar um aukið sjúkrahúsrúm fyrir geðveika menn.

Frá Guðrúnu Lárusdóttur.

Hefir ríkisstjórnin látið fara fram athugun samkvæmt þingsályktun frá síðasta þingi um aukið sjúkrahúsrúm fyrir geðveika menn?

Nd. 56. Breytingartillaga

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 71 28. nóv. 1919, um laun embættismanna.

Flm.: Gísli Sveinsson, Þorsteinn Briem, Sveinbjörn Högnason.

Á eftir 1. gr. frv. komi ný gr., sem verður 2. gr., svo hljóðandi:
Á eftir 2. málsgr. 22. gr. sömu laga komi ný málsgr. svo hljóðandi:
Við veitingu prestakalla utan kaupstaðanna er ráðherra heimilt að ákveða, að launin skuli þegar frá upphafi greiðast með fullri aldursuppbót.

Sþ. 57. Tillaga til þingsályktunar

um skipun milliþinganefndar til þess að endurskoða tolla- og skattalöggjöf landsins.

Flm.: Skúli Guðmundsson, Bernh. Stefánsson, Finnur Jónsson, Erlendur Þorsteinsson, Sveinbjörn Högnason.

Sameinað Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að skipa þriggja manna milliþinganefnd samkvæmt tilnefningu frá þremur stærstu flokkum þingsins, til þess að endurskoða tolla- og skattalöggjöf landsins, þar á meðal öll lagaákvæði og fyrirmæli um skatt- og tollinnheimtu og tollgæzlu.
Fjármálaráðherra velur formann nefndarinnar.
Kostnaður við störf nefndarinnar greiðist úr ríkissjóði.

Greinargerð.

Þingsályktunartillaga þessi er fram borin samkvæmt ósk fjármálaráðherra, og fylgdu henni svo hljóðandi athugasemdir:

„Undanfarinn hálfan annan áratug hafa orðið miklar breytingar á öllu viðskiptalífi þjóðarinnar, sem hafa haft mjög mikil áhrif á toll- og skatttekjur ríkissjóðs. Á sama tíma hefir tekjuþörf ríkissjóðs aukizt vegna margháttaðra verkefna í þágu almennings, sem ríkissjóði er nú ætlað að leysa, en áður voru talin honum óviðkomandi. Þessar ástæður hafa skapað brýna þörf fyrir breytingar á skatta- og

tollalöggjöf þjóðarinnar. Hefir það þá mjög verið tíðkað að álíta þær breytingar, sem gerðar hafa verið, til bráðabirgða einungis og eftir því vonazt, að breytt viðhorf, t. d. batnandi fjárhagsástand almennt, mundi gera kleift að fella ákvæði þessi úr gildi. Stundum hefir svo farið, en oftast eigi. Hafa þá ýmist komið ný verkefni, sem ríkissjóður hefir þurft að sinna, eða þróun viðskiptanna gengið áfram í þá átt að draga úr eldri tolla- eða skatttekjum. Af þessum ástæðum er skatta- en þó einkum tollalöggjöfin orðin svo flókin og erfið í framkvæmd, að eigi er við slíkt unandi til frambúðar; ennfremur er hvergi nærri nægileg trygging fyrir því, að aðflutningsgjöld komi réttlátlega niður, miðað við núverandi ástand, þegar svo langt er um liðið síðan flokkun vara í tollflokka hefir farið fram.

Á síðari árum hefir vaxið upp verulegur iðnaður hér í landinu. Árið 1935 var að vísu gerð nokkur endurskoðun á tollalöggjöf með tilliti til iðnaðar, en hvorttveggja er, að sú endurskoðun gat eigi orðið mjög ýtarleg og að síðar hefir töluverður iðnaður vaxið upp. Er það því hin mesta nauðsyn, að gaumgæfilega sé athuguð sú hlið þessara mála, sem að iðnaðinum snýr, með það fyrir augum, að tollalöggjöfin sé iðnaðinum hagstæð á eðlilegan hátt, en gefi hinsvegar ekki iðnaðarfyrirtækjum aðstöðu til þess að verðleggja vöru sína óhóflega í skjóli aðflutningsgjalda.

Iðnaður sá, sem hér hefir upp komið síðustu árin, hefir stórlega rýrt tolltekjur ríkissjóðs. Sumt af þeim varningi, sem framleiddur er nú innanlands, er þess eðlis, að eigi væri síður ástæða til þess, að af honum væri greiddur tollur, en af ýmsum þeim vörum, sem innfluttar eru. Þarf því vel að athuga, hvort ekki væri ástæða til þess að leggja framleiðslutoll á sumar þessar vörur.

Fyrir nokkrum árum síðan var engin tollgæzla hér við land nema í Rvík. Undanfarin ár hefir þetta verið að breytast og tollgæzlu verið komið á fót umhverfis landið, eftir því sem við hefir orðið komið og kleift hefir þótt fyrir kostnaðarsakir. Ennþá er þessum málum þó ábótavant og þörf fastara heildarskipulags en ennþá er orðið. Ennfremur þarf að taka til athugunar möguleikana fyrir skipulögðu samstarfi tollgæzlunnar og annara þeirra, sem eftirlitsstarf vinna fyrir hið opinbera, t. d. landhelgisgæzlunnar. Má það líklegt telja, að með öruggri skipun á yfirstjórn tollgæzlumála fyrir landið í heild sinni og náinni samvinnu við aðrar stofnanir, sem eftirlitsstörf vinna fyrir ríkið, mætti bæta tolleftirlit án verulega aukins kostnaðar.

Þau fáu aðalatriði, sem nú hafa verið nefnd, sýna það glögglega, að það er hin mesta nauðsyn að skipa nú nefnd til þess að endurskoða gildandi lög og fyrirmæli í þessum efnum og gera tillögur um frambúðarlausn þeirra. Slík endurskoðun getur ekki orðið framkvæmd að neinu gagni nema í milliþinganefnd, sem þá jafnframt er að sjálfsögðu gert ráð fyrir, að hljóti að fá þá aðstoð, sem nauðsynleg kann að verða að dómi nefndarinnar og fjármálaráðuneytisins.

Nánar mun verða vikið að ástæðum fyrir tillögu þessari í umræðum, ef tilefni gefst til.

Nd. 58. Nefndarálit

um frv. til laga um Raufarhafnarlæknishérað.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndinni hefir komið saman um að leggja til, að frv. verði afgreitt með svo látandi

RÖKSTUDDRI DAGSKRÁ:

Með tilvísun til þess, að í núgildandi fjárlögum og í fjárlagafrv. því, sem nú liggur fyrir Alþingi, er ætlaður sérstakur styrkur til þess að launa lækni á Raufar-

höfn um síldveiðitímann, og þar sem ætla má, að með áframhaldandi fjárveitingu í þessu skyni sé fengin viðunandi bráðabirgðalausn þessa máls, telur deildin ekki ástæðu til að afgreiða frv. til lagasetningar og tekur fyrir næsta mál á dagskrá.

Einn nefndarmanna, Gísli Guðmundsson, telur þessa afgreiðslu málsins ekki fullnægjandi og mun gera grein fyrir því í umræðum.

Alþingi, 3. marz 1938.

Sveinbjörn Högnason, form. Vilm. Jónsson, frsm., fundaskr. Garðar Þorsteinsson.
Thor Thors. Gísli Guðmundsson.

Nd. 59. Frumvarp til laga

um fasteignasölu.

Frá allsherjarnefnd.

1. gr.

Engum er heimilt að annast um kaup og sölu fasteigna fyrir aðra, eða kalla sig fasteignasala, nema hann hafi fengið til þess leyfi samkvæmt lögum þessum.

2. gr.

Hver maður, karl eða kona, getur fengið leyfi til þess að annast sölu fasteigna, ef hann:

1. Hefir íslenzkan ríkisborgararétt.
2. Er heimilisfastur á Íslandi.
3. Er fjárráður.
4. Hefir forræði á búi sínu.
5. Hefir ekki verið dæmdur fyrir verknað, sem svívirðilegur er að almenningsáliti.
6. Sannar, að hann hafi staðizt próf samkvæmt ákvæðum, er atvinnumálaráðuneytið setur með reglugerð. Lögfræðingar eru þó undanþegnir slíku prófi.

3. gr.

Þeir, sem fengið hafa leyfi til fasteignasölu samkvæmt 2. gr., skulu hafa opna skrifstofu á þeim stað, er leyfið er veitt. Tilkynna skal flutning úr lögsagnarumdæminu til þess lögreglustjóra, er veitt hefir leyfið.

4. gr.

Í hvert skipti, sem fasteignasali tekur fasteign í umboðssölu, eða aðstoðar að öðru leyti við kaup og sölu fasteignar, skal hann til upplýsingar aðiljum gera nákvæmt yfirlit yfir tekjur og gjöld fasteignarinnar, veðskuldir, er á henni hvíla, o. s. frv. Skal yfirlit þetta vera sem nákvæmast, þannig, að það ásamt skoðun á eigninni sé tryggur grundvöllur fyrir mati á verðmæti eignarinnar.

5. gr.

Fasteignasala er sjálfum óheimilt að ganga inn í samning um kaup á fasteign, sem honum hefir verið falin í umboðssölu, nema hann hafi lýst því yfir áður en hann tók eignina til sölu, að hann sé persónulegur kaupandi hennar.

Ennfremur skal fasteignasali tilkynna aðiljum, hafi hann nokkurra annara hagsmuna að gæta en að því er snertir sjálf sölulaunin.

6. gr.

Fasteignasala er óheimilt að taka hærri þóknun en sanngjarnt má teljast með tilliti til þeirrar vinnu, sem í té er látin.

Fyrir aðstoð við kaup og sölu má þóknun frá kaupanda og seljanda samanlagt ekki fara fram úr 2% af kaupverði eignarinnar. Fasteignasala er þó heimilt að áskilja sér minnst 150 krónur fyrir aðstoð við sölu fasteignar. Ennfremur getur fasteignasali áskilið sér aukalega greiðslu fyrir útlagðan auglýsingarkostnað, enda hafi eignin verið auglýst eftir sérstakri beiðni eiganda.

7. gr.

Fasteignasala er óheimilt að skýra frá því, er honum er trúað fyrir í starfi sínu.

8. gr.

Hverju sinni er fasteignasali gengur frá kaupsamningi, afsali eða skuldabréfi með veði í fasteign, er honum skylt að senda hlutaðeigandi héraðsdómara tilkynningu um löggerninga þessa. Skal í tilkynningu taka fram um nafn kaupanda og seljanda og upphæð kaupverðs eða skuldar, ef um veðbréf er að ræða, svo og útgáfudag bréfanna.

9. gr.

Lögreglustjóri, þar sem aðili ætlar að reka fasteignasölu, lætur leyfisbréf af hendi. Fyrir leyfið greiðast 300 krónur í viðkomandi bæjar- eða sveitarsjóð.

Leyfi til fasteignasölu er bundið við nafn og veitir leyfishafa rétt til þess að kalla sig fasteignasala. Þó er ekkju heimilt að halda áfram fasteignasölu látins manns síns, jafnvel þótt hún fullnægi ekki skilyrðum þessara laga, en hafa skal hún þá forstöðumann, er fullnægi skilyrðum 2. gr.

10. gr.

Fasteignasali fyrirgerir leyfi sínu, ef hann missir einhver þeirra skilyrða, er í 1.—5. tölulið 2. gr. segir.

Geri fasteignasali sig sekan í einhverjum þeim verknaði, að varhugavert megi teljast, að hann haldi áfram starfi sínu sem fasteignasali, þá má, jafnframt refsingu, svipta hann leyfisbréfi í lengri eða skemmri tíma, eða fyrir fullt og allt.

11. gr.

Brot gegn 1. gr. varða sektum frá 300—5000 krónum, sem renna að hálfu í viðkomandi bæjar- eða sveitarsjóð og að hálfu í ríkissjóð.

Sömu refsingu skal sá sæta, er annast sölu fasteignar eftir að hann hefir verið sviptur leyfi sínu, eða misst það á annan hátt.

12. gr.

Verði fasteignasali sekur gegn öðrum ákvæðum þessara laga, skal hann, nema þyngri hegning liggi við að lögum, sæta sektum frá 100—2000 krónum.

13. gr.

Hæstaréttar- og héraðsdómsmálaflutningsmenn þurfa ekki leyfi til þess að annast fasteignasölu samkvæmt lögum þessum.

14. gr.

Þeim, er stundað hafa fasteignasölu 5 síðustu árin áður en lög þessi öðlast gildi og auglýst opna skrifstofu, getur atvinnumálaráðherra leyft að halda áfram starfi sínu, uppfylli þeir ákvæði 1.—5. mgr. 2. gr. og sanni auk þess með vottorðum tveggja manna, og sé að minnsta kosti annar þeirra lögfræðingur, að þeir séu færir um að annast fasteignasölu.

15. gr.

Mál út af brotum á lögum þessum skulu sæta meðferð almennra lögreglumála.

16. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1939.

Greinargerð.

Frv. þetta er flutt að beiðni hv. atvinnumálaráðherra, og fylgdu því eftirfarandi athugasemdir:

Í íslenzkum lögum eru engin ákvæði, er setji mönnum ákveðin skilyrði fyrir því, að mega annast um sölu fasteigna fyrir aðra. Eins og nú standa sakir, er hverjum manni því heimilt að gera sér fasteignasölu að atvinnu, án þess að krafizt sé til þess nokkurs leyfis eða þekkingar. Hinsvegar eru samningar um kaup og sölu fasteigna, með tilliti til hinna miklu verðmæta, sem hér er um að ræða, einir hinir þýðingarmestu, sem gerðir eru manna á milli hér á landi, og virðist því full ástæða fyrir löggjafann að láta sig það nokkru skipta, hverjir geri sér atvinnu að því að gæta hagsmuna manna við þessa löggerninga. Reynslan hefir líka sýnt það, að full þörf er á lagasetningu á þessu sviði. Hafa orðið nokkur brögð að því, einkum hin síðari ár, að fasteignasalar hafa notað sér vanþekkingu aðilja við húsakaup til þess að hagnast á því sjálfir, eða aðstoðað annan aðilja á kostnað hins. Eru jafnvel dæmi til þess, að sæmilega efnaðir menn hafi misst aleigu sína fyrir tilstilli hinna svokölluðu fasteignasala. Er þó venjulega svo frá samningum gengið, að eigi er mögulegt að rifta þeim, né heldur láta menn þessa sæta nokkurri ábyrgð að lögum. Hafa menn annarsstaðar fyrir löngu fundið þörf fyrir lagasetningu á þessu sviði viðskiptanna og hafa víða verið sett lög varðandi þetta efni.

Er frumvarp þetta að nokkru sniðið eftir dönskum lagaákvæðum, og skal hér á eftir farið inn á efni helztu ákvæða þess.

Um 1.—2. gr.

Eins og greinin ber með sér, er hér gert ráð fyrir því, að til þess að mega taka að sér fasteignasölu fyrir aðra, eða kalla sig fasteignasala, þurfi menn sérstakt leyfi lögreglustjóra. Eru skilyrðin fyrir leyfisveitingu talin upp í 2. gr. frumvarpsins, og eru þau að mestu samsvarandi skilyrðunum fyrir leyfi til verzlunarrekstrar. Auk þess er hér gert ráð fyrir því, að leyfisumsækjandi, sé hann ekki lögfræðingur, hafi lokið prófi samkv. ákvæðum, er atvinnumálaráðherra setur með reglugerð. Þykir rétt, að fasteignasalar öðlist nokkra þekkingu á helztu réttarreglum og lagaákvæðum, er þýðingu hafa við kaup og sölu fasteigna, og er ákvæði þetta í samræmi við dönsk lagafyrirmæli.

Um 3. gr.

Ákvæði þetta er sett til þess að tryggja það, að þeir, er falið hafa fasteignasala fasteign til sölu, eigi jafnan greiðan aðgang að umboðsmanni sínum, ef á þarf að halda. Er ætlazt til, að lögreglustjóri haldi skrá yfir heimilisfang skrifstofa, eða fylgist með því á annan hátt.

Um 4. gr.

Þarfnast eigi skýringa.

Um 5. gr.

Með ákvæði þessu er reynt að koma í veg fyrir það, að fasteignasali geti sjálfur gengið inn í kaup á fasteign, sem honum hefir verið falin í umboðssölu. Þar sem sami fasteignasali er venjulega meðráðamaður beggja aðilja, kaupanda og seljanda, getur verið hætta á því, að fasteignasali gefi rangar eða villandi upplýsingar

í því skyni að hagnast á því sjálfur. Sé hinsvegar fasteignasala gert að skyldu að tilkynna strax aðiljum, ef hann er sjálfur kaupandi, er meiri ástæða fyrir aðilja að fara gætilega og tryggja sér aðstoð annara en fasteignasala sjálfs.

Um 6. gr.

Hér er hámark sölulauna fastákveðið 2% af kaupverði fasteignarinnar. Er þetta í samræmi við taxta Málflutningsmannafélags Íslands og núgildandi venju hér á landi, sem eigi þykir ástæða til að breyta.

Um 7. gr.

Þarfnast eigi skýringa.

Um 8. gr.

Á síðari árum hefir sú venja færzt mjög í aukana, einkum í Reykjavík, að gengið hefir verið frá kaupsamningum um fasteign, en afsal eignarinnar ákveðið mörgum mánuðum síðar. Hefir samningum þessum eigi verið þinglýst, en tíminn til afsalsdags notaður til þess að ná í nýjan kaupanda að eigninni fyrir hærra verð en selt var. Takist þetta, er venjan sú, að fyrri seljandi er fenginn til þess að gefa afsal beint til síðari kaupanda, en hinn eldri samningur eyðilagður. Á þennan hátt hefir ríkissjóður verið sviptur réttmætum tekjum fyrir þinglesturinn, en síðari seljandi hirt mismuninn á söluverði eignarinnar. Þykir rétt, að komið verði í veg fyrir þetta á þann hátt, er greinin ákveður.

Um 9. gr.

Þar sem gera má ráð fyrir því, að fasteignasala geti verið arðvænlegur atvinnuvegur, þykir rétt, að samsvarandi ákvæði gildi um heimild ekkju til þess að halda rekstrinum áfram og sett eru í lögum nr. 52/1925, um verzlunaratvinnu. Greinin þarfnast að öðru leyti ekki frekari skýringar.

Um 10.—13. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 14. gr.

Með tilliti til þess fjölda manna, er á síðari árum hafa gert sér fasteignasölu að atvinnu, þykir ekki rétt að svipta þá rétti til þess að halda starfi sínu áfram. Hinsvegar má telja varhugavert, að þeim sé veittur ótakmarkaður réttur til áframhaldandi starfsemi, og er hér lagt í vald atvinnumálaráðherra að veita þeim leyfi samkvæmt skilyrðum þeim, er greinin setur.

Nd. 60. Nefndarálit

um frv. til l. um heimild fyrir ríkisstjórnina til að innheimta ýms gjöld 1939 með viðauka.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin leggur til, að frv. verði samþykkt. Fundaskrifari nefndarinnar, Finnur Jónsson, var fjarverandi vegna lasleika.

Alþingi, 4. marz 1938.

Skúli Guðmundsson, form., frsm. Ólafur Thors. Sveinbjörn Högnason.

Stefán Stefánsson.

Ed. 61. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 17 3. október 1903, um aðra skipun á æðstu umboðsstjórn Íslands.

Flm.: Jónas Jónsson, Sigurjón Á. Ólafsson, Jóhann Jósefsson.

1. gr.

Skrifstofustjórar í stjórnarráði Íslands skulu vera fjórir.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Störf við afgreiðslur utanríkismála í stjórnarráði Íslands hafa mjög aukizt á hinum síðari árum, þannig að í stað þess, að fyrst í stað var að þeim unnið sem einskonar aukastörfum af einkaritara forsætisráðherra, útheimta þau nú starfskrafta og starfsskilyrði á við aðrar deildir stjórnarráðsins. Mun þegar hafa verið ákveðið, að skrifstofa utanríkismálanna fái aukin húsakynni, svo sem nauðsyn krefur, en flutningsmenn telja og rétt, að ekki verði lengur dregið, að skipaður verði skrifstofustjóri fyrir skrifstofu utanríkismála, enda er þeim og kunnugt um, að ríkstjórn og utanríkismálanefnd eru því samþykk.

Í lögunum, sem vísað er til í upphafi lagafrumvarpsins, er tala skrifstofustjóra stjórnarráðsins hinsvegar einskorðuð við þrjá, og þarf því lagabreytingu, eins og í frumvarpinu felst, til þess að skrifstofustjóri geti orðið skipaður fyrir utanríkismáladeild stjórnarráðsins.

Sþ. 62. Tillaga til þingsályktunar

um afnotagjald útvarpsnotenda.

Flm.: Þorsteinn Þorsteinsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að gera ráðstafanir til þess, að árlegt afnotagjald þeirra útvarpsnotenda, sem ekki hafa straumtæki, verði lækkað niður í 20 krónur og lækkun þessi verði látin ná til afnotagjalda fyrir árið 1938.

Greinargerð.

Samhljóða till. þeirri, sem hér er flutt, var borin fram á fyrra þingi 1937 af mér og hv. 1. þm. Rang., sem þá var (JÓl), en náði þá ekki afgreiðslu. Hafa tvisvar áður verið bornar fram þáltill. um lækkun afnotagjalds þeirra útvarpsnotenda, sem ekki hafa straumtæki, en þær gerðu ráð fyrir meiri lækkun en hér er farið fram á. Báðar þær tillögur dagaði uppi.

Tekjur útvarpsins hafa árlega farið mjög vaxandi, bæði fjölgað mjög útvarpsnotendum — sem nú munu vera á fimmtánda þúsund — og tekjur aukizt mjög af auglýsingum. Samanlagðar tekjur útvarpsins — þar með talinn ágóði af viðtækjaverzlun — eru nú mikið yfir hálfa milljón króna á ári. Virðist því að tekjuafgangur, ekki lítill, gæti orðið af stofnun þessari, ef gætt væri hagsýni og sparnaðar við rekstur hennar.

Það var alls ekki ætlun Alþingis við stofnun útvarpsins, að það skyldi rekið sem tekjustofn ríkissjóðs, en var ætlað alþjóð sem ódýrt fræðslu- og skemmtitæki. Höfðu

útvarpsnotendur fyllstu ástæðu til þess að gera ráð fyrir, að afnotagjöld lækkuðu undir eins og fært þætti, eða þegar rekstur útvarpsins bæri sig, en það er hann nú farinn að gera þrátt fyrir allt.

Ég vil ekki fara fram á meira en 10 króna lækkun afnotagjalds og aðeins láta þá lækkun ná til þeirra, sem langverst eru settir að nota móttökutækin. Mundi breyting sú, sem hér er farið fram á, hafa í för með sér rúmlega 30 þúsund króna tekjumissi fyrir útvarpið, að frádregnum innheimtulaunum þeirrar upphæðar. Hefir allur fjöldi þeirra manna, sem lækkunin nær til, ekki haft í annan tíma þrengra um hendur fjárhagslega en einmitt nú.

Að öðru leyti er vísað til greinargerðar fyrir sömu tillögu, fluttri á fyrra þingi síðastl. árs.

Nd. 63. Frumvarp til laga

um eignar- og notkunarrétt jarðhita.

Flm.: Bjarni Bjarnason, Jörundur Brynjólfsson.

1. gr.

Landareign hverri fylgir réttur til umráða og hagnýtingar á hverum og laugum (jarðhita), sem á henni eru, þó með takmörkunum þeim, sem lög þessi tilgreina.

2. gr.

Óheimilt er landeiganda eða umráðamanni að spilla hverum eða laugum á landi sínu, hvort sem það er með ofaníburði, framræslu eða með öðrum hætti, nema það sé talið nauðsynlegt samkvæmt matsgerð, til varnar því landi eða landsnytjum. Óheimilt er hvera- eða landeiganda með sama hætti að breyta að nokkru leyti farveg þess vatns, er hverinn þeytir frá sér, eða afrennsli laugar, sbr. þó 3. gr.

3. gr.

Landeiganda er rétt að hagnýta sér hveri og laugar eins og honum þykir bezt henta til heimilisþarfa, framleiðslu og iðnaðar, sbr. þó 4. gr.

Hann hefir rétt til að stífla frárennsli úr þeim, hlaða bakka um þau, gera garða um þau, ræsa fram ofanjarðar eða neðan án þess hætta stafi af eða veruleg óþægindi fyrir umferð eða spjöll á eign annars manns, sem ekki er skylt að hlíta samkvæmt sérstakri heimild. Skylt er landeiganda að girða umhverfi hvera og lauga, ef sérstök hætta stafar af.

4. gr.

Nú liggja landamerki um hverasvæði, þannig, að einhver hluti hveragufunnar eða loftsins eða laugavatns liggur svo í landareign tveggja eða fleiri landeigenda, að ekki verður aðskilið, þegar hagnýtt er, og skal þá með mati skorið úr því, hvern hlutfallslegan rétt hver jörð hefir til jarðhitaorkunnar.

Ef landeigendur verða ekki ásáttir að öðru leyti um réttindi til hagnýtingar, skal mat skera úr.

Nú vill annar eða einhver jarðeigandi hagnýta hvera- eða laugaorkuna, sem er sameiginleg, en hinn eða hinir ekki, og getur þá sá, er hagnýta vill, að fengnu leyfi ráðherra, notað alla orkuna kauplaust, en mannvirkjum skal hann haga þannig, ef við verður komið, að sá eða þeir, sem ekki taka þátt í verkinu, megi síðar hagnýta sér þann hluta orkunnar, sem hann eða þeir eiga tilkall til, án þess að breyta þurfi mannvirkjum að mun, og kostnað, sem leiðir af slíkri tilhögun, skal sá eða þeir, er síðar koma til, greiða. Nú hagnýtir sá eða þeir, er ekki tóku þátt í mannvirkjagerð, sér síðar orkuna og nota mannvirkin, og skal hann eða þeir þá taka þátt í stofnkostnaði og

viðhaldi. Framanskráð ákvæði gilda með afbrigðum eftir atvikum, ef nokkrir landeigendur, þegar um fleiri en tvo er að ræða, vilja hagnýta sér orkuna, en hinn eða hinir ekki. Ef ágreiningur rís um atriði þau, er að framan greinir, sker mat úr.

5. gr.

Nú vill jarðareigandi ekki leggja neinn kostnað fram til hagnýtingar hveraorku á jörðinni, og er þá ábúanda heimilt að hagnýta hana á sinn kostnað, þó þannig, að hann spilli ekki jörðu að neinu leyti. Má því ekki byrja á verkinu fyrr en það hefir verið álitið af matsmönnum og þeir talið það réttmætt. Ekki er jarðareigandi skyldur til, þegar svo stendur á sem í grein þessari segir, við brottför landseta að innleysa þau mannvirki, er ábúandi hefir gert til hagnýtingar hveraorku.

6. gr.

Landeigandi má ekki undanskilja landareign sinni jarðhitaréttindi, nema með sérstöku leyfi ráðherra. Um kaup á slíkum réttindum fer sem um landkaup.

Þeim, er jarðhitasvæði eiga eða jörð, þar sem hverir eða laugar eru, skal skylt við sölu slíkra eigna að bjóða ríkissjóði þær til kaups áður en þær eru seldar öðrum.

Landbúnaðarráðuneytið skal innan fjögra vikna frá því, er því barst kauptilboðið, segja til, hvort ríkissjóður vill nota forkaupsrétt sinn. Að öðru leyti fer um sölu slíkra eigna og forkaupsrétt eins og fyrir er mælt í lögum nr. 55 15. júní 1926.

7. gr.

Ríkissjóður á rétt á að taka hveraorku jarðar eignarnámi til almenningsafnota.

Ef héraðsstjórn (kaupstaður, sýsla eða hreppur) telur rétt að taka hveraorku einhverrar jarðar til almennra afnota í héraðinu, og fær til þess samþykki ráðherra, þá hefir hún rétt til að taka orkuna eignarnámi, þó þannig, að jarðareigandi eða umráðamaður hafi eftir nægilega hveraorku til nauðsynja sinna, til eigin heimilis- og búsþarfa, nema hann óski heldur endurgjalds í peningum einnig að því leyti. Um eignarnámið fer að öðru leyti eftir lögum nr. 61 14. nóv. 1917.

8. gr.

Nú er hveraorka talin meiri en svo, að hún nægi jarðareiganda einum og héraðsbúum, eftir að fram hefir farið rannsókn sú, sem rætt er um í 10. gr., og hefir ríkið þá rétt til að taka hverina eignarnámi á sama hátt sem segir í 7. gr.

9. gr.

Þegar búið er að taka hverina eignarnámi, sbr. 7. og 8. gr., eru landeigendur og leiguliðar á því svæði, sem orkan á að koma til afnota, skyldir að þola öll mannvirki, er af notkun leiðir, á löndum sínum og lóðum, svo og láta af hendi land og mannvirki og þola hverskonar afnot af landi, takmarkanir á umráðarétti og óþægindi, sem nauðsynleg eru vegna framkvæmdar verksins, viðhalds þess og starfrækslu, gegn fullu endurgjaldi, sem ákveðið skal með mati, ef samkomulag næst ekki.

10. gr.

Ríkið hefir rétt til að láta rannsaka hveraorku með borun eða á annan hátt, hvar sem er á landi hér. Er landeigandi eða umráðamaður skyldur til að leyfa mönnum þeim, er ríkið gerir út í þeim tilgangi, óhindraðan aðgang að landareigninni. Verði landið fyrir einhverjum skemmdum við rannsóknina, eða bíði landeigandi eitthvert tjón af henni, skal það bætt að fullu eftir mati, náist ekki samkomulag. Enga aðstoð er landeigandi eða umráðamaður skyldur að láta í té við rannsóknina, nema fyrir fulla borgun.

11. gr.

Eigendum eða umráðamönnum jarða, þar sem jarðhiti er, eða jarðhitasvæði eiga, er heimilt að leita aðstoðar ríkisins við rannsókn jarðhitans. Skal ríkið veita

mönnum slíka aðstoð ókeypis, eftir því sem ástæður leyfa og fé er veitt til þess í fjárlögum. Á sama hátt skal ríkið veita mönnum aðstoð um samning kostnaðaráætlunar um notkun jarðhitans.

12. gr.

Um rafmagnsveitur eða rafstöðvar, sem nytja jarðhita, fer að öðru leyti, að því er við getur átt, eftir ákvæðum vatnalaga, nr. 15 frá 1923, um notkun vatnsorku, og eftir ákvæðum laga nr. 83 23. júní 1932, um raforkuvirki. Um hitaveitur fer eftir ákvæðum laga þeirra, er á hverjum tíma gilda um öryggi og eftirlit með verksmiðjum og vélum, en að öðru líkt og um vatnsveitur samkvæmt vatnalögum.

13. gr.

Um matsgerðir þær, er getur í lögum þessum, skal fara eftir ákvæðum vatnalaga, nr. 15 frá 1923.

14. gr.

Ákvæði laga, er koma í bága við lög þessi, eru úr gildi felld.

15. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Á síðastliðnu þingi var í sameinuðu Alþingi samþykkt svo hljóðandi:

„Þingsályktun um rannsókn jarðhitans á Íslandi.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina:

1. Að gera ráðstafanir til þess, að rannsökuð verði stærstu jarðhitasvæðin hér á landi, og þá fyrst þau, sem líklegust eru til að hafa hagnýta þýðingu. Skal leita samvinnu bæjar- og héraðsstjórna á þeim stöðum, þar sem rannsóknirnar eru líklegar til að koma að notum, um fjárframlög til rannsóknanna, en að öðru leyti skulu þær kostaðar af ríkissjóði.
2. Að láta undirbúa fyrir næsta þing frumvarp um eignar- og notkunarrétt jarðhita á svipuðum grundvelli og þeim, sem ákveðinn er í frumvarpi á þskj. 17, er nú liggur fyrir neðri deild Alþingis."

Samkvæmt þingsályktun þessari lét forsætisráðherra athuga frumv. á þskj. 17 frá síðasta þingi. Hafa verið gerðar á frumv. nokkrar minniháttar breytingar. Er frumv. þannig breytt flutt eftir ósk forsætisráðherra. Vísast að öðru leyti til greinargerðar þeirrar, er fylgdi frumv. á þskj. 17 1937

Ed. 64. Fyrirspurn

til atvinnumálaráðherra um skipun formanna sjúkrasamlaga.

Frá Jóhanni Jósefssyni.

Hvernig stendur á því, að atvinnumálaráðherra hefir enn ekki skipað formenn í sjúkrasamlög Vestmannaeyja og Ísafjarðar, enda þótt vitað sé, að hann hefir fyrir löngu fengið tillögur frá tryggingarráði um skipun formanna sjúkrasamlaganna í þessum kaupstöðum, samkvæmt lögum um alþýðutryggingar frá síðasta þingi, og upplýst, að ráðherrann hefir þegar skipað formenn sjúkrasamlaga í öðrum kaupstöðum samkvæmt tillögum tryggingarráðs, eins og lög standa til?

Nd. 65. Breytingartillaga

við frv. til laga um heimild fyrir ríkisstjórnina til að innheimta ýms gjöld 1939 með viðauka.

Frá Einari Olgeirssyni og Ísleifi Högnasyni.

Í 2. málslið 4. gr. bætist inn í á eftir orðunum „innlendum mönnum“ eftirfarandi: svo og skemmtanir þær, er verklýðsfélög gangast fyrir, vera.

Sþ. 66. Tillaga til þingsályktunar

um skipun formanna sjúkrasamlaga.

Flm. Sigurður Kristjánsson.

Alþingi ályktar að fyrirskipa atvinnumálaráðherra að skipa nú þegar formenn sjúkrasamlaga í kaupstöðum landsins samkvæmt þegar gerðum tillögum tryggingarráðs.

Greinargerð.

Í 11. gr. laga nr. 72 31. des. 1937, um breytingar á lögum nr. 26 1. febr. 1936. um alþýðutryggingar, er svo fyrir mælt:

„Í hverjum kaupstað skal starfa sérstakt sjúkrasamlag. Ráðherra skipar formann samlagsins eftir tillögum tryggingarráðs.“ — Tryggingarráð hefir nú tilnefnt formenn sjúkrasamlaganna í öllum kaupstöðum landsins, nema Neskaupstað, en atvinnumálaráðherra hefir ekki enn skipað menn þá, er tryggingarráðið tilnefndi, nema í Reykjavík.

Sþ. 67. Tillaga til þingsályktunar

um rannsókn á riðuveiki í sauðfé.

Flm.: Stefán Stefánsson, Bernharð Stefánsson, Einar Árnason, Garðar Þorsteinsson, Erlendur Þorsteinsson.

Sameinað Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina, að hún láti þegar á þessu ári fara fram nákvæma rannsókn á hinni svokölluðu „riðuveiki“ í sauðfé, er nú geisar í Svarfaðardalshreppi í Eyjafjarðarsýslu.

Allur kostnaður af rannsókninni greiðist úr ríkissjóði.

Greinargerð.

Um allmörg undanfarin ár hefir hin svokallaða „riða“ eða „riðuveiki“ gert meira og minna vart við sig í Svarfaðardal. Þykir eigi ástæða til að fara að lýsa veikinni hér, en geta má þess, að eigi er vitað, að nokkurri kind hafi batnað, er borið hefir glögg einkenni hennar.

Veikin hefir mjög gripið um sig 2 síðastl. ár, þar sem hún á þeim tíma hefir komið upp á 22 nýjum heimilum, en alls munu um 56 fjáreigendur í hreppnum eiga við hana að stríða. 750 fjár hefir fallið af völdum veikinnar s. l. 7 ár, og er þó sú tala eigi talin munu vera tæmandi af þeim, sem kunnugastir eru.

Ýmsir bændur eru þegar nær sauðlausir af völdum veikinnar. Aðrir hafa reynt

að skipta um stofn, en það virðist eigi bjarga. Enginn bóndi telur sig lengur óhultan fyrir þessari plágu.

Nokkrar tilraunir hafa þegar verið gerðar til að rannsaka og lækna veikina, en engan árangur hafa þær borið.

Fyrst eftir að veikin kom upp var leitað til Sig. E. Hlíðar dýralæknis. Mun hann hafa rannsakað veikina og krufið kindur, er fallnar voru úr henni, en eigi fundið nokkuð, er upplýst gæti, hve sjúkdómsorsök væri. Vorið 1935 leituðu Svarfdælir eftir aðstoð Búnaðarfélags Íslands til þess að fá frekari rannsókn á veikinni. Samkvæmt þeirri málaleitun kom próf. Níels Dungal norður sumarið 1935. Hafði hann þar stutta viðdvöl. Samkvæmt ósk hans voru honum sendar 3 veikar ær til rannsóknar haustið 1935 og 2 ær haustið eftir.

Samkvæmt beiðni próf. Lárusar Einarssonar í Árósum voru honum send til rannsóknar ýms líffæri úr tveim sjúkum ám s.l. sumar.

Í s. l. maímánuði skrifaði hreppsnefnd Svarfaðardalshrepps búnaðarmálastjóra og óskaði eftir aðstoð Búnaðarfélags Íslands um, að fram færu frekari rannsóknir á veikinni.

Allt það, er gert hefir verið til að rannsaka veikina eða fá henni aflétt á einhvern hátt, hefir engan árangur borið. Bændur og aðrir fjáreigendur standa því jafnráðalausir og áður fé sínu til varnar.

Þar sem nú veikin, svo sem áður getur, hefir komið upp á 22 nýjum heimilum 2 undanfarin ár, má fyllilega ætla, að hún eigi eftir að magnast frá því sem nú er. Þora nú bændur eigi lengur að setja lömb á vetur til að yngja upp stofninn, og er því augljóst, hvert stefnir um sauðfjárrækt bænda.

Þar sem nú veiki þessi er svo útbreidd sem um getur hér að framan og ætla má, að hún eigi eftir að magnast í framtíðinni, virðist eigi annað fyrir hendi en leita aðstoðar þings og stjórnar um, að rannsókn veikinnar verði tekin föstum tökum, ef gera á tilraun til að koma í veg fyrir, að fjárstofn bænda í Svarfaðardal hrynji niður, og eigi jafnframt að leitast við að fyrirbyggja þá hættu, sem óhjákvæmilega stafar af þessari illkynjuðu fjárpest fyrir nærliggjandi sveitir.

Ed. 68. Frumvarp til laga

um eftirlit með skipum.

Frá sjávarútvegsnefnd.

1. gr.

Skip skal telja óhaffært, ef bol þess, búnaði, vél eða vélartækjum eða skipshöfn er svo áfátt, eða það er svo ofhlaðið mönnum eða munum eða vanhlaðið, eða illa birgt að vistum eða vatni, að kolum eða öðrum vélanauðsynjum, ef það er gufuskip eða vélskip, eða það af öðrum ástæðum er svo á sig komið, að telja verður, vegna sjóferða þeirra, er skipið skal fara, að hættulegra sé að vera í förum með það en venjulegt er við siglingar.

2. gr.

Setja skal með reglugerð, er atvinnumálaráðuneytið gefur út fyrir árslok 1938, nánari ákvæði um, hverjar kröfur gera skuli til þess, að skip verði talið haffært, eftir því hvert skipið er og hvaða ferðir því eru ætlaðar, og um farþegafjölda, svo og um það, hvers gæta skuli við skipaskoðanir, sem gerðar eru samkv. lögum þessum eða öðrum lögum og alþjóðasamþykktum.

Í sömu reglugerð skulu sett ákvæði um rúmstærð og gólfstærð í svefnherbergjum skipverja, svo og annan útbúnað herbergjanna, að því er snertir birtu, loftrás og aðra hollustuhætti. Ennfremur um borðstofu, bað- og þvottaklefa og salerni.

Þar til ofangreind reglugerð verður gefin út skal tilskipun dags. 20. nóv. 1922, um eftirlit með skipum og bátum og öryggi þeirra, vera í gildi.

3. gr.

Eiganda skips eða útgerðarmanni, svo og skipstjóra, er skylt að sjá um, að skip sé haffært, er það leggur úr höfn. Hið sama gildir um haffæri skips vegna hleðslu, ef það tekur farm utan hafnar eða aflar fisk á hafi úti. Skylt er skipstjóra að öðru leyti að gera allt það, er hann má, til að halda skipi haffæru á ferð.

Nú tekur skip grunn, slæst við bryggju, verður fyrir hverskonar árekstri eða það annað ber til, er ætla má, að af muni hljótast, að skipið verði óhaffært, og er skipstjóra þá skylt að láta rannsaka tjón það, sem orðið hefir, með skoðunargerð á þeim stað, er henni verður fyrst við komið.

Þegar þannig stendur á, að ekki verður náð til sérfróðra manna þar, sem skipið er statt, til að skoða tjónið, skal skipstjóri, yfirvélstjóri, yfirstýrimaður ásamt tveim mönnum, er skipshöfn velur, framkvæma bráðabirgðaskoðun á tjóninu og færa árangur hennar inn í eftirlitsbók skipsins. Skoðunargerðin skal undirrituð af þeim öllum, og í henni greinilega tekin fram skýlaus yfirlýsing um haffæri þess. Afrit af skoðunargerðinni skal þá þegar send skipaskoðunarstjóra, og ákveður hann, hvort frekari skoðun skuli fara fram.

4. gr.

Ef líkur eru á, að skip eða bátur, sem ferðbúinn er frá íslenzkri höfn, sé óhaffær, má lögreglustjóri, skipaskoðunarstjóri eða skipaskoðunarmaður, sem hann hefir sérstaklega veitt heimild til þess, hefta brottför skipsins eða bátsins til bráðabirgða.

Sama gildir, ef skipstjóri, útgerðarmaður eða sá maður, sem í þeirra stað kemur, tálma því, að skipaskoðunarmenn geti framkvæmt til hlítar skoðun, er þeir telja nauðsynlega.

Sá, sem brottför skipa heftir, skal tafarlaust tilkynna skipstjóra eða útgerðarmanni, með bréfi eða símskeyti, ástæðurnar til þess, að brottför skipsins var heft, og hvað gera þurfi til þess, að því verði leyfð brottför. Skipið, sem heft hefir verið, má eigi leggja úr höfn fyrr en bætt hefir verið úr göllum þeim, sem á því voru, og það sannað með skoðunargerð.

Ákvæði greinar þessarar gilda og um erlend skip, þó með þeim takmörkunum, sem leiða kann af gildandi þjóðasamningum.

5. gr.

Þar sem ekki er annars getið, taka ákvæði laga þessara um skoðun skipa til allra skipa og báta, sem eru 6 metrar á lengd eða lengri, mælt milli stafna, og gerðir eru út hér á landi, hvort heldur er til farþegaflutninga, vöruflutninga eða fiskveiða. Ennfremur taka ákvæði laganna til allra báta, án tillits til stærðar, flytji þeir farþega, hvort sem er á sjó, ám eða vötnum.

Atvinnumálaráðuneytið getur með reglugerð ákveðið, að eftirlit skuli haft með öryggi annara fljótandi fara, og hvernig því eftirliti skuli hagað.

6. gr.

Eftirlit með öryggi skipa er undir yfirstjórn atvinnumálaráðuneytisins. Ráðuneytið skipar skipaskoðunarstjóra til að annast framkvæmd þessara mála, og skal honum fengin nauðsynleg aðstoð við starfið. Hefir hann á hendi eftirlit með öllum skipaskoðunarmálum, rannsakar skoðunarskýrslur skipaskoðunarmanna og fer eftirlitsferðir um landið, til að líta eftir framkvæmd laganna.

Skipaskoðunarstjóri má engin aukastörf hafa á hendi önnur en þau, er lúta að yfirlitsskoðun á þeim skipum, sem eru flokkuð í flokkunarfélögum þeim, sem viðurkennd eru af ráðuneytinu.

Laun skipaskoðunarstjóra eru 8000 kr. á ári, hækkandi annaðhvert ár um 500 kr. upp í 10000 kr.

Laun aðstoðarmanns skipaskoðunarstjóra eru 4800 kr. á ári, hækkandi annaðhvert ár um 200 kr. upp í 6000 kr. Dýrtíðaruppbótar skulu þeir njóta eftir fyrirmælum almennra launalaga. Skrifstofukostnaður og kostnaður vegna aðstoðar og eftirlitsferða skal ákveðinn í fjárlögum.

7. gr.

Atvinnumálaráðuneytið skiptir landinu í skipaskoðunarumdæmi, að fengnum tillögum skipaskoðunarstjóra, og skipar til framkvæmdar eftirlitinu í hverju umdæmi svo marga skipaskoðunarmenn, sem þurfa þykir, að fengnum tillögum skipaskoðunarstjóra. Skulu þeir skipaðir til 4 ára í senn. Þeir skulu vera valinkunnir og óvilhallir menn, og að öðru leyti svo vel til starfsins fallnir sem frekast eru föng á. Áður en þeir taka til starfa, skulu þeir undirrita drengskaparheit um, að þeir vilji vinna starf sitt samvizkusamlega. Skipaskoðunarmenn mega ekki skoða þau skip, sem þeir eru eigendur eða útgerðarmenn að.

Skipaskoðunarmenn skulu gera allar skoðanir, er ræðir um í lögum þessum, tilskipunum eða reglugerðum, er settar verða samkvæmt þeim og gerðar skulu innan umdæmis þeirra, hvort sem skipið er skrásett eða eigi. Ef þörf krefur, getur skipaskoðunarstjóri kvatt menn til skoðunargerðar utan umdæmis síns. Við skoðunargerðir er skipaskoðunarmönnum skylt að gæta þess, að fullnægt sé kröfum þeim, sem gerðar eru í lögum þessum, tilskipunum eða reglugerðum, er settar verða samkvæmt þeim um öryggi skipa, þeirrar tegundar, sem það skip er, sem þeir skoða, og í þeim ferðum, sem því eru ætlaðar.

Að lokinni skoðun er skipaskoðunarmönnum skylt að sjá um, að umkvartanir þeirra hafi verið teknar til greina. Sé umkvörtunin þess eðlis, að talið verði, að ekki sé öruggt, að skipið sé í förum, skal skoðunarmaður ekki láta skoðunarvottorðið af hendi, en tilkynna eiganda, að vottorðið verði ekki látið af hendi fyrr en úr göllunum sé bætt, og skipinu bannað að vera í förum. Þetta skal, verði því við komið, gera skriflega.

Sé minni háttar umkvörtunum (göllum), sem ekki hafa áhrif á haffæri skipsins, ekki sinnt með því að bæta úr því, sem áfátt reyndist við skoðunina, vegna þess að það sé ekki fáanlegt á staðnum, skal skoðunarmaður gefa skipinu hæfilega langan frest að afla þess, er vantaði, og skal þess getið í eftirlitsbókinni.

Þegar fresturinn er útrunninn, skal skoðunarmaður ganga úr skugga um, að umkvartanir hans hafi verið teknar til greina, en sé svo ekki, skal hann tafarlaust kæra skipið fyrir hlutaðeigandi lögreglustjóra, og ekki má hann framlengja veittan frest, þó kært hafi verið, nema með leyfi skipaskoðunarstjóra.

Verði ekki náð til skipsins, þegar fresturinn er útrunninn, skal skipaskoðunarmaður leita aðstoðar skipaskoðunarstjóra í málinu, og ákveður hann þá, hvað gera skuli.

Skoðunarmönnum ber eftir megni að fylgjast með því, að hlýtt sé fyrirmælum um öryggi skipa á öðrum tímum en þeim, er skoðun fer fram, þótt þeim sé ekki falið eftirlit það, er um ræðir í 8. og 9. gr. Verði þeir áskynja þess, að lögum þessum og reglugerðum, settum samkvæmt þeim, sé ekki framfylgt, ber þeim að tilkynna það tafarlaust skipaskoðunarstjóra eða lögreglustjóra á staðnum.

Þóknun til skipaskoðunarmanna fyrir starfa sinn ákveður ráðherra með reglugerð. Þóknun þessi greiðist úr ríkissjóði og miðast við gjald það, er eiganda skips er gert að greiða fyrir hverja skoðun. Lögreglustjórar innheimta skoðunargjald af skipaeigendum með sama hætti og aðrar tekjur ríkissjóðs, og hefir það sama rétt og opinber gjöld, enda er skipaskoðunarmönnum skylt að tilkynna lögreglustjóra, er skoðun hefir farið fram.

Ef skipaskoðunarmenn takast ferð á hendur vegna skoðunar á skipi, skal hæfilegur kostnaður, er af ferðinni leiðir, greiddur úr ríkissjóði, án þess að hann sé endurkræfur af skipseiganda.

8. gr.

Ráðherra skipar einn af skipaskoðunarmönnunum í hverjum landsfjórðungi, að fengnum tillögum skipaskoðunarstjóra, skipaeftirlitsmann í fjórðungnum, eftir nánari reglum, er ráðherra setur. Skal skipaeftirlitsmaður hafa skipstjórapekkingu. Skipaeftirlitsmönnum ber að fylgjast með á hverjum tíma, hvernig lögunum er framfylgt.

Til þeirra geta skipverjar eða aðrir snúið sér með umkvartanir á því, er þeir telja ábótavant með öryggi skips. Allar umkvartanir skulu gerðar skriflega. Skipaeftirlitsmenn eru bundnir þagnarheiti um nöfn þeirra manna, er kært hafa, ef kærandi óskar þess, enda sé kæran á rökum byggð.

Nú hefir skipaeftirlitsmanni borizt umkvörtun um, að ákvæðum laga þessara eða reglugerðar, settrar samkvæmt þeim, sé ekki framfylgt, og ber honum þá að kynna sér svo fljótt sem auðið er, hvort umkvörtunin er á rökum byggð. Reynist það svo, að umkvörtunin sé réttmæt, ber honum að gera ráðstafanir til, að úr verði bætt, og jafnframt að tilkynna skipaskoðunarstjóra athugun sína og senda honum skýrslu um málið.

9. gr.

Í útgerðarstöðum, þar sem örðugleikar eru á, að eftirlitsmenn geti haft fullnægjandi eftirlit sökum fjarlægðar frá þeim stað, þar sem eftirlitsins er mest þörf, eða á þeim tímum árs, þegar fiskveiðar eru almennast og mest stundaðar, er ráðherra heimilt að fela skipaskoðunarmanni á staðnum eftirlit það, er um ræðir í 8. gr., enda fullnægi hann skilyrðum þeim, sem sett eru um eftirlitsmenn.

10. gr.

Ráðherra ákveður þóknun til skipaeftirlitsmanna og setur þeim starfsreglur. Ferðakostnaður þeirra greiðist af ferðakostnaðarfé skipaskoðunarinnar, sem ákveðið skal í fjárlögum.

11. gr.

Skoðunargerðir á skipum eru tvennskonar, aðalskoðun og aukaskoðun.

Aðalskoðun skal gera á skipum sem hér segir:

a) Áður en skip leggur úr höfn hér á landi í fyrsta sinn, er smíðað hefir verið hér á landi eða breytt hefir verið svo mjög, að mæla þurfi það af nýju, eða þegar það er fengið frá öðrum löndum, hvort heldur nýsmíðað eða notað, til skrásetningar undir íslenzkum fána eða til útgerðar hér á landi.
b) Á öllum farþegaskipum einu sinni á ári. Í reglugerð þeirri, er ræðir um í 2. gr. þessara laga, skal ákveða, hver skip teljist farþegaskip.
c) Á öllum öðrum skipum annaðhvert ár.

12. gr.

Við aðalskoðun skal athuga vandlega allt öryggi skipsins, bæði sjálfs bols skipsins, þilfars og skilrúma, siglu og reiða, véla og vélartækja, búnaðar alls og áhalda, svo og allt annað, er lýtur að öryggi skipsins.

13. gr.

Að lokinni aðalskoðun skips skulu skipaskoðunarmenn senda lögreglustjóra vottorð um skoðunina og tillögur sínar um það, hvort skipinu skuli gefið haffærisskírteini eða eigi, en skipaskoðunarstjóra senda þeir skýrslu um skoðunina, og skal þetta hvorttveggja ritað eftir fyrirmynd, er atvinnumálaráðuneytið setur.

Komi það í ljós við skoðunina, að skipið sé haffært, skal lögreglustjóri eða skipaskoðunarstjóri gefa því haffærisskírteini, en öryggisskírteini farþegaskipa, sem út eru gefin samkvæmt alþjóðasamþykkt um öryggi mannslífa á sjónum, skulu gefin út af skipaskoðunarstjóra. Í haffærisskírteini skal tilgreina nafn skips og heimili, skrásetningarbókstafi þess, númer þess á fiskiskipaskrá og umdæmisbókstafi, ef um

fiskiskip er að ræða, smálestatal, hvort skipið sé seglskip eða vélskip, róðrarbátur eða vélbátur, til hvaða ferða skipið sé ætlað, tölu farþega, er það má flytja, sé um farþegaskip að ræða, svo og að skipið fullnægi þeim kröfum um öryggi skipa, er gerðar eru í lögum þessum, tilskipunum eða reglugerðum, settum samkvæmt þeim.

Haffærisskírteini gildir um farþegaskip í eitt ár frá dagsetningardegi þess, en um önnur skip í tvö ár frá sama tíma, enda hafi lögboðin aukaskoðun farið fram, sbr. 15. gr. Nú er skip statt í útlöndum á þeim tíma, er haffærisskírteini þess gengur úr gildi, og getur þá skipaskoðunarstjóri framlengt gildi skírteinisins til ákveðins tíma, þó ekki lengur en í 3 mánuði, enda séu færðar líkur fyrir því, að skipið sé haffært. Ef sérstaklega stendur á í öðrum tilfellum, getur skipaskoðunarstjóri framlengt gildi skírteinisins um allt að 45 daga, enda séu líkur fyrir því, að skipið sé haffært.

Haffærisskírteini skal fylgja skipsskjölunum, og skal það ávallt sýnt við tollafgreiðslur skipsins, lögskráningu á það, greiðslu slysatryggingargjalds skipverja, þegar um skip er að ræða, sem ekki er skylt að lögskrá á, og þegar þess er krafizt af yfirvöldunum. Nú er sá tími, er skírteinið gildir, á enda, eða skoðun, er gerð skyldi á skipinu á þeim tíma samkvæmt lögum þessum, er vanrækt, hvort sem er aðalskoðun eða aukaskoðun, eða það kemur í ljós við slíka skoðun, að skipið sé óhaffært, og skal lögreglustjóri eða skipaskoðunarstjóri þá afturkalla skírteinið.

Fyrir útgáfu eða áritun haffærisskírteinis, sbr. 15. gr., skal skipseigandi greiða í stimpilgjald fyrir skip og yfirþiljaða báta upp að 12 rúmlesta stærð 1 kr. Opnir bátar og óyfirþiljaðir vélbátar (trillubátar) séu gjaldfrjálsir.

Fyrir skip frá	12—	20	rúmlesta	.....	2	kr.
— — —	20—	40	—	.....	3	—
— — —	40—	100	—	.....	5	—
— — —	100—	500	—	.....	10	—
— — —	500—	1000	—	.....	15	—
— —	1000	rúmlesta og stærri		.....	20	—

14. gr.

Aukaskoðanir á skipum eru tvennskonar, almennar og sérstakar.

15. gr.

Almenn aukaskoðun skal gerð einu sinni á ári á skipum þeim, er ræðir um í 9. gr. c) í lögum þessum, það ár, sem aðalskoðun fer ekki fram á þeim.

16. gr.

Við almenna aukaskoðun skal sérstaklega athuga allan búnað skipsins og áhöld, botn skipsins og stýrisbúnað. Þó má botnskoðun gera á öðrum tíma, enda sé þá eigi liðið ár frá síðustu botnskoðun.

17. gr.

Sérstök aukaskoðun skal gerð, er svo stendur á sem hér segir:

a) Þegar skip hefir sætt meiri háttar viðgerð, hvort heldur er á bol eða vél, eða ný aðalvél hefir verið í það sett, en eigi kveður samt svo mikið að viðgerðinni, að aðalskoðun skyldi gera samkvæmt 9. gr. a) í lögum þessum.
b) Þegar annars þykir ástæða til að rannsaka öryggi ákveðinna hluta skips eða búnaðar þess, svo sem er skip skiptir um veiðiaðferð.

18. gr.

Við sérstaka aukaskoðun skal athuga þá hluta skips eða skipsbúnaðar, er ástæða þykir til vegna atvika þeirra, er skoðuninni valda.

19. gr.

Að lokinni aukaskoðun á skipi skulu skipaskoðunarmenn senda lögreglustjóra eða skipaskoðunarstjóra vottorð um skoðunina og álit sitt um það, hvort þeir telji

skipið haffært, svo og skipaskoðunarstjóra skýrslu um skoðunina, og skal hvorttveggja þetta ritað eftir fyrirmynd, er atvinnumálaráðuneytið setur.

Telji skoðunarmenn skipið haffært, ritar lögreglustjóri eða skipaskoðunarstjóri á haffærisskírteini þess athugasemd um, að aukaskoðun hafi verið gerð og að hún hafi eigi leitt neitt það í ljós, er geri skipið óhaffært. Fyrir áritun þessa greiði skipseigandi sama stimpilgjald sem fyrir útgáfu haffærisskírteinis.

20. gr.

Atvinnumálaráðuneytinu er heimilt að gera vægari kröfur en reglur þær, sem nú gilda, gera almennt um skip, sem eru íslenzk eign eða voru í smíðum fyrir íslenzkan reikning fyrir 1. júlí 1922, þó ekki um haffærni skipsins, ferðbúnað þess né lífsöryggi manna. Svo ber og að gæta þess, að fullnægt sé samningum við aðrar þjóðir.

Heimilt er og í einstökum tilfellum, ef nauðsyn krefur, að veita slíkar undanþágur fyrir skip, sem keypt eru frá útlöndum, enda sé ekki keypt eldra skip en 12 ára.

21. gr.

Nú er skoðun gerð samkvæmt 3. eða 4. gr. laga þessara eða samkvæmt 59. gr. sjómannalaga, nr. 41 19. maí 1930, og ákveður þá skipaskoðunarstjóri, eða lögreglustjóri í forföllum hans, hvort skoðunin skuli vera aðalskoðun eða aukaskoðun.

22. gr.

Aðalskoðun og aukaskoðun á skipum skal framkvæmd af tveim mönnum, sem til þess hafa nægilega sérþekkingu. Skipaskoðunarstjóri skiptir með þeim verkum eftir sérþekkingu þeirra.

Komi það atriði fyrir í sérstökum tilfellum, að fullkomnari sérþekkingar þurfi með, er skoðunarmanni heimilt að fá sér sérfræðilega aðstoð.

Skoðun á opnum bát, hvort sem hann er með vél eða án vélar, skal framkvæmd af einum manni, er til þess sé nægilega sérfróður.

23. gr.

Eiganda skips eða útgerðarmanni eða skipstjóra er skylt að sjá um, að lögskipaðar skoðanir séu gerðar á skipi.

24. gr.

Skipaskoðunarmenn skulu gera skoðun á skipi tafarlaust, ef þess er óskað, eða svo fljótt sem því verður við komið. Skoðun skal jafnan, ef þess er kostur, hagað svo, að sem minnst töf verði á ferðum skipsins eða vinnu á því.

Skipaskoðunarmönnum og eftirlitsmönnum skal frjáls aðgangur að skipinu og öllum rúmum í því. Þeir skulu eiga rétt á að athuga öll áhöld skips og búnað. Þeim er heimilt að krefjast þess, að farmur sé tekinn úr skipi, skip sett á land eða vélar hreyfðar, sé það nauðsynlegt vegna skoðunarinnar.

Eiganda skips, útgerðarmanni, skipstjóra og skipshöfn er skylt að láta skipaskoðunarmönnum í té nauðsynlega aðstoð við skoðunina og gefa þær upplýsingar um skipið og öryggi þess, er þeir krefjast.

Nú fer fram skoðun til endurnýjunar á flokki skips, sem eldra er en 12 ára, og skal þá eiganda skips eða umboðsmanni hans skylt að láta skipaskoðunarstjóra í té, svo fljótt sem auðið er, skýrslu yfir það, sem gert hefir verið við skipið eða því breytt.

Geta skal þess í skýrslunni, sem ófullnægt kann að vera af kröfum þeim, sem gerðar voru til endurnýjunar á flokki skipsins, og hve langur frestur hafi verið gefinn til þess að fullnægja kröfunum. Að lokinni flokkunarviðgerð er skipaskoðunarstjóra skylt að kynna sér eftir föngum, hvernig viðgerðinni hafi verið fullnægt.

25. gr.

Lögreglustjóri, skipaskoðunarstjóri, eigandi skips, útgerðarmaður, skipstjóri, stéttarfélög sjómanna, eða í tilfellum þeim, er ræðir um í 59. gr. sjómannalaga, nr. 41 19. maí 1930, meiri hluti skipshafnar eða vélstjóri, geta krafizt yfirskoðunar á skipi. Yfirskoðun gera helmingi fleiri menn en áður skoðuðu þann hluta skipsins, sem um er deilt. Skulu þeir hafa þá sérþekkingu, er til þess þarf.

Lögreglustjóri skipar yfirskoðunarmenn í hverju einstöku tilfelli. Úrskurður yfirskoðunarmanna um ástand skips, véla eða búnaðar þess skal vera fullnaðarúrskurður.

26. gr.

Þeim, sem samkvæmt lögum þessum geta krafizt yfirskoðunar á skipi, er heimilt að krefjast þess, að yfirskoðunarmenn eiðfesti skoðunargerð sína fyrir sjódómi.

27. gr.

Kostnað allan við skipaskoðanir greiðir skipseigandi.

Nú hefir skip reynzt óhaffært við skoðun, en yfirskoðun, sem gerð er samkvæmt kröfu þeirra, er um ræðir í 25. gr., telur skipið haffært, og skal þá kostnaður sá, er af yfirskoðuninni leiðir, greiddur úr ríkissjóði.

28. gr.

Atvinnumálaráðuneytinu er heimilt að fela stjórn þeirra ríkja, sem staðfest hafa Lundúna-samþykktina frá 31. maí 1929 um öryggi mannslífa á sjónum, að framkvæma erlendis skoðun á íslenzkum skipum, sem ofangreind Lundúna-samþykkt nær til, og gefa út haffæris- og hleðslumerkjaskírteini fyrir þau.

29. gr.

Til þess að fullnægja ákvæðum téðrar Lundúna-samþykktar og annara alþjóðasamninga, ef samþykktir hafa verið, getur atvinnumálaráðuneytið gefið út reglur um það, hvernig skip skuli skipað mönnum og hvernig verkum skuli hagað á skipinu. Ennfremur getur ráðuneytið sett reglur um það, hvað til þess þurfi, að starfsmenn á skipinu, aðrir en þeir, sem verða að fullnægja kröfum þeim, sem lögin um atvinnu við siglingar og vélgæzlu setja, geti fengið vottorð um að vera hæfir til starfa þeirra, er þeim eru ætluð.

30. gr.

Þegar aðalskoðun fer fram á flokkuðu skipi, sem er í einhverju af hinum viðurkenndu flokkunarfélögum, skal sú skoðun, sem fór fram á skipinu til endurnýjunar á flokknum, talin fullnægjandi um styrkleika bols, véla og eimkatla, ef farið hefir verið eftir reglum, sem settar hafa verið samkvæmt Kaupmannahafnarsamþykktinni frá 28. janúar 1926, um haffærni og búnað skipa, og um samvinnu milli viðurkenndra flokkunarfélaga og skipaskoðunarinnar.

31. gr.

Öll íslenzk skip, sem eru í förum milli Íslands og annara landa, skulu vera með hleðslumerkjum og hafa hleðslumerkjaskírteini samkvæmt alþjóðasamþykkt, gerðri í London 5. júlí 1930.

Undanskilin þessum ákvæðum eru skip, sem eru undir 150 rúmlestir, og skip, án tillits til stærðar, sem eingöngu eru notuð til fiskveiða, ennfremur skemmtiskip og skip, sem notuð eru í öðrum tilgangi en til flutnings á fólki og vörum.

Atvinnumálaráðuneytið setur með reglugerð nánari reglur um mælingar og skoðanir, er gerðar skuli á skipum til ákvörðunar hleðslumerkja. Ennfremur setur ráðuneytið með reglugerð sérstök ákvæði um, hvernig umbúnaði undir þilfari og á skuli hagað á skipum, sem stunda síldveiðar, svo og á öðrum fiskiskipum, sem sigla milli landa.

Kostnaður allur við ákvörðun hleðslumerkja greiðist af skipseiganda, eftir gjaldskrá, er atvinnumálaráðuneytið setur.

32. gr.

Þegar hleðslumerki hafa verið ákveðin, skal skipaskoðunarstjóri gefa skipinu hleðslumerkjaskírteini. Skal það fylgja skipsskjölunum og ávallt sýnt bæði við tollafgreiðslu og þegar þess er krafizt af yfirvöldunum.

Hafi skip hleðslumerkjaskírteini, útgefið af þar til bærum erlendum stjórnarvöldum eða skipaflokkunarfélagi, getur skipaskoðunarstjóri veitt því íslenzkt hleðslumerkjaskírteini í þess stað, án þess að láta mælingu þá eða skoðun, er með þarf til ákvörðunar hleðslumerkja, fara fram.

Nú er skip flokkað í skipaflokkunarfélagi, er atvinnumálaráðuneytið tekur gilt, og skal þá hleðslumerkjaskírteini þess gilda á meðan skipið heldur sama flokki, þó ekki lengur en í 5 ár.

Nú er skipi breytt þannig, að ætla má, að farmborð skipsins breytist, og er þá hleðslumerkjaskírteini þess úr gildi fallið.

33. gr.

Skip telst óhaffært, sé það svo hlaðið, að það liggi dýpra en hleðslumerki þess leyfa.

34. gr.

Marka skal á fram- og afturstefni allra skipa, sem stærri eru en 20 rúmlestir, mælikvarða í desímetrum annarsvegar, en í enskum fetum hinsvegar, er sýni, hve djúpt skipið liggi í sjó. Kostnað við þetta greiði skipseigandi.

35. gr.

Atvinnumálaráðuneytið getur falið viðurkenndum skipaflokkunarfélögum, gegn þeirri ábyrgð, er það telur nægilega, að framkvæma skoðun og mælingu til ákvörðunar á hleðslumerkjum skipa og gefa því hleðslumerkjaskírteini samkvæmt 12. gr. Lundúnasamþykktarinnar frá 5. júlí 1930.

36. gr.

Nú er skipi lagt úr höfn óskoðuðu, enda þótt skylt hefði verið að skoða það samkvæmt lögum þessum, og ferst það, og er þá eigandi skaðabótaskyldur þeim, er fyrir tjóni verða við skiptapann, hvort heldur fyrir missi fyrirvinnu eða eigna, nema sannað sé, að slysið hafi eigi hlotizt af óforsvaranlegu ástandi skips eða útbúnaði.

37. gr.

Nú vanrækir skipstjóri að láta gera skoðun á skipi, er skylt var að gera samkvæmt lögum þessum, og varðar það hann sektum frá 50 kr. allt að 500 kr. Sömu refsingu sætir skipseigandi eða útgerðarmaður, eigi þeir sök á vanrækslunni.

Önnur brot gegn lögum þessum, eða gegn tilskipunum eða reglugerðum, sem settar eru samkvæmt þeim, varða sektum, allt að 5000 kr., nema þyngri hegning liggi við að lögum.

38. gr.

Með mál út af brotum gegn lögum þessum eða gegn reglugerðum, sem settar verða samkvæmt þeim, skal farið sem almenn lögreglumál.

39. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1939.

40. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi felld lög nr. 93 3. maí 1935, um eftirlit með skipum.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er flutt samkvæmt beiðni atvinnumálaráðherra. Áskilja nefndarmenn sér rétt til breytinga á frv. undir meðferð þess í deildinni. Sérstaklega er það kostnaðarhlið málsins, sem einstakir nefndarmenn vilja athuga nánar áður en þeir taka endanlega afstöðu til málsins. Frv. fylgdu eftirfarandi athugasemdir:

Hinn 16. desember 1937 ritaði atvinnumálaráðuneytið skipaskoðunarstjóra eftirfarandi bréf:

„Jafnframt því að senda yður, herra skipaskoðunarstjóri, hjálagt frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 93 3. maí 1935, um eftirlit með skipum, sem borið var fram nú á Alþingi og prentað er á þingskjali nr. 8, ásamt nefndarálitum um málið á þingskjölum nr. 200 og 209, er yður hér með falið að fara yfir frumvarpið og gera breytingar á því, eftir því sem yður kann að þykja ástæða til, þannig að það verði tilbúið til að leggjast fyrir fulltrúa þá, sem um ræðir í dagskránni á þingskjali nr. 209, til athugunar og endurskoðunar svo tímanlega, að endanlegt lagafrumvarp geti orðið lagt fyrir næsta Alþingi. Hefir ráðuneytið beiðzt þess, að Alþýðusamband Íslands og Farmanna- og fiskiveiðasamband Íslands tilnefni fulltrúa til þess að athuga frumvarpið, og eru yður send til leiðbeiningar afrit af þeim bréfum.

H. Guðmundsson.

Páll Pálmason.“

Alþýðusamband Íslands tilnefndi þá Pál Þorbjörnsson, Árna Magnússon, Sigurð Ólafsson og Bjarna Stefánsson, en Farmanna- og fiskimannasamband Íslands tilnefndi Ásgeir Sigurðsson og til vara Konráð Gíslason og Guðbjart Ólafsson.

Nefndin hóf starf sitt 10. febrúar 1938.

Fyrir nefndinni lá frumvarp Sigurjóns Á. Ólafssonar til breytingar á nefndum lögum (þingskj. 8 1937) og ennfremur tillögur Ólafs Th. Sveinssonar skipaskoðunarstjóra til breytinga á lögunum.

Nefndin hefir lesið þetta hvorttveggja saman við lögin og samið nýtt frumvarp til laga um eftirlit með skipum. Mjög mikið hefir verið stuðzt við frumv. S. Á. Ó. og tillögur skipaskoðunarstjóra. Nefndarmenn hafa allir orðið sammála um frumvarpið að öðru en því, að nokkur ágreiningur var um 7. gr., um val skoðunarmanna, og munu einstakir nefndarmenn gera grein fyrir sérafstöðu sinni sérstaklega. Breytingar þær, sem felast í frumvarpi þessu frá því, sem áður hefir verið í lögum hjá okkur, miða allar að auknu öryggi, án þess þó að gengið sé lengra í lagasetningu en tíðkast mun annarsstaðar.

Núverandi kostnaður af skipaskoðuninni er 18000 krónur, en gera má ráð fyrir, að með lagasetningu þessari verði kostnaður sem hér segir:

1.	Laun skipaskoðunarstjóra	10000 kr.
2.	— aðstoðarmanns	4800 —
3.	— skrifstofumanns	3600 —
4.	— 4 eftirlitsmanna	3000 —
5.	Skrifstofukostnaður	4200 —
6.	Laun skipaskráningarmanns (Sigurj. Mark.)	1800 —
7.	Ferðakostnaður	4600 —
		32000 kr.

Ætlazt er til, að umboð allra skoðunarmanna falli niður með gildistöku laganna Skal hér nú vikið nokkuð að einstökum greinum frumvarpsins.

Um 1. gr.

Óbreytt frá eldri lögum.

Um 2. gr.

Engin efnisbreyting.

Um 3. gr.

Engin efnisbreyting önnur en sú, að gert er ráð fyrir, að skipstjóri, yfirstýrimaður, yfirvélstjóri og 2 menn, er skipshöfn velur, megi framkvæma bráðabirgðaskoðun, þegar ekki næst til hæfra manna, þar sem skipið er statt.

Um 4. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 5. gr.

Óbreytt.

Um 6. gr.

Í greininni er gert ráð fyrir því, að skipaskoðunarstjóri megi ekki hafa á hendi ýms launuð og ólaunuð störf, sem hann nú hefir. Af mörgum hefir verið talið, að heppilegra væri, að hann hefði ekki slík störf á hendi, og því er það lagt til hér, en hinsvegar laun hans miðuð við, að hann missi ekki verulega í tekjum við þessa breytingu. Ýmsir hliðstæðir starfsmenn hjá ríkinu hafa nú 9—12 þús. kr. árslaun og er ekki bannað að hafa aukastörf með höndum, og skipstjórar póstskipanna hafa nú 10—16 þús. kr. í laun. Þykir því ekki óhæfilega lagt til, þó laun hans verði 10 þús. kr.

Ennfremur er lagt til, að ráðinn verði sérstakur aðstoðarmaður, er hafi að byrjunarlaunum 4800 kr. Teljum við heppilegt, að maður þessi sé siglingafróður, með hliðsjón af því, að núverandi skipaskoðunarstjóri hefir tekniska þekkingu. Manni þessum er ætlað að vera staðgengill skipaskoðunarstjóra í forföllum, og ennfremur er honum ætlað að vera við hin daglegu störf á skrifstofunni og utan hennar.

Um 7. gr.

Í grein þessari eru gerðar strangari kröfur en í eldri lögum, um að strax sé bætt úr ágöllum, sem varða haffæri skipsins, og skoðunarmönnum bannað að afhenda skoðunarvottorð nema úr slíkum ágöllum sé bætt.

Ennfremur er lagt fyrir skoðunarmenn að kæra skip til viðkomandi lögreglustjóra, ef ekki er bætt úr ágöllum, og eigi má framlengja gefinn frest nema með leyfi skipaskoðunarstjóra.

Um 8., 9., 10. gr.

Eftirlitsmenn þeir, sem um ræðir í greinum þessum, eru nýir, og er þeim ætlað að hafa á hendi eftirlit á milli skoðana, hverjum í sínu umdæmi. Þeim er ætlað að gefa upplýsingar um ýmislegt viðvíkjandi skipunum, svo sem ef þau stranda eða fá önnur áföll, eru umbyggð eða á þeim fara fram verulegar aðgerðir. Ennfremur er þeim ætlað að fylgjast með, ef skip eru seld, og þá hvert. Eftirlitsmönnum er ætlað að vera hlutlausir trúnaðarmenn, sem snúa megi sér til með fyrirspurnir og aðfinnslur viðvíkjandi skipum.

Um 11., 12., 13., 14., 15., 16. gr.

Á greinunum eru smávægilegar breytingar frá eldri lögum, sem ekki þarfnast skýringa.

Um 17. gr.

Í greinina er tekið upp það nýmæli, að þegar skip skipta um veiðiaðferð, svo sem þegar þau setja björgunarbáta sína í land vegna herpinótaveiða, skuli fara fram sérstök aukaskoðun, til að ganga úr skugga um, að öryggisútbúnaður sé ekki lakari en áður var.

Um 18., 19. gr.

Óbreyttar frá eldri lögum.

Um 20. gr.

Að undanförnu hefir verið keypt nokkuð af gömlum skipum til landsins, og hefir það í flestum tilfellum orðið til efnalegs tjóns. Ekki þótti þó fært að fella niður þær undanþágur, sem fólust í eldri lögum, en hinsvegar bætt inn í greinina á-

kvæði um það, að banna að kaupa til landsins eldri skip en 12 ára. Samskonar ákvæði hafa aðrar þjóðir í sinni löggjöf.

Um 21., 22., 23. gr.

Óbreyttar.

Um 24. gr.

Til viðbótar við eldri ákvæði er hér bætt inn tveim nýjum málsgreinum, sem fjalla um, að skipseigendum beri skylda til að senda skipaskoðunarstjóra skýrslu um aðgerðir, sem fram hafa farið á skipinu í sambandi við flokkun.

Um 25., 26., 27. gr.

Smávægilegar breytingar frá eldri lögum, sem ekki þurfa skýringa við.

Um 28., 29., 30. gr.

Óbreyttar.

Um 31. gr.

Þess hefir mjög orðið vart að undanförnu, að kvartað væri undan ofhleðslu fiskiskipa, sérstaklega á síldveiðum, og hafa verið tillögur frammi um hleðslumerki á fiskiskip.

Nefndin treysti sér ekki til að gera tillögu um hleðslumerki frekar en nú er í lögum, en leggur hinsvegar til í greininni, að með reglugerð verði sett sérstök ákvæði um umbúnað undir þilfari og á, á fiskiskipum sérstaklega með tilliti til þilfarshleðslu og umbúnaðar við skiljur og stoðir í farmrúmum.

Um aðrar greinar.

Ýmist óbreyttar frá eldri lögum eða þurfa ekki skýringa við.

Reykjavík, 19. febrúar 1938.

Ól. Th. Sveinsson.	Páll Þorbjörnsson.	Bjarni Stefánsson.
Sigurður Ólafsson.	Árni Magnússon.	Ásg. Sigurðsson.

Ed. 69. Frumvarp til laga

um mat á matjessíld og skozkverkaðri síld.

Flm.: Erlendur Þorsteinsson, Jóhann Jósefsson.

1. gr.

Öll matjessíld og skozkverkuð síld, sem verkuð er hér á landi og í íslenzkri landhelgi, skal metin og flokkuð eftir gæðum, þegar hún er fullsöltuð til útflutnings, af síldarmatsmönnum, undir umsjón síldarmatsstjóra. Hverri sendingu matjessíldar til útlanda fylgi vottorð síldarmatsmanna, og sé í vottorðinu tiltekin nákvæm tala tunna í hverri sendingu og hvaða gæða- (og stærða-) flokki síldin tilheyri. Í vottorðinu séu einnig tilgreind merki saltenda, söltunarnúmer og matsmerki.

2. gr.

Ráðherra skipar matsstjóra og matsmenn, að fengnum tillögum matsstjóra, og setur þeim erindisbréf. Matsstjóri skal hafa sérþekkingu á öllu því, er lýtur að síldarmati. Hann skal, eftir því sem kostur er á, fylgjast vel með öllum nýjungum og framförum í síldarverkun, kynna sér stöðugt kröfur markaðanna um verkunaraðferðir og vörugæði og aðstoða framleiðendur í því að koma fram umbótum á verkun síldar. Hann hefir yfirumsjón með framkvæmd matslaganna, sér um samræming

matsins í hinum ýmsu héruðum, hefir eftirlit með matsmönnum og leiðbeinir þeim í starfi þeirra.

3. gr.

Atvinnumálaráðherra ákveður laun matsstjóra og matsmanna. Skulu laun þeirra greidd úr ríkissjóði. Til að standast kostnað við matið skal heimilt að taka af hverri útflutningsmetinni tunnu matsgjald, er nemi kr. 0,20. Gjald þetta skal innheimt af lögreglustjóra ásamt útflutningsgjaldi. Um kaup síldarmatsmanna, ferðakostnað, dagpeninga, vinnutíma o. fl. skal nánar ákveðið í erindisbréfi þeirra.

4. gr.

Matsstjóri og síldarmatsmenn mega ekki taka á móti nokkurri þóknun, hverju nafni sem nefnist, frá saltendum eða kaupendum síldarinnar. Þeir mega ekki reka neinn sjálfstæðan atvinnuveg, sem lýtur að síldarsöltun, síldarverzlun eða síldarútgerð. Þeir mega ekki vera í þjónustu þeirra, er þeir meta síld fyrir, né vera þeim háðir á annan hátt. Matsstjóri og matsmenn hafa algerða þagnarskyldu um allt, er þeir verða áskynja um í starfi sínu, og mega ekki við óviðkomandi láta uppi neitt annað um ástand vörunnar en það, sem stendur í matsvottorði.

5. gr.

Ráðherra setur reglugerð um framkvæmd matsins, merkingu síldar og annað það, er þurfa þykir. Einnig er honum heimilt að setja reglugerð um frjálst mat á annari síld en matjessíld, ef um það koma fram beiðnir frá síldarsaltendum, eða ef síldarútvegsnefnd álítur það nauðsynlegt.

6. gr.

Sá, sem flytur út eða lætur flytja út matjessíld án þess að láta meta hana og fá matsvottorð um, að hún sé útflutningshæf, sæti 500—2000 kr. sekt, er renni í ríkissjóð. Ef um ítrekað brot er að ræða, má hámarkssekt vera allt að 5000 kr. Um mál út af brotum á lögum þessum eða reglugerðum fer sem um almenn lögreglumál.

7. gr.

Sannist þær misfellur á matsvottorðum matsstjóra eða matsmanna, sem álíta verður, að stafi af vítaverðu gáleysi eða vanrækslu, bera þeir ábyrgð á tjóni því, er þar af leiðir, og má þá svipta þá stöðu þeirra fyrirvaralaust.

Um hegningu fyrir brot matsstjóra og matsmanna gegn ákvæðum þessara laga fer að öðru leyti eftir hinum almennu hegningarlögum.

8. gr.

Lög þessi öðlast gildi nú þegar.

Greinargerð.

Frv. þetta er flutt eftir ósk síldarútvegsnefndar, og óskar nefndin eindregið eftir, að það nái fram að ganga á Alþingi því, er nú situr. Ástæður frv. telur nefndin helztar þessar:

Það er almennt viðurkennt, að til þess að tryggja fyllilega gæði útflutningsvöru er nauðsynlegt, að mat fari fram á vörunni. Þetta er viðurkennt af löggjöfinni með því, að fyrirskipað hefir verið útflutningsmat á saltfiski, hertum fiski, kjöti, bæði frystu og söltuðu, ull, lýsi og jafnvel fleiri vörutegundum. Kröfur kaupenda um vöruvöndun og samkeppni við aðrar þjóðir gera þetta alveg nauðsynlegt.

Síldarmat hefir áður verið lögboðið hér á landi, en var numið úr gildi um leið og lögin um síldareinkasölu Íslands voru afnumin, enda var þá áður búið að fella ákvæðin um síldarmat inn í þau lög. Var síldarmatið þá framkvæmt þannig, að síldin var fyrst metin fersk og ábyrgðinni þannig í raun og veru létt af síldar-

saltandanum, auk þess sem matið kostaði mikið fé. Þá var matið einnig undir yfirstjórn seljandans, Síldareinkasölu ríkisins, í stað þess, að heppilegra verður að teljast, að matið sé dómstóll, er standi beint undir ríkisstjórn og óháð bæði seljanda og kaupanda, eins og nú gildir um allt annað útflutningsmat.

Síldarútvegsnefnd hefir ekki viljað fara inn á þá braut, að leggja til, að lögboðið yrði mat á fersksíld, bæði vegna þess, að það hefir óþarfa kostnað í för með sér, og eins vegna þess, að þó að síldin sé að vísu hæf til söltunar, þegar hún kemur að bryggju, getur meðferð hennar hjá saltanda hæglega gert hana óhæfa sem útflutningsvöru. Telur nefndin því heppilegra að lögbjóða útflutningsmat og skyldumat aðeins fyrir matjessíld.

Að vísu hefir meðferð og vöruvöndun á matjessíld batnað mjög mikið hin síðari ár, síðan síldarútvegsnefnd tókst á hendur sölu matjessíldar, og hefir nefndin haft starfsmenn til þess að leiðbeina saltendum og líta eftir verkuninni. Nú telur nefndin þetta ekki fullnægjandi lengur, vegna þess að þó að síldin sé útflutningsvara, er hún af mismunandi gæðaflokkum. Kaupendur finna þetta, og stærstu keppinautar okkar um matjessíldarverkun hér við land eru þegar fyrir tveimur árum búnir að lögbjóða hjá sér þrjá gæðaflokka fyrir útflutta matjessíld, og telur síldarútvegsnefnd því ekki mega dragast lengur að lögfesta ákvæði þau, er frv. felur í sér, til þess að koma í veg fyrir, að vér Íslendingar verðum undir í samkeppninni. Í frv. er gert ráð fyrir heimild til að ákveða frjálst útflutningsmat á annari síld en matjessíld, og ennfremur, að sérstakt gjald, kr. 0,20, megi taka fyrir síld, sem metin er til útflutnings. Ætti lögfesting frv. því ekki að hafa nein teljandi útgjöld í för með sér fyrir ríkissjóð.

Nd. 70. Frumvarp til laga

um byggingar- og landnámssjóð.

Frá landbúnaðarnefnd.

I. KAFLI
Um markmið sjóðsins.

1. gr.

Tilgangur sjóðsins er að stuðla að endurbyggingu íveruhúsa í sveitum og stofnun nýrra býla.

2. gr.

Sjóðurinn starfar í tveim deildum, sem heita byggingarsjóður og nýbýlasjóður.

II. KAFLI
Um byggingarsjóð.

3. gr.

Stofnfé sjóðsins er byggingar- og landnámssjóður eins og hann er nú.

Tekjur sjóðsins eru:

1. Vextir af útistandandi lánum.
2. Árlegt framlag úr ríkissjóði, 200 þúsund krónur.

4. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að taka lán, allt að 3 milljónum króna, hvort heldur er hér á landi eða erlendis, handa byggingarsjóðnum, til stuðnings þeirri starfsemi,

sem honum er ætluð samkvæmt lögum þessum. Einnig er stjórn sjóðsins, með samþykki ríkisstjórnarinnar, heimilt að gefa út verðbréf, er innleysist á 30—40 árum, og sé gerð bréfanna, vextir og nánara fyrirkomulag um sölu þeirra ákveðið af ríkisstjórninni.

5. gr.

Stjórn Búnaðarbankans ákveður, hvað lagt skuli í varasjóð af tekjuafgangi þeim, sem verða kann samkvæmt árlegum reikningsskilum sjóðsins.

Af fé varasjóðs skal greiða tap, sem byggingarsjóður kann að verða fyrir.

6. gr.

Til tryggingar vaxtabréfum samkvæmt 4. gr. er:

1. Skuldabréf frá lántakendum.
2. Varasjóður byggingarsjóðs.
3. Höfuðstóll byggingarsjóðs.
4. Ábyrgð ríkissjóðs.

Ef taka þarf til trygginganna, sé það gert í þeirri röð, sem hér er talin.

7. gr.

Lán úr sjóðnum eru eingöngu veitt til byggingar íbúðarhúsa í sveitum.

Lánin eru veitt með þessum skilyrðum:

1. Að lántakandi sé íslenzkur ríkisborgari og fullveðja.
2. Að hann sanni með síðustu skattaskýrslu sinni, staðfestri af skattanefnd, að hann eigi svo mikil efni sem nauðsynleg eru til búrekstrar á jörðinni, en geti ekki af eigin rammleik reist íbúðarhús á henni.
3. Að hann sanni með vottorði hreppstjóra, að jörðin liggi ekki undir skemmdum af völdum náttúrunnar.
4. Að húsin séu gerð úr varanlegu efni og gerð þeirra innan og utan samþykkt af stjórn sjóðsins.
5. Að sveitarstjórn telji jörðina svo vel í sveit setta, að ráðlegt sé að endurreisa bæjarhús á henni.
6. Að lögð sé fram stutt lýsing á bæjarhúsum umsækjanda, undirrituð af virðingarmönnum Brunabótafélags Íslands.

8. gr.

Lán má veita gegn þessum tryggingum:

1. Gegn hverju því fasteignaveði, er stjórn sjóðsins tekur gilt.
2. Gegn afgjaldskvöð af býlum þeim, er lán er veitt til, enda sé býlið ekki veðsett með 1. veðrétti.
3. Gegn ábyrgð sýslu-, bæjar- eða hreppsfélaga, að áskildu lögmætu samþykki æðri stjórnarvalda.

9. gr.

Lánin veitast með þessum kjörum:

1. Vextir og afborganir af lánum séu ekki yfir 5% af allri lánsupphæðinni í 42 ár.
2. Lán þessi mega nema:
   a. Verði aðflutts byggingarefnis, að því leyti sem það er ekki greitt með byggingarstyrk. Þar til telst þó ekki sandur, mór, möl, steinn, torf eða mosi, þótt afla verði utan landareignarinnar.
   b. Allt að ⅔ hlutum af kaupi steinsmiða og trésmiða, er nauðsynlega þurfa að vinna að húsagerðinni.

   Lán þessi mega þó ekki fara yfir 6 þúsund krónur til sama manns.

10. gr.

Lánin greiðir sjóðurinn út að jafnaði í þremur hlutum, þannig:

Fyrsta hluta þegar efni til byggingarinnar er allt keypt og komið á staðinn.

Annan hluta þegar byggingin er komin undir þak.
Þriðja og síðasta hluta þegar byggingin er fullgerð.
Skal hin útborgaða fjárhæð í hvert sinn miðuð við þann útborgaða hluta kostnaðar, sem lánshæðin fer eftir, samkv. 9. gr.

III. KAFLI
Um byggingarstyrk.

11. gr.

Ríkissjóður leggur árlega fram 125 þúsund krónur til að styrkja endurbyggingu íbúðarhúsa í sveitum. Styrkurinn sé óafturkræft framlag.

12. gr.

Skilyrði fyrir byggingarstyrk eru, að umsækjandi leggi fram skilríki samkv. ákvæðum 1.—7. tölul. 7. gr. og ennfremur skilríki fyrir:

1. Að hann geti ekki staðið straum af nauðsynlegu byggingarláni.
2. Að sannað sé með vottorði hreppstjóra, að húsakynnin séu óhæf til íbúðar, vegna hrörnunar, og með vottorði héraðslæknis, að heimilisfólki þar sé búið heilsutjón.
3. Að jörðin sé í sjálfsábúð eða falli undir ákvæði laga um erfðaábúð og óðalsrétt.
4. Að fasteignamat bæjarhúsa sé ekki yfir 2000 krónur, ef jörðin er í sjálfsábúð.
5. Að landverð jarðar í opinberri eign fari ekki yfir 8000 krónur.

Framlagið til hvers býlis má vera 500—1500 krónur. Þó aldrei meira en ⅓ af kostnaðarverði hússins. Til íbúðarhúsbygginga, þar sem um lán og styrk er að ræða, má láns- og styrkupphæðin samtals ekki fara yfir 6000 krónur til hvers býlis.

Lokagreiðsla fer fram þegar fullnaðarreikningur er kominn yfir byggingarkostnaðinn.

13. gr.

Nýbýlastjórn ákveður, hvaða jarðir skulu verða aðnjótandi þess framlags til bygginga, er um ræðir í lögum þessum, og ákveður upphæðina til hvers býlis. Getur hún krafizt allra þeirra upplýsinga, sem hún telur nauðsynlegar, og sett þau skilyrði um byggingarnar, sem hún telur þurfa til að tryggja það, að þær komi að sem fyllstum notum.

IV. KAFLI
Um nýbýli og samvinnubyggðir.

14. gr.

Ríkið vinnur að því að skapa skilyrði til þess, að sem mest af árlegri fólksfjölgun þjóðarinnar eigi kost á að fá býli í sveitum til ábúðar, þar sem landbúnaður verði stundaður sem aðalatvinnuvegur. Veitir ríkið þann stuðning við stofnun býlanna, að stofnverð þeirra verði ekki meira en það, að meðalfjölskylda geti haft þar sæmileg afkomuskilyrði samkvæmt því, sem ákveðið er í lögum þessum.

15. gr.

Nýbýli nefnist í lögum þessum hvert það býli, sem reist er hér á landi eftir að lög þessi öðlast gildi og þar sem landbúnaður er rekinn sem aðalatvinnugrein, enda fái hið nýja býli útskipt land með ákveðnum landamerkjum, eftir því sem við á og þörf krefur.

Til nýbýla má stofna, hvort sem vill með því að reisa það í óræktuðu landi, eða skipta túni heimajarðarinnar til beggja eða allra býlanna. Þegar jörð er skipt

í nýbýli, skal þess gætt, að hvert býlið um sig hafi svo mikið landrými, að áliti nýbýlastjórnar, að nægi meðalfjölskyldu til framfæris, miðað við þann búrekstur, sem fyrirhugaður er á hverjum stað. Jörð, sem lagzt hefir í eyði áður en lög þessi öðlast gildi og ekki eru ónothæf hús fyrir fólk eða fénað, og sem tekin er til endurbyggingar og ræktunar, telst nýbýli.

16. gr.

Heimilt er eiganda jarðar að stofna til nýbýla á þann hátt, að landnot séu að nokkru eða öllu leyti sameiginleg fyrir heimajörðina og nýbýlið, enda samþykki nýbýlastjórn ríkisins, að svo sé.

Því aðeins er þetta þó heimilt, að nægileg hús fyrir fólk og fénað séu til á jörðinni eða verði reist þar til afnota fyrir bæði býlin. Óheimilt er eigendum þessara jarða að sameina býlin aftur, en sé það þó gert, er styrkur ríkisins endurkræfur, og er nýbýlið til tryggingar þeirri greiðslu.

17. gr.

Samvinnubyggðir nefnast í lögum þessum minnst 5 býli, sem reist eru í sama hverfi, þar sem framkvæmdir allar við byggingu býlanna hafa verið gerðar eftir fyrirfram ákveðnu skipulagi.

18. gr.

Ef nýbýlafélög eða einstaklingar, sem eigi ætla að gerast ábúendur á nýbýlinu, vinna að því að koma þeim upp, skulu slík nýbýli afhent væntanlegum ábúendum við kostnaðarverði, að frádregnum ríkissjóðsstyrknum. Ef slík nýbýli eru leigð um stundarsakir, skal leigan metin þannig, að ekki sé tekin leiga af framlagi ríkissjóðs til býlisins. Verði ágreiningur um leigumála, skal leigan metin af úttektarmönnum hlutaðeigandi hrepps.

19. gr.

Heimilt er hverjum jarðareiganda að byggja fleiri en eitt nýbýli á landi jarðar sinnar, ef ákvæðum 15. gr. um lágmarksstærð býlanna er fylgt. Það getur enginn, er reisa vill nýbýli, notið þess stuðnings, sem ríkið veitir, nema nýbýlastjórn samþykki hið nýja býli og fram hafi farið sú rannsókn, sem um getur í 20. gr.

20. gr.

Áður en ráðizt er í framkvæmdir til stofnunar nýbýla eða samvinnubyggða, fari fram rannsókn á allri aðstöðu, og sérstaklega á eftirtöldum atriðum:

1. Að náttúruskilyrði og aðstaða til markaðs og samgangna sé svo hagstæð, að líklegt sé, að framleiðslan beri sig.
2. Að land til býlanna geti fengizt með hæfilegu verði.
3. Á efni til húsagerðar o. fl.
4. Hvort skilyrði séu til nýtingar jarðhita eða virkjunar vatnsorku.

V. KAFLI

Stjórn nýbýlamála.

21. gr.

Atvinnumálaráðuneytið (landbúnaðarráðherra) skal hafa með höndum yfirstjórn allra nýbýlamála í landinu.

22. gr.

Landbúnaðarráðherra skipar nýbýlastjóra og getur falið það starf búnaðarmálastjóra, eða bankastjóra Búnaðarbanka Íslands. Nýbýlastjóri sér um og hefir með höndum allar framkvæmdir í nýbýlamálum.

Laun nýbýlastjóra ákveður ráðherra, unz þau verða ákveðin í launalögum. Reiknast þau ásamt þóknun til nýbýlanefndar með kostnaði við nýbýli.

23. gr.

Landbúnaðarráðherra skipar þriggja manna nýbýlanefnd til þriggja ára í senn, og skal einn þeirra skipaður formaður. Hún skal vera ráðgefandi um allar framkvæmdir og gera tillögur um, hvaða nýbýli njóta styrks ár hvert. Nefndarmenn fá þóknun fyrir starf sitt, er landbúnaðarráðherra ákveður.

24. gr.

Skylt er Búnaðarfélagi Íslands að láta starfsmenn sína aðstoða nýbýlastjóra í störfum hans, eftir því sem þörf krefur og um semst milli þess og landbúnaðarráðherra.

VI. KAFLI

Um réttindi og skyldur ábúenda.

25. gr.

Sá, er reisa vill nýbýli í landi jarðar sinnar, eða vill láta af höndum land til nýbýlastofnunar, sendir nýbýlastjórn ríkisins tillögur sínar. Nýbýlastjórn lætur athuga alla aðstöðu til nýbýlastofnunar á staðnum, ef það hefir ekki verið gert áður, og úrskurðar síðan, hvort hann sé hæfur fyrir nýbýli.

26. gr.

Hinu nýja landnámi sé komið í framkvæmd á þann hátt, sem hér segir:

a. Nýbýli byggð í landi, sem nýbýlingur á sjálfur, eða trygging er fyrir, að hann eignist samkvæmt ákvæðum 18. gr. Býlin reisa eigendur jarða eða nýbýlingar sjálfir, eftir því sem um semst við nýbýlanefnd og undir eftirliti nýbýlastjóra.

b. Nýbýli reist í landi ríkis, bæjar- eða sveitarfélaga. Þeir menn, sem hafa í hyggju að reisa slík nýbýli, senda nýbýlastjórn umsókn um það. Uppfylli umsækjendur ákvæði 30. gr., gerir nýbýlastjóri samning við þá um framkvæmd verksins, og skal þar meðal annars ákveða, hvenær verkinu skuli í síðasta lagi lokið og á hvern hátt það sé unnið. Framkvæmd þess hluta verksins, sem styrkur er miðaður við, má þó ekki standa lengur yfir en 5 ár.

Þegar ráðstafað er landi sveitar- eða bæjarfélags til nýbýla eða samvinnubyggða, og skipulagðar framkvæmdir við stofnun þeirra, verður nýbýlastjóri að fá samþykki hlutaðeigandi sveitar- eða bæjarstjórnar fyrir ákvörðunum sínum.

c. Samvinnubyggðir, reistar í landi ríkis, bæjar, sveitar eða nýbýlafélaga.

Um undirbúning framkvæmdanna gilda eftirfarandi ákvæði:

1. Allar nauðsynlegar rannsóknir til undirbúnings stofnunar samvinnubyggða hafi verið framkvæmdar samkvæmt 20. gr.
2. Áður en hafizt er handa um stofnun samvinnubyggða, skal nýbýlastjóri tryggja það, eftir því sem hann telur þurfa, að nægilega margir ábúendur í væntanlegri samvinnubyggð séu reiðubúnir að mynda félag og gera með sér samþykkt samkvæmt 28. gr.
3. Væntanlegir ábúendur í samvinnubyggðum skulu, eftir því sem um semst og unnt er, vinna að stofnun býlanna. Teljast slík vinnuframlög sem hluti af því, er þeim ber að leggja fram sem stofnverð.
4. Nýbýlastjóri og nýbýlanefnd ákveða býlafjölda í hverri samvinnubyggð, hversu mikið land skuli fylgja hverju býli, í samráði við ábúendur, svo og hverskonar búskapur skuli aðallega stundaður á býlunum.
5. Nýbýlanefnd og nýbýlastjóri ákveða gerð húsa og skipulag byggðarinnar. Skylt er að leggja uppdrætti að húsum og skipulagsuppdrátt samvinnubyggðar undir

álit stjórnar þess samvinnubyggðafélags, sem við byggðinni á að taka, og ber að taka til greina tillögur hennar, að svo miklu leyti sem mögulegt er. Nánari ákvæði um þessi atriði skulu sett með reglugerð.

27. gr.

Landbúnaðarráðherra er heimilt að veita félögum, er hafa að markmiði að reisa samvinnubyggðir, svo og bæjar- eða sveitarfélögum, sem vilja koma upp nýbýlum eða samvinnubyggðum í löndum sínum, rétt til þess að gera það. Slík félög verða að uppfylla þau skilyrði og hlíta þeim fyrirmælum, sem nýbýlastjórn ríkisins setur þeim um framkvæmd verksins.

28. gr.

Allir þeir, sem ætla að gerast ábúendur í væntanlegri samvinnubyggð, skulu mynda með sér félag, er nefnist samvinnubyggðafélag. Félagsmenn skulu setja sér samþykkt í samræmi við lög þessi, og skal hún, til þess að öðlast gildi, vera staðfest af landbúnaðarráðherra eftir tillögu nýbýlanefndar.

Í samþykkt samvinnubyggðafélags skal ákveða, hvort rekinn skuli einstaklingsbúrekstur eða samvinnubúrekstur í byggðinni. Nánari fyrirmæli um undirbúning og setningu samþykkta samvinnubyggðafélags skulu sett með reglugerð.

29. gr.

Tilgangur samvinnubyggðafélaga er:

1. Að kaupa eða leigja land fyrir væntanlega samvinnubyggð og annast undirbúning og framkvæmdir við að koma henni upp, svo og að annast lántökur til þeirra framkvæmda, samkv. 35. gr., og skal ákveða nánar um þessi atriði í samþykkt félagsins.
2. Að koma á fót rafvirkjun eða mannvirkjum til hagnýtingar á hveraorku, eða öðrum mannvirkjum til sameiginlegra afnota fyrir félagsmenn og annast rekstur þeirra.

30. gr.

Skilyrði til þess, að umsækjandi geti fengið aðstoð ríkisins við stofnun nýbýlis eða fengið ábúðarrétt á nýbýli, sem stofnað er eftir lögum þessum, eru þessi:

1. Að hann eigi ekki og hafi ekki árlangt átt aðra jörð eða býli, sem fjölskylda geti haft lífsframfæri af.
2. Að hann, að dómi nýbýlanefndar, sé svo efnum búinn, að hann geti lagt fram sinn hluta af stofnkostnaði býlisins og rekið bú á því, en sé þó ekki svo efnum búinn, að hann geti byggt býlið af eigin rammleik.
3. Að hann hafi þá þekkingu á búnaði, sem nauðsynlegt verður að teljast, að dómi nýbýlanefndar, og hafi starfað við landbúnað minnst 2 ár.

31. gr.

Um nýbýli, sem eru í einkaeign, en hafa hlotið styrk frá ríkinu samkvæmt lögum þessum, gilda eftirfarandi ákvæði:

1. Skylt er að tilkynna nýbýlastjóra, ef nýbýli eru seld, og er kaupsamningur því aðeins gildur, að nýbýlanefnd samþykki hann.
2. Ekki má selja býli þessi meira en nemur fasteignamatsverði, að frádregnum hinum óafturkræfu framlögum ríkisins til þeirra, þar með talinn jarðræktarstyrkur, en að viðbættu virðingarverði þeirra framkvæmda, sem gerðar hafa verið frá því að síðasta fasteignamat fór fram.
3. Þegar býlin skipta um eigendur við erfðaskipti, skal mat á þeim háð sama eftirliti og um sölu væri að ræða.
4. Ekki má veðsetja þann hluta af matsverði býlanna, er svarar til þess styrks, sem ríkið hefir til þeirra lagt.

32. gr.

Þau nýbýli, sem ekki eru í einkaeign, skulu byggð samkvæmt lögum um erfðaábúð og óðalsrétt.

33. gr.

Ef nýbýli í einkaeign kemst í niðurníðslu, að dómi nýbýlanefndar, þannig að húsum og mannvirkjum er eigi viðhaldið, er styrkur ríkisins til stofnunar býlisins endurkræfur, og má þá selja býlið til lúkningar honum, ef þörf krefur.

VII. KAFLI

Um framlög ríkissjóðs og lán til nýbýla og samvinnubyggða.

34. gr.

Til ræktunar nýbýlis, sem stofnað er eftir lögum þessum, svo og til bygginga á því, má verja allt að 3500 kr. í styrk á hvert býli. Þó skal styrkur aldrei vera hærri en það, að hann nemi 7/17 af stofnkostnaði býlisins. Styrkur ríkisins greiðist eftir því sem um semst milli nýbýlanefndar og þess, er nýbýlið reisir, með vinnu eða peningum, og greiðist eftir því sem framkvæmd við byggingar og nýrækt miðar áfram, en þó aldrei fyrr til nýbýla, sem eru í einkaeign, en byrjað er á byggingum.

35. gr.

Stofnuð skal lánadeild, er nefnist nýbýlasjóður. Hún skal veita lán til að reisa nýbýli og samvinnubyggðir. Nýbýlasjóður hefir heimild til að gefa út verðbréf, er innleysist á 20—40 árum, og skal gerð bréfanna og nánara fyrirkomulag um sölu þeirra ákveðið af ráðuneytinu með reglugerð. Bréfin skulu tryggð með ábyrgð ríkissjóðs.

36. gr.

Úr nýbýlasjóði skal veita lán til stofnunar nýbýla, og má það vera allt að 3500 kr. á býli, og þó aldrei yfir 7/17 af stofnkostnaði býlisins. Lánin skulu veitt gegn 1. veðrétti í býlinu, sé landið óveðsett, ella með síðari veðrétti og uppfærslurétti.

Á undan láni nýbýlasjóðs má aðeins hvíla:

a. Hæfilegt kaupverð óræktaðs lands býlisins, að dómi nýbýlastjórnar, og þó aldrei yfir 1500 kr., og
b. 50% af verðmæti varanlegra mannvirkja, er landinu kann að fylgja, og skal lán úr nýbýladeild vera þeim mun lægra, er slíku láni nemur, þannig, að það ásamt láni úr nýbýlasjóði fari ekki fram úr 3500 kr.

Lán nýbýlasjóðs afborgast á 20—40 árum, eftir gerð húsa. Vextir af þeim séu ekki hærri en greiða þarf af verðbréfum, sem sjóðurinn gefur út.

37. gr.

Með hvers árs fjárlögum skal ákveðið, hve mikið fé sé lagt til stofnunar nýbýla á komandi ári. Skal þá nýbýlanefnd gera tillögur um, hvernig því fé skuli skipt milli héraða og hvaða umsækjendur skuli sitja fyrir um styrk. Á sama hátt gerir nýbýlanefnd tillögur til stjórnar Búnaðarbankans um lánveitingar úr nýbýlasjóði. Tillögur nefndarinnar um styrkveitingu til nýbýla skal leggja fyrir landbúnaðarráðherra, sem tekur um þær fullnaðarákvarðanir í samráði við nýbýlastjóra.

38. gr.

Ábúendur allra nýbýla og samvinnubyggða, sem stuðnings njóta samkvæmt lögum þessum, skulu greiða fyrningargjald af íbúðarhúsum býlisins. Fyrningargjaldið miðast við varanleik húsanna og er ákveðið af nýbýlastjórn í eitt skipti fyrir öll sem jafnt hundraðsgjald, og skal það ekki vera yfir 1% af kostnaðarverði þeirra.

Fyrningargjaldið skal lagt í sjóð, er nefnist endurbyggingarsjóður nýbýla og

samvinnubyggða. Sjóðinn skal ávaxta í nýbýlasjóði, og annast sýslumenn innheimtuna á manntalsþingum, og fylgir gjöldunum lögtaksréttur.

Hvert nýbýli og hver samvinnubyggð hefir sérreikning í sjóðnum og á tilkall til séreignar sinnar, þegar endurreisa þarf hús býlisins.

Að fengnum tillögum nýbýlastjóra, setur landbúnaðarráðherra með reglugerð nánari fyrirmæli um sjóðinn.

39. gr.

Nýbýlastjóri skal halda skýrslu yfir nýbýli og samvinnubyggðir, sem reistar verða samkvæmt lögum þessum. Skal nákvæmlega skýrt frá stofnkostnaði hvers býlis, hvað ríkið hefir veitt til þeirra sem styrk, um allar lántökur vegna þeirra og um eigin framlög nýbýlinga.

Árlega skal færa í skýrslur þessar allar ársgreiðslur býlanna af lánum sínum. Þá skal og nýbýlastjóri afla sér þeirra upplýsinga, sem unnt er, um rekstrarafkomu hvers býlis.

Í því skyni getur nýbýlastjóri lagt þá kvöð á nýbýlinga, að halda einfalda rekstrarreikninga um afkomu búa sinna, eftir reikningsfyrirmyndum, sem nýbýlastjórn gefur út.

Heildarskýrslur um þessi efni er nýbýlastjórn heimilt að birta öðruhverju.

VIII. KAFLI
Um teiknistofu.

40. gr.

Stofna skal sérstaka teiknistofu, er nefnist teiknistofa landbúnaðarins.

41. gr.

Verkefni teiknistofunnar er að gera uppdrætti að húsum, sem lán eða styrkur er veittur til úr byggingar- og landnámssjóði, nýbýlasjóði, ræktunarsjóði eða öðrum opinberum sjóðum, sem til eru eða stofnaðir kunna að verða að tilhlutun ríkisins til að veita lán eða styrki til húsagerðar í sveitum. Skal það vera skilyrði fyrir lánum eða styrkveitingum úr slíkum sjóðum, að teiknistofan hafi gert eða samþykkt uppdrætti að húsunum.

42. gr.

Teiknistofan skal láta gera uppdrætti að einföldum og ódýrum húsgögnum, hentug fyrir alþýðu til sveita og við sjó. Heimilt er teiknistofunni að leita aðstoðar íslenzkra listamanna og smíðameistara utan stofnunarinnar um gerð húsgagna, til að fá þau sem smekklegust og í þjóðlegum stíl. Allir, sem rétt hafa til lána úr sjóðum þeim, er um ræðir í 41. gr., svo og stjórnir byggingarfélaga verkamanna og byggingarsamvinnufélaga, skulu endurgjaldslaust fá teikningar af húsgögnum, eftir því sem teiknistofan getur í té látið.

43. gr.

Nú verður komið á fót verkstæðum við bændaskóla, héraðsskóla eða annarsstaðar til þess að annast smíði á húsgögnum, hentugum fyrir alþýðu, og skal þá teiknistofan veita verkstæðum þessum alla nauðsynlega aðstoð, svo að þau geti komið að sem almennustum notum við smíði húsgagna

44. gr.

Teiknistofan skal veita bændum leiðbeiningar um byggingarkostnað, efnisval og annað, er við kemur húsagerð. Hún skal gefa út handbók með almennum leiðbeiningum í þessum efnum og fyrirmyndar uppdráttum að húsum og húsgögnum.

Teiknistofunni ber að fylgjast með erlendum og innlendum nýjungum í húsagerð, rannsaka þær og gera tilraunir með það, er til framfara mætti verða í gerð og notkun húsa, eftir því sem við verður komið.

45. gr.

Landbúnaðarráðherra skipar forstöðumann teiknistofunnar og ákveður laun hans, unz þau verða ákveðin í launalögum. Forstöðumaður annast stjórn teiknistofunnar, í samráði við stjórn Búnaðarbanka Íslands og nýbýlastjórn. Ræður forstöðumaður sér menn til aðstoðar að fengnu samþykki landbúnaðarráðherra.

46. gr.

Kostnaður við rekstur teiknistofunnar greiðist úr sjóðum þeim, er lán eða styrki veita til húsabygginga í sveitum, sbr. 41. gr. Greiðsla hvers sjóðs skal ákveðin af landbúnaðarráðherra í sem réttustu hlutfalli við það fjármagn, sem sjóðurinn veitir til byggingarinnar.

IX. KAFLI
Um viðhaldsskyldu, söluskilyrði o. fl.

47. gr.

Skylt er ábúanda að halda vel við byggingum þeim, sem lán eða styrkur hefir verið veitt til frá byggingar- og landnámssjóði. Trúnaðarmenn, er stjórn hans skipar, 2 eða fleiri í hverjum hreppi, skulu hafa eftirlit með viðhaldi byggingarinnar og tilkynna stjórn sjóðsins, ef því er í einhverju ábótavant.

48. gr.

Nú verða ábúendaskipti með sölu að fasteign, sem stendur í skuld við byggingar- og landnámssjóð, eða hefir fengið styrk frá honum, og er þá enginn kaupsamningur gildur um eignina, nema með árituðu samþykki sjóðsstjórnarinnar. Söluverð slíkrar fasteignar má ekki vera hærra en síðasta fasteignamat sýnir, að viðbættu virðingarverði þeirra mannvirkja, er unnin hafa verið frá því er síðasta fasteignamat fór fram. Þó skal frá því draga nýbýlastyrk, eða byggingarstyrk, ef veittur hefir verið til hlutaðeigandi jarðar, en gæta þess, ef jörðin í heild hefir fallið í verði frá því styrkurinn var greiddur, að verðfallið sé þá einnig reiknað hlutfallslega á styrknum. Mat sker úr um þetta atriði, ef ágreiningur verður.

Ef um opinbera eign er að ræða, ber að leigja hana samkvæmt lögum um erfðaábúð og óðalsrétt, en ella má eftirgjaldið ekki vera hærra en 5% landverðs, að viðbættum 4% húsaverðs, að frádregnum styrk, allt miðað við síðasta fasteignamat og virðingarverð umbóta, er síðan hafa verið gerðar.

Ef fasteign er seld eða leigð hærra en hér segir, fellur lán það, er á eigninni hvílir, í gjalddaga fyrirvaralaust, enda er þá og heimilt að krefja eiganda um endurgreiðslu á veittum byggingarstyrk, að nokkru eða öllu leyti, eftir mati.

Matsgerðir þær, er um ræðir í grein þessari, skulu framkvæmdar af 2 dómkvöddum mönnum.

49. gr.

Landbúnaðarráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði, er nauðsynleg þykja um framkvæmd laga þessara.

50. gr.

Um endurskoðun byggingar- og landnámssjóðs, starfsskýrslu o. fl. fer eins og fyrir er mælt í lögum nr. 31 14. júní 1929, um Búnaðarbanka Íslands.

51. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi felld lög nr. 35 7. nóv. 1928, um byggingar- og landnámssjóð, og breyting á þeim lögum, nr. 54 8. sept. 1931, lög nr. 25 1. febr. 1936, um nýbýli og samvinnubyggðir, og breyting á þeim lögum, nr. 97 23. júní 1936, og lög nr. 40 13. júní 1937, um framlög ríkisins til endurbygginga á sveitabýlum.

52. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Á síðasta Alþingi varð landbúnaðarnefnd sammála um víðtækar breytingartillögur við frv. til laga um byggingarsjóð sveitanna, sem lá fyrir því þingi, en málið fékk ekki fullnaðarafgreiðslu.

Landbúnaðarráðherra hefir látið athuga málið milli þinga og fella breytingartillögur nefndarinnar inn í meginmál viðkomandi laga. Nú flytur landbúnaðarnefnd því frv., sem er í öllum aðalatriðum eins og hún gekk frá málinu á síðasta þingi.

Nánar í framsögu.

Ed. 71. Frumvarp til laga

um stofnun húsmæðrakennaraskóla Íslands og húsmæðraskóla í Reykjavík eða nágrenni hennar.

Flm.: Magnús Jónsson, Guðrún Lárusdóttir.

1. gr.

Í Reykjavík eða nágrenni hennar skal setja á stofn húsmæðraskóla og í sambandi við hann húsmæðrakennaraskóla Íslands.

Húsmæðraskólinn skal veita konum þá kunnáttu, sem nauðsynleg er hverri húsmóður og gerir hana færa um að gegna vel stöðu sinni.

Húsmæðrakennaraskóli Íslands, sem skal vera framhaldsdeild húsmæðraskólans, skal veita konum þá kunnáttu, sem gerir þær færar um að takast á hendur kennslu við húsmæðraskóla landsins eða við störfum, þar sem þörf er á svipaðri kunnáttu.

2. gr.

Skólinn skal hafa aðstöðu til að geta verið heimangönguskóli fyrir nemendur, sem heimili eiga í Reykjavík. Í skólanum skulu vera heimavistir fyrir 40 til 50 nemendur og kennslustofur eftir því sem þörf krefur, ennfremur íbúð fyrir forstöðukonu, fasta kennara og þjónustufólk, svo og annað húsrúm, er nauðsynlegt er slíkum skóla. Skólinn skal byggður eftir uppdrætti, samþykktum af kennslumálaráðuneytinu, að fengnum tillögum forstöðukonu og skólaráðs. Skal skólinn vera búinn öllum nauðsynlegum tækjum til kennslu húsmæðra og húsmæðrakennara.

3. gr.

Skólinn skal hafa til umráða allt að 5 ha. af landi, þar sem hafa má garðyrkju, alifuglarækt og annan búskap, eftir því sem þörf þykir og ástæður leyfa.

4. gr.

Skólanum stýrir forstöðukona, er tekið hefir próf í húsmæðrakennarafræðum. Skal hún skipuð af kennslumálaráðuneytinu, eftir tillögum skólaráðs. Fastir kennarar skulu skipaðir af kennslumálaráðuneytinu, með samþykki forstöðukonu og skólaráðs, en aðra starfsmenn ræður forstöðukona með samþykki skólaráðs. Í skóla-

ráði skulu sitja 3 konur. Skal 1 vera skipuð af kvenfélagasambandi Íslands, 1 af bæjarstjórn Reykjavíkur og 1 af stjórnarráði Íslands, og skal hún vera formaður skólaráðs.

5. gr.

Ríkissjóður leggur fram ⅔ af stofnkostnaði skólans, gegn ⅓ annarsstaðar að. Starfræksla skólans skal kostuð af ríkisfé, og stendur skólinn undir umsjón kennslumálaráðuneytisins, sem setur reglugerð um fyrirkomulag hans, svo og hverjar námsgreinir kenndar séu.

6. gr.

Lög þessi öðlast gildi nú þegar og koma til framkvæmda, þá er fé hefir verið veitt til stofnunar skólans samkv. 5. gr. hér að framan. Skólaráð og forstöðukonu skal skipa strax og fé hefir verið veitt til stofnunar skólans.

Greinargerð.

Frumvarp þetta hefir verið flutt á tveim síðustu þingum, en hefir ekki verið afgreitt. Fylgdi því eftirfarandi greinargerð:

Frumvarpið er samið að tilhlutun kvenfélagasambands Íslands, sem hefir látið fylgja því til flutningsmanna eftirfarandi athugasemdir og skýringar.

Þrátt fyrir ýmsar breytingar, sem á seinni árum hafa orðið í þjóðlífinu, stendur sú staðreynd þó óhögguð, að aðalstarf flestra kvenna er húsmóðurstarfið. Það skiptir miklu fyrir þjóðfélagið, að það starf sé vel rækt. Á því veltur að miklu leyti uppeldi hinnar uppvaxandi kynslóðar og hagnýting efna þeirra, er þarf til að fæða og klæða þjóðina. Þetta getur því aðeins farið vel úr hendi, að hinum ungu konum sé gefinn kostur á að afla sér þeirrar menntunar, sem gerir þær hæfar til að leysa starf sitt vel af hendi, bæði í andlegum og verklegum efnum. Þessa fræðslu eiga þær að fá á heimilunum, í barnaskólum og húsmæðraskólum. Skulum vér nú sérstaklega taka húsmæðraskólamálið til athugunar.

Það eru nú rúm 60 ár síðan hinn fyrsti kvennaskóli var settur á stofn hér á landi, og 38 ár síðan fyrsti húsmæðraskóli landsins tók til starfa. Síðan þessir skólar hófu göngu sína, hefir mikil breyting orðið á menntamálum kvenna. Konur hafa fengið aðgang að öllum skólum landsins. Einnig hafa verið stofnsettir margir sérskólar fyrir konur. Það mætti því virðast svo sem eigi væri þörf nýrra skóla til menntunar kvenna. Þetta er þó eigi svo í raun og veru, og skulu hér færð nokkur rök því til sönnunar.

Sem stendur er nú húsmæðrafræðsla veitt í þessum skólum:

Vestfirðir: 1 skóli (á Ísafirði, 2 fjögra mán. námskeið, nemendur samt. 32).

Suðvesturland: 1 skóli (á Staðarfelli, 15 nemendur 7½ mán., 22 stúlkur hafa sótt síðastliðið ár).

Norðurland: 2 skólar (á Blönduósi og Laugum; á Blönduósi eru nú 33 nemendur, átta mán. námskeið. Fyrir næstu ár hafa nú þegar sótt 50 stúlkur. Á Laugum eru 15 nemendur 6 mán. Auk þess sem bráðlega mun verða komið upp skóla í Eyjafirði).

Austurland: 1 skóli (á Hallormsstað, 25 nemendur, 6 mán.).

Suðurland: 1 skóli (Húsmæðradeild kvennaskólans í Reykjavík hefir nú þriggja mán. námskeið, 12 nem. á hvoru).

Auk þess sem hér er greint, hefir verið reynt að bæta úr brýnni þörf með umferðakennslu og stuttum námskeiðum víðsvegar um land.

Eins og séð verður af ofangreindu, munu um 188 nemendur geta notið kennslu í skólum þeim, sem nú eru til. Árið 1930 voru heimili á landinu talin 20976 alls, og skiptast þau þannig: Suðvesturland 9267, Vestfirðir 2450, Norðurland 4934, Austurland 1907, Suðurland 2418. Virðist skýrsla þessi bera með sér, að á Vestur-, Norður- og Austurlandi sé sæmilega séð fyrir húsmæðrafræðslunni. Aftur á móti virðist svo

sem löggjafarnir hafi gleymt Suðvesturlandi (a. u. Dalasýslu), Suðurlandi og Reykjavík, þar sem þó eru 9636 heimili og 2526 stúlkur á 15—19 ára aldri, þar af í Reykjavík einni 5574 heimili og 1512 stúlkur á 15—19 ára aldri.

Eins og kunnugt er, hafa íslenzkir húsmæðrakennarar hingað til þurft að sækja menntun sína til útlanda. Nú er það ljóst, að hvert land hefir að einhverju leyti sérstöðu með tilliti til framleiðslu fæðuefna. Er því nauðsynlegt, að húsmæðrakennarar hafi sem víðtækasta þekkingu á innlendri fæðuefnafræði og matargerð, jafnframt því sem tekið er tillit til þeirra nýjunga, sem fram koma, innanlands sem utan, í þessari grein. En til þess að þetta geti orðið, þarf að koma á stofn innlendum skóla fyrir húsmæðrakennara, þar sem þeir geti öðlazt menntun, sem sé á borð við það, sem krafizt er af slíkum kennurum á Norðurlöndum.

Gegnum hendur húsmæðranna fara matvæli og fatnaður, og þar af má telja innlendar búsafurðir og fisk 19 millj. króna virði. En vefnaðarvörur og fatnaður hafa verið flutt til landsins fyrir 8400000 kr. Þar við bætist svo kornvara og nýlenduvörur, sem einnig skipta milljónum.

Þar sem vér höfum nú sýnt fram á þörfina á því að stofnsetja nýjan húsmæðraskóla, virðist oss sjálfsagt, að hann verði byggður þannig, að þar geti verið framhaldsdeild fyrir þær konur, sem vilja fá kennaramenntun í húsmæðrafræðum.

Við samningu laganna höfum vér lagt til grundvallar lög nr. 37 1917, um stofnun húsmæðraskóla á Norðurlandi. Að því er snertir einstakar greinar frumv. viljum vér taka fram það, sem hér segir.

Við 1. gr.

Skóli sá, er hér ræðir um, er ætlazt til, að sé í tveimur deildum, húsmæðraskóli og húsmæðrakennaraskóli. Viljum vér leggja sérstaka áherzlu á, að skóli þessi standi í eða við Reykjavík, bæði með tilliti til vöntunar á húsmæðraskóla þar, og einnig vegna þess, að það er álit vort, að húsmæðrakennaraskólinn hafi hvergi á landinu jafngóð skilyrði til að hagnýta það bezta, sem völ er á hér á landi, að því er varðar kennslukrafta, kennsluáhöld og hráefni.

Í húsmæðradeildinni á að kenna öll þau fræði, sem nauðsynleg eru húsmæðrum, hvort heldur er í kaupstöðum eða sveitum. Kennsla sé bæði verkleg og bókleg. Námstímann mætti miða við 5 mánuði, og væri þá hægt að hafa tvö námskeið á ári hverju. Skóla þessum er ætlað sama verkefni og öðrum húsmæðraskólum landsins.

Húsmæðrakennaraskólinn er hugsaður sem sjálfstæð deild, er taki við þeim nemendum, sem fullnaðarpróf hafa tekið í húsmæðradeildinni eða öðrum húsmæðraskólum landsins og vilja afla sér kennaramenntunar. Vér hyggjum, að námstími í skóla þessum þurfi að vera 2 ár. Ætla þyrfti skólanum húsrúm fyrir 10—12 nemendur. Teljum vér sjálfsagt, að þessir nemendur verði alltaf í heimavist. Próf frá skóla þessum veitir aðgang að kennarastöðum við húsmæðraskóla landsins og við verklegar námsgreinir í barnaskólunum. Einnig ættu þær konur, sem slíkt próf hafa tekið, öðrum fremur að sitja fyrir, þegar veittar eru ráðskonustöður við heimavistarskóla, sjúkrahús eða aðrar slíkar stofnanir.

Við 2. gr.

Ætlazt er til, að skóli þessi verði aðallega heimavistarskóli. En sjálfsagt þykir, að hann geti einnig verið heimangönguskóli fyrir stúlkur úr Reykjavík. Ennfremur er ætlazt til, að þar verði haldin stutt námskeið fyrir húsmæður í Reykjavík. Af þeim 50 heimavistum, sem gert er ráð fyrir, verður stöðugt að ætla 10 til 12 fyrir nemendur húsmæðrakennaraskólans.

Til undirbúnings skólans þarf að vanda eftir beztu föngum. Er því gert ráð fyrir, að leitað sé til sérfræðinga í húsmæðrafræðum um fyrirkomulag byggingarinnar og allan útbúnað. Séð skal fyrir því, að skólinn hafi aðstöðu til rannsókna á hagnýtingu ýmsra innlendra fæðuefna og njóti aðstoðar rannsóknarstofnana ríkisins í þeim efnum. Um ýmsar námsgreinir, svo sem heilsu- og lífeðlisfræði, meðferð ungbarna o.

fl. mundi skólinn að sjálfsögðu þurfa að njóta styrktar Háskóla Íslands og landsspítalans.

Við 3. gr.

Nauðsynlegt þykir, að skólinn hafi land til umráða. Ætti það að liggja umhverfis skólabyggingarnar, vera í góðu skjóli og vel fallið til ræktunar, einkum garðyrkju og trjárækt. Á skólanum þarf að fara fram garðyrkjukennsla, bæði verkleg og bókleg. Ennfremur kennsla í meðferð mjólkurkúa, svína og alifugla. Allt þetta þarf að vera í sambandi við skólann, — þó í smáum stíl — en starfrækt þannig, að til fyrirmyndar sé, enda ætlazt til, að nemendur taki virkan þátt í þessum störfum.

Við 4. gr.

Gert er ráð fyrir, að ein forstöðukona stýri báðum deildum skólans. Skal hún hafa sér til aðstoðar kennslukonu, er aðallega sér um húsmæðraskólann, svo og aðra kennslukrafta, er þörf er á. Forstöðukonan þarf að hafa mjög góða menntun í öllum þeim greinum, sem að húsmæðrafræðslu lúta, enda sé vandað til annara kennslukrafta. Til umsjónar með skólanum sé skipað skólaráð. Í því sitji konur eingöngu. Það á að vera í ráðum með forstöðukonu um öll vandamál skólans.

Við 5. gr.

Ætlazt er til, að ríkissjóður leggi fram ⅔ af stofnkostnaði skólans, en Reykjavíkurbær eða aðrir ⅓. Þetta ákvæði er í samræmi við lög nr. 37 26. okt. 1917, um stofnun húsmæðraskóla á Norðurlandi. Réttmætt þykir, að Reykjavíkurbær leggi fram ofangreindan hluta af stofnkostnaðinum, þar eð stofnun þessa skóla mundi bæta úr mjög aðkallandi þörf og verða til ómetanlegs gagns fyrir bæinn, beint og óbeint. Hinsvegar er oss fyllilega ljóst, að ríkis- og bæjarsjóður hafa, eins og nú standa sakir, lítið fé til umráða fram yfir brýnustu útgjöld. En vel má þó byrja undirbúning allan þegar á þessu ári. Mundi atvinnubótavinnan verða til meiri nytsemdar á annan hátt en þann, að hún væri látin ganga til undirbúnings byggingar húsmæðraskóla? — Vér vonum fastlega, að ríkisstjórnin og bæjarstjórn Reykjavíkur taki þetta mál til athugunar og komi því til leiðar, að framkvæmdir hefjist sem allra fyrst.

Í reglugerð er ætlazt til, að séu nákvæm ákvæði um alla stjórn og fyrirkomulag skólans, hvernig kennslunni verði hagað og hverjar námsgreinir kenndar séu.

Við 6. gr.

Þarf eigi skýringar að öðru en því, að rétt þykir, að forstöðukona og skólaráð geti verið með í ráðum um allan undirbúning varðandi skólann, þar sem með því má koma í veg fyrir ýmiskonar mistök.

Akureyri, 4. september 1935.

Jóninna Sigurðardóttir. Ragnhildur Pétursdóttir. Margrét Friðriksdóttir.

Nd. 72. Frumvarp til laga

um veiting ríkisborgararéttar.

Frá allsherjarnefnd.

Ríkisborgararétt skulu öðlast:

Eide, Hans, kaupmaður í Reykjavík, fæddur í Noregi.

Isebarn, Júliana Matthildur, skrifari í Reykjavík, fædd í Noregi.

Jónas Jónasson, verzlunarmaður í Reykjavík, fæddur hér á landi. — Réttur þessi tekur ekki til konu hans.

Kristján Halldórsson, verkamaður á Hólmavík, fæddur hér á landi.

Greinargerð.

Framantaldir menn, sem sótt hafa um að fá íslenzkan ríkisborgararétt, munu allir fullnægja skilyrðum þar að lútandi laga, og hefir dómsmálaráðuneytið mælt með umsóknum þeirra. Einn umsækjanda, Jónas Jónasson, hefir sérstaklega óskað þess, að kona sín héldi um sinn ríkisborgararétti í Kanada, og er því, með skírskotun til 5. mgr. 4. gr. ríkisborgararéttarlaganna, látið svo um mælt í frv., að íslenzkur ríkisborgararéttur taki ekki til konu hans.

Nefndinni höfðu borizt frá ráðuneytinu 6 aðrar umsóknir um ríkisborgararétt, allar frá erlendum mönnum. Þótti nefndinni á vanta, að þeir umsækjendur legðu fram fullnægjandi hegningarvottorð frá hlutaðeigandi erlendum yfirvöldum, og voru ráðuneytinu endursendar umsóknirnar með þessari athugasemd.

Nd. 73. Nefndarálit

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 69 31. des. 1937, um tekjur bæjar- og sveitarfélaga og eftirlit með fjárstjórn bæjar- og sveitarstjórna.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin mælir með, að frv. verði samþykkt.
Einn nefndarmanna, Ólafur Thors, var fjarverandi þegar málið var afgreitt.

Alþingi, 9. marz 1938.

Skúli Guðmundsson, form.	Emil Jónsson, fundaskr.	St. Stefánsson, frsm.

Sveinbjörn Högnason.

Nd. 74. Nefndarálit

um frv. til l. um framlenging á gildi laga um verðtoll og bráðabirgðaverðtoll.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin leggur til, að frv. verði samþykkt.
Einn nefndarmanna, Ólafur Thors, var fjarverandi þegar málið var afgreitt.

Alþingi, 9. marz 1938.

Skúli Guðmundsson, form., frsm.	Emil Jónsson, fundaskr.	St. Stefánsson.

Sveinbjörn Högnason.

Ed. 75. Nefndarálit

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 17 3. okt. 1903, um aðra skipun á æðstu umboðsstjórn Íslands.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin telur breytingu þessa nauðsynlega og mælir með, að frv. verði samþykkt. Einn nefndarm. (ÁJ) var fjarstaddur, er málið var afgreitt.

Alþingi, 10. marz 1938.

Sigurjón Á. Ólafsson, form.	Ingvar Pálmason, fundaskr., frsm.	Páll Hermannsson.

Magnús Jónsson.

Sþ. 76. Breytingartillaga

við till. til þál. um skipun milliþinganefndar til þess að endurskoða tolla- og skattalöggjöf landsins.

Frá Einari Olgeirssyni, Brynjólfi Bjarnasyni, Ísleifi Högnasyni.

Í stað orðanna „þremur stærstu“ í fyrstu málsgrein komi: öllum.

Ed. 77. Frumvarp til laga

um bæjarstjóra á Siglufirði og breytingar á lögum nr. 58 28. nóv. 1919.

Flm.: Erlendur Þorsteinsson.

1. gr.

Heimilt er bæjarstjórn Siglufjarðar að velja sér bæjarstjóra, er hafi með höndum sömu störf og njóti sömu réttinda og oddviti bæjarstjórnar Siglufjarðar hefir gert hingað til.

2. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin þau ákvæði laga nr. 58 28. nóv. 1919, sem í bág koma við 1. gr.

Fellur umboð núverandi oddvita bæjarstjórnar Siglufjarðar niður strax og bæjarstjóri hefir verið kosinn.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Þar sem núverandi oddviti hefir óskað þess að verða laus við oddvitastörfin í bæjarstjórninni, og hinsvegar meiri hluti kjósenda við síðustu bæjarstjórnarkosningar, sem mætti við kosninguna, hefir óskað eftir sérstökum bæjarstjóra, telur bæjarstjórnin sjálfsagt að fá slík heimildarlög samþykkt, svo að kosinn verði sérstakur bæjarstjóri.

Nd. 78. Nefndarálit

um frv. til l. um bókhald.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin leggur til, að frv. verði samþykkt. Einstakir nefndarmenn áskilja sér þó rétt til að bera fram brtt.

Alþingi, 10. marz 1938.

Sveinbjörn Högnason, form. Vilm. Jónsson, fundaskr. Gísli Guðmundsson, frsm.
Garðar Þorsteinsson. Thor Thors.

Nd. 79. Nefndarálit

um frv. til l. um húsmæðrafræðslu.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin hefir athugað frv. allýtarlega og leggur til, að það verði samþykkt.

Nefndin hefir gert nokkrar breytingartillögur við frv., er hún ber fram á sérstöku þingskjali, og eru það mest formsatriði. Eina efnisbreytingu fer hún þó fram á, þ. e. að ekki verði með öllu felld burtu heimild skólanna til að taka nokkurt skólagjald af nemendum, en takmarka það við 50 kr. yfir allan námstímann, og yrðu því þeir nemendur, er sækja skólann í tvö kennsluár, gjaldfrjálsir fyrir síðara tímabilið. Nefndin hefir ekki tekið fullnaðarafstöðu til síðari kaflans.

Tveir nefndarmenn, þeir Emil Jónsson og Pétur Ottesen, voru fjarstaddir þegar frv. var afgreitt frá nefndinni.

Nánar í framsögu.

Alþingi, 10. marz 1938.

Bjarni Ásgeirsson, form., frsm.	Steingr. Steinþórsson, fundaskr.	Jón Pálmason.

Nd. 80. Breytingartillögur

við frv. til l. um húsmæðrafræðslu.

Frá landbúnaðarnefnd.

1. Við 1. gr. Greinin orðist svo:
   Landbúnaðarráðherra hefir yfirstjórn húsmæðrafræðslu samkvæmt lögum þessum.
2. Við 2. gr. Greinin orðist svo:
   Húsmæðraskólar þeir, er um getur í 3. gr., skulu viðurkenndir og styrktir af ríkinu, enda fullnægi þeir ákvæðum laga þessara.
3. Við 3. gr.
   a. Upphaf fyrri málsgr. orðist svo:
      Húsmæðraskólar þeir, er njóta styrks samkv. lögum þessum, eru á eftirtöldum stöðum o. s. frv.
   b. Síðari málsgr. orðist svo:
      Skólar þessir skulu vera sjálfseignarstofnanir, eign héraða eða sýslufélaga og fullnægja ákvæðum laga þessara.
4. Við 4. gr. Greinin orðist svo:
   Tilgangur skólanna er að veita konum hagnýta fræðslu til undirbúnings húsmóðurstöðu, miðað við íslenzka staðhætti, einkum í sveit.
5. Við 5. gr.
   a. Í stað „16“ komi: 18.
   b. Á undan orðinu „forstöðukonu“ komi: þó.
6. Við 6. gr. Greinin orðist svo:
   Hver nemandi skal njóta 7 til 14 mánaða kennslu. Lengd námstíma og skipulag kennslu í hverjum skóla ákveður ráðherra með reglugerð.
7. Við 7. gr. Greinin orðist svo:
   Kennslan skal vera bæði verkleg og bókleg. Verklegar námsgreinar eru:

Matreiðsla, hússtjórn, þvottur, ræsting, vefnaður, hannyrðir, garðyrkja, alifuglarækt og íþróttir. Bóklegar námsgreinar eru: Íslenzka, reikningur, bókfærsla, matarefnafræði, heilsufræði, uppeldisfræði og söngur. Heimilt er með reglugerð að ákveða fleiri námsgreinar.

8. Við 8. gr. Greinin orðist svo:
   Skólaráð hvers skóla sé skipað fimm mönnum, til 4 ára í senn. Ráðherra tilnefnir einn mann, og er hann formaður. Hina fjóra tilnefna þeir aðiljar, er teljast stofnendur skólans. Nú er kvenfélagasamband í héraðinu, sem eigi hefir tekið þátt í skólastofnun, og skal það þó tilnefna einn mann í ráðið. Skólaráðið ræður forstöðukonu skólans og kennara, í samráði við hana, og hefir að öðru leyti alla yfirstjórn skólans.
9. Við 9. gr. Greinin falli niður og greinatala breytist samkv. því.
10. Við 10. gr. Síðasta málsgr. orðist þannig:
    Ef einhver skólinn hefir færri en 10 nemendur, á hann enga kröfu á styrk það ár.
11. Við 12. gr. Greinin orðist svo:
    Enginn skóli hefir heimild til að taka hærra skólagjald en 50 kr. á nemanda yfir skólatímann.
12. Við 14. gr. Upphaf greinarinnar orðist svo:
    Heimilt er að stofna o. s. frv.

Ed. 81. Nefndarálit

um till. til þál. um verðlag á mjólk.

Frá meiri hl. landbúnaðarnefndar.

Nefndin hefir klofnað í málinu. Meiri hlutinn (ÞÞ, PZ) leggur til, að tillögunni verði vísað til stjórnarinnar, en minni hlutinn (ErlÞ) mun gera grein fyrir áliti sínu sérstaklega.

Meiri hlutinn vill taka þetta fram:

1. Viðvíkjandi 1. lið tillögunnar: Verðlag á mjólk og mjólkurafurðum í Reykjavík og Hafnarfirði á nú eftir lögum að ákveðast af mjólkurverðlagsnefnd, og virðist það því eigi á valdi ríkisstjórnarinnar að breyta ákvörðun hennar. Hinsvegar hefir málið svo mikilsverða þýðingu, bæði fyrir neytendur og framleiðendur mjólkur, að meiri hl. vill leggja til, að þáltill. verði vísað til stjórnarinnar til athugunar.
2. Viðvíkjandi 2. lið tillögunnar: Framkvæmd á því, að rannsaka, hvað gera megi til að lækka framleiðslukostnað á landbúnaðarvörum, heyrir frekar undir verksvið Búnaðarfélags Íslands og búnaðarfélagsskaparins í landinu en ríkisstjórnina, en í trausti þess, að ríkisstjórnin styðji að því, að sem bezt sé unnið að slíkum rannsóknum, þykir meiri hluta nefndarinnar rétt að leggja líka til, að þessum lið till. verði vísað til ríkisstjórnarinnar.
3. Viðvíkjandi 3. lið tillögunnar: Meiri hluti nefndarinnar lítur svo á, að það sé mjög mikils virði frá fjárhagslegu sjónarmiði og mjög hollt frá heilbrigðislegu sjónarmiði, að mjólkurneyzlan í bæjunum aukist frá því, sem nú er, en treystir því, að ríkisstjórnin, í samráði við mjólkursölunefnd og aðra aðilja, styðji að því, og í sambandi við það séu athugaðir möguleikar á flokkun neyzlumjólkur og sölu fleiri mjólkurtegunda.

Alþingi, 10. marz 1938.

Páll Zóphóníasson, form., frsm. Þorst. Þorsteinsson.

Ed. 82. Frumvarp til laga

um vörugjald fyrir Vestmannaeyjakaupstað.

Flm.: Jóhann Jósefsson.

1. gr.

Til þess að standa straum af útgjöldum Vestmannaeyjakaupstaðar skal bæjarstjórn heimilt að leggja á vörur, sem fluttar verða til og frá Vestmannaeyjum, sérstakt vörugjald, er nemi allt að 50% af vörugjaldi til Vestmannaeyjahafnar eins og það er á hverjum tíma, og skal upphæð gjaldsins, innheimta og annað, er þurfa þykir, ákveðið með reglugerð, er bæjarstjórn semur og atvinnumálaráðherra staðfestir.

Undanþegnar gjaldi þessu eru vörur, sem innfluttar eru til stofnana eða einstakra manna, búsettra í öðrum héruðum, eða koma frá þeim til útflutnings, enda þótt settar séu á land í Vestmannaeyjum.

Gjald þetta má taka lögtaki.

Í reglugerð má ákveða, að vörur megi ekki afhenda eða afgreiða til útflutnings, nema sýnd sé kvittun fyrir greiðslu gjaldsins.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Á s t æ ð u r.

Í nokkur undanfarin ár hefir Vestmannaeyjakaupstaður notið nokkurra tekna af vörugjaldi, sem heimilað hefir verið að leggja á og var upphaflega gert með breyting á l. nr. 23 15. júní 1926, um bæjargjöld í Vestmannaeyjum.

Þótt ekki hafi náðst almennt samkomulag á Alþingi um að leyfa bæjar- eða sveitarfélögum að afla sér tekna með vörugjöldum, hefir þingið þó jafnan fallizt á að heimila Vestmannaeyjakaupstað þessa tekjuöflun, aðallega vegna þess, að gjald þetta greiðist einvörðungu af Vestmannaeyingum sjálfum, en snertir ekki aðra landsmenn.

Á síðasta þingi var ný löggjöf sett um tekjur bæjar- og sveitarfélaga og eftirlit með fjárstjórn bæjar- og sveitarstjórna og þar með felld úr gildi ýms eldri lagafyrirmæli um tekjuöflun bæjarfélaga, þar á meðal nefnd lög, nr. 23 frá 15. júní 1926. Í staðinn eiga nú að koma úthlutanir fjár úr jöfnunarsjóði bæjar- og sveitarfélaga ásamt hækkuðum fasteignaskatti.

Við eftirgrennslan hefir það komið í ljós, að þrátt fyrir það, þó til standi að greiða úr jöfnunarsjóði bæjar- og sveitarfélaga á þessu ári 313700 kr. til jöfnunar fátækraframfæri til ýmissa kaupstaða og kauptúna landsins fyrir árið 1936, er ekki gert ráð fyrir, að Vestmannaeyjakaupstaður fái einn eyri af því fé. Skiptingin fer fram eftir hinum einkennilegu reglum VIII. kafla framfærslulaganna, nr. 135 31. des. 1935. Þrátt fyrir það, þótt meðalfátækrabyrði Vestmannaeyja sé litlu minni en Hafnarfjarðar, og miklu meiri en Ísafjarðar, samkvæmt þeirri skýrslu, er í fyrra fylgdi frv. um tekjur bæjar- og sveitarfélaga, fá báðir hinir síðartöldu kaupstaðir marga tugi þúsunda úr jöfnunarsjóði, en Vestmannaeyjar ekkert, eins og áður segir. Fyrir utan Reykjavík er Vestmannaeyjakaupstaður eini kaupstaðurinn, sem alveg fer varhluta af þessu fé fyrir umrætt ár.

Af þessu er það sýnt, að ekki má svipta þetta bæjarfélag þeim litlu tekjum, sem það hefir haft af vörugjaldinu, ef ekki eiga af að hljótast meiri fjárhagsleg vandræði en bæjarfélagið fær við ráðið.

Ed. 83. Nefndarálit

um till. til þál. um verðlag á mjólk.

Frá minni hl. landbúnaðarnefndar.

Nefndin hefir ekki getað orðið sammála um afgreiðslu þessarar þáltill. Meiri hl. nefndarinnar (PZ, ÞÞ) vill vísa þessu máli til ríkisstjórnarinnar. Ég get ekki fallizt á þessa afgreiðslu málsins.

Ég tel, að árangur af mjólkurverðhækkuninni verði neikvæður sem hagsbótaatriði fyrir mjólkurframleiðendur, og mjólkurverðlagsnefnd hafi því farið skakka leið í þessu máli. Þá má einnig á það benda, að nefnd sú, sem ákveðið hefir verðhækkunina, er skipuð samkvæmt mjólkurlögum frá seinasta þingi, sem samþykkt voru af sumum þingmönnum í því trausti, að sú breyting, sem gerð var á lögunum, myndi engin áhrif hafa til hækkunar á útsöluverði neyzlumjólkur. Tel ég því rétt, að skoðun þingsins á því, hvort mjólkurverðlagsnefnd hafi stefnt í rétta átt, komi greinilega fram.

Aðrir liðir tillögunnar, svo og viðbótartillaga á þskj. 28, miða í þá átt að rannsaka um lækkun framleiðslukostnaðar og aukningu mjólkurneyzlu. Er hér um að ræða stórfelld hagsmunaatriði, ekki einungis fyrir mjólkurneytendur, heldur einnig og ekki síður fyrir framleiðendur, og er því sjálfsagt að samþykkja slíkt.

Ég tel ekki fært vegna öryggis í mjólkurmálum Reykjavíkur og Hafnarfjarðar að taka þau lönd, sem nú eru notuð til mjólkurframleiðslu, til annars og eiga mjólkurþörf þessara bæja undir framleiðslu fjarlægra sveita, sem samgöngur geta hæglega fallið niður við um lengri tíma yfir vetrarmánuðina. Ég legg því til, að þáltill. verði samþ. með eftirfarandi

BREYTINGARTILLÖGU.

Við 2. Orðin „og hvaða tegund framleiðslu hentar bezt á þessu svæði“ falli burt.

Alþingi, 12. marz 1938.

Erl. Þorsteinsson,
fundaskr.

Ed. 84. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 46 19. maí 1930, um fiskveiðasjóð Íslands.

Frá sjávarútvegsnefnd.

1. gr.

Tölul. II. í 2. gr. laganna orðist þannig:

Tillag úr ríkissjóði, 1 milljón króna. Af upphæð þessari greiðast kr. 666666.67 á þann hátt, að ríkissjóður tekur að sér að greiða sem sína eigin skuld, frá og með 1. janúar 1938, eftirstöðvar af skuld fiskveiðasjóðs við Den danske Landsmandsbank í Kaupmannahöfn, nú að upphæð d. kr. 666666.67.

Afganginn, kr. 333333.33, greiðir ríkissjóður, eftir nánara samkomulagi við stjórn sjóðsins.

2. gr.

a. Í stað „50 rúmlesta“ í a-lið 4. gr. laganna komi: 150 rúmlesta.

b. B-liður sömu gr. orðist þannig: Stofnunar iðjufyrirtækja í sambandi við fisk-

veiðar, gegn fyrsta veðrétti í frystihúsum, lifrarbræðslustöðvum, fiskimjölsverksmiðjum og öðrum iðjufyrirtækjum, sem vinna eingöngu eða að langmestu leyti að hagnýtingu fiskiafurða.

3. gr.

5. gr. laganna skal orða svo:

Út á ný skip með nýjum vélum má lána allt að helmingi virðingarverðs. Sé einnig um aukatryggingar að ræða, sem sjóðsstjórnin metur gildar, má lána allt að ⅗ virðingarverðs, og sé skipið byggt hér á landi, allt að ⅞ virðingarverðs.

Um lán út á skip eldri en eins árs fer eftir ákvörðun sjóðsstjórnarinnar í hvert skipti.

Lengsti lánstími samkv. a-lið 4. gr. er 12 ár og hámarkslán út á eitt skip, með eða án aukatrygginga, 48 þúsund krónur.

4. gr.

6. gr. laganna skal orða svo:

Út á eignir, sem tilgreindar eru í b-lið 4. gr., má lána allt að ⅖ virðingarverðs, ef um nýja eign er að ræða. Lengstur lánstími er 15 ár og hámark láns 35 þúsund krónur.

5. gr.

7. gr. laganna skal orða svo:

Vextir af lánum úr fiskveiðasjóði skulu vera 5% — fimm af hundraði — á ári og greiðast fyrirfram fyrir eitt ár í senn, eða fyrir hluta úr ári, miðað við gjalddaga á lánum úr fiskveiðasjóði, sem skal vera hinn 1. nóvember ár hvert.

Nú er afborgun og vextir eigi greitt fyrir 15. nóvember, og má þá ennfremur reikna ½% dráttarvexti fyrir hvern hálfan mánuð eða minna, sem greiðsla dregst.

6. gr.

8. gr. laganna fellur niður.

7. gr.

11. gr. laganna fellur niður.

8. gr.

15. gr. laganna, sem verður 13. gr., skal orða svo:

Fiskveiðasjóður er undanþeginn opinberum gjöldum og sköttum, hverju nafni sem nefnast. Bækur sjóðsins og kvittanir, svo og skuldabréf fyrir lánum úr sjóðnum, umboð, veðleyfi og ábyrgðaryfirlýsingar gagnvart honum, eru undanþegin stimpilgjaldi. Eignar- og veðbókarvottorð er skylt að afgreiða til sjóðsins án endurgjalds.

9. gr.

16. gr. laganna, sem verður 14. gr., skal orða svo:

Yfirumsjón fiskveiðasjóðs er í höndum þess ráðherra, er fer með sjávarútvegsmál.

Útvegsbanki Íslands h/f í Reykjavík hefir á hendi framkvæmdastjórn sjóðsins og annast alla starfrækslu hans. Skal fiskveiðasjóður vera sérstök deild í bankanum, með aðskildum fjárhag og bókhaldi.

Kostnaður við rekstur fiskveiðasjóðs (og skuldaskilasjóðs vélbátaeigenda) greiðist af tekjum sjóðsins.

10. gr.

Á eftir 16. gr. laganna, sem verður 14. gr., kemur ný (15.) gr., svo hljóðandi:

Ákvæði 11., 12., 13. og 14. gr. skulu einnig gilda um skuldaskilasjóð vélbátaeigenda, eftir því sem við á.

11. gr.

Þegar lög þessi hafa hlotið staðfestingu, skal meginmál þeirra fellt inn í lög nr. 46 19. maí 1930 og þau síðan gefin út, svo breytt, sem lög frá Alþingi.

Greinargerð.

Sú skipun, sem nú er á fiskveiðasjóði Íslands, var gerð með lögum nr. 46 19. maí 1930, og var til þess ætlazt, að sjóðurinn yrði efldur mjög hratt. Samkvæmt þeim lögum ber ríkissjóði að leggja sjóðnum eina milljón kr., er greiðast skyldi að fullu fyrir 1. júní 1941, og var síðar með reglugerð ákveðið, að framlag ríkissjóðs skyldi vera 100000 kr. á ári frá því árið 1930. Auk þess var sjóðnum ákveðið lítið brot úr hundraðshluta af gjaldi af útfluttum sjávarafurðum, eða ⅛%, sem ekki virtist geta numið nema litlu til eflingar sjóðnum, þar sem það var aðeins ⅓ hluti þess gjalds til hins opinbera, sem greitt var þá af þessum afurðum. Á þeim sjö árum, sem liðin eru síðan lög þessi voru sett, hefir fiskveiðasjóður fengið beint frá útgerðinni, vegna þess ákvæðis, er hér um ræðir, um 330 þúsund krónur, og gefur það nokkra bendingu um, hversu fljótt hefði mátt gera fiskveiðasjóð sterka lánsstofnun, ef fallizt hefði verið á að láta helming útflutningsgjalds sjávarafurða renna til hans í nokkur ár, meðan tækt þótti að halda þeirri gjaldskyldu óbreyttri frá því, sem var 1930. Ríkissjóður hefir enn ekkert lagt af mörkum til sjóðsins samkvæmt lögunum frá 1930. Hinsvegar var tekið lán handa sjóðnum í Danmörku með ábyrgð ríkissjóðs, og nema vextir og afborganir af því á ári um 120 þús. kr.

Þegar sjóðurinn þannig verður að starfa með dýru lánsfé, er ekki von til þess, að hann geti vel fullnægt hlutverki sínu. Þetta hefir löngu verið ljóst, og hafa ýmsar tilraunir verið gerðar af Alþingi á undanförnum árum til þess að efla sjóðinn.

Á fimm undanförnum þingum hafa sjálfstæðismenn borið fram frumvörp til eflingar fiskveiðasjóðnum. Og á Alþ. 1935 komu fram, auk frumvarps sjálfstæðismanna, sitt frumvarpið frá hvorum, framsóknarflokks- og alþýðuflokksmönnum.

Skal nú drepið á þær helztu leiðir, sjóðnum til eflingar, sem á hefir verið bent í nefndum frumvörpum.

Í frumvörpum sjálfstæðismanna hefir jafnan verið lagt til sem aðalráðstöfun, að ríkið taki að sér að greiða eftirstöðvar láns þess, er tekið var í Landmandsbankanum danska handa sjóðnum. Á þann hátt myndi ríkið geta fullnægt að nokkru leyti ákvæðum laganna frá 1930 um þennan sjóð.

Þá fóru tillögur sjálfstæðismanna fram á, að helmingur útflutningsgjaldsins af sjávarafurðum rynni í sjóðinn, unz hann væri orðinn styrk lánsstofnun. En þá var stefnt að því um leið, að sjóðurinn yrði með tímanum fær um að standa undir endurnýjun fiskiskipastóls landsmanna yfirleitt, að togurum meðtöldum.

Frumvarp alþýðuflokksmanna frá þinginu 1935 og frumvarp framsóknarflokksmanna frá sama þingi, um starfsemi þessa sjóðs, lögðu höfuðáherzluna á það að auka heimild þá, sem er í lögum sjóðsins, til útgáfu handhafavaxtabréfa með ábyrgð ríkissjóðs. Var í báðum þessum frumvörpum lagt til að tvöfalda heimildarupphæðina úr einni og hálfri milljón upp í þrjár milljónir kr.

Í frumvarpi alþýðuflokksmanna var auk þess lagt til, að hundraðshluti ræktunarsjóðs af útfluttum afurðum rynni í fiskveiðasjóð, þegar þetta tillag til ræktunarsjóðs hefði náð vissri upphæð.

Hér hefir aðeins verið minnzt á þær hliðar þessara frumvarpa allra, sem snúa að fjáröflunarleiðum fiskveiðasjóði til handa. En auk þess höfðu þau öll inni að halda ýms önnur ákvæði um breytingar á lánsskilyrðum og útfærslu á starfssviði sjóðsins.

Ætti það, sem að framan segir, að vera nægilegt til að sýna fram á, hve mjög þörfin fyrir umbætur á þessari stofnun hefir gert vart við sig undanfarin ár.

Um álit sjóðsstjórnarinnar (bankastjórnar Útvegsbankans) má vísa til eftirfarandi útdráttar úr bréfi hennar til Alþingis um þetta mál, sem prentaður var með greinargerð fyrir frumvarpi sjálfstæðismanna á síðasta þingi. Í bréfinu segir svo:

„Það verður naumast hjá því komizt að auka starfsfé fiskveiðasjóðs áður en langt um líður, ef sjóðurinn á ekki að draga mjög tilfinnanlega úr lánveitingum á næstunni frá því, sem verið hefir síðastliðin 5 ár.

Vér vitum að vísu, að erfiðleikar eru á greiðslum úr ríkissjóði, en vér teljum það hina mestu nauðsyn að auka fjármagn sjóðsins. Vér teljum því rétt, að hv. sjávarútvegsnefnd beini sérstaklega athygli sinni að því að auka starfsfé sjóðsins, eins og raunar er sameiginlegt með þessum frumvörpum, þótt það komi fram á mismunandi hátt, og viljum vænta, að nefndinni takist að finna til þess heppilegar leiðir.“

Sjóðsstjórnin andmælir mjög ákveðið, að sú leið sé farin að auka starfsfé sjóðsins með lántökum. Um þetta atriði segir sjóðsstjórnin m. a.:

„Hefir hér að framan verið bent á það, að lántökur handa sjóðnum, er hann ætti sjálfur að standa undir, sé varhugaverð leið til þess að auka útlán sjóðsins. Ef ríkið tæki að sér að greiða sjálft danska lánið, mundi það auka starfsfé sjóðsins sem svaraði afborgunum og vaxtagreiðslu, en sú fjárhæð er nú líðlega 120000 krónur árlega. Lítið eitt hærri fjárhæð en hið árlega tillag, sem ríkissjóði var ætlað að greiða í fiskveiðasjóð samkvæmt lögunum frá 1930, en ekki hefir verið gert.“

Nú hefir svo skipazt, að afnumið hefir verið útflutningsgjaldið af saltfiski, og eru mjög háværar kröfur um það meðal útvegsmanna, að afnema beri með öllu útflutningsgjald til ríkissjóðs af sjávarafurðum, hverju nafni sem nefnast. Sýnist margt mæla með því, að til þess hljóti að draga fyrr eða síðar. Eins og nú er komið hag útvegsins, er ekki heldur líklegt, að hann geti staðið undir sérstöku gjaldi svo nokkru nemi til fiskveiðasjóðs, og virðist því ekki rétt að halda þeirri kröfu fram, eins og nú horfir við.

Flutningsmenn þessa frumvarps, sem teljast til þriggja stærstu flokka þingsins, hafa á hinn bóginn orðið ásáttir um að fara þá aðalleið til eflingar sjóðnum, sem sjálfstæðismenn hafa bent á í frumvörpum sínum, þá, að sjóðurinn fái í umferð, til viðbótarlánveitinga árlega úr sjóðnum, þá upphæð, sem nú verður hann að greiða í afborganir og vexti af danska láninu.

Flutningsmenn telja ekki heppilega þá leið, að afla fiskveiðasjóði fjár með útgáfu handhafavaxtabréfa frekar en orðið er.

Í samræmi við þann tilgang frv. að öðru leyti, að létta undir með þeim, er lán þurfa að fá úr fiskveiðasjóði, er lagt til, að ákvæði 7. gr. laganna falli niður. Það heimilar stjórn fiskveiðasjóðs að leggja árlega ¼% aukagjald á lán hvert, er renni í sjóð, hliðstæðan varasjóði, og var þeim sjóði ætlað að bæta fiskveiðasjóði þann halla, sem hann kynni að bíða vegna sjóveða í veðsettum skipum. Þetta var á sínum tíma talið að myndi nægja til þess að sjóðurinn gæti lánað gegn veði einungis í skipum án fasteignatryggingar. Reyndin hefir samt sem áður orðið sú, að sjóðurinn hefir ekki séð sér annað fært en að halda upptekinni venju og krefjast áframhaldandi fasteignaveðs sem aukatryggingar, þegar hann hefir veitt lán út á skip.

Rétt þykir að breyta til muna ákvæðum 4. gr. laganna, um það, hve stór skip megi fá lán úr sjóðnum. Mjög tvísýnn hagur er að því að hafa slík ákvæði þröng. Tvímælalaust er það hentugra, að þeir, er byggja vilja skip og fá lán úr sjóðnum, hafi sem fyllstan ákvörðunarrétt um stærð skipanna, innan skynsamlegra takmarka. Til þess að verksvið sjóðsins haldist í hendur við auknar framfarir í fiskiðnaði, hverskonar sem eru, virðist og rétt að breyta orðalagi b-liðs 4. gr. laganna, eins og gert er með frumvarpinu. Þá er og rýmkuð heimild um lánsfjárhæð út á ný skip, ef líka fylgir aukatrygging í fasteign eða öðru, sem tryggingarhæft er. Ennfremur er ákvæði um það, að lána megi hæsta upphæð hlutfallslega, miðað við virðingarverð, út á þau skip, sem smíðuð eru hér á landi, og er þetta til að styðja innlenda skipasmíði.

Með frumvarpi þessu er gert ráð fyrir því, að ákvæði 8. gr. laganna, um skyldu til að leggja fé í varasjóð, falli niður. Varasjóður fiskveiðasjóðs mun nú nema um 150 þús. kr. Með þeirri tilhögun, sem frv. gerir ráð fyrir, að verði framvegis, að fiskveiðasjóður hætti að starfa með lánsfé, myndi varasjóði þeim, sem nú er til, einnig verða varið til útlána.

Loks má geta um vextina. Þeir eru nú 6%, auk þess sem hver lántakandi skal

greiða 1% af lánsupphæðinni í varasjóð deildarinnar um leið og hann tekur lánið. Samkvæmt frumvarpinu er gert ráð fyrir, að vextir lækki niður í 5%, og að 1% lántökugjaldið verði alveg fellt niður, auk þess sem lagt er til, að ¼% árlegt aukagjald í tryggingarsjóð sé látið hverfa. Er með þessu stefnt að töluverðum létti fyrir viðskiptamenn fiskveiðasjóðs.

Ed. 85. Nefndarálit

um till. til þál. um rannsókn vitastæðis á Þrídröngum.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin hefir haft þáltill. þessa til meðferðar og leggur til, að hún verði samþykkt.

Síðan tillagan kom fram hafa Alþingi borizt áskoranir 72 vélbátaskipstjóra í Vestmannaeyjum, og ennfremur fundargerð skipstjórafundar, er haldinn hefir verið í Vestmannaeyjum um þetta mál. Eru áskoranir skipstjóranna mjög eindregnar um það, að byggður sé ljósviti á Þrídröngum.

Alþingi, 10. marz 1938.

Ingvar Pálmason, form.	Sigurjón Á. Ólafsson, fundaskr.	Jóhann Þ. Jósefsson, frsm.

Nd. 86. Frumvarp til laga

um breyting á vegalögum, nr. 101 frá 19. júní 1933

Flm.: Bjarni Ásgeirsson.

1. gr.

18. gr. laganna orðist svo:

Kostnaður við hreppsvegi greiðist úr sveitarsjóði, en í hann skal greiða hreppsvegagjald fyrir hvern verkfæran karlmann í hreppnum 20 til 60 ára að aldri, í hverri stöðu sem hann er (sbr. þó 19. gr.). Gjald þetta sé jafnhátt dagkaupi því, er viðkomandi sýslunefnd ákveður í sýsluvegavinnu ár hvert. Heimilt er þó hreppsnefnd að ákveða fyrir eitt ár í senn að tvöfalda framlag til hreppsvega, og fer um greiðslu gjaldsins samkv. ákvæðum 19. gr.

2. gr.

19. gr. laganna orðist svo:

Hver sá maður, sem talinn er á verkfærraskrá, skal greiða hreppsvegagjaldið í peningum í sveitarsjóð eða vinna eitt dagsverk í hreppsvegum samkv. ákvörðun hreppsnefndar.

Húsráðandi hver innir gjaldið af hendi eða annast vinnuna fyrir heimilismenn sína, þar á meðal lausamenn, er teljast þar til heimilis. Eindagi gjaldsins, ef viðkomandi hefir ekki unnið það af sér fyrir það ár, er 31. desember.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Flm.: Gísli Guðmundsson, Skúli Guðmundsson.

1. gr.

Sameinað Alþingi kýs hlutbundinni kosningu 5 manna nefnd til þess að rannsaka hag og rekstur togaraútgerðarfyrirtækja félaga og einstakra manna. Skal nefndin sérstaklega taka til athugunar, hvort hægt muni að gera rekstur togaranna hagkvæmari og ódýrari en nú er, og á hvern hátt unnt sé að koma á öruggan grundvöll útgerð þeirra skipa, sem rekin hafa verið með tapi undanfarin ár.

Nefndin skili niðurstöðum rannsóknarinnar og tillögum til ríkisstjórnarinnar. Getur ríkisstjórnin, að þeim tillögum fengnum, falið nefndinni að rannsaka einstök atriði nánar, ef ástæða þykir til.

Kostnaður við störf nefndarinnar greiðist úr ríkissjóði.

2. gr.

Nefndin skal hafa heimild til að heimta skýrslur, munnlegar eða bréflegar, af eigendum og stjórnendum togaraútgerðarfyrirtækja og öðrum, um þau atriði, sem

hún telur þörf á við framkvæmd rannsóknarstarfa sinna. Einnig er nefndinni heimilt að rannsaka bækur og skjöl viðkomandi útgerðarfyrirtækja, og eru allir, sem hafa slíkar bækur og skjöl í sínum vörzlum, skyldir til að veita nefndinni aðgang að þeim.

3. gr.

Nefndarmönnum og starfsmönnum nefndarinnar, ef einhverjir eru, er bannað, að viðlagðri ábyrgð eftir ákvæðum almennra hegningarlaga um embættis- og sýslunarmenn, að skýra óviðkomandi mönnum frá því, sem þeir verða áskynja í starfi sínu og varðar einkamál einstakra manna eða fyrirtækja.

4. gr.

Sá, sem vanrækir skyldur þær, sem um ræðir í 2. gr., skal sæta 10—200 kr. dagsektum, unz skyldunni er fullnægt.

Ef nefndinni eru gefnar rangar skýrslur, varðar það sektum, allt að 10000 kr., nema þyngri refsing liggi við samkvæmt lögum.

5. gr.

Mál út af brotum á lögum þessum skulu sæta meðferð almennra lögreglumála.

6. gr.

Nefnd sú, er ræðir um í 1. gr., skal kosin þegar eftir gildistöku laga þessara, ef gildistakan fer fram áður en Alþingi því, er lögin samþykkir, er slitið. Ef gildistakan fer fram síðar, skal nefndin þó kosin á Alþingi því, er lögin samþykkir.

7. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frv. þetta er flutt samkvæmt ósk fjármálaráðherra og ákvörðun Framsóknarflokksins.

Af hálfu útgerðarmanna hafa nú undanfarið borizt ítrekaðar málaleitanir um fjárhagslegar ívilnanir og aðstoð frá ríkinu. Málaleitanir þessar hafa sérstaklega verið rökstuddar með því, að rekstur togaraútgerðarinnar beri sig ekki og að ekki sé unnt að láta hann bera sig af eigin rammleik.

Ríkisvaldið hefir á síðustu árum, auk beinna fjárframlaga, veitt útgerðinni meiri ívilnanir í opinberum gjöldum en áður hafa verið dæmi til. Má þar nefna afnám útflutningsgjalds á saltfiski, afhending annara útflutningsgjalda til fiskimálasjóðs, heimild til eftirgjafar á kola- og salttolli o. fl. Þrátt fyrir þetta verður þó eigi hjá því komizt að taka til meðferðar þær málaleitanir, sem nú eru uppi frá útgerðarmönnum, og gera sér grein fyrir, hverju þar mætti til vegar koma, og þá sérstaklega með tilliti til togaraútgerðarinnar, sem talið er, að einna harðast hafi orðið úti og erfiðast eigi með að koma rekstri sínum og fjárreiðum á öruggan grundvöll.

En jafnhliða því, sem teknar eru til yfirvegunar óskir þær um hjálp af hálfu ríkisvaldsins, sem fyrir liggja, er óhjákvæmilegt, að ríkisvaldið fái aðstöðu til að afla sér nákvæmra upplýsinga um það, hversu rekstri togaraútgerðarinnar er í raun og veru háttað, hvernig efnahagur hennar er, hverjir framtíðarmöguleikar hennar eru og hvort einhverjar aðrar leiðir eru fyrir hendi til að bæta rekstrarafkomuna en fjárframlög og ívilnanir frá hinu opinbera. Í því sambandi er nauðsynlegt að kynna sér, hvort ekki mætti koma við sparnaði á einhverjum útgjaldaliðum frá því, sem nú er, auka verðmæti framleiðslunnar eða breyta að einhverju leyti til um skipulag útgerðarfyrirtækjanna, þannig að meiri trygging fengist fyrir hallalausri afkomu. Ennfremur er æskilegt að gera sér grein fyrir því, hverjir séu rekstrarmöguleikar togaraútgerðarinnar, samanborið við rekstrarmöguleika annarar útgerðar, t. d. útgerðar

stórra mótorbáta. En það er naumast unnt fyrr en slík rannsókn togaraútgerðarinnar, sem hér er farið fram á, liggur fyrir.

Í þessu frv. er lagt til, að Alþingi kjósi 5 manna nefnd, sem framkvæmi rannsókn í þessum efnum og leggi niðurstöður sínar fyrir ríkisstjórnina. Til þess að nefndin geti innt hlutverk sitt af hendi, verður að veita henni vald til að krefjast upplýsinga af eigendum og umráðamönnum togaraútgerðarinnar og aðgang að reikningum fyrirtækjanna, að viðlagðri þagnarskyldu um einstök atriði, sem eru einkamál fyrirtækjanna og ekki hafa almenna þýðingu.

Ed. 96. Frumvarp til laga

um ráðstafanir til að koma í veg fyrir, að saltfisksveiðar togara falli niður á vertíð 1938.

Flm.: Sigurjón Á. Ólafsson, Erlendur Þorsteinsson.

1. gr.

Ákvæði samnings dags. 28. jan. 1935 á milli Sjómannafélags Reykjavíkur og Hafnarfjarðar og Félags íslenzkra botnvörpuskipaeigenda, varðandi lágmarkskaup og kjör sjómanna á saltfisksveiðum togara, skulu gilda á árinu 1938 með þeim breytingum á þessum ákvæðum, er getur í tillögum sáttasemjara ríkisins, er bornar voru fram í kaupdeilu á milli sjómanna og togaraútgerðarmanna í marzmánuði 1938 og gengið var til atkvæða um af aðiljum hinn 14. þessa mánaðar.

2. gr.

Ríkisstjórnin skal hlutast til um, að haldið verði áfram sáttatilraunum í yfirstandandi kaupdeilu á milli sjómanna og togaraútgerðarmanna, með það fyrir augum að koma á samningum með aðiljum.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað og falla úr gildi þegar er samningar kunna að nást samkvæmt 2. gr., er einnig taka til saltfisksveiða.

Greinargerð.

Frumv. er flutt að tilhlutun atvinnumálaráðherra, og fylgdu því svo hljóðandi athugasemdir:

Með því að ekki hefir lánazt að koma á samkomulagi á milli aðilja í yfirstandandi kaupdeilu um kjör á botnvörpuskipum, en þjóðarnauðsyn, að saltfisksveiðar þessara skipa geti hafizt nú þegar, telja flutningsmenn, að eigi verði hjá því komizt að leysa úr þessum vanda með aðgerðum Alþingis, og er frv. þetta borið fram í því skyni. Hinsvegar telja flutningsmenn, að afskipti Alþingis af þessum málum eigi ekki að ná lengra en brýnasta nauðsyn krefur, og sé sýnt, að vandræðum verði ekki afstýrt á annan hátt. Þetta þykir nú þegar fullreynt að því er snertir saltfisksveiðarnar, en um hin atriði deilunnar þykir ekki örvænt, að samkomulag geti náðst á þeim tíma, sem vinnst til áframhaldandi samninga, með setningu þessarar löggjafar.

Fylgiskjal I.

Samningur milli Félags íslenzkra botnvörpuskipaeigenda annarsvegar og Sjómannafélags Reykjavíkur og Sjómannafélags Hafnarfjarðar hinsvegar, um ráðningarkjör háseta, matsveina, aðstoðarmanna í vél, kyndara og bræðslumanna á botnvörpuskipum.

1. gr.

Árið 1935 skal lágmarkskaup vera á mánuði:

Hásetar kr. 214. — tvö hundruð og fjórtán krónur —. Hlutfallið milli kaups yfirlaunaðra háseta og lágmarkskaups sé hið sama og var 1928.

Matsveinar kr. 281,60 — tvö hundruð áttatíu og ein 60/100. —

Aðstoðarmatsveinar, eftir 30 daga reynslu á skipi, kr. 125.00 — eitt hundrað tuttugu og fimm krónur.

Aðstoðarmaður í vél, kr, 331.45 — þrjú hundruð þrjátíu og ein króna 45/100. —

Kauptaxti þessi gildir ekki um þá, sem eru meðlimir í Vélstjórafélagi Íslands með fullum félagsréttindum.

Æfðir kyndarar kr. 310.00 — þrjú hundruð og tíu krónur. —

Óæfðir kyndarar kr. 276.21 — tvö hundruð sjötíu og sex 21/100. — (Æfður kyndari telst sá er kynt hefir í 6 mánuði).

Lágmarkskaup lifrarbræðslumanna á mánuði skal vera sama og lágmarkskaup háseta og aukaþóknun, er nemi 3 kr. fyrir 105 kg. af lýsi nr. I. kr. 1.50 fyrir 105 kgr. nr. II.

Ef svo ber við í einhverri ferð, að lýsisuppbótin fyrir lifrarbræðslumann jafngildi ekki lifrarþóknun háseta, þá skal lýsisþóknunin hækkuð til jafns við lifrarþóknunina.

Á ísfiskveiðum skal mánaðarkaup háseta, lifrarbræðslumanns og matsveins vera kr. 18.00 — átján krónum — hærra á mánuði en að ofan greinir. Auk kaups hafa skipverjar frítt fæði. Aðstoðarmatsveinn sé að jafnaði á skipi með 20 manna áhöfn.

2. gr.

Auk mánaðarkaups skal hásetum, stýrimönnum, skipstjóra og matsveini greidd aukaþóknun af allri lifur úr fiski, sem veiðist á skipið. Á saltfiskveiðum kr. 28.50 — tuttugu og átta 50/100. Á ísfiskveiðum kr. 28.00 — tuttugu og átta krónur — fyrir hvert fullt fat lifrar. Fat telst fullt með 4 þumlunga borði. Aukaþóknun skiptist jafnt milli áðurgreindra manna.

3. gr.

Á skipum þar sem lifrarbræðsla er, skal lifrin mæld ný í löggiltum málum og skal lifrarbræðslumaður skyldur að kveðja umboðsmann háseta til að vera viðstaddan í hvert sinn er lifur er mæld.

4. gr.

Sé lifrin flutt á land skal hún mæld að viðstöddum umboðsmanni Sjómannafélagsins, skal hann útnefndur af Sjómannafélaginu en samþykktur af Félagi ísl. botnvörpuskipaeigenda, enda greiði útgerðarmenn laun hans með 50 — fimmtíu — aurum fyrir hvert fullt fat lifrar, sem flutt er á land. Útgerðarmenn skulu sjá um, að búið sé vel um sponsin í lifrartunnunum áður en þær eru fluttar frá borði, enda bera hásetar enga ábyrgð á tjóni, er hlýzt af illri meðferð við uppskipun.

Taki sjór lifur fyrir borð, án þess að skipverjar, að dómi skipstjóra, hafi átt nokkra sök á því, skal það á ábyrgð útgerðarmanna. Sömuleiðis skal það á ábyrgð útgerðarmanna, ef kasta verður lifur fyrir borð sökum ónógra lifrarílåta. Í báðum áðurgreindum tilfellum skal skipstjóri votta hve mörg föt lifrar hafi farið fyrir borð. Skipverjum skulu greidd 80% af ákveðinni aukaþóknun, sbr. fyrri málsgr.

4. gr., miðað við fjölda þeirra lifrarfata, sem frá borði eru flutt, en afgangur að loknu mati. Umboðsmanni Sjómannafélagsins skal tilkynnt, með allt að tveggja daga fyrirvara, hvenær hans er óskað að vera viðstaddur mat á lifrinni. Hafi hann enga slíka tilkynningu fengið innan 6 daga frá því lifrin var flutt frá borði, skal aukaþóknun skipverja greidd af því tunnutali, sem á land var flutt.

5. gr.

Botnvörpungar, sem eingöngu kaupa eða flytja fisk í ís til sölu í útlöndum, skulu hafa að staðaldri að minnsta kosti 4 háseta að bátsmanni meðtöldum. Lágmarkskaup háseta skal vera 270 kr. á mánuði, bátsmanna 300 kr., að öðru leyti skulu kjör og kaup á skipum þessum vera óbreytt frá því, er verið hefir.

Ef til viðbótar veiddum afla er keyptur fiskur í skip til sölu erlendis og lifrarmagnið úr veidda fiskinum nær því ekki, að aukaþóknun, sem svarar einni tunnu af lifur komi á hvern þann skipverja, er lifurþóknun fær, skal aukaþóknunin bætt upp þannig að ein tunna komi á hvern mann.

Sé farið innan í keyptan fisk af skipverjum, komi lifrarhlutur sem úr veiddum fiski.

Að öðru leyti greiðist ekki aukaþóknun af lifur úr keyptum fiski.

6. gr.

Leyfi skipstjóri hásetum eða kyndurum að vera í landi meðan skip siglir með afla sinn til útlanda, skulu þeir halda mánaðarkaupi sínu á meðan.

Ennfremur fái hver háseti, matsveinn og kyndari viku frí með fullu kaupi, ef hann hefir unnið hjá sama útgerðarfélagi 10 mánuði á árinu, og kyndari átta daga að auki, ef hann hefir ekki orðið aðnjótandi landleyfis þess, er getur í fyrri málsgrein.

7. gr.

Vinni háseti að kolaflutningi frá fiskirúmi á ís- eða saltfiskveiðum, ber þeim fyrir það 8 — átta króna — aukaþóknun á sólarhring. Sama ber hásetum, er kynda á ferðum milli landa og á fiskveiðum.

8. gr.

Liggi skip í höfn að afloknum fiskveiðum og vinni hásetar að hreinsun og viðgerð skipanna, skal þeim greitt tímakaup það, er hafnarvinnumönnum við Reykjavíkurhöfn er greitt á sama tíma, enda fæði þeir sig sjálfir að öllu leyti.

Vinnutímar á viku séu ekki fleiri en 55 og frí frá hádegi á laugardag. Vinni hásetar að botnhreinsun skips á veiðitímanum skal þeim greitt 2 — tvær krónur — um klukkustund hverja. Þá er skip er í veiðiför eru hásetar og aðrir þeir, er á þilfari vinna, ekki skyldir til að berja ryð.

9. gr.

Þegar skip liggur í innlendri höfn, að lokinni hverri veiðiför, skulu hásetar, matsveinar og kyndarar undanþegnir þeirri kvöð að standa vörð eða vinna á skipsfjöl frá því að skipið er fest landfestum eða tengt við annað skip við bryggju og þar til það er ferðbúið í aðra veiðiför, ef skipið liggur ekki lengur en 2 sólarhringa.

Aðstoðarmaður í vél skal hafa hafnarfrí, þegar ekki nauðsynleg vinna við vélina bannar, að dómi vélstjóra.

Síldveiðar.

10. gr.

Á togurum, sem ráða skipverja upp á mánaðarkaup og aukaþóknun aðallega til síldveiða handa bræðslustöðvunum, skal kaup og kjör vera sem hér segir:

Hásetar, mánaðarkaup	kr. 214.00
Matsveinn, mánaðarkaup	— 281.60
Aðstoðarmatsveinn vanur, mánaðarkaup	— 125.00
Aðstoðarmaður í vél, mánaðarkaup	— 331.45
Kyndari (sem kynt hefir í 6 mánuði), mánaðarkaup	— 310.00
Kyndari (óæfður), mánaðarkaup	— 276.21

Hlutfallið milli kaups yfirlaunaðra háseta og lágmarkskaups sé hið sama og gilt hefir á saltfiskveiðum.

11. gr.

Auk mánaðarkaupsins skal hásetum og yfirmatsveinum greidd aukaþóknun, sem hér segir:

3 — þrír aurar — af hverju síldarmáli, 150 lítrum, sem skilað er í þró, eða ef eitthvað er saltað af aflanum, þá af hverri fullsaltaðri tunnu.

12. gr.

Skipverjar eiga fisk þann, er þeir draga, og fá ókeypis salt í hann.

Sé síld kverkuð og söltuð um borð í skipi, skal greidd fyrir það ein króna af hverri tunnu, er skiptist milli þeirra manna, er þau verk vinna.

13. gr.

Hásetar og kyndarar vinna allir að kolun skipanna, verði kol tekin utan Reykjavíkur á síldveiðitímanum, og greiðist sú vinna með kr. 1.40 um klukkustund jafnt alla tíma sólarhringsins.

Ennfremur vinna hásetar endurgjaldslaust að framskipun salts og uppskipun á salti því, sem skipin kunna að taka með héðan og skipstjóri óskar sett á land.

14. gr.

Að afloknum síldveiðum vinna allir skipverjar, er þess óska, að þeirri hreinsun skipanna, sem venjulegt er að framkvæma að afloknum veiðunum og strax er hægt að inna af hendi. Vinna þessi greiðist með tímavinnukaupi hafnarvinnumanna í Reykjavík, enda fæði þeir sig sjálfir. Vinnutímar á viku séu ekki fleiri en 55 og frí frá hádegi á laugardögum.

15. gr.

Við losun síldar séu allt að 5 skiptar vökur, þannig að $\frac{1}{5}$ hluti háseta fái hvíld. Þó er skipstjóra heimilt að hafa færri vökur, þegar honum þykir það hentugra, sömu vökuskipti skulu viðhöfð, ef kolun er framhald eða í sambandi við losun síldar.

16. gr.

Samningur þessi gildir til ársloka 1935 og síðan áfram um eitt ár í senn, ef honum er ekki sagt upp af öðrum hvorum samningsaðila með minnst 3 mánaða fyrirvara fyrir áramót.

Reykjavík, 28. janúar 1935.

F. h. Félags íslenzkra botnvörpuskipaeigenda:
Kjartan Thors, Hafsteinn Bergþórsson, Páll Ólafsson, Geir Thorsteinsson, Ólafur H. Jónsson, Ólafur Einarsson.

F. h. Sjómannafélags Reykjavíkur.
Sigurjón Á. Ólafsson, Ólafur Friðriksson, Sigurður Ólafsson, Jón Sigurðsson, Ólafur Hákonarson.

F. h. Sjómannafélags Hafnarfjarðar:
Óskar Jónsson, Björn Jóhannesson, Júlíus Sigurðsson.

Fylgiskjal II.

Miðlunartillaga sáttasemjara ríkisins

til samnings milli Félags íslenzkra botnvörpuskipaeigenda annarsvegar og Sjómannafélags Reykjavíkur, Sjómannafélags Hafnarfjarðar og Sjómannafélags Patreksfjarðar hinsvegar, um ráðningarkjör háseta, matsveina, aðstoðarmatsveina, bátsmanna, netjamanna (þar með talinn II. stýrimaður), kyndara, aðstoðarmanna í vél, lifrarbræðslumanna og mjölvinnslumanna á botnvörpuskipum.

Kaup og kjör samkvæmt samningi milli aðilja, dags. 28. jan. 1935, skulu gilda árið 1938 með þeim breytingum, sem hér segir:

I. KAFLI
Salt- og ísfiskveiðar.

1. gr.

1. grein samnings 28. jan. 1935 orðist svo:

Árið 1938 skal lágmarkskaup vera á mánuði:

Á saltfiskveiðum:

Hásetar og lifrarbræðslumaður kr. 224.00. Hlutfallið milli kaups yfirlaunaðra háseta, þar með talinn II. stýrimaður, og lágmarkskaups skal vera hið sama á þessum veiðum og verið hefir.

Matsveinar kr. 295.00.

Aðstoðarmatsveinar, eftir 30 daga reynslu á skipi, kr. 131.00.

Aðstoðarmaður í vél kr. 348.00.

Kauptaxti þessi gildir ekki um þá, sem eru meðlimir í Vélstjórafélagi Íslands með fullum félagsréttindum.

Æfðir kyndarar kr. 325.00.

Óæfðir kyndarar kr. 290.00.

(Æfður telst kyndari, sem kynt hefir í 6 mánuði.)

Á ísfiskveiðum:

Hásetar kr. 232.00.

Lifrarbræðslumaður kr. 232.00.

Matsveinn kr. 299.60.

Aðstoðarmatsveinn kr. 125.00.

Aðstoðarmaður í vél kr. 331.45.

Æfðir kyndarar kr. 310.00.

Óæfðir kyndarar kr. 276.21.

Auk kaups hafa skipverjar frítt fæði.

Aðstoðarmatsveinn sé að jafnaði á skipi með 20 manna áhöfn.

1. mjölvinnslumaður skal hafa sama kaup og aðstoðarmaður í vél og 2. mjölvinnslumaður sama kaup og æfður kyndari.

2. gr.

2. gr. orðist svo: Auk mánaðarkaups á saltfiskveiðum og ísfiskveiðum, skal greidd aukaþóknun af hverjum 165,9 lítrum af lifur úr öllum fiski, sem veiðist á skipið og innbyrtur er nema karfa, er skiptist jafnt á milli háseta, netjamanna, bátsmanns, yfirmatsveins, stýrimanna og skipstjóra. Aukaþóknun er kr. 28.50 á saltfiskveiðum en kr. 28.00 á ísfiskveiðum.

Aukaþóknun lifrarbræðslumanna sé:

Af lýsi nr. 1 kr. 3.00, nr. 2 kr. 1.50 fyrir hver 105 kg. Lifrarbræðslumaður skal aldrei hafa minni aukaþóknun úr neinni veiðiferð en lifrarþóknun háseta nemur á sama tíma.

3. gr.

7. gr. orðist svo:

Vinni skipverjar þeir, er á þilfari vinna, að flutningi kola úr fiskirúmi í kolabox eða á „fýrpláss" eða flutningi kola á milli fiskirúma á fiskveiðum og í millilandaferðum, ber þeim fyrir það kr. 4.00 — fjórar — á vöku. Sama þóknun greiðist kyndurum fyrir flutning kola úr fiskirúmi í kolabox eða „fýrpláss" eða milli fiskirúma í millilandaferðum. Hverjum einstökum manni ber þó ekki að vinna að kolaflutningum lengur en 12 tíma á sólarhring. Sama ber hásetum, er kynda á ferðum milli landa og á fiskveiðum.

Skipverjar þeir, er þessi samningur tekur til, vinni ekki að löndun fiskjar í erlendum höfnum.

4. gr.

2. málsgrein 8. gr. orðist svo:

Vinnutímar á viku séu ekki fleiri en 55 og frí frá hádegi á laugardag. Vinni hásetar að botnhreinsun skipa á veiðitímanum, skal þeim greitt fyrir það samkv. reglum, sem gilda um eftirvinnukaup hafnarvinnumanna við Reykjavíkurhöfn. Þá er skip er í veiðiför eða á ferð milli hafna og á ferð milli landa, eru hásetar og aðrir þeir, er á þiljum vinna, ekki skyldir að ryðhreinsa, mála og vítissódaþvo. Skipverjar hafa að öðru jöfnu forgangsrétt til vinnu við að mála (ef leyft er), ryðhreinsa, þvo íbúðir skipsins og hreinsa vatnskassa, botnrásir og fiskirúm, þegar slík vinna fellst til að loknum veiðum í hvert sinn.

5. gr.

Við 9. gr. bætist:

Skipverjar séu að jafnaði ekki kallaðir til skips fyrr en það er ferðbúið, þ. e. þilfar hreint, „boxum" lokað, tunnur á bátapalli, matvælum og veiðarfærum komið fyrir í skipið, þar sem þeim er ætlaður staður. Þó er skipstjóra að sjálfsögðu heimilt að kveðja skipverja til skips þegar honum þykir brýn nauðsyn bera til.

Ef skip hefir verið fjarverandi úr heimahöfn á ísfiskveiðum allt að 6 vikum, þá sé viðstaða ekki skemmri en 24 klst. næst er það kemur til heimahafnar úr ferð frá útlöndum.

II. KAFLI
Síldveiðar.

6. gr.

Við 11. gr. bætist:

Nú er kaupverð síldar yfir kr. 5.00 pr. mál, samkvæmt ákvörðun Síldarverksmiðja ríkisins, og skal þá aukaþóknunin hækka um $\frac{1}{10}$ úr eyri af máli síldar fyrir hverja 25 aura, sem kaupverðið er yfir kr. 5.00 pr. mál.

7. gr.

12. gr. orðist svo:

Skipverjar eiga fisk þann, er þeir draga, og fá þeir fiskhæft salt í hann ókeypis og svo góða og trygga geymslu fyrir hann í skipinu, sem kostur er.

Sé síld kverkuð og söltuð um borð í skipinu, ber að greiða fyrir það kr. 1.10 af hverri tunnu, sem skiptist milli þeirra manna, er þau verk vinna.

8. gr.

13. gr. orðist svo:

Er skip þurfa á síldar- eða karfaveiðitímanum að taka kol utan heimahafnar, en hörgull er á verkafólki í landi, þá er skipstjóra heimilt að kveðja háseta og kyndara til að vinna að kolun skipanna, og greiðist sú vinna með kr. 1.40 um klukkustund, jafnt alla tíma sólarhringsins.

Sama kaup skal greiða fyrir uppskipun á salti umfram það, sem skip hefir með til eigin þarfa, og flutningi til annara en útgerðarinnar sjálfrar, er skip taka í heimahöfn og losa á öðrum höfnum eða í önnur skip.

9. gr.

15. gr. orðist svo:

Við losun síldar sé allt að fimmskiptar vökur, þannig að ⅕ hluti þeirra skipverja, sem aflaverðlaun hljóta samkv. 11. gr., fái hvíld í einu.

Vökum sé skipt þannig þegar síld er losuð úr skipi með „bómu“, að þá hafi ⅕ hluti áðurgreindra skipverja óslitna fjögra tíma hvíld og aldrei meira en 16 tíma samfleytta vinnu, án tillits til þess, hvað mikil síld er í skipinu, sem losa á. Nú hafa skipverjar, er hvíld höfðu, er losun var lokið, ekki hvílzt í fjóra tíma, skulu þeir þá fá fyrstu hvíld í næstu losun og þá hvílast þann tíma, sem á vantar að þeir fengju fulla fjóra tíma í síðustu löndun.

Þegar síld er losuð með „krana“, þá hafi helmingur áðurgreindra skipverja hvíld.

Þegar síld er losuð beint í suðupott síldarverksmiðju (ekki þró) og sýnt er að ekki er hægt að losa meira en allt að 50 síldarmálum á tíma, þá skal ⅓ greindra skipverja hafa hvíld. Við losun síldar með „bómu“ skulu matmálstímar vera: Til miðdegismatar 1 klst., til kvöld- og morgunmatar 40 mín., til kaffi- og tedrykkju 30 mín. hvert sinn. Allt á sama tíma og þegar skipið er í rúmsjó.

Ef einhverjir þeirra, er að losun síldar ber að vinna, eru teknir til annarar vinnu eða forfallast, þá leggi útgerðarmaður til menn í þeirra stað.

III. KAFLI
Karfaveiðar.

10. gr. (ný grein).

Á karfaveiðum skal mánaðarkaup skipverja vera svo sem segir í 10. gr. (Síldveiðar) og eftir 2. grein fer um lifurþóknun úr öllum fiski, sem veiðist, að karfa undanteknum. Af karfanum skulu greiðast aflaverðlaun 3 — þrír — aurar af hverju máli karfa, 135 kg. þunga, til sömu manna er lifrarhlut taka.

11. gr. (ný grein).

Skipverjar vinna að affermingu karfans á þann hátt, að sjóvökur skulu haldast, það er að ⅓ skipverjar hafi hvíld. Óski útgerðarmaður þess, að fleiri vinni að affermingu, ber hann þann kostnað, er af því leiðir.

Alla aðkeypta vinnu vegna veikinda skipverja eða vegna þess, að skipstjóri kveður skipverja frá affermingu í önnur störf, greiðir útgerðarmaður.

Heimilt er allt að helmingi þeirra háseta, er að losun afla eiga að vinna, að taka sér hvíld frá affermingu, enda útvegi þeir þá fullgilda menn í sinn stað, og greiða hásetar sjálfir kostnað þann, er af því leiðir.

Ef skip losar karfa á land í heimahöfn, gildir hafnarfrí fyrir skipverja eins og við salt- og ísfiskveiðar. Þegar svo stendur á, skulu aflaverðlaun vera 1⅛ úr eyri lægri á hvert mál 135 kg.

Matmáls- og kaffitímar við losun karfa séu haldnir á þeim tíma eins og venja er til við veiðar og ekki styttri en gildir á síldveiðum.

12. gr. (ný grein).

Nú hefir skip vatnaskipti á eimkatli, eða gerir ketilhreinsun, skulu skipverjar þá hafa frí frá allri vinnu að aflokinni affermingu, þó skal þeim skylt að standa vörð eftir fyrirmælum skipstjóra. Kyndarar fá greidda aukalega alla vinnu, sem þeir inna af hendi við hreinsun katlanna, séu þeir kallaðir til þess starfs, og greiðist sú vinna með kr. 2.50 á tíma.

Vökuskipti kyndara haldi áfram við land meðan afferming fer fram, þó skal vélstjóri láta kyndara njóta eins mikils frís og föng eru á meðan skipið er við land.

IV. KAFLI
Almenn ákvæði.

13. gr. (ný grein).

Kaup, lifrarþóknun, aflaverðlaun og önnur vinnulaun, sem skipverji hefir unnið fyrir, greiðist í peningum í hvert skipti, er skipverji óskar, þó ekki oftar en vikulega. Allar kaupgreiðslur skulu færðar inn í viðskiptabók hvers manns, ef hún er fyrir hendi.

14. gr. (ný grein).

Liggi skipverji sjúkur í heimahúsum en ekki á sjúkrahúsi, og útgerðarmaður á að greiða fæði og sjúkrakostnað hans að lögum, skal útgerðarmaður greiða fæðispeninga á dag með kr. 2.50.

Krefjist útgerðarmaður eða skipstjóri læknisskoðunar á skipverjum við lögskráningu, skal hún framkvæmd skipverjum að kostnaðarlausu.

15. gr. (ný grein).

Sigli skip á stríðshættusvæðum skal lágmarkskaup háseta hækka og um það samið sérstaklega þegar nauðsyn er fyrir hendi og þá í samræmi við það, sem umsemst fyrir ísl. farmenn, sem sigla á sömu hættusvæðum. Stríðshættukaupið reiknist sem dagkaup miðað við hið fasta lágmarks-mánaðarkaup jafnt fyrir alla, sem samningur þessi tekur til — og gildir sú upphæð sem stríðshættudagkaup til viðbótar föstu mánaðarkaupi.

Skylt er útgerðarmanni að slysatryggja hvern skipverja, sem um ræðir í þessum samningi, fyrir stríðshættu, á sama tíma og í fyrri málsgrein segir, með ekki minni upphæð en kr. 8000.00, enda sé slík trygging ekki ákveðin hærri að lögum.

16. gr.

16. gr. orðist svo:

Samningur þessi gildir til ársloka 1938 og síðan áfram um eitt ár í senn sé honum ekki sagt upp af öðrumhvorum samningsaðila með minnst 3ja mánaða fyrirvara fyrir áramót.

Reykjavík, 12. marz 1938.

Björn Þórðarson (sign).

Nd. 97. Breytingartillaga

við frv. til l. um veiting ríkisborgararéttar.

Frá allsherjarnefnd.

Við frumvarpsgreinina bætist:
Sólveig Jónsdóttir Halblaub, verkakona á Akureyri, fædd hér á landi.
Ágúst Halblaub, vélstjóranemi í Reykjavík, fæddur í Þýzkalandi.
Tomas Haarde, stöðvarverkstjóri í Reykjavík, fæddur í Noregi.

Nd. 98. Frumvarp til laga

um bráðabirgðanotkun lóðarinnar nr. 2 við Bankastræti í Reykjavík.

Frá meiri hl. allsherjarnefndar.

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að leyfa Kaupfélagi Reykjavíkur og nágrennis að reisa til bráðabirgða einlyft steinhúðað verzlunarhús úr timbri með allt að 250 fermetra grunnfleti á lóð ríkissjóðs nr. 2 við Bankastræti í Reykjavík, suður með Skólastræti, sunnan við verzlunarhús kaupfélagsins við Bankastræti og áfast við það.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frv. þetta er flutt samkv. tilmælum atvinnumálaráðherra, og fylgdu því eftirfarandi athugasemdir:

Ríkissjóður á lóðina nr. 2 við Bankastræti, sem er ætluð til þess að reisa þar, þegar henta þykir, opinbera byggingu. Það er eigi líklegt, að af því geti orðið næstu ár, og liggur því lóð þessi ónotuð, eða því sem næst, og ríkissjóði arðlaus. Kaupfélag Reykjavíkur hefir nú farið fram á að fá að reisa á nokkru af lóðinni verzlunarhús, einlypt úr steinhúðuðu timbri, í líkingu við hús það, sem félagið fékk að reisa við Bankastræti fyrir nokkrum árum, og áfast því húsi. Byggingarnefnd og bæjarstjórn kaupstaðarins hefir synjað um leyfi til að byggja timburhús á lóðinni og borið fyrir sig viðauka við byggingarsamþykkt fyrir Reykjavík, 10. júní 1915, sem takmarkar mjög heimildina til að reisa timburhús í bænum, sem og að bráðabirgðahús þarna muni verða til þess að tefja fyrir, að lóðin verði hýst svo sem til er ætlazt. Ráðuneytið hefir eigi séð fært að fella téða ákvörðun byggingarnefndar og bæjarstjórnar Reykjavíkur úr gildi samkv. 3. gr. byggingarsamþykktar Reykjavíkur 7. sept. 1903.

Ástæður til takmörkunar þeirrar, sem gerð er um timburhús í téðum byggingarsamþykktarviðauka, er fyrst og fremst aukin eldhætta í bænum. Á lóðarhluta þeim, sem reisa á hið fyrirhugaða hús á, er nú gamalt ójárnvarið timburhús, og er sízt minni eldhætta að því en húsi því, sem á að reisa, heldur mun meiri, þar sem hið nýja hús yrði með járni á þaki og steinsteypuhúð á veggjum. Er því frá því sjónarmiði ekkert athugavert við að reisa húsið. En ekki er heldur neitt á móti því af þeirri ástæðu, að húsið tefji fyrir endanlegri hýsingu lóðarinnar, því kaupfélagið vill leigja lóðina með þeirri kvöð að rýma af henni þegar ríkið þarf á henni að halda, eftir því sem nánar verður ákveðið í samningi. Hið gamla hús má selja fyrir nokkurt verð, þar sem í því er talsvert efni, og leiga fengist talsverð eftir lóðina og loks yrði hún með þessu móti að gagni, sem er lítið nú, og óvíst, hve langt yrði þess að bíða, að hún

yrði að gagni ella. Verður því samkvæmt því, sem hér er sagt, ekki annað séð en að sjálfsagt sé að leyfa að reisa hið umrædda hús.

Nd. 99. Frumvarp til laga

um breyting á lögum um Landsbanka Íslands, nr. 10 15. apríl 1928.

Flm.: Héðinn Valdimarsson, Einar Olgeirsson, Ísleifur Högnason.

1. gr.

34. gr. laganna orðist svo:

Landsbankanefndin er skipuð 15 mönnum, sem sameinað Alþingi kýs með hlutfallskosningu í fyrsta sinn, er það kemur saman að afstöðnum alþingiskosningum. Kjörtímabil nefndarinnar er hið sama sem kjörtímabil alþingismanna. Endurkjósa má menn í nefndina. Kosnir skulu á sama hátt og til sama tíma varamenn, sem taka sæti í nefndinni í forföllum aðalmanna eftir þeirri röð, sem þeir hafa verið kosnir á hverjum lista. Er kosning fer fram, skal afhenda lista með helmingi fleiri nöfnum en kjósa á menn í nefndina. Sá, sem næstur er að atkvæðamagni þeim, sem kosningu hlýtur á hverjum lista, skal vera 1. varamaður þess lista um kjörtímabil það, er listinn á við, og svo hver af öðrum innan listans, þannig, að sá, sem næstur er að atkvæðamagni, kemur jafnan í stað þess, sem næstur er á undan að atkvæðamagni.

Nú kemur það fyrir, að nefndin verður eigi fullskipuð vegna fráfalls eða forfalla aðalmanna og varamanna eins eða fleiri þingflokka, og skal þá sá eða þeir þingflokkar, sem höfðu kosið þá nefndarmenn, er eigi gátu mætt vegna forfalla, tilnefna varamann eða varamenn í þeirra stað í nefndina. Ef vafaatriði um þessi efni koma fyrir, sker nefndin úr þeim með atkvæðagreiðslu og sendir Alþingi skýrslu um málið.

Landsbankanefndarmenn fá enga þóknun fyrir störf sín.

2. gr.

35. gr. laganna orðist svo:

Þegar landsbankanefnd hefir verið kosin, kýs hún með hlutfallskosningu 4 menn í bankaráð og 4 menn til vara.

Formann bankaráðs og varaformann skipar ráðherra sá, sem fer með bankamál. Kjörtímabil bankaráðsmanna og varamanna er hið sama og kjörtímabil landsbankanefndar, og gildir skipun formanns og varaformanns bankaráðs sama tíma. Formann bankaráðs má endurskipa og hina 4 bankaráðsmenn má endurkjósa.

Varamenn taka sæti í bankaráði í forföllum aðalmanna.

Ef formaður eða varaformaður fellur frá eða verður óhæfur til starfans áður en starfstími hans er á enda, skipar ráðherra nýjan varamann. Ef nefndarkosinn bankaráðsmaður og varaformaður forfallast á sama hátt áður en starfstími hans er á enda, kýs landsbankanefndin annan í hans stað. Bankaráðsmenn skulu allir vera búsettir í Reykjavík eða svo nálægt Reykjavík, að þeim sé auðvelt að sækja bankaráðsfundi hvenær sem er.

Formaður bankaráðsins hefir 4000 krónur í ársþóknun, en hinir bankaráðsmennirnir 2000 krónur hver.

3. gr.

Tölustafurinn „4“ í 38. gr. laganna, 3. málsgr., breytist í 2.

4. gr.

39. gr. laganna, 1. málsgr. 1. málsl., orðist svo:

Á fyrsta aðalfundi nefndarinnar í hvert sinn eftir að ný kosning hefir farið fram í nefndina, samkv. 34. gr., kýs nefndin sér forseta fyrir kjörtímabilið.

5. gr.

40. gr. laganna orðist svo:

Nefndarfundur er lögmætur, ef meiri hluti nefndarmanna sækir fundinn.

Nú mætir eigi meiri hluti nefndarmanna, og skal þá boða til fundar á ný með löglegum fyrirvara, og er þá sá fundur lögmætur, þó eigi mæti meiri hluti nefndarmanna.

Á nefndarfundum ræður afl atkvæða úrslitum. Ef atkvæði eru jöfn, sker atkvæði forseta úr.

6. gr.

a. c-liður 2. málsliðar 41. gr. laganna orðist svo:

Ef þess er krafizt af 3 nefndarmönnum að minnsta kosti, skulu kosningar þær, er um ræðir í þessum lið, vera hlutfallskosningar.

b. e-liður sömu greinar orðist svo:

Að taka ályktun um önnur mál, sem lögð verða fyrir nefndina samkvæmt lögum þessum, eða eftir ósk bankaráðs eða ráðherra, eða nefndin sjálf álítur mikilsvarðandi fyrir hag bankans og ákveður að taka til meðferðar.

7. gr.

a. Á eftir i-lið 43. gr. laganna komi nýr liður, er verði j-liður, svo hljóðandi:

Að hafa eftirlit með því, að lánveitingar til einstakra manna eða fyrirtækja fari eigi fram úr því, sem lög bankans leyfa á hverjum tíma.

b. Við k-lið sömu greinar bætist nýr málsl., svo hljóðandi:

Þó er bankaráði óheimilt á annan hátt en að framan greinir að gefa einstökum skuldunautum bankans eftir skuldir án gjaldþrotaskipta, ef eftirgjöfin nemur 100 þús. kr. eða meira, eða óvenjulegan greiðslufrest (moratorium) nema samþykki landsbankanefndar komi til.

Liðatalan breytist samkv. þessu.

8. gr.

Aftan við 48. gr. laganna bætist ný grein, svo hljóðandi:

Bankinn má eigi veita neinum viðskiptamanni hærri upphæð að láni en sem nemur ¼ af stofnfé bankans á hverjum tíma, og skulu í upphæð þessari talin samanlögð lán viðskiptamanns úr seðlabankanum, sparisjóðsdeild og veðdeild bankans. Ákvæði þetta gildir eigi um lánveitingar bankans til annara banka eða sparisjóða.

Með samþykki bankanefndar má hækka lánahámark þetta, ef um opinber fyrirtæki er að ræða, Samband íslenzkra samvinnufélaga, Sölusamband íslenzkra fiskframleiðenda eða önnur slík stórfelld atvinnusambönd margra innlendra fyrirtækja, er ná yfir allt landið, svo og ef um fyrirtæki er að ræða, sem þegar lög þessi eru samþykkt standa í hærri skuld við bankann en að ofan greinir. Undanþágur frá lánahámarki þessu getur landsbankanefndin þó eigi veitt lengur en til eins árs í senn. Framkvæmdarstjórn bankans skal gefa bankaráði og landsbankanefnd vikulegar skýrslur um samanlagða lánshæð viðskiptamanna bankans, er standa í meiri skuld við bankann á hverjum tíma en um getur í 1. málsgr. þessarar greinar.

9. gr.

60. gr. laganna orðist þannig:

Kosning í landsbankanefndina fer fram í fyrsta skipti samkvæmt lögum þessum á Alþingi 1938. Þegar eftir að lög þessi eru gengin í gildi, skal sá, sem flest atkvæði hefir fengið við kosninguna í landsbankanefndina, kveðja nefndina til fundar og sjá um kosningu 4 manna í bankaráðið. Jafnframt skipar ráðherra sá, er fer með bankamál, formann bankaráðsins.

10. gr.

71. gr. laganna orðist svo:

Lög þessi öðlast þegar gildi. Þá er þau hafa öðlazt staðfestingu konungs, skal færa þau inn í meginmál laga nr. 10 frá 15. apríl 1928 og gefa þau út svo breytt.

Greinargerð.

Frv. þetta var borið fram af Alþýðuflokknum á vorþinginu 1937, og fylgdi því þá svo hljóðandi greinargerð:

„Frumv. þetta er borið fram í því skyni að tryggja það, að yfirstjórn Landsbanka Íslands, sem er ríkiseign og þjóðbanki landsins, skuli vera í samræmi við vilja þjóðarinnar og meiri hluta Alþingis á hverjum tíma, þannig að það geti ekki átt sér stað í stórfelldum málum bankans, er varða hag alls almennings, að yfirstjórn bankans fylgi fjármálastefnu né geri stórfelldar fjármálaframkvæmdir, sem séu gagnstæðar óskum þjóðarinnar og meiri hluta þingfulltrúa hennar.

Eins og landsbankalögin eru nú úr garði gerð, er yfirstjórn bankans í höndum landsbankanefndar og bankaráðs, og er ætlazt til, að það haldist óbreytt, en kosningaskipun til þessarar yfirstjórnar bankans breytist þannig, að í stað þess, að nú eru í landsbankanefnd hinir 15 nefndarmenn kosnir af þinginu í þrennu lagi, til 6 ára í senn hverjir 5, og bankanefndin kýs nú síðan 4 bankaráðsmenn í tvennu lagi til 4 ára hverja 2, en formaður er nú skipaður til 5 ára í senn af ráðherra, komi hin einfalda lýðræðisregla, að bankanefndin sé kosin af þinginu öll í einu lagi, með hlutfallskosningum, þegar er þing kemur saman að nýafstöðnum kosningum, í fyrsta sinn þó á yfirstandandi þingi, en bankanefnd kjósi þá þegar 4 bankaráðsmenn með hlutfallskosningum, en formaður verði svo skipaður af ráðherra. Kjörtímabil alls bankaráðsins verði hið sama sem landsbankanefndar. Á þennan hátt verður yfirstjórn peningamála landsins í samræmi við lýðræðiskröfur nútímans.

Þá er og ætlazt til þess, að starfsemi bankaráðsins, sem hefir verið svo að segja eftirlitslaus, verði háð nokkru eftirliti af hálfu landsbankanefndar, sem verður að skoða sem fulltrúaráð bankans. Nefndinni er því gefið vald til að gera ákvarðanir um mikilsvarðandi mál um hag bankans, og sérstaklega skal bera undir nefndina, ef um stórfelldar eftirgjafir væri að ræða til skuldunauta bankans, eða stórfelldar lánveitingar úr bankanum til einstakra fyrirtækja, sem telja mætti ofviða fjármagni bankans og því hættulegar fyrir afkomu hans. Í frumvarpinu er sett það hámark lánveitinga til einstakra fyrirtækja, að samanlögð lánin úr bankanum nemi eigi meira til neins fyrirtækis en ¼ hluta stofnfjár bankans, eins og gildir um ríkissjóð, og virðist það þó hátt hámark á móts við fjármagnsþol bankans, en þó er gert ráð fyrir, að með leyfi landsbankanefndar, er gildi þó ekki nema eitt ár í senn, sé hægt að hækka þetta hámark, ef um opinber fyrirtæki er að ræða, landssamtök atvinnufyrirtækja landsmanna eða jafnvel einstakra manna fyrirtæki, sem nú þegar skulda bankanum meira en hér um ræðir, svo að þau geti haft tíma til að koma sér fyrir með fjármagnsþörf sína á annan hátt.

Vald framkvæmdarstjórnar bankans er óbreytt samkv. frumvarpi þessu og hinn daglegi rekstur bankans, en ætlazt er til, að samþykkt frumvarpsins hafi í för með sér þá tengingu yfirstjórnar bankans við þjóðarvilja og þjóðarhagsmuni, að Landsbanka Íslands verði í stórum dráttum framvegis stjórnað með þetta fyrir augum, en verði ekki eins og sérstakt ríki í ríkinu, sem fylgi óþekktum markmiðum.

Einstakar greinar frumvarpsins þarfnast ekki nánari skýringar.“

Frumv. varð ekki útrætt, en ekki er síður nauðsynlegt nú en þá, að það nái fram að ganga og stjórn þjóðbankans verði í samræmi við þingviljann. Má telja eina af aðalástæðunum til þess, að mál útgerðarinnar og endurreisn hennar er ekki tekin fastari tökum, þá, að stjórn þjóðbankans er á annan veg skipuð en þingið, og engin trygging er fyrir því, að bankinn taki þau tillit til almenningshagsmuna, sem ætlazt væri til af stjórn bankans, er kosin væri í fullu samræmi við þingviljann á hverjum tíma. En eins og stjórn bankans er nú skipuð, virðist hún ábyrgðarlaus gagnvart bankanefnd og þingi og fara sínar sérstöku leiðir, sem láta útgerðina fljóta sofandi að feigðarósi.

Eina breytingin, sem gerð er á frumv., er á 9. gr., um að kosning bankanefndar og bankaráðs skuli fara fram á yfirstandandi Alþingi.

Ed. 100. Þingsályktun

um rannsókn vitastæðis á Þrídröngum.

(Afgreidd frá Ed. 16. marz).

Samhljóða þskj. 15.

Ed. 101. Breytingartillaga

við frv. til l. um, að ágreiningur milli útgerðarmanna botnvörpuskipa og sjómanna um kaupkjör skuli lagður í gerð.

Frá Magnúsi Jónssyni.

Við 5. gr. Tveir síðustu málsliðir greinarinnar („Dómurinn skal ... ársloka 1937") falla niður.

Nd. 102. Nefndarálit

um frv. til l. um hafnargerð á Raufarhöfn.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin hefir athugað frv. og borið það saman við nokkur nýjustu hafnarlög. Ennfremur hefir hún fengið umsögn vitamálastjóra um málið.

Rétt þykir, að ákvæði um ábyrgðarheimild verði takmörkuð við ⅗ kostnaðar, í samræmi við þá reglu, sem upp var tekin við setningu hafnarlaga á síðasta þingi. Líka þykir eðlilegt, að kosning hafnarnefndar fari fram í byrjun kjörtímabils sveitarstjórnar og gildi kjörtímabilið. Kemur það betur heim við starfsreglur sveitarstjórna, og myndi réttast að breyta tilsvarandi ákvæðum eldri hafnarlaga að þessu leyti.

Bráðabirgðaáætlun vitamálaskrifstofunnar um kostnað við hafnarbæturnar er prentuð með nál. sem fylgiskjal. En nefndin hefir aflað sér upplýsinga um, að í þá áætlun vantar bryggjugerð, sem talin er nauðsynleg síðar. Er því eigi ástæða til að lækka þá kostnaðarupphæð, sem frv. gerir ráð fyrir.

Nefndin leggur til, að frv. verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGUM.

1. Við 2. gr. Greinin orðist svo:

Ríkisstjórninni veitist heimild til að ábyrgjast fyrir hönd ríkissjóðs allt að kr. 180000.00 — eitt hundrað og áttatíu þúsund króna — lán, er hafnarsjóður Raufarhafnar kann að taka, gegn ábyrgð Presthólahrepps og sýslusjóðs Norður-Þingeyjarsýslu, en þó aldrei meira en ⅗ kostnaðar við hafnargerðina. Tillag úr ríkissjóði og ábyrgð ríkissjóðs eru bundin því skilyrði, að yfirumsjón með

verkinu og reikningshald sé falið manni, sem atvinnumálaráðuneytið samþykkir.

2. Við 3. gr. Í stað „hafnarmerki“ í upphafi greinarinnar komi: takmörk hafnarinnar.
3. Við 4. gr.
   a. Í stað orðanna „sem hafnargerðin ... bætur komi fyrir“ komi: sem hafnargerðin hefir í för með sér, allt gegn því, að fullar bætur komi fyrir.
   b. Orðin „og skipi þá atvinnumálaráðherra 5. mann í gerðina, sem þá er formaður nefndarinnar“ falli niður.
4. Við 7. gr. Síðari málsl. orðist svo:
   Nefndarmenn skulu kosnir að afstöðnum hverjum reglulegum sveitarstjórnarkosningum.
5. Við 10. gr. e-liður orðist svo:
   e. Festargjald af skipum, er nota festar hafnarsjóðs.

Alþingi, 16. marz 1938.

Vilm. Jónsson, form. Gísli Guðmundsson, fundaskr., frsm. Sigurður Kristjánsson.
Skúli Guðmundsson. Sig. Ein. Hlíðar.

Fylgiskjal.

Áætlun vitamálastjóra um hafnargerð á Raufarhöfn.

Bráðabirgðakostnaðaráætlanir.

Tilhögun I.

Fullkomin dýpkun hafnarsvæðisins, uppmoksturinn ekki notaður til nýrra hafnarvirkja. Stækkun bryggju:

80000 m³ dýpkun á kr. 1.63 pr. m³	kr.	130000.00
Stækkun og lagfæring á bryggju	—	50000.00
Samtals	kr.	180000.00

Tilhögun II.

Fullkomin dýpkun hafnarsvæðisins og uppmoksturinn notaður í uppfyllingu:

84000 m³ dýpkun á kr. 1.58 pr. m³	kr.	132500.00
17000 m² uppfylling með 185 m. bryggjupl.	—	187355.00
A) Samtals	kr.	319855.00

Til viðbótar ef vill:

17500 m³ dýpkun á kr. 0.97 pr. m³	kr.	17000.00
4700 m² uppfylling	—	25000.00
B) Samtals	kr.	361855.00

Tilhögun III.

Stækkun legu og rýmkun innsiglingar, miðað við 4,0 m. dýpi, 5,0 m. dýpkun við bryggju. Stækkun bryggja:

28000 m³ dýpkun á kr. 2.48	kr.	69500.00
Stækkun og lagfæring á bryggjum	—	50000.00
Samtals	kr.	119500.00

Fullnaðardýpkun hafnarsvæðisins til viðbótar við tilhögun III, framkvæmd síðar:

52000 m³ dýpkun á kr. ca. 2.10	kr.	109000.00
Framkvæmdir við tilhögun III	—	119500.00
Samtals	kr.	228500.00

Nd. 103. Lög

um, að ágreiningur milli útgerðarmanna botnvörpuskipa og sjómanna um kaupkjör skuli lagður í gerð.

(Afgreidd frá Nd. 17. marz).

Samhljóða þskj. 94.

Nd. 104. Frumvarp til laga

um einkaleyfi til að flytja út hrafntinnu og selja hana á erlendum markaði.

Frá iðnaðarnefnd.

1. gr.

Frá gildistöku laga þessara til ársloka 1943 veitist herra Agli Árnasyni kaupmanni og herra Daníel Ólafssyni kaupmanni, báðum til heimilis í Reykjavík, einkaleyfi til þess að flytja út úr landinu og selja á erlendum markaði hrafntinnu, sem notuð er til þess að húða með steinbyggingar.

2. gr.

Einkaleyfishöfum ber að greiða til ríkissjóðs fimm krónur í útflutningsgjald af hverri smálest ofannefndrar bergtegundar, er þeir kunna að flytja út.

3. gr.

Meðan leyfistíminn stendur, er öllum öðrum en sérleyfishöfum óheimilt að flytja út vöru þá, er einkaleyfið nær til. Brot gegn því ákvæði varðar sektum frá 500—5000 kr.

4. gr.

Verði útflutningur sérleyfishafa, að liðnum hálfum sérleyfistímanum, minni en 100 smálestir á ári, er atvinnumálaráðherra heimilt að svipta þá sérleyfinu.

5. gr.

Heimilt er atvinnumálaráðherra að undanskilja algerlega útflutningi beztu tegund hrafntinnu, ef það, að undangenginni athugun, þykir nauðsynlegt.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frv. þetta er flutt samkv. beiðni sérleyfisbeiðenda.

Eins og fram er tekið í sérleyfisumsókn þeirra, hefir áður verið flutt frv. um samskonar sérleyfi til handa öðrum þeirra. Náði það eigi fram að ganga, og mun að-

alástæðan fyrir þeim málalokum hafa verið sú, að óvíst var talið, að hér á landi væri til það magn hrafntinnu, að rétt væri að veita slíkt sérleyfi, að því atriði óathuguðu. Nú telur nefndin hinsvegar liggja fyrir fullnægjandi sannanir fyrir því, að bergtegund þessi finnist hér í svo ríkum mæli, að engin hætta sé á því, að hún gangi til þurrðar, þótt verulegur útflutningur tækist um nokkurt árabil.

Nefndin lítur hinsvegar svo á, að það sé til hagsbóta fyrir landið, að aukið sé við útflutninginn nýjum vörutegundum, og verðmæti útflutningsins þar með aukið, ef það ekki veldur þurrð efnisins né torveldar það, að innlendu þörfinni fyrir þetta efni verði fullnægt.

Ef hér skyldi verða um arðvænlega vinnslu til útflutnings að ræða, er rétt að styðja framtak þeirra, sem á það vilja hætta að brjóta leiðina.

Sérleyfistíminn er ákveðinn hér svo skammur, að varla er gerandi ráð fyrir, að skemmri tími muni nægja til þess að kynna þessa vöru erlendis og vinna henni verulegan markað. Er eðlilegt, að þeir, sem það spor stiga fyrstir, og að sjálfsögðu verða að leggja í það talsvert fé og nokkra fyrirhöfn, fái svigrúm til að vinna það upp í viðskiptum, áður en aðrir, sem engu hafa kostað til á tilraunastiginu, koma á hæla þeim, eftir þeim leiðum, sem brautryðjendurnir hafa rutt.

Má frekar búast við, að þessi tími verði of stuttur. En þá má framlengja hann, að þessum 5 árum liðnum, ef það sýnist þá sanngjarnt og haganlegt.

Ef þetta reynist arðvænlegt og mikill útflutningur tekst, virðist eðlilegt, að ríkið hafi af því tekjur, sem heppilegast mundi, að það tæki með útflutningsgjaldi. En meðan þetta er á tilraunastigi, telur nefndin varla fært að ákveða það hærra en kr. 5.00 á smálest.

Fylgiskjal.

Reykjavík, 1. marz 1938.

Við undirritaðir, Egill Árnason og Daníel Ólafsson, leyfum oss hér með að fara þess á leit við hið háa Alþingi, að það veiti okkur einkaleyfi í 5 ár til útflutnings á hrafntinnu, til sölu á erlendum markaði.

Um slíkt einkaleyfi hefir Egill Árnason áður sótt til hins háa Alþingis, en það hefir ekki náð fram að ganga, og mun aðalástæðan hafa verið sú, að eigi þótti fullvíst, hve mikið magn af hrafntinnu væri til í landinu, en það mun stafa af því, að hingað til hefir nær eingöngu aðeins verið notuð fegursta tegund af hreinni hrafntinnu til húðunar á húsum, en hinsvegar er fullvíst, að úr henni mætti vinna ýmsa skrautmuni, flísar o. fl. En það mun hafa verið álit flestra húsameistara hér, að ekki væri hægt að nota til húðunar aðra hrafntinnu en þá, sem eigi er blönduð öðrum steintegundum, en þar sem hrafntinna til húðunar venjulega er blönduð ljósari steintegundum, er ástæðulaust að nota beztu tegundina til húshúðunar, en af hrafntinnu, blandaðri, mun vera því nær óþrjótandi magn, og hefir hr. alþm. Pálmi Hannesson áætlað svo, eins og sjá má af eftirfarandi vottorði hans:

„Samkvæmt lauslegu mati á magni hrafntinnu á Landmannaafrétti, þ. e. í hraununum Hrafntinnuhrauni, Dómadalshrauni, Námshrauni og Laugahrauni, auk nokkurra staða annara, þar sem hrafntinna finnst á þessum slóðum, telst mér svo til, að bergtegund þessi muni nema eigi öllu minna en 80000000 tonna. Þess skal þó getið, að aðeins lítill hluti af magni þessu getur talizt gallalaus hrafntinna, fyrir þá sök mest, að í henni eru dílar (kristallar) af öðrum efnum, en auk þess hefir hún ekki jafnskæran gljáa og bezta hrafntinna. Tel ég þó líklegt, að nota mætti hana til húðunar á hús.

Reykjavík, 13. febrúar 1937.

Pálmi Hannesson (sign)".

Sú ágizkun hr. alþm. Pálma Hannessonar, að nota megi til húðunar á hús hrafntinnu blandaða kristöllum, mun óefað rétt.

Um magn hrafntinnu hefir hr. menntaskólakennari Steinþór Sigurðsson látið þau orð falla, að hún mundi nær óþrjótandi, en hann mun ásamt hr. alþm. Pálma Hannessyni vera þessu máli manna kunnugastur.

Það mun vera einnig mikið af hrafntinnu í svokölluðum Hrafntinnuhrygg í Mývatnssveit, og hefir hr. Jón Gauti Pétursson, Gautlöndum, lofað okkur nákvæmum upplýsingum um það, ef hið háa Alþingi óskar þess.

Það, að umsókn þessi nú kemur fram á ný til hins háa Alþingis, er vegna þess, að í haust hefir Daníel Ólafsson farið með nokkur hliðstæð sýnishorn því, er við létum fylgja umsókn þessari, til Englands, og eru miklar líkur til, að hægt sé að selja hrafntinnu á enskum markaði, ekki sízt þar sem Englendingar flytja inn talsvert af erlendum steintegundum til húðunar á húsum sínum, svo sem eins og granit frá Noregi, sem þó er hvergi nærri eins falleg og hrafntinna.

Egill Árnason hefir einnig átt tal um hrafntinnuhúðun við danska húsameistara og fengið góðar undirtektir, og virðist því hér um nýja leið að ræða til öflunar á erlendum gjaldeyri.

Með hrafntinnuvinnslu í stórum stíl er engum vafa bundið, að keppa má við þær steintegundir, er nú eru notaðar til húðunar erlendis.

Til þess að hægt sé að reka þetta í stórum stíl, er nauðsynlegt að leggja í það verulegt fjármagn, bæði til vinnslunnar innanlands og kynningar erlendis, og er þetta ekki gerlegt nema með vernd ríkisvaldsins á meðan unnið er að öllum undirbúningi og byrjun á sölu fer fram, og er það vegna þessa, að við förum fram á áður getið einkaleyfi.

Við viljum taka það fram, að þar sem öll vinnsla fer fram hér á landi, mun það skapa allverulega atvinnu við mölun o. fl., en þó sérstaklega atvinnuaukningu fyrir vörubifreiðastjóra.

Í trausti þess, að hið háa Alþingi gefi máli þessu gaum og verði við þessari málaleitun okkar.

Með sérstakri virðingu,

Egill Árnason. Daníel Ólafsson.

Til Alþingis.

Nd. 105. Breytingartillaga

við frv. til laga um veiting ríkisborgararéttar.

Frá Sigurði Kristjánssyni.

Við frvgr. bætist:

Ingólfur Hans Hermann Isebarn, skrifstofumaður í Reykjavík, fæddur í Noregi.

Ed. 106. Breytingartillögur

við frv. til l. um eftirlit með skipum.

Frá meiri hl. sjávarútvegsnefndar.

1. Við 6. gr.
   a. 2. málsgr. orðist þannig:
      Skipaskoðunarstjóri má engin launuð aukastörf hafa á hendi nema með leyfi ráðherra.

b. 3. og 4. málsgr. falli niður. Í stað þeirra komi:
Skipaskoðunarstjóri hefir að launum 5000 kr. á ári, er hækka um 200 kr. annaðhvert ár upp í 6000 kr. Dýrtíðaruppbótar skal hann og njóta eftir fyrirmælum almennra launalaga.
Skrifstofukostnaður skipaskoðunarstjóra, sem og kostnaður vegna aðstoðar og eftirlitsferða, skal ákveðinn í fjárlögum.

2. Við 10. gr. Fyrri málsl. orðist þannig:
Ráðherra setur skipaeftirlitsmönnum starfsreglur, en þóknun til þeirra skal ákveðin í fjárlögum.
3. Við 17. gr. Í stað „9. gr. a.“ komi: 11. gr. a.
4. Við 19. gr. Síðari málsl. 2. málsgr. orðist þannig: Fyrir áritun þessa greiðir skipseigandi hálfu minna stimpilgjald en fyrir útgáfu haffærisskírteinis.

Nd. 107. Nefndarálit

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 45 13. júní 1937, um bann gegn dragnótaveiði í landhelgi.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin mælir með því, að frv. verði samþykkt. Tveir nefndarmenn (VJ og SEH) hafa þó óbundnar hendur í málinu.

Alþingi, 18. marz 1938.

Vilm. Jónsson, form. Gísli Guðmundsson, fundaskr., frsm. Sigurður Kristjánsson.
Skúli Guðmundsson. Sig. Ein. Hlíðar.

Ed. 108. Nefndarálit

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 69 31. des. 1937, um tekjur bæjar- og sveitarfélaga og eftirlit með fjárstjórn bæjar- og sveitarstjórna.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin mælir með því, að frv. verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 18. marz 1937.

Bernh. Stefánsson, form., frsm. Erl. Þorsteinsson, fundaskr. Magnús Jónsson.

Nd. 109. Breytingartillögur

við frv. til l. um skipun nefndar til að rannsaka hag og rekstur togaraútgerðarinnar og gera tillögur um það mál.

Frá Héðni Valdimarssyni.

1. Við 1. gr. 2. málsgr. Aftan við orðið „ríkisstjórnarinnar“ komi: og yfirstandandi Alþingis.
2. Við 6. gr. Orðin „ef gildistakan ... er lögin samþykkir“ falli burt.

Nd. 110. Breytingartillögur

við frv. til l. um húsmæðrafræðslu.

Frá landbúnaðarnefnd.

1. Við 5. gr. Í stað „16“ komi: 17.
2. Við 9. gr. Síðasta málsgr. orðist svo:
Nú fer nemendatala skóla niður úr tíu eitt skólaár, og á hann þá ekki kröfu á styrk á næsta skólaári, nema því aðeins, að nemendur verði þá tíu eða fleiri.

Nd. 111. Breytingartillaga

við frv. til l. um húsmæðrafræðslu.

Frá Bjarna Ásgeirssyni og Pétri Ottesen.

Við 13. gr. Í stað orðanna „að Laugarvatni“ komi: við einhvern héraðsskólanna.

Nd. 112. Breytingartillaga

við frv. til l. um húsmæðrafræðslu.

Frá Bjarna Bjarnasyni, Jörundi Brynjólfssyni, Helga Jónassyni.

Við 7. gr. Greinin orðist svo:
Kennslan skal vera bæði bókleg og verkleg. Námsgreinar eru:
Íslenzka, reikningur, bókfærsla, matarefnafræði, heilsufræði, uppeldisfræði, söngur, íþróttir, hússtjórn, matreiðsla, þvottur, ræsting og handavinna. Ennfremur skal leiðbeina nokkuð í garðrækt og húsdýrarækt.
Heimilt er með reglugerð að ákveða fleiri námsgreinar.

Nd. 113. Frumvarp til laga

um orkuráð.

Frá iðnaðarnefnd.

1. gr.

Atvinnumálaráðherra skipar 7 manna ráð, er skal vera ríkisstjórninni til aðstoðar í orkumálum og nefnist orkuráð.

2. gr.

Í orkuráði skulu eiga sæti: Þrír menn tilnefndir sinn af hverjum þriggja stærstu þingflokkanna á Alþingi, til 4 ára í senn, vatnamálaráðunautur ríkisins, forstöðumaður rafmagnseftirlits ríkisins (rafveitustjóri ríkisins), forstjóri Sogsvirkjunarinnar, að áskildu samþykki bæjarstjórnar Reykjavíkur, og skrifstofustjórinn í atvinnumálaráðuneytinu, sem er formaður ráðsins. Forstöðumaður rafmagnseftirlitsins er varaformaður ráðsins.

Formaður kallar saman fundi og stjórnar þeim. Hann skal sjá um, að mál séu undirbúin fyrir fundi og fylgjast með fyrir ráðsins hönd gangi þeirra rannsókna, sem gerðar eru að tillögum þess, og með úrlausn þeirra mála, sem það hefir haft með höndum, og gefa ráðinu skýrslu um gang málanna.

Ráðherra ákveður þóknun orkuráðsmanna.

3. gr.

Ráðherra getur leitað umsagnar orkuráðs í öllum orkumálum.

4. gr.

Orkuráð skal vaka yfir hagsmunum ríkis og almennings í orkumálum, eiga frumkvæði að rannsóknum á möguleikum til hagnýtingar á orkulindum landsins, svo sem vatnsorku og hveraorku, og gera tillögur um ráðstafanir, er miða að hagnýtingu þeirra, svo sem um heildartilhögun á raforkuveitum til almenningsþarfa.

5. gr.

Rannsóknir, sem gerðar eru að tillögum orkuráðs, felur atvinnumálaráðuneytið rafveitustjórn og vatnamálaráðunaut ríkisins, eða, eftir því sem við á, öðrum opinberum stofnunum, að framkvæma án aukakostnaðar, eftir því sem við verður komið. Að öðru leyti greiðist kostnaðurinn úr ríkissjóði.

6. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi felld lög nr. 28 23. júní 1932, um undirbúning á raforkuveitum til almenningsþarfa.

7. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er flutt samkvæmt ósk atvinnumálaráðherra, en einstakir nefndarmenn áskilja sér rétt til að flytja við það breytingartillögur. Frumvarpinu fylgdi svo hljóðandi greinargerð:

Um 1. gr.

Ríkisvaldið hefir hingað til ekki haft önnur afskipti af raforkumálum hér á landi en eftirlit með raforkuvirkjum samkvæmt lögum um raforkuvirki, og er tilgangur eftirlitsins að tryggja líf og eigur manna gegn hættum frá virkjum þessum. Auk þess hefir atvinnumálaráðuneytið staðfest reglugerðir og einkum gjaldskrár raforkuveitna samkvæmt ákvæðum vatnalaganna. Í samanburði við önnur lönd eru þessi nefndu afskipti lítil, og aðeins nokkur hluti þeirra afskipta, sem ríkisvaldið þar hefir af raforkumálum, jafnvel í löndum eins og Danmörku, þar sem ríkisvaldið tekur ekki neinn beinan þátt í starfrækslu orkuveitna, en hefir aðeins eftirlits og ráðgefandi starfsemi. Þar eru öll afskipti um stofnun og tilhögun veitna miklu víðtækari.

Ástæðan fyrir þessu mun vera sú, að hér á landi eru framfarir í þessum málum skemmra komnar. En nú, þegar gert er ráð fyrir, að allveruleg aukning og framför í raforkumálum og raunar orkumálum yfirleitt, og þegar jafnvel er lagt til, að ríkisvaldið taki upp beina starfrækslu á þessu sviði einnig, þykir auðsætt, að veita verður ríkisstjórninni meiri aðstoð við afgreiðslu þessara mála en hingað til hefir verið og er því lagt til, að atvinnumálaráðherra skipi 7 manna nefnd sér til aðstoðar í þessum málum.

Um 2. gr.

Mannaval í orkuráðið er hugsað líkt og gert er um skipun raforkumálanefndar í lögum um undirbúning á raforkuveitum til almenningsþarfa, frá 23. júní 1932, en

ráðið er aukið að embættismönnum þeim, er mest hafa með mál þessi að gera fyrir ríkisins hönd, og verður þá ráðið sameiginlegur vettvangur fyrir þá að ræða mál þau, er fyrir liggja, en ella er hætt við, að málagangur myndi verða að meira eða minna leyti skrifleg afgreiðsla hvers þeirra til hinna. Myndi skipun þessa ráðs geta flýtt stórlega afgreiðslu þeirra mála. Lagt er til, að forstjóri Sogsvirkjunarinnar verði með í ráðinu, sökum þess að gert er ráð fyrir í lögum um Sogsvirkjunina, að hún verði sameign Reykjavíkurbæjar og ríkissjóðs. Þegar það er orðið, kemst hún undir umsjón rafveitustjóra ríkisins (sbr. lagafrumvarp um rafveitur ríkisins) að hálfu leyti, en er undir eftirliti orkuráðs að öðru leyti.

Meðan Reykjavíkurbær á Sogsvirkjunina einn, skapast með þessari tilhögun samband og samvinna um rekstur Sogsvirkjunarinnar við Reykjavíkurbæ þegar frá byrjun, og ætti hún að geta komið báðum aðiljum að góðu gagni.

Hinir 3 þingkosnu fulltrúar í orkuráði skapa samband við þingið og þingflokkana, þannig að þessir aðiljar geta haft betra tækifæri til að fylgjast með framkvæmdum á sviði orkumálanna, og afgreiðsla þeirra getur gengið greiðlegar.

Um 3. gr.

Það má gera ráð fyrir, að fyrst um sinn hafi orkuráð mörg og mikilvæg málefni, er það tekur upp sjálft, eða því verða falin til athugunar eða úrlausnar, en eftir því sem frá líður og tiltölulega meira verður um smærri málin, og þau, sem enn fá afgreiðslu hvort sem er í gegnum rafveitustjóra, vatnamálaráðunaut, atvinnumálaráðuneytið eða aðrar stofnanir ríkissjóðs, þá má gera ráð fyrir, að verkefni orkuráðs verði tiltölulega minna eða að lengra verði á milli, er þörf þykir að leita til þess. Af þeirri ástæðu er gert ráð fyrir, að það sé lagt í vald ráðherra, hvort hann leitar umsagnar um eitthvert orkumálefni hjá orkuráði eða fer með það til sinna ráðunauta beint, svo sem t. d. vatnamálaráðunauts eða forstöðumanns rafmagnseftirlits ríkisins.

Um 4. gr.

Svo sem áður var minnzt á, er augljóst, að fyrst um sinn er verkefni orkuráðs bæði margvíslegt og mikilvægt, meðan verið er að koma á, auka og efla þær framfarir í orkumálum, sem nú eru gerðar kröfur til og fyrir flestum vakir, að koma þurfi, og sem marga órar fyrir, að takast muni að leysa áður en langt um líður. Verkefni orkuráðs er því haft eins vítt og unnt er og til þess ætlazt, að það beinlínis gerist frumkvöðull að ýmsum framkvæmdum næstu ára á sviði orkumála. Er þá ekki aðeins átt við vatnsorkumál og raforkumál, heldur og einnig hveraorkumál sérstaklega og yfirleitt þau mál á þessu sviði, sem menn fá auga á, að athyglisverð séu eða verði. Er ætlazt til þess af ráðinu, að það taki öll þesskonar mál upp jafnóðum til athugunar.

Þess má geta, að hveraorkumálin sérstaklega eiga að ýmsu leyti sammerkt við vatnsorkumálin. Einstakir kaupstaðir eða kauptún geta leyst þau hver fyrir sig, ef staðhættir eru þannig, að það verði þeim viðráðanlegt. En ef staðhættir eru þannig, að hveraorkan verður of kostnaðarsöm fyrir einstaka aðilja, eða rannsóknirnar einar of erfiðar, þá liggur fyrir að koma á fót slíkum stuðningi eða afskiptum hins opinbera af þeim málum, að það geti eflt framkvæmdirnar. Má þá sérstaklega geta þess, að rannsóknir á hveraorkunni eru lítt á veg komnar hér hjá okkur, en þær eru hinsvegar tiltölulega kostnaðarsamar og því varla hægt að búast við, að þær verði reknar á viðunandi hátt án beinna afskipta ríkisvaldsins. Það þarf að gera landfræði- og jarðfræðilegar athuganir með beina hagnýtingu fyrir augum, og þær rannsóknir þarf að styðja með borunum á hverasvæðunum. Þessar rannsóknir eru mjög tímafrekar, og er því nauðsynlegt, að þær séu gerðar áður en þörfin fyrir hagnýtingu verður knýjandi.

Við margar af þessum rannsóknum hefir ríkisstjórnin mörgum fræðimönnum á að skipa, sem eru í hennar þjónustu, og myndi hún auðveldlega geta notað

starfskrafta þeirra í þessu skyni. Er gert ráð fyrir, að það verði eitt af aðalverkefnum orkuráðs fyrstu árin að athuga þessi mál öll, næst á eftir raforkumálunum.

Um 5. gr.

Samkvæmt 4. gr. er orkuráðið ráðgefandi. Það gerir tillögur sínar til ríkisstjórnarinnar, en oftast nær er um framkvæmdir að ræða, sem í felast tillögur til útgjalda, sem gera verður ráð fyrir, að hagað sé þannig, að útgjöldin verði sem minnst, með því að fela starfsmönnum og stofnunum ríkisins umsjón þeirra framkvæmda, eftir því sem hægt er án aukakostnaðar.

Við 6. gr.

Lögin um raforkuvirki höfðu sama tilgang á sviði rafveitumálanna og þetta frumvarp hefir á sviði orkumálanna almennt. Koma því þau lög inn undir þessi lög, og geta þau því fallið úr gildi um leið og þessi eru staðfest.

Nd. 114. Frumvarp til laga

um rafveitur ríkisins.

Frá iðnaðarnefnd.

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að setja á stofn og starfrækja rafveitur, er vera skulu eign ríkisins og reknar sem fjárhagslega sjálfstætt fyrirtæki, með sérstöku reikningshaldi, undir umsjón atvinnumálaráðuneytisins. Stofnunin skal heita: Rafveitur ríkisins.

2. gr.

Rafveitur ríkisins skulu hafa það verkefni að afla almenningi í landinu raforku með því að vinna hana sjálfar, kaupa eða taka við henni frá orkuverum eða öðrum orkuveitum, veita orkunni um hreppa, sýslur eða stærri landshluta og selja hana eða afhenda raforkuveitum í kaupstöðum, kauptúnum eða öðrum innanhéraðs orkuveitum eða orkuveitufélögum, er stofnuð eru til þess að taka við orkunni og veita henni til neytenda innan héraðs eða á félagssvæði.

Rafveitur ríkisins geta einnig gerzt meðeigandi í orkuverum og orkuveitum annara eða tekið þær á leigu og starfrækt þær, eða tekið þátt í starfrækslu þeirra eftir sérstökum samningi. Rafveitum ríkisins er heimilt að selja raforku beint til neytenda á þeim stöðum, þar sem innanhéraðsorkuveita eða orkuveitufélag er ekki til, eða annarsstaðar með samþykki innanhéraðsveitunnar eða orkuveitufélags.

3. gr.

Til þess að hafa á hendi forstöðu fyrir Rafveitum ríkisins skal atvinnumálaráðherra skipa framkvæmdarstjóra, er vera skal rafmagnsverkfræðingur, og kallast hann rafveitustjóri ríkisins. Ráðherra setur honum erindisbréf.

Atvinnumálaráðherra skipar aðra starfsmenn Rafveitna ríkisins, að fengnum tillögum rafveitustjóra, eftir því sem ákveðið kann að verða í reglugerð.

4. gr.

Rafveitur ríkisins mega ekki reisa, kaupa eða taka á leigu orkuver eða orkuveitu, nema undangengnar rannsóknir og nákvæmar áætlanir sýni, að virkin muni gefa þær tekjur, sem nægja fyrir öllum rekstrarkostnaði, þar með taldir vextir og afborganir stofnkostnaðar, eða að tryggt sé, að tekjuafgangur rafveitnanna af öðrum virkjum sé nægur til þess að greiða hallann, eða nægilegt fé hafi verið veitt til virkjanna á annan hátt. Þá skal og, ef um er að ræða fleiri en eitt orkuver eða orkuveitu

í senn, það orkuver eða orkuveita ganga fyrir um framkvæmd, sem áætlanir sýna, að ber sig betur fjárhagslega, nema sérstaklega standi á.

Nú sýna áætlanir, að rekstrarhalli muni verða fyrstu árin, sem veitan starfar, og skal þá talið, að hún beri sig fjárhagslega, ef hún samkvæmt áætlun rafveitustjóra hefir skilyrði til þess að vinna sig upp síðar og endurgreiða samansafnaðan rekstrarhalla fyrstu áranna.

5. gr.

Rafveitustjóri gerir, að undangengnum nauðsynlegum rannsóknum og athugunum, tillögur til ríkisstjórnarinnar um það, í hvaða framkvæmdir skuli ráðizt til orkuvinnslu og orkuveitu. Hann gerir nauðsynlegar kostnaðaráætlanir um þær, athugar skilyrði fyrir orkukaupum og orkusölu og gerir nákvæmar áætlanir um væntanlegar tekjur og gjöld af virkjunum, til þess að séð verði, hvort þau fullnægja skilyrðum 4. gr. Að því er tekur til vatnsvirkja framkvæmir þó vatnamálaráðunautur ríkisins nauðsynlegar mælingar, og gerir kostnaðaráætlanir og annan undirbúning að þeim, nema öðruvísi verði ákveðið. Kostnað allan við þessar rannsóknir, svo og við annan undirbúning, skal greiða úr ríkissjóði, eftir því sem fé er veitt í því skyni. Þó er Rafveitum ríkisins heimilt, með samþykki ráðherra, að verja fé af tekjuafgangi sínum til slíkra rannsókna að svo miklu leyti, sem honum hefir ekki verið ráðstafað á annan hátt. Ef ráðizt er í framkvæmdirnar, skal þessi undirbúningskostnaður talinn með stofnkostnaði þeirra.

Nú telur atvinnumálaráðherra, að fengnum tillögum rafveitustjóra, rétt að reisa ný orkuver eða koma upp nýjum orkuveitum, eða að festa kaup á slíkum mannvirkjum, og leitar hann þá til þessa samþykkis Alþingis og gerir jafnframt tillögur um það, á hvern hátt fjár til þeirra framkvæmda skuli aflað. Tillögum sínum til Alþingis lætur ríkisstjórnin fylgja nákvæmar áætlanir um væntanlegar tekjur og gjöld af þessum virkjum, sbr. 8. og 9. gr.

6. gr.

Nú er ákveðið að reisa raforkuver eða koma upp raforkuveitu, og hefir þá rafveitustjóri stjórn þeirra framkvæmda. Að því er tekur til vatnsvirkja annast vatnamálaráðunautur ríkisins framkvæmd verksins. Að öðru leyti ákveður atvinnumálaráðuneytið nánar verkaskiptingu milli þeirra.

7. gr.

Atvinnumálaráðuneytið setur, að fengnum tillögum rafveitustjóra, gjaldskrá um raforkusölu frá Rafveitum ríkisins.

Tekjum Rafveitna ríkisins skal varið til greiðslu rekstrarkostnaðar hinna einstöku raforkuvirkja, þar með talið stjórn, gæzla, viðhald, vaxtagreiðslur og afborganir lána. Afgangurinn leggist í sérstakan sjóð, rafveitusjóð ríkisins, er rafveitustjóri varðveiti undir yfirumsjón atvinnumálaráðuneytisins.

8. gr.

Rafveitusjóði ríkisins skal varið til aukningar raforkuveitum og eflingar raforkuvinnslu og raforkunotun, sbr. 5. gr.

9. gr.

Rafveitustjóri skal árlega gera efnahags- og rekstrarreikning Rafveitna ríkisins, svo og kostnaðarreikning fyrir þau virki, sem eru í smíðum, ennfremur skýrslu um starfsemina, og senda atvinnumálaráðuneytinu. Hann skal og árlega gera fjárhagsáætlun fyrir næsta ár og senda ráðuneytinu svo snemma, að fylgt geti fjárlagafrumvarpi til Alþingis. Í fjárhagsáætlun skal taka upp tillögur um lántökur, fjárveitingar og önnur fjárframlög, sbr. 5. gr.

10. gr.

Setja skal reglugerðir um rekstur innanhéraðsveitna, sem kaupa raforku frá Rafveitum ríkisins, og gjaldskrár um raforkusölu frá þeim. Í reglugerðunum skulu vera ákvæði um rekstrarfyrirkomulag og tilhögun veituvirkja, til þess að tryggja Rafveitum ríkisins greiðslu fyrir orku þá, sem þær selja, svo og til þess að stuðla að aukinni raforkunotkun og góðri hagnýtingu orkunnar. Atvinnumálaráðuneytið staðfestir reglugerðir þessar og gjaldskrár, að fengnum tillögum rafveitustjóra og rafmagnseftirlits ríkisins, og samræmir reglugerðir og gjaldskrár hinna einstöku raforkuveitna, eftir því sem þörf þykir.

11. gr.

Rafveitustjóri skipar fyrir um rekstur raforkustöðva ríkisins, sem starfræktar eru við skóla eða aðrar opinberar stofnanir ríkisins, nema reksturinn sé falinn þessum stofnunum sérstaklega.

12. gr.

Rafveitustjóri ríkisins hefir umsjón með þeim fallvötnum, sem eru í eign ríkissjóðs, heldur skrá yfir þau og annast nauðsynlegt bókhald í sambandi við þau. Rafveitustjóri gerir í samráði við vatnamálaráðunaut tillögur til ríkisstjórnarinnar um kaup á vatnsréttindum, sem hann telur nauðsynlegt, að ríkið eignist.

13. gr.

Rafveitustjóri ríkisins hefir umsjón með þeim fallvötnum, sem eru í eign ríkissérstaklega um:

1) Stjórn og fjárreiður Rafveitna ríkisins, reikningshald, fyrningu og greiðslur í rafveitusjóð, svo og um skýrslugerðir rafveitustjóra.
2) Starfsmannahald og verkaskiptingu starfsmanna, svo sem ákvæði, er lúta að því að aðgreina undirbúning, byggingu og rekstur í sérdeildir, undir stjórn rafveitustjóra, þegar þess verður þörf.
3) Önnur atriði viðvíkjandi starfrækslu veitnanna, kaupum og sölu á raforku.
4) Eftirlit með og afskipti af málum innanhéraðsveitna, sbr. 10. gr.

14. gr.

Rísi ágreiningur milli Rafveitna ríkisins og kaupenda raforku frá orkuverum þeirra út af samningum, sem gerðir eru samkvæmt þessum lögum, geta aðiljar komið sér saman um að leggja hann undir úrskurð gerðardóms þriggja dómkvaddra manna.

15. gr.

Fyrst um sinn er forstöðumaður rafmagnseftirlits ríkisins rafveitustjóri, og er hann jafnframt ráðunautur ríkisstjórnarinnar í raforkumálum.

16. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er flutt samkvæmt ósk atvinnumálaráðherra, en einstakir nefndarmenn áskilja sér rétt til að flytja við það breytingartillögur. Frumvarpinu fylgdi svo hljóðandi greinargerð:

Um 1. gr.

Fyrstu framfarirnar, sem orðið hafa, bæði hér á landi og víðast hvar annarsstaðar, í virkjun og dreifingu raforku til almenningsþarfa, hafa byggzt á framtaki einstakra kaupstaða, kauptúna og annara staða, þar sem þéttbýlt er. Hafa þessir aðiljar yfirleitt reynzt vel fallnir til þess að efla rafmagnsnotkun, hver hjá sér. En

hinsvegar hafa orðið ýmsir örðugleikar á auknum framförum á þessu sviði, þegar komið hefir verið að verkefni, sem einstakir nefndra aðilja hafa ekki getað ráðið við. Svo hefir t. d. reynzt, þegar þurft hefir að auka raforkuvinnslu með tiltölulega stórri virkjun, er fullnægja þyrfti fleirum slíkum aðiljum samtímis. Þegar þannig hefir staðið á, hefir ríkisvaldið oft orðið að koma til aðstoðar, og það með ýmsum hætti. Stundum aðeins með lögum og fyrirmælum, er stutt hafa áðurnefnda aðilja til aukinnar samvinnu, stundum með beinni þátttöku, og stundum með hvorutveggja.

Í lagafrumvarpi þessu er gert ráð fyrir, að sú leið verði valin hér á landi til áframhaldandi framfara í raforkuvinnslu og raforkudreifingu milli kaupstaða, kauptúna og hreppa, að ríkisstjórnin taki beinan þátt í aðstoðinni, með því að hún reki sjálf almenningsveitur í þessu skyni. Möguleikarnir um aðstoð á öðrum grundvelli hafa verið athugaðir, en mundu augljóslega ekki gera sama gagn. Einnig er gert ráð fyrir því, að ríkisstjórnin reki veitur þessar á sama fjárhagsgrundvelli og þessar veitur hafa hingað til vaxið á, í höndum hinna einstöku aðilja, meðan þeir gátu séð sér farborða á þessu sviði hver í sínu lagi.

Ákveður 1. greinin um þennan grundvöll.

Um 2. gr.

Bæði af tekniskum ástæðum og fjárhagslegum má greina raforkuveitur í þrjá liðu:

1) Sjálfa raforkuvinnsluna.
2) Flutning raforkunnar frá vinnslustaðnum til neyzlustaðar, og
3) dreifing raforkunnar á neyzlustaðnum.

Má sameina alla þessa þrjá liði, eða skipta þeim í tvennt eða þrennt, allt eftir því sem til hagar á hverjum stað.

Því nær alstaðar, þar sem ríkisvaldið tekur beinan þátt í þessari starfrækslu, er um þá skiptingu að ræða, að kaupstaðirnir, kauptúnin og hrepparnir eða hreppsfélög, taka að sér 3. liðinn, dreifingu á neyzlustaðnum í mannmörgu þéttbýli, en jafnvel einnig í strjálbýli (Svíþjóð). Þetta á að nokkru leyti rót sína að rekja til þess, að þessir aðiljar hafa, áður en ríkisvaldið kom til aðstoðar, sjálfir rekið þessa starfsemi með góðum árangri, og hefir henni því verið haldið áfram, en ástæðan er einnig sú, að dreifingin á neyzlustaðnum í þéttbýli er það stórt og margbrotið fyrirtæki, út af fyrir sig, að það hefir marga kosti að halda starfrækslunni áfram sem sérstöku fyrirtæki, staðbundnu við orkuveitusvæði neyzlustaðarins (innanhéraðsorkuveitur).

Verður þá aðalverkefni ríkisvaldsins á þessu sviði flutningur orkunnar til neyzlustaðanna, sem skipt er niður í takmörkuð orkuveitusvæði, eftir því sem þéttbýli er hagað.

Flutningur orkunnar, sem þá fer fram frá orkuveri eða úr annari orkuveitu, sem fyrir er, verður því sérstakt verkefni ríkisvaldsins. Orkuvinnslan sjálf getur svo eftir ástæðum farið fram án beinnar þátttöku ríkisvaldsins, eða með henni, eftir því sem til hagar.

Í 2. gr. er lagður grundvöllur að því, að ríkisvaldið geti eftir ástæðum tekið að sér orkuvinnslu eða orðið meðeigandi í orkuvinnslufyrirtæki (sbr. lögin um Sogsvirkjunina), eða keypt orku frá öðrum og flutt hana svo sem að framan greinir til orkuveitna, sem síðar sjá um dreifinguna á staðnum. Það er einnig gert ráð fyrir, að ef ekki eru til slík orkuveitufyrirtæki á einhverjum neyzlustað, þá verði þau stofnuð, til þess að annast um dreifingu, og ennfremur, að það geti komið fyrir hér, einkum í strjálbýli, að ekki þyki fært að stofna slík dreifingarfyrirtæki, og geti þá orkuveita ríkisins tekið að sér að sjá um dreifingu sjálf. Séu hinsvegar þessar innanhéraðs orkuveitur eða orkuveitufélög stofnuð, þá sé þeim áskilinn einkaréttur til dreifingarinnar á orkuveitusvæðinu, svo sem nú er samkvæmt vatnalögunum og lögum um raforkuveitur, þar sem héraðsstjórnir koma sér upp orkuveitum.

Þó getur það komið fyrir, að slíkar innanhéraðsorkuveitur sjái sér ekki fært að annast dreifingu orkunnar til einstakra notenda raforkunnar, svo sem til stórra

iðnfyrirtækja, sem ef til vill þurfa alveg sérstaka orkuveitu til sín, og er þá gert ráð fyrir í lok greinarinnar, að innanhéraðs orkuveitur geti afsalað sér einkaréttinum til þess að taka orkuveituna til notanda með í raforkudreifingu fyrirtækisins, enda þótt það sé á orkuveitusvæði þess, og getur þá orkuveita ríkisins annazt um það sjálf og veitt orkunni beint til þessa notanda.

Um 3. gr.

Þegar rafveitur ríkisins taka til starfa, má gera ráð fyrir, að þær hafi skilyrði til þess að vaxa fljótt, og að sama skapi vex fjöldi starfsmanna. En meðan ekki er séð fyrir, hversu fljótt þær muni vaxa, eða á hvern hátt, þykir ekki fært að ákveða öðruvísi en gert er í 3. gr. um starfsmenn fyrirtækisins.

Um 4. gr.

Þessi grein á að tryggja það, að þessi starfsemi ríkisvaldsins haldist á þeim fjárhagsgrundvelli, sem raforkuveitur yfirleitt hafa starfað á til þessa. Bæði raforkuver og orkuveitur eru fyrirtæki, sem eru tiltölulega mjög þurftarfrek á stofnfé, en hinsvegar tiltölulega ódýr í rekstri. Þess vegna hefir þeim nær ávallt verið komið á fót með lánsfé að mestu eða öllu leyti, sem síðar þarf að svara af vöxtum og endurgreiðslum. Þótt ríkissjóður komi hér til, er gert ráð fyrir því, að ekki þyki fært að breyta út frá þessari aðferð um svo kostnaðarsöm fyrirtæki. Þá má einnig gera ráð fyrir, að það sé eigi rétt, þótt fært þætti, að breyta út frá nefndri aðferð, meðan áætlanir sýna, að til eru orkuveitur, sem hafa skilyrði til þess að starfa á fjárhagslega sjálfstæðum grundvelli.

Í greininni er gert ráð fyrir, að rekstrarkostnaður verði skilinn í víðtækari merkingu, þannig að í honum sé talin, auk hins eiginlega rekstrarkostnaðar við gæzlu og viðhald fyrirtækisins, einnig allar fjárhagsskuldbindingar, svo sem vaxtagreiðslur og afborganir lána. Þess skal getið, að við norskar rafveitur er einnig leyfilegt að telja til rekstrarkostnaðar hæfilegt gjald í varasjóð.

Þegar raforkuveita er sett á stofn, er notkun hennar venjulega lítil í fyrstu, og vex síðan jöfnum skrefum, og tekjurnar fylgja yfirleitt notkuninni, og eru því litlar fyrst, en fara vaxandi. Hinsvegar eru gjöld há þegar frá byrjun, sökum hins háa stofnkostnaðar, og vaxa lítið, þótt notkun aukist. Af þessari ástæðu er það venjulega svo, að nýstofnað raforkuver eða raforkuveita ber sig ekki frá byrjun. Þess vegna er sett ákvæði í síðari málsgreininni, til þess að ákveða, hvað átt sé við með því, að veitur séu fjárhagslega sjálfstæðar.

Um 5. gr.

Við mælingar þær og athuganir, sem gera þarf til þess að áætla um fjárhagsgrundvöll og afkomu veitu, svo sem 4. gr. gerir ráð fyrir, og yfirleitt um framkvæmdir þeirra verka, sem þetta verksvið ríkissjóðs hefir í för með sér, er gert ráð fyrir, að höfð sé svipuð aðferð og í Noregi um þessi mál. Verður hér um að ræða verkaskiptingu milli vatnamálaráðunauts og rafveitustjóra, er báðir eru settir undir atvinnumálaráðuneytið. Er þessari verkaskiptingu lýst í yfirliti um þessi mál í Noregi, og nægir að vísa til þess hér.

Þegar um er að ræða raforkumál eða vatnsvirkjun vegna raforkuvinnslu, er gert ráð fyrir, að rafveitustjóri sé hvatamaður að þeim málum og hafi þar á hendi alla ábyrgð að því er til undirbúningsins tekur. Ber hann því einnig ábyrgð á að útvega alla sérþekkingu, er þarf til þess að leysa hvert verk af hendi.

Í greininni er gert ráð fyrir, að hann inni af hendi öll verk, er raffræðiþekkingu þarf til, en þau verk, er vatnsvirkjunarþekkingu þarf til, séu unnin hjá vatnamálaráðunaut. Er með því gert ráð fyrir, að starfskraftar ríkisins, er þessa sérþekkingu hafa, séu þá bezt notaðir.

Við undirbúningsrannsóknir er oft svo, að ekki er hægt að leita sérstaklega samþykkis Alþingis til þeirra, meðal annars af því, að oft þarf að gera þær, til þess að geta gert tillögur til Alþingis, enda er oft svo, að slíkar rannsóknir kosta lítið.

Þess vegna er gert ráð fyrir í greininni, að rafveitur ríkisins geti gert slíkar rannsóknir með leyfi ráðherra, ef tekjuafgangur er fyrir hendi. En annars er til þess ætlazt, að Alþingi samþykki allar framkvæmdir.

Um 6. gr.

Gert er ráð fyrir, að framkvæmdum öllum að því er snertir hagnýting á starfskröftum ríkisins sé hagað eins og í 5. gr. er lýst um undirbúning hinna sömu verka.

Um 7. gr.

Gert er ráð fyrir, að raforkuveitur ríkisins séu reknar alveg með sama sniði og aðrar rafveitur og starfi því eftir gjaldskrá um raforkusölu, svo sem einnig er ákveðið í vatnalögunum. Samkvæmt þessari gjaldskrá fá raforkuveiturnar tekjur sínar, og er í greininni ákveðið, hvernig þeim skuli varið til þess að greiða rekstrargjöld öll, en afgangur, sem verða kann, skal síðan lagður í varasjóð, sem kallaður er rafveitusjóður ríkisins.

Um 8. gr.

Greinin ákveður tilgang rafveitusjóðs, sem sé að verja fé hans öllu til aukninga á raforkuveitum, enda er auðsætt, að verkefnið er ærið um langan tíma.

Um 9. gr.

Meðan Alþingi er haldið snemma árs, verður fjárhagsáætlun Rafveitna ríkisins að vera samin í ársbyrjun fyrir næsta ár á eftir. Þetta er að mörgu leyti erfitt og getur leitt af sér stirðleika í rekstri, sem hægt væri fremur að losna við, ef fjárhagsáætlun væri samin í árslokin. Öll vinna við aukningar og breytingar á orkuveitu fer fram að sumri til og fram á haust. Þegar rafveitustjóri semur áætlun í ársbyrjun, þarf hann að sjá fyrir aukningarþörfina tvö næstu sumur. Um fyrra sumarið hefir hann áætlað ári áður, og það má gera ráð fyrir því, að hann í áætluninni um næsta sumarið hafi tækifæri til að endurskoða fyrri áætlun og færa inn leiðréttingar, eftir því sem þörf þykir, í hina nýju áætlun, og má því telja þetta viðunandi. Hefir því verið gert ráð fyrir að fylgja í þessu efni sömu venju og fylgt er um önnur fyrirtæki ríkissjóðs.

Um 10. gr.

Gert er ráð fyrir, að Rafveitur ríkisins geri orkusölusamninga um afhendingu og sölu raforku þeirrar, sem aðrar orkuveitur taka við til dreifingar á neyzlustað. Í þeim samningi verða ákvæði um orkumagnið, orkuverðið og aðra skilmála, er í slíkum samningum þarf að taka fram. Til þess að gera samninga þessa styttri, er hér sett ákvæði um það, að veitur, er orkuna kaupa, skuli starfa samkvæmt reglugerð og gjaldskrá, og verði þar tekin upp mörg ákvæði, sem annars yrði að taka upp í samningana. Atvinnumálaráðherra staðfestir slíkar reglugerðir og gjaldskrár samkvæmt vatnalögunum, en hér er auk þess sett inn fyrirmæli, er standa skuli í reglugerðum þessum og gjaldskrám og varða orkusöluna. Ennfremur er ráðherra gert að skyldu að samræma reglugerðir og gjaldskrár hinna einstöku veitna, þar sem gera má ráð fyrir, að þær starfi við svipuð skilyrði, að minnsta kosti í sama landshluta, og því væri óeðlilegt og óheppilegt, ef mikið ósamræmi væri um starfrækslu þeirra.

Um 11. gr.

Það eru þegar starfandi nokkrar rafstöðvar við ríkisskóla, sem hafa ófullkomna eða jafnvel enga kunnáttumenn til að sjá um starfræksluna. Er gert ráð fyrir, að það geti verið ríkissjóði hagur að fela rafveitustjóra umsjón þeirra. Þá eru aðrar rafstöðvar í eign ríkissjóðs, svo sem í síldarverksmiðjunum, en þar sem þar er ávallt fagmönnum á að skipa við umsjón þeirra, er ekki þörf, að rafveitustjóri hafi það einnig. Á síðasta setning greinarinnar við það. Þess skal getið, að allar þessar stöðv-

ar eru háðar Rafmagnseftirliti ríkisins, að því er snertir öryggi samkvæmt þar að lútandi reglugerð um raforkuvirki.

Um 12. gr.

Gert er ráð fyrir, að vatnamálaráðunautur mæli upp og skrásetji smám saman allt vatnsafl á landinu, vatnsmagn, fallhæðir o. fl. þ. h., í hvers eigu sem það er, á sama hátt og gert hefir verið t. d. í Noregi. Þessar mælingar og skrásetning eru fræðilegs eðlis, í þeim tilgangi gerð að fá sem gleggst yfirlit yfir vatnsaflið í heild sinni og hvar tiltækilegast er að virkja í hvert sinn, sem þörf krefur.

Það af þessu vatnsafli, sem er í eign ríkissjóðs, er gert ráð fyrir, að rafveitustjóri bókfæri hjá sér og hafi eftirlit með því, sem umboðsmaður eiganda, ríkissjóðs, og eftir því sem Rafveitur ríkisins virkja vatnsaflið er það bókfært undir tilheyrandi orkuveitu.

Um 13. og 14. gr.

Þarfnast engra skýringa.

Um 15. gr.

Þegar raforkuveitur ríkisins taka til starfa, eru þær háðar fyrirmælum og eftirliti Rafmagnseftirlits ríkisins, eins og allar aðrar raforkuveitur.

Starfsemi rafmagnseftirlitsins vex að sama skapi sem raforkuveitum fjölgar í landinu og raforkunotkun verður almennari, og endar með því, að starfinn verður það umfangsmikill, að eins ódýrt verður að aðskilja hann frá raforkuveitum ríkisins.

Það er gert ráð fyrir, að forstöðumaður rafmagnseftirlitsins verði ráðunautur ríkisstjórnarinnar í raforkumálum yfirleitt, einnig um rafveitumál.

Fyrst um sinn er öll þessi starfsemi ekki stærri en það, að hægt er að fela hana umsjá eins manns, og er því með lögum þessum ekki ráðið til aukins mannahalds fyrir ríkissjóðinn, nema eftir því sem þessi starfsemi, sem lögin fjalla um, krefst.

Um 16. gr.

Kröfurnar um aukið rafmagn til almenningsnota eru orðnar býsna almennar, og svo virðist, sem orðin sé brýn nauðsyn á, að landsmenn fái aðgang að raforku til vélanotkunar, ekki sízt til iðnaðarrekstrar við aðalatvinnuvegina í landinu, þar sem útflutningur á afurðum, eins og þær hafa verið verkaðar hingað til, er í mikilli rénun, og því nauðsynlegt, að í stað þess komi nýjar verkunaraðferðir, sem hafa betri og meiri markaðsmöguleika, svo sem fryst og niðursoðin matvæli.

Það er því augljóst, að þörf er á, að lög þessi öðlist gildi sem fyrst.

Ed. 115. Nefndarálit

um frv. til l. um rekstrarlánafélög.

Frá meiri hl. sjávarútvegsnefndar.

Meiri hluti nefndarinnar (IngP og JJós) vill samþykkja frv. með nokkrum breytingum, en minni hlutinn (SÁÓ) vill að svo komnu ekki fallast á það. Meiri hl. leggur til, að frv. verði samþ. með eftirfarandi

BREYTINGUM.

1. Við 3. gr. Í stað „5“ í niðurlagi greinarinnar komi: 10.
2. Við 5. gr. Orðin á eftir b-lið „Síðarnefnda tilhögunin“ og til enda málsgr. falli burt.

3. Við 6. gr. Greinin falli niður. Greinatalan breytist eftir því.
4. Við 11. gr. Orðin „sjá um og“ falli burt.

Alþingi, 21. marz 1938.

Ingvar Pálmason, form. Jóhann Þ. Jósefsson, frsm.

Ed. 116. Breytingartillögur

við brtt. á þskj. 106 [Eftirlit með skipum].

Frá Sigurjóni Á. Ólafssyni.

1. Við 1. a. Brtt. falli niður.
2. Við 1. b.
   a. Í stað „5000“ komi: 6000.
   b. Í stað „200“ komi: 400.
   c. Í stað „6000“ komi: 8000.
3. Síðari málsgr. b-liðar orðist þannig:
   Laun aðstoðarmanns skipaskoðunarstjóra eru 4800 kr. á ári, hækkandi annaðhvert ár um 200 kr. upp í 6000 kr. Dýrtíðaruppbótar skal hann njóta eftir fyrirmælum almennra launalaga. Skrifstofukostnaður og kostnaður vegna aðstoðar og eftirlitsferða skal ákveðinn í fjárlögum.

Ed. 117. Nefndarálit

um frv. til laga um bæjarstjóra á Siglufirði og breytingar á lögum nr. 58 28. nóv. 1919.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefir athugað frv. og leggur til, að það verði samþ. Einn nefndarmanna (ÁJ) var fjarstaddur, er málið var afgr. í nefndinni.

Alþingi, 21. marz 1938.

Sigurjón Á. Ólafsson, form., frsm. Ingvar Pálmason, fundaskr. Páll Hermannsson.
Magnús Jónsson.

Nd. 118. Frumvarp til laga

um framlenging á gildi laga nr. 33 7. maí 1928, um skattgreiðslu h/f Eimskipafélags Íslands.

Frá fjárhagsnefnd.

1. gr.

Lög nr. 33 7. maí 1928, um skattgreiðslu h/f Eimskipafélags Íslands, skulu gilda árin 1939 og 1940.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Með bréfi til Alþingis, dags. 1. marz 1938, hefir h/f Eimskipafélag Íslands farið þess á leit, að lög nr. 33 7. maí 1928, um skattgreiðslu félagsins, verði framlengd fyrir árin 1939 og 1940. Árið 1936 voru lög þessi framlengd til ársloka 1938. Samkvæmt ákvæðum laganna er Eimskipafélagið undanþegið greiðslu tekju- og eignarskatts, svo og útsvars, að öðru en því, að því ber að greiða í bæjarsjóð Reykjavíkur 5% af nettóágóða. Framangreindar ívilnanir eru bundnar þeim skilyrðum, að félagið greiði ekki yfir 4% í arð af hlutafénu og að það veiti 60 mönnum á ári ókeypis far til útlanda og heim aftur á skipum félagsins, eftir úthlutun Menntamálaráðs Íslands.

Með flutningi þessa frv. hefir fjárhagsnefnd tekið framangreinda ósk félagsins til greina.

Nd. 119. Breytingartillaga

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 45 13. júní 1937, um bann gegn dragnótaveiði í landhelgi.

Flm.: Pétur Ottesen.

Við 1. gr. Greinina skal orða svo:

Síðari málsl. fyrri málsgr. 1. gr. laganna orðist svo:

Þó skulu dragnótaveiðar á skipum, sem eru að stærð 35 smálestir brúttó eða meira, bannaðar allt árið.

Nd. 120. Frumvarp til laga

um hafnargerð á Raufarhöfn.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

1. gr.

Ríkissjóður veitir til hafnargerðar á Raufarhöfn í Presthólahreppi í Norður-Þingeyjarsýslu, samkvæmt áætlun, er ríkisstjórnin hefir samþykkt, ⅖ kostnaðar, eftir því sem fé er veitt til þess í fjárlögum, allt að kr. 180000.00 — eitt hundrað og áttatíu þúsund krónur — gegn ⅗ hlutum frá hafnarsjóði Raufarhafnar.

2. gr.

Ríkisstjórninni veitist heimild til að ábyrgjast fyrir hönd ríkissjóðs allt að kr. 180000.00 — eitt hundrað og áttatíu þúsund króna — lán, er hafnarsjóður Raufarhafnar kann að taka, gegn ábyrgð Presthólahrepps og sýslusjóðs Norður-Þingeyjarsýslu, en þó aldrei meira en ⅖ kostnaðar við hafnargerðina. Tillag úr ríkissjóði og ábyrgð ríkissjóðs eru bundin því skilyrði, að yfirumsjón með verkinu og reikningshald sé falið manni, sem atvinnumálaráðuneytið samþykkir.

3. gr.

Takmörk hafnarinnar skulu ákveðin af atvinnumálaráðherra í samráði við vitamálastjórn ríkisins og hafnarnefnd Raufarhafnar.

4. gr.

Sérhver er skyldur til að láta af hendi lönd og mannvirki, er þarf til hafnargerðarinnar, eða undir brautir og vegi í þarfir hafnarinnar, svo og leyfa, að tekið

verði í landi hans hvort heldur er grjót, möl eða önnur jarðefni og þola þær eignakvaðir, óhagræði eða takmörkun á afnotarétti, sem hafnargerðin hefir í för með sér, allt gegn því, að fullar bætur komi fyrir. Náist ekki samkomulag um bæturnar, skulu þær ákveðnar með mati tveggja dómkvaddra manna, að tilkvöddum báðum málsaðiljum. Kostnaður við matið greiðist úr hafnarsjóði Raufarhafnar. Nú vill annarhvor málsaðili ekki una mati, og getur hann þá heimtað yfirmat, en gera skal hann það innan 14 daga frá því matsgerð er lokið. Yfirmat skal framkvæmt á sama hátt, af 4 dómkvöddum mönnum. Kostnað við yfirmat greiði sá, er þess hefir krafizt, ef matsupphæðinni verður ekki breytt meir en nemur 10% af hinni ákveðnu endurgjaldsupphæð, ella greiðist kostnaðurinn úr hafnarsjóði Raufarhafnar.

5. gr.

Meðfram strandlengjunni umhverfis höfnina má ekki gera í sjó fram neina bryggju eða önnur mannvirki, né fylla upp eða dýpka út frá landi, nema eftir tillögum hafnarnefndar og með samþykki sveitarstjórnar Presthólahrepps. Sá, sem vill gera eitthvert slíkt mannvirki, skal senda hafnarnefnd beiðni um það, og skal beiðninni fylgja lýsing á því, svo og uppdráttur, ef með þykir þurfa, í tvennu lagi, og heldur hafnarnefnd öðru eintakinu. Hafnarnefnd afgreiðir síðan málið til sveitarstjórnar. Sá, sem fengið hefir slíkt leyfi, skal skyldur að halda mannvirkinu svo við, að engin hætta stafi af því. Þessi ákvæði gilda og um þær bryggjur og önnur mannvirki, er þegar hafa verið gerð á hafnarsvæðinu.

Brot gegn þessari grein varða sektum, frá 20—500 krónum, og getur hafnarnefnd látið nema burt mannvirkið á kostnað eiganda.

6. gr.

Sveitarstjórn Presthólahrepps fer með stjórn hafnarmálanna, undir yfirumsjón atvinnu- og samgöngumálaráðuneytisins.

7. gr.

Framkvæmd hafnarmála og eftirlit með höfninni og eignum hennar skal fela hafnarnefnd. Hafnarnefnd skipa 3 menn, kosnir af sveitarstjórn Presthólahrepps. Nefndarmenn skulu kosnir að afstöðnum hverjum reglulegum sveitarstjórnarkosningum.

8. gr.

Eignum hafnarsjóðs má aðeins verja í þarfir hafnarinnar. Sveitarsjóður ábyrgist skuldir hafnarsjóðs, og sveitarstjórn hefir ábyrgð á eignum hafnarinnar.

9. gr.

Sveitarstjórn má ekki, án leyfis ráðuneytisins, selja eða veðsetja fasteignir hafnarsjóðs, eða kaupa nokkrar nýjar fasteignir, taka stærri lán eða lán til lengri tíma en að þau verði greidd aftur af tekjum þess árs, er fer í hönd, né endurnýja slík lán eða fresta greiðslutímanum, og ekki heldur gera nein þau mannvirki við höfnina, sem svo eru stórvaxin, að árstekjurnar hrökkvi ekki til að koma þeim í framkvæmd.

10. gr.

Til þess að standa straum af kostnaði við dýpkun hafnarinnar og byggingu og viðhald hafnarvirkja, svo og til árlegs rekstrarkostnaðar hafnarinnar, er heimilt að innheimta gjöld þau, sem hér segir:

1. Árlegt gjald af bryggjum og öðrum mannvirkjum, sem gerð eru samkv. 5. gr.
2. Gjöld af skipum og bátum, er hafna sig á Raufarhöfn, og farmi þeirra:
   a. Lestagjald.
   b. Vitagjald.
   c. Vörugjald. Undanskildar skulu þó vörur þær, er samkvæmt farmskrá skipsins eiga að fara til annara hafna á landinu, ef þær eru ekki settar á land.

d. Bryggjugjald af skipum, er leggjast við bryggjur hafnarinnar.
e. Festargjald af skipum, er nota festar hafnarsjóðs.

Gjöld þessi, sem og gjöld fyrir önnur afnot af eignum hafnarinnar skulu ákveðin í reglugerð, er hafnarnefnd Raufarhafnar semur og atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið staðfestir.

Herskip, varðskip, björgunarskip og skemmtiskip skulu undanþegin gjöldum til hafnarinnar samkvæmt tölulið 2. a, b, og c.

11. gr.

Nú má álíta, að tekjur af gjaldstofnum þeim, sem heimilaðir eru í 10. gr., hrökkvi ekki fyrir árlegum útgjöldum hafnarinnar, og getur þá hafnarnefnd, með sérstöku samþykki atvinnumálaráðuneytisins fyrir hvert ár, ákveðið, að leggja megi aukagjöld allt að 10% á hin ákveðnu gjöld af út- og innfluttum vörum. Gjöld samkvæmt 10. og 11. gr. innheimtir hafnarnefnd, og má taka þau lögtaki.

12. gr.

Reikningsár hafnarsjóðs er almanaksárið.

13. gr.

Fyrir 1. nóvember ár hvert ber hafnarnefnd að leggja fyrir sveitarstjórn áætlun um tekjur og gjöld hafnarinnar á komandi ári. Sveitarstjórn skal hafa fullsamið áætlunina fyrir lok nóvembermánaðar og senda hana síðan atvinnumálaráðuneytinu til samþykktar fyrir árslok, ásamt nauðsynlegum skýringum á einstökum gjalda- og tekjuliðum.

14. gr.

Nú hefir sveitarstjórn í hyggju einhverjar meiri háttar aðgerðir við höfnina, eða hún vill gera einhverjar þær ráðstafanir, er samþykki atvinnumálaráðuneytisins þarf til, og skal hún þá senda ráðuneytinu sérstaka tillögu um það efni. Skal það gert svo tímanlega sem kostur er á, svo að samþykki ráðuneytisins geti komið til áður en hún lætur fjárhagsáætlun hafnarinnar frá sér fara.

15. gr.

Komi það í ljós, þegar fram á árið líður, að óumflýjanlegt sé að sinna einhverjum aðgerðum utan áætlunarinnar, eða fara fram úr áætluðum fjárhæðum, ber hafnarnefnd að tilkynna það sveitarstjórn í tæka tíð. Fallist hún á tillögur hafnarnefndar, skal þegar leitað samþykkis ráðuneytisins til þess að víkja megi frá áætluninni. Fyrr má ekki framkvæma verkið né stofna til tekjuhallans.

16. gr.

Við lok hvers reikningsárs, og ekki síðar en fyrir febrúarlok, skal hafnarnefnd gera reikning yfir tekjur og gjöld hafnarinnar á hinu liðna ári og efnahagsreikning hennar. Reikningana skal endurskoða og úrskurða á sama hátt og reikninga sveitarinnar.

17. gr.

Að öðru leyti skal ákveða með reglugerð, er hafnarnefnd semur og ráðuneytið staðfestir, allt það, er lýtur að greiðri og hættulausri umferð um höfnina, góðri reglu og öðru höfninni viðkomandi, er við þykir eiga. Í reglugerðinni má ákveða sektir fyrir brot gegn henni, 20—1000 krónur. Sektir samkvæmt lögum þessum renna í hafnarsjóð.

18. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Nd. 121. Breytingartillögur

við frv. til l. um bókhald.

Frá Thor Thors og Garðari Þorsteinssyni.

1. Við 4. gr. Greinin orðist svo:
   Allir þeir, sem bókhaldsskyldir eru samkv. 2. gr., sbr. 3. gr., skulu færa, eftir því sem við á, bækur þær og yfirlitsreikninga, sem um getur í 5.—8. gr.
2. Við 6. gr. 2., 3. og 4. málsgr. falli niður.
3. Við 7. gr. 2. málsgr. falli niður.
4. Við 8. gr.
   a. 6. tölul. orðist svo: Aðra þá reikninga, sem í hverju einstöku tilfelli eru nauðsynlegir til þess, að bókhaldið gefi rétt yfirlit um rekstur og efnahag fyrirtækisins.
   b. Niðurlag síðustu málsgr., frá „aðalbók“ og út málsgr., falli niður.
5. Við 9. gr. Heimilt er þeim, sem færa tvöfalt bókhald, að færa bækur þær, sem um ræðir í 5. til 8. gr., sem lausblaðabækur, en þá skal jafnframt færa niðurstöður bókanna mánaðarlega inn í sérstaka innbundna og tölusetta aðalbók, er skal vera löggilt, og má þá jafnframt nota hana sem efnahagsbók.

Nd. 122. Breytingartillögur

við frv. til l. um bókhald.

Frá allsherjarnefnd.

1. Við 2. gr. Niðurlag gr. orðist svo: Læknum, tannlæknum og prestum í kaupstöðum er skylt að halda sjóðbók.
2. Við 4. gr. Í stað „samkvæmt 2. og 3. gr.“ komi: samkvæmt 2. gr., sbr. 3. gr.
3. Við 13. gr. Greinin falli niður og greinatalan og tilvitnanir breytist samkv. því.

Nd. 123. Nefndarálit

um frv. til l. um skipun nefndar til að rannsaka hag og rekstur togaraútgerðarinnar og gera tillögur um það mál.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin mælir með því, að frv. verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGU.

Við 1. gr. 1. málsl. orðist svo:
Sameinað Alþingi kýs hlutbundinni kosningu 5 manna nefnd til þess að rannsaka hag og rekstur allra togaraútgerðarfyrirtækja hér í landi.

Einn nefndarmanna, Finnur Jónsson, áskilur sér rétt til að bera fram breytingartillögu.

Alþingi, 22. marz 1938.

Finnur Jónsson, form. Gísli Guðmundsson, fundaskr., frsm. Sig. Ein. Hlíðar.
Bergur Jónsson. Sigurður Kristjánsson.

Nd. 124. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 64 frá 28. jan. 1935, um ríkisborgararétt, hversu menn fá hann og missa.

Flm.: Jón Pálmason.

1. gr.

Síðari málsl. 1. málsgr. 4. gr. laganna orðist þannig:

Þó er heimilt að veita manni, sem starfað hefir í þjónustu ríkis, ríkisstofnana eða sýslu-, sveitar- og bæjarfélaga 5 ár óslitið, ríkisborgararétt, ef önnur skilyrði þessara laga eru fyrir hendi.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Það virðist fullkomlega eðlilegt, að sýslur, sveitir og bæjarfélög séu jafnrétthá ríkisstofnunum að því er það snertir, að starfsmenn, sem þeir aðiljar hafa talið sér nauðsynlegt að fá erlendis frá, hafi sama rétt og starfsmenn ríkisstofnana um ríkisborgararétt. Nánar í framsögu.

Ed. 125. Frumvarp til laga

um veiting ríkisborgararéttar.

(Eftir 3. umr. í Nd.).

Ríkisborgararétt skulu öðlast:

Eide, Hans, kaupmaður í Reykjavík, fæddur í Noregi.
Haarde, Tomas, stöðvarverkstjóri í Reykjavík, fæddur í Noregi.
Halblaub, Ágúst, vélstjóranemi í Reykjavík, fæddur í Þýzkalandi.
Halblaub, Sólveig Jónsdóttir, verkakona á Akureyri, fædd hér á landi.
Isebarn, Ingólfur Hans Hermann, skrifstofumaður í Reykjavík, fæddur í Noregi.
Isebarn, Júliana Matthildur, skrifari í Reykjavík, fædd í Noregi.
Jónas Jónasson, verzlunarmaður í Reykjavík, fæddur hér á landi. — Réttur þessi tekur ekki til konu hans.
Kristján Halldórsson, verkamaður á Hólmavík, fæddur hér á landi.

Nd. 126. Frumvarp til laga

um eftirlit með skipum.

(Eftir 3. umr. í Ed.).

1. gr.

Skip skal telja óhaffært, ef bol þess, búnaði, vél eða vélartækjum eða skipshöfn er svo áfátt, eða það er svo ofhlaðið mönnum eða munum eða vanhlaðið, eða illa birgt að vistum eða vatni, að kolum eða öðrum vélanauðsynjum, ef það er gufuskip eða vélskip, eða það af öðrum ástæðum er svo á sig komið, að telja verður, vegna sjóferða þeirra, er skipið skal fara, að hættulegra sé að vera í förum með það en venjulegt er við siglingar.

2. gr.

Setja skal með reglugerð, er atvinnumálaráðuneytið gefur út fyrir árslok 1938, nánari ákvæði um, hverjar kröfur gera skuli til þess, að skip verði talið haffært, eftir því hvert skipið er og hvaða ferðir því eru ætlaðar, og um farþegafjölda, svo og um það, hvers gæta skuli við skipaskoðanir, sem gerðar eru samkv. lögum þessum eða öðrum lögum og alþjóðasamþykktum.

Í sömu reglugerð skulu sett ákvæði um rúmstærð og gólfstærð í svefnherbergjum skipverja, svo og annan útbúnað herbergjanna, að því er snertir birtu, loftrás og aðra hollustuhætti. Ennfremur um borðstofu, bað- og þvottaklefa og salerni.

Þar til ofangreind reglugerð verður gefin út skal tilskipun dags. 20. nóv. 1922, um eftirlit með skipum og bátum og öryggi þeirra, vera í gildi.

3. gr.

Eiganda skips eða útgerðarmanni, svo og skipstjóra, er skylt að sjá um, að skip sé haffært, er það leggur úr höfn. Hið sama gildir um haffæri skips vegna hleðslu, ef það tekur farm utan hafnar eða aflar fisk á hafi úti. Skylt er skipstjóra að öðru leyti að gera allt það, er hann má, til að halda skipi haffæru á ferð.

Nú tekur skip grunn, slæst við bryggju, verður fyrir hverskonar árekstri eða það annað ber til, er ætla má, að af muni hljótast, að skipið verði óhaffært, og er skipstjóra þá skylt að láta rannsaka tjón það, sem orðið hefir, með skoðunargerð á þeim stað, er henni verður fyrst við komið.

Þegar þannig stendur á, að ekki verður náð til sérfróðra manna þar, sem skipið er statt, til að skoða tjónið, skal skipstjóri, yfirvélstjóri, yfirstýrimaður ásamt tveim mönnum, er skipshöfn velur, framkvæma bráðabirgðaskoðun á tjóninu og færa árangur hennar inn í eftirlitsbók skipsins. Skoðunargerðin skal undirrituð af þeim öllum, og í henni greinilega tekin fram skýlaus yfirlýsing um haffæri þess. Afrit af skoðunargerðinni skal þá þegar send skipaskoðunarstjóra, og ákveður hann, hvort frekari skoðun skuli fara fram.

4. gr.

Ef líkur eru á, að skip eða bátur, sem ferðbúinn er frá íslenzkri höfn, sé óhaffær, má lögreglustjóri, skipaskoðunarstjóri eða skipaskoðunarmaður, sem hann hefir sérstaklega veitt heimild til þess, hefta brottför skipsins eða bátsins til bráðabirgða.

Sama gildir, ef skipstjóri, útgerðarmaður eða sá maður, sem í þeirra stað kemur, tálma því, að skipaskoðunarmenn geti framkvæmt til hlítar skoðun, er þeir telja nauðsynlega.

Sá, sem brottför skipa heftir, skal tafarlaust tilkynna skipstjóra eða útgerðarmanni, með bréfi eða símskeyti, ástæðurnar til þess, að brottför skipsins var heft, og hvað gera þurfi til þess, að því verði leyfð brottför. Skipið, sem heft hefir verið, má eigi leggja úr höfn fyrr en bætt hefir verið úr göllum þeim, sem á því voru, og það sannað með skoðunargerð.

Ákvæði greinar þessarar gilda og um erlend skip, þó með þeim takmörkunum, sem leiða kann af gildandi þjóðasamningum.

5. gr.

Þar sem ekki er annars getið, taka ákvæði laga þessara um skoðun skipa til allra skipa og báta, sem eru 6 metrar á lengd eða lengri, mælt milli stafna, og gerðir eru út hér á landi, hvort heldur er til farþegaflutninga, vöruflutninga eða fiskveiða. Ennfremur taka ákvæði laganna til allra báta, án tillits til stærðar, flytji þeir farþega, hvort sem er á sjó, ám eða vötnum.

Atvinnumálaráðuneytið getur með reglugerð ákveðið, að eftirlit skuli haft með öryggi annara fljótandi fara, og hvernig því eftirliti skuli hagað.

6. gr.

Eftirlit með öryggi skipa er undir yfirstjórn atvinnumálaráðuneytisins. Ráðuneytið skipar skipaskoðunarstjóra til að annast framkvæmd þessara mála, og skal honum fengin nauðsynleg aðstoð við starfið. Hefir hann á hendi eftirlit með öllum skipaskoðunarmálum, rannsakar skoðunarskýrslur skipaskoðunarmanna og fer eftirlitsferðir um landið, til að líta eftir framkvæmd laganna.

Skipaskoðunarstjóri má engin launuð aukastörf hafa á hendi nema með leyfi ráðherra.

Skipaskoðunarstjóri hefir að launum 5000 kr. á ári, er hækka um 200 kr. annaðhvert ár upp í 6000 kr. Dýrtíðaruppbótar skal hann og njóta eftir fyrirmælum almennra launalaga.

Laun aðstoðarmanns skipaskoðunarstjóra eru 4800 kr. á ári, hækkandi annaðhvert ár um 200 kr. upp í 6000 kr. Dýrtíðaruppbótar skal hann njóta eftir fyrirmælum almennra launalaga. Skrifstofukostnaður og kostnaður vegna aðstoðar og eftirlitsferða skal ákveðinn í fjárlögum.

7. gr.

Atvinnumálaráðuneytið skiptir landinu í skipaskoðunarumdæmi, að fengnum tillögum skipaskoðunarstjóra, og skipar til framkvæmdar eftirlitinu í hverju umdæmi svo marga skipaskoðunarmenn, sem þurfa þykir, að fengnum tillögum skipaskoðunarstjóra. Skulu þeir skipaðir til 4 ára í senn. Þeir skulu vera valinkunnir og óvilhallir menn, og að öðru leyti svo vel til starfsins fallnir sem frekast eru föng á. Áður en þeir taka til starfa, skulu þeir undirrita drengskaparheit um, að þeir vilji vinna starf sitt samvizkusamlega. Skipaskoðunarmenn mega ekki skoða þau skip, sem þeir eru eigendur eða útgerðarmenn að.

Skipaskoðunarmenn skulu gera allar skoðanir, er ræðir um í lögum þessum, tilskipunum eða reglugerðum, er settar verða samkvæmt þeim og gerðar skulu innan umdæmis þeirra, hvort sem skipið er skrásett eða eigi. Ef þörf krefur, getur skipaskoðunarstjóri kvatt menn til skoðunargerðar utan umdæmis síns. Við skoðunargerðir er skipaskoðunarmönnum skylt að gæta þess, að fullnægt sé kröfum þeim, sem gerðar eru í lögum þessum, tilskipunum eða reglugerðum, er settar verða samkvæmt þeim um öryggi skipa, þeirrar tegundar, sem það skip er, sem þeir skoða, og í þeim ferðum, sem því eru ætlaðar.

Að lokinni skoðun er skipaskoðunarmönnum skylt að sjá um, að umkvartanir þeirra hafi verið teknar til greina. Sé umkvörtunin þess eðlis, að talið verði, að ekki sé öruggt, að skipið sé í förum, skal skoðunarmaður ekki láta skoðunarvottorðið af hendi, en tilkynna eiganda, að vottorðið verði ekki látið af hendi fyrr en úr göllunum sé bætt, og skipinu bannað að vera í förum. Þetta skal, verði því við komið, gera skriflega.

Sé minni háttar umkvörtunum (göllum), sem ekki hafa áhrif á haffæri skipsins, ekki sinnt með því að bæta úr því, sem áfátt reyndist við skoðunina, vegna þess að það sé ekki fáanlegt á staðnum, skal skoðunarmaður gefa skipinu hæfilega langan frest að afla þess, er vantaði, og skal þess getið í eftirlitsbókinni.

Þegar fresturinn er útrunninn, skal skoðunarmaður ganga úr skugga um, að umkvartanir hans hafi verið teknar til greina, en sé svo ekki, skal hann tafarlaust kæra skipið fyrir hlutaðeigandi lögreglustjóra, og ekki má hann framlengja veittan frest, þó kært hafi verið, nema með leyfi skipaskoðunarstjóra.

Verði ekki náð til skipsins, þegar fresturinn er útrunninn, skal skipaskoðunarmaður leita aðstoðar skipaskoðunarstjóra í málinu, og ákveður hann þá, hvað gera skuli.

Skoðunarmönnum ber eftir megni að fylgjast með því, að hlýtt sé fyrirmælum um öryggi skipa á öðrum tímum en þeim, er skoðun fer fram, þótt þeim sé ekki falið eftirlit það, er um ræðir í 8. og 9. gr. Verði þeir áskynja þess, að lögum þessum

og reglugerðum, settum samkvæmt þeim, sé ekki framfylgt, ber þeim að tilkynna það tafarlaust skipaskoðunarstjóra eða lögreglustjóra á staðnum.

Þóknun til skipaskoðunarmanna fyrir starfa sinn ákveður ráðherra með reglugerð. Þóknun þessi greiðist úr ríkissjóði og miðast við gjald það, er eiganda skips er gert að greiða fyrir hverja skoðun. Lögreglustjórar innheimta skoðunargjald af skipaeigendum með sama hætti og aðrar tekjur ríkissjóðs, og hefir það sama rétt og opinber gjöld, enda er skipaskoðunarmönnum skylt að tilkynna lögreglustjóra, er skoðun hefir farið fram.

Ef skipaskoðunarmenn takast ferð á hendur vegna skoðunar á skipi, skal hæfilegur kostnaður, er af ferðinni leiðir, greiddur úr ríkissjóði, án þess að hann sé endurkræfur af skipseiganda.

8. gr.

Ráðherra skipar einn af skipaskoðunarmönnunum í hverjum landsfjórðungi, að fengnum tillögum skipaskoðunarstjóra, skipaeftirlitsmann í fjórðungnum, eftir nánari reglum, er ráðherra setur. Skal skipaeftirlitsmaður hafa skipstjórapekkingu. Skipaeftirlitsmönnum ber að fylgjast með á hverjum tíma, hvernig lögunum er framfylgt.

Til þeirra geta skipverjar eða aðrir snúið sér með umkvartanir á því, er þeir telja ábótavant með öryggi skips. Allar umkvartanir skulu gerðar skriflega. Skipaeftirlitsmenn eru bundnir þagnarheiti um nöfn þeirra manna, er kært hafa, ef kærandi óskar þess, enda sé kæran á rökum byggð.

Nú hefir skipaeftirlitsmanni borizt umkvörtun um, að ákvæðum laga þessara eða reglugerðar, settrar samkvæmt þeim, sé ekki framfylgt, og ber honum þá að kynna sér svo fljótt sem auðið er, hvort umkvörtunin er á rökum byggð. Reynist það svo, að umkvörtunin sé réttmæt, ber honum að gera ráðstafanir til, að úr verði bætt, og jafnframt að tilkynna skipaskoðunarstjóra athugun sína og senda honum skýrslu um málið.

9. gr.

Í útgerðarstöðum, þar sem örðugleikar eru á, að eftirlitsmenn geti haft fullnægjandi eftirlit sökum fjarlægðar frá þeim stað, þar sem eftirlitsins er mest þörf, eða á þeim tímum árs, þegar fiskveiðar eru almennast og mest stundaðar, er ráðherra heimilt að fela skipaskoðunarmanni á staðnum eftirlit það, er um ræðir í 8. gr., enda fullnægi hann skilyrðum þeim, sem sett eru um eftirlitsmenn.

10. gr.

Ráðherra setur skipaeftirlitsmönnum starfsreglur, en þóknun til þeirra skal ákveðin í fjárlögum. Ferðakostnaður þeirra greiðist af ferðakostnaðarfé skipaskoðunarinnar, sem ákveðið skal í fjárlögum.

11. gr.

Skoðunargerðir á skipum eru tvennskonar, aðalskoðun og aukaskoðun.

Aðalskoðun skal gera á skipum sem hér segir:

a) Áður en skip leggur úr höfn hér á landi í fyrsta sinn, er smíðað hefir verið hér á landi eða breytt hefir verið svo mjög, að mæla þurfi það af nýju, eða þegar það er fengið frá öðrum löndum, hvort heldur nýsmíðað eða notað, til skrásetningar undir íslenzkum fána eða til útgerðar hér á landi.
b) Á öllum farþegaskipum einu sinni á ári. Í reglugerð þeirri, er ræðir um í 2. gr. þessara laga, skal ákveða, hver skip teljist farþegaskip.
c) Á öllum öðrum skipum annaðhvert ár.

12. gr.

Við aðalskoðun skal athuga vandlega allt öryggi skipsins, bæði sjálfs bols skipsins, þilfars og skilrúma, siglu og reiða, véla og vélartækja, búnaðar alls og áhalda, svo og allt annað, er lýtur að öryggi skipsins.

13. gr.

Að lokinni aðalskoðun skips skulu skipaskoðunarmenn senda lögreglustjóra vottorð um skoðunina og tillögur sínar um það, hvort skipinu skuli gefið haffærisskírteini eða eigi, en skipaskoðunarstjóra senda þeir skýrslu um skoðunina, og skal þetta hvorttveggja ritað eftir fyrirmynd, er atvinnumálaráðuneytið setur.

Komi það í ljós við skoðunina, að skipið sé haffært, skal lögreglustjóri eða skipaskoðunarstjóri gefa því haffærisskírteini, en öryggisskírteini farþegaskipa, sem út eru gefin samkvæmt alþjóðasamþykkt um öryggi mannslífa á sjónum, skulu gefin út af skipaskoðunarstjóra. Í haffærisskírteini skal tilgreina nafn skips og heimili, skrásetningarbókstafi þess, númer þess á fiskiskipaskrá og umdæmisbókstafi, ef um fiskiskip er að ræða, smálestatal, hvort skipið sé seglskip eða vélskip, róðrarbátur eða vélbátur, til hvaða ferða skipið sé ætlað, tölu farþega, er það má flytja, sé um farþegaskip að ræða, svo og að skipið fullnægi þeim kröfum um öryggi skipa, er gerðar eru í lögum þessum, tilskipunum eða reglugerðum, settum samkvæmt þeim.

Haffærisskírteini gildir um farþegaskip í eitt ár frá dagsetningardegi þess, en um önnur skip í tvö ár frá sama tíma, enda hafi lögboðin aukaskoðun farið fram, sbr. 15. gr. Nú er skip statt í útlöndum á þeim tíma, er haffærisskírteini þess gengur úr gildi, og getur þá skipaskoðunarstjóri framlengt gildi skírteinisins til ákveðins tíma, þó ekki lengur en í 3 mánuði, enda séu færðar líkur fyrir því, að skipið sé haffært. Ef sérstaklega stendur á í öðrum tilfellum, getur skipaskoðunarstjóri framlengt gildi skírteinisins um allt að 45 daga, enda séu líkur fyrir því, að skipið sé haffært.

Haffærisskírteini skal fylgja skipsskjölunum, og skal það ávallt sýnt við tollafgreiðslur skipsins, lögskráningu á það, greiðslu slysatryggingargjalds skipverja, þegar um skip er að ræða, sem ekki er skylt að lögskrá á, og þegar þess er krafizt af yfirvöldunum. Nú er sá tími, er skírteinið gildir, á enda, eða skoðun, er gerð skyldi á skipinu á þeim tíma samkvæmt lögum þessum, er vanrækt, hvort sem er aðalskoðun eða aukaskoðun, eða það kemur í ljós við slíka skoðun, að skipið sé óhaffært, og skal lögreglustjóri eða skipaskoðunarstjóri þá afturkalla skírteinið.

Fyrir útgáfu eða áritun haffærisskírteinis, sbr. 19. gr., skal skipseigandi greiða í stimpilgjald fyrir skip og yfirþiljaða báta upp að 12 rúmlesta stærð 1 kr. Opnir bátar og óyfirþiljaðir vélbátar (trillubátar) séu gjaldfrjálsir.

Fyrir skip frá	12—	20	rúmlesta	.....	2	kr.
— — —	20—	40	—	.....	3	—
— — —	40—	100	—	.....	5	—
— — —	100—	500	—	.....	10	—
— — —	500—	1000	—	.....	15	—
— —	1000	rúmlesta og stærri		.....	20	—

14. gr.

Aukaskoðanir á skipum eru tvennskonar, almennar og sérstakar.

15. gr.

Almenn aukaskoðun skal gerð einu sinni á ári á skipum þeim, er ræðir um í 11. gr. c) í lögum þessum, það ár, sem aðalskoðun fer ekki fram á þeim.

16. gr.

Við almenna aukaskoðun skal sérstaklega athuga allan búnað skipsins og áhöld, botn skipsins og stýrisbúnað. Þó má botnskoðun gera á öðrum tíma, enda sé þá eigi liðið ár frá síðustu botnskoðun.

17. gr.

Sérstök aukaskoðun skal gerð, er svo stendur á sem hér segir:

a) Þegar skip hefir sætt meiri háttar viðgerð, hvort heldur er á bol eða vél, eða

ný aðalvél hefir verið í það sett, en eigi kveður samt svo mikið að viðgerðinni, að aðalskoðun skyldi gera samkvæmt 11. gr. a) í lögum þessum.

b) Þegar annars þykir ástæða til að rannsaka öryggi ákveðinna hluta skips eða búnaðar þess, svo sem er skip skiptir um veiðiaðferð.

18. gr.

Við sérstaka aukaskoðun skal athuga þá hluta skips eða skipsbúnaðar, er ástæða þykir til vegna atvika þeirra, er skoðuninni valda.

19. gr.

Að lokinni aukaskoðun á skipi skulu skipaskoðunarmenn senda lögreglustjóra eða skipaskoðunarstjóra vottorð um skoðunina og álit sitt um það, hvort þeir telji skipið haffært, svo og skipaskoðunarstjóra skýrslu um skoðunina, og skal hvorttveggja þetta ritað eftir fyrirmynd, er atvinnumálaráðuneytið setur.

Telji skoðunarmenn skipið haffært, ritar lögreglustjóri eða skipaskoðunarstjóri á haffærisskírteini þess athugasemd um, að aukaskoðun hafi verið gerð og að hún hafi eigi leitt neitt það í ljós, er geri skipið óhaffært. Fyrir áritun þessa greiðir skipseigandi hálfu minna stimpilgjald en fyrir útgáfu haffærisskírteinis.

20. gr.

Atvinnumálaráðuneytinu er heimilt að gera vægari kröfur en reglur þær, sem nú gilda, gera almennt um skip, sem eru íslenzk eign eða voru í smíðum fyrir íslenzkan reikning fyrir 1. júlí 1922, þó ekki um haffæri skipsins, ferðbúnað þess né lífsöryggi manna. Svo ber og að gæta þess, að fullnægt sé samningum við aðrar þjóðir.

Heimilt er og í einstökum tilfellum, ef nauðsyn krefur, að veita slíkar undanþágur fyrir skip, sem keypt eru frá útlöndum, enda sé ekki keypt eldra skip en 12 ára.

21. gr.

Nú er skoðun gerð samkvæmt 3. eða 4. gr. laga þessara eða samkvæmt 59. gr. sjómannalaga, nr. 41 19. maí 1930, og ákveður þá skipaskoðunarstjóri, eða lögreglustjóri í forföllum hans, hvort skoðunin skuli vera aðalskoðun eða aukaskoðun.

22. gr.

Aðalskoðun og aukaskoðun á skipum skal framkvæmd af tveim mönnum, sem til þess hafa nægilega sérþekkingu. Skipaskoðunarstjóri skiptir með þeim verkum eftir sérþekkingu þeirra.

Komi það atriði fyrir í sérstökum tilfellum, að fullkomnari sérþekkingar þurfi með, er skoðunarmanni heimilt að fá sér sérfræðilega aðstoð.

Skoðun á opnum bát, hvort sem hann er með vél eða án vélar, skal framkvæmd af einum manni, er til þess sé nægilega sérfróður.

23. gr.

Eiganda skips eða útgerðarmanni eða skipstjóra er skylt að sjá um, að lögskipaðar skoðanir séu gerðar á skipi.

24. gr.

Skipaskoðunarmenn skulu gera skoðun á skipi tafarlaust, ef þess er óskað, eða svo fljótt sem því verður við komið. Skoðun skal jafnan, ef þess er kostur, hagað svo, að sem minnst töf verði á ferðum skipsins eða vinnu á því.

Skipaskoðunarmönnum og eftirlitsmönnum skal frjáls aðgangur að skipinu og öllum rúmum í því. Þeir skulu eiga rétt á að athuga öll áhöld skips og búnað. Þeim er heimilt að krefjast þess, að farmur sé tekinn úr skipi, skip sett á land eða vélar hreyfðar, sé það nauðsynlegt vegna skoðunarinnar.

Eiganda skips, útgerðarmanni, skipstjóra og skipshöfn er skylt að láta skipa-

skoðunarmönnum í té nauðsynlega aðstoð við skoðunina og gefa þær upplýsingar um skipið og öryggi þess, er þeir krefjast.

Nú fer fram skoðun til endurnýjunar á flokki skips, sem eldra er en 12 ára, og skal þá eiganda skips eða umboðsmanni hans skylt að láta skipaskoðunarstjóra í té, svo fljótt sem auðið er, skýrslu yfir það, sem gert hefir verið við skipið eða því breytt.

Geta skal þess í skýrslunni, sem ófullnægt kann að vera af kröfum þeim, sem gerðar voru til endurnýjunar á flokki skipsins, og hve langur frestur hafi verið gefinn til þess að fullnægja kröfunum. Að lokinni flokkunarviðgerð er skipaskoðunarstjóra skylt að kynna sér eftir föngum, hvernig viðgerðinni hafi verið fullnægt.

25. gr.

Lögreglustjóri, skipaskoðunarstjóri, eigandi skips, útgerðarmaður, skipstjóri, stéttarfélög sjómanna, eða í tilfellum þeim, er ræðir um í 59. gr. sjómannalaga, nr. 41 19. maí 1930, meiri hluti skipshafnar eða vélstjóri, geta krafizt yfirskoðunar á skipi. Yfirskoðun gera helmingi fleiri menn en áður skoðuðu þann hluta skipsins, sem um er deilt. Skulu þeir hafa þá sérþekkingu, er til þess þarf.

Lögreglustjóri skipar yfirskoðunarmenn í hverju einstöku tilfelli. Úrskurður yfirskoðunarmanna um ástand skips, véla eða búnaðar þess skal vera fullnaðarúrskurður.

26. gr.

Þeim, sem samkvæmt lögum þessum geta krafizt yfirskoðunar á skipi, er heimilt að krefjast þess, að yfirskoðunarmenn eiðfesti skoðunargerð sína fyrir sjódómi.

27. gr.

Kostnað allan við skipaskoðanir greiðir skipseigandi.

Nú hefir skip reynzt óhaffært við skoðun, en yfirskoðun, sem gerð er samkvæmt kröfu þeirra, er um ræðir í 25. gr., telur skipið haffært, og skal þá kostnaður sá, er af yfirskoðuninni leiðir, greiddur úr ríkissjóði.

28. gr.

Atvinnumálaráðuneytinu er heimilt að fela stjórn þeirra ríkja, sem staðfest hafa Lundúna-samþykktina frá 31. maí 1929 um öryggi mannslífa á sjónum, að framkvæma erlendis skoðun á íslenzkum skipum, sem ofangreind Lundúna-samþykkt nær til, og gefa út haffæris- og hleðslumerkjaskírteini fyrir þau.

29. gr.

Til þess að fullnægja ákvæðum téðrar Lundúna-samþykktar og annara alþjóðasamninga, ef samþykktir hafa verið, getur atvinnumálaráðuneytið gefið út reglur um það, hvernig skip skuli skipað mönnum og hvernig verkum skuli hagað á skipinu. Ennfremur getur ráðuneytið sett reglur um það, hvað til þess þurfi, að starfsmenn á skipinu, aðrir en þeir, sem verða að fullnægja kröfum þeim, sem lögin um atvinnu við siglingar og vélgæzlu setja, geti fengið vottorð um að vera hæfir til starfa þeirra, er þeim eru ætluð.

30. gr.

Þegar aðalskoðun fer fram á flokkuðu skipi, sem er í einhverju af hinum viðurkenndu flokkunarfélögum, skal sú skoðun, sem fór fram á skipinu til endurnýjunar á flokknum, talin fullnægjandi um styrkleika bols, véla og eimkatla, ef farið hefir verið eftir reglum, sem settar hafa verið samkvæmt Kaupmannahafnarsamþykktinni frá 28. janúar 1926, um haffæri og búnað skipa, og um samvinnu milli viðurkenndra flokkunarfélaga og skipaskoðunarinnar.

31. gr.

Öll íslenzk skip, sem eru í förum milli Íslands og annara landa, skulu vera með hleðslumerkjum og hafa hleðslumerkjaskírteini samkvæmt alþjóðasamþykkt, gerðri í London 5. júlí 1930.

Undanskilin þessum ákvæðum eru skip, sem eru undir 150 rúmlestir, og skip, án tillits til stærðar, sem eingöngu eru notuð til fiskveiða, ennfremur skemmtiskip og skip, sem notuð eru í öðrum tilgangi en til flutnings á fólki og vörum.

Atvinnumálaráðuneytið setur með reglugerð nánari reglur um mælingar og skoðanir, er gerðar skuli á skipum til ákvörðunar hleðslumerkja. Ennfremur setur ráðuneytið með reglugerð sérstök ákvæði um, hvernig umbúnaði undir þilfari og á skuli hagað á skipum, sem stunda síldveiðar, svo og á öðrum fiskiskipum, sem sigla milli landa.

Kostnaður allur við ákvörðun hleðslumerkja greiðist af skipseiganda, eftir gjaldskrá, er atvinnumálaráðuneytið setur.

32. gr.

Þegar hleðslumerki hafa verið ákveðin, skal skipaskoðunarstjóri gefa skipinu hleðslumerkjaskírteini. Skal það fylgja skipsskjölunum og ávallt sýnt bæði við tollafgreiðslu og þegar þess er krafizt af yfirvöldunum.

Hafi skip hleðslumerkjaskírteini, útgefið af þar til bærum erlendum stjórnarvöldum eða skipaflokkunarfélagi, getur skipaskoðunarstjóri veitt því íslenzkt hleðslumerkjaskírteini í þess stað, án þess að láta mælingu þá eða skoðun, er með þarf til ákvörðunar hleðslumerkja, fara fram.

Nú er skip flokkað í skipaflokkunarfélagi, er atvinnumálaráðuneytið tekur gilt, og skal þá hleðslumerkjaskírteini þess gilda á meðan skipið heldur sama flokki, þó ekki lengur en í 5 ár.

Nú er skipi breytt þannig, að ætla má, að farmborð skipsins breytist, og er þá hleðslumerkjaskírteini þess úr gildi fallið.

33. gr.

Skip telst óhaffært, sé það svo hlaðið, að það liggi dýpra en hleðslumerki þess leyfa.

34. gr.

Marka skal á fram- og afturstefni allra skipa, sem stærri eru en 20 rúmlestir, mælikvarða í desímetrum annarsvegar, en í enskum fetum hinsvegar, er sýni, hve djúpt skipið liggi í sjó. Kostnað við þetta greiði skipseigandi.

35. gr.

Atvinnumálaráðuneytið getur falið viðurkenndum skipaflokkunarfélögum, gegn þeirri ábyrgð, er það telur nægilega, að framkvæma skoðun og mælingu til ákvörðunar á hleðslumerkjum skipa og gefa því hleðslumerkjaskírteini samkvæmt 12. gr. Lundúna-samþykktarinnar frá 5. júlí 1930.

36. gr.

Nú er skipi lagt úr höfn óskoðuðu, enda þótt skylt hefði verið að skoða það samkvæmt lögum þessum, og ferst það, og er þá eigandi skaðabótaskyldur þeim, er fyrir tjóni verða við skiptapann, hvort heldur fyrir missi fyrirvinnu eða eigna, nema sannað sé, að slysið hafi eigi hlotizt af óforsvaranlegu ástandi skips eða útbúnaði.

37. gr.

Nú vanrækir skipstjóri að láta gera skoðun á skipi, er skylt var að gera samkvæmt lögum þessum, og varðar það hann sektum frá 50 kr. allt að 500 kr. Sömu refsingu sætir skipseigandi eða útgerðarmaður, eigi þeir sök á vanrækslunni.

Önnur brot gegn lögum þessum, eða gegn tilskipunum eða reglugerðum, sem settar eru samkvæmt þeim, varða sektum, allt að 5000 kr., nema þyngri hegning liggi við að lögum.

38. gr.

Með mál út af brotum gegn lögum þessum eða gegn reglugerðum, sem settar verða samkvæmt þeim, skal farið sem almenn lögreglumál.

39. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1939.

40. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi felld lög nr. 93 3. maí 1935, um eftirlit með skipum.

Nd. 127. Breytingartillaga

við frumv. til l. um einkaleyfi til að flytja út hrafntinnu og selja hana á erlendum markaði.

Frá iðnaðarnefnd.

5. gr. frv. orðist svo:

Atvinnumálaráðherra setur reglugerð um framkvæmd einkaleyfisins, og má í henni meðal annars ákveða, að óheimilt sé að flytja út beztu tegund hrafntinnu, um eftirlit með því, að leyfi sé eigi brotið, svo og sektir við brotum leyfishafa o. s. frv.

Nd. 128. Breytingartillaga

við frv. til l. um heimild fyrir ríkisstjórnina til að veita sérleyfi til fóðurmjölsvinnslu úr þangi.

Frá Einari Olgeirssyni.

Í stað orðanna „allt að 10 árum“ í 2. málsgr. 1. gr. komi: allt að 3 árum.

Ed. 129. Lög

um breyting á lögum nr. 69 31. des. 1937, um tekjur bæjar- og sveitarfélaga og eftirlit með fjárstjórn bæjar- og sveitarstjórna.

(Afgreidd frá Ed. 23. marz).

Samhljóða þskj. 47.

Nd. 130. Frumvarp til laga

um breyting á siglingalögum, nr. 56 30. nóv. 1914.

Flm.: Gísli Guðmundsson.

1. gr.

233. gr. laganna breytist sem hér segir: Á eftir orðunum „að réttri tiltölu við kaup manna á skipinu“ komi: Þó skal þar, sem um samvinnu eða hlutaskipti er að ræða, skipta björgunarlaunum eins og venjulegum aflahlut.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Þar sem aflamissir vegna björgunar kemur hlutfallslega niður á þeim, sem vinna á skipi samvinnuútgerðar eða með hlutaráðningu, eru núgildandi ákvæði laganna ekki réttlát. Þess vegna er frv. þetta flutt.

Ed. 131. Nefndarálit

um frv. til l. um vörugjald fyrir Vestmannaeyjakaupstað.

Frá meiri hl. fjárhagsnefndar.

Meiri hl. nefndarinnar mælir með því, að frumvarpið verði samþykkt með þeirri einni breytingu, sem hér fer á eftir, sem stafar af því, að vörugjald þetta er, með lögum nr. 68 1937, framlengt til ársloka 1938. Bernharð Stefánsson hefir fyrirvara um breytingartillögu, er fram kynni að koma um að tímabinda gjald þetta.

BREYTINGARTILLAGA.

Við 2. gr. Greinin orðist svo:
Lög þessi öðlast gildi 1. jan. 1939.

Alþingi, 23. marz 1938.

Bernh. Stefánsson, form., með fyrirvara.	Magnús Jónsson, frsm. meiri hl.

Nd. 132. Frumvarp til laga

um verðjöfnunar- og styrktarsjóð rjómabúa.

Flm.: Sveinbjörn Högnason.

1. gr.

Stofna skal sjóð, er nefnist verðjöfnunar- og styrktarsjóður rjómabúa, er sé undir yfirstjórn landbúnaðarráðherra.

2. gr.

Tilgangur sjóðsins er:

a. Að verðuppbæta smjör, sem unnið er í löggiltum rjómabúum.
b. Að verðuppbæta smjör, sem unnið er í löggiltum mjólkurbúum, úr rjóma frá framleiðendum, sem hafa erfiða aðstöðu til að senda mjólk sína óunna til búanna.
c. Að styrkja byggingu nýrra rjómabúa á þeim framleiðslusvæðum, sem mjólkurbúin ná ekki til, allt að helmingi stofnkostnaðar.
d. Að styrkja þá þætti mjólkurskipulagsins, sem landbúnaðarráðherra telur sérstaka ástæðu til, en ekki verður gert eftir ákvæðum núgildandi mjólkurlaga.

3. gr.

Til að afla sjóðnum tekna, skal leggja 10 au. gjald á hvert kg. smjörlíkis, sem framleitt er og selt í landinu, og 4 au. á hvert kg. erlends fóðurbætis, sem til landsins flyzt. Gjöld þessi innheimtast með öðrum skatta- og tollatekjum ríkissjóðs.

4. gr.

Landbúnaðarráðherra setur reglugerð um framkvæmdarstjórn og önnur fyrirkomulagsatriði sjóðsins.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Eins og nú er komið, verður að líta svo á, að mjólkurskipulaginu stafi mest hætta af of mikilli framleiðsluaukningu hjá mjólkurbúunum og þar af leiðandi markaðsörðugleikum. Það má telja alveg víst, að ásókn aukist mjög að því að komast í þau mjólkurbú, sem fyrir eru, og um stofnun nýrra, þar sem möguleikar eru fyrir hendi. Er þar tvennt, sem veldur mestu um, að bændur una sæmilega því verði, sem mjólkurbúin skila þeim nú, svo og hitt, að mæðiveikin svo kallaða gerist stöðugt meiri vágestur í sauðfjárrækt landsmanna og knýr þá inn á nýjar leiðir sér til bjargar.

Hinsvegar má telja, að sölumöguleikar fyrir mjólk og mjólkurafurðir séu ekki miklir fyrir hendi umfram það magn, sem nú er framleitt til sölu, nema þá erlendis, sem mjög er valt að byggja á, eða þá með því að blanda meira af smjöri í smjörlíkið, þannig að smjörið komi smátt og smátt í þess stað, og þar eru möguleikarnir miklir, a. m. k. langa stund ennþá.

Að fara þá leið virðist því alveg sjálfsagt, en til þess að hún sé fær, þarf að styrkja framleiðsluna meir en nú er, eða svo mikið, að bændur almennt telji sér eins vel henta að hugsa um hana, víða á landinu, eins og sölu mjólkurinnar allrar.

Með þeim tekjumöguleikum, sem hér er gert ráð fyrir, sem mundu nema nær 200 þús. kr. á ári, verður að telja, að mikið ætti að vera hægt að gera í þessa átt, enda fullkomlega réttmætt að nota þá tekjustofna, sem hér er gert ráð fyrir, til þessa.

Nánar í framsögu.

Nd. 133. Frumvarp til laga

um framlenging á gildi laga nr. 90 19. júní 1933, um útflutning á kjöti.

Frá landbúnaðarnefnd.

1. gr.

Lög nr. 90 19. júní 1933, um útflutning á kjöti, skulu gilda til 1. júlí 1939.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Lög þau, sem hér um ræðir, voru framlengd á síðasta þingi til 1. júlí 1938. Meðan viðskiptasamningurinn við Noreg er í gildi, og einnig að óbreyttum öðrum ástæðum um kjötsölu erlendis, ber brýna nauðsyn til þess að halda því skipulagi á kjötverzluninni, sem í lögunum felst, og er því lagt til, að gildi þeirra verði enn framlengt um eitt ár.

Nd. 134. Breytingartillögur

við frv. til l. um húsmæðrafræðslu.

Frá Finni Jónssyni.

1. Við 1. gr. Greinin orðist svo:
   Landbúnaðarráðherra hefir yfirstjórn allrar húsmæðrafræðslu í sveitum landsins samkvæmt lögum þessum.
2. Fyrirsögnin orðist svo:
   Frv. til laga um húsmæðrafræðslu í sveitum.

Nd. 135. Breytingartillaga

við frv. til l. um húsmæðrafræðslu.

Frá landbúnaðarnefnd.

Aftan við 11. gr. bætist nýr málsl., svo hljóðandi: Þó er heimilt að taka af þeim húsaleigugjald, allt að 40 kr. yfir skólaárið.

Nd. 136. Breytingartillaga

við þrtt. á þskj. 112 [Húsmæðrafræðsla].

Frá Bjarna Ásgeirssyni.

Aftan við næstsíðustu málsgr. till. bætist: eftir því sem við verður komið.

Ed. 137. Frumvarp til laga

um húsmæðrafræðslu í sveitum.

(Eftir 3. umr. í Nd.).

1. gr.

Landbúnaðarráðherra hefir yfirstjórn allrar húsmæðrafræðslu í sveitum landsins samkvæmt lögum þessum.

2. gr.

Húsmæðraskólar þeir, er um getur í 3. gr., skulu viðurkenndir og styrktir af ríkinu, enda fullnægi þeir ákvæðum laga þessara.

I. KAFLI
Um húsmæðraskóla í sveitum.

3. gr.

Húsmæðraskólar þeir, er njóta styrks samkv. lögum þessum, eru á eftirtöldum stöðum: Hallormsstað í Suður-Múlasýslu, Laugum í Suður-Þingeyjarsýslu, Lauga-

landi í Eyjafjarðarsýslu, Blönduósi í Húnavatnssýslu, Staðarfelli í Dalasýslu, Laugarvatni í Árnessýslu og Reykholti í Borgarfjarðarsýslu.

Skólar þessir skulu vera sjálfseignarstofnanir, eign héraða eða sýslufélaga og fullnægja ákvæðum laga þessara.

4. gr.

Tilgangur skólanna er að veita konum hagnýta fræðslu til undirbúnings húsmóðurstöðu, miðað við íslenzka staðhætti, einkum í sveit.

5. gr.

Nemendur skulu eigi vera yngri en 16 ára. Heimilt er þó forstöðukonu, í samráði við skólaráð, að veita undanþágu frá þessu ákvæði, þegar sérstaklega stendur á.

6. gr.

Hver nemandi skal njóta 7 til 14 mánaða kennslu. Lengd námstíma og skipulag kennslu í hverjum skóla ákveður ráðherra með reglugerð.

7. gr.

Kennslan skal vera bæði bókleg og verkleg. Námsgreinar eru:

Íslenzka, reikningur, bókfærsla, matarefnafræði, heilsufræði, uppeldisfræði, söngur, íþróttir, hússtjórn, matreiðsla, þvottur, ræsting og handavinna. Ennfremur skal leiðbeina nokkuð í garðrækt og húsdýrarækt, eftir því sem við verður komið.

Heimilt er með reglugerð að ákveða fleiri námsgreinar.

8. gr.

Skólaráð hvers skóla sé skipað fimm mönnum, til 4 ára í senn. Ráðherra tilnefnir einn mann, og er hann formaður. Hina fjóra tilnefna þeir aðiljar, er teljast stofnendur skólans. Nú er kvenfélagasamband í héraðinu, sem eigi hefir tekið þátt í skólastofnun, og skal það þó tilnefna einn mann í ráðið. Skólaráðið ræður forstöðukonu skólans og kennara, í samráði við hana, og hefir að öðru leyti alla yfirstjórn skólans.

9. gr.

Ríkissjóður styrkir húsmæðraskóla eftir þessum reglum:

1. Fyrir allt að 15 reglulega nemendur greiðist 6750 kr. miðað við sjö mánuði.
2. Fyrir hvern reglulegan nemanda, sem þar er umfram, greiðast 400 kr. — Auk þess má veita hverjum skóla sérstaka upphæð til styrktar fátækum nemendum.

Nú á skóli arðberandi eignir, þegar lög þessi ganga í gildi, sem geta orðið til stuðnings við rekstur skólans, og er þá heimilt að lækka framlag ríkissjóðs í samráði við skólaráð, en þó eigi meira en svo, að rekstrartekjur skólans verði sambærilegar við tekjur hliðstæðra skóla.

Nú fer nemendatala skóla niður úr tíu eitt skólaár, og á hann þá ekki kröfu á styrk á næsta skólaári, nema því aðeins, að nemendur verði þá tíu eða fleiri.

10. gr.

Ríkissjóður greiðir helming alls stofnkostnaðar, eftir því sem fé er veitt í fjárlögum.

11. gr.

Nemendur greiða ekkert skólagjald. Þó er heimilt að taka af þeim húsaleigugjald, allt að 40 kr. yfir skólaárið.

12. gr.

Nú er haldið námskeið við húsmæðraskóla samkvæmt staðfestri reglugerð, og skal þá greiða 10 krónur úr ríkissjóði fyrir vikukennslu hvers nemanda, enda sé lögð aðaláherzla á verklegar námsgreinir.

II. KAFLI
Um húsmæðrakennaraskóla.

13. gr.

Heimilt er að stofna húsmæðrakennaraskóla með tveim ársdeildum að Laugarvatni, þegar fé er veitt til þess í fjárlögum og samkomulag hefir fengizt milli landbúnaðarráðherra og skólanefndar héraðsskólans um rekstraraðstöðu húsmæðrakennaraskólans.

14. gr.

Í hvorri ársdeild mega ekki vera yfir 12 nemendur.

Starf þessa húsmæðrakennaraskóla skal vera að undirbúa nemendur sína til að vera forstöðukonur og kennslukonur við húsmæðraskóla eða matreiðslunámskeið, og erindrekar fyrir kvenfélagasambönd og stærri kvenfélög.

Inntökuskilyrði fyrir kennslukonuefnin í fyrri deild skulu vera þessi: 1. Umsækjandi sé fullra 18 ára að aldri. 2. Hafi glögg skilríki um góða heilsu og reglusemi. 3. Hafi gegnt venjulegum hússtörfum á myndarlegu heimili í eitt ár. 4. Hafi almenna bóklega menntun sem svarar burtfararprófi frá héraðs- eða gagnfræðaskóla. 5. Hafi lokið eins vetrar námi með góðum vitnisburði á viðurkenndum húsmæðraskóla.

Landbúnaðarráðherra ákveður með reglugerð skipulag kennslunnar, skiptingu skólans í deildir, tölu kennara, próf og annað, sem starfi skólans viðkemur.

15. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. september 1938.

Nd. 138. Breytingartillaga

við frv. til l. um bráðabirgðanotkun lóðarinnar nr. 2 við Bankastræti í Reykjavík.

Frá Gísla Guðmundssyni, Sveinbirni Högnasyni og Vilmundi Jónssyni.

Við 1. gr. Greinin orðist svo:

Ríkisstjórninni er heimilt að leyfa Kaupfélagi Reykjavíkur og nágrennis að reisa til bráðabirgða einlyft steinhúðað verzlunarhús úr timbri á lóð ríkissjóðs nr. 2 við Bankastræti í Reykjavík, suður með Skólastræti, sunnan við verzlunarhús kaupfélagsins við Bankastræti og áfast við það.

Grunnflötur þess húss, sem leyft verður, má þó ekki vera stærri en grunnflötur timburbyggingar þeirrar, sem fyrir er á lóðinni og jafnframt verður tekin í burtu.

Nd. 139. Nefndarálit

um frv. til l. um birtingu efnahagsreikninga.

Frá meiri hl. allsherjarnefndar.

Nefndin hefir haft frv. til meðferðar á nokkrum fundum og sent það til umsagnar Landsbankanum, Útvegsbankanum, Búnaðarbankanum, Sambandi ísl. samvinnufélaga, Verzlunarráðinu og Vinnuveitendafélaginu. Tvær af þessum sex stofnunum hafa mælt gegn frv. (Verzlunarráðið og Vinnuveitendafélagið) og ein með því (S. Í. S.), en þrjár (bankarnir) hafa enga umsögn sent.

Það verður að telja mjög skiljanlegt, að stofnanir eins og Verzlunarráðið og Vinnuveitendafélagið séu mótfallnar slíkri lagasetningu, þar sem frv. fjallar um að leggja meðlimum þeirra auknar skyldur á herðar og auka eftirlit með þeim. Þau rök, sem fram voru færð í umsögnum þeirra, taldi meiri hl. nefndarinnar þó eigi fært að taka til greina, þegar á þetta mál er litið með hag almennings fyrir augum.

Eins og högum er háttað hér á landi, er sérstök ástæða til að lögleiða slíkt fyrirkomulag, sem hér er farið fram á. Svo að segja öll stærri atvinnufyrirtæki hafa fjármagn sitt frá hinu opinbera eða stofnunum, sem eru þjóðareign. Það virðist því ekki nema eðlilegt, að almenningur eigi kost á að kynna sér, hversu þessu fé er varið í aðalatriðum. Sýnist þar ekki vera hægt að gera lægri kröfur en svo, að efnahagsreikningar séu birtir. Hinsvegar er ekki til þess ætlazt samkv. frv., að rekstrarreikningar séu birtir nema í sérstökum undantekningartilfellum. Það getur að vísu verið álitamál, hversu mikið fé fyrirtæki skuli þurfa að hafa að láni til þess að skylt sé að birta efnahagsreikning. Sú stofnun, sem mælt hefir með frv. (S. Í. S.), telur, að markið, sem sett er í frv. (50 þús. kr.), sé sízt of hátt og mætti jafnvel vera lægra. Hinsvegar telur þó meiri hl. nefndarinnar, að rétt sé, meðan slík lagasetning enn er óreynd, að setja markið eigi lægra en 100 þús. kr. Síðar mætti þá færa markið niður, þegar nánar er vitað um fjölda þeirra fyrirtækja, sem á þennan hátt yrði skylt að birta efnahagsreikninga sína. Einnig telur meiri hl. nefndarinnar rétt, að lögin nái aðeins til bókhaldsskyldra fyrirtækja, og er þá gengið út frá, að frv. það um bókhald, er nú liggur fyrir Alþingi, verði að lögum.

Meiri hl. nefndarinnar leggur til, að efnahagsreikningi skuli fylgja vottorð skattanefndar eða skattstofu um, að reikningurinn sé í samræmi við skattaframtal.

Minni hl. nefndarinnar (GÞ og TT) er frv. andvígur og mun skila sérstöku nefndaráliti.

Samkvæmt framansögðu leggur meiri hl. nefndarinnar (GG, SvbH, VJ) til, að frv. verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGUM.

1. Við 1. gr.
   a. Upphaf greinarinnar orðist svo:
      Hlutafélög, samvinnufélög, önnur félög, fyrirtæki bæjar- og sveitarfélaga og einstaklingar, sem reka verzlun, útgerð, iðnað eða aðra atvinnu, eru bókhaldsskyld og skulda bönkum og sjóðum hér á landi samtals 100000 krónur o. s. frv.
   b. Aftan við greinina bætist:
      Reikningunum skal fylgja vottorð skattanefndar (í Reykjavík skattstofu) um, að þeir séu í samræmi við skattaframtal.
2. Við 6. gr. Í stað „1000“ komi: 50000.

Alþingi, 22. marz 1938.

Vilm. Jónsson, fundaskr.	Sveinbjörn Högnason, frsm.	Gísli Guðmundsson.

Ed. 140. Nefndarálit

um frv. til laga um fasteignasölu.

Frá allsherjarnefnd.

Frumvarp þetta er flutt af allsherjarnefnd Nd. og var afgreitt frá þeirri deild án þess að breytingar kæmu fram, enda virðist og nefndinni eðlilegt, að lög séu sett

um þá, sem stunda þessa atvinnugrein, er tryggi eftir föngum heilbrigði í þeim viðskiptum og hæfni þeirra manna, er að henni starfa sem milligöngumenn.

Nefndinni þykir þó óþarfi að gera leyfi ráðherra að skilyrði fyrir því, að þeir menn, sem nú starfa að fasteignasölu og hafa rekið hana frá fastri skrifstofu í 5 ár eða meira, megi halda þeirri atvinnu áfram, og telur nægja, að þeir fái vottorð það, sem um ræðir í 14. gr. — Tveir nefndarmenn (ÁJ og PHerm) voru fjarverandi er nefndin afgreiddi málið.

Nefndin leggur því til, að frv. verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGU.

Við 14. gr. Í stað orðanna „getur atvinnumálaráðherra leyft“ kemur: er heimilt.

Alþingi, 24. marz 1938.

Sigurjón Á. Ólafsson, form.	Magnús Jónsson, frsm.	Ingvar Pálmason, fundaskr.

Nd. 141. Breytingartillaga

við brtt. á þskj. 128 [Þangmjöl].

Frá Einari Olgeirssyni.

Í stað „allt að 3 árum“ komi: allt að 5 árum.

Nd. 142. Frumvarp til laga

um einkaleyfi til að flytja út hrafntinnu og selja hana á erlendum markaði.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

1. gr.

Frá gildistöku laga þessara til ársloka 1943 veitist herra Agli Árnasyni kaupmanni og herra Daníel Ólafssyni kaupmanni, báðum til heimilis í Reykjavík, einkaleyfi til þess að flytja út úr landinu og selja á erlendum markaði hrafntinnu, sem notuð er til þess að húða með steinbyggingar.

2. gr.

Einkaleyfishöfum ber að greiða til ríkissjóðs fimm krónur í útflutningsgjald af hverri smálest ofannefndrar bergtegundar, er þeir kunna að flytja út.

3. gr.

Meðan leyfistíminn stendur, er öllum öðrum en sérleyfishöfum óheimilt að flytja út vöru þá, er einkaleyfið nær til. Brot gegn því ákvæði varðar sektum frá 500—5000 kr.

4. gr.

Verði útflutningur sérleyfishafa, að liðnum hálfum sérleyfistímanum, minni en 100 smálestir á ári, er atvinnumálaráðherra heimilt að svipta þá sérleyfinu.

5. gr.

Atvinnumálaráðherra setur reglugerð um framkvæmd einkaleyfisins, og má í henni meðal annars ákveða, að óheimilt sé að flytja út beztu tegund hrafntinnu, um

eftirlit með því, að leyfi sé eigi brotið, svo og sektir við brotum leyfishafa o. s. frv.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Nd. 143. Frumvarp til laga

um breyting á lögum um þingsköp Alþingis, nr. 115 19. nóv. 1936.

Flm.: Thor Thors.

1. gr.

Fyrsta málsgr. 16. gr. laganna orðist svo:

Á 2. fundi sameinaðs Alþingis skulu kosnar þessar fastanefndir:

1) fjárveitinganefnd, skipuð 9 mönnum,
2) utanríkismálanefnd, skipuð 7 mönnum og 7 til vara,
3) allsherjarnefnd, skipuð 7 mönnum.

Fjárveitinganefnd fjallar um frumvörp til fjárlaga og fjáraukalaga og þingsályktunartillögur, sem til hennar kann að verða vísað og fara fram á útgjöld úr ríkissjóði. Til utanríkismálanefndar skal vísað utanríkismálum. Utanríkismálanefnd starfar einnig milli þinga, og skal ráðuneytið ávallt bera undir hana utanríkismál, sem fyrir koma milli þinga. Til allsherjarnefndar skal vísað öðrum málum, sem sameinað þing ákveður.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

Greinargerð.

Samkvæmt frv. þessu skal kosin ný nefnd í sameinuðu þingi til að fjalla um almenn mál, sem þar eru fram borin. Í sameinuðu þingi eru samkv. núgildandi þingsköpum aðeins tvær nefndir, fjárveitinganefnd og utanríkismálanefnd. Þeim málum fjölgar óðum, sem borin eru fram í sameinuðu þingi og þörf er á að nefnd athugi, en ekki eiga erindi til þessara nefnda. Þess vegna verður að telja nauðsynlegt að stofna þriðju nefndina, til að taka til meðferðar önnur mál en fjármál og utanríkismál.

Ed. 144. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 55 27. júní 1921, um skipulag kauptúna og sjávarþorpa.

Flm.: Jónas Jónsson, Sigurjón Á. Ólafsson, Þorsteinn Þorsteinsson.

1. gr.

10. gr. laganna skal orða þannig:

Allur kostnaður við skipulagsuppdrætti, sem stjórnarráðið lætur gera, greiðist að hálfu úr ríkissjóði, að hálfu úr bæjar- eða hreppssjóði.

2. gr.

13. gr. laganna hljóði svo:

Stjórnarráðið lætur gera skipulagsuppdrætti yfir þá bæi, kauptún eða sjávarþorp, er skipulagsskyld eru samkv. 7. gr. laganna, en uppdráttur hefir ekki verið

staðfestur fyrir, og skal þeim skipulagsuppdráttum lokið á þeim tíma, sem stjórnarráðið setur ákvæði um í hvert sinn.

Nú er kauptún eða sjávarþorp, sem skipulagsskylt er samkv. 7. gr., í hrörnun eða tvísýnt þykir um vöxt þess og framtíð, og getur þá stjórnin ákveðið, að frestað skuli að gera af því skipulagsuppdrátt.

Eftir að skipulagsuppdráttur hefir verið lagður fram til sýnis fyrir almenning, má engin mannvirki gera, sem komi í bága við hann, nema stjórnarráðið hafi auglýst breytingar á honum.

3. gr.

14. gr. laganna orðist svo:

Skipulagsnefnd annast stjórn skipulagsmála, undir yfirstjórn stjórnarráðsins. Í nefndinni eiga sæti vegamálastjóri, vitamálastjóri og húsameistari ríkisins. Nefndin kýs sér sjálf formann.

Skipulagsnefnd getur, með samþykki stjórnarráðsins, ráðið byggingarfræðing og ráðunaut í heilbrigðismálum sér til aðstoðar. Þóknun til nefndarmanna fyrir störf þeirra og laun aðstoðarmanns ákveður stjórnarráðið.

Kostnaður við stjórn skipulagsmála, mannahald, skrifstofukostnaður, ferðalög o. fl. greiðist úr ríkissjóði.

Til þess að mæta þessum útgjöldum skal greiða í ríkissjóð allt að 3‰ af hverri nýbyggingu, sem reist er eftir að lög þessi ganga í gildi, í þeim bæjum, sem skipulagið nær til.

Stjórnarráðið setur með reglugerð nánari ákvæði um gjald þetta og hvernig það skuli innheimt.

4. gr.

Í 16. gr. laganna falli niður orðin „ef það sér sér það fært".

Aftan við greinina komi svo hljóðandi málsgr.:

Skipulagsuppdráttur skal staðfestur af stjórnarráðinu eigi síðar en tveim árum eftir að hann hefir verið lagður fram.

5. gr.

17. gr. laganna orðist þannig:

Heimilt er stjórnarráðinu að ákveða, að ákvæði laga þessara skuli taka til kauptúns eða sjávarþorps, þótt íbúar þess séu færri en 500, svo og til orkuvers eða sveitarþorps, ef hreppsnefnd óskar þess, eða skipulagsnefnd gerir tillögur um það og stjórnarráðinu þykir sérstök ástæða til.

Eftirrit af uppdráttum bæja og skipulagsuppdráttum, ásamt lýsingum, er þeim fylgja, skal geyma í Þjóðskjalasafninu.

6. gr.

22. gr. laganna orðist þannig:

Skipulagsnefnd hefir eftirlit með byggingu hvers bæjar, sem skipulagsuppdráttur er samþykktur fyrir. Skal vandlega rannsakað, svo oft sem þurfa þykir, hvort skipulagsákvæðum er fyllilega fylgt og hvort uppdrættir eru varðveittir, auknir og endurbættir, svo sem vera ber. Nefndin hefir og eftirlit með starfi byggingarnefnda, hreppsnefnda og bæjarstjórna um allt, er að skipulagi lýtur, og veitir þeim leiðbeiningar eftir föngum.

Nefndin gefur stjórnarráðinu árlega skýrslu um öll þau atriði, sem áfátt kann að vera í hverjum bæ.

7. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 69 23. júní 1932.

8. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frv. þetta um breytingu á skipulagslögunum frá 1921 snertir aðeins nokkur einföld framkvæmdaratriði, en er ekki endurskoðun á efni þessa mikla lagabálks. Aðalhöfundur skipulagslaganna, Guðm. próf. Hannesson, er nú genginn úr nefndinni, um leið og hann hættir að kenna við háskólann. Þykir þó af fleiri en einni ástæðu eðlilegt, að hann hafi aðstöðu til að starfa að þessum málum meðan heilsa leyfir. Er því lagt til, að skipulagsnefnd geti haft í ráðum með sér heilbrigðismálafræðing, og er ætlazt til, að Guðmundur Hannesson gegni því starfi fyrst um sinn.

Hér er gert ráð fyrir, að þessir embættismenn landsins séu sjálfkjörnir í skipulagsnefnd: Húsameistari, vegamálastjóri og vitamálastjóri. Nálega allt þéttbýli á Íslandi er við sjó, og fyrirkomulag hafnanna og hafnarmannvirkjanna er þess vegna mjög þýðingarmikill þáttur í skipulagi kaupstaða og kauptúna, engu síður en húsagerð, götur og vegir. Það mun þess vegna þykja eðlileg ráðstöfun, að þessir þrír starfsmenn landsins eigi sæti í skipulagsnefnd. Á hinn bóginn er starf skipulagsnefndar svo mikið og sívaxandi, að þessir starfsmenn verða að hafa skrifstofu undir stjórn sérfróðs húsameistara, þar sem unnið er að mælingum og öllum undirstöðuatriðum skipulagningarinnar. En skipulagsnefnd leggur síðustu hönd á verkið.

Til að standast þann kostnað, sem leiðir af þessari óhjákvæmilega auknu vinnu við skipulagið, er gert ráð fyrir að leggja lágt skattgjald á allar nýbyggingar, sem reistar verða í kaupstöðum og kauptúnum og þar, sem skipulagslögin ná til. Er þar fylgt erlendum fordæmum um skyld efni. Á sama hátt er skattur lagður á nýbyggingar fyrir veitt byggingarleyfi, og hefir enginn talið það ósanngjarnt.

Aðrar breytingar á skipulagslögunum má telja eðlilegt, að skipulagsnefnd hafi undirbúning um, þegar hún hefði fengið betri aðstöðu til að sinna þessum málum heldur en verið hefir hingað til.

Nd. 145. Fyrirspurn

til fjármálaráðherra út af gjaldeyri bankanna.

Frá Einari Olgeirssyni.

Hve miklu fé í erlendum gjaldeyri hafa bankarnir — Landsbanki Íslands og Útvegsbanki Íslands h/f — tekið á móti fyrir afurðir útfluttar á árinu 1937?

Hve miklu námu erlendar kröfur út af vörukaupum til landsins, er lágu kræfar og ógreiddar í þessum bönkum 1. janúar 1938? Ennfremur, hve mikil er sú fjárupphæð, sem er eign erlendra skuldhafa og liggur í íslenzkum krónum á lokuðum reikningum hjá bönkunum samkvæmt samningum bankanna við þessa skuldhafa?

Nd. 146. Nefndarálit

um frv. til l. um birtingu efnahagsreikninga.

Frá minni hl. allsherjarnefndar.

Allsherjarnefnd hefir klofnað um þetta mál. Meiri hl. vill samþykkja frumvarpið með lítilfjörlegum breytingum, en minni hl. leggur til, að það verði fellt.

Frumvarpið var sent til Landsbankans, Útvegsbankans, Búnaðarbankans, S.Í.S.,

Verzlunarráðsins og Vinnuveitendafélagsins, til umsagnar. Landsbankinn, Vinnuveitendafélagið og Verzlunarráðið leggja eindregið á bóti því, að frumvarpið verði að lögum, og eru prentuð sem fylgiskjöl með þessu nefndaráliti svör þessara stofnana, svo og svar S.Í.S., sem telur rétt að samþykkja frumvarpið. Vegna fjarveru Helga Guðmundssonar, bankastjóra Útvegsbankans, mun ekki hafa komið álit frá þeirri stofnun um frumvarpið, en Búnaðarbankinn hefir ekki svarað.

Í frumvarpinu er ætlazt til, að hlutafélög, samvinnufélög og önnur félög, svo og einstaklingar, sem reka verzlun, útgerð, iðnað eða aðra atvinnu og skulda bönkum eða sjóðum samtals 50000 kr. eða meira í árslok, skuli birta efnahagsreikninga sína, og jafnvel í einstökum tilfellum rekstrarreikninga. Minni hl. nefndarinnar fær ekki séð, að það geti verið neinn ávinningur, hvorki fyrir þjóðarheildina né heldur fyrir þann einstakling eða félag, sem í hlut á, eða lánveitendurna, að efnahagsreikningar eða rekstrarreikningar séu birtir. Íslenzk löggjöf leggur þagnarskyldu á þá opinberu embættis- eða sýslunarmenn, sem vegna starfa síns eða aðstöðu fá vitneskju um hag einstaklinga eða fyrirtækja. Almenningur hefir heldur enga aðstöðu til að dæma um það, hvort réttmætt sé, að einstaklingur eða félag skuldi lánsstofnun ákveðnar upphæðir, þar eð hann hefir enga möguleika á að meta þær tryggingar, sem að baki liggja, né ástæður þær, sem fyrir lánveitingunni kunna að vera.

Bankarnir eru nú háðir eftirliti og yfirstjórn trúnaðarmanna Alþingis og almennings, þar sem eru bankaráðin, og þau eru aftur háð eftirliti fjármálaráðherra. Frá þessum trúnaðarmönnum almennings verður og hlýtur að koma aðhaldið gegn óeðlilegum lánveitingum, en ekki frá órökstuddum eða jafnvel pólitískum árásum í blöðum, en sú mundi afleiðingin verða, ef skylt væri að birta efnahags- og rekstrarreikninga á þann hátt, sem segir í frumvarpinu.

Það er ennfremur ljóst, að skuldarupphæðin sjálf er enginn mælikvarði fyrir því, hvort rétt sé að birta almenningi efnahagsreikning eða ekki. Það má telja nokkurn veginn víst, að allar þær fasteignir hér í bæ, sem eru að fasteignamati 50 þús. kr. eða meira, munu vera veðbundnar fyrir svipaðri upphæð, en lítil ástæða virðist vera til þess að skylda einstaklinga, sem eiga slíkar eignir, til að birta efnahagsreikninga sína. Öðru mál gæti verið að gegna um hlutafélög, þar sem almenningur ætti kost á, gegnum kauphöll eða á annan hátt, að eignast hlutabréf félagsins. Þar virðist eðlilegt, að kaupandinn hafi möguleika á því að meta verðgildi hlutabréfsins með vitneskju um efnahag félagsins. Fyrir þessu er gert ráð í hlutafélagalögunum frá 1921, þar sem samkv. 35. gr. þeirra er skylt að tilkynna til hlutafélagaskrár og skrásetja aðalniðurstöðu reikninga félagsins ár hvert. Sé þessu ákvæði framfylgt, getur hver sem vill á þennan hátt fylgzt með efnahag og afkomu hlutafélagsins, og það er að sjálfsögðu aðalatriðið, en ekki hve háa upphæð félagið kann að skulda. Á Norðurlöndum gilda ákvæði svipuð og þessi, en hinsvegar mun hvergi vera lögð sú skylda á einstaklinga, að birta efnahagsreikninga sína, eins og gert er ráð fyrir í þessu frv. Það mætti einnig teljast rétt að birta efnahagsreikninga kaupfélaga og samvinnufélaga á sama hátt og hlutafélaga, þar eð engar eða litlar hömlur eru við því lagðar, að almenningur gerist meðlimur slíkra félaga, og taki þá um leið á sig fjárhagslegar skuldbindingar, án þess jafnframt að þekkja fjárhag þeirra, nema gegnum þá efnahagsreikninga, sem birtir kunna að vera.

Þær ástæður, sem kynnu því að réttlæta það, að efnahagsreikningar hlutafélaga, kaupfélaga og samvinnufélaga væru birtir, liggja hinsvegar ekki fyrir að því er snertir birtingu efnahagsreikninga einstaklinga, enda væri skylda þeirra til að birta opinberlega sundurliðaða skýrslu um efnahag sinn beint brot á þeirri viðurkenndu reglu, að fjárhagsmálefni hvers einstaklings séu og eigi að vera hans einkamál.

Minni hl. nefndarinnar telur því ekki, að frumvarpið nái þeim tilgangi, sem flutningsmenn, samkv. greinargerðinni, ætlast til, og það sé sumpart óþarft vegna

þegar gildandi lagaákvæða, en geti hinsvegar orðið til ills eins fyrir atvinnu- og viðskiptalíf þjóðarinnar, og leggur því til, að það verði fellt.

Alþingi, 25. marz 1938.

Garðar Þorsteinsson, frsm. Thor Thors.

Fylgiskjal I.

LANDSBANKI ÍSLANDS

Reykjavík, 23. marz 1938.

Með bréfi, dags. 11. þ. m., hefir allsherjarnefnd neðri deildar Alþingis farið þess á leit við stjórn Landsbankans, að hún láti í té umsögn um frumvarp það um birtingu efnahagsreikninga, er fyrir þinginu liggur. Í tilefni af því viljum vér taka fram eftirfarandi.

Það er tekið fram í greinargerð frumvarpsins, að erlendis séu hliðstæð ákvæði í lögum. Vér höfum ekki getað fundið nein slík hliðstæð ákvæði í erlendum lögum, og víst er um það, að á Norðurlöndum eru þau ekki til. Ef til vill vakir það fyrir höfundum frumvarpsins, að í hlutafélagalöggjöf Norðurlanda eru fyrirmæli, sem skylda hlutafélög til að birta meðlimum sínum reikninga sína. En sé svo, þá eru ákvæði þegar til í íslenzkri löggjöf, sem ganga ekki skemmra, því að í hlutafélagslögunum frá 1921 segir svo í 35. gr. 2. málsgrein:

„Aðalniðurstöðu reikninga ár hvert skal tilkynna til hlutafélagsskrár og skrásetja."

Þarf því, að því er þetta atriði snertir, ekki annað en að ganga eftir því, að lögunum sé framfylgt.

Frumvarp það, sem hér er um að ræða, er þó víðtækara, því að það mælir svo fyrir, að öll félög, fyrirtæki bæjar- og sveitarfélaga og einstaklinga, sem reka verzlun, útgerð, iðnað eða aðra atvinnu og skulda bönkum og sjóðum hér á landi samtals kr. 50000.00 eða meira í árslok, skuli árlega birta efnahagsreikninga sína. Það er nú almennt viðurkennd regla, þar sem einstaklingsréttur og einkarekstur er viðurkenndur, að fjárhagsmálefni hvers og eins séu fyrst og fremst hans einkamál. Er regla þessi og margstaðfest í íslenzkum lögum með þagnarskyldu þeirri, sem lögð er á opinbera embættis- og sýslunarmenn, sem við starfa sinn hafa aðstöðu til að fá vitneskju um hag einstaklinga eða fyrirtækja. Verður það og að teljast mjög hæpið, sem haldið er fram í greinargerð frumvarpsins, að slík birting efnahagsreikninga, sem lagt er til að lögfesta, sé sambærileg við birtingu reikninga ríkissjóðs og ríkisfyrirtækja, þar sem þar er þó ómótmælanlega um eign allrar þjóðarinnar að ræða.

Þegar því lagt er til að bregða út af þeirri reglu, sem hingað til hefir verið fylgt um þessi mál, og lögbjóða birtingu efnahagsreikninga einkafyrirtækja og félaga, virðist oss, að til þess verði að liggja brýn nauðsyn, enda séu þær reglur, sem um þetta eru settar, að öðru leyti heppilegar og gaumgæfilega athugaðar.

Að því er snertir nauðsyn þessa máls, er það tekið fram í greinargerð frumvarpsins, að það sé fram borið til þess að landsmenn eigi þess kost að kynnast hag þeirra fyrirtækja, sem hafa mest af sparifé þjóðarinnar til ávöxtunar. Þetta verður tæplega skilið á annan veg en þann, að með þessu sé verið að gefa almenningi kost á að fylgjast með lánveitingum banka og sjóða, og þá líklega til þess að hann geti gert sér grein fyrir því, hvort þær eru réttmætar. Nú er ekkert við því að segja, að þeir, sem lánveitingum stjórna úr bönkum og sjóðum, og sem í mörgum tilfellum eru trúnaðarmenn hins opinbera, séu eftirliti háðir. Má og segja það, að stjórnir Landsbankans og Útvegsbankans séu þegar slíku eftirliti háðar, þar sem bankaráðin eru. Að því er Landsbankann snertir má minna á það, að í honum er sérstök

endurskoðunardeild, sem algerlega er undir stjórn bankaráðsins, og auk þess tveir endurskoðunarmenn, kosnir af Landsbankanefndinni. Þyki hinsvegar rétt að hafa enn aukið eftirlit utan frá, er það augljóst mál, að aðferð sú, sem frumvarpið leggur til, að höfð verði, er ekki sú rétta. Rétta leiðin væri þá vafalaust sú, að skipa mann eða menn, sem sérstök skilyrði hefðu til að fylgjast með banka- og viðskiptamálum, láta þá hafa það hlutverk að inna hið umrædda eftirlit af höndum og veita þeim aðgang að öllum þeim upplýsingum, sem máli geta skipt í þessum efnum. Er þetta sú leið, sem farin hefir verið í öðrum löndum um eftirlit með bönkum og sparisjóðum, þar sem rétt hefir þótt að hafa eftirlit utan frá. Hitt er vitanlegt, að almenningur hefir ekki skilyrði til þess að gera sér grein fyrir réttmæti lánveitinga, og það þegar af þeirri ástæðu, að efnahagsreikningarnir einir eru ekki næg gögn í því máli. Kemur þar margt til greina, svo sem rekstur og afkoma undanfarandi ára, viðurkennd hagsýni og dugnaður mannsins, sem lánið fær, o. þvl. Ástæður og afkoma hafa og getað breytzt frá því lán var veitt á þann hátt, sem ómögulegt er fyrir almenning að fylgjast með í.

Sé það hinsvegar markmiðið með frumvarpinu, að fá upplýsingar um lánveitingar þessara stofnana almennt, svo sem það, hvað miklar lánsupphæðir séu veittar hinum ýmsu atvinnuvegum, hversu mikið stórum og hversu mikið smáum fyrirtækjum o. þessh., má auðvitað fá fyllri og yfirgripsmeiri upplýsingar um þau mál með skýrslum frá þessum stofnunum, án þess að birta þurfi einkareikninga nokkurs fyrirtækis.

Fyrir utan það, að oss virðist frumvarpið í heild ekki stefna í rétta átt, má og ýmislegt finna að einstökum atriðum þess. Lögin ná til allra fyrirtækja, sem skulda bönkum og sjóðum samtals kr. 50000.00, án tillits til þess, hvers eðlis lánin eru, en þar getur þó verið ólíku saman að jafna. Til skýringar má geta þess, að í lögum erlendis, þar sem sett hafa verið hámarksákvæði um það, hvað banki megi lána einu fyrirtæki háa upphæð miðað við eigin fé hans, hafa þó vissar tegundir lána verið undanskildar og ekki reiknaðar með, svo sem t. d. lán gegn fyrsta veðrétti í fasteign allt að hálfu matsverði, lán gegn handveði í ríkisskuldabréfum og öðrum tryggum verðbréfum í vissu hlutfalli, „rembours"-lán, vöruvíxlar o. fl. Þau lán, sem þannig eru sjálftryggð, þykir ekki rétt að reikna með, þegar um slíkar takmarkanir á lánveitingum er að ræða, og væri því eftir eðli málsins ekki rétt að reikna þau heldur í þessum tilfellum, sem hér er um að ræða.

Í öðru lagi er miðað við kr. 50000.00 skuldarupphæð samtals, án þess að aðrar aðstæður séu teknar til greina. Tvö sjónarmið gætu komið hér til greina: Annaðhvort að fyrirtækinu væri lánað svo mikið móts við eigið fé þess, að lánið gæti talizt ótryggt af þeirri ástæðu, eða að stofnunin, sem lánaði, veitti einum viðskiptamanni svo stór lán, að örlög hennar væru komin undir örlögum skuldunautsins, svo að hún hefði ekki frjálsa aðstöðu til að kippa að sér hendinni. Hvorugt þessara sjónarmiða leggur þó frumvarpið til grundvallar, heldur heildarupphæð skuldar, sem eftir atvikum ekkert þarf að vera við að athuga.

Ennfremur skal á það bent, að í frumvarpinu er aðeins tekið tillit til þeirra upphæða, er skuldaðar eru í bönkum og sjóðum. Fyrirtæki, sem skulda einstökum mönnum, hafa þó eins „sparifé þjóðarinnar til ávöxtunar". En á þetta skal bent hér, vegna þess að það er vitanlegt, að ákvæði laga þessara verða óvinsæl af þeim, sem þau ná til, og að einstaklingar og félög munu freista að komast hjá því að falla undir lögin, m. a. með því að reyna að fá lán hjá einstaklingum. En það verður fyrst og fremst ekki séð, að þjóðfélaginu sé neinn ávinningur í því að beina viðskiptunum framhjá bönkum og sjóðum, sem eru yfirleitt opinberar stofnanir, en það kann hinsvegar að leiða til þess, að þessum stofnunum verði erfiðara að fylgjast með fjárhag skuldunauta sinna og verkar þá skaðlega á öryggi þeirra.

Að endingu skal það tekið fram, þó að það skipti minna máli, að ekki virðist rétt að láta fyrirtæki þau, er lögin ná til, bera sjálf kostnaðinn við birtingu reikninganna. Lögin eru vafalaust sett með heill almennings, en ekki þessara sérstöku

fyrirtækja, fyrir augum, og virðist því tæplega annað sæmandi en að ríkissjóður beri kostnaðinn.

Virðingarfyllst,

Landsbanki Íslands.

Magnús Sigurðsson. Georg Ólafsson.

Allsherjarnefnd neðri deildar Alþingis,

Reykjavík.

Fylgiskjal II.

VERZLUNARRÁÐ ÍSLANDS

Reykjavík, 18. marz 1938.

Sem svar við heiðruðu bréfi yðar, dags. 11. þ. m., þar sem þér æskið umsagnar Verzlunarráðsins á frumvarpi til laga um birtingu efnahagsreikninga, vill Verzlunarráðið taka fram eftirfarandi:

Verzlunarráðið hefir athugað frumvarpið og vill eindregið leggja til, að það verði ekki samþykkt. Aðalákvæði þess, að aðiljum þeim, sem um getur í 1. gr. frumvarpsins, og sem skulda bönkum eða sjóðum hér á landi 50 þús. krónur eða meira í árslok, sé gert að skyldu að afhenda efnahagsreikninga sína til birtingar, er veigamikið nýmæli, sem tvímælalaust mun sæta andstöðu mikils þorra ísl. kaupsýslumanna, verði frumvarpið að lögum.

Einstaklingum og forráðamönnum fyrirtækja, sem um getur í 1. gr., er það að jafnaði talsvert áhugamál, að óviðkomandi aðiljar eigi ekki aðgang að upplýsingum um þau atriði, sem með frumvarpinu á að opinbera. Ástæður fyrir þessari afstöðu má að nokkru leyti rekja til þess, að sérstök tilhneiging virðist oft vera til þess hér á landi, og meiri en tíðkast yfirleitt í nágrannalöndunum, að draga fjárhag einstaklinga og fyrirtækja inn í umræður um fjarskyld mál. En að öðru leyti byggist þessi afstaða einnig á því, að það er ekki viðurkennt, að almenningur eigi frekar heimtingu á upplýsingum um efnahag þeirra aðilja, sem um getur í 1. gr. frumvarpsins, en um fjárhag ótal annara einstaklinga og fyrirtækja hér á landi, sem frumvarpið nær ekki til. Hér kemur og ennfremur til greina, að með opinberun þessara mála (samanber sérstaklega ákvæði 2. gr. um birtingu rekstrarreikninga) getur beinlínis verið um það að ræða, að aðstöðumunur, sem einstakir aðiljar hafa getað skapað sér fram yfir aðra, og kostað hefir bæði fé og vinnu, sé með öllu eyðilagður. Er hér átt við það, að úr rekstrarreikningum má oftlega beinlínis ráða talsvert um uppbyggingu og rekstrarfyrirkomulag viðkomandi fyrirtækja. Og það virðist ekki sanngjarnt, að óviðkomandi aðiljum, þar á meðal beinum keppinautum, sé gefinn kostur á slíkum upplýsingum.

En þótt kaupsýslumönnum sé það þannig áhugamál, að almenningur eigi ekki aðgang að upplýsingum um fjárhag þeirra og afkomu, þá fer því fjarri, að þeir tregðist við að láta réttum aðiljum slíkar upplýsingar í té. Það mun þannig vera föst venja, að kaupsýslumenn láti peningastofnunum landsins, svo og öðrum þeim aðiljum, sem þeir hafa fé að láni frá, í té efnahags- og rekstrarreikninga sína, sé þess óskað. Það liggur og í hlutarins eðli, að kaupsýslumenn, sem mikil lánsviðskipti hafa, geta ekki staðið á móti því að veita peningastofnunum slíkar upplýsingar, jafnvel þótt tilhneiging væri til slíks, sem þó mun almennt ekki vera.

Með þessu, sem hér hefir verið sagt, vill Verzlunarráðið sýna fram á, að þar sem réttir aðiljar (en það eru lánveitendur) eiga þegar aðgang að upplýsingum um fjárhag allra þeirra, sem frumvarpinu er beint að, þá sé frumvarpið annarsvegar óþarft, en eigi hinsvegar ekki rétt á sér af ástæðum, sem einnig hafa verið tilgreindar.

Beri hinsvegar að skilja aðaltilgang frumvarpsins á þann veg, að með því eigi að gefa almenningi aðstöðu til að gagnrýna einstakar ráðstafanir forráðamanna banka og sjóða á fjármunum viðkomandi stofnana, þá getur Verzlunarráðið ekki heldur fallizt á þann tilgang frumvarpsins. Verzlunarráðið lítur svo á, að almenningur hafi ekki aðstöðu til að dæma um réttmæti slíkra ráðstafana, enda miður æskilegt, að um slíkt sé rætt opinberlega meira en þörf er á. Þá er það ennfremur álit ráðsins, að af hálfu ríkisvaldsins sé þegar tryggilega fyrir því séð, að traust eftirlit sé hægt að hafa með lánastarfsemi flestra þeirra aðilja hér á landi, sem aðstöðu hafa til að lána einstöku fyrirtæki 50000.00 krónur. Í raun og veru er því svo háttað, að það eru einmitt fulltrúar ríkisvaldsins sjálfs, sem framkvæma eiga umrætt eftirlit með starfsemi flestra þeirra peningastofnana og sjóða, sem yfirleitt koma til greina í frumvarpinu. Nægir í því sambandi að vísa til gildandi ákvæða um stjórnarfyrirkomulag íslenzku bankanna.

Í greinargerð þeirri, er fylgir frumvarpinu, er þess getið, að erlendis séu hliðstæð ákvæði í lögum, varðandi birtingu rekstrar- og efnahagsreikninga. Verzlunarráðið kannast ekki við þessi ákvæði, og gerði það því fyrirspurn um þetta atriði til fulltrúa danska, sænska og norska ríkisins hér í bænum. Þessum aðiljum var ekki heldur kunnugt um, að umrædd ákvæði væru gildandi í Danmörku, Svíþjóð eða Noregi. Það verður því að álíta, að þessar upplýsingar í greinargerð frumvarpsins séu á einhverjum misskilningi byggðar, eða að minnsta kosti að því er Norðurlönd áhrærir.

Hinsvegar er það ekki óþekkt, að ýms fyrirtæki í nágrannalöndunum birti efnahagsreikninga sína, en slíkt byggist þá að jafnaði á því, að um stærri hlutafélög er að ræða, sem hafa aðgang að kauphöllum, þannig að bréf þeirra eru opinberlega skráð.

Verzlunarráðið sér ekki ástæðu til að ræða einstakar greinar frumvarpsins, vegna þeirrar afstöðu, sem það hefir til málsins í heild, en mun þó fúslega láta í té fyllri umsögn, verði eftir því óskað.

Með sérstakri virðingu.

F. h. Verzlunarráðs Íslands.

O. Guðjónsson.

Til allsherjarnefndar neðri deildar Alþingis.

Fylgiskjal III.

VINNUVEITENDAFÉLAG ÍSLANDS

Reykjavík, 15. marz 1938.

Til allsherjarnefndar neðri deildar Alþingis.

Með bréfi, dags. 11. þ. m., hefir hin heiðraða nefnd óskað umsagnar félags vors um frumvarp til laga um birtingu efnahagsreikninga.

Út af þessu hefir framkvæmdanefnd félagsins samþykkt að tjá allsherjarnefndinni, að framkvæmdanefndin telur óráðlegt, að fyrrgreint frumvarp verði gert að lögum, vegna þess að óttast megi, að slík lög mundu hafa óheppileg áhrif á viðskiptalífið og sérstaklega verða til þess að draga úr framtaki atvinnurekenda, enda með slíkum lögum gengið allt of langt í afskiptum opinberra stjórnarvalda af einkalífi manna. Fær framkvæmdanefndin auk þess eigi séð, að slíkra ráðstafana sé nokkur þörf vegna hagsmuna almennings. Í greinargerð fyrir frumvarpinu er vísað til þess, að atvinnurekendur þeir, sem frumvarpið snertir vegna þess að þeir skuldi bönkum eða sjóðum 50 þús. kr. eða meira, hafi sparifé þjóðarinnar til ávöxtunar, en þó svo

væri, þá virðist sú röksemd ekki leiða lengra en til þess, að slíkir atvinnurekendur sendi bankastjórnum og sjóðstjórnum reikninga sína, en með bönkum og sjóðum er opinbert eftirlit, sem á að tryggja öryggi sparifjárins. Er vitanlegt, að lánsstofnanir hafa ekki átt í neinum erfiðleikum um það að fá reikninga hjá skuldunautum sínum, svo í því efni þarf engin lög. Jafnframt má benda á, að frumvarpið skyldar menn til birtinga reikninga sinna, þó lánsfé þeirra sé tryggt með öruggu fasteignaveði, og er ekki sjáanleg ástæða til þess að skylda mann til að opinbera reikninga sína, þó hann hafi t. d. 50 þús. kr. lán úr veðdeild Landsbankans eða Söfnunarsjóði Íslands, tryggt með 1. veðrétti í fasteign sinni.

Vér viljum loks leiða athygli að því, að þar sem í greinargerð frumvarpsins stendur, að erlendis séu hliðstæð ákvæði í lögum, þá teljum vér oss hafa upplýsingar um það, að slík lög séu ekki til á Norðurlöndum að minnsta kosti.

Virðingarfyllst,

Vinnuveitendafélag Íslands.

Eggert Claessen.

Fylgiskjal IV.

SAMBAND ÍSL. SAMVINNUFÉLAGA

Reykjavík, 16. marz 1938.

Allsherjarnefnd neðri deildar Alþingis, Reykjavík.

Vér höfum móttekið heiðrað bréf yðar, dags. 11. þ. m., ásamt frumvarpi til laga um birtingu efnahagsreikninga, sem þér óskið umsagnar um.

Oss virðist frumvarpið stefna í rétta átt og leggjum til, fyrir vort leyti, að það verði samþykkt. Þó viljum vér leyfa oss að beina athygli yðar að, hvort ekki myndi ástæða til, að lágmark skuldarupphæðar samkv. 1. gr. frumvarpsins sé lægra en kr. 50000.00.

Virðingarfyllst,

pr. pr. Samband ísl. samvinnufélaga.

S. Kristinsson.

Ed. 147. Nefndarálit

um frv. til l. um vörugjald fyrir Vestmannaeyjakaupstað.

Frá minni hl. fjárhagsnefndar.

Nefndin hefir klofnað í þessu máli. Meiri hl. nefndarinnar (MJ, BSt) leggur til, að frv. verði samþykkt, BSt þó með fyrirvara

Ef frv. þetta yrði að lögum, mundu þau gjöld, sem samkv. þeim yrðu innheimt, aðallega lögð á neyzluvörur almennings og framleiðsluvörur sjómanna og verkamanna, og mundu því aðallega lenda á þeim, sem sízt eru þess megnugir að leggja meira af mörkum en nú er til rekstrar bæjarfélagsins. Auk þessa væru Vestmannaeyjakaupstað veitt stór sérréttindi fram yfir aðra kaupstaði landsins, þar sem Vestmannaeyjar mundu jafnframt þessum tekjum fá hlutfallslega við aðra kaupstaði tekjur úr jöfnunarsjóði bæjar- og sveitarfélaga, svo og tekjur, sem

samþ. voru til bæjarfélaga á seinasta þingi, þar sem ekki er í frv. gert ráð fyrir öðru en að Vestmannaeyjar eftir sem áður njóti þessara tekna.

Ég legg því til, að frv. verði felld.

Alþingi, 26. marz 1938.

Erl. Þorsteinsson,
fundaskr.

Sþ. 148. Tillaga til þingsályktunar

um aukna neyzlu mjólkur og mjólkurafurða.

Flm.: Þorsteinn Briem, Stefán Stefánsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta fara fram athugun á því, hvernig bezt verði aukin neyzla mjólkur og mjólkurafurða í kaupstöðum og kauptúnum landsins, svo sem með því

1. að vinna að meiri fræðslu um heilnæmi þessara fæðutegunda, m. a. með útgáfu smárita eftir heilsufræðinga, með kennslu í skólum, fyrirlestrum og hvatningum í útvarpi og á annan hátt.
2. að gefa út leiðbeiningar um meðferð mjólkur frá fyrstu hendi og auka eftirlit af hálfu eftirlitsmanna nautgriparæktarfélaga og mjólkurbústjóra, eða umboðsmanna þeirra, í því efni.
3. að vinna að meiri fullkomnun og fjölbreytni í mjólkuriðnaði, auka eftirlit með vöruvöndun mjólkurafurða og notfæra sér þá reynslu og kunnáttu, sem beztur er kostur á í því efni.
4. að athuga, hvort tiltækilegt sé að gera tilraun til að auka mjólkurneyzluna til hagsbóta framleiðendum með því að veita barnaheimilum stighækkandi afslátt, eftir fastri reglu, á þeirri mjólk, er þau kaupa daglega í föstum viðskiptum, fram yfir meðaltalsneyzlu þeirra að undanförnu á hvern heimilismann.

Kostnað, er leiðir af athugun þessari og undirbúningi greindrar starfsemi, heimilast ríkisstjórninni að greiða úr ríkissjóði.

Greinargerð.

Tillaga þessi er fyrst og fremst flutt vegna vaxandi nauðsynjar landbúnaðarins á meiri markaði fyrir mjólk og mjólkurafurðir. Hefir sú nauðsyn aldrei verið brýnni en nú, þar sem hvorttveggja er, að horfur eru á því, að markaður rýrni fyrir sauðfjárafurðir og að mörg héruð verði nú að snúa sér fremur en áður að mjólkurframleiðslu vegna **sauðfjársýkinnar.**

En jafnframt er tillagan flutt af almennum heilbrigðisástæðum, vegna þeirrar miklu og viðurkenndu **heilsuverndar,** sem aukin neyzla mjólkur og mjólkurafurða veitir.

Loks kemur og til álita sá **gjaldeyrissparnaður,** sem aukin neyzla þessara fæðutegunda hefir í för með sér, þar sem í mjólkinni eru flest eða öll þau fjörefni, sem keypt hafa verið frá útlöndum.

Eigi verður með vissu vitað um mjólkurneyzlu í landinu undanfarin ár. Til þess vantar skýrslur. En eftir því, sem næst verður komizt, hefir neyzlumjólkurnotkunin í Reykjavík og Hafnarfirði verið 6,2 milljónir lítra s.l. ár, samkvæmt skýrslu, er birtist í N.dbl. 42. tbl. 20. febr. 1938. Eftir því er þá neyzlumjólkurnotkunin í þessum tveim bæjum aðeins um **155 lítrar á mann á ári, eða um 0,4 lítra**

á mann daglega. En þó mun neyzla ýmsra mjólkurafurða, svo sem osta, vera enn minni að tiltölu.

Til samanburðar má minna á, að 1936 var **mjólkurneyzlan í Oslo 253,4 kílógr., þ. e. 245,5 lítrar, eða rúmum 90 lítrum meiri á mann yfir árið,** og er þar þó ekki meðtalin sú mjólk, sem seld er brauðgerðarhúsum, eða til súkkulaði- og smjörlíkisgerðar. Eru þar þó að fá mörg önnur innlend fæðuefni, sem geta bætt úr mjólkurskorti, fram yfir það, sem hér er. Þegar þessa er gætt, og svo hins, að barnafjöldi er þar minni að tiltölu, verður ljóst, að mjólkurneyzlan mætti hér varla vera minni en hún er nú á Akureyri, þ. e. ¾ l. daglega á mann, eða 328,5 lítrar á mann yfir árið.

Væri mjólkurneyzla hin sama hér sem á Akureyri, mundu framleiðendur geta selt hér í Reykjavík og Hafnarfirði 13,14 millj. lítra, eða tvöfaldað mjólkursöluna, og 740 þús. lítrum betur.

En þó mjólkurneyzlan yrði ekki meiri en í Osló 1936, þá mundi neyzlumjólkursalan geta vaxið um **3,62 millj. lítra** frá því, sem nú er, og er ljóst, hversu miklu það skiptir framleiðendur, ef neyzlan gæti aukizt, þó eigi væri meira en sem þessu svaraði.

Vegna heilsuverndar þjóðarinnar þyrfti það að verða markið, að daglega neyzlan yrði hvergi minni en ¾ lítra á mann, eins og á Akureyri. Er þess því brýn nauðsyn, að athugað sé rækilega hvernig mjólkurneyzlan verði aukin sem mest. Hingað til hefir aðallega verið bent á það ráð, að lækka mjólkurverðið. Slík almenn verðlækkun á þessari einu vöru er þó ekki framkvæmanleg, sízt á meðan kaupgjald hækkar og ræktun er jafndýr og jafnskammt á veg komin og nú er.

Það er og ekki sanngjarnt að ætlast til kauplækkunar hjá bændum, eða hjá þeirri stétt einni, er lægst mun bera tímakaupið úr býtum.

Auk þess hefir **reynslan sýnt, að mjólkurneyzlan hefir ekki aukizt að tiltölu við þá verðlækkun, er varð á neyzlumjólk í ársbyrjun 1935.**

Það var því fyllilega réttmætt, eftir slíka reynslu og eftir jafnerfitt sumar og jafnmikil fóðurbætiskaup, að hækka verðlagið, þó fyrr hefði verið, þar sem neyzlan var þrátt fyrir lækkunina í því lægsta lágmarki sem hugsanlegt er.

Hitt er aftur athugunarvert, hvort ekki sé þó ástæða til að gera **tilraun** með að veita afslátt í verði, **ef** mjólkurkaup eru aukin. Ætti það að vera hvöt fyrir barnaheimilin, að auka mjólkurkaupin, ef þau fengju stighækkandi afslátt á þeirri mjólk, sem þau kaupa daglega í föstum viðskiptum, fram yfir það, sem þau hafa áður keypt á hvern heimilismann.

Þó mun hitt skipta enn meiru, að almenningi sé gert nægilega kunnugt, hvílík heilsuvernd er í mjólkinni, einkum fyrir börn og unglinga.

Að þessu er og unnið kappsamlega á öllum Norðurlöndum, nema hér. Er þar rekin **stórkostleg fræðslustarfsemi** fyrir báða aðiljana, framleiðendur og neytendur.

Norðmenn urðu þar síðastir til, en nú hafa þeir fyrir skemmstu hafizt handa og tekið Dani, Finnlendinga og þó einkum Svía til fyrirmyndar um útbýtingu fræðslurita og hvatninga, fyrirlestrahald og sýningar fræðslukvikmynda í skólum o. s. frv. Árið 1931 þóttu forgöngumennirnir taka djúpt í árinni, er þeir töldu, að til þessa þyrfti að verja um 100 þús. króna. En 1936 var ¼ millj. kr. varið til þessa starfs.

Árangurinn hefir og komið í ljós, því að árin 1935 og 1936 óx neyzlumjólkursalan, þrátt fyrir sama verð, um 30 milljónir lítra, eða um 20%. Árið 1936 óx mjólkurneyzlan í Oslo um 43 lítra á mann, en það svarar til 1,72 millj. lítra söluaukningu í Reykjavík og Hafnarfirði.

Stingur þetta allmjög í stúf við hérlenda hætti, þar sem ekkert er aðhafzt í þessa átt, nema „ostavikurnar" og ef telja skyldi þær 634 kr., er mjólkursamsalan hefir greitt fyrir tilkynningar s.l. ár.

En þó þess sé vitanlega enginn kostur að fylgja í öllu dæmi Norðmanna um þessi efni, þá má, jafnvel án verulegs kostnaðar, margt gera í þessa átt. Að því

lýtur þingsályktunartillagan, að sem rækilegast sé athugað, hverjar aðgerðir séu hér tiltækilegastar og nái bezt tilganginum.

Þekkingin orkar mestu, svo um vöruvöndun, vörufjölbreytni og hollustuhætti í mat og drykk sem annað. Því lúta 3 liðir tillögunnar að því, að útbreiða meiri þekkingu um þessi efni, bæði meðal neytenda og þeirra, sem vinna að framleiðslunni þegar frá fyrstu hendi.

Mörgum er enn í minni, hve mikilsvert starf rjómabústýrurnar unnu hér í upphafi aldarinnar, m. a. með þeim leiðbeiningum, er þær veittu heimilunum, enda urðu umskiptin þá stórkostleg.

Þessu starfi þarf að halda áfram og fullkomna. Og ætti slíkt leiðbeiningastarf og eftirlit að vera auðveldara nú, síðan gerlagróðursmælingar komu til sögunnar.

Þá brestur mjög á almenna fræðslu um, hvernig haga þarf fóðurframleiðslu, nýtingu og fóðrun, til þess að mjólkin verði sem fjörefnaríkust og bezt. En undir því og allri meðferð mjólkur og tilbúningi mjólkurafurða er neyzluaukningin mjög komin.

Vel færum mjólkurbústjóra hefir verið falið að gefa öðrum mjólkurbúum leiðbeiningar, og er það bót, þó að hann sé bundinn við aðalstarf. En hér mundi þörf á sérstökum mjólkurbúaráðunaut, er væri ekki aðeins fær um að leiðbeina um alla meðferð mjólkur og mjólkurvörugerð, heldur og um öll þau véla- og verkfræðiatriði, er til greina koma við fyrirkomulag mjólkurbúa og útbúnað þeirra. Til þess þarf að velja sérstakan hæfileikamann og veita honum styrk til hins fullkomnasta undirbúnings, en þá mundi hann jafnframt geta unnið nokkuð við atvinnudeild háskólans, svo sem full þörf er á.

Hver, sem vöru vill selja, verður jafnan að taka fullt tillit til óska kaupenda, og forðast alla árekstra svo sem kostur er. Varðar þar miklu, að svonefnd **barnamjólk** sé ekki aðeins nægileg, heldur og svo góð vara sem unnt er.

Hér í ávaxtalausu landi skiptir miklu, að **C-fjörefni** mjólkurinnar haldist; einkum í þeirri mjólk, sem ætluð er börnum og sjúklingum. En þegar þess er gætt, að við venjulega meðferð eru C-fjörefnin að mestu horfin eftir 6 tíma, jafnvel úr kaldhreinsaðri mjólk, þá er ljóst, hve áríðandi er, að neytendur geti fengið barnamjólkina áður en hún glatar þessum nýmjólkurkostum.

Þess virðist því full nauðsyn, að svonefnd „kaldhreinsuð mjólk" sé nákvæmlega flokkuð eftir aldri mjólkurinnar, meðferð og gæðum. Athuga þarf og, hvort flokkun á annari mjólk sé nauðsynleg.

Sumstaðar í Noregi og víðar eru vistlegir og ódýrir **mjólkurhressingarskálar** í sambandi við mjólkurbúðirnar. Á Akureyri er sérstakur mjólkurhressingarskáli á vegum mjólkursamlagsins, og þykir vel gefast. Hér mætti ef til vill ná sama marki með samkomulagi við veitingahús og kaffistofur. Eigi væri heldur frágangssök, þó að það **skilyrði fylgdi veitingaleyfi,** að leyfishafi hafi mjólk og skyr og aðrar sælgætisvörur úr mjólk jafnan á boðstólum og auglýsi þær sérstaklega.

Miklu skiptir, að unnið sé að meiri fjölbreytni í framleiðslu mjólkurafurða og hver nýbreytni og kostir hennar kynntir almenningi sem bezt má. T. d. mætti vinna að því með fræðslu og tilraunum, að fólki lærist að nota „heilsumjólk" (Yogurth), sem vel er talin henta mönnum með vissa kvilla og Búlgarar kváðu þakka m. a. langlífi sitt.

Þá er mikilsvert, að neytendum sé jafnan í té látin svo góð fyrirgreiðsla um útvegun hverrar mjólkurvöru sem kostur er. T. d. mundi allmikill og vaxandi **markaður fyrir áfir hér í Reykjavík,** ef sú vara væri meira höfð á boðstólum. En meðan þessi vara fæst ekki, svo vitað sé, nema á einum stað í Rvík, og ganga verður út á enda bæjarins til að ná sér í hana, er salan eðlilega sem engin. Þegar þess er gætt hinsvegar, að a. m. k. annað búið austanfjalls reiknar bændum heimsendar áfir til fóðurs á ½—1 eyri lítrann, skiptir það nokkru, að sem bezt séu notaðir markaðsmöguleikarnir fyrir jafnholla og góða vöru.

Þá þarf nánari athugun á **verðlagssamræmi** milli mjólkurvaranna innbyrðis.

T. d. virðist ekki **samræmi í milli undanrennuverðs og nýmjólkur.** Norðmenn eru lengra komnir en vér í að notfæra sér verðmæti undanrennunnar og hafa t. d. bæði kasein- og þurrmjólkurverksmiðjur, er vinna úr henni margra milljóna virði. Þó reikna þeir 3—4 lítra undanrennu á móti nýmjólkurlítranum í smásölu. En hér í Reykjavík eru rúmir 2 undanrennulítrar verðlagðir á móti 1 lítra af nýmjólk. Hér virðist mega auka mjólkurmatarneyzluna með því að færa verðið meir til samræmis.

Sama er um **smjörverð og ostaverð.** Smjörverðið er of lágt miðað við fitueiningar og verð á ostum. Hinsvegar er smjörmarkaðurinn nær ótakmarkaður vegna smjörlíkislaganna, en ostamarkaður svo takmarkaður, að sæta hefir orðið ókjaramarkaði erlendis.

Hér þarf því athugun á, hvort eigi megi auka mjólkurvöruneyzluna með því að lækka ostana, en vinna þá lækkun aftur upp á smjörverðinu. Meira samræmi í verðlagi smjörs og osta mundi og nokkuð **bæta aðstöðu fjársýkishéraða til stofnunar rjómabúa.** En þar verður víða ekki um fullkomin mjólkurbú að ræða í bráð, vegna ónógrar ræktunar og illra samgönguskilyrða.

Mega þau héruð sízt við, að þrengt sé kosti þeirra með ósamræmi í verðlagi þeirrar vöru, er þeim verður helzt fært að framleiða.

Nauðsyn er á, að framleiðsla einstakra mjólkurafurða, svo sem smjörs, skyrs og osta, sé jafnan **hagað eftir væntanlegri eftirspurn,** svo að eigi verði í neinn tíma of mikil framleiðsla einnar tegundarinnar, en skortur á hinum.

Virðist þörf á **meiri samvinnu mjólkurbúanna** í þessu efni, og er nauðsynleg athugun á því, hvernig þeirri samvinnu verði bezt hagað, svo að fullt gagn sé að.

Öll þessi atriði og ýmis fleiri þurfa rækilegrar athugunar, og hafa ekki aðrir aðiljar betri aðstöðu til að láta þessa athugun fram fara en ríkisstjórnin. Svo mun mega haga athugun þessari, að kostnaður verði ekki tilfinnanlegur, en eigi þykir þó verða komizt hjá að heimila ríkisstjórninni að greiða úr ríkissjóði nokkurt fé í þessu skyni.

Ed. 149. Nefndarálit

um frv. til laga um mat á matjessíld og skozkverkaðri síld.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin er sammála um nauðsyn þess, að lögboðið verði mat á matjessíld og skozkverkaðri síld, og mælir því með, að frv. verði samþykkt.

Meiri hl. nefndarinnar (SÁÓ og IngP) lítur svo á, að matsgjald það, sem ákveðið er í 3. gr. frv., til þess að standast kostnað við matið, sé of lágt, ef það á að nægja til þess að greiða allan kostnað, sem leiðir af matinu, og vill því hækka það nokkuð. Leggur meiri hl. því til, að á frv. verði gerð þessi

BREYTING.

Við 3. gr. Í stað „kr. 0.20“ komi: kr. 0.25.

Alþingi, 28. marz 1938.

Ingvar Pálmason, form., frsm.	Sigurjón Á. Ólafsson, fundaskr.	Jóh. Þ. Jósefsson.

Ed. 150. Frumvarp til laga

um skrifstofufé sýslumanna og bæjarfógeta.

Frá allsherjarnefnd.

1. gr.

Árin 1938—1942, að báðum meðtöldum, greiðir ríkissjóður sýslumönnum og bæjarfógetum árlega skrifstofufé, þar með talin borgun fyrir söfnun innflutningsskýrslna, eins og hér segir:

1)	Í Gullbringu- og Kjósarsýslu og Hafnarfirði	kr.	20700
2)	- Mýra- og Borgarfjarðarsýslu	—	4100
3)	- Snæfellsnes- og Hnappadalssýslu	—	4100
4)	- Dalasýslu	—	1500
5)	- Barðastrandarsýslu	—	5400
6)	- Ísafjarðarsýslu og Ísafjarðarkaupstað	—	18000
7)	- Strandasýslu	—	3300
8)	- Húnavatnssýslu	—	4100
9)	- Skagafjarðarsýslu	—	4100
10)	- Siglufjarðarkaupstað	—	11000
11)	- Eyjafjarðarsýslu og Akureyrarkaupstað	—	19200
12)	- Þingeyjarsýslu	—	6000
13)	- Norður-Múlasýslu og Seyðisfjarðarkaupstað	—	7500
14)	- Neskaupstað	—	2500
15)	- Suður-Múlasýslu	—	8500
16)	- Skaftafellssýslu	—	3000
17)	- Vestmannaeyjakaupstað	—	13400
18)	- Rangárvallasýslu	—	2000
19)	- Árnessýslu	—	5800
20)	Ennfremur greiðist lögreglustjóranum á Akranesi 1500 krónur, lögreglustjórunum í Bolungavík, Ólafsfirði og Keflavík 500 krónur hverjum upp í skrifstofukostnað	—	3000
		Samtals kr.	147200

2. gr.

Nú hækkar eða lækkar gengi gjaldeyris miðað við það, sem það er gagnvart gulli hinn 1. janúar 1938, og lækkar þá skrifstofufé eða hækkar sem því svarar, þó þannig, að minni breyting en 10% er ekki tekin til greina, og ekki fyrr en um næstu áramót á eftir, enda hafi gjaldeyrisbreytingin veruleg áhrif á verðlag þurftarvöru.

3. gr.

Skrifstofufé greiðist með ½2 mánaðarlega fyrirfram.

4. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

Greinargerð.

Frv. þetta er flutt að beiðni dómsmálaráðherra. Áskilja nefndarmenn sér rétt til að flytja við það breytingartillögur eða fylgja brtt., ef fram koma.

Frv. fylgdu eftirfarandi athugasemdir:

Hinn 1. janúar 1938 féllu úr gildi lög nr. 86 19. júní 1933, um skrifstofufé bæjarfógeta og sýslumanna, og þykir því rétt að setja ný lög um þetta efni.

Að sjálfsögðu er og verður alltaf álitamál, hvernig skrifstofufé þetta skuli ákveðið, svo í fullu samræmi sé. Þetta lagafrumvarp er að miklu leyti sniðið eftir fyrrnefndum lögum. Þó hafa verið gerðar nokkrar breytingar til hækkunar, aðallega að því er snertir skrifstofufé bæjarfógetanna, og er það í samræmi við það, sem greitt hefir verið á árinu 1937 og gefið loforð um á þessu ári. Þá hafa og lögreglustjórunum í Bolungavík, Ólafsfirði og Keflavík verið áætlaðar 500 krónur hverjum upp í skrifstofukostnað.

Hinar einstöku greinar frumvarps þessa þarfnast ekki skýringa.

Nd. 151. Frumvarp til laga

um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að veita einkaleyfi til að flytja út mó og vörur unnar úr mó og selja á erlendum markaði.

Frá landbúnaðarnefnd.

1. gr.

Landbúnaðarráðherra er heimilt að veita Sigurjóni Péturssyni á Álafossi einkaleyfi til þess að flytja út mó og vörur unnar úr mó og selja á erlendum markaði, ef hann, að dómi ráðherra, getur hafizt handa um þessar framkvæmdir og fært líkur fyrir því, að hægt sé að ryðja þessum vörum braut á erlendum markaði.

Sérleyfið má veita til allt að 10 ára.

2. gr.

Nú neytir ráðherra heimildar þeirrar, er felst í ákvæðum 1. gr., og er þá öllum öðrum óheimilt, meðan leyfistíminn stendur, að flytja út vörur þær, er einkaleyfið nær til. Brot gegn því ákvæði varðar sektum, frá 500—5000 kr., og skulu sektir renna í ríkissjóð. Mál út af brotum skulu rekin sem almenn lögreglumál.

3. gr.

Hafi sérleyfishafi ekki notfært sér leyfið að verulegu leyti þrjú fyrstu árin, er landbúnaðarráðherra heimilt að svipta hann sérleyfinu.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Sigurjón Pétursson á Álafossi hefir farið fram á það við landbúnaðarnefnd, að hún bæri fram frv. til laga, þar sem honum væri veitt einkaleyfi um 13 ára skeið til þess að flytja út mó og vörur unnar úr mó til sölu á erlendum markaði.

Landbúnaðarnefnd þykir þessi málaleitun fullkomlega athyglisverð. Það er augljóst mál, að ef hægt væri að vinna vörur úr mó, sem hægt er að ryðja braut á erlendum markaði, þá gæti risið hér upp álitlegur atvinnurekstur, því eins og kunnugt er, er hér í jörðu gnægð af mó.

Hvert spor, sem er stigið til þess að auka sölumöguleika innlendrar framleiðsluvöru á erlendum markaði, er mjög þýðingarmikið fyrir viðgang og afkomu þjóðarinnar og því sjálfsagt að greiða götu þeirra eftir föngum, sem gerast brautryðjendur á því sviði.

Af þessum ástæðum er það, að nefndin flytur þetta frumvarp. Þykir henni þó eftir atvikum rétt, að sú tilhögun sé á þessu höfð, að landbúnaðarráðherra sé gefin heimild til þess að veita þetta einkaleyfi að uppfylltum þeim skilyrðum, sem í 1. gr. getur.

Sigurjón Pétursson hefir skrifað landbúnaðarnefnd tvö bréf um þetta mál, og þykir nefndinni rétt að láta fylgja þessari greinargerð annað þessara bréfa, þar sem gerð er nokkuð nánari grein fyrir þessari málaleitun.

Fylgiskjal.

SIGURJÓN PÉTURSSON
Álafossi.

Reykjavík, 25. marz 1938.

Í framhaldi af bréfi mínu til hinnar heiðruðu landbúnaðarnefndar neðri deildar Alþingis, dags 15. þ. m., vil ég til viðbótar við það, sem þar er tekið fram, taka fram eftirfarandi:

Það, sem aðallega er ætlað að nota svörðinn til, er að nota hann sem hráefni til einangrunar á húsum og öðru, sem þarf að einangra. Til þess að þetta sé hægt, þarf svörðurinn að hafa í sér ákveðin efnasambönd og vera verkaður á sérstakan hátt. Verður öll vinna þessu aðlútandi framkvæmd hér á landi, og ætti þetta að verða allmikil atvinnuaukning, ef framkvæmdir verða eins og von stendur til.

Ég hefi tryggt mér fé það, sem ætla má, að nauðsynlegt sé til kaupa á vélum og öðru þess háttar. Og erlendis hefi ég komizt í sambönd við firmu, sem hafa trú á, að þau geti haft not fyrir vöruna. Ég vil sérstaklega taka það fram, að undirbúningur og efnarannsóknir taka nokkurn tíma og kosta talsvert fé, og er því varla að vænta, að framleiðslan verði komin í fullan gang fyrr en eftir ca. 3 ár, þótt ég voni, að talsvert mikill útflutningur geti orðið þegar á þessu ári, ef málið fær afgreiðslu, sem ég geri mér vonir um. Af þessum sökum væri mér kærast, ef einkaleyfið væri veitt til 13 ára.

Að lokum skal ég taka það fram, að þar sem hér verður að ræða um vöru, sem búin er til úr hráefni, sem algengt er í öðrum löndum, þolir varan af samkeppnisástæðum ekki, að lagður sé neinn tollur á hana.

Virðingarfyllst.

Sigurj. Pétursson.

Til landbúnaðarnefndar neðri deildar Alþingis.

Nd. 152. Breytingartillögur

við frv. til laga um bókhald.

Frá Ísleifi Högnasyni.

1. Við 6. gr. Orðin „stærri fyrirtækjum“ í 3. málsl. 1. málsgr. falli niður.
2. Við 7. gr. Þriðja málsgrein falli niður. Í þess stað komi: Viðskiptamannabækur skulu vera innbundnar og tölusettar.

Ed. # 153. Frumvarp til laga

um bókhald.

(Eftir 3. umr. í Nd.).

1. gr.

Bókhaldsskyldir eru allir þeir, sem taldir eru í 2. gr. þessara laga, með þeim undantekningum, sem um getur í 3. gr.

2. gr.

1. Kaupmenn, en kaupmaður er hver sá talinn í þessum lögum, sem hefir atvinnu af því að selja vörur, verðbréf og hverskonar lausafé eða fasteignir, sem hann hefir í því skyni keypt.
2. Hlutafélög öll, kaupfélög, pöntunarfélög og önnur samvinnufélög.
3. Bankar, sparisjóðir, víxlarar og vátryggingarfélög.
4. Umboðssalar, farandsalar, mat-, gisti- og veitingasalar, brytar, lyfsalar, forleggjarar, blaðaútgefendur.
5. Þeir, sem reka iðn eða iðju, þar með talið lýsis- og síldarbræðslur, þvotta- og baðhús, rjómabú, íshús, vatns- og rafmagnsveitur.
6. Þeir, sem reka útgerð til fiskveiða, mann- og vöruflutninga og fiskverkun.
7. Vöru- og skipamiðlarar, afgreiðslumenn skipa og þeir, sem hafa atvinnu af að geyma vörur fyrir aðra.
8. Þeir, sem hafa atvinnu af rekstri bifreiða til mann- eða vöruflutninga.
9. Þeir, sem reka kvikmyndahús, leikhús, hringleikhús (cirkus) og fjölleikhús (varieté).
10. Þeir, sem taka að sér að flytja mál fyrir dómstólum eða gegna öðrum málflutningsmannsstörfum.
11. Húsameistarar, verkfræðingar og aðrir, er taka að sér að reisa hús og gera önnur mannvirki, eða gegna öðrum húsameistara- og verkfræðingastörfum.
12. Þeir, sem hafa atvinnu af því að lána öðrum fé.
13. Þeir, sem hafa atvinnu af að sjá um jarðarfarir.

Læknum, tannlæknum og prestum í kaupstöðum er skylt að halda sjóðbók.

3. gr.

Undanskildir bókhaldsskyldu eru þó þeir, er hér greinir:

1. Mat- og veitingasali, sem að staðaldri rekur fyrirtæki með aðstoð konu sinnar, barna innan 16 ára aldurs og tveggja aðstoðarmanna eða færri, og bryti, sem ekki rekur sjálfstæða atvinnu.
2. Handiðnaðarmaður, sem að staðaldri aðeins selur handavinnu sjálfs sín, konu sinnar, barna innan 16 ára aldurs og tveggja aðstoðarmanna eða færri.
3. Útgerðarmenn, einn eða fleiri, er reka fiskiveiðar eða mann- og vöruflutninga á 2 bátum eða færri, undir 12 smál. brúttó hvor.
4. Sá, sem rekur fiskverkun með konu sinni, börnum innan 16 ára aldurs og fjórum mönnum öðrum eða færri.
5. Þeir, sem eigi reka fleiri en tvær bifreiðar til mann- eða vöruflutninga.
6. Þeir byggingarmeistarar, málflutningsmenn og verkfræðingar, sem ekki reka sjálfstæða atvinnu.

4. gr.

Allir þeir, sem bókhaldsskyldir eru samkv. 2. gr., sbr. 3. gr., skulu hafa tvöfalt bókhald, en þessu ákvæði er fullnægt með færslu þeirra bóka og yfirlitsreikninga, sem um getur í 5.—8. gr.

Lögreglustjórum er þó heimilt að veita smáatvinnurekendum, sem ekki falla undir ákvæði 3. greinar þessara laga, undanþágu til allt að 5 ára í senn frá því að færa

bækur sínar eftir reglum tvöfaldrar bókfærslu. Þeir, sem undanþágu beiðast, skulu færa gild rök fyrir því, að það sé þeim, einhverra hluta vegna, um megn að færa tvöfalt bókhald. Einkum á þetta ákvæði við um þá, sem þegar hafa byrjað atvinnurekstur, er lög þessi öðlast gildi. Bókhaldi þeirra, sem undanþágu fá, skal þó vera þannig fyrir komið, að það gefi greinilegar upplýsingar um fjárhag þeirra.

5. gr.

Frumbækur.

Í þær séu færð öll viðskipti, önnur en þau, er hönd selur hendi daglega jafnskjótt og þau fara fram. Í bók þessa skal rita nöfn þeirra, er hafa afhent og móttekið vöru er hún var seld (= lánuð) eða keypt (= lögð inn), og sömuleiðis fyrir hvers reikning hún er úttekin eða innlögð og ennfremur verð hennar.

Í verzlunarviðskiptum skal samrit af færslu frumbókar jafnan látið viðskiptavini í té, í hvert sinn er einhver viðskipti fara fram bóklega, nemi þau meiru en 2 kr.

6. gr.

Sjóðbók.

Í hana séu færðar allar sjóðgreiðslur. Hver greiðsla færist sérstaklega, þó er leyfilegt að færa í einu lagi fjárhæðir þær, er inn koma daglega vegna sölu gegn staðgreiðslu. Ennfremur er leyfilegt að færa undirbækur yfir sjóðgreiðslur, enda sé færslu þeirra hagað á sama hátt og sjálfrar sjóðbókarinnar. Skylt er að færa niðurstöðutölur undirbókanna daglega í sjálfa sjóðbókina, og sé í henni vísað til undirbókanna til sönnunar færslunum. Fylgiskjöl öll með sjóðgreiðslum séu tölusett og til þeirra vísað í sjóðbókinni eða sjóðdagbókinni eða undirbókum þeirra, og þau síðan geymd í réttri töluröð.

Ennfremur sé í sjóðbók vísað til mótfærslna eða tilsvarandi færslna í öðrum bókum (t. d. viðskiptamannabók, sjá 7. gr., aðalbók, sjá 8. gr., frumbókum o. s. frv.).

Sjóðbók skal vera innbundin og tölusett.

Undirbækur við sjóðbók mega vera lausblaðabækur.

7. gr.

Viðskiptamannabók.

Í henni skal færður sérstakur reikningur yfir viðskipti við hvern viðskiptamann, önnur en þau, er hönd selur hendi. Í bókina skulu viðskipti þau, sem færð eru í frumbækurnar, skráð á sama hátt og þar, eða samanlagðar fjárhæðir þær í krónum og aurum, er úttekt eða innlegg nemur í hvert sinn samkvæmt frumbókunum. — Þó er leyfilegt, sé um úttekt að ræða, sem samið er um, að greiða skuli að fullu viku- eða mánaðarlega, að færa í viðskiptabókina samanlagðar fjárhæðir þær, sem úttekt hvers viðskiptamanns hefir numið um vikuna eða mánuðinn samkvæmt frumbókunum, ennfremur að færa sameiginlegan reikning í viðskiptamannabók fyrir alla þá viðskiptamenn, sem aðeins hafa slík viðskipti.

Við færslu á viðskiptamannabók sé ætíð vísað til mótfærslna eða tilsvarandi færslna í öðrum bókum (t. d. sjóðbók, aðalbók, frumbókum o. s. frv.).

Nota má lausblaðabækur sem viðskiptamannabækur, en þó því aðeins, að þá sé færður sameiginlegur viðskiptareikningur fyrir alla viðskiptamenn, er reikning hafa í viðskiptamannabók, í aðalbók, dagbók eða sjóðdagbók (sjá 8. gr.). Í reikning þennan má færa úttekt og innlegg viðskiptamanna samandregið eftir frumbókunum og öðrum bókum, enda sé vísað til þeirra til sönnunar færslunum.

8. gr.

Skylt er að færa eftirgreinda yfirlitsreikninga um reksturinn:

1. Reikning(a), er sýni brúttótekjur (t. d. í verzlunum reikningur yfir keyptar

og seldar vörur, í framleiðslufyrirtækjum reikningur yfir seldar afurðir o. s. frv.).
2. Reikning(a), er sýni rekstrarkostnað.
3. Reikning(a), er sýni víxlaviðskipti (víxlareikning, accept-reikning).
4. Reikning(a), er sýni framlög og úttekt eiganda (eigenda) til og frá fyrirtækinu í peningum eða öðrum verðmætum.
5. Reikning(a), er sýni, hve mikið fé er lagt í byggingar, skip, áhöld og aðrar eignir, sem ætlaðar eru til stöðugrar notkunar við reksturinn.
6. Aðra þá reikninga, sem í hverju einstöku dæmi eru nauðsynlegir til þess, að því grundvallaratriði tvöfaldrar bókfærslu verði fylgt, að hver fjárhæð sé færð á tveimur stöðum.

Reikningar þessir skulu færðir í sérstakri tölusettri, bundinni bók, aðalbók, dagbók, eða í sjóðbók, sem þá nefnist sjóðdagbók. Við færslu í reikninga þessa sé ætíð vísað til mótfærslna eða tilsvarandi færslna í öðrum bókum (t. d. sjóðbók, viðskiptamannabók, frumbókum o. s. frv.).

9. gr.

Þeim fyrirtækjum, sem hafa vélabókhald, er heimilt að færa bækur þær, er um ræðir í 6.—8. gr., sem lausblaðabækur. En þá skal jafnframt færa í sérstaka bók, ekki sjaldnar en ársfjórðungslega, reikningsjöfnuði aðalbókar og viðskiptamannajöfnuði. Bók þessi má ekki vera lausblaðabók, en skal vera löggilt, og má þá jafnframt nota hana sem efnahagsbók.

10. gr.

Allir þeir, sem bókhaldsskyldir eru samkv. lögum þessum, eru skyldir að gera yfirlit um efnahag sinn (efnahagsreikning) einu sinni á hverju almanaksári, ásamt yfirlitsreikningi um reksturinn á undanfarandi reikningsári.

Í Reykjavík séu reikningar þessir fullgerðir og undirskrifaðir 3 mánuðum eftir lok reikningsársins, en annarsstaðar á landinu 4 mánuðum. Lögreglustjórum er heimilt að veita undanþágu frá þessu ákvæði, ef brýnar ástæður eru fyrir hendi, en þó sé reikningsuppgerð ætíð lokið 5 mánuðum eftir lok reikningsárs.

Reikningarnir séu færðir í sérstaka löggilta bók, efnahagsbók, í sjóðdagbók eða aðalbók, ef þær eru löggiltar.

11. gr.

Á efnahagsreikningi séu tilfærðar allar eignir og skuldir hlutaðeiganda, eins og þær eru í lok reikningsársins.

Eignir ber að tilfæra með þeirri fjárhæð, er raunverulega svarar til verðmætis þeirra. Þó ber yfirleitt að tilfæra fasteignir, skip, áhöld og aðrar eignir, sem ætlaðar eru til stöðugrar notkunar við reksturinn, með kostnaðarverði, að frádregnum hæfilegum árlegum afskriftum fyrir fyrningu og sliti. Sé frá þessu vikið, skulu reikningarnir bera það greinilega með sér.

Kröfur, sem fyrndar eru að lögum, má eigi tilfæra sem eignir á efnahagsreikningi.

12. gr.

Efnahagsreikningi fylgi greinargerð um allar veðsetningar á eignum hlutaðeiganda, að svo miklu leyti, sem greindur reikningur ber slíkt ekki með sér, ennfremur allar ábyrgðir, er hann hefir tekizt á hendur fyrir aðra.

13. gr.

Eigi má rita í bækur þær, sem fyrirskipaðar eru með lögum þessum — aðrar en frumbækur — með blýanti. Ennfremur eigi skafa út eða gera á annan hátt með ásetningi ólæsilegt það, sem eitt sinn hefir verið í þær skráð, eða rita ofan í skriftina, svo að ólæsilegt verði það, er áður stóð, enda þótt fyrst hafi misritazt af van-

gá. Þurfi að gera breytingu á því, sem eitt sinn er ritað, skal annaðhvort leiðrétta það með annari innfærslu, er komi til jafnaðar annarsvegar við það, er ofritað var hinsvegar, eða bæti því við, er vanritazt hafði, eða þá þannig, að strika út það, sem rangt varð, án þess að ólæsilegt verði það, er út var strikað, en rita leiðréttinguna milli lína eða á spássíu, eftir því sem bezt hentar.

Eigi má rífa eða á annan hátt losa blöð úr þeim innbundnum bókum, sem fyrirskipaðar eru með lögum þessum.

14. gr.

Skylt er hverjum bókhaldsskyldum að geyma í skipulegri röð öll bréf og símskeyti, er honum berast viðkomandi atvinnu hans, og ennfremur að halda eftir samriti af öllum þeim bréfum og símskeytum, er hann ritar og sendir öðrum viðkomandi atvinnunni, og geyma eftir sömu reglum.

15. gr.

Allar þær bækur, sem fyrirskipaðar eru með lögum þessum, ásamt fylgiskjölum, svo og bréf þau og símskeyti, samrit bréfa og símskeyta, sem um ræðir í næstu grein hér á undan, séu geymdar í 10 ár frá því síðast er ritað í bækurnar, og bréfin eða símskeytin móttekin eða send.

16. gr.

Nú er skuldar krafizt innan þriggja missira frá því er hún varð til, og skal þá það, sem skráð er í bækur þær, sem fyrirskipaðar eru með lögum þessum, hafa það sönnunargildi, ef bækurnar eru vel og skipulega ritaðar, og engin atvik liggja til, þau er gera bókunina grunsama, að álíta skal það rétt, er í þeim stendur, ef aðili sá, er í hlut á, vill eigi synja fyrir með eiði, að rétt sé bókað. Nú er hann dauður, eða hann getur ekki eiðinn unnið sakir vitfirringar eða þvíumlíks, og má þá, ef engin atvik leggja svo til, að þau geri það ísjárvert, dæma eiganda eða umráðamanni fyrirtækisins heimilt að sanna sitt mál með eiði sínum, eða eiði þess manns, er í bækurnar hafði ritað það, er um var þrætt.

Að þeim fresti liðnum, sem að ofan er nefndur, missa bækur þær, sem fyrirskipaðar eru með lögum þessum, það sérstaka sönnunargildi, er þeim er veitt samkvæmt þessari grein, þó aðeins gagnvart skiptavinum, sem sjálfir eru ekki bókhaldsskyldir; en í viðskiptum milli bókhaldsskyldra halda bækurnar gildi sínu án tillits til frests þess, er að framan var nefndur.

Nú eru báðir málsaðiljar bókhaldsskyldir, og stendur sín innfærsla um sama efnið í bókum hvors um sig, en ber eigi saman, þá hefir hvorug innfærslan sérstakt sönnunargildi.

17. gr.

Sé að áliti lögreglustjóra ástæða til að ætla, að einhver hlíti eigi ákvæðum þessara laga um bókhald, er honum heimilt að rannsaka eða láta rannsaka bókhald hlutaðeiganda, og reynist bókhaldið eigi lögum þessum samkvæmt, má ákveða hlutaðeiganda dagsektir, allt að kr. 25.00, unz hann hefir komið því í lag.

18. gr.

Brot gegn 5. gr. varðar sektum, kr. 5.00—200.00.

19. gr.

Brot gegn 4. gr. og 6.—10. gr. varðar sektum, kr. 10.00—1000.00. Kveði svo mikið að brotinu gegn greinum þessum, að bókfærslan geti bersýnilega ekki náð tilgangi sínum, þannig að eigi sjáist, hversu rekstur fyrirtækisins gengur, hvernig efnum þess er varið eða hvernig hagur atvinnurekandans stendur, varðar það auk sekta missi atvinnurekstrarleyfis eða stöðvun atvinnurekstrar um stundarsakir eða til fulls eftir atvikum.

20. gr.

Brot gegn 1. og 12.—15. gr. varða sektum samkvæmt 19. gr. Sé um fölsun verzlunarbóka að ræða, eða geri einhver í sviksamlegum tilgangi rangan efnahagsreikning, eða eyðileggi eða skjóti undan bókum þeim og skjölum, sem um getur í 14. og 15. gr., varðar það fangelsi, eða betrunarhúsvinnu, allt að tveimur árum, ef miklar sakir eru.

21. gr.

Fara skal með mál út af brotum á lögum þessum og reglum sem almenn lögreglumál.

22. gr.

Numin eru úr gildi með þessum lögum lög nr. 53 11. júlí 1911, um verzlunarbækur, og öll þau lagaákvæði, sem koma í bág við þessi lög.

23. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1939.

Nd. 154. Frumvarp til laga

um skipun nefndar til að rannsaka hag og rekstur togaraútgerðarinnar og gera tillögur um það mál.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

1. gr.

Sameinað Alþingi kýs hlutbundinni kosningu 5 manna nefnd til þess að rannsaka hag og rekstur allra togaraútgerðarfyrirtækja hér á landi. Skal nefndin sérstaklega taka til athugunar, hvort hægt muni að gera rekstur togaranna hagkvæmari og ódýrari en nú er, og á hvern hátt unnt sé að koma á öruggan grundvöll útgerð þeirra skipa, sem rekin hafa verið með tapi undanfarin ár.

Nefndin skili niðurstöðum rannsóknarinnar og tillögum til ríkisstjórnarinnar. Getur ríkisstjórnin, að þeim tillögum fengnum, falið nefndinni að rannsaka einstök atriði nánar, ef ástæða þykir til.

Kostnaður við störf nefndarinnar greiðist úr ríkissjóði.

2. gr.

Nefndin skal hafa heimild til að heimta skýrslur, munnlegar eða bréflegar, af eigendum og stjórnendum togaraútgerðarfyrirtækja og öðrum, um þau atriði, sem hún telur þörf á við framkvæmd rannsóknarstarfa sinna. Einnig er nefndinni heimilt að rannsaka bækur og skjöl viðkomandi útgerðarfyrirtækja, og eru allir, sem hafa slíkar bækur og skjöl í sínum vörzlum, skyldir til að veita nefndinni aðgang að þeim.

3. gr.

Nefndarmönnum og starfsmönnum nefndarinnar, ef einhverjir eru, er bannað, að viðlagðri ábyrgð eftir ákvæðum almennra hegningarlaga um embættis- og sýslunarmenn, að skýra óviðkomandi mönnum frá því, sem þeir verða áskynja í starfi sínu og varðar einkamál einstakra manna eða fyrirtækja.

4. gr.

Sá, sem vanrækir skyldur þær, sem um ræðir í 2. gr., skal sæta 10—200 kr. dagsektum, unz skyldunni er fullnægt.

Ef nefndinni eru gefnar rangar skýrslur, varðar það sektum, allt að 10000 kr., nema þyngri refsing liggi við samkvæmt lögum.

5. gr.

Mál út af brotum á lögum þessum skulu sæta meðferð almennra lögreglumála.

6. gr.

Nefnd sú, er ræðir um í 1. gr., skal kosin þegar eftir gildistöku laga þessara, ef gildistakan fer fram áður en Alþingi því, er lögin samþykkir, er slitið. Ef gildistakan fer fram síðar, skal nefndin þó kosin á Alþingi því, er lögin samþykkir.

7. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Nd. 155. Frumvarp til laga

um bráðabirgðanotkun lóðarinnar nr. 2 við Bankastræti í Reykjavík.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að leyfa Kaupfélagi Reykjavíkur og nágrennis að reisa til bráðabirgða einlyft steinhúðað verzlunarhús úr timbri á lóð ríkissjóðs nr. 2 við Bankastræti í Reykjavík, suður með Skólastræti, sunnan við verzlunarhús kaupfélagsins við Bankastræti og áfast við það.

Grunnflötur þess húss, sem leyft verður, má þó ekki vera stærri en grunnflötur timburbyggingar þeirrar, sem fyrir er á lóðinni og jafnframt verður tekin í burtu.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Nd. 156. Frumvarp til laga

um ostrurækt.

Frá sjávarútvegsnefnd.

1. gr.

Atvinnumálaráðherra skal heimilt að ákveða í reglugerð, að tiltekin svæði í fjörðum inni skuli um tiltekinn tíma friðuð til ostruræktar fyrir hverskonar veiðum, öðrum en ostruveiðum. Ennfremur skal þar ákveðið, hvernig og á hvaða árstíma heimilt sé að stunda ostruveiðar.

2. gr.

Enginn má stunda ostrurækt á friðlýstu svæði nema með leyfi atvinnumálaráðherra.

Leyfi þessi má veita innlendum og erlendum félögum og einstaklingum, og skulu þau bundin við ákveðin svæði og til ákveðins árafjölda. Ennfremur getur atvinnumálaráðherra sett þau skilyrði fyrir leyfum þessum, sem hann telur nauðsynleg til verndar hagsmunum ríkis, almennings eða einstakra manna.

3. gr.

Sérhver, sem á land eða hefir land til afnota, er liggur að friðlýstu svæði, er skyldur til að þola þær eignakvaðir, óhagræði eða takmörkun á afnotarétti, sem ostruræktin hefir í för með sér, allt gegn því, að fullar bætur komi fyrir. Náist ekki

samkomulag um bæturnar, skulu þær ákveðnar með mati tveggja dómkvaddra manna. Kostnað við matið greiðir leyfishafi. Nú vill annarhvor málsaðili ekki una mati, og getur hann heimtað yfirmat, en gera skal hann það innan 30 daga frá því að matsgerð er lokið. Yfirmatið skal framkvæmt af 4 dómkvöddum mönnum.

Kostnaðinn við yfirmatið greiðir sá, er þess hefir krafizt, ef matsupphæðinni verður ekki breytt meira en sem nemur 10% af hinni ákveðnu endurgjaldsupphæð, ella greiðist kostnaðurinn af leyfishafa.

4. gr.

Heimilt er að undanþiggja tilrauna-ostrur (móðurdýr) öllum innflutningsgjöldum.

5. gr.

Brot gegn lögum þessum eða reglugerðum, sem settar verða samkvæmt þeim, varða sektum, allt að 1000 krónum.

Fara skal um slík mál sem almenn lögreglumál.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frv. þetta er flutt eftir ósk atvinnumálaráðuneytisins, og fylgdu því svo hljóðandi athugasemdir:

Ostruveiðar og ostrurækt er stórkostleg atvinnugrein víða um heim. Á heimsmarkaðinum eru ostrur verðmestar af öllum skelfiski, enda mjög dýrar. Langt er síðan hinn eðlilegi ostrustofn hætti að fullnægja eftirspurninni, og hefir því ostrurækt verið stunduð með góðum árangri um langt skeið. Ostrur eru ekki til við strendur Íslands, en nokkrar líkur eru til þess, að möguleikar séu fyrir því, að hægt sé að rækta þær hér, en þá eingöngu í Faxaflóa, á svæðinu frá Akranesi til Seltjarnarness, samkvæmt þeim rannsóknum, sem fram hafa farið á þessu atriði.

Á árinu 1936 gerði sænskt fyrirtæki „Stigfjordens Ostronodlingar" í Skåpesund í Svíþjóð, fyrirspurn um það til atvinnumálaráðuneytisins, hvort það teldi æskilegt, að fyrirtæki þetta gerði tilraunir með ostrurækt hér við land. Síðan hefir fiskimálanefnd staðið í sambandi við þetta sænska fyrirtæki, og hefir hún eindregið mælt með því, að Stigfjordens Ostronodlingar verði leyft að gera tilraunir með ostrurækt hér við land, og er ráðuneytið samdóma fiskimálanefndinni í því efni.

Um einstök ákvæði frumvarpsins skal þetta tekið fram:

Um 1. gr.

Til þess að hægt sé að framkvæma ostrurækt í fjörðum inni þarf algerlega að friða ræktunarsvæðin fyrir hverskonar veiðum, og er gert ráð fyrir, að friðunarsvæðin verði ákveðin í reglugerð.

Um 2. gr.

Ofangreint ostruræktarfyrirtæki, Stigfjordens Ostronodlingar, hefir farið fram á að fá einkaleyfi til 15 ára til ostruræktar hér við land. Í greininni er það lagt á vald atvinnumálaráðherra, hverjir fái leyfi og til hversu margra ára það verður veitt, en þar sem stofnkostnaður við ostruræktina er töluvert mikill og ostrulirfan þarf 4 til 5 ár til þess að ná hæfilegri stærð til matar, verður að ákveða leyfistímann með tilliti til þessa.

Um 3.—6. gr.

Þurfa ekki skýringa.

Einstakir nefndarmenn áskilja sér rétt til að flytja brtt. við frumvarpið.

Ed. 157. Frumvarp til laga

um einkaleyfi til að vinna þilborð o. fl. úr íslenzkum jarðvegsefnum.

Flm.: Einar Árnason, Bernh. Stefánsson.

1. gr.

Frá gildistöku laga þessara veitist Kaupfélagi Eyfirðinga á Akureyri einkaleyfi um næstu 20 ár til þess að vinna þilborð, byggingarpappa og sellulose úr íslenzkum jarðvegsefnum.

Einkaleyfi þetta getur Kaupfélag Eyfirðinga framselt til félags, sem stofnað kann að verða fyrir tilhlutun þess, í þeim tilgangi að hagnýta einkaleyfið.

2. gr.

Meðan leyfistíminn stendur, er öllum óheimilt að nema jarðvegsefni hér á landi í þeim tilgangi að vinna úr þeim til sölu framleiðsluvörur þær, sem 1. gr. ræðir um. Brot gegn þessu ákvæði varða sektum frá 500—20000 kr., er renna í ríkissjóð.

3. gr.

Hafi sérleyfishafi ekki notfært sér leyfið að verulegu leyti innan 3 ára, er atvinnumálaráðherra heimilt að svipta hann sérleyfinu.

Greinargerð.

Kaupfélag Eyfirðinga hefir á undanförnum 2 árum látið gera allvíðtækar tilraunir utanlands til þess að komast að raun um, hvort hægt sé að gera þilborð úr íslenzkum jarðvegsefnum, einkum reiðingstorfi. Virðast þær tilraunir, sem þegar hafa verið gerðar, benda ótvírætt í þá átt, að úr þessu efni megi vinna þilborð, sem vel séu nothæf til húsabygginga, í stað útlendra byggingarefna, sem nú eru flutt inn í stórum stíl, svo sem panel, masonit o. fl. Sömuleiðis pappa til bygginga, og sellulose. Tilraunirnar benda og til þess, að slík framleiðsla hér á landi mundi vel geta svarað kostnaði.

En þótt allmiklu fé hafi þegar verið kostað til þessara tilrauna, verður enn að kosta miklu til lokatilrauna þeirra, sem gera þarf til þess að fá fyllilega úr því skorið, hvort gerlegt er að leggja fé til stofnunar slíkum verksmiðjurekstri, enda er þar um mikið fé að ræða, því að stofnkostnaður hlyti að verða allmikill. Er því augljóst, að félagið getur ekki haldið áfram að leggja fé í þessar tilraunir, og allra sízt ráðizt í að koma upp verksmiðju til vinnslunnar, nema tryggt sé, að ný fyrirtæki á sama sviði geti ekki tekið upp samkeppni þegar á fyrstu árum eftir stofnun fyrirtækisins. Þess vegna er hér farið fram á, að félaginu verði veitt einkaleyfi um 20 ára bil.

Í einkaleyfislögum, hliðstæðum þessum, hefir að vísu stundum verið ákveðinn styttri leyfistími en 20 ár, venjulega 5—10 ár, sbr. t. d. l. nr. 95 1935. En þar hefir þá verið um að ræða fyrirtæki, sem hvorki útheimti mikið fé til undirbúningstilrauna, né heldur stórvægilegan stofnkostnað, eins og verða mundi í þessu tilfelli. Hér er því sérstök ástæða til að hafa einkaleyfistímann nokkuð ríflegan, til þess að leyfishafi geti talið sér óhætt að leggja fram nauðsynlegan stofnkostnað. Af sömu ástæðum, og sérstaklega með tilliti til þess, að undirbúningstilraunum er enn ekki lokið, telur félagið sér heldur ekki nægja minna en 3 ár til þess að koma fyrirtækinu í framkvæmd.

Hámark sektarákvæða fyrir brot á einkaleyfinu er hér ákveðið hærra en venjulega hefir verið gert í hliðstæðum einkaleyfislögum. Stendur það í sambandi við hinn mikla stofnkostnað, sem þessi starfræksla útheimtir, en af því leiðir, að brot á einkaréttinum yrði að teljast alvarlegra en þar sem aðeins er um smærri atvinnurekstur að ræða.

Til meðmæla með frumvarpi þessu má að öðru leyti benda á það tvennt, fyrst og fremst að hér er um að ræða framleiðslu, sem frá þjóðhagsfræðilegu sjónarmiði gæti orðið afarþýðingarmikil, ef svo reynist, að hér yrði fundin leið til þess að bæta úr hinum tilfinnanlega skorti á innlendum byggingarefnum, sem hér á sér stað, og í öðru lagi hitt, að þar sem ekki er vitað, að neinn annar en Kaupfélag Eyfirðinga hafi haft með höndum tilraunir í líka átt og hér er um að ræða, virðist félagið eiga sanngirniskröfu til þess, að löggjöfin veiti því þann stuðning, sem nauðsynlegur er, til þess að mál þetta verði fullrannsakað og því komið í framkvæmd, ef lokatilraunir bera þann árangur, sem nú er búizt við, að slík framleiðsla hér geti orðið sett á stofn á fjárhagslega heilbrigðum grundvelli.

Nd. 158. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 1 5. jan. 1938, um síldarverksmiðjur ríkisins.

Flm.: Finnur Jónsson.

1. gr.

Á eftir fyrra málsl. 1. málsgr. 4. gr. laganna kemur nýr málsl.: Kosnir skulu og með sama hætti 5 varamenn í stjórnina, til jafnlangs tíma.

2. gr.

7. gr. laganna fellur niður.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi nú þegar, og skal á því þingi, er samþykkir lögin, kjósa varamenn fyrir þann tíma, sem eftir er af kjörtímabili núverandi stjórnar síldarverksmiðja ríkisins.

Greinargerð.

Nú þegar hefir komið í ljós, að einn stjórnarmaður hefir verið langdvölum erlendis og því ekki getað komið á fundi í stjórn ríkisverksmiðjanna. Getur þetta vitanlega komið þráfaldlega fyrir, að stjórnendur forfallist, og verður því að teljast óverjandi, að ekki séu settir varamenn í stjórn síldarverksmiðjanna, eins og flestar aðrar opinberar stjórnir, sem kosnar eru til langs tíma.

Þá hefir stjórn verksmiðjanna fengið það staðfest, að ákvæðið um, að ríkissjóður beri ekki ábyrgð á skuldum verksmiðjanna, sem stofnaðar kunna að verða eftir 31. des. 1937, getur valdið verksmiðjunum örðugleikum um útvegun rekstrarfjár. Og þar eð sjómenn og verkamenn og raunar þjóðfélagið í heild á mjög mikið undir því komið, að rekstur síldarverksmiðja ríkisins geti gengið alveg óhindrað, telur flm. rétt að bæta úr þessu með niðurfellingu 7. gr. laganna. Ýmsar fleiri breytingar hefði flm. talið nauðsynlegar á l., en hefir að þessu sinni horfið frá að hreyfa þeim breytingum, er ágreiningi gætu valdið milli flokka, ef vera kynni, að Framsóknarflokkurinn og Sjálfstæðisflokkurinn, er bundizt hafa fastmælum um stjórn verksmiðjanna, fengjust þá fremur til að fallast á þessar sjálfsögðu og nauðsynlegu breytingar.

Ed. # 159. Frumvarp til laga

um fasteignasölu.

(Eftir 2. umr. í Ed.)

1. gr.

Engum er heimilt að annast um kaup og sölu fasteigna fyrir aðra, eða kalla sig fasteignasala, nema hann hafi fengið til þess leyfi samkvæmt lögum þessum.

2. gr.

Hver maður, karl eða kona, getur fengið leyfi til þess að annast sölu fasteigna, ef hann:

1. Hefir íslenzkan ríkisborgararétt.
2. Er heimilisfastur á Íslandi.
3. Er fjárráður.
4. Hefir forræði á búi sínu.
5. Hefir ekki verið dæmdur fyrir verknað, sem svívirðilegur er að almenningsáliti.
6. Sannar, að hann hafi staðizt próf samkvæmt ákvæðum, er atvinnumálaráðuneytið setur með reglugerð. Lögfræðingar eru þó undanþegnir slíku prófi.

3. gr.

Þeir, sem fengið hafa leyfi til fasteignasölu samkvæmt 2. gr., skulu hafa opna skrifstofu á þeim stað, er leyfið er veitt. Tilkynna skal flutning úr lögsagnarumdæminu til þess lögreglustjóra, er veitt hefir leyfið.

4. gr.

Í hvert skipti, sem fasteignasali tekur fasteign í umboðssölu, eða aðstoðar að öðru leyti við kaup og sölu fasteignar, skal hann til upplýsingar aðiljum gera nákvæmt yfirlit yfir tekjur og gjöld fasteignarinnar, veðskuldir, er á henni hvíla, o. s. frv. Skal yfirlit þetta vera sem nákvæmast, þannig, að það ásamt skoðun á eigninni sé tryggur grundvöllur fyrir mati á verðmæti eignarinnar.

5. gr.

Fasteignasala er sjálfum óheimilt að ganga inn í samning um kaup á fasteign, sem honum hefir verið falin í umboðssölu, nema hann hafi lýst því yfir áður en hann tók eignina til sölu, að hann sé persónulegur kaupandi hennar.

Ennfremur skal fasteignasali tilkynna aðiljum, hafi hann nokkurra annara hagsmuna að gæta en að því er snertir sjálf sölulaunin.

6. gr.

Fasteignasala er óheimilt að taka hærri þóknun en sanngjarnt má teljast með tilliti til þeirrar vinnu, sem í té er látin.

Fyrir aðstoð við kaup og sölu má þóknun frá kaupanda og seljanda samanlagt ekki fara fram úr 2% af kaupverði eignarinnar. Fasteignasala er þó heimilt að áskilja sér minnst 150 krónur fyrir aðstoð við sölu fasteignar. Ennfremur getur fasteignasali áskilið sér aukalega greiðslu fyrir útlagðan auglýsingarkostnað, enda hafi eignin verið auglýst eftir sérstakri beiðni eiganda.

7. gr.

Fasteignasala er óheimilt að skýra frá því, er honum er trúað fyrir í starfi sínu.

8. gr.

Hverju sinni er fasteignasali gengur frá kaupsamningi, afsali eða skuldabréfi með veði í fasteign, er honum skylt að senda hlutaðeigandi héraðsdómara tilkynn-

ingu um löggerninga þessa. Skal í tilkynningu taka fram um nafn kaupanda og seljanda og upphæð kaupverðs eða skuldar, ef um veðbréf er að ræða, svo og útgáfudag bréfanna.

9. gr.

Lögreglustjóri, þar sem aðili ætlar að reka fasteignasölu, lætur leyfisbréf af hendi. Fyrir leyfið greiðast 300 krónur í viðkomandi bæjar- eða sveitarsjóð.

Leyfi til fasteignasölu er bundið við nafn og veitir leyfishafa rétt til þess að kalla sig fasteignasala. Þó er ekkju heimilt að halda áfram fasteignasölu látins manns síns, jafnvel þótt hún fullnægi ekki skilyrðum þessara laga, en hafa skal hún þá forstöðumann, er fullnægi skilyrðum 2. gr.

10. gr.

Fasteignasali fyrirgerir leyfi sínu, ef hann missir einhver þeirra skilyrða, er í 1.—5. tölulið 2. gr. segir.

Geri fasteignasali sig sekan í einhverjum þeim verknaði, að varhugavert megi teljast, að hann haldi áfram starfi sínu sem fasteignasali, þá má, jafnframt refsingu, svipta hann leyfisbréfi í lengri eða skemmri tíma, eða fyrir fullt og allt.

11. gr.

Brot gegn 1. gr. varða sektum frá 300—5000 krónum, sem renna að hálfu í viðkomandi bæjar- eða sveitarsjóð og að hálfu í ríkissjóð.

Sömu refsingu skal sá sæta, er annast sölu fasteignar eftir að hann hefir verið sviptur leyfi sínu, eða misst það á annan hátt.

12. gr.

Verði fasteignasali sekur gegn öðrum ákvæðum þessara laga, skal hann, nema þyngri hegning liggi við að lögum, sæta sektum frá 100—2000 krónum.

13. gr.

Hæstaréttar- og héraðsdómsmálaflutningsmenn þurfa ekki leyfi til þess að annast fasteignasölu samkvæmt lögum þessum.

14. gr.

Þeim, er stundað hafa fasteignasölu 5 síðustu árin áður en lög þessi öðlast gildi og auglýst opna skrifstofu, er heimilt að halda áfram starfi sínu, uppfylli þeir ákvæði 1.—5. mgr. 2. gr. og sanni auk þess með vottorðum tveggja manna, og sé að minnsta kosti annar þeirra lögfræðingur, að þeir séu færir um að annast fasteignasölu.

15. gr.

Mál út af brotum á lögum þessum skulu sæta meðferð almennra lögreglumála.

16. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1939.

Ed. 160. Frumvarp til laga

um mat á matjessíld og skozkverkaðri síld.

(Eftir 2. umr. í Ed.).

1. gr.

Öll matjessíld og skozkverkuð síld, sem verkuð er hér á landi og í íslenzkri landhelgi, skal metin og flokkuð eftir gæðum, þegar hún er fullsöltuð til útflutnings,

af síldarmatsmönnum, undir umsjón síldarmatsstjóra. Hverri sendingu matjessíldar til útlanda fylgi vottorð síldarmatsmanna, og sé í vottorðinu tiltekin nákvæm tala tunna í hverri sendingu og hvaða gæða- (og stærða-) flokki síldin tilheyri. Í vottorðinu séu einnig tilgreind merki saltenda, söltunarnúmer og matsmerki.

2. gr.

Ráðherra skipar matsstjóra og matsmenn, að fengnum tillögum matsstjóra, og setur þeim erindisbréf. Matsstjóri skal hafa sérþekkingu á öllu því, er lýtur að síldarmati. Hann skal, eftir því sem kostur er á, fylgjast vel með öllum nýjungum og framförum í síldarverkun, kynna sér stöðugt kröfur markaðanna um verkunaraðferðir og vörugæði og aðstoða framleiðendur í því að koma fram umbótum á verkun síldar. Hann hefir yfirumsjón með framkvæmd matslaganna, sér um samræming matsins í hinum ýmsu héruðum, hefir eftirlit með matsmönnum og leiðbeinir þeim í starfi þeirra.

3. gr.

Atvinnumálaráðherra ákveður laun matsstjóra og matsmanna. Skulu laun þeirra greidd úr ríkissjóði. Til að standast kostnað við matið skal heimilt að taka af hverri útflutningsmetinni tunnu matsgjald, er nemi kr. 0,25. Gjald þetta skal innheimt af lögreglustjóra ásamt útflutningsgjaldi. Um kaup síldarmatsmanna, ferðakostnað, dagpeninga, vinnutíma o. fl. skal nánar ákveðið í erindisbréfi þeirra.

4. gr.

Matsstjóri og síldarmatsmenn mega ekki taka á móti nokkurri þóknun, hverju nafni sem nefnist, frá saltendum eða kaupendum síldarinnar. Þeir mega ekki reka neinn sjálfstæðan atvinnuveg, sem lýtur að síldarsöltun, síldarverzlun eða síldarútgerð. Þeir mega ekki vera í þjónustu þeirra, er þeir meta síld fyrir, né vera þeim háðir á annan hátt. Matsstjóri og matsmenn hafa algerða þagnarskyldu um allt, er þeir verða áskynja um í starfi sínu, og mega ekki við óviðkomandi láta uppi neitt annað um ástand vörunnar en það, sem stendur í matsvottorði.

5. gr.

Ráðherra setur reglugerð um framkvæmd matsins, merkingu síldar og annað það, er þurfa þykir. Einnig er honum heimilt að setja reglugerð um frjálst mat á annari síld en matjessíld, ef um það koma fram beiðnir frá síldarsaltendum, eða ef síldarútvegsnefnd álítur það nauðsynlegt.

6. gr.

Sá, sem flytur út eða lætur flytja út matjessíld án þess að láta meta hana og fá matsvottorð um, að hún sé útflutningshæf, sæti 500—2000 kr. sekt, er renni í ríkissjóð. Ef um ítrekað brot er að ræða, má hámarkssekt vera allt að 5000 kr. Um mál út af brotum á lögum þessum eða reglugerðum fer sem um almenn lögreglumál.

7. gr.

Sannist þær misfellur á matsvottorðum matsstjóra eða matsmanna, sem álíta verður, að stafi af vítaverðu gáleysi eða vanrækslu, bera þeir ábyrgð á tjóni því, er þar af leiðir, og má þá svipta þá stöðu þeirra fyrirvaralaust.

Um hegningu fyrir brot matsstjóra og matsmanna gegn ákvæðum þessara laga fer að öðru leyti eftir hinum almennu hegningarlögum.

8. gr.

Lög þessi öðlast gildi nú þegar.

Ed. 161. Nefndarálit

um frumv. til laga um heimild fyrir ríkisstjórnina til að veita sérleyfi til fóðurmjölsvinnslu úr þangi.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin hefir athugað frumvarpið, og enda þótt nefndin teldi æskilegra, að einkaleyfið væri bundið við skemmri tíma en 10 ár, þá vill hún samt ekki stuðla að því, að frumvarpið verði sent milli deilda vegna þessa, enda treystir hún því, að ríkisstjórnin muni ekki fara upp í hámark tímatakmarksins, þegar leyfið er veitt, nema óumflýjanlegt sé.

Nefndin leggur því til, að frumvarpið verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 31. marz 1938.

Páll Zóphóníasson, form., frsm.	Erl. Þorsteinsson, fundaskr.	Þorst. Þorsteinsson.

Ed. 162. Breytingartillaga

við frumv. til laga um fasteignasölu.

Frá allsherjarnefnd.

Við 13. gr. Greinin orðist þannig:

Hæstaréttar- og héraðsdómsmálaflutningsmenn, svo og lögfræðingar, sem gegnt hafa í 3 ár embætti eða stöðu, sem lagapróf þarf til, þurfa ekki leyfi til þess að annast fasteignasölu samkvæmt lögum þessum.

Ed. 163. Nefndarálit

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 28 13. jan. 1938 [Lax- og silungsveiði].

Frá meiri hl. landbúnaðarnefndar.

Nefndin hefir klofnað í málinu. Meiri hl. nefndarinnar (ÞÞ, ErlÞ) leggur til, að frv. verði samþykkt óbreytt. Minni hl. (PZ) mun gera grein fyrir áliti sínu.

Alþingi, 31. marz 1938.

Erl. Þorsteinsson, fundaskr.	Þorst. Þorsteinsson, frsm.

Nd. 164. Tillaga til þingsályktunar

um að jafna og samræma laun starfsmanna ríkis og ríkisstofnana o. fl.

Flm.: Stefán Stefánsson, Þorsteinn Briem.

Neðri deild Alþingis ályktar að skora á ríkisstjórnina, að hún á þessu ári láti gera ráðstafanir til þess:

1. Að færð verði til jöfnunar og samræmd laun starfsmanna ríkis og ríkisstofnana.
2. Að á meðan slík jöfnun eigi hefir fram farið, þá verði laun þeirra starfsmanna

ríkis og ríkisstofnana, er eigi taka laun samkvæmt launalögum eða öðrum hliðstæðum lagaákvæðum, lækkuð um 15%. Lækkun þessi nái þó aðeins til þess hluta samanlagðra árslauna hvers starfsmanns, sem er fram yfir kr. 4500.00.

3. Að með lögum eða á annan hátt verði takmarkaður réttur þeirra starfsmanna, er laun taka af opinberu fé, til að hafa með höndum fleiri störf og taka fyrir margföld laun.
4. Að á starfsmannaskrá ríkis og ríkisstofnana séu þeir starfsmenn, sem hafa aukastörf með höndum, er þeir taka fyrir laun af opinberu fé, sérstaklega nafngreindir og getið launa þeirra fyrir hvert einstakt starf, aukastörf sem aðalstarf. Þetta skal þó því aðeins gert, að starfsmaðurinn hafi samtals yfir kr. 1000.00 á ári fyrir aukastörf.
5. Að hverju fjárlagafrumvarpi fylgi skrá yfir þá starfsmenn ríkis og ríkisstofnana, er ferðast utanlands eða innan fyrir ríkisfé, ásamt yfirliti yfir ferðakostnað og dagpeninga hvers um sig.

Greinargerð.

1. Þá borin eru saman laun þeirra starfsmanna, er laun taka samkvæmt launalögum eða öðrum hliðstæðum lagaákvæðum, og laun annara starfsmanna ríkis og ríkisstofnana, verður ljóst hið mikla ósamræmi og misrétti, er ríkir um kaupgreiðslur til þessara manna. Hinir fyrrnefndu eru þar mjög afskiptir, þrátt fyrir nokkra dýrtíðaruppbót af launum undir kr. 4500.00. Ber hin mesta nauðsyn til að samræma og jafna laun starfsmanna ríkis og ríkisstofnana. Verður að vænta þess, að þing og stjórn sjái nauðsyn þessa, svo brýn sem þörfin er.

2. Meðan hinsvegar þessu eigi verður komið í framkvæmd, þykir rétt að færa nokkuð til jöfnunar laun starfsmanna ríkis og ríkisstofnana með því að lækka nokkuð laun hinna hæstlaunuðu, er laun taka utan launalaga. Nær þessi lækkun aðeins til þess hluta launanna, er fram yfir er kr. 4500.00.

Hliðstæð launalækkun hefir þegar verið framkvæmd hjá þeim starfsmönnum ríkisins, er laun taka samkvæmt launalögum.

Rétt þykir að miða lækkunina við samanlögð laun starfsmannsins, því ella myndu þeir betur settir, er hefðu fleiri störf og tækju fyrir margföld laun, en sízt ber að því að vinna. Þrátt fyrir þessa lækkun verða menn þessir betur settir en þeir, er laun taka samkvæmt launalögum.

Kunnugt er það ósamræmi, er ríkir um allar launagreiðslur. Minna má á það, að prófessorar við Háskóla Íslands hafa hæst kr. 6000.00 í árslaun. Til samanburðar launum þessara manna, er hafa mjög vandasömum og ábyrgðarmiklum störfum að gegna, auk þess sem þeir hafa þurft að leggja á sig langt og kostnaðarsamt nám, skulu nefnd laun eftirtalinna starfsmanna:

Laun póst- og símamálastjóra	kr.	11600.00
— forstjóra tóbakseinkasölu	—	10000.00
— — áfengisverzlunar	—	9000.00
— — ríkisprentsmiðju	—	9000.00
— — raftækjaeinkasölu	—	9000.00
— — skipaútgerðar ríkisins	—	9000.00
— — landssmiðjunnar	—	8400.00

Sýnist eigi ósanngjarnt að lækka nokkuð laun þessara manna og margra annara til nokkurs samræmis við aðra starfsmenn ríkisins

3. Því miður hefir það oft fyrir komið, bæði fyrr og síðar, að fleiri störfum er hlaðið á einstaka menn og þeir þegið fyrir margföld laun. Veldur þetta óánægju með þjóðinni, enda miklar líkur til þess, að þegar menn hafa með höndum fleiri sundurleit störf, verði þau eigi rækt sem skyldi. Svo mikið mannval mun með þjóð vorri,

að vart er verjandi að hlaða margföldum störfum og margföldum launum á einstaka menn.

4. Þessi liður tillögunnar miðar að því að tryggja þjóðinni fulla vissu um það, hvað einstakir starfsmenn ríkis og ríkisstofnana fá að launum af opinberu fé. Enda þótt eigi þyki ástæða til að nafngreina þá starfsmenn, er aðeins hafa með höndum eitt starf, þykir sérstök ástæða til að nafngreina þá, hafi þeir eitt eða fleiri aukastörf með höndum, er þeir taka fyrir laun af opinberu fé.

Slík birting starfsmannaskrár mætti vel verða til þess að taka að nokkru eða öllu fyrir það, að einstakir starfsmenn hafi fleiri störf með höndum og taki fyrir margföld laun. En að því ber að stefna.

5. Rétt þykir, að almenningur eigi þess nokkurn kost að kynnast því, hvað einstakir starfsmenn ríkis og ríkisstofnana fá greitt í ferðakostnað og dagpeninga, þá þeir ferðast fyrir ríkisfé, hvort heldur er utan lands eða innan. Hafa oft farið og fara ýmsar sagnir manna á milli um ferðakostnað og dagpeninga þessara manna. Eru reikningar þeirra oft taldir miður réttir og sanngjarnir, og því er bezt hverjum starfsmanni, að eigi sé verið að fela reikningana, heldur sé birt yfirlit yfir þá, svo þjóðin geti gengið úr skugga um réttmæti þeirra.

Gert er ráð fyrir, að tillaga þessi hafi allverulegan sparnað í för með sér fyrir ríkissjóð.

Sþ. 165. Tillaga til þingsályktunar

um vantraust á ríkisstjórnina.

Flm.: Ólafur Thors.

Alþingi ályktar að lýsa vantrausti á núverandi ríkisstjórn.

Ed. 166. Nefndarálit

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 46 13. júní 1937, um samvinnufélög.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin mælir með því, að frv. verði samþykkt. Einn nefndarmanna (SÁÓ) ritar þó undir nál. með fyrirvara.

Alþingi, 1. apríl 1938.

Sigurjón Á. Ólafsson, form., með fyrirv.	Páll Hermannsson, frsm.	Ingvar Pálmason, fundaskr.
Árni Jónsson.	Magnús Jónsson.	

Ed. 167. Nefndarálit

um frv. til laga um heimild fyrir ríkisstjórnina til að innheimta ýms gjöld 1939 með viðauka.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin hefir borið frv. saman við gildandi lagaákvæði. Lítur hún svo á, að ekki verði komizt hjá framlengingum þeim, er frv. fer fram á, og mælir því með, að það verði samþ.

Alþingi, 1. apríl 1938.

Bernh. Stefánsson, form., frsm.	Erl. Þorsteinsson, fundaskr.	Magnús Jónsson, með fyrirv.

Ed. 168. Nefndarálit

um frumv. til l. um breyt. á l. nr. 28 13. jan. 1938 [Lax- og silungsveiði].

Frá minni hl. landbúnaðarnefndar.

Á síðasta Alþingi var með þeim lögum, sem hér er lagt til að breyta, gerð breyting á lax- og silungsveiðalöggjöfinni frá 1932. Fólu þessar breytingar í sér þrennt:

1. Að framlengja þann tíma um 5 ár, er jarðareigendur gætu keypt til sín veiðirétt, er undan jörðunum hefir gengið á einn eða annan veg, og fólst þessi breyting í 1. gr.
2. Að fela ráðherra að setja reglur um það, hvaða veiðiaðferðir mætti nota í hverri á, og takmarka veiðina að öðru leyti, svo ekki væri hætta á, að fiskistofninn gengi úr sér (í 2. gr.).
3. Að farið skyldi með mál, er rísa kynnu vegna brota á lögunum, sem almenn lögreglumál (í 3. gr.).

Ég var í fyrra móti 1. gr., og er svo enn. Tel ég í **fyrsta lagi** vafasamt, hvort rétt er lagalega og siðferðilega að láta einstaka menn nú geta keypt til sín og undir jarðir sínar veiðirétt, sem gefinn er með gjafabréfum eða erfðaskrá, undan jörðunum; í **öðru lagi** sýnir reynslan að sumar af þeim ám, er komizt hafa óskiptar í hendur einstaklinga, hafa verið bezt með farnar af öllum veiðiám landsins, og ég tel síður en svo trygging fyrir betri notkun veiðinnar, með tilliti til nútíðar og framtíðar, þó eignarétturinn komist í hendur bændanna, er jarðirnar eiga, og í **þriðja lagi** hafa allflestir, sem búa á jörðum, sem veiði hefir nýlega verið seld frá, þegar keypt veiðiréttinn til sín aftur, og því er þetta ákvæði laganna óþarft, nema til að ná til veiðiréttinda, sem vafasamt er, hvort rétt er að seilast til hvað þetta snertir.

Önnur gr. frv. frá í fyrra, sem nú er lagt til að fella niður, felur í sér stefnu, sem ég tel rétta og er í fullu samræmi við þingsályktunartillögu þá, er efri deild samþykkti og flutt var á þskj. 321 ásamt greinargerð.

Ég legg því til, að frumvarpið verði samþykkt með svofelldri

BREYTINGU:

Við 1. gr. Í stað „2. gr.“ komi: 1. gr.

Alþingi, 1. apríl 1938.

Páll Zóphóníasson,
form.

Nd. 169. Frumvarp til laga

um laun hreppstjóra og aukatekjur m. fl.

Flm.: Thor Thors, Vilmundur Jónsson, Gísli Sveinsson, Jörundur Brynjólfsson, Stefán Stefánsson, Steingrímur Steinþórsson.

1. gr.

Hreppstjórar hafa laun í hlutfalli við íbúatölu umdæmis síns sem hér segir:

Í hreppi með 100 íbúa eða færri eru launin 100 krónur. Í hreppi með 101—150 íbúa eru launin 120 krónur. Í hreppi með 151—200 íbúa eru launin 140 krónur og svo framvegis þannig, að launin hækka um 20 krónur fyrir hverja 50 íbúa. Leggi hreppstjóri niður sýslan eða deyi fyrir lok fardagaárs, ber honum eða búi hans ½ árslauna

fyrir hvern mánuð eða mánaðarhluta, sem hann hefir gegnt hreppstjórn á fardagaárinu. Árslaun greiðir sýslumaður hreppstjóra á manntalsþingi fyrir liðið fardagaár.

2. gr.

Þegar hreppstjóri í umboði sýslumanns framkvæmir lögtak eða aðrar fógetagerðir, ber honum fyrir hverja gerð lögmælt gjald samkvæmt gildandi lögum um aukatekjur ríkissjóðs, allt það er gjaldið fer ekki fram úr 10 krónum. Sé gjaldið hærra samkvæmt aukatekjulögunum, fellur það, sem umfram er, til ríkissjóðs.

3. gr.

Haldi hreppstjóri í umboði sýslumanns uppboð, falla uppboðslaunin til hans óskipt, séu þau ekki hærri en 20 krónur; en það, sem þar er fram yfir, fellur til ríkissjóðs.

4. gr.

Þegar hreppstjóri fyrir hönd sýslumanns stendur fyrir uppskrift eigna eða virðingargerð, fær hann fyrir það verk sitt greitt eftir fjárhæð gerðarinnar:

Allt að kr.	200	.....					2	krónur
Yfir	—	200	allt að kr.	500	.....		3	—
—	—	500	— — —	1000	.....		4	—
—	—	1000	— — —	2000	.....		5	—
—	—	2000	.....				6	—

5. gr.

Fyrir birtingu á fyrirkalli, stefnu, dómi, uppsögn eða málskröfu skal greiða hverjum stefnuvotti 2 krónur fyrir hvern þann er birt er.

6. gr.

Fyrir úttekt á jörðu greiðist hverjum úttektarmanni 7 krónur, svo og fyrir landskipti. Fyrir skoðunargerð eða matsgerð á fasteign eða lausafé, sem gerð er eftir beiðni eiganda, skal greiða hverjum skoðunar- eða virðingarmanni eftir fjárhæð matsgerðarinnar:

Allt að kr.	500	.....					2	krónur
Yfir	—	500	allt að kr.	1000	.....		3	—
—	—	1000	— — —	2000	.....		4	—
—	—	2000	— — —	4000	.....		5	—
—	—	4000	.....				6	—

Fyrir skoðunar- eða matsgerðir, sem framkvæmdar eru eftir ráðstöfunum hins opinbera án beiðni eiganda, skal greiða hverjum virðingarmanni 7 krónur á dag.

7. gr.

Kostnaður við ferðir til starfa þeirra, sem um getur í 2.—6. gr., skal greiddur auk framangreindra gjalda og telst þannig: Fyrir 10 kílómetra vegalengd á landi eða 5 kílómetra á sjó eða minna skal greiða í ferðakostnað 1 krónu. Sé ferðin lengri, greiðist hlutfallslega sama þóknun fyrir þá vegalengd, sem umfram er. Þóknunin telst eftir samanlagðri vegalengd fram og aftur, allt að 7 krónur fyrir sólarhring. Standi ferð lengur en sólarhring frá heimili, skal greiða 50 aura í ferðakostnað fyrir hverja klukkustund. Sé gjaldtaki búsettur í kauptúni eða þorpi, greiðist ferðakostnaður því aðeins, að hann þurfi að fara út úr þorpinu.

8. gr.

Gjald til votta við réttarhöld eða notarialgerðir er 75 aurar til hvers votts fyrir klukkustund, eða hluta úr klukkustund, sem réttarhaldið stendur yfir. Í einkamálum

greiðist gjald þetta til dómarans í réttinum. Fyrir hvert réttarhald seinna í málinu skal sá greiða gjaldið, er málinu fær frestað.

9. gr.

Gjöld þau, er um getur í lögum þessum, greiðist einnig í opinberum málum og gjafsóknarmálum.

Í einkamálum er gerðarbeiðandinn skyldur til að greiða gjaldið, áður en gerðin fer fram. Verði gjaldið eigi greitt fyrirfram, hefir sá lögtaksrétt á því, er gjaldið á að taka. — Í opinberum málum og gjafsóknarmálum greiðast gjöld þessi fyrirfram úr ríkissjóði, gegn endurgjaldi frá þeim, sem dæmdur verður í málskostnað að lyktum.

10. gr.

Fyrir eftirrit þau, er ræðir um í 3. gr. laga nr. 2 2. febr. 1894, svo og fyrir önnur eftirrit, sem einstakir menn biðja um úr embættisbókum eða skjalasöfnum embætta, skal greiða kr. 1.50 fyrir hverja örk, en hálfa örk eða minna 1 krónu.

Ákvæði greinar þessarar ná eigi til afrita þeirra, er ræðir um í 2. málsgrein 6. gr. reglugerðar 13. jan. 1916 um Þjóðskjalasafnið í Reykjavík.

11. gr.

Þegar vöruflutningaskip eða önnur skip, sem afgreiðslugjald eiga að greiða til ríkissjóðs, hafna sig á stöðum, þar sem lögreglustjóri er ekki búsettur, skulu þau, auk gjalds þess, sem ríkissjóði ber, greiða þeim, sem ritar á skipsskjölin í umboði lögreglustjóra, 5 aura af smálest hverri, nema skipstjóri kjósi heldur að senda skipsskjölin tafarlaust til lögreglustjóra sjálfs og fá áritun hans á þau.

12. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 64 14. nóv. 1917, um laun hreppstjóra og aukatekjur m. m., og lög nr. 14 18. maí 1920, um breyting á lögum um laun hreppstjóra og aukatekjur m. m.

Greinargerð.

Um ástæður fyrir frumvarpi þessu vísast til álits milliþingan. í launamálum. Launamálanefnd þingsins 1935 mælti með því, að það yrði samþ., en þá var málið flutt, en ekki útrætt.

Enn var málið flutt 1936, og fór á sömu leið. Þykir rétt að gera nú nýja tilraun til þess að koma þessum lagabreytingum fram, og mætti gera ráð fyrir, að meiri hluti hv. Alþingis væri þeim fylgjandi.

Nánar í framsögu.

Nd. 170. Frumvarp til laga

um fasteignasölu.

(Eftir 3. umr. í Ed.).

1. gr.

Engum er heimilt að annast um kaup og sölu fasteigna fyrir aðra, eða kalla sig fasteignasala, nema hann hafi fengið til þess leyfi samkvæmt lögum þessum.

2. gr.

Hver maður, karl eða kona, getur fengið leyfi til þess að annast sölu fasteigna, ef hann:

1. Hefir íslenzkan ríkisborgararétt.
2. Er heimilisfastur á Íslandi.

3. Er fjárráður.
4. Hefir forræði á búi sínu.
5. Hefir ekki verið dæmdur fyrir verknað, sem svívirðilegur er að almenningsáliti.
6. Sannar, að hann hafi staðizt próf samkvæmt ákvæðum, er atvinnumálaráðuneytið setur með reglugerð. Lögfræðingar eru þó undanþegnir slíku prófi.

3. gr.

Þeir, sem fengið hafa leyfi til fasteignasölu samkvæmt 2. gr., skulu hafa opna skrifstofu á þeim stað, er leyfið er veitt. Tilkynna skal flutning úr lögsagnarumdæminu til þess lögreglustjóra, er veitt hefir leyfið.

4. gr.

Í hvert skipti, sem fasteignasali tekur fasteign í umboðssölu, eða aðstoðar að öðru leyti við kaup og sölu fasteignar, skal hann til upplýsingar aðiljum gera nákvæmt yfirlit yfir tekjur og gjöld fasteignarinnar, veðskuldir, er á henni hvíla, o. s. frv. Skal yfirlit þetta vera sem nákvæmast, þannig, að það ásamt skoðun á eigninni sé tryggur grundvöllur fyrir mati á verðmæti eignarinnar.

5. gr.

Fasteignasala er sjálfum óheimilt að ganga inn í samning um kaup á fasteign, sem honum hefir verið falin í umboðssölu, nema hann hafi lýst því yfir áður en hann tók eignina til sölu, að hann sé persónulegur kaupandi hennar.

Ennfremur skal fasteignasali tilkynna aðiljum, hafi hann nokkurra annara hagsmuna að gæta en að því er snertir sjálf sölulaunin.

6. gr.

Fasteignasala er óheimilt að taka hærri þóknun en sanngjarnt má teljast með tilliti til þeirrar vinnu, sem í té er látin.

Fyrir aðstoð við kaup og sölu má þóknun frá kaupanda og seljanda samanlagt ekki fara fram úr 2% af kaupverði eignarinnar. Fasteignasala er þó heimilt að áskilja sér minnst 150 krónur fyrir aðstoð við sölu fasteignar. Ennfremur getur fasteignasali áskilið sér aukalega greiðslu fyrir útlagðan auglýsingarkostnað, enda hafi eignin verið auglýst eftir sérstakri beiðni eiganda.

7. gr.

Fasteignasala er óheimilt að skýra frá því, er honum er trúað fyrir í starfi sínu.

8. gr.

Hverju sinni er fasteignasali gengur frá kaupsamningi, afsali eða skuldabréfi með veði í fasteign, er honum skylt að senda hlutaðeigandi héraðsdómara tilkynningu um löggerninga þessa. Skal í tilkynningu taka fram um nafn kaupanda og seljanda og upphæð kaupverðs eða skuldar, ef um veðbréf er að ræða, svo og útgáfudag bréfanna.

9. gr.

Lögreglustjóri, þar sem aðili ætlar að reka fasteignasölu, lætur leyfisbréf af hendi. Fyrir leyfið greiðast 300 krónur í viðkomandi bæjar- eða sveitarsjóð.

Leyfi til fasteignasölu er bundið við nafn og veitir leyfishafa rétt til þess að kalla sig fasteignasala. Þó er ekkju heimilt að halda áfram fasteignasölu látins manns síns, jafnvel þótt hún fullnægi ekki skilyrðum þessara laga, en hafa skal hún þá forstöðumann, er fullnægi skilyrðum 2. gr.

10. gr.

Fasteignasali fyrirgerir leyfi sínu, ef hann missir einhver þeirra skilyrða, er í 1.—5. tölulið 2. gr. segir.

Geri fasteignasali sig sekan í einhverjum þeim verknaði, að varhugavert megi teljast, að hann haldi áfram starfi sínu sem fasteignasali, þá má, jafnframt refsingu, svipta hann leyfisbréfi í lengri eða skemmri tíma, eða fyrir fullt og allt.

11. gr.

Brot gegn 1. gr. varða sektum frá 300—5000 krónum, sem renna að hálfu í viðkomandi bæjar- eða sveitarsjóð og að hálfu í ríkissjóð.

Sömu refsingu skal sá sæta, er annast sölu fasteignar eftir að hann hefir verið sviptur leyfi sínu, eða misst það á annan hátt.

12. gr.

Verði fasteignasali sekur gegn öðrum ákvæðum þessara laga, skal hann, nema þyngri hegning liggi við að lögum, sæta sektum frá 100—2000 krónum.

13. gr.

Hæstaréttar- og héraðsdómsmálaflutningsmenn, svo og lögfræðingar, sem gegnt hafa í 3 ár embætti eða stöðu, sem lagapróf þarf til, þurfa ekki leyfi til þess að annast fasteignasölu samkvæmt lögum þessum.

14. gr.

Þeim, er stundað hafa fasteignasölu 5 síðustu árin áður en lög þessi öðlast gildi og auglýst opna skrifstofu, er heimilt að halda áfram starfi sínu, uppfylli þeir ákvæði 1.—5. mgr. 2. gr. og sanni auk þess með vottorðum tveggja manna, og sé að minnsta kosti annar þeirra lögfræðingur, að þeir séu færir um að annast fasteignasölu.

15. gr.

Mál út af brotum á lögum þessum skulu sæta meðferð almennra lögreglumála.

16. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1939.

Nd. 171. Nefndarálit

um frv. til l. um breyt. á l. um þingsköp Alþingis, nr. 115 19. nóv. 1936.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefir athugað frv. og er sammála um að leggja til, að það sé samþykkt.

Alþingi, 1. apríl 1938.

Bergur Jónsson, form.	Vilm. Jónsson, fundaskr.	Thor Thors, frsm.
Garðar Þorsteinsson.	Gísli Guðmundsson.	

Nd. 172. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 24 31. maí 1927, um rannsókn banameina og kennslu í meina- og líffærafræði.

Frá allsherjarnefnd.

Orðin „sem ríkið rekur“ í lagagr. falli burt.

Greinargerð.

Frv. þetta er flutt samkv. ósk landlæknis og lætur hann fylgja því eftirfarandi athugasemdir:

Lög þau, sem hér er farið fram á að breyta, heimila sérstakar ráðstafanir til rannsókna á banameinum sjúklinga, sem deyja á sjúkrahúsum, er ríkið rekur. Það hefir höfuðþýðingu fyrir alla þekkingu manna á sjúkdómum, að sem nánustum, áreiðanlegustum og almennustum skýrslum sé safnað um banamein þeirra, sem deyja, en mjög getur farið á milli mála um hinar raunverulegu dánarorsakir, án sérstakra rannsókna þar að lútandi í hverju einstöku tilfelli. Þar sem slíkum rannsóknum yrði nú komið við á fleiri sjúkrahúsum en ríkið rekur, þykir ekki ástæða til að binda heimildina til að gera sérstakar ráðstafanir í þessum efnum við þau sjúkrahús ein, og er það tilefni þess, að þetta frv. er flutt.

Nd. 173. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 45 16. nóv. 1907, um skipun prestakalla.

Flm.: Ásgeir Ásgeirsson, Sveinbjörn Högnason.

1. gr.

Í Vestur-Ísafjarðarprófastsdæmi skulu vera þessi prestaköll:

1. Rafnseyri: Rafnseyrar- og Álftamýrarsóknir.
2. Sandar: Sanda- og Hraunssóknir.
3. Dýrafjarðarþing: Mýra-, Núps- og Sæbólssóknir.
4. Holt í Önundarfirði: Holts- og Kirkjubólssóknir.
5. Staður í Súgandafirði: Staðarsókn í Súgandafirði.

2. gr.

Með lögum þessum er úr gildi numinn XIII. tölul. 1. gr. laga nr. 45 16. nóv. 1907, um skipun prestakalla.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Eina breytingin, sem í frv. þessu felst, er sú, að Dýrafjarðarþing í Vestur-Ísafjarðarprófastsdæmi verði endurreist. Síðan lögin frá 1907 um skipun prestakalla voru sett hefir m. a. orðið sú breyting á í þessu prestakalli, að þar hefir risið upp héraðsskólinn á Núpi, og munu flestir sammála um, að það eitt sé ærin ástæða til að endurreisa prestakallið. Auk þess er það eindregin ósk sóknarbarna og kirkjuráðs, að svo verði gert. Nauðsyn þess er jöfn, hvort sem litið er á málið frá sjónarmiði uppeldis- eða kirkjumála.

Ed. 174. Nefndarálit

um frv. til l. um framlenging á gildi l. nr. 33 7. maí 1928, um skattgreiðslu h/f Eimskipafélags Íslands.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin leggur til, að frumvarpið verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 2. apríl 1938.

Bernh. Stefánsson, form.	Erl. Þorsteinsson, fundaskr.	Magnús Jónsson, frsm.

Nd. 175. Breytingartillaga

við frv. til l. um rafveitur ríkisins.

Frá Pétri Ottesen og Emil Jónssyni.

Við 5. gr. Á eftir 3. málsl. 1. málsgr. kemur nýr málsl., svo hljóðandi:
Vegamálastjóri er fyrst um sinn vatnamálaráðunautur ríkisstjórnarinnar, og skulu mælingar þessar, kostnaðaráætlanir og annar undirbúningur framkvæmdar af honum og fastlaunuðum verkfræðingum vegamálaskrifstofunnar, eftir því sem þeim vinnst tími til frá öðrum störfum.

Nd. 176. Frumvarp til laga

um stéttarfélög og vinnudeilur.

Flm.: Gísli Guðmundsson.

I. KAFLI

Um réttindi stéttarfélaga og afstöðu þeirra til atvinnurekenda.

1. gr.

Rétt eiga menn á að stofna stéttarfélög og stéttarfélagasambönd í þeim tilgangi, að vinna sameiginlega að hagsmunamálum verkalýðsstéttarinnar og launtaka yfirleitt.

2. gr.

Stéttarfélög skulu opin öllum í hlutaðeigandi starfsgrein á félagssvæðinu, eftir nánara ákveðnum reglum í samþykktum félaganna. Félagssvæði má aldrei vera minna en eitt sveitarfélag.

3. gr.

Stéttarfélög ráða málefnum sínum sjálf með þeim takmörkunum, sem sett eru í lögum þessum. Einstakir meðlimir félaganna eru bundnir við löglega gerðar samþykktir og samninga félagsins og stéttarsambands þess, sem það kann að vera í.
Meðlimur stéttarfélags hættir að vera bundinn af samþykktum félags síns og sambands þess, þegar hann samkvæmt reglum félagsins er farinn úr því, en samningar þeir, sem hann hefir orðið bundinn af, á meðan hann var félagsmaður, eru skuldbindandi fyrir hann, meðan hann vinnur þau störf, sem samningurinn er um, þar til þeir fyrst gætu fallið úr gildi samkvæmt uppsögn.

4. gr.

Atvinnurekendum, verkstjórum og öðrum trúnaðarmönnum atvinnurekenda er óheimilt að reyna að hafa áhrif á stjórnmálaskoðanir verkamanna sinna, afstöðu þeirra og afskipti af stéttar- eða stjórnmálafélögum eða vinnudeilum með
a. uppsögn úr vinnu eða hótunum um slíka uppsögn,
b. fjárgreiðslum, loforðum um hagnað eða neitunum á réttmætum greiðslum.

5. gr.

Stéttarfélög eru lögformlegur samningsaðili um kaup og kjör meðlima sinna, enda hafi félagið í samþykktum sínum ákveðið að láta starfsemi sína taka til slíkra málefna.

6. gr.

Allir samningar milli stéttarfélaga og atvinnurekenda um kaup og kjör verkafólks skulu vera skriflegir og samningstími og uppsagnarfrestur tilgreindur. Ella telst samningstími eitt ár og uppsagnarfrestur þrír mánuðir. Sé samningi ekki sagt upp innan uppsagnarfrests, telst hann framlengdur um eitt ár, nema annað sé ákveðið í samningnum sjálfum. Samningsuppsögn skal vera skrifleg.

7. gr.

Samningar einstakra verkamanna við atvinnurekanda eru ógildir að svo miklu leyti, sem þeir fara í bága við samninga stéttarfélags við atvinnurekandann, enda hafi félagið ekki samþykkt þá.

8. gr.

Stéttarfélög bera ábyrgð á samningsrofum þeim, sem félagið sjálft eða löglega skipaðir trúnaðarmenn þess gerast sekir um í trúnaðarstörfum sínum fyrir félagið. Á samningsrofum einstakra meðlima sinna ber félagið því aðeins ábyrgð, að því verði gefin sök á samningsrofinu.

9. gr.

Á hverri vinnustöð, þar sem a. m. k. 5 menn vinna, hefir stjórn stéttarfélags þess, sem á staðnum er í viðkomandi starfsgrein, rétt til að tilnefna 2 menn til trúnaðarmannsstarfa, úr hópi þeirra, sem á staðnum vinna. Skal atvinnurekandi samþykkja annan þeirra sem trúnaðarmann stéttarfélagsins á vinnustöðinni. Trúnaðarmaður skal gæta þess, að gerðir vinnusamningar séu haldnir af atvinnurekanda og trúnaðarmönnum hans og að ekki sé gengið á félagslegan eða borgaralegan rétt verkamanna. Þetta ákvæði nær þó ekki til landbúnaðarverkafólks né áhafna skipa eða báta, sem ekki er skylt að lögskrá á.

Sjálfstæð vinnustöð telst í þessu sambandi sérhvert atvinnufyrirtæki, þar sem hópur manna vinnur undir stjórn sérstaks verkstjóra eða flokksstjóra, svo sem: Verksmiðjur, fiskverkunarstöðvar, skipaafgreiðslur, skip, bifreiðastöðvar o. fl.

Verði ágreiningur á milli stéttarfélaga um, hvert þeirra skuli skipa trúnaðarmann, úrskurðar Alþýðusamband Íslands ágreininginn.

10. gr.

Verkamönnum ber að snúa sér til trúnaðarmanns stéttarfélagsins með umkvartanir sínar yfir atvinnurekanda og trúnaðarmönnum hans.

Strax og trúnaðarmanni hefir borizt umkvörtun verkamanns eða hann telur sig hafa ástæðu til að ætla, að gengið sé á rétt verkamanns eða verkalýðsfélags á vinnustöð hans af hálfu atvinnurekandans eða trúnaðarmanna hans, ber honum að rannsaka málið þegar í stað. Komist hann að þeirri niðurstöðu, að umkvartanir eða grunur hans hafi haft við rök að styðjast, ber honum að snúa sér til atvinnurekandans eða umboðsmanns hans með umkvörtun og kröfu um lagfæringu.

Trúnaðarmönnum stéttarfélags ber að gefa félagi því, sem hefir valið þá, skýrslu um umkvartanir verkamanna strax og við verður komið. Ennfremur skulu þeir gefa félaginu skýrslu um það, sem þeir telja að atvinnurekandi eða trúnaðarmenn hans hafi brotið af sér við verkamenn og félög þeirra.

11. gr.

Atvinnurekendum og umboðsmönnum þeirra er óheimilt að segja trúnaðarmönnum upp vinnu vegna starfa þeirra sem trúnaðarmanna eða láta þá á nokkurn annan hátt gjalda þess, að stéttarfélag hefir falið þeim að gegna trúnaðarmannsstörfum fyrir sig.

12. gr.

Nú vanrækir trúnaðarmaður störf sín samkvæmt lögum þessum að dómi stéttarfélags þess, sem hefir útnefnt hann, og er þá stjórn viðkomandi stéttarfélags

heimilt að svipta hann umboði sínu og tilnefna annan trúnaðarmann í hans stað úr hópi verkamanna á vinnustaðnum samkvæmt reglum 9. greinar.

13. gr.

Heimilt er stéttarfélögum, eða stéttarfélögum og samböndum stéttarfélaga, að gera með sér samning um gagnkvæman stuðning. Er atvinnurekendum og öllum trúnaðarmönnum þeirra óheimilt að láta starfsmenn sína á nokkurn hátt gjalda þess, að þeir hafi gert slíka samninga eða stuðlað að því, að þeir yrðu gerðir.

II. KAFLI
Um verkföll og verkbönn.

14. gr.

Heimilt er stéttarfélögum, félögum atvinnurekenda og einstökum atvinnurekendum að gera verkföll og verkbönn í þeim tilgangi, að vinna að framgangi krafna sinna í vinnudeilum, og til verndar rétti sínum samkvæmt lögum þessum, með þeim skilyrðum og takmörkunum einum, sem sett eru í lögum.

15. gr.

Þegar stéttarfélag eða félag atvinnurekenda ætlar að hefja vinnustöðvun, þá er hún því aðeins heimil, að ákvörðun um hana hafi verið tekin:

a. við almenna leynilega atkvæðagreiðslu, sem staðið hefir a. m. k. í 24 klst., enda hafi félagsstjórnin auglýst nægilega, hvar og hvenær atkvæðagreiðslan um vinnustöðvunina skyldi fara fram,
b. af samninganefnd eða félagsstjórn, sem gefið hefir verið umboð til að taka ákvörðun um vinnustöðvunina með almennri atkvæðagreiðslu, sem farið hefir fram á sama hátt og greint er undir a-lið,
c. af trúnaðarmannaráði, ef lög viðkomandi félags fela því slíkt vald, enda hafi vinnustöðvunin verið samþykkt með a. m. k. ¾ hlutum greiddra atkvæða á lögmætum trúnaðarmannaráðsfundi.

16. gr.

Ákvörðun um vinnustöðvun, sem hefja á í þeim tilgangi að knýja fram breytingu eða ákvörðun um kaup og kjör, ber að tilkynna sáttasemjara og þeim, sem hún beinist aðallega gegn, 7 sólarhringum áður en tilætlunin er að hún hefjist.

17. gr.

Óheimilt er og að hefja vinnustöðvun:

1. Ef ágreiningur er einungis um atriði, sem Félagsdómur á úrskurðarvald um, nema til fullnægingar úrskurðum dómsins.
2. Ef tilgangur vinnustöðvunarinnar er að þvinga stjórnarvöldin til að framkvæma athafnir, sem þeim lögum samkvæmt ekki ber að framkvæma, eða framkvæma ekki athafnir, sem þeim lögum samkvæmt er skylt að framkvæma, enda sé ekki um að ræða athafnir, þar sem stjórnarvöldin eru aðili, sem atvinnurekandi. Gildandi lög um opinbera starfsmenn haldast óbreytt þrátt fyrir þetta ákvæði.
3. Til styrktar félagi, sem hafið hefir ólögmæta vinnustöðvun.

18. gr.

Þegar vinnustöðvun hefir verið löglega hafin, er þeim, sem hún að einhverju leyti beinist gegn, óheimilt að stuðla að því að afstýra henni með aðstoð einstakra meðlima þeirra félaga eða sambanda, sem að vinnustöðvuninni standa.

III. KAFLI
Um sáttatilraunir í vinnudeilum.

19. gr.

Landinu skal skipt í 4 sáttaumdæmi, sem hér greinir:

1. sáttaumdæmi tekur yfir Vestur-Skaftafellssýslu, Vestmannaeyjar, Rangárvallasýslu, Árnessýslu, Gullbringu- og Kjósarsýslu, Hafnarfjörð, Reykjavík, Borgarfjarðarsýslu, Mýrasýslu, Snæfellsnes- og Hnappadalssýslu og Dalasýslu.
2. sáttaumdæmi tekur yfir Barðastrandarsýslu, Ísafjarðarsýslur, Ísafjörð og Strandasýslu.
3. sáttaumdæmi tekur yfir Húnavatnssýslur, Skagafjarðarsýslu, Eyjafjarðarsýslu, Siglufjörð, Akureyri og Þingeyjarsýslur.
4. sáttaumdæmi tekur yfir Múlasýslur, Seyðisfjörð, Neskaupstað og Austur-Skaftafellssýslu.

20. gr.

Atvinnumálaráðherra skipar fjóra sáttasemjara, 1 í hverju sáttaumdæmi. Sáttasemjari 1. sáttaumdæmis er jafnframt ríkissáttasemjari og skal vera búsettur í Reykjavík. Hinir sáttasemjararnir nefnast héraðssáttasemjarar og skulu vera búsettir í sáttaumdæmum sínum og starfa undir umsjón ríkissáttasemjara.

Ráðherra skipar einn varamann fyrir hvern sáttasemjara.

Sáttasemjarar og varasáttasemjarar skulu skipaðir til þriggja ára. Það er borgaraleg skylda að taka að sér sáttasemjarastörf.

21. gr.

Sáttasemjarar og varasáttasemjarar skulu skipaðir samkvæmt tilnefningu Félagsdóms, er tilnefnir 3 menn í hvert skipti, sem skipa skal sáttasemjara. Skal einn skipaður sáttasemjari og annar varasáttasemjari.

Varasáttasemjari tekur við störfum aðalmanns, þegar hann má ekki gegna sáttasemjarastörfum. Nú deyr sáttasemjari eða verður óhæfur til starfans, og skal þá ráðherra skipa mann í hans stað, það sem eftir er af kjörtímabilinu, að fenginni tilnefningu Félagsdóms.

22. gr.

Sé um mjög alvarlega deilu að ræða, getur ráðherra skipað sérstaka sáttanefnd vegna þeirrar deilu, enda liggi fyrir beiðni um það frá öðrumhvorum aðilja. Um starfssvið og vald slíkra sáttanefnda fer samkvæmt ákvæðum um sáttasemjara.

23. gr.

Sáttasemjarar skulu vera íslenzkir ríkisborgarar, fjár síns ráðandi og hafa óflekkað mannorð. Þeir mega ekki hafa þá aðstöðu, að líklegt megi telja, að þeir séu vilhallir í málefnum verkamanna og atvinnurekenda.

24. gr.

Sáttasemjurum ber að fylgjast með horfum og ástandi atvinnulífsins í umdæmum sínum, einkum öllu, sem að vinnukjörum lýtur. Héraðssáttasemjurum ber að gefa ríkissáttasemjara árlega, á þeim tíma, sem ríkissáttasemjari tiltekur, skýrslu um athuganir sínar og störf. Ríkissáttasemjara ber að senda atvinnumálaráðuneytinu árlega skýrslu um störf sáttasemjara.

25. gr.

Verklýðsfélögum, atvinnurekendafélögum og ófélagsbundnum atvinnurekendum er skylt að senda ríkissáttasemjara og héraðssáttasemjara afrit af kauptöxtum og vinnusamningum, jafnskjótt og þeir eru undirritaðir.

Á sama hátt er skylt að senda afrit af uppsögn vinnusamnings, ásamt greinargerð fyrir uppsögninni. Ennfremur skal tilkynna, hverjar kröfur aðili ætlar að gera, strax og þær hafa verið endanlega ákveðnar.

Aðiljum er skylt að gefa sáttasemjara kost á að fylgjast með samningaumleitunum, hvenær sem hann óskar eftir því.

26. gr.

Nú er ríkissáttasemjara kunnugt um vinnudeilu, sem ekki heyrir undir úrskurð Félagsdóms, og líkindi eru til, að deilan verði ekki leyst af aðiljum sjálfum. Er honum þá heimilt að taka að sér stjórn samningaumleitana og kalla aðilja eða umboðsmenn þeirra fyrir sig til sameiginlegs fundar, hvenær sem hann álítur heppilegt. Ríkissáttasemjari getur falið héraðssáttasemjurum að stjórna samningaumleitunum, hverjum í sínu umdæmi.

27. gr.

Strax og slitnar upp úr samningaumleitunum aðilja eða þeir álíta, að vonlaust sé um árangur af frekari samningaumleitunum þeirra eða hálfur uppsagnarfrestur er liðinn, án þess samningar hafi tekizt, ber aðiljum að tilkynna það ríkissáttasemjara og viðkomandi héraðssáttasemjara. Eftir að ríkissáttasemjari hefir fengið slíka tilkynningu, er honum skylt að kveðja aðilja eða umboðsmenn þeirra til fundar strax og hann telur það heppilegt.

Aðiljum er skylt að mæta eða láta mæta þegar sáttasemjari kveður þá til funda.

28. gr.

Sáttafundir skulu haldnir fyrir lokuðum dyrum.

Á sáttafundum skal leggja fram afrit skjala þeirra, sem farið hafa á milli aðiljanna í deilunni, enda hafi þau ekki verið send sáttasemjara áður.

Sáttasemjarar halda gerðabækur og skrá í þær, hvar og hvenær sáttafundir hafi verið haldnir, nafn sáttasemjara og viðstaddra aðilja. Geta skal framlagðra skjala og þess, sem fram fer, í aðalatriðum.

Bannað er að skýra frá eða leiða vitni um, hvað aðiljar hafa lagt til á sáttafundum, nema báðir aðiljar samþykki.

29. gr.

Nú hefir sáttasemjari kvatt til samninga í vinnudeilu og nauðsynlegt þykir vegna úrslita málsins að fá réttan úrskurð um, hversu högum var háttað um atvinnureksturinn, og hefir sáttasemjari þá rétt til að krefja aðilja skýrslu um það. Verði aðiljar eigi við þeirri kröfu, séu skýrslur þeirra eigi fullnægjandi, eða að öðru leyti nauðsynlegt málinu til upplýsingar, skal sáttasemjari krefjast um það vitnaleiðslu hjá dómara. Hefir hann rétt til að vera viðstaddur vitnaleiðslurnar og láta bera upp fyrir vitnunum þær spurningar, sem hann telur líklegar til að skýra málið.

30. gr.

Ef samningaumleitanir sáttasemjara bera ekki árangur til lausnar á deilunni, er honum heimilt að bera fram miðlunartillögu, er lögð verði fyrir félög verkamanna og atvinnurekenda, er í deilunni eiga, eða einstakan atvinnurekanda, sé hann ófélagsbundinn. Áður en sáttasemjari ber fram miðlunartillögu ber honum að ráðgast um það við fulltrúa aðilja.

Sáttasemjari ákveður í samráði við fulltrúa aðiljanna, hvenær og hvernig atkvæðagreiðslan um tillöguna skuli fram fara. Ef ágreiningur snertir aðeins ákveðna deild eða starfsgrein innan félags, er sáttasemjara og félaginu heimilt að láta atkvæðagreiðsluna eingöngu taka til deildarinnar eða starfsgreinarinnar. Ennfremur er sáttasemjara og viðkomandi félögum heimilt að láta atkvæðagreiðslu og talningu atkvæða fara fram í sameiningu hjá tveimur eða fleiri félögum, ef þau eiga saman í deilu. Ætíð skal atkvæðagreiðslan vera skrifleg og leynileg.

Miðlunartillögu má ekki birta án samþykkis sáttasemjara, fyrr en báðir aðiljar hafa sent svör sín.

31. gr.

Miðlunartillaga skal borin undir atkvæði eins og sáttasemjari gekk frá henni, og skal henni svarað játandi eða neitandi. Félög verkamanna og atvinnurekenda skulu, eftir því sem við verður komið, sjá um, að atkvæðisbærir félagsmenn geti kynnt sér miðlunartillöguna í heild.

32. gr.

Strax og atkvæðagreiðslu er lokið skulu atkvæðisseðlar afhentir sáttasemjara, án þess aðiljar eða umboðsmenn þeirra hafi tækifæri til að komast að því, hvernig atkvæðagreiðslan hefir farið. Talning atkvæða fer síðan fram undir stjórn sáttasemjara eða umboðsmanns hans, eftir að allir aðiljar hafa skilað atkvæðum. Aðiljum er heimilt að hafa umboðsmenn viðstadda við talningu atkvæða.

Umboðsmenn aðilja gefa sáttasemjara skýrslu um, hve margir félagsmenn eru atkvæðisbærir.

Miðlunartillaga telst felld, ef minnst 50% af greiddum atkvæðum eru á móti henni, enda hafi minnst 35% atkvæðisbærra manna eða meira greitt atkvæði. Á móti hverjum einum af hundraði, sem tala greiddra atkvæða lækkar niður fyrir 35%, þarf mótatkvæðafjöldinn að hækka um einn af hundraði til að fella tillöguna. Ef ekki hafa a. m. k. 20% atkvæðisbærra manna greitt atkvæði, telst tillagan samþykkt. Þeir, sem vegna fjarveru eða veikinda sannanlega eru útilokaðir frá að neyta atkvæðisréttar síns, teljast ekki atkvæðisbærir í þessu sambandi.

33. gr.

Sáttasemjarar geta borið fram miðlunartillögu eins oft og þeim þurfa þykir.

34. gr.

Sé sáttatilraunum í mikilvægri deilu slitið án árangurs, getur ríkissáttasemjari birt skýrslu um málið á þann hátt, sem hann álítur heppilegast til þess að almenningur fái rétta hugmynd um deiluna.

35. gr.

Ef annarhvor aðili vill samþykkja miðlunartillögu sáttasemjara eftir að sáttaumleitun hefir verið hætt, án árangurs, sendir hann sáttasemjara yfirlýsingu um það. Sáttasemjara ber þegar að láta gagnaðilja vita um yfirlýsinguna. Vilji hann einnig fallast á miðlunartillöguna, sér sáttasemjari um, að aðiljar gangi frá samningum sín á milli.

36. gr.

Nú hafa sáttaumleitanir sáttasemjara hætt án árangurs, og ber honum þá að hefja þær á ný, ef annarhvor aðilji óskar þess, eða hann telur það heppilegt. Þó ber honum ætíð að gera tilraun til sátta með aðiljum innan 2 vikna frá því hann hætti seinustu samningatilraunum sínum.

37. gr.

Kostnað við sáttaumleitanir, þar með talin þóknun til sáttasemjara, greiðist úr ríkissjóði. Atvinnumálaráðherra ákveður laun ríkissáttasemjara og þóknun til héraðssáttasemjara.

IV. KAFLI
Um Félagsdóm.

38. gr.

Í höfuðstað landsins skal setja á stofn dómstól fyrir allt landið. Nefnist hann Félagsdómur. Dómurinn hefir það verksvið, sem tekið er fram í lögum þessum.

39. gr.

Í dóminum eiga sæti 5 menn, sem skipaðir eru til þriggja ára þannig: einn af Vinnuveitendafélagi Íslands, annar af Alþýðusambandi Íslands, þriðji af atvinnumálaráðherra úr hópi þriggja manna, sem hæstiréttur tilnefnir, og tveir af hæstarétti, og sé annar þeirra sérstaklega tilnefndur til þess að vera forseti dómsins. Ef atvinnurekandi, sem er málsaðili, er ekki meðlimur í Vinnuveitendafélagi Íslands, skal dómari sá, sem tilnefndur er af því, víkja sæti, en í staðinn tilnefnir atvinnurekandinn dómara í málinu, og skal hann hafa gert það áður en hálfur stefnufrestur er liðinn, ella tilnefnir forseti dómsins dómarann.

Sömu aðiljar tilnefna varadómendur, er taka sæti í forföllum aðaldómenda.

40. gr.

Atvinnumálaráðherra tilkynnir, hvenær tilnefning dómara skuli fara fram. Ef aðili hefir ekki tilkynnt ráðherra tilnefningu innan tveggja vikna frá því tilkynning um, að tilnefning skuli fram fara, var honum send, tilnefnir ráðherra dómara af hálfu þess aðilja.

41. gr.

Það er borgaraleg skylda að taka sæti í dómnum. Ef aðaldómari og varadómari hans neita að dæma í ákveðnu máli, skal sá, sem hefir tilnefnt þá, tilnefna dómara í þeirra stað, ella gerir dómsforseti það.

42. gr.

Dómarar skulu vera íslenzkir ríkisborgarar, fjár síns ráðandi og hafa óflekkað mannorð. Þeir tveir, sem skipaðir eru af hæstarétti, skulu hafa lokið embættisprófi í lögfræði.

43. gr.

Áður en dómarar taka sæti í dómnum í fyrsta skipti skulu þeir vinna eið að því eða drengskaparheit, að þeir muni rækja dómarastarfið eftir beztu vitund.

44. gr.

Verkefni Félagsdóms er:

1. Að dæma í málum, sem rísa út af kærum um brot á lögum þessum og tjóni, sem orðið hefir vegna ólögmætra vinnustöðvana.
2. Að dæma í málum, sem rísa út af kærum um brot á vinnusamningi eða út af ágreiningi um skilning á vinnusamningi eða gildi hans.
3. Að dæma í öðrum málum milli verkamanna og atvinnurekenda, sem aðiljar hafa samið um að leggja fyrir dóminn, enda séu að minnsta kosti 3 af dómendunum því meðmæltir.

45. gr.

Sambönd verkalýðsfélaga og atvinnurekendafélaga reka fyrir hönd meðlima sinna mál fyrir dómnum. Félög, sem ekki eru meðlimir sambandanna, reka sjálf mál sín og meðlima sinna. Ófélagsbundnir aðiljar reka mál sín sjálfir.

Ef samband eða félag neitar að höfða mál fyrir meðlimi sína, er aðilja heimilt að höfða málið sjálfur. En leggja skal hann fram sönnun um synjun viðkomandi félags eða sambands fyrir formann Félagsdóms, áður en stefna er gefin út.

46. gr.

Málsaðiljar geta gefið íslenzkum ríkisborgurum, sem eru fjár síns ráðandi og hafa óflekkað mannorð, umboð til að reka mál sín fyrir dómnum.

47. gr.

Mál, sem höfða má fyrir Félagsdómi, skulu ekki flutt fyrir almennum dómstólum, nema Félagsdómur hafi neitað að taka það til meðferðar, sbr. 44. gr. 3.

48. gr.

Dómarar þeir, sem tilnefndir eru af hæstarétti, víkja sæti eftir sömu reglum, sem gilda um hæstaréttardómara. Dómurinn úrskurðar, hvort dómari skuli víkja sæti. Dómurinn er ekki starfhæfur, nema hann sé fullskipaður. Dómarar, sem hafa byrjað meðferð mála, skulu ljúka því, þó kjörtímabil þeirra sé á enda.

49. gr.

Formaður dómsins ákveður, hvenær dómþing skuli halda. Hann stýrir þinghöldum, heldur þingbók, dómabók og aðrar bækur eftir nánari fyrirmælum dómsins.

50. gr.

Formaður gefur út stefnur í nafni dómsins. Í stefnu skal taka fram: nöfn aðilja og heimilisfang, ýtarlega frásögn um málavexti og kröfur stefnanda. Ennfremur skal stefnandi, eftir því sem frekast verður unnt, gera grein fyrir, með hvaða hætti hann hyggst að sanna staðhæfingar sínar og kröfur, og leggja fram 5 afrit af sönnunarskjölum, sem fyrir hendi eru. Með stefnu skal fylgja afrit fyrir hvern dómara, og sér formaður um, að öll afrit verði send dómurum þegar í stað.

51. gr.

Formaður ákveður stefnufrest með hliðsjón af því, með hve stuttum fyrirvara stefndur getur mætt á dómþingi.

Stefnandi sér um birtingu. Stefna skal birt af stefnuvottum á venjulegan hátt, með símskeyti eða í ábyrgðarbréfi.

52. gr.

Mál skal flytja munnlega. Þó má flytja mál skriflega:

1. Ef stefndur hvorki mætir né lætur mæta.
2. Ef málsaðiljar eða umboðsmenn þeirra óska og dómurinn álítur, að mál upplýsist betur með þeim hætti.

53. gr.

Stefndi getur komið fram gagnkröfu, án þess höfða þurfi gagnsóknarmál.

54. gr.

Ef mál er ekki nægilega upplýst, ef leiða þarf vitni, ef skoðunar- eða matsgerð þarf fram að fara, ef aðili þarf að gefa skýrslu eða ef stefndi, að áliti dómsins, þarf frest til andsvara, getur dómurinn frestað máli. Við ákvörðun frests skal þess gætt, að mál tefjist ekki að óþörfu.

55. gr.

Heimilt er að stefna vitnum fyrir Félagsdóm. Dómurinn eiðfestir vitni samkvæmt gildandi lögum. Hann getur úrskurðað, að aðili skuli staðfesta skýrslu sína með eiði.

56. gr.

Dómurinn sér um, að mál upplýsist sem bezt. Hann getur kallað fyrir sig vitni og krafið aðilja um skýrslu, ef hann álítur það nauðsynlegt til að upplýsa málið.

57. gr.

Dómurinn getur ákveðið, að aðiljaskýrslu skuli gefa eða vitnaskýrslu taka fyrir héraðsdómi á varnarþingi hlutaðeigandi vitnis eða aðilja.

58. gr.

Um vitnaskyldu, sönnunargildi vitnaskýrslu, vitnaleiðslur, svo og um hegningu fyrir rangan framburð, gilda sömu reglur og í einkamálum í héraði.

59. gr.

Dómarar geta framkvæmt skoðunar- og matsgerðir, allir saman eða nokkrir þeirra, eftir ákvörðun dómsins.

Dómurinn getur ennfremur útnefnt skoðunar- og matsmenn til að framkvæma ákveðna skoðunargerð eða matsgerð, og gilda um það almennar reglur einkamála í héraði.

60. gr.

Dómurinn getur dæmt vitni, skoðunar- og matsmenn og aðra, sem löglega eru kallaðir til að mæta fyrir dómnum, í sektir eftir sömu reglum og almennir dómstólar.

61. gr.

Dómurinn ákveður þóknun til vitna og skoðunar- og matsmanna.

62. gr.

Ef mál heyrir undir sérgreinargerðardóm, að nokkru leyti eða öllu, getur dómurinn vísað málinu frá eða frestað uppkvaðningu dóms, þangað til úrskurður sérgreinargerðardóms liggur fyrir.

Dómurinn getur hvenær sem er leitað álits sérfróðra manna um ákveðið atriði.

63. gr.

Dómurinn sektar aðilja, málflytjendur og aðra fyrir vítaverða framkomu í málflutningi eða fyrir dómi, eftir sömu reglum og almennir dómstólar.

Dómarinn getur vísað mönnum úr þinghaldi fyrir ósæmilega framkomu.

64. gr.

Í dómum ræður afl atkvæða úrslitum, nema öðruvísi sé ákveðið í lögum þessum. Séu atkvæði jöfn, ræður atkvæði formanns úrslitum. Úrskurði um einstök atriði, sem kveða þarf upp fyrir dómtöku máls, skal kveða upp þegar í stað, eða svo fljótt, sem unnt er, eftir að atriðið er tekið til úrskurðar. Sama gildir í vitna- og matsmálum, eftir því sem við á.

Í munnlega fluttum málum skal kveða upp dóm innan sólarhrings eftir dómtöku, en í skriflega fluttum málum innan viku. Ef ekki er hægt að kveða upp dóm eða úrskurð svo fljótt, sem sagt hefir verið, skal nákvæmlega greina orsakir þess.

Málflytjendum skal tilkynnt, hvar og hvenær dómur eða úrskurður verður kveðinn upp og boðið að mæta þar.

65. gr.

Dómurinn getur dæmt aðilja til að greiða skaðabætur, sektir og til að greiða málskostnað eftir venjulegum reglum. Við ákvörðun skaðabóta má taka tillit til saknæmi brotsins.

Dómar og úrskurðir Félagsdóms eru aðfararhæfir. Dómurinn ákveður aðfararfrest.

66. gr.

Allur kostnaður við Félagsdóm, þar með talin þóknun til dómara, greiðist úr ríkissjóði, eftir ákvörðun atvinnumálaráðherra.

Réttargjöld skulu engin vera. Um gjafsókn og gjafvörn gilda almennar reglur.

67. gr.

Úrskurðir og dómar Félagsdóms eru endanlegir og verður ekki áfrýjað. Þó má innan viku frá dómsuppsögn eða úrskurði áfrýja til hæstaréttar:

1. frávísunardómi eða úrskurði um frávísun.
2. dómi til ónýtingar, sökum þess að málið heyri ekki undir Félagsdóm.
3. úrskurð um skyldu til að bera vitni, um eiðvinning og sektir.

68. gr.

Formaður gefur út dómsgerðir Félagsdóms í nafni dómsins og með innsigli hans undir. Ritlaun skal greiða samkvæmt venjulegum reglum.

69. gr.

Um þau atriði viðvíkjandi meðferð mála, sem ekki er kveðið á um í þessum lögum, skal fara eftir hliðsjón af meðferð einkamála í héraði, svo sem við verður komið.

VI. KAFLI
Niðurlagsákvæði.

70. gr.

Brot gegn lögum þessum varða auk skaðabóta sektum frá 50—10000 krónum. Sektirnar renna í ríkissjóð, og má innheimta þær sem fjárkröfur á venjulegan hátt, en um afplánun skal eigi vera að ræða.

71. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 55 frá 27. júní 1925, um sáttatilraunir í vinnudeilum.

Greinargerð.

Frv. þetta er samið af vinnulöggjafarnefnd, er skipuð var með bréfi ráðherra dags. 15. des. 1936. Hér fara á eftir skýringar einstakra greina eins og frá þeim hefir verið gengið af nefndinni. Að öðru leyti vísast til álits vinnulöggjafarnefndar, sem prentað hefir verið og útbýtt meðal þingmanna í byrjun þessa þings, og ber að skoða það sem almenna greinargerð fyrir frv.

Um 1. gr.

Í greininni er tekið fram, að menn hafi rétt til að stofna stéttarfélög, en það orð er notað í lögunum um félög, sem stofnuð eru í þeim tilgangi að gæta hagsmuna þeirra manna, sem hafa lífsviðurværi sitt af því að selja vinnu sína gegn ákveðnu kaupgjaldi.

Um 2. gr.

Í greininni er svo ákveðið, að stéttarfélag njóti því aðeins réttinda og verndar samkvæmt lögunum, að það sé opið öllu fólki, sem býr á félagssvæðinu og vinnur eða hafi heimild samkvæmt kunnáttu sinni til að vinna í þeirri starfsgrein eða iðngrein, sem félagið starfar í.

Ákveðið er, að félagssvæði sé aldrei minna en einn hreppur eða kaupstaður. Aftur á móti eru engin takmörk sett fyrir, hve stórt það megi vera.

Um 3. gr.

Í greininni er tekið fram, að stéttarfélög ráði málefnum sínum sjálf, með þeim takmörkunum einum, sem sett eru í lögunum. Félagsmenn stéttarfélags eru bundnir af löglega gerðum samþykktum og samningum félags síns og stéttarsambands þess, sem það er í. Maður, sem segir sig úr félaginu eða fer úr því á annan hátt, heldur áfram að vera bundinn af samningum þeim, sem í gildi voru þegar hann fór úr félaginu, þangað til þeir fyrst gætu fallið úr gildi við uppsögn, þó hann að öðru leyti sé laus við félagsskyldur sínar og missi félagsréttindi sín.

Um 4. gr.

Greinin er sett til að tryggja skoðanafrelsi verkamanna. Að öðru leyti þarf greinin ekki skýringar við.

Um 5. gr .

Í greininni er stéttarfélögum gefin samningsaðild í kaupgjaldsmálum meðlima sinna.

Um 6. gr.

Það er nauðsynlegt, að ekki geti orðið ágreiningur um, hvernig gildandi kaupgjaldssamningur er orðaður; þess vegna er ákveðið, að hann skuli vera skriflegur.

Um 7. gr.

Það kemur stundum fyrir, að atvinnurekandi semur við einstaka verkamenn í bága við gildandi samning við stéttarfélagið. Notar atvinnurekandinn sér þá oft veika aðstöðu verkamanns. Í greininni er tekið fram, að slíkir samningar séu ógildir.

Um 8. gr.

Stéttarfélag ber ábyrgð á samningsrofum, sem það sjálft eða trúnaðarmenn þess fremja. Hinsvegar ber það ekki ábyrgð á samningsrofum einstakra félagsmanna, nema það eða trúnaðarmenn þess eigi sök á samningsrofinu. Einstakir félagsmenn bera að sjálfsögðu ábyrgð á samningsrofum sínum.

Um 9.—12. gr.

Í nokkrum samningum um kaup og kjör, sem gerðir hafa verið síðustu árin, er samið um, að verklýðsfélögum sé heimilt að hafa trúnaðarmenn á vinnustöðvum. Í greinunum er lögfest, að slíkt sé heimilt á vinnustöð, þar sem minnsta kosti 5 menn vinna. Þetta á þó ekki við um landbúnaðarvinnu né í vinnu við báta, sem ekki er skylt að lögskrá á.

Um 13. gr.

Greinin heimilar stéttarfélögum, eða stéttarfélögum og samböndum þeirra, að gera með sér vináttusamning.

Um 14. gr.

Greinin heimilar að gera vinnustöðvun, verkfall eða verkbann í þeim tilgangi að koma fram kröfum í vinnudeilu og til verndar rétti samkvæmt lögum þessum, nema þar sem lög banna það. En fara verður eftir þeim reglum um framkvæmd vinnustöðvunar, sem lögin setja.

Um 15. gr.

Í greininni eru settar reglur um, hvernig samþykkja skuli vinnustöðvun, og er um 3 aðferðir að ræða: Vinnustöðvun, sem samþykkt er á annan hátt, er ólögleg. Ófélagsbundnir atvinnurekendur, hvort heldur félög eða einstaklingar, ráða því sjálfir, á hvern hátt þeir taka ákvörðun um verkbann á vinnustöðvum sínum.

Um 16. gr.

Það er oft hægra að ná samkomulagi, þegar vitað er, að vinnustöðvun hefst eftir ákveðinn tíma. Auk þess fara oft forgörðum, þegar vinnustöðvun er gerð fyrirvaralaust, verðmæti, sem tjón er fyrir aðilja og þjóðfélagið í heild að eyðileggist og sem bjarga má, ef vitað er, hvenær vinnustöðvun hefst, nokkru áður en hún byrjar. Í greininni er þess vegna sett ákvæði um, að ákvörðun um vinnustöðvun verði að tilkynna sáttasemjara og gagnaðilja 7 sólarhringum áður en hún á að hefjast. Er hér höfð hliðsjón af ákvæðum danskra, norskra og sænskra laga.

Um 17. gr.

Í greininni er talið upp, hvenær óheimilt er að gera vinnustöðvun. Upptalningin er þó ekki tæmandi, því að önnur ákvæði laganna, sem banna eða takmarka vinnustöðvun, eru ekki tekin upp í greinina.

Um 18. gr.

Það er stundum reynt að hnekkja vinnustöðvun með því að fá menn, svo kallaða verkfallsbrjóta, til að vinna. Venjulega hefir þetta ekki áhrif á lausn deilunnar, en fyrir hefir komið, að það hafi í för með sér barsmíð og jafnvel meiðsl. Þess vegna er í greininni bannað að reyna að afstýra vinnustöðvun með aðstoð manna, sem félagsbundnir eru í stéttarfélagi gagnaðilja.

Um 19.—20. gr.

Lagt er til, að sáttasemjurum verði fjölgað um 3 og landinu skipt í 4 sáttaumdæmi. Er ætlazt til, að með þessu móti verði auðveldara fyrir sáttasemjara að fylgjast með vinnudeilum og aðdraganda þeirra, og fyrir deiluaðilja að verða aðstoðar hans aðnjótandi.

Lagt er til, að einn hinna 4 sáttasemjara sé ríkissáttasemjari og yfirmaður hinna, og starfi þeir að verulegu leyti eftir hans fyrirsögn.

Tilhögun hliðstæð þessari er höfð í Noregi og Svíþjóð. Í Danmörku eru 3 sáttasemjarar, en landinu er ekki skipt í sáttaumdæmi, enda ekki þörf á því vegna þess, hve landið er lítið og samgöngur greiðar.

Um 21. gr.

Ákvæði gildandi laga um tilnefningu sáttasemjara eru flókin og vafasöm í framkvæmd. Hér er lagt til, að sáttasemjarar séu skipaðir samkvæmt tilnefningu Félagsdóms, en í honum eiga fulltrúar aðilja sæti.

Í Danmörku eru sáttasemjarar skipaðir eftir tilnefningu hins fasta gerðardóms. Í Noregi og Svíþjóð án tilnefningar.

Um 22. gr.

Í sænsku sáttasemjaralögunum eru ákvæði um, að ef um mjög alvarlega vinnudeilu er að ræða, megi skipa sérstaka sáttanefnd eða nýjan sáttasemjara í málið. Er lagt til, að svipuð ákvæði verði lögtekin hér samkvæmt greininni.

Um 23. gr.

Hér eru tekin upp skilyrði til að geta orðið sáttasemjari, og þurfa þau eigi frekari skýringar.

Um 24. gr.

Hér er ákveðið um skyldu sáttasemjara til að fylgjast með horfum og ástandi atvinnulífsins og gefa skýrslu um störf sín.

Um 25. gr.

Þessi grein kveður á um skyldu aðilja til að láta sáttasemjara í té afrit vinnusamninga. Þá eru aðiljar og skyldaðir til að senda sáttasemjara afrit af uppsögn

vinnusamnings og tilgreina ástæður sínar og kröfur. Vinnusamningur í þessu frv. er það, sem á ensku nefnist collective agreement eða á sænsku kollektivavtal.

Um 26. gr.

Ákvæði þessarar greinar veita ríkissáttasemjara vald til að taka að sér stjórn samningaumleitana, hvenær sem hann álítur það heppilegt. Samskonar ákvæði eru í norsku og sænsku lögunum og sömuleiðis í núgildandi íslenzkum lögum.

Um 27. gr.

Þessi grein er um skyldu sáttasemjara til að hefja samningaumleitanir.

Um 28. gr.

Í þessari grein eru ákvæði um gerðabók sáttasemjara og sáttafundi.

Um 29. gr.

Greinin er tekin nærri orðrétt upp úr núgildandi lögum.

Um 30. gr.

Þessi grein er um heimild sáttasemjara til að bera sjálfur fram miðlunartillögu, ef samkomulag hefir ekki náðst, og um það, hvenær atkvæðagreiðsla skuli fram fara. Bannað er að birta tillöguna án samþykkis sáttasemjara, fyrr en aðiljar hafa svarað henni. Svipuð ákvæði eru í norsku og dönsku lögunum og í núgildandi íslenzkum lögum. Sænsku lögin gera ekki ráð fyrir samskonar miðlunartillögu.

Um 31. gr.

Í þessari grein er fram tekið, hversu atkvæðagreiðsla um miðlunartillögu skuli fara fram, og verkamanna- og atvinnurekendafélögum gert skylt að sjá svo um, að félagsmenn geti kynnt sér efni tillögunnar.

Um 32. gr

Í greininni er ákvæði um talningu atkvæða um miðlunartillögu sáttasemjara ásamt ákvæði um, hversu mikill hluti félagsmanna þurfi að greiða atkvæði og hve mikill hluti greiða atkvæði gegn miðlunartillögunni til þess að hún teljist felld. Ákvæði þetta er sett til að tryggja það, að lítill minni hluti félagsmanna geti ekki fellt miðlunartillöguna og þannig orðið orsök vinnustöðvunar, sem meiri hluti félagsmanna er mótfallinn eða kærir sig ekki um. Reglan um útreikning er sniðin eftir 7. gr. dönsku sáttasemjaralaganna frá 18. jan. 1934 með nokkrum breytingum.

Um 33. gr.

Þarfnast ekki skýringar.

Um 34. gr.

Þegar svo stendur á, að ekki hefir tekizt að fá lausn þýðingarmikillar vinnudeilu, verður það að teljast mikilsvert, að almenningur eigi þess kost að fá sem nákvæmastar og óhlutdrægastar upplýsingar um deiluatriðin og gang málsins í höfuðatriðum. Englendingar leggja mikið upp úr áhrifum almenningsálitsins á sáttavilja deiluaðilja, og Norðmenn og fleiri hafa tekið ensku löggjöfina til fyrirmyndar eigi ólíkt því, sem hér er gert.

Um 35.—36. gr.

Í þessum greinum er kveðið á um það, hversu með skuli fara, ef aðiljar vilja ganga að tillögu sáttasemjara, sem áður hefir verið felld, og hvernig sáttatilraunir skulu upp teknar að nýju. Samskonar ákvæði er í norsku lögunum.

Um 37. gr.

Þarfnast ekki skýringar.

Um 38. gr.

Hér er lagt til, að dómstóll sá, sem fjallar um vinnudeilur samkvæmt frumvarpi þessu, skuli heita Félagsdómur. Nafnið miðast við það, að dómendurnir eru ekki í heild skipaðir eftir ákvörðun hins opinbera, heldur er dómstóllinn raunverulega skipaður í félagi af hæstarétti, ríkisstjórn, landssamböndum verkamanna og atvinnurekenda og málsaðiljunum í einstökum deilumálum. Í Danmörku heitir dómstóllinn „Den faste Voldgiftsret", í Noregi „Arbeidsretten" og í Svíþjóð „Arbetsdomstol". Hér á landi hefir stundum verið notuð þýðingin „vinnudómur", en í meðvitund margra manna mun það orð hafa fengið nokkuð aðra merkingu, þ. e. dómstóll, sem ákveður kaup og kjör verkamanna. Það orð gæti því valdið misskilningi, og þykir eigi rétt að taka það í lög sem þessi.

Um 39.—43. gr.

Lagt er til, að í dómnum eigi sæti 5 dómarar, 2 tilnefndir af hæstarétti, 1 af Alþýðusambandi Íslands, 1 af Vinnuveitendafélagi Íslands og sá 5. af atvinnumálaráðherra eftir tillögum hæstaréttar. Sökum þess, að atvinnurekendur, sem hafa marga í vinnu, eins og atvinnufyrirtæki ríkisins og samvinnufélögin, eru ekki meðlimir í vinnuveitendafélagi Íslands, er sá dómari, sem það skipar í dóminn, látinn víkja, ef atvinnurekandi, sem í máli á, er ekki meðlimur þess, og málsaðili tilnefnir dómara í staðinn.

Í Danmörku eru dómararnir 7, 3 tilnefndir af verkamönnum, 3 af atvinnurekendum og formaður kosinn af hinum 6 eða tilnefndur í sameiningu af formönnum nokkurra æðstu dómstóla landsins.

Í norska vinnudómnum eru 7 dómarar, formaður og 2 meðdómarar skipaðir af ríkisstjórninni, og 2 meðdómarar tilnefndir af hvorum aðilja. Í Svíþjóð er dómurinn skipaður í aðalatriðum á sama hátt og í Noregi.

Um 44. gr.

Í þessari grein eru ákvæði um verkefni Félagsdóms, en um þau gilda mjög svipuð ákvæði og í dönskum, norskum og sænskum lögum. Hefir þessum verkefnum verið nánar lýst í hinni almennu greinargerð frumvarpsins, og vísast til þess.

Um 45. gr.

Það þykir rétt, að sú regla verði ráðandi, að samtök verkamanna og atvinnurekenda reki mál fyrir dómnum í umboði meðlima sinna. Með því móti má gera ráð fyrir, að mál verði færri en ella og málfærsla betri. Þó þykir eigi rétt, að slík samtök geti hindrað meðlimi sína í því að reka réttar síns. Ákvæði, sem að þessu lúta, eru í dönskum, norskum og sænskum lögum.

Um 46. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 47. gr.

Þar er tekin upp sú almenna regla á Norðurlöndum, að mál, sem höfða má fyrir Félagsdómi, megi ekki reka fyrir almennum dómstólum.

Um 48. gr.

Hér er ákveðið, eftir hvaða reglum dómari víki sæti.

Um 49. gr.

Greinin mælir fyrir um, að formaður dómsins ákveði dómþing og stýri þinghöldum, og tekur fram, hverjar bækur skuli halda.

Um 50.—51. gr

Í þessum greinum eru ákvæði um útgáfu, efni og birtingu stefnu.

Um 52. gr.

Hér er tekin upp sama regla, sem nú gildir um meðferð einkamála í héraði, að málflutningur sé aðallega munnlegur.

Um 53. gr.

Ákvæði greinarinnar miðar að því að flýta málsmeðferð.

Um 54. gr.

Í þessari grein eru ákvæði um frestun máls til að afla frekari upplýsinga.

Um 55.—61. gr.

Í þessum greinum eru ákvæði um vitnaleiðslu, vitnaskyldu, sönnunargildi vitnaskýrslu, eiðvinning og skoðunar- og matsgerðir.

Um 62. gr.

Greinin fjallar um mál, sem heyra undir sérgreinargerðardóma og þar sem leita þarf álits sérfróðra manna.

Um 63. gr.

Greinin er um vítaverða framkomu fyrir rétti eða í málflutningi.

Um 64. gr.

Þessi grein er um atkvæðagreiðslu í Félagsdómi og uppkvaðning dóma og úrskurða.

Um 65. gr.

Þessi grein er um vald Félagsdóms til að dæma í skaðabætur, sektir og málskostnað og að dómar og úrskurðir hans séu aðfararhæfir. Er hér sérstaklega höfð hliðsjón af sænskum lögum. Í dönskum lögum eru notaðar svokallaðar sektabætur, sem renna til þess kæranda eða þess aðilja, sem málið vinnur.

Um 66. gr.

Greinin fjallar um kostnað við dóminn og réttargjöld.

Um 67. gr.

Í henni eru ákvæði um áfrýjun.

Um 68. gr.

Í henni eru ákvæði um útgáfu dómsgerða.

Um 69. gr.

Greinin ákveður, að um þau atriði viðvíkjandi meðferð mála, sem ekki er kveðið á um í lögunum, sé farið eftir reglum um meðferð einkamála í héraði.

Um 70.—71. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Ed. 177. Nefndarálit

um frv. til laga um veiting ríkisborgararéttar.

Frá allsherjarnefnd.

Eftir að frumvarpinu var vísað til nefndarinnar, bárust frá dómsmálaráðuneytinu sex umsóknir um veiting ríkisborgararéttar. Höfðu sumar þeirra legið fyrir allshn. Nd., en verið vísað frá sökum vantandi hegningarvottorða frá erlendum yfirvöldum. Úr þessu hefir nú verið bætt, og liggja nú fyrir slík vottorð með öllum þessum umsóknum nema umsókn Fr. K. J. Weisshappel.

Með bréfi til dómsmálaráðuneytisins hefir umsækjandi skýrt svo frá, að strax eftir að honum varð vitanlegt, að slíkt vottorð þyrfti að liggja fyrir, hefði hann þann 11. f. m. símað föður sínum, prófessor Weisshappel í Vínarborg, og beðið hann að útvega hegningarvottorð, en hafi ekkert svar fengið. Telur hann það muni stafa af breytingum þeim, sem urðu á öllum opinberum skrifstofum í Austurríki 12.—13. f. m., að ekkert svar hefir fengizt enn. Með því að umsækjandi þessi kemur hingað aðeins 20 ára gamall, hefir dvalið hér óslitið í 10 ár, er giftur íslenzkri konu, og sérstaklega með tilliti til hinna mörgu vottorða frá húsbændum hans og samstarfsmönnum, sem fylgja umsókninni, um prýðilega hegðun og framkomu allan þann tíma, sem hann hefir dvalið hér á landi, vill nefndin mæla með, að honum verði veittur ríkisborgararéttur, þó hið umrædda vottorð fylgi ekki. Hinum öðrum umsóknum, sem fyrir nefndinni liggja, mælir hún einnig með, þar sem öll skilríki virðast í fullu lagi. Nefndin leggur því til að frv. verði samþ. með þessari

BREYTINGU:

Í frvgr. skal bæta þessum nöfnum:

1. Bertelsen, Andreas Jess, kaupmaður í Reykjavík, fæddur í Noregi.
2. Jensen-Brand, Helgi Carl, verkamaður í Reykjavík, fæddur í Canada.
3. Johansen, Kári Sölmundarson, verzlunarmaður á Akureyri, fæddur í Noregi.
4. Molvik, Jakob Andreassen, verkamaður á Akureyri, fæddur í Noregi.
5. Rasmussen, Gunnar Hans, námsmaður í Reykjavík, fæddur í Danmörku.
6. Weisshappel, Friedrich Karl Johanna, pianóleikari í Reykjavík, fæddur í Austurríki.

Alþingi, 2. apríl 1938.

Sigurjón Á. Ólafsson, form. Ingvar Pálmason, fundaskr., frsm. Árni Jónsson.
Páll Hermannsson. Magnús Jónsson.

Ed. 178. Nefndarálit

við frv. til bifreiðalaga.

Frá allsherjarnefnd.

Allsherjarnefnd hefir haft mál þetta til athugunar um alllangan tíma. Hefir nefndin leitað álits og tillagna hjá ýmsum þeim, er helzt mátti ætla, að gætu gefið holl ráð og bendingar, er til bóta yrðu, svo sem hjá vegamálastjóra, lögreglustjóranum í Reykjavík, bifreiðaeftirlitsmönnum, félagi bifreiðarstjóra og umferðaráði hér í bænum.

Allir þessir aðiljar hafa gefið nefndinni margvíslegar upplýsingar og tillögur til breytinga á frv., og eru margar af þeim till. teknar til greina í brtt. þeim, er allsherjarnefnd ber fram á sérstöku þingskjali.

Allsherjarnefnd hefir haldið marga fundi um mál þetta, og auk þess falið undirnefnd sérstaka athugun þess. Því meir sem nefndin hefir kynnt sér málið og rætt um það, því ljósara hefir það orðið, hversu vandasamt það er að setja sanngjörn og fullkomin bifreiðalög. Hér þarf margs að gæta: Hverjar kröfur skuli gera um gerð og frágang bifreiða, um eftirlit með þeim og flutning milli lögsagnarumdæma, um bifreiðarstjóra og akstur á vegum úti, um vátrygging og skaðabótaskyldu, refsingar o. fl. Svo margvíslegt, vandasamt og viðkvæmt efni er hér til meðferðar, að víðtæka þekkingu og mikla vinnu þarf að leggja fram til þess að slík lagasmíð fari vel úr hendi. Þótt bifreiðar séu nú langalgengustu samgöngutæki okkar Íslendinga á landi, og bif-

reiðalög því þýðingarmestu umferðalög hér, þá þarf samt lagafyrirmæli um annarskonar umferð, og er álitamál, hvort nýr kafli með slíkum almennum umferðareglum ætti ekki að koma inn í bifreiðalögin.

Enda þótt þetta frv. sé samið af mönnum, sem vegna þekkingar sinnar og starfa eru manna bezt til verksins fallnir, þá getur það þó verið athyglisvert, hvort gera á frv. að lögum á þessu þingi. Nágrannaþjóðir okkar á Norðurlöndum hafa varið mikilli vinnu og löngum tíma, jafnvel svo nokkrum árum skiptir, í undirbúning að setningu umferðalaga hjá sér. Þótt allsherjarnefnd beri fram allmargar till. til breytinga á frv. nú við 2. umræðu málsins, býst nefndin samt við að bera fram nýjar brtt. við 3. umræðu.

Í framsögu verður gerð grein fyrir brtt.

Alþingi, 4. apríl 1938.

Sigurjón Á. Ólafsson, form. Ingvar Pálmason, fundaskr. Páll Hermannsson, frsm.

Magnús Jónsson. Árni Jónsson.

Ed. 179. Breytingartillögur

við frv. til bifreiðalaga.

Frá allsherjarnefnd.

1. Við 1. gr.
   a. 2. málsgr. orðist svo:
      Undanþegin lögunum eru þau vélknúin ökutæki, sem eingöngu eru notuð við jarðyrkju eða vegavinnu, þó eigi vatnsbifreiðar. Einnig eru undanþegnir pallvagnar á lágum hjólum, sem notaðir eru til vöruflutninga að og frá skipi. Enginn má stjórna slíkum ökutækjum, nema hann sé fullra 18 ára að aldri. Að öðru leyti getur dómsmálaráðherra ákveðið með reglugerð, hvort frekari skilyrða skuli krafizt, svo og um akstur og notkun ökutækja þessara.
   b. Í stað orðsins „dula“ í niðurlagi greinarinnar komi: veifa.
2. Við 3. gr. Greinin orðist svo:
   Ráðherra sá, er fer með vegamál, ákveður með reglugerð, að fengnum tillögum vegamálastjóra, hver megi vera mesta þyngd hlaðinnar bifreiðar, svo og vagns, sem bifreið dregur. Binda má hámarksþyngd við akstur á nánar tilteknum vegarköflum, miðað við burðarþol vega og brúa.
   Vegamálaráðherra getur, að fengnum tillögum hlutaðeigandi bæjarstjórnar eða sýslunefndar og vegamálastjóra, að því er snertir vegi utan kaupstaða og kauptúna, takmarkað eða bannað umferð bifreiða á götum, vegum eða vegarköflum, með öllu eða um tiltekinn tíma, ef slík umferð telst hættuleg eða vera til sérlegra óþæginda.
3. Við 4. gr.
   a. Í stað „Atvinnumálaráðherra“ kemur: Vegamálaráðherra.
   b. Orðin „og gæði“ falli burt.
4. Við 5. gr.
   a. Í stað „sérhverri“ í 1. málsgr. komi: hverri.
   b. 2. og 3. málsgr. falli burtu, en í þeirra stað komi ný málsgr., svo hljóðandi:
      Í hverri bifreið skulu hemlar vera svo gerðir og ætið í því ástandi, að stöðva megi bifreiðina tryggilega og fljótt.
5. Við 6. gr. Í stað „sérhverri“ komi: hverri.
6. Við 7. gr.
   a. Fyrstu þrjá málsliði 2. málsgr. skal orða svo:
      Á fjórhjóla bifreiðum skulu vera tvö framljósker og minnst eitt afturljós-

ker. Framljóskerin skulu hafa hvítt eða daufgult ljós og bæði sama ljósmagn. Þau skulu vera sitt til hvorrar hliðar framan á bifreiðinni og lýsa akbrautina framundan nægilega til þess að skapa nauðsynlega yfirsýn fyrir ökumanninn og sett og stillt þannig, að geislar þeirra valdi sem minnstum óþægindum þeim vegfarendum, er á móti koma.

b. Síðasti málsl. 2. málsgr. verði þannig: Um ljóskerið má ekki búa svo, að hægt sé að slökkva á því frá ökumannssætinu eða inni í bifreiðinni, á meðan ljós er á framljóskerunum.

c. Á eftir „Á tvíhjóla bifreiðum“ í upphafi 4. málsgr. komi: (bifhjólum).

d. Niðurlag 4. málsgr., frá og með orðunum „og því má ekki vera svo fyrir komið“, fellur niður.

7. Við 12. gr. Í stað „atvinnumálaráðherra“ kemur: vegamálaráðherra.

8. Við 14. gr.

a. Á eftir orðunum „Merkin skulu ávallt“ í 3. málsgr. kemur: vera.

b. Orðin „og hvernig því skuli varið“ í endi 5. málsgr. falla niður.

c. Á eftir orðunum „Fyrir skrásetningu“ í síðustu málsgr. kemur: og skoðun bifreiðar.

9. Við 15. gr.

a. Í stað „strax“ kemur: þegar.

b. Í stað „er bifreiðin er skrásett“ kemur: þar sem bifreiðin er skrásett.

10. Við 16. gr.

a. Í stað „er hún áður var“ í 2. málsgr. kemur: er hún fluttist frá.

b. Síðasta málsgr. orðist svo:

Um leið og bifreið er afskráð, skal afhenda lögreglustjóra skrásetningarmerkin endurgjaldslaust.

11. Við 17. gr.

a. Á eftir 1. málsgr. kemur ný málsgr., er svo hljóðar:

Skrásetningargjaldi og skoðunargjaldi (sbr. 14. gr.) skal verja til þess að greiða kaup eftirlitsmanna og annan kostnað við eftirlitið samkv. reglum, er dómsmálaráðherra setur.

b. Í stað orðsins „stýrisútbúnað“ í 3. málsgr. kemur: umbúnað stýris.

12. Við 19. gr. Greinin orðist svo:

Dómsmálaráðherra setur nánari reglur um tilkynningu, skoðun, flutning, skrásetningu og afskráningu bifreiða. Hann getur og, að fengnum tillögum vegamálastjóra, sett nánari reglur um gerð og notkun bifreiða, til öryggis umferðinni, svo og sérstakar reglur um gerð og notkun ökutækja, sem knúin eru með eimvél eða kolagasi. Ennfremur setur hann reglur um geymslu og meðferð á benzíni og öðrum eldfimum efnum, sem notuð eru til bifreiða.

13. Við 20. gr. 2. málsgr. Orðin „og setur dómsmálaráðherra nánari reglur um prófið og ákveður gjald það, er greiða skuli fyrir það“ falli burtu.

14. Við 21. gr.

a. Í stað orðanna „viðkomandi ökutækja annars“ í 5. málsgr. komi: bifreiða.

b. Síðasta málsgr. orðist svo:

Dómsmálaráðherra setur nánari reglur um kennslu og próf bifreiðarstjóra og ákveður gjald það, er greiða skal fyrir prófið. Má ákveða, að auk fyrrgreindra skilyrða skuli menn einnig verða að fá löggildingu dómsmálaráðuneytisins til þess að mega veita kennslu í bifreiðaakstri.

15. Við 22. gr.

a. Orðið „eða“ innan sviga í 1. málsgr. fellur burtu.

b. Síðari málsgr. orðist svo: Þegar lögreglan krefst þess, er eiganda (umráðamanni) skylt að upplýsa, hverjir hafi ekið bifreiðinni og stjórnað henni á hverjum tíma.

16. Við 23. gr. Upphaf 4. málsgr. orðast svo: Ákveða má í reglugerð lágmark hvíldartíma o. s. frv.

17. Við 24. gr. Orðin „og verki vel“ í niðurlagi greinarinnar falla burt.
18. Við 26. gr.
    a. Í stað síðasta málsl. 2. málsgr. kemur: Þegar ekið er með ljósum, má hraðinn aldrei vera meiri en 35 kílómetrar á klukkustund. Dómsmálaráðherra getur sett reglur um lægri hámarkshraða fyrir þungar bifreiðar.
    b. 3. málsgr. orðast þannig: Dómsmálaráðherra getur, að fengnum tillögum vegamálastjóra, sett nánari reglur um ökuhraðann, þar á meðal ákveðið lægri hámarkshraða en að framan greinir, sérstaklega fyrir þungar bifreiðar. Í kaupstöðum og kauptúnum má setja slíkar reglur í lögreglusamþykktum.
    c. Í stað orðanna í 4. málsgr. „að tiltölu við“ til enda málsgr. kemur: svo sem þörf er til öryggis umferðinni.
    d. Í stað „ekki langt“ í upphafi 5. málsgr. kemur: stutt.
    e. Í stað „gera hana“ í síðustu málsgr. kemur: skipa svo fyrir.
19. Við 28. gr.
    a. Orðin „eða öðrum vegfarendum“ í 4. málsgr. falla niður.
    b. Við 4. málsgr. bætist: Einnig skal bifreiðarstjóri, ef hann mætir bifreið eða öðrum vegfarendum á ljósatíma, lækka framljósin, ef unnt er.
    c. 5. málsgr. orðast svo:
       Bifreiðarstjóri er skyldur að víkja til vinstri handar fyrir umferð, sem á eftir kemur, og hleypa henni framhjá, ef unnt er.
    d. Við greinina bætist ný málsgr., er svo hljóðar:
       Dómsmálaráðherra getur, að fengnum tillögum vegamálastjóra, sett nánari ákvæði um akstur bifreiða til öryggis umferð.
20. Við 29. gr. Greinin orðist svo:
    Ef slys vill til þar, sem bifreið er á ferð, skal ökumaður þegar nema staðar, skýra frá nafni sínu og heimilisfangi og hjálpa þeim, sem slasazt hefir, ef þörf gerist.
21. Við 34. gr.
    a. Í stað orðanna „enda þótt ... kennt um tjónið“ í 1. málsgr. kemur: nema það sannist, að ekki hafi verið hægt að komast hjá tjóninu, þótt bæði akstur og ökutæki þess, er tjóninu olli, hefði verið í fullu samræmi við settar reglur.
    b. Í stað „einnig eigi“ í 2. málsl. 2. málsgr. kemur: eigi líka.
    c. Orðið „annars“ í síðasta málsl. 2. málsgr. fellur niður.
    d. Fyrir „má“ í sama málsl. kemur: skal.
    e. Í stað „Ef tveim eða fleiri bifreiðum lendir saman“ í 3. málsl. kemur: Ef árekstur verður milli bifreiða, tveggja eða fleiri.
22. Við 35. gr. Í stað „Eigandi eða umráðamaður“ í upphafi greinarinnar kemur: Eigandi (umráðamaður).
23. Við 36. gr. Í stað „ríkisstjórninni“ í 1. málsgr. kemur: ráðherra þeim, sem fer með tryggingarmál.
24. Við 39. gr. Orðin „enda séu ... sviptur ökuleyfinu“ í 2. málsgr. falli niður.
25. Við 41. gr. Fyrir „á skrásetningu“ í 2. málsgr. kemur: og skrásetningu.
26. Við 43. gr. Í stað orðanna „orðið „bifreiðarstjórar“ í 21. gr. 1. mgr. laga nr. 33 1935“ kemur: svo.

Nd. 180. Lög

um fasteignasölu.

(Afgreidd frá Nd. 4. apríl).

Samhljóða þskj. 170.

Nd. 181. Breytingartillaga

við brtt. á þskj. 175 [Rafveitur ríkisins].

Frá Bjarna Bjarnasyni.

Í meginmál brtt. á eftir orðinu „vegamálaskrifstofunnar“, bætist: án sérstaks endurgjalds.

Ed. 182. Frumvarp til laga

um rafveitur ríkisins.

(Eftir 3. umr. í Nd.).

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að setja á stofn og starfrækja rafveitur, er vera skulu eign ríkisins og reknar sem fjárhagslega sjálfstætt fyrirtæki, með sérstöku reikningshaldi, undir umsjón atvinnumálaráðuneytisins. Stofnunin skal heita: Rafveitur ríkisins.

2. gr.

Rafveitur ríkisins skulu hafa það verkefni að afla almenningi í landinu raforku með því að vinna hana sjálfar, kaupa eða taka við henni frá orkuverum eða öðrum orkuveitum, veita orkunni um hreppa, sýslur eða stærri landshluta og selja hana eða afhenda raforkuveitum í kaupstöðum, kauptúnum eða öðrum innanhéraðs orkuveitum eða orkuveitufélögum, er stofnuð eru til þess að taka við orkunni og veita henni til neytenda innan héraðs eða á félagssvæði.

Rafveitur ríkisins geta einnig gerzt meðeigandi í orkuverum og orkuveitum annara eða tekið þær á leigu og starfrækt þær, eða tekið þátt í starfrækslu þeirra eftir sérstökum samningi. Rafveitum ríkisins er heimilt að selja raforku beint til neytenda á þeim stöðum, þar sem innanhéraðsorkuveita eða orkuveitufélag er ekki til, eða annarsstaðar með samþykki innanhéraðsveitunnar eða orkuveitufélags.

3. gr.

Til þess að hafa á hendi forstöðu fyrir Rafveitum ríkisins skal atvinnumálaráðherra skipa framkvæmdarstjóra, er vera skal rafmagnsverkfræðingur, og kallast hann rafveitustjóri ríkisins. Ráðherra setur honum erindisbréf.

Atvinnumálaráðherra skipar aðra starfsmenn Rafveitna ríkisins, að fengnum tillögum rafveitustjóra, eftir því sem ákveðið kann að verða í reglugerð.

4. gr.

Rafveitur ríkisins mega ekki reisa, kaupa eða taka á leigu orkuver eða orkuveitu, nema undangengnar rannsóknir og nákvæmar áætlanir sýni, að virkin muni gefa þær tekjur, sem nægja fyrir öllum rekstrarkostnaði, þar með taldir vextir og afborganir stofnkostnaðar, eða að tryggt sé, að tekjuafgangur rafveitnanna af öðrum virkjum sé nægur til þess að greiða hallann, eða nægilegt fé hafi verið veitt til virkjanna á annan hátt. Þá skal og, ef um er að ræða fleiri en eitt orkuver eða orkuveitu í senn, það orkuver eða orkuveita ganga fyrir um framkvæmd, sem áætlanir sýna, að ber sig betur fjárhagslega, nema sérstaklega standi á.

Nú sýna áætlanir, að rekstrarhalli muni verða fyrstu árin, sem veitan starfar, og skal þá talið, að hún beri sig fjárhagslega, ef hún samkvæmt áætlun rafveitustjóra hefir skilyrði til þess að vinna sig upp síðar og endurgreiða samansafnaðan rekstrarhalla fyrstu áranna.

5. gr.

Rafveitustjóri gerir, að undangengnum nauðsynlegum rannsóknum og athugunum, tillögur til ríkisstjórnarinnar um það, í hvaða framkvæmdir skuli ráðizt til orkuvinnslu og orkuveitu. Hann gerir nauðsynlegar kostnaðaráætlanir um þær, athugar skilyrði fyrir orkukaupum og orkusölu og gerir nákvæmar áætlanir um væntanlegar tekjur og gjöld af virkjunum, til þess að séð verði, hvort þau fullnægja skilyrðum 4. gr. Að því er tekur til vatnsvirkja framkvæmir þó vatnamálaráðunautur ríkisins nauðsynlegar mælingar, og gerir kostnaðaráætlanir og annan undirbúning að þeim, nema öðruvísi verði ákveðið. Vegamálastjóri er fyrst um sinn vatnamálaráðunautur ríkisstjórnarinnar, og skulu mælingar þessar, kostnaðaráætlanir og annar undirbúningur framkvæmdar af honum og fastlaunuðum verkfræðingum vegamálaskrifstofunnar, án sérstaks endurgjalds, eftir því sem þeim vinnst tími til frá öðrum störfum. Kostnað allan við þessar rannsóknir, svo og við annan undirbúning, skal greiða úr ríkissjóði, eftir því sem fé er veitt í því skyni. Þó er Rafveitum ríkisins heimilt, með samþykki ráðherra, að verja fé af tekjuafgangi sínum til slíkra rannsókna að svo miklu leyti, sem honum hefir ekki verið ráðstafað á annan hátt. Ef ráðizt er í framkvæmdirnar, skal þessi undirbúningskostnaður talinn með stofnkostnaði þeirra.

Nú telur atvinnumálaráðherra, að fengnum tillögum rafveitustjóra, rétt að reisa ný orkuver eða koma upp nýjum orkuveitum, eða að festa kaup á slíkum mannvirkjum, og leitar hann þá til þessa samþykkis Alþingis og gerir jafnframt tillögur um það, á hvern hátt fjár til þeirra framkvæmda skuli aflað. Tillögum sínum til Alþingis lætur ríkisstjórnin fylgja nákvæmar áætlanir um væntanlegar tekjur og gjöld af þessum virkjum, sbr. 8. og 9. gr.

6. gr.

Nú er ákveðið að reisa raforkuver eða koma upp raforkuveitu, og hefir þá rafveitustjóri stjórn þeirra framkvæmda. Að því er tekur til vatnsvirkja annast vatnamálaráðunautur ríkisins framkvæmd verksins. Að öðru leyti ákveður atvinnumálaráðuneytið nánar verkaskiptingu milli þeirra.

7. gr.

Atvinnumálaráðuneytið setur, að fengnum tillögum rafveitustjóra, gjaldskrá um raforkusölu frá Rafveitum ríkisins.

Tekjum Rafveitna ríkisins skal varið til greiðslu rekstrarkostnaðar hinna einstöku raforkuvirkja, þar með talið stjórn, gæzla, viðhald, vaxtagreiðslur og afborganir lána. Afgangurinn leggist í sérstakan sjóð, rafveitusjóð ríkisins, er rafveitustjóri varðveiti undir yfirumsjón atvinnumálaráðuneytisins.

8. gr.

Rafveitusjóði ríkisins skal varið til aukningar raforkuveitum og eflingar raforkuvinnslu og raforkunotun, sbr. 5. gr.

9. gr.

Rafveitustjóri skal árlega gera efnahags- og rekstrarreikning Rafveitna ríkisins, svo og kostnaðarreikning fyrir þau virki, sem eru í smíðum, ennfremur skýrslu um starfsemina, og senda atvinnumálaráðuneytinu. Hann skal og árlega gera fjárhagsáætlun fyrir næsta ár og senda ráðuneytinu svo snemma, að fylgt geti fjárlagafrumvarpi til Alþingis. Í fjárhagsáætlun skal taka upp tillögur um lántökur, fjárveitingar og önnur fjárframlög, sbr. 5. gr.

10. gr.

Setja skal reglugerðir um rekstur innanhéraðsveitna, sem kaupa raforku frá Rafveitum ríkisins, og gjaldskrár um raforkusölu frá þeim. Í reglugerðunum skulu

vera ákvæði um rekstrarfyrirkomulag og tilhögun veituvirkja, til þess að tryggja Rafveitum ríkisins greiðslu fyrir orku þá, sem þær selja, svo og til þess að stuðla að aukinni raforkunotkun og góðri hagnýtingu orkunnar. Atvinnumálaráðuneytið staðfestir reglugerðir þessar og gjaldskrár, að fengnum tillögum rafveitustjóra og rafmagnseftirlits ríkisins, og samræmir reglugerðir og gjaldskrár hinna einstöku raforkuveitna, eftir því sem þörf þykir.

11. gr.

Rafveitustjóri skipar fyrir um rekstur raforkustöðva ríkisins, sem starfræktar eru við skóla eða aðrar opinberar stofnanir ríkisins, nema reksturinn sé falinn þessum stofnunum sérstaklega.

12. gr.

Rafveitustjóri ríkisins hefir umsjón með þeim fallvötnum, sem eru í eign ríkissjóðs, heldur skrá yfir þau og annast nauðsynlegt bókhald í sambandi við þau. Rafveitustjóri gerir í samráði við vatnamálaráðunaut tillögur til ríkisstjórnarinnar um kaup á vatnsréttindum, sem hann telur nauðsynlegt, að ríkið eignist.

13. gr.

Rafveitustjóri ríkisins hefir umsjón með þeim fallvötnum, sem eru í eign ríkissérstaklega um:

1) Stjórn og fjárreiður Rafveitna ríkisins, reikningshald, fyrningu og greiðslur í rafveitusjóð, svo og um skýrslugerðir rafveitustjóra.
2) Starfsmannahald og verkaskiptingu starfsmanna, svo sem ákvæði, er lúta að því að aðgreina undirbúning, byggingu og rekstur í sérdeildir, undir stjórn rafveitustjóra, þegar þess verður þörf.
3) Önnur atriði viðvíkjandi starfrækslu veitnanna, kaupum og sölu á raforku.
4) Eftirlit með og afskipti af málum innanhéraðsveitna, sbr. 10. gr.

14. gr.

Rísi ágreiningur milli Rafveitna ríkisins og kaupenda raforku frá orkuverum þeirra út af samningum, sem gerðir eru samkvæmt þessum lögum, geta aðiljar komið sér saman um að leggja hann undir úrskurð gerðardóms þriggja dómkvaddra manna.

15. gr.

Fyrst um sinn er forstöðumaður rafmagnseftirlits ríkisins rafveitustjóri, og er hann jafnframt ráðunautur ríkisstjórnarinnar í raforkumálum.

16. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Nd. 183. Breytingartillaga

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 43 19. júní 1933, um stjórn vitamála og um vitabyggingar.

Frá Bergi Jónssyni, Finni Jónssyni og Gísla Guðmundssyni.

Við 2. gr. Greinin falli burt. Greinatala breytist samkvæmt því.

Ed. 184. Breytingartillögur

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 46 13. júní 1937, um samvinnufélög.

Frá Páli Zóphóníassyni.

1. Við 1. gr. Síðasta málsgr. orðist svo:
   Heimilt er þó að ákveða, að takmarka megi tölu fulltrúa frá þeim deildum, sem ekki skipta nema að nokkru leyti við félagið.
2. Við 2. gr. Greinin orðist svo:
   Æðsta vald í sambandsmálum er í höndum fulltrúafunda. Fulltrúar skulu kosnir af félögum þeim, sem eru í sambandinu, og fer tala þeirra frá hverju félagi eftir tölu félagsmanna í félaginu. Þó er heimilt að takmarka tölu fulltrúa frá þeim félögum, sem ekki skipta nema að litlu leyti við Samband íslenzkra samvinnufélaga, og skal nánar í reglugerð, er aðalfundur S.Í.S. samþykkir, ákveða, hve vöruverzlun félagsins, miðað við félagatölu þess, megi vera lítil við S.Í.S. á ári hverju, til þess að það þó haldi fullum rétti til að senda fulltrúa á aðalfund.

Nd. 185. Nefndarálit

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 43 19. júní 1933, um stjórn vitamála og um vitabyggingar.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin hefir orðið sammála um að leggja til, að frumvarpið verði samþykkt með nokkrum breytingum.

Öll nefndin leggur til, að á frv. verði gerðar eftirfarandi

BREYTINGAR.

1. Við 1. gr. Eftir orðunum „forstöðumaður stýrimannaskólans í Reykjavík“ komi: forseti Fiskifélags Íslands.
2. Við 3. gr. Greinina skal orða svo:
   9. gr. laganna verði svo hljóðandi:
   Ráðherra lætur reisa vita þá, sem taldir eru hér á eftir, þegar fé er veitt til þess í fjárlögum:

Á Þjófakletti í Borgarfirði	ljósviti
— Borgareyjum	—
— Rauðanesi	—
— Þormóðsskeri	—
— Hjörsey á Mýrum	—
— Stapa	—
— Rifi á Snæfellsnesi	—
Við Grundarfjörð	—
Á Stórfiskaskeri við Hagabót	—
Undir Söðli við Skorarhlíð	—
Á Bjargtöngum	stækkun ljósvita
— —	radióviti
— Vatneyri við Patreksfjörð	ljósviti

Á Langanesi í Arnarfirði	ljósviti
— Þingeyri við Dýrafjörð	—
— Fjallaskaga við Dýrafjörð	—
— Flateyri við Önundarfjörð	—
— Sauðanesi	—
— Gelti	radíóviti
— —	hljóðviti
— Æðey	ljósviti
— Sléttu í Jökulfjörðum	—
— Aðalvík	—
— Hornbjargi	radíóviti
— —	hljóðviti
— Munaðarnesi	ljósviti
— Krossnesi	—
— Kaldrananesi	—
— Kjörseyri við Hrútafjörð	—
— Bálkastaðanesi	—
— Skagaströnd	—
— Kálfshamarsvík	stækkun ljósvita
— Skagatá	— —
— Reykjadisk við Skagafjörð	ljósviti
— Siglunesi	radíóviti
— Húsavíkurhöfða	ljósviti
— Snartarstöðum	—
— Grenjanesi	—
— Svínalækjartanga	—
— Langanesi	stækkun ljósvita
— —	radíóviti
— —	hljóðviti
— Digranesi	ljósviti
— Kolbeinstanga í Vopnafirði	—
— Skálanesi við Borgarfjörð	—
— Glettinganesi	hljóðviti
— Brimnesi við Seyðisfjörð	ljósviti
— Hellisnesi við Norðfjörð	—
— Grímutanga við Reyðarfjörð	—
— Selnesi á Breiðdalsvík	—
— Seley	—
— —	radíóviti
— —	hljóðviti
— Hafnarnesi	endurb. ljósvita
— Hvalsnesi	ljósviti
— Stokknesi	radíóviti
— Hestgerði	ljósviti
— Ingólfshöfða	stækkun ljósvita
— Stórhöfða	— —
— Faxaskeri	ljósviti
— Loftstaðahól	—
— Hafnarnesi við Þorlákshöfn	—
— Reykjanesi	hljóðviti
— Gróttu	radíóviti
— —	hljóðviti

3. Við 4. gr. Greinin hljóði svo:
Með lögum þessum eru úr gildi felld lög nr. 31 1937.

4. 4. gr. verður 5. gr.

Auk þessa áskilja 3 nefndarmenn (þeir BJ, FJ og GG) sér rétt til að bera fram brtt. um það að fella niður 2. gr. frumvarpsins.

Alþingi, 3. apríl 1938.

Finnur Jónsson, form. Gísli Guðmundsson, fundaskr. Sigurður Kristjánsson, frsm.
Bergur Jónsson. Sig. Ein. Hlíðar.

Nd. 186. Nefndarálit

um frv. til laga um lífeyrissjóð ljósmæðra.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin hefir athugað frv. og vill mæla með því, að það verði samþykkt. Einstakir nefndarmenn áskilja sér þó rétt til að fylgja breytingartillögum, er fram kunna að koma undir umr.

Nefndin leggur til, að á frv. verði gerðar eftirfarandi

BREYTINGAR.

1. Við 3. gr. Greinin orðist svo:
   Ríkissjóður ábyrgist greiðslu lífeyris samkvæmt lögum þessum.
2. Við 8. gr. Greinin falli niður, og breytist greinatalan samkv. því.
3. Við 9. gr. Í stað „10 ár“ komi: 15 ár.
4. Við 12. gr.
   a. Í stað „10 ára“ í 1. mgr. komi: 15 ára.
   b. Orðin „Fyrir 10—11 ára starf ... 28% af meðall. síðustu 5 ára“ falli niður.

Alþingi, 1. apríl 1938.

Skúli Guðmundsson, form. Finnur Jónsson, fundaskr., frsm. Sveinbjörn Högnason.
Ólafur Thors. Stefán Stefánsson.

Ed. 187. Nefndarálit

um frv. til laga um byggingar- og landnámssjóð.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin hefir athugað frumvarpið og borið það saman við núgildandi lagafyrirmæli um sama efni. Hún hefir og sent það stjórn Búnaðarbankans til umsagnar og mælir hún með því, að það verði samþykkt.

Eftir athugun á málinu leggur nefndin til, að frumvarpið verði samþykkt með eftirtöldum

BREYTINGUM.

1. Við 7. gr. Aftan við greinina bætist nýr tölul., er orðist svo:
   7. Að fyrir liggi frá trúnaðarmanni Búnaðarfélags Íslands yfirlýsing um, að húsið verði reist á hentugum stað, miðað við ræktun, vatnsból, síma, vegi o.s.frv.

2. Við 9. gr. Í stað orðanna „eða mosi“ í 2. tölul. a. komi: mosi eða önnur slík efni.
3. Við 12. gr.
   a. 1. tölul. falli burt, og breytast töluliðir eftir því.
   b. Annar tölul., sem verður 1. tölul., orðist svo: Að sannað sé með vottorði hreppstjóra og héraðslæknis, að húsakynnin séu óhæf til íbúðar.
   c. Fjórði tölul., sem verður 3. tölul., orðist svo: Að fasteignamat (millimat) bæjarhúsa sé ekki yfir 1500 kr., ef jörðin er í sjálfsábúð.
4. Við 13. gr. Eftir 1. málsl. komi nýr málsl., er orðist svo: Þó skulu þeir umsækjendur að öðru jöfnu ganga fyrir, er orðið hafa fyrir verulegu tjóni á eignum sínum vegna óviðráðanlegra orsaka.
5. Við 15. gr. Í stað orðanna „eru ónothæf“ í síðustu málsgr. komi: eru á nothæf.
6. Við 19. gr. Í stað „það“ í byrjun síðari málsl. komi: þó.
7. Við 23. gr. Aftan við greinina bætist: þó ekki yfir kr. 500 til hvers.
8. Við 37. gr.
   a. Orðin „hvernig því fé skuli skipt milli héraða og“ í 2. málsl. falli burt.
   b. Aftan við 2. málsl. bætist: og hvernig honum skuli skipt milli þeirra.
9. Við 42. gr.
   a. Í stað „hentug“ í 1. málsl. komi: hentugum.
   b. Í stað „byggingarsamvinnufélaga“ í síðasta málsl. komi: samvinnubyggðafélaga.
10. Við 45. gr. Síðasti málsl. orðist svo: Forstöðumaður ræður sér menn til aðstoðar, að fengnu samþykki stjórnar Búnaðarbanka Íslands.

Alþingi, 5. apríl 1938.

Páll Zóphóníasson, form., frsm.	Erl. Þorsteinsson, fundaskr.	Þorst. Þorsteinsson.

Ed. 188. Breytingartillaga

við frv. til laga um vörugjald fyrir Vestmannaeyjakaupstað.

Frá Bernh. Stefánssyni.

Við 2. gr. Greinin orðist svo:
Lög þessi öðlast gildi 1. jan. 1939 og gilda til ársloka 1940.

Ed. 189. Nefndarálit

um frumv. til l. um framlenging á gildi l. nr. 90 19. júní 1933, um útflutning á kjöti.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin er sammála um að leggja til, að frumvarpið sé samþykkt óbreytt.

Alþingi, 5. apríl 1938.

Páll Zóphóníasson, form.	Þorst. Þorsteinsson, frsm.	Erl. Þorsteinsson, fundaskr.

Ed.

190. Frumvarp til laga

um rekstrarlánafélög.

(Eftir 2. umr. í Ed.).

1. gr.

Útvegsmönnum í einu og sömu verstöð eða byggðarlagi er rétt að stofna rekstrarlánafélög samkvæmt lögum þessum.

2. gr.

Hlutverk rekstrarlánafélaga er að annast útvegun rekstrarlána handa félagsmönnum sínum.

Félögin geta einnig haft með höndum sameiginleg innkaup á nauðsynjum félagsmanna til útgerðar og til heimilisþarfa og sölu á afurðum þeirra.

Rekstrarlánafélögin skulu haga starfsemi sinni þannig:

a) að svo tímanlega sé samið um rekstrarlán handa félagsmönnum, að þeir geti óhindraðir hafið fiskveiðar í byrjun vertíðar.
b) að félagsmenn geti jafnan orðið aðnjótandi beztu kjara á aðkeyptum nauðsynjum til rekstrar síns, með því að geta boðið staðgreiðslu.

3. gr.

Ábyrgð félagsmanna á skuldbindingum rekstrarlánafélaga getur verið með tvennu móti:

a) að félagsmenn ábyrgist einn fyrir alla og allir fyrir einn allar skuldbindingar félagsins.
b) að hver félagsmaður ábyrgist einungis sína eigin skuld, að viðbættri tiltekinni upphæð, sem nánar sé ákveðin í lögum hvers félags.

Félagsmenn í sama félagi mega vera fæstir 10, en flestir 30. Þó má víkja frá þessu ákvæði, ef hentugt þykir og sérstaklega stendur á.

4. gr.

Stjórn rekstrarlánafélags eða umboðsmaður hennar semur við lánsstofnanir um rekstrarlán handa félagsmönnum, eftir því sem félagsstjórninni og hverjum einstökum félagsmanni hefir komið saman um og með tilliti til eðlilegrar rekstrarlánaþarfar félagsmanns og þeirra trygginga, er hann getur sett.

5. gr.

Fyrirkomulag lána þeirra, er rekstrarlánafélög útvega félagsmönnum, getur verið með tvennu móti:

a) að hver einstaklingur sé lántakandi hjá hlutaðeigandi lánsstofnun að því láni, er hann fær.
b) að félagið sjálft sé skuldunautur gagnvart lánsstofnuninni og að það úthluti lánsfénu meðal félagsmanna.

Leggja skal árlega í félagssjóð hundraðshluta af viðskiptaveltunni, og skal gjald þetta ákveðið í samþykktum hvers félags.

Sjóðeign útborgist ekki til félagsmanna nema við félagsslit.

6. gr.

Rekstrarlánafélög eiga rétt á innflutnings- og gjaldeyrisleyfum fyrir nauðsynjar félagsmanna sinna, sbr. 2. gr., í réttu hlutfalli við innflutningsreglur á hverjum tíma.

7. gr.

Lánsstofnunum, er veita lán samkvæmt lögum þessum, er heimilt að setja sérstök skilyrði fyrir lánunum, í því skyni að tryggja skilvísa greiðslu þeirra, svo sem: að allar sjávarafurðir lántakanda skuli seldar gegnum sölusamlag,

að í hvert skipti, er lántakandi selur afurðir — eins þó að þær séu ekki veðsettar fyrir láninu —, skuli jafnan haldið eftir nokkurri upphæð af andvirðinu, svo sem nánar kann að vera um samið, til greiðslu upp í lánið.

Þetta atriði gildir, þótt lánið sé ekki komið í gjalddaga

að lánsstofnunin eða trúnaðarmanni hennar sé jafnan heimilt að hafa eftirlit með því, að þannig umsömdum ákvæðum sé framfylgt.

8. gr.

Rekstrarlánafélög greiða skatta til ríkis og bæjar- og sveitarsjóða eftir sömu reglum og samvinnufélög.

9. gr.

Lán samkvæmt lögum þessum veitast gegn þeim tryggingum, er lánsstofnunin metur gildar. Þau skulu endurgreidd að fullu innan eins árs frá lántökudegi, eða fyrr, eftir því sem um semur.

Það teljast ekki vanskil, þótt hluti af rekstrarláni sé ógreiddur, ef lántakandi sannar, að hann eigi nægilegar óseldar afurðir til fullnaðargreiðslu lánsins.

Vextir — þar með talin framlengingargjöld eða provision — mega ekki vera hærri en venjulegir bankavextir af fiskveðsvíxlum á sama tíma.

10. gr.

Komi til þess, að Landsbanki Íslands eða Útvegsbanki Íslands, annar eða báðir, sjái sér ekki fært, vegna vöntunar reiðufjár, að sinna lánbeiðnum rekstrarlánafélaga, skal ríkisstjórnin veita aðstoð sína til þess að bankarnir, annar eða báðir, verði sér úti um lánsfé, til þess að fullnægja rekstrarlánaþörfinni, eftir því sem tryggingar standa til.

11. gr.

Lög og starfsreglugerðir rekstrarlánafélaga skulu sniðin eftir fyrirmyndum, sem atvinnumálaráðuneytið semur í samvinnu við Landsbanka Íslands, Útvegsbanka Íslands, Fiskifélag Íslands og Sölusamband íslenzkra fiskframleiðenda.

Skulu fyrirmyndir þessar samdar þegar er lög þessi hafa verið staðfest og vera til útbýtingar hjá sýslumönnum landsins og Fiskifélagi Íslands og fulltrúum þess.

12. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Nd. 191. Nefndarálit

við frumv. til l. um skatt- og útsvarsgreiðslu útlendinga o. fl.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefir athugað þetta frumvarp og mælir með því, að það verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGUM.

1. Við 1. gr.
   a. Í stað „um takmarkaðan tíma“ komi: um tiltekinn tíma.
   b. Í stað „aðeins takmarkaðan tíma“ komi: aðeins um stundarsakir.
2. Við 2. gr.
   a. Orðin „og 7.“ falli burt.
   b. Á eftir fyrri málsgr. kemur nýr málsl., svo hljóðandi: Nú eru kaupgreiðendur

aðilja fleiri en einn á hinu sama útsvars- eða skattári, og bera þeir þá hlutfallslega ábyrgð, miðað við þann tíma, er þeir hafa greitt honum kaup.

c. 2. málsgr. orðist þannig:

Gagnvart þeim aðiljum, sem hafa dvalar- eða atvinnuleyfi um ótiltekinn tíma, kemur þó ábyrgð kaupgreiðanda því aðeins til greina, að innheimtumenn skatts og útsvars tilkynni honum, að hann verði gerður ábyrgur.

3. Við 3. gr. Orðin „frá því að útsvars- eða skattskylda skapast“ falli burt.

4. Við 4. gr. Greinin orðist þannig:

Ef upphæð sú, sem heimilt er að halda eftir samkv. 3. gr. til að fullnægja skatt- og útsvarsskyldum gjaldanda, er sýnilega of há eða of lág, getur gjaldandi eða innheimtumaður skatts eða útsvars, svo og kaupgreiðandi, snúið sér til hlutaðeigandi niðurjöfnunarnefndar og skattanefndar (skattstjóra) og farið fram á, að þær úrskurði um, hve miklu skuli haldið eftir af kaupi gjaldanda til að standast téðar greiðslur. Ábyrgð kaupgreiðanda á þeim skatt- og útsvarsgreiðslum, sem umfram kunna að vera þá upphæð, sem haldið er eftir samkvæmt úrskurðunum, fellur niður, enda hafi kaupgreiðandi skýrt rétt frá málavöxtum.

5. Við 7. gr. Greinin falli niður.

Alþingi, 1. apríl 1938.

Sveinbjörn Högnason, form. Vilm. Jónsson, fundaskr. Garðar Þorsteinsson, frsm.

Thor Thors. Gísli Guðmundsson.

Ed. 192. Breytingartillaga

við breytingartill. á þskj. 177 [Veiting ríkisborgararéttar].

Frá Jóhanni Jósefssyni.

Inn í frumvarpsgreinina bætist:

Stolzenwald, Helmuth Gustav Rudolf, klæðskeri í Vestmannaeyjum, fæddur í Þýzkalandi.

Nd. 193. Breytingartillaga

við frv. til l. um breyt. á vegalögum, nr. 101 19. júní 1933.

Frá Eiríki Einarssyni.

Framan við frvgr. bætist nýr rómv. liður:

Á eftir IV. b. í lögum nr. 72 23. júní 1936 bætist nýir liðir:

a. *Partavegur:* Frá Gaulverjabæ um Gaulverjabæjarhrepp sunnanverðan austur í Parta.

b. *Kiðjabergsbraut:* Frá Suðurlandsvegi um Reykjabraut að fyrirhuguðu brúarstæði á Hvítá, nálægt Kiðjabergi, að Biskupstungnabraut hjá Minni-Borg.

c. *Laxárvegur:* Frá Hreppavegi hjá Laxárholti, suðvestan Stóru-Laxár að fyrirhuguðu brúarstæði á Hvítá hjá Iðu, um Skálholt til Biskupstungnabrautar hjá Spóastöðum.

Ed. 194. Breytingartillaga

við brtt. á þskj. 184 [Samvinnufélög].

Frá Brynjólfi Bjarnasyni.

Aftan við 2. tölul. bætist: enda eigi félagið kost á viðskiptum við S. Í. S.

Ed. 195. Lög

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að innheimta ýms gjöld 1939 með viðauka.

(Afgreidd frá Ed. 6. apríl).

Samhljóða þskj. 5.

Ed. 196. Lög

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að veita sérleyfi til fóðurmjölsvinnslu úr þangi.

(Afgreidd frá Ed. 6. apríl).

Samhljóða þskj. 87.

Ed. 197. Lög

um breyting á lögum nr. 28 13. jan. 1938 [Lax- og silungsveiði].

(Afgreidd frá Ed. 6. apríl).

Samhljóða þskj. 18.

Ed. 198. Nefndarálit

um frv. til l. um hafnargerð á Raufarhöfn.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin hefir athugað frv. þetta og borið það saman við hafnarlög, sem afgreidd hafa verið á undanförnum þingum. Er frv. að efni og formi að mestu samhljóða þeim lögum.

Nefndin mælir með því, að frv. verði samþykkt, en mun athuga til 3. umr. lítilsháttar breytingar.

Alþingi, 7. apríl 1938.

Ingvar Pálmason, form.,frsm.	Sigurjón Á. Ólafsson, fundaskr.	Jóhann Þ. Jósefsson.

Ed. 199. Nefndarálit

um frv. til l. um bráðabirgðatekjuöflun ríkissjóðs og jöfnunarsjóðs bæjar- og sveitarfélaga.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin lítur svo á, að ekki megi skerða þær tekjur ríkissjóðs, er hann hefir haft undanfarin ár, og ennfremur að sjá verði jöfnunarsjóði bæjar- og sveitarfélaga fyrir sömu tekjum á árinu 1939 eins og honum eru ætlaðar á þessu ári. Vill nefndin því mæla með samþykkt þessa frv. með nokkrum breytingum. Þó skrifar einn nefndarmanna (MJ) undir nál. með fyrirvara.

Snemma á þinginu kom fram brtt. (á þskj. 24) við síðustu málsgrein 2. gr. frv., frá þáverandi atvinnumálaráðherra (HG) þess efnis, að hluti bæjar- og sýslufélaga af „hátekjuskattinum" skyldi renna til byggingarsjóða samkvæmt lögum nr. 3 9. jan. 1935, um verkamannabústaði, og átti ákvæði þetta einnig að ná til þess skattauka, sem á væri lagður á þessu ári. Nefndin telur ekki fært að breyta þeim ákvæðum, sem um þetta efni gilda fyrir yfirstandandi ár. Hinsvegar lítur meiri hluti hennar (BSt og ErlÞ) svo á, að eins og nú er ástatt, muni vera réttara að verja fé þessu eftirleiðis til að styrkja sjálfsbjargarviðleitni manna í kaupstöðum og við sjávarsíðuna, heldur en að láta það renna beint til bæjar- og sveitarsjóða, og virðist það vel gerlegt nú sökum þess, að með stofnun jöfnunarsjóðs bæjar- og sveitarfélaga hefir bæjar- og sveitarsjóðum þeim, sem verst eru settir, verið séð fyrir allríflegri hjálp. Er því lagt til, að helmingur þess skattauka, sem lagður kann að verða á 6000 kr. skattskyldar tekjur eða þar yfir samkv. frv., renni til fiskimálasjóðs og sé honum varið til þess að lána sjómönnum og verkamönnum, sem gerast þátttakendur í félagi til togarakaupa samkv. lögum frá síðasta þingi, ⅓—½ af tilskildu framlagi þeirra, gegn tryggingum, er fiskimálanefnd metur gildar, en verði afgangur af þessum hluta skattaukans, renni hann til byggingarsjóðs verkamanna.

Nefndin telur sjálfsagt að leggja sem allra minnst gjöld á hverskonar framleiðslutæki og leggur því til, að skip og bátar verði færðir í þann vöruflokk, sem stimpla skal með 2%. Ennfremur þykir nefndinni rétt að lækka á sama hátt gjaldið af prentpappír, til þess að íþyngja ekki um of bóka- og blaðaútgáfu í landinu.

Skiptingu benzínskattsins hefir verið breytt í frv. frá núgildandi lögum, og er ekki að öllu leyti ljóst, hvaða ástæður liggja til þess. Frestar nefndin því að taka ákvörðun um þetta atriði til 3. umr., en mun þá athuga það nánar.

Samkv. þessu leggur nefndin til, að frv. verði samþ. með eftirfarandi

BREYTINGUM:

I. Við 2. gr. Síðasta málsgrein orðist svo:
Sá skattauki, sem lagður kann að verða á 6000 kr. skattskyldar tekjur eða þar yfir samkvæmt þessum lögum, skiptist í tvo jafna hluta, og skal öðrum hlutanum varið til þess, sem talið er í 1. gr., en hinn hlutinn skal renna til fiskimálasjóðs, og skal honum varið til þess að lána sjómönnum og verkamönnum, sem gerast þátttakendur í félagi til togarakaupa samkv. 5. gr. laga nr. 61 frá 31. des. 1937, ⅓—½ af tilskildu framlagi þeirra, gegn tryggingum, er fiskimálanefnd tekur gildar. Verði þessi hluti skattaukans ekki notaður að fullu samkvæmt framanrituðu, rennur afgangurinn til byggingarsjóðs samkvæmt lögum nr. 3 9. jan. 1935, um verkamannabústaði, í hlutfalli við skattauka þann, er innheimtur hefir verið í hverju bæjar- eða sveitarfélagi.

II. Við 3. gr.
1. Við 1. tölulið.
a. Á eftir „akkerisfestar" komi: bátar.

b. Á eftir „prjónavélar“ komi: prentpappír.
c. Á eftir „rúgur“ komi: skip.

2. Við 3. tölulið.
a. Á eftir „leirvarningur“ komi: línsterkja.
b. Orðið „stívelsi“ falli niður.

Alþingi, 6. apríl 1938.

Bernh. Stefánsson, form., frsm.	Erl. Þorsteinsson, fundaskr.	Magnús Jónsson, með fyrirv.

Ed. 200. Breytingartillaga

við brtt. á þskj. 188 [Vörugjald fyrir Vestmannaeyjakaupstað].

Frá Erlendi Þorsteinssyni.

Í stað „ársloka 1940“ komi: ársloka 1939.

Nd. 201. Frumvarp til laga

um vörugjald fyrir Vestmannaeyjakaupstað.

(Eftir 3. umr. í Ed.).

1. gr.

Til þess að standa straum af útgjöldum Vestmannaeyjakaupstaðar skal bæjarstjórn heimilt að leggja á vörur, sem fluttar verða til og frá Vestmannaeyjum, sérstakt vörugjald, er nemi allt að 50% af vörugjaldi til Vestmannaeyjahafnar eins og það er á hverjum tíma, og skal upphæð gjaldsins, innheimta og annað, er þurfa þykir, ákveðið með reglugerð, er bæjarstjórn semur og atvinnumálaráðherra staðfestir.

Undanþegnar gjaldi þessu eru vörur, sem innfluttar eru til stofnana eða einstakra manna, búsettra í öðrum héruðum, eða koma frá þeim til útflutnings, enda þótt settar séu á land í Vestmannaeyjum.

Gjald þetta má taka lögtaki.

Í reglugerð má ákveða, að vörur megi ekki afhenda eða afgreiða til útflutnings, nema sýnd sé kvittun fyrir greiðslu gjaldsins.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. jan. 1939 og gilda til ársloka 1940.

Ed. 202. Breytingartillaga

við frv. til l. um skipun nefndar til að rannsaka hag og rekstur togaraútgerðarinnar og gera tillögur um það mál.

Frá Brynjólfi Bjarnasyni.

Við 1. gr. Á eftir 1. málsgr. komi ný málsgr. svo hljóðandi:

Nefndin skal hafa sér til aðstoðar 1 háseta, 1 kyndara og 1 matsvein, sem starfa á togurum og Sjómannafélag Reykjavíkur tilnefnir.

Ed. 203. Frumvarp til laga

um veiting ríkisborgararéttar.

(Eftir 2. umr. í Ed.).

Ríkisborgararétt skulu öðlast:
Bertelsen, Andreas Jess, kaupmaður í Reykjavík, fæddur í Noregi.
Eide, Hans, kaupmaður í Reykjavík, fæddur í Noregi.
Haarde, Tomas, stöðvarverkstjóri í Reykjavík, fæddur í Noregi.
Halblaub, Ágúst, vélstjóranemi í Reykjavík, fæddur í Þýzkalandi.
Halblaub, Sólveig Jónsdóttir, verkakona á Akureyri, fædd hér á landi.
Isebarn, Ingólfur Hans Hermann, skrifstofumaður í Reykjavík, fæddur í Noregi.
Isebarn, Júliana Matthildur, skrifari í Reykjavík, fædd í Noregi.
Jensen-Brand, Helgi Carl, verkamaður í Reykjavík, fæddur í Canada.
Johansen, Kári Sölmundarson, verzlunarmaður á Akureyri, fæddur í Noregi.
Jónas Jónasson, verzlunarmaður í Reykjavík, fæddur hér á landi. — Réttur þessi tekur ekki til konu hans.
Kristján Halldórsson, verkamaður á Hólmavík, fæddur hér á landi.
Molvik, Jakob Andreassen, verkamaður á Akureyri, fæddur í Noregi.
Rasmussen, Gunnar Hans, námsmaður í Reykjavík, fæddur í Danmörku.
Weisshappel, Friedrich Karl Johanna, pianóleikari í Reykjavík, fæddur í Austurríki.

Nd. 204. Frumvarp til laga

um breytingar á lögum nr. 43 19. júní 1933, um stjórn vitamála og um vitabyggingar.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

1. gr.

7. gr. laganna orðist svo:

Vitamálastjóri gerir árlega tillögur og áætlun um fjárveitingar úr ríkissjóði til vitamála. Tillögur þessar skal hann gera í samráði við forstöðumann stýrimannaskólans í Reykjavík, forseta Fiskifélags Íslands og formann Farmannasambands Íslands. Skal þetta gert svo snemma, að ríkisstjórnin geti haft tillögurnar til hliðsjónar við samningu fjárlagafrumvarpsins.

2. gr.

Úr 8. gr. laganna falli orðin „ef ástæður ríkissjóðs leyfa".

3. gr.

9. gr. laganna verði svo hljóðandi:

Ráðherra lætur reisa vita þá, sem taldir eru hér á eftir, þegar fé er veitt til þess í fjárlögum:

Á Þjófakletti í Borgarfirði	ljósviti
— Borgareyjum	—
— Rauðanesi	—
— Þormóðsskeri	—
— Hjörsey á Mýrum	—
— Stapa	—
— Rifi á Snæfellsnesi	—
Við Grundarfjörð	—

Á Stórfiskaskeri við Hagabót	ljósviti
Undir Söðli við Skorarhlíð	—
Á Bjargtöngum	stækkun ljósvita
— —	radíóviti
— Vatneyri við Patreksfjörð	ljósviti
— Langanesi í Arnarfirði	—
— Þingeyri við Dýrafjörð	—
— Fjallaskaga við Dýrafjörð	—
— Flateyri við Önundarfjörð	—
— Sauðanesi	—
— Gelti	radíóviti
— —	hljóðviti
— Æðey	ljósviti
— Sléttu í Jökulfjörðum	—
— Aðalvík	—
— Hornbjargi	radíóviti
— —	hljóðviti
— Munaðarnesi	ljósviti
— Krossnesi	—
— Kaldrananesi	—
— Kjörseyri við Hrútafjörð	—
— Bálkastaðanesi	—
— Skagaströnd	—
— Kálfshamarsvík	stækkun ljósvita
— Skagatá	— —
— Reykjadisk við Skagafjörð	ljósviti
— Siglunesi	radíóviti
— Húsavíkurhöfða	ljósviti
— Snartarstöðum	—
— Grenjanesi	—
— Svínalækjartanga	—
— Langanesi	stækkun ljósvita
— —	radíóviti
— —	hljóðviti
— Digranesi	ljósviti
— Kolbeinstanga í Vopnafirði	—
— Skálanesi við Borgarfjörð	—
— Glettinganesi	hljóðviti
— Brimnesi við Seyðisfjörð	ljósviti
— Hellisnesi við Norðfjörð	—
— Grímutanga við Reyðarfjörð	—
— Selnesi á Breiðdalsvík	—
— Seley	—
— —	radíóviti
— —	hljóðviti
— Hafnarnesi	endurb. ljósvita
— Hvalsnesi	ljósviti
— Stokknesi	radíóviti
— Hestgerði	ljósviti
— Ingólfshöfða	stækkun ljósvita
— Stórhöfða	— —
— Faxaskeri	ljósviti
— Loftsstaðahól	—
— Hafnarnesi við Þorlákshöfn	—

Á Reykjanesi	hljóðviti
— Gróttu	radióviti
— —	hljóðviti

4. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi felld lög nr. 31 1937.

5. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

Sþ. 205. Tillaga til þingsályktunar

um athugun á því, hve há iðgjöld sé hæfilegt að greiða í lífeyrissjóði kennara og embættismanna.

Flm.: Sigurður Kristjánsson, Bergur Jónsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta fram fara rannsókn á því, hver iðgjöld sé hæfilegt að gera kennurum og embættismönnum að greiða í lífeyrissjóði þeirra, og að leggja fyrir næsta þing tillögur um breytingar á ákvæðum, er hér að lúta, ef athugun þessi leiðir í ljós, að slíkar breytingar séu réttmætar.

Greinargerð.

Lífeyrissjóðir kennara og embættismanna hafa vaxið mjög ört. Er það álit margra, að iðgjöld til þeirra hafi verið ákveðin óþarflega há. Ýmsir þeirra, sem tryggingarskyldir eru til sjóða þessara, hafa kvartað undan iðgjöldunum og óskað að flytjast með tryggingar sínar í lífeyrissjóð ríkisins.

Hvort sem látið verður að óskum þessara manna eða ekki, þykir rétt, vegna þeirra, sem héldu áfram að tryggja sig í þessum sjóðum, að ganga úr skugga um það, hvort iðgjöldin eru hæfileg eins og þau nú eru, eða hvort réttmætt sé að lækka þau. Þetta telja flutningsmenn ekki á annara færi en kunnáttumanna, og er því lagt til, að ríkisstjórnin láti framkvæma athugun þessa.

Nd. 206. Nefndarálit

um frv. til l. um mat á matjessíld og skozkverkaðri síld.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Frv. þetta er komið frá efri deild. Hefir nefndin athugað það og leggur til, að það verði samþykkt. Einstakir nefndarmenn áskilja sér rétt til að koma fram með brtt. eða fylgja brtt., sem fram kunna að koma.

Alþingi, 8. apríl 1938.

Finnur Jónsson, form., frsm.	Gísli Guðmundsson, fundaskr.	Sigurður Kristjánsson.
	Sig. Ein. Hlíðar.	Bergur Jónsson.

Nd. 207. Breytingartillaga

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 43 19. júní 1933, um stjórn vitamála og um vitabyggingar.

Frá Emil Jónssyni.

Við 3. gr. Á eftir „Reykjadisk við Skagafjörð ... ljósviti" komi ný lína:
Á Straumnesi í Skagafirði ... ljósviti.

Nd. 208. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 75 31. des. 1937, um fiskimálanefnd, útflutning á fiski, hagnýtingu markaða o. fl.

Flm.: Sigurður Kristjánsson.

1. gr.

Á eftir 3. tölulið 5. gr. laganna komi nýr töluliður, svo hljóðandi:
4. að styrkja félög sjómanna, verkamanna og annara til þess að kaupa vélbáta, með sömu skilyrðum sem í 3. lið segir, um styrk til togarakaupa.
Röð töluliða 5. gr. breytist skv. þessu.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

Greinargerð.

Samkvæmt lögum nr. 75 31. des. 1937 eru tekjur fiskimálasjóðs: Framlag ríkissjóðs 400 þús. kr. á ári og ½% af verðmæti útfl. fiskafurða, annara en síldarafurða. Sjóðnum eru þannig með lögunum tryggðar árlegar tekjur um eða yfir hálfa milljón króna. Fé sjóðsins skal m. a. verja til þess að styrkja félög til kaupa á nýtízku togurum með framlagi, er nemi allt af 25% af kaupverði skipanna, gegn 15—20% eigin framlagi þeirra, er styrksins eiga að njóta.

Ekkert félag hefir orðið til þess enn að sækja um þennan styrk, og má ætla, að ástæðan sé m. a. sú, að ekki hafi reynzt unnt að fá hið tilskilda framlag félaganna.

Komið hafa fram óskir um það, að félög, sem stofnuð yrðu til vélbátaútgerðar, nytu samskonar styrks úr fiskimálasjóði. Virðist óréttmætt að synja um það, ef tilskilið framlag er boðið fram á móti, en slíkt framlag ekki fáanlegt til togarakaupa, að minnsta kosti ekki hlutfallslega til móts við það, sem fiskimálasjóður mundi megnugur að veita í þessu augnamiði.

Ed. 209. Lög

um framlenging á gildi laga nr. 33 7. maí 1928, um skattgreiðslu h/f Eimskipafélags Íslands.

(Afgreidd frá Ed. 8. apríl).

Samhljóða þskj. 118.

Nd. 210. Breytingartillaga

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 43 19. júní 1933, um stjórn vitamála og um vitabyggingar.

Frá Bjarna Ásgeirssyni.

Við 3. gr. Í stað orðanna „Á Þjófakletti í Borgarfirði“ komi: Á Þjófakletti eða Miðfjarðarskeri í Borgarfirði.

Ed. 211. Frumvarp til laga

um byggingar- og landnámssjóð.

(Eftir 2. umr. í Ed.).

I. KAFLI
Um markmið sjóðsins.

1. gr.

Tilgangur sjóðsins er að stuðla að endurbyggingu íveruhúsa í sveitum og stofnun nýrra býla.

2. gr.

Sjóðurinn starfar í tveim deildum, sem heita byggingarsjóður og nýbýlasjóður.

II. KAFLI
Um byggingarsjóð.

3. gr.

Stofnfé sjóðsins er byggingar- og landnámssjóður eins og hann er nú.

Tekjur sjóðsins eru:

1. Vextir af útistandandi lánum.
2. Árlegt framlag úr ríkissjóði, 200 þúsund krónur.

4. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að taka lán, allt að 3 milljónum króna, hvort heldur er hér á landi eða erlendis, handa byggingarsjóðnum, til stuðnings þeirri starfsemi, sem honum er ætluð samkvæmt lögum þessum. Einnig er stjórn sjóðsins, með samþykki ríkisstjórnarinnar, heimilt að gefa út verðbréf, er innleysist á 30—40 árum, og sé gerð bréfanna, vextir og nánara fyrirkomulag um sölu þeirra ákveðið af ríkisstjórninni.

5. gr.

Stjórn Búnaðarbankans ákveður, hvað lagt skuli í varasjóð af tekjuafgangi þeim, sem verða kann samkvæmt árlegum reikningsskilum sjóðsins.

Af fé varasjóðs skal greiða tap, sem byggingarsjóður kann að verða fyrir.

6. gr.

Til tryggingar vaxtabréfum samkvæmt 4. gr. er:

1. Skuldabréf frá lántakendum.
2. Varasjóður byggingarsjóðs.

3. Höfuðstóll byggingarsjóðs.
4. Ábyrgð ríkissjóðs.

Ef taka þarf til tryggingarinnar, sé það gert í þeirri röð, sem hér er talin.

7. gr.

Lán úr sjóðnum eru eingöngu veitt til byggingar íbúðarhúsa í sveitum.

Lánin eru veitt með þessum skilyrðum:

1. Að lántakandi sé íslenzkur ríkisborgari og fullveðja.
2. Að hann sanni með síðustu skattaskýrslu sinni, staðfestri af skattanefnd, að hann eigi svo mikil efni sem nauðsynleg eru til búrekstrar á jörðinni, en geti ekki af eigin rammleik reist íbúðarhús á henni.
3. Að hann sanni með vottorði hreppstjóra, að jörðin liggi ekki undir skemmdum af völdum náttúrunnar.
4. Að húsin séu gerð úr varanlegu efni og gerð þeirra innan og utan samþykkt af stjórn sjóðsins.
5. Að sveitarstjórn telji jörðina svo vel í sveit setta, að ráðlegt sé að endurreisa bæjarhús á henni.
6. Að lögð sé fram stutt lýsing á bæjarhúsum umsækjanda, undirrituð af virðingarmönnum Brunabótafélags Íslands.
7. Að fyrir liggi frá trúnaðarmanni Búnaðarfélags Íslands yfirlýsing um, að húsið verði reist á hentugum stað, miðað við ræktun, vatnsból, síma, vegi o. s. frv.

8. gr.

Lán má veita gegn þessum tryggingum:

1. Gegn hverju því fasteignaveði, er stjórn sjóðsins tekur gilt.
2. Gegn afgjaldskvöð af býlum þeim, er lán er veitt til, enda sé býlið ekki veðsett með 1. veðrétti.
3. Gegn ábyrgð sýslu-, bæjar- eða hreppsfélaga, að áskildu lögmætu samþykki æðri stjórnarvalda.

9. gr.

Lánin veitast með þessum kjörum:

1. Vextir og afborganir af lánum séu ekki yfir 5% af allri lánsupphæðinni í 42 ár.
2. Lán þessi mega nema:
   a. Verði aðflutts byggingarefnis, að því leyti sem það er ekki greitt með byggingarstyrk. Þar til telst þó ekki sandur, mór, möl, steinn, torf, mosi eða önnur slík efni, þótt afla verði utan landareignarinnar.
   b. Allt að ⅔ hlutum af kaupi steinsmiða og trésmiða, er nauðsynlega þurfa að vinna að húsagerðinni.

Lán þessi mega þó ekki fara yfir 6 þúsund krónur til sama manns.

10. gr.

Lánin greiðir sjóðurinn út að jafnaði í þremur hlutum, þannig:

Fyrsta hluta þegar efni til byggingarinnar er allt keypt og komið á staðinn.

Annan hluta þegar byggingin er komin undir þak.

Þriðja og síðasta hluta þegar byggingin er fullgerð.

Skal hin útborgaða fjárhæð í hvert sinn miðuð við þann útborgaða hluta kostnaðar, sem lánshæðin fer eftir, samkv. 9. gr.

III. KAFLI

Um byggingarstyrk.

11. gr.

Ríkissjóður leggur árlega fram 125 þúsund krónur til að styrkja endurbyggingu íbúðarhúsa í sveitum. Styrkurinn sé óafturkræft framlag.

12. gr.

Skilyrði fyrir byggingarstyrk eru, að umsækjandi leggi fram skilríki samkv. ákvæðum 1.—7. tölul. 7. gr. og ennfremur skilríki fyrir:

1. Að sannað sé með vottorði hreppstjóra og héraðslæknis, að húsakynnin séu óhæf til íbúðar.
2. Að jörðin sé í sjálfsábúð eða falli undir ákvæði laga um erfðaábúð og óðalsrétt.
3. Að fasteignamat (millimat) bæjarhúsa sé ekki yfir 1500 krónur, ef jörðin er í sjálfsábúð.
4. Að landverð jarðar í opinberri eign fari ekki yfir 8000 krónur.

Framlagið til hvers býlis má vera 500—1500 krónur. Þó aldrei meira en ⅓ af kostnaðarverði hússins. Til íbúðarhúsbygginga, þar sem um lán og styrk er að ræða, má láns- og styrkupphæðin samtals ekki fara yfir 6000 krónur til hvers býlis.

Lokagreiðsla fer fram þegar fullnaðarreikningur er kominn yfir byggingarkostnaðinn.

13. gr.

Nýbýlastjórn ákveður, hvaða jarðir skulu verða aðnjótandi þess framlags til bygginga, er um ræðir í lögum þessum, og ákveður upphæðina til hvers býlis. Getur hún krafizt allra þeirra upplýsinga, sem hún telur nauðsynlegar, og sett þau skilyrði um byggingarnar, sem hún telur þurfa til að tryggja það, að þær komi að sem fyllstum notum.

IV. KAFLI

Um nýbýli og samvinnubyggðir.

14. gr.

Ríkið vinnur að því að skapa skilyrði til þess, að sem mest af árlegri fólksfjölgun þjóðarinnar eigi kost á að fá býli í sveitum til ábúðar, þar sem landbúnaður verði stundaður sem aðalatvinnuvegur. Veitir ríkið þann stuðning við stofnun býlanna, að stofnverð þeirra verði ekki meira en það, að meðalfjölskylda geti haft þar sæmileg afkomuskilyrði samkvæmt því, sem ákveðið er í lögum þessum.

15. gr.

Nýbýli nefnist í lögum þessum hvert það býli, sem reist er hér á landi eftir að lög þessi öðlast gildi og þar sem landbúnaður er rekinn sem aðalatvinnugrein, enda fái hið nýja býli útskipt land með ákveðnum landamerkjum, eftir því sem við á og þörf krefur.

Til nýbýla má stofna, hvort sem vill með því að reisa það í óræktuðu landi, eða skipta túni heimajarðarinnar til beggja eða allra býlanna. Þegar jörð er skipt í nýbýli, skal þess gætt, að hvert býlið um sig hafi svo mikið landrými, að áliti nýbýlastjórnar, að nægi meðalfjölskyldu til framfæris, miðað við þann búrekstur, sem fyrirhugaður er á hverjum stað. Jörð, sem lagzt hefir í eyði áður en lög þessi öðlast gildi og ekki eru á nothæf hús fyrir fólk eða fénað, og sem tekin er til endurbyggingar og ræktunar, telst nýbýli.

16. gr.

Heimilt er eiganda jarðar að stofna til nýbýla á þann hátt, að landnot séu að nokkru eða öllu leyti sameiginleg fyrir heimajörðina og nýbýlið, enda samþykki nýbýlastjórn ríkisins, að svo sé.

Því aðeins er þetta þó heimilt, að nægileg hús fyrir fólk og fénað séu til á jörðinni eða verði reist þar til afnota fyrir bæði býlin. Óheimilt er eigendum þessara jarða að sameina býlin aftur, en sé það þó gert, er styrkur ríkisins endurkræfur, og er nýbýlið til tryggingar þeirri greiðslu.

17. gr.

Samvinnubyggðir nefnast í lögum þessum minnst 5 býli, sem reist eru í sama hverfi, þar sem framkvæmdir allar við byggingu býlanna hafa verið gerðar eftir fyrirfram ákveðnu skipulagi.

18. gr.

Ef nýbýlafélög eða einstaklingar, sem eigi ætla að gerast ábúendur á nýbýlinu, vinna að því að koma þeim upp, skulu slík nýbýli afhent væntanlegum ábúendum við kostnaðarverði, að frádregnum ríkissjóðsstyrknum. Ef slík nýbýli eru leigð um stundarsakir, skal leigan metin þannig, að ekki sé tekin leiga af framlagi ríkissjóðs til býlisins. Verði ágreiningur um leigumála, skal leigan metin af úttektarmönnum hlutaðeigandi hrepps.

19. gr.

Heimilt er hverjum jarðareiganda að byggja fleiri en eitt nýbýli á landi jarðar sinnar, ef ákvæðum 15. gr. um lágmarksstærð býlanna er fylgt. Þó getur enginn, er reisa vill nýbýli, notið þess stuðnings, sem ríkið veitir, nema nýbýlastjórn samþykki hið nýja býli og fram hafi farið sú rannsókn, sem um getur í 20. gr.

20. gr.

Áður en ráðizt er í framkvæmdir til stofnunar nýbýla eða samvinnubyggða, fari fram rannsókn á allri aðstöðu, og sérstaklega á eftirtöldum atriðum:

1. Að náttúruskilyrði og aðstaða til markaðs og samgangna sé svo hagstæð, að líklegt sé, að framleiðslan beri sig.
2. Að land til býlanna geti fengizt með hæfilegu verði.
3. Á efni til húsagerðar o. fl.
4. Hvort skilyrði séu til nýtingar jarðhita eða virkjunar vatnsorku.

Stjórn nýbýlamála.

21. gr.

Atvinnumálaráðuneytið (landbúnaðarráðherra) skal hafa með höndum yfirstjórn allra nýbýlamála í landinu.

22. gr.

Landbúnaðarráðherra skipar nýbýlastjóra og getur falið það starf búnaðarmálastjóra, eða bankastjóra Búnaðarbanka Íslands. Nýbýlastjóri sér um og hefir með höndum allar framkvæmdir í nýbýlamálum.

Laun nýbýlastjóra ákveður ráðherra, unz þau verða ákveðin í launalögum. Reiknast þau ásamt þóknun til nýbýlanefndar með kostnaði við nýbýli.

23. gr.

Landbúnaðarráðherra skipar þriggja manna nýbýlanefnd til þriggja ára í senn, og skal einn þeirra skipaður formaður. Hún skal vera ráðgefandi um allar framkvæmdir og gera tillögur um, hvaða nýbýli njóta styrks ár hvert. Nefndarmenn fá þóknun fyrir starf sitt, er landbúnaðarráðherra ákveður, þó ekki yfir kr. 500 til hvers.

24. gr.

Skylt er Búnaðarfélagi Íslands að láta starfsmenn sína aðstoða nýbýlastjóra í störfum hans, eftir því sem þörf krefur og um semst milli þess og landbúnaðarráðherra.

Um réttindi og skyldur ábúenda.

25. gr.

Sá, er reisa vill nýbýli í landi jarðar sinnar, eða vill láta af höndum land til nýbýlastofnunar, sendir nýbýlastjórn ríkisins tillögur sínar. Nýbýlastjórn lætur at-

huga alla aðstöðu til nýbýlastofnunar á staðnum, ef það hefir ekki verið gert áður, og úrskurðar síðan, hvort hann sé hæfur fyrir nýbýli.

26. gr.

Hinu nýja landnámi sé komið í framkvæmd á þann hátt, sem hér segir:

a. Nýbýli byggð í landi, sem nýbýlingur á sjálfur, eða trygging er fyrir, að hann eignist samkvæmt ákvæðum 18. gr. Býlin reisa eigendur jarða eða nýbýlingar sjálfir, eftir því sem um semst við nýbýlanefnd og undir eftirliti nýbýlastjóra.

b. Nýbýli reist í landi ríkis, bæjar- eða sveitarfélaga. Þeir menn, sem hafa í hyggju að reisa slík nýbýli, senda nýbýlastjórn umsókn um það. Uppfylli umsækjendur ákvæði 30. gr., gerir nýbýlastjóri samning við þá um framkvæmd verksins, og skal þar meðal annars ákveða, hvenær verkinu skuli í síðasta lagi lokið og á hvern hátt það sé unnið. Framkvæmd þess hluta verksins, sem styrkur er miðaður við, má þó ekki standa lengur yfir en 5 ár.

Þegar ráðstafað er landi sveitar- eða bæjarfélags til nýbýla eða samvinnubyggða, og skipulagðar framkvæmdir við stofnun þeirra, verður nýbýlastjóri að fá samþykki hlutaðeigandi sveitar- eða bæjarstjórnar fyrir ákvörðunum sínum.

c. Samvinnubyggðir, reistar í landi ríkis, bæjar, sveitar eða nýbýlafélaga.

Um undirbúning framkvæmdanna gilda eftirfarandi ákvæði:

1. Allar nauðsynlegar rannsóknir til undirbúnings stofnunar samvinnubyggða hafi verið framkvæmdar samkvæmt 20. gr.
2. Áður en hafizt er handa um stofnun samvinnubyggða, skal nýbýlastjóri tryggja það, eftir því sem hann telur þurfa, að nægilega margir ábúendur í væntanlegri samvinnubyggð séu reiðubúnir að mynda félag og gera með sér samþykkt samkvæmt 28. gr.
3. Væntanlegir ábúendur í samvinnubyggðum skulu, eftir því sem um semst og unnt er, vinna að stofnun býlanna. Teljast slík vinnuframlög sem hluti af því, er þeim ber að leggja fram sem stofnverð.
4. Nýbýlastjóri og nýbýlanefnd ákveða býlafjölda í hverri samvinnubyggð, hversu mikið land skuli fylgja hverju býli, í samráði við ábúendur, svo og hverskonar búskapur skuli aðallega stundaður á býlunum.
5. Nýbýlanefnd og nýbýlastjóri ákveða gerð húsa og skipulag byggðarinnar. Skylt er að leggja uppdrætti að húsum og skipulagsuppdrátt samvinnubyggðar undir álit stjórnar þess samvinnubyggðafélags, sem við byggðinni á að taka, og ber að taka til greina tillögur hennar, að svo miklu leyti sem mögulegt er. Nánari ákvæði um þessi atriði skulu sett með reglugerð.

27. gr.

Landbúnaðarráðherra er heimilt að veita félögum, er hafa að markmiði að reisa samvinnubyggðir, svo og bæjar- eða sveitarfélögum, sem vilja koma upp nýbýlum eða samvinnubyggðum í löndum sínum, rétt til þess að gera það. Slík félög verða að uppfylla þau skilyrði og hlíta þeim fyrirmælum, sem nýbýlastjórn ríkisins setur þeim um framkvæmd verksins.

28. gr.

Allir þeir, sem ætla að gerast ábúendur í væntanlegri samvinnubyggð, skulu mynda með sér félag, er nefnist samvinnubyggðafélag. Félagsmenn skulu setja sér samþykkt í samræmi við lög þessi, og skal hún, til þess að öðlast gildi, vera staðfest af landbúnaðarráðherra eftir tillögu nýbýlanefndar.

Í samþykkt samvinnubyggðafélags skal ákveða, hvort rekinn skuli einstaklingsbúrekstur eða samvinnubúrekstur í byggðinni. Nánari fyrirmæli um undirbúning og setningu samþykkta samvinnubyggðafélags skulu sett með reglugerð.

29. gr.

Tilgangur samvinnubyggðafélaga er:

1. Að kaupa eða leigja land fyrir væntanlega samvinnubyggð og annast undirbúning og framkvæmdir við að koma henni upp, svo og að annast lántökur til þeirra framkvæmda, samkv. 35. gr., og skal ákveða nánar um þessi atriði í samþykkt félagsins.
2. Að koma á fót rafvirkjun eða mannvirkjum til hagnýtingar á hveraorku, eða öðrum mannvirkjum til sameiginlegra afnota fyrir félagsmenn og annast rekstur þeirra.

30. gr.

Skilyrði til þess, að umsækjandi geti fengið aðstoð ríkisins við stofnun nýbýlis eða fengið ábúðarrétt á nýbýli, sem stofnað er eftir lögum þessum, eru þessi:

1. Að hann eigi ekki og hafi ekki árlangt átt aðra jörð eða býli, sem fjölskylda geti haft lífsframfæri af.
2. Að hann, að dómi nýbýlanefndar, sé svo efnum búinn, að hann geti lagt fram sinn hluta af stofnkostnaði býlisins og rekið bú á því, en sé þó ekki svo efnum búinn, að hann geti byggt býlið af eigin rammleik.
3. Að hann hafi þá þekkingu á búnaði, sem nauðsynlegt verður að teljast, að dómi nýbýlanefndar, og hafi starfað við landbúnað minnst 2 ár.

31. gr.

Um nýbýli, sem eru í einkaeign, en hafa hlotið styrk frá ríkinu samkvæmt lögum þessum, gilda eftirfarandi ákvæði:

1. Skylt er að tilkynna nýbýlastjóra, ef nýbýli eru seld, og er kaupsamningur því aðeins gildur, að nýbýlanefnd samþykki hann.
2. Ekki má selja býli þessi meira en nemur fasteignamatsverði, að frádregnum hinum óafturkræfu framlögum ríkisins til þeirra, þar með talinn jarðræktarstyrkur, en að viðbættu virðingarverði þeirra framkvæmda, sem gerðar hafa verið frá því að síðasta fasteignamat fór fram.
3. Þegar býlin skipta um eigendur við erfðaskipti, skal mat á þeim háð sama eftirliti og um sölu væri að ræða.
4. Ekki má veðsetja þann hluta af matsverði býlanna, er svarar til þess styrks, sem ríkið hefir til þeirra lagt.

32. gr.

Þau nýbýli, sem ekki eru í einkaeign, skulu byggð samkvæmt lögum um erfðaábúð og óðalsrétt.

33. gr.

Ef nýbýli í einkaeign kemst í niðurníðslu, að dómi nýbýlanefndar, þannig að húsum og mannvirkjum er eigi viðhaldið, er styrkur ríkisins til stofnunar býlisins endurkræfur, og má þá selja býlið til lúkningar honum, ef þörf krefur.

Um framlög ríkissjóðs og lán til nýbýla og samvinnubyggða.

34. gr.

Til ræktunar nýbýlis, sem stofnað er eftir lögum þessum, svo og til bygginga á því, má verja allt að 3500 kr. í styrk á hvert býli. Þó skal styrkur aldrei vera hærri en það, að hann nemi $^{7}/_{17}$ af stofnkostnaði býlisins. Styrkur ríkisins greiðist eftir því sem um semst milli nýbýlanefndar og þess, er nýbýlið reisir, með vinnu eða peningum, og greiðist eftir því sem framkvæmd við byggingar og nýrækt miðar áfram, en þó aldrei fyrr til nýbýla, sem eru í einkaeign, en byrjað er á byggingum.

35. gr.

Stofnuð skal lánadeild, er nefnist nýbýlasjóður. Hún skal veita lán til að reisa nýbýli og samvinnubyggðir. Nýbýlasjóður hefir heimild til að gefa út verðbréf, er innleysist á 20—40 árum, og skal gerð bréfanna og nánara fyrirkomulag um sölu þeirra ákveðið af ráðuneytinu með reglugerð. Bréfin skulu tryggð með ábyrgð ríkissjóðs.

36. gr.

Úr nýbýlasjóði skal veita lán til stofnunar nýbýla, og má það vera allt að 3500 kr. á býli, og þó aldrei yfir 7/17 af stofnkostnaði býlisins. Lánin skulu veitt gegn 1. veðrétti í býlinu, sé landið óveðsett, ella með síðari veðrétti og uppfærslurétti.

Á undan láni nýbýlasjóðs má aðeins hvíla:

a. Hæfilegt kaupverð ræktaðs lands býlisins, að dómi nýbýlastjórnar, og þó aldrei yfir 1500 kr., og
b. 50% af verðmæti varanlegra mannvirkja, er landinu kann að fylgja, og skal lán úr nýbýladeild vera þeim mun lægra, er slíku láni nemur, þannig, að það ásamt láni úr nýbýlasjóði fari ekki fram úr 3500 kr.

Lán nýbýlasjóðs afborgast á 20—40 árum, eftir gerð húsa. Vextir af þeim séu ekki hærri en greiða þarf af verðbréfum, sem sjóðurinn gefur út.

37. gr.

Með hvers árs fjárlögum skal ákveðið, hve mikið fé sé lagt til stofnunar nýbýla á komandi ári. Skal þá nýbýlanefnd gera tillögur um, hvaða umsækjendur skuli sitja fyrir um styrk og hvernig honum skuli skipt milli þeirra. Á sama hátt gerir nýbýlanefnd tillögur til stjórnar Búnaðarbankans um lánveitingar úr nýbýlasjóði. Tillögur nefndarinnar um styrkveitingu til nýbýla skal leggja fyrir landbúnaðarráðherra, sem tekur um þær fullnaðarákvarðanir í samráði við nýbýlastjóra.

38. gr.

Ábúendur allra nýbýla og samvinnubyggða, sem stuðnings njóta samkvæmt lögum þessum, skulu greiða fyrningargjald af íbúðarhúsum býlisins. Fyrningargjaldið miðast við varanleik húsanna og er ákveðið af nýbýlastjórn í eitt skipti fyrir öll sem jafnt hundraðsgjald, og skal það ekki vera yfir 1% af kostnaðarverði þeirra.

Fyrningargjaldið skal lagt í sjóð, er nefnist endurbyggingarsjóður nýbýla og samvinnubyggða. Sjóðinn skal ávaxta í nýbýlasjóði, og annast sýslumenn innheimtuna á manntalsþingum, og fylgir gjöldunum lögtaksréttur.

Hvert nýbýli og hver samvinnubyggð hefir sérreikning í sjóðnum og á tilkall til séreignar sinnar, þegar endurreisa þarf hús býlisins.

Að fengnum tillögum nýbýlastjóra, setur landbúnaðarráðherra með reglugerð nánari fyrirmæli um sjóðinn.

39. gr.

Nýbýlastjóri skal halda skýrslu yfir nýbýli og samvinnubyggðir, sem reistar verða samkvæmt lögum þessum. Skal nákvæmlega skýrt frá stofnkostnaði hvers býlis, hvað ríkið hefir veitt til þeirra sem styrk, um allar lántökur vegna þeirra og um eigin framlög nýbýlinga.

Árlega skal færa í skýrslur þessar allar ársgreiðslur býlanna af lánum sínum. Þá skal og nýbýlastjóri afla sér þeirra upplýsinga, sem unnt er, um rekstrarafkomu hvers býlis.

Í því skyni getur nýbýlastjóri lagt þá kvöð á nýbýlinga, að halda einfalda rekstrarreikninga um afkomu búa sinna, eftir reikningsfyrirmyndum, sem nýbýlastjórn gefur út.

Heildarskýrslur um þessi efni er nýbýlastjórn heimilt að birta öðruhverju.

V. KAFLI
Um teiknistofu.

40. gr.

Stofna skal sérstaka teiknistofu, er nefnist teiknistofa landbúnaðarins.

41. gr.

Verkefni teiknistofunnar er að gera uppdrætti að húsum, sem lán eða styrkur er veittur til úr byggingar- og landnámssjóði, nýbýlasjóði, ræktunarsjóði eða öðrum opinberum sjóðum, sem til eru eða stofnaðir kunna að verða að tilhlutun ríkisins til að veita lán eða styrki til húsagerðar í sveitum. Skal það vera skilyrði fyrir lánum eða styrkveitingum úr slíkum sjóðum, að teiknistofan hafi gert eða samþykkt uppdrætti að húsunum.

42. gr.

Teiknistofan skal láta gera uppdrætti að einföldum og ódýrum húsgögnum, hentugum fyrir alþýðu til sveita og við sjó. Heimilt er teiknistofunni að leita aðstoðar íslenzkra listamanna og smíðameistara utan stofnunarinnar um gerð húsgagna, til að fá þau sem smekklegust og í þjóðlegum stíl. Allir, sem rétt hafa til lána úr sjóðum þeim, er um ræðir í 41. gr., svo og stjórnir byggingarfélaga verkamanna og samvinnubyggðafélaga, skulu endurgjaldslaust fá teikningar af húsgögnum, eftir því sem teiknistofan getur í té látið.

43. gr.

Nú verður komið á fót verkstæðum við bændaskóla, héraðsskóla eða annarsstaðar til þess að annast smíði á húsgögnum, hentugum fyrir alþýðu, og skal þá teiknistofan veita verkstæðum þessum alla nauðsynlega aðstoð, svo að þau geti komið að sem almennustum notum við smíði húsgagna

44. gr.

Teiknistofan skal veita bændum leiðbeiningar um byggingarkostnað, efnisval og annað, er við kemur húsagerð. Hún skal gefa út handbók með almennum leiðbeiningum í þessum efnum og fyrirmyndar uppdráttum að húsum og húsgögnum. Teiknistofunni ber að fylgjast með erlendum og innlendum nýjungum í húsagerð, rannsaka þær og gera tilraunir með það, er til framfara mætti verða í gerð og notkun húsa, eftir því sem við verður komið.

45. gr.

Landbúnaðarráðherra skipar forstöðumann teiknistofunnar og ákveður laun hans, unz þau verða ákveðin í launalögum. Forstöðumaður annast stjórn teiknistofunnar, í samráði við stjórn Búnaðarbanka Íslands og nýbýlastjórn. Forstöðumaður ræður sér menn til aðstoðar, að fengnu samþykki stjórnar Búnaðarbanka Íslands.

46. gr.

Kostnaður við rekstur teiknistofunnar greiðist úr sjóðum þeim, er lán eða styrki veita til húsabygginga í sveitum, sbr. 41. gr. Greiðsla hvers sjóðs skal ákveðin af landbúnaðarráðherra í sem réttustu hlutfalli við það fjármagn, sem sjóðurinn veitir til byggingana.

VI. KAFLI
Um viðhaldsskyldu, söluskilyrði o. fl.

47. gr.

Skylt er ábúanda að halda vel við byggingum þeim, sem lán eða styrkur hefir verið veitt til frá byggingar- og landnámssjóði. Trúnaðarmenn, er stjórn hans skipar,

2 eða fleiri í hverjum hreppi, skulu hafa eftirlit með viðhaldi bygginganna og tilkynna stjórn sjóðsins, ef því er í einhverju ábótavant.

48. gr.

Nú verða ábúendaskipti með sölu að fasteign, sem stendur í skuld við byggingar- og landnámssjóð, eða hefir fengið styrk frá honum, og er þá enginn kaupsamningur gildur um eignina, nema með árituðu samþykki sjóðsstjórnarinnar. Söluverð slíkrar fasteignar má ekki vera hærra en síðasta fasteignamat sýnir, að viðbættu virðingarverði þeirra mannvirkja, er unnin hafa verið frá því er síðasta fasteignamat fór fram. Þó skal frá því draga nýbýlastyrk, eða byggingarstyrk, ef veittur hefir verið til hlutaðeigandi jarðar, en gæta þess, ef jörðin í heild hefir fallið í verði frá því styrkurinn var greiddur, að verðfallið sé þá einnig reiknað hlutfallslega á styrknum. Mat sker úr um þetta atriði, ef ágreiningur verður.

Ef um opinbera eign er að ræða, ber að leigja hana samkvæmt lögum um erfðaábúð og óðalsrétt, en ella má eftirgjaldið ekki vera hærra en 5% landverðs, að viðbættum 4% húsaverðs, að frádregnum styrk, allt miðað við síðasta fasteignamat og virðingarverð umbóta, er síðan hafa verið gerðar.

Ef fasteign er seld eða leigð hærra en hér segir, fellur lán það, er á eigninni hvílir, í gjalddaga fyrirvaralaust, enda er þá og heimilt að krefja eiganda um endurgreiðslu á veittum byggingarstyrk, að nokkru eða öllu leyti, eftir mati.

Matsgerðir þær, er um ræðir í grein þessari, skulu framkvæmdar af 2 dómkvöddum mönnum.

49. gr.

Landbúnaðarráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði, er nauðsynleg þykja um framkvæmd laga þessara.

50. gr.

Um endurskoðun byggingar- og landnámssjóðs, starfsskýrslu o. fl. fer eins og fyrir er mælt í lögum nr. 31 14. júní 1929, um Búnaðarbanka Íslands.

51. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi felld lög nr. 35 7. nóv. 1928, um byggingar- og landnámssjóð, og breyting á þeim lögum, nr. 54 8. sept. 1931, lög nr. 25 1. febr. 1936, um nýbýli og samvinnubyggðir, og breyting á þeim lögum, nr. 97 23. júní 1936, og lög nr. 40 13. júní 1937, um framlög ríkisins til endurbygginga á sveitabýlum.

52. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Bráðabirgðaákvæði.

Þar til ákvæði 11. og 12. gr. laga nr. 87 frá 1933, um húsabótaskyldu landsdrottins, koma til framkvæmda, er heimilt að veita ábúendum á jörðum, sem eru í einkaeign, styrk samkvæmt III. kafla laga þessara, enda nái ákvæði 47. og 48. gr. laganna til slíkra jarða.

Ed. 212. Breytingartillaga

við frv. til l. um byggingar- og landnámssjóð.

Frá Páli Zóphóníassyni.

Við 13. gr. Aftan við 1. málsl. komi nýr málsl., er orðist svo:

Þó skulu þeir umsækjendur að öðru jöfnu ganga fyrir, er orðið hafa fyrir verulegu tjóni á húseignum sínum, vegna óviðráðanlegra orsaka, svo sem jarðskjálfta, bruna, stórviðra o. s. frv.

Ed. 213. Breytingartillaga

við frv. til l. um bráðabirgðatekjuöflun ríkissjóðs og jöfnunarsjóðs bæjar- og sveitarfélaga.

Frá Þorsteini Þorsteinssyni.

Við 4. gr. Í stað „g. til Steingrímsfjarðarheiðarvegar ... allt að 12000 kr.“ komi:
g. Til Stykkishólmsvegar ..... allt að 6000 kr.
h. — Suðurdalavegar ..... — — 6000 —

Ed. 214. Frumvarp til bifreiðalaga.

(Eftir 2. umr. í Ed.).

I. KAFLI
Almenn ákvæði.

1. gr.

Bifreið nefnist í lögum þessum sérhvert ökutæki, sem knúið er áfram með aflvél í ökutækinu sjálfu og eigi rennur á spori.

Undanþegin lögunum eru þau vélknúin ökutæki, sem eingöngu eru notuð við jarðyrkju eða vegavinnu, þó eigi vatnsbifreiðar. Einnig eru undanþegnir pallvagnar á lágum hjólum, sem notaðir eru til vöruflutninga að og frá skipi. Enginn má stjórna slíkum ökutækjum, nema hann sé fullra 18 ára að aldri. Að öðru leyti getur dómsmálaráðherra ákveðið með reglugerð, hvort frekari skilyrða skuli krafizt, svo og um akstur og notkun ökutækja þessara.

Rísi ágreiningur um það, hvort ökutæki sé háð ákvæðum þessara laga eða þeim reglum, er settar verða samkvæmt þeim, úrskurðar dómsmálaráðherra endanlega um málið, en leita skal áður umsagnar fjármálaráðuneytisins, sé um afgjaldsskyldu að ræða.

Lögreglubifreiðar, slökkviliðsbifreiðar og sjúkrabifreiðar eru undanþegnar ákvæðum laga þessara um hámarkshraða, en dómsmálaráðherra getur ákveðið, að þessar bifreiðar skuli nota ákveðin einkenni og merki og jafnframt bannað öðrum bifreiðum notkun þeirra. Ennfremur getur dómsmálaráðherra undanþegið þessar og fleiri tegundir bifreiða í opinberri þjónustu ákvæðum laga þessara með þeim skilyrðum, er hann telur nauðsynleg.

Bifreiðar, sem í einstökum tilfellum eru notaðar til flutnings sjúkra eða slasaðra, eða annars slíks flutnings, er ekki þolir bið, eru, meðan þær eru í þeirri notkun, undanþegnar ákvæðum þessara laga og reglna, sem samkvæmt þeim kunna að verða settar um hámarkshraða, svo og um takmarkanir á akstri á ákveðnum tíma og vegum, en sá, er notar bifreið þannig, skal innan sólarhrings í síðasta lagi tilkynna lögreglunni aksturinn. Meðan bifreið er notuð samkvæmt þessari heimild, skal til viðvörunar hvít veifa fest á áberandi stað framan á bifreiðina.

2. gr.

Sérhver bifreið skal svo gerð, að af notkun hennar leiði ekki óþarfa hávaða, reyk, gufu eða óþef.

Heimilt er að nota bifreið til þess að draga aðra bifreið bilaða. Dómsmálaráðherra getur ennfremur með reglugerð heimilað, með þeim skilyrðum, sem nauðsynleg þykja, að bifreiðar séu notaðar til þess að draga vélalausa flutningsvagna

og óskrásettar bifreiðar. Ákvæði laga þessara gilda um ökutæki þau, sem dregin eru, eftir því sem við á.

3. gr.

Ráðherra sá, er fer með vegamál, ákveður með reglugerð, að fengnum tillögum vegamálastjóra, hver megi vera mesta þyngd hlaðinnar bifreiðar, svo og vagns, sem bifreið dregur. Binda má hámarksþyngd við akstur á nánar tilteknum vegarköflum, miðað við burðarþol vega og brúa.

Vegamálaráðherra getur, að fengnum tillögum hlutaðeigandi bæjarstjórnar eða sýslunefndar og vegamálastjóra, að því er snertir vegi utan kaupstaða og kauptúna, takmarkað eða bannað umferð bifreiða á götum, vegum eða vegarköflum, með öllu eða um tiltekinn tíma, ef slík umferð telst hættuleg eða vera til sérlegra óþæginda.

4. gr.

Vegamálaráðherra getur, að fengnum tillögum vegamálastjóra, sett reglur um gerð hjólbarða, er nota megi á bifreiðum.

5. gr.

Í hverri bifreið skulu vera traust stjórntæki, og skal auðvelt að hafa með þeim fullt vald yfir bifreiðinni.

Í hverri bifreið skulu hemlar vera svo gerðir og ætíð í því ástandi, að stöðva megi bifreiðina tryggilega og fljótt.

6. gr.

Á hverri bifreið skal vera horn til þess að gefa með hljóðmerki. Skal vel og haganlega um það búið og það gefa frá sér skýrt og þægilegt hljóð.

7. gr.

Á bifreiðum skulu vera ljósker, er séu tendruð frá því hálftími er liðinn frá sólsetri og þangað til hálftími er til sólaruppkomu, og einnig í þoku.

Á fjórhjóla bifreiðum skulu vera tvö framljósker og minnst eitt afturljósker. Framljóskerin skulu hafa hvítt eða daufgult ljós og bæði sama ljósmagn. Þau skulu vera sitt til hvorrar hliðar framan á bifreiðinni og lýsa akbrautina framundan nægilega til þess að skapa nauðsynlega yfirsýn fyrir ökumanninn og sett og stillt þannig, að geislar þeirra valdi sem minnstum óþægindum þeim vegfarendum, er á móti koma. Afturljóskerið skal sýna rautt ljós beint aftur, en lýsa jafnframt aftara skrásetningarmerki bifreiðarinnar nægjanlega með hvítu ljósi.

Um ljóskerið má ekki búa svo, að hægt sé að slökkva á því frá ökumannssætinu eða inni í bifreiðinni, á meðan ljós er á framljóskerunum.

Dragi bifreiðin einn eða fleiri vagna, skal afturljós vera á vagninum, sem dreginn er, og séu þeir fleiri en einn, þá á þeim aftasta.

Á tvíhjóla bifreiðum (bifhjólum) skal vera eitt framljósker með hvítu eða daufgulu ljósi, er lýsi akbrautina nægjanlega og á þann hátt, sem segir í 2. mgr., og eitt afturljósker, er sýni rautt ljós beint aftur, en lýsi skrásetningarmerki bifreiðarinnar með hvítu ljósi.

Dómsmálaráðherra getur sett nánari reglur um ljósaumbúnað bifreiða og um notkun fleiri ljóskera, ef þörf þykir.

8. gr.

Dómsmálaráðherra getur með reglugerð ákveðið, að á vöru- og mannflutningabifreiðum skuli vera spegill, og sé honum þannig fyrir komið, að ökumaðurinn geti séð í honum umferðina fyrir aftan bifreiðina.

9. gr.

Í sérhverri fjórhjóla bifreið skal vera hraðamælir, er sýni hraða bifreiðarinnar og farna vegalengd á hverjum tíma.

10. gr.

Stýri, hemlar og tæki til að gefa merki með skulu þannig gerð og þeim svo fyrir komið, að þau séu auðveld í notkun. Skal ökumaðurinn geta beitt þeim án þess að beina athyglinni frá akbrautinni eða umferðinni.

11. gr.

Bifreiðar skulu svo gerðar, að þær geti farið eftir kröppum bugum og auðvelt sé að snúa þeim. Sé bifreið þyngri en 350 kg., skal aflvélin geta knúið hana aftur á bak sem áfram.

12. gr.

Ekki má nota breiðari bifreiðar en svo, að mesta breidd þeirra utanmáls sé 192 cm. Þó getur vegamálaráðherra, að fengnum tillögum vegamálastjóra, veitt undanþágu frá þessu.

13. gr.

Í hverri bifreið skal vera spjald með áletrun, er sýni framleiðsluverksmiðju og framleiðslunúmer bifreiðarinnar.

II. KAFLI

Um tilkynningu, skoðun og skrásetningu bifreiða.

14. gr.

Sérhver bifreiðareigandi (umráðamaður bifreiðar) skal senda lögreglustjóranum í því umdæmi, sem hann er búsettur í, tilkynningu um bifreið sína, áður en hún er tekin í notkun.

Er lögreglustjóri hefir fengið tilkynningu um bifreið, lætur hann eftirlitsmann bifreiða, er dómsmálaráðherra skipar, framkvæma skoðun á bifreiðinni, og sker hann úr um það, hvort hún fullnægi kröfum þessara laga og reglugerða, er settar kunna að verða samkvæmt þeim, og yfirleitt, hvort bifreiðin er þannig byggð og gerð, að notkun hennar sé hættulaus.

Fullnægi bifreiðin, að áliti eftirlitsmanns, settum reglum, skrásetur lögreglustjóri bifreiðina. Til skrásetningar bifreiða heldur lögreglustjóri sérstaka bók, bifreiðaskrá, og skráir í hana nauðsynlegar upplýsingar um bifreiðina og eiganda hennar, en dómsmálaráðherra ákveður nánar um form og innihald skrárinnar. Jafnframt skal sett spjald með umdæmistölumerki bifreiðarinnar aftan á hana og framan. Skrásetningarmerki lætur lögreglustjóri í té fulltilbúin, gegn gjaldi, sem dómsmálaráðherra ákveður. Merkin skulu ávallt vera vel læsileg, og má á engan hátt hylja þau, er bifreiðin er í notkun. Eftirlitsmaður bifreiða ákveður að skoðun lokinni, hve marga farþega bifreið megi flytja, þar á meðal sérstaklega, hve marga í sætum við hlið ökumanns, og ritar það í skoðunarvottorð sitt. Skal ávallt geyma það í bifreiðinni sjálfri, og má aldrei flytja fleiri farþega í bifreið en skoðunarvottorð tiltekur.

Eftirlitsmaður ákveður, hve mikinn þunga vörubifreiðar megi flytja og skráir það í skoðunarvottorð. Má aldrei hlaða bifreið meira en heimilað er. Eftirlitsmenn og löggæzlumenn geta í einstökum tilfellum ákveðið fyrirkomulag á hleðslu bifreiðar, og er bifreiðaeigendum og ökumönnum þá skylt að hlíta þeim fyrirmælum.

Lögreglustjóri getur í einstökum tilfellum heimilað akstur bifreiða, sem ekki eru skrásettar, eftir reglum, sem dómsmálaráðherra setur. Má í þessum reglum ákveða, að gjald skuli koma fyrir leyfið.

Fyrir skrásetningu og skoðun bifreiðar greiðir eigandi gjald til ríkissjóðs, sem dómsmálaráðherra ákveður.

15. gr.

Glatist skrásetningarmerki bifreiðar eða verði það ónothæft, skal það þegar tilkynnt lögreglustjóranum í umdæmi því, þar sem bifreiðin er skrásett, en sé hún stödd í öðru umdæmi, þá jafnframt lögreglunni þar.

16. gr.

Verði eigandaskipti (eða umráðamanns) að skrásettri bifreið, skal bæði hinn fyrri og hinn nýi eigandi (umráðamaður) tafarlaust tilkynna það lögreglustjóra í því umdæmi, þar sem bifreiðin er skrásett. Sé nýi eigandinn búsettur utan þess, skal hann jafnframt tilkynna lögreglustjóranum í sínu umdæmi eigandaskiptin, og skal bifreiðin þá skráð að nýju þar, en afskráð í umdæminu, sem hún fluttist frá.

Flytji eigandi (umráðamaður) bifreiðar búferlum með bifreið sína í annað lögsagnarumdæmi, skal hann senda tilkynningu um flutninginn til lögreglustjóra beggja umdæmanna. Skal bifreiðin þá afskráð í umdæmi því, er hún fluttist frá, en skráð að nýju í umdæmi því, sem hún flyzt í, og fær hún þar ný skrásetningarmerki. Sé aðeins um 6 mánaða eða skemmri dvöl að ræða í öðru umdæmi, er umskráning ekki nauðsynleg.

Um leið og bifreið er afskráð, skal afhenda lögreglustjóra skrásetningarmerkin endurgjaldslaust.

17. gr.

Dómsmálaráðherra skipar eftirlitsmenn bifreiða eftir þörfum og ákveður umdæmi þeirra og starfssvið, réttindi þeirra og skyldur. Skulu eftirlitsmenn vera sérfróðir í öllum þeim málum, er bifreiðar varða, bæði að því er snertir gerð og akstur bifreiða, meðferð benzíns og annara eldfimra efna, sem notuð eru í sambandi við bifreiðar, svo og lög þau og reglur, er um þær gilda. Dómsmálaráðherra setur nánari reglur um hæfni eftirlitsmanna og gefur þeim erindisbréf að öðru leyti um eftirlitið, eftir því sem þurfa þykir.

Skrásetningargjaldi og skoðunargjaldi (sbr. 14. gr.) skal verja til þess að greiða kaup eftirlitsmanna og annan kostnað við eftirlitið samkv. reglum, er dómsmálaráðherra setur.

Lögreglustjórar eða eftirlitsmenn bifreiða geta, hvenær sem er, krafizt þess, að bifreið, sem skrásett er eða notuð í umdæmi þeirra, sé færð til skoðunar á tiltekinn stað í umdæminu, svo ganga megi úr skugga um, hvort hún sé í lögmæltu standi. Dómsmálaráðherra getur fyrirskipað sérstaka skoðun með skömmu millibili á bifreiðum, sem notaðar eru til mannflutninga.

Lögreglumönnum og eftirlitsmönnum er heimilt, hvenær sem er, að stöðva bifreiðar og skoða þær samstundis og athuga ökuskírteini bifreiðarstjóra. Slíka skoðun skal aðallega framkvæma í því skyni að prófa umbúnað stýris og hemla bifreiðarinnar.

Komi það í ljós, að bifreið fullnægir ekki lengur lögum og reglum, eða bifreið er eigi færð til skoðunar, er það hefir verið fyrirskipað, getur lögreglustjóri bannað notkun hennar og tekið af henni skrásetningarmerkin, unz bætt hefir verið úr því, sem áfátt var eða vanrækt.

18. gr.

Eigandi (umráðamaður) bifreiðar ber ábyrgð á því, að bifreiðin sé ávallt í lögmæltu ástandi.

19. gr.

Dómsmálaráðherra setur nánari reglur um tilkynningu, skoðun, flutning, skrásetningu og afskráningu bifreiða. Hann getur og, að fengnum tillögum vegamálastjóra, sett nánari reglur um gerð og notkun bifreiða, til öryggis umferðinni, svo og sérstakar reglur um gerð og notkun ökutækja, sem knúin eru með eimvél eða kolagasi. Ennfremur setur hann reglur um geymslu og meðferð á benzíni og öðrum eldfimum efnum, sem notuð eru til bifreiða.

III. KAFLI
Um bifreiðarstjóra.

20. gr.

Enginn má stýra bifreið, nema hann hafi fengið til þess ökuskírteini hjá lögreglustjóra. Í ökuskírteininu skal vera mynd af bifreiðarstjóranum, og skal hann ávallt hafa skírteinið hjá sér, er hann ekur bifreið, og sýna það, er löggæzlumenn eða eftirlitsmenn bifreiða krefjast þess.

Skilyrði til þess að öðlast ökuskírteini eru þau, að umsækjandinn sé fullra 18 ára að aldri, sé áreiðanlegur, samvizkusamur og reglusamur, hafi góða sjón og heyrn og sé nægjanlega hraustur andlega og líkamlega, að hann hafi notið kennslu í akstri, að honum hafi verið veitt fræðsla um meðferð benzíns og annara eldfimra efna, sem notuð eru í sambandi við bifreiðar, og loks að hann hafi staðizt próf í akstri, meðferð bifreiða, bifreiðavéla, benzíns og annara eldfimra efna, umferðareglum og bifreiðalögum. Próf þetta framkvæma sérfróðir menn, er dómsmálaráðherra skipar til þess. Lögreglustjóri getur neitað um ökuskírteini, ef varhugavert þykir með tilliti til fyrri hegðunar umsækjanda að veita honum það.

Dómsmálaráðherra getur leyft, að sérstök ökuskírteini séu veitt mönnum, enda þótt þeir fullnægi ekki almennum kröfum um líkamshreysti, og setur þá nánari reglur um innihald skírteinisins.

Enginn getur fengið leyfi til að aka leigubifreið til mannflutninga, nema hann sé fullra 20 ára að aldri, og getur dómsmálaráðherra sett reglur um, að fullnægja skuli frekari skilyrðum til þess að öðlast ökuskírteini, er heimilar akstur slíkra bifreiða.

Dómsmálaráðherra setur reglur um, með hvaða skilyrðum þeir, sem útlend ökuskírteini hafa, megi aka bifreið hér á landi.

Ökuskírteinið gildir í 5 ár frá því það er gefið út. Lögreglustjóri getur þó hvenær sem er svipt mann því, ef það upplýsist, að viðkomandi fullnægir ekki lengur settum skilyrðum til þess að öðlast ökuskírteini. Ef endurnýjunar á ökuskírteini er óskað að 5 árum liðnum, verður viðkomandi að færa sönnur á það fyrir lögreglustjóra að nýju, að hann fullnægi skilyrðunum til þess að fá ökuskírteini. Lögreglustjóri ákveður, hvort viðkomandi skuli þá að nýju ganga undir bifreiðarstjórapróf.

21. gr.

Bifreiðarstjóraefni mega því aðeins æfa sig í bifreiðaakstri, að við hlið nemandans í bifreiðinni sitji ökukennari, og telst ökukennarinn þá stjórnandi bifreiðarinnar. Nemandinn telst þó stjórnandi bifreiðarinnar, er prófakstur fer fram. Réttindi til kennslu í akstri og meðferð bifreiða hefir sá, sem er 25 ára að aldri og hefir ökuskírteini, er heimilar honum akstur leigubifreiða til mannflutninga.

Æfingar nemenda í akstri tvíhjóla bifreiða mega aðeins fara fram undir stjórn og umsjón ökukennara. Rétt til þess að hafa á hendi kennslu í akstri og meðferð tvíhjóla bifreiða hafa þeir, sem hafa ökuskírteini, eru 25 ára að aldri og minnst 1 árs æfingu í akstri slíkra bifreiða. Ökukennarinn ber ábyrgð á, að akstursæfingarnar fari fram á þeim stöðum og með þeim hætti, að telja megi hættulaust fyrir aðra umferð, er tekið er tillit til kunnáttu nemandans.

Engum má veita æfingu í akstri, nema hann hafi aldur til þess að fá ökuskírteini.

Bifreiðar, sem notaðar eru við kennslu, skulu að aftan og framan bera greinileg spjöld með áletruninni „kennslubifreið“. Dómsmálaráðherra getur ákveðið, að kennslubifreiðar séu með tilliti til kennslunnar búnar sérstökum öryggistækjum.

Kennsluakstur má fara fram þar, sem akstur bifreiða er leyfður, en þó getur lögreglan bannað slíkan akstur á ákveðnum götum og vegum, er slíkt bann þykir nauðsynlegt.

Dómsmálaráðherra setur nánari reglur um kennslu og próf bifreiðarstjóra og ákveður gjald það, er greiða skal fyrir prófið. Má ákveða, að auk fyrrgreindra skilyrða skuli menn einnig verða að fá löggildingu dómsmálaráðuneytisins til þess að mega veita kennslu í bifreiðaakstri.

22. gr.

Eigandi (umráðamaður) bifreiðar má ekki fela stjórn hennar manni, sem eigi hefir ökuskírteini.

Þegar lögreglan krefst þess, er eiganda (umráðamanni) skylt að upplýsa, hverjir hafi ekið bifeiðinni og stjórnað henni á hverjum tíma.

23. gr.

Enginn má neyta áfengis við bifreiðarakstur. Enginn má aka bifreið eða reyna að aka bifreið, er hann er undir áhrifum áfengis. Ef ástæða er til að ætla, að maður hafi brotið gegn þessu fyrirmæli, getur lögreglan fært hann til læknis til rannsóknar, og er þá viðkomanda skylt að hlíta þeirri meðferð, sem læknirinn telur nauðsynlega vegna rannsóknarinnar, þar á meðal, að tekið sé úr honum blóðsýnishorn. Dómsmálaráðherra setur nánari reglur um læknisrannsóknina. Það er bannað að fá þeim, sem er undir áhrifum áfengis, stjórn bifreiðar.

Þegar maður á opinberum veitingastað er undir áhrifum áfengis, og veitingamaðurinn eða þjónn hans vita eða hafa ástæðu til að ætla, að hann ætli í þessu ástandi að aka bifreið, þá er veitingamanninum eða þjóni hans skylt að gera það, sem þeim er unnt, til þess að hindra hann í að aka eða reyna það, þar á meðal með því að gera lögreglunni aðvart.

Enginn má aka eða reyna að aka bifreið, ef hann vegna ofreynslu, svefnleysis, undanfarandi neyzlu áfengis eða æsandi eða deyfandi lyfja eða annara slíkra orsaka er haldinn slíkri þreytu eða sljóleika, að hann geti eigi á tryggilegan hátt stjórnað bifreiðinni. Það telst til þyngingar við ákvörðun refsingar, ef maður hefir í slíku ástandi ekið leigubifreið til mannflutninga. Tóbaksreykingar eru bannaðar við bifreiðaakstur.

Ákveða má í reglugerð lágmark hvíldartíma í sólarhring hverjum fyrir bifreiðarstjóra, með hæfilegri hliðsjón af hættu, sem stafað getur af ofþreytu eða svefnleysi.

24. gr.

Bifreiðarstjóri skal ávallt gæta þess, að öll tæki í bifreiðinni, einkum stjórntæki, hemlar og merkjatæki, séu í lagi.

IV. KAFLI

Um akstur á götum, vegum og öðrum svæðum.

25. gr.

Akstur bifreiða er heimill á öllum götum, vegum og svæðum, sem opin eru fyrir umferð almennt, nema því aðeins, að takmarkað sé samkvæmt heimild í lögum eða lögreglusamþykktum að því er snertir einstaka vega- eða götukafla.

26. gr.

Ökuhraðanum skal ávallt haga eftir gerð bifreiðarinnar, umferðinni og ástandi vegarins. Hraðinn má aldrei vera meiri en svo, að stöðva megi bifreiðina á ⅓ þess hluta vegarins, sem auður er og hindranalaus framundan og bifreiðarstjóri hefir útsýn yfir.

Í kaupstöðum, kauptúnum og ámóta þéttbýli má ökuhraðinn aldrei vera meiri en 30 kílómetrar á klukkustund. Utan þessara staða má hraðinn vera meiri, ef næg útsýn er yfir veginn, og ökumaður samt sem áður getur fullnægt öllum skyldum sín-

um, þó aldrei meiri en 55 kílómetrar á klukkustund. Þegar ekið er með ljósum, má hraðinn aldrei vera meiri en 35 kílómetrar á klukkustund. Dómsmálaráðherra getur sett reglur um lægri hámarkshraða fyrir þungar bifreiðar.

Dómsmálaráðherra getur, að fengnum tillögum vegamálastjóra, sett nánari reglur um ökuhraðann, þar á meðal ákveðið lægri hámarkshraða en að framan greinir, sérstaklega fyrir þungar bifreiðar. Í kaupstöðum og kauptúnum má setja slíkar reglur í lögreglusamþykktum.

Framangreindur hámarkshraði er því aðeins heimill, að akbrautin sé óhindruð og yfirsýn nægileg og að umferð frá hliðarbrautum verði séð í tæka tíð. Á ljósatíma má eigi aka hraðar en brautarlýsingin, þar á meðal lýsingin frá ljóskerum bifreiðarinnar, leyfir. Ökuhraðanum skal ávallt stilla svo í hóf, sem telja verður nauðsynlegt vegna umferðarinnar, og aldrei er heimilt að aka fram úr ökutæki eða vegfaranda, nema akbrautin sé auð og óhindruð á nægjanlega löngu svæði framundan. Ennfremur er bannað að aka fram úr öðru ökutæki á vegamótum. Til hleðslu á bifreiðum skal vandað eftir föngum, en sé hleðsla bifreiðar mikil fyrirferðar, skal draga úr hraðanum svo sem þörf er til öryggis umferðinni.

Þar sem ökumaðurinn sér stutt fram á veginn, í kröppum bugðum við vegamót eða gatnamót, þar sem vegurinn er sleipur og þar sem mikil umferð er, má ekki aka hraðar en svo, að stöðva megi vagninn þegar í stað. Sé bleyta eða for á veginum, skal aka svo gætilega, að ekki slettist á aðra vegfarendur.

Þar sem lögreglan af sérstökum ástæðum telur frekari takmörkun ökuhraðans nauðsynlega, má skipa svo fyrir með því að festa upp spjald við akbrautina með þar að lútandi áletrun.

27. gr.

Skylt er bifreiðarstjóra í akstri og meðferð bifreiðar að sýna nauðsynlega aðgæzlu og varkárni gagnvart nærstöddum og annari umferð yfirleitt, svo og vegna þeirra, sem bifreiðin flytur.

Verði fundin upp tæki, sem reynast nothæf til að hindra, að á vegfarendur eða annað það, sem í námunda er, slettist vegna aksturs bifreiðar í bleytu eða for, getur dómsmálaráðherra með minnst árs fyrirvara fyrirskipað, að bifreiðar skuli búnar slíkum tækjum.

28. gr.

Ökumaður bifreiðar skal gefa hljóðmerki í tæka tíð, þegar hætt er við árekstri, en notkun hljóðmerkis undanþiggur ekki bifreiðarstjórann skyldu hans til sérstakrar varkárni. Hann skal þegar í stað hætta að gefa hljóðmerki og stöðva bifreiðina og gangvél hennar, ef nauðsyn krefur, svo sem ef hestar hræðast eða verða óróir, og eigi má hann gefa hljóðmerki um leið og bifreiðin fer framhjá hestum á veginum.

Bannað er að gefa hljóðmerki, nema þegar umferðin gefur tilefni til þess.

Aki bifreið fram á eða mæti hún ökutæki, ríðandi manni eða öðrum vegfarendum, skal ökumaðurinn gefa hljóðmerki til viðvörunar í tæka tíð og halda bifreiðinni nægjanlega til hægri á akbrautinni, ef hann ætlar að aka fram úr, en til vinstri, ef umferðin kemur á móti honum. Gefi akandi eða ríðandi maður eða maður með gripi bifreiðarstjóra merki, eða ef gripirnir ókyrrast, skal bifreiðarstjórinn bíða þess, hvort gerðar eru varúðarráðstafanir, t. d. með því, að maður stígur af baki, vikið er til hliðar o. s. frv. Annars er bifreiðarstjóra heimilt að aka áfram, en meðan hann ekur framhjá, skal hann gæta sérstakrar varkárni. Ef nauðsyn krefur, er bifreiðarstjóri skyldur til að aðstoða við að flytja hesta og aðra gripi framhjá bifreiðinni. Ef ferðamenn með hlaðna vagna hafa neyðzt til að víkja út af vegi fyrir bifreið, skal bifreiðarstjóri einnig veita liðsinni sitt, ef þörf gerist, til þess að koma vögnunum aftur á veginn.

Ef bifreið mætir vögnum á þeim stað, þar sem vegurinn er svo mjór, að hvorugur kemst framhjá öðrum, skal bifreiðin aka til baka og nema staðar þar, sem hinir komast framhjá henni. Einnig skal bifreiðarstjóri, ef hann mætir bifreið eða öðrum vegfarendum á ljósatíma, lækka framljósin, ef unnt er.

Bifreiðarstjóri er skyldur að víkja til vinstri handar fyrir umferð, sem á eftir kemur, og hleypa henni framhjá, ef unnt er.

Hinsvegar skulu vegfarendur jafnan víkja úr vegi fyrir bifreiðum sem öðrum vögnum, og aldrei tefja fyrir þeim að óþörfu.

Dómsmálaráðherra getur, að fengnum tillögum vegamálastjóra, sett nánari ákvæði um akstur bifreiða til öryggis umferð.

29. gr.

Ef slys vill til þar, sem bifreið er á ferð, skal ökumaður þegar nema staðar, skýra frá nafni sínu og heimilisfangi og hjálpa þeim, sem slasazt hefir, ef þörf gerist.

30. gr.

Bifreiðarstjóri ber ábyrgð á því, að bifreiðin gefi ekki frá sér þéttan reyk, valdi ekki ónauðsynlegum hávaða eða óþægindum fyrir vegfarendur eða aðra, sem dvelja eða búa nálægt akbrautinni, og að gufa eða óþefur stafi ekki frá bifreiðinni frekar en óumflýjanlegt er.

31. gr.

Þegar bifreiðarstjóri yfirgefur bifreið, skal hann stöðva vélina og ganga svo frá henni, eftir því sem kostur er á, að óviðkomandi geti ekki sett hana í gang eða hún farið í gang sjálfkrafa.

32. gr.

Atvinnumálaráðherra getur sett gjaldskrá, er ákveður fargjöld með leigubifreiðum til mannflutninga. Hann getur og ákveðið, að gjaldmælir skuli vera í slíkum bifreiðum.

33. gr.

Dómsmálaráðherra getur sett reglur um leigu á mannflutningabifreiðum án bifreiðarstjóra.

V. KAFLI

Um skaðabótaskyldu og vátryggingu.

34. gr.

Verði tjón af notkun bifreiðar á mönnum eða munum, er sá, sem ábyrgð ber á henni, skyldur til að bæta það að fullu, nema það sannist, að ekki hafi verið hægt að komast hjá tjóninu, þótt bæði akstur og ökutæki þess, er tjóninu olli, hefði verið í fullu samræmi við settar reglur.

Skaðabóta verður þó eigi krafizt, ef sá, sem tjónið beið, hefir sjálfur af ásettu ráði valdið tjóninu eða stuðlað að því. Hafi sá, sem tjónið beið, orðið þess valdandi með stórkostlegu gáleysi, getur hann eigi krafizt bóta, nema því aðeins, að eigandi (umráðamaður) eða ökumaður bifreiðarinnar eigi líka sök á því. Þá skiptist tjónið að tiltölu við sök þeirra. Ef sá, sem tjónið beið, hefir sýnt af sér gáleysi, skal taka tillit til þess við ákvörðun skaðabótanna.

Ef árekstur verður milli bifreiða, tveggja eða fleiri, skiptist tjónið á þær innbyrðis að tiltölu við sök þeirra á slysinu.

Með framangreindum ákvæðum er eigi skertur neinn sá réttur til skaðabóta, er leiðir af almennum reglum.

Skaðabótakröfu ásamt kostnaði fylgir lögveð í bifreiðinni, ef hún, þegar tjónið varð, var í notkun eigandans eða lögmæts umráðamanns. Lögveð þetta gengur fyrir öðrum skuldum, sem hvíla á bifreiðinni, að fráskildum opinberum gjöldum.

35. gr.

Eigandi (umráðamaður) bifreiðar ber ábyrgð á henni og er skaðabótaskyldur samkvæmt 34. gr.

Noti maður bifreið annars manns í heimildarleysi, færist skaðabótaskylda eigandans yfir á notandann.

36. gr.

Sérhverjum bifreiðareiganda er skylt að kaupa í tryggingarfélagi, sem viðurkennt er af ráðherra þeim, sem fer með tryggingarmál, og halda við tryggingu fyrir bifreið sína, er nemi kr. 15000 fyrir tvíhjóla bifreiðar og kr. 30000 fyrir fjórhjóla bifreiðar. Skal með því tryggð greiðsla, að því leyti sem til hrekkur, á hverri þeirri skaðabótakröfu, er þeim kann að verða gert að greiða, sem ábyrgð ber á bifreiðinni, þegar slysið eða tjónið bar að höndum.

Fyrir bifreiðar til mannflutninga skal tryggingarupphæðin þó aldrei nema minnu en sem svari 5000 krónum á hvern farþega, sem heimilt er að flytja í bifreiðinni.

Tryggingarskylt er ekki ríkið eða stofnanir, sem það ber ábyrgð á, konungur og fjölskylda hans, útlendir þjóðhöfðingjar eða sendiherrar og sendiræðismenn annara ríkja.

Dómsmálaráðherra setur nánari reglur um tryggingarskylduna og viðurkenningu á tryggingarfélögum.

Iðgjöld, sem tryggingarskyldur bifreiðareigandi skuldar viðurkenndu tryggingarfélagi, eru lögtakskræf.

Verði tryggingartaki gjaldþrota, skulu iðgjöld þau, sem í gjalddaga eru fallin, njóta forgangsréttar í búi hans, samkvæmt 83. gr. 4. tölulið skiptalaganna, og gildir það, þó tryggt sé fyrir hærri fjárhæð en lögboðið er.

Tryggingarfélagið hefir endurkröfurétt á hendur tryggingartaka, hafi hann valdið tjóninu af ásetningi eða stórkostlegu gáleysi. Endurkröfurétti þessum fylgir lögveð samkvæmt reglunni í 34. gr. síðustu málsgr., þó þannig, að veðband það, sem ræðir um í þeirri grein, gangi fyrir. Bannað er að kaupa tryggingu gegn endurkröfu vátryggingarsala.

Sérhver bifreiðareigandi skal tryggja ökumann bifreiðar, og gildir sú trygging fyrir hvern bifreiðarstjóra, er henni stýrir. Tryggingin er fyrir bótum vegna slysa, er bifreiðarstjóri kann að verða fyrir við aksturinn. Skal tryggt í Slysatryggingu ríkisins og fyrir sömu bótum, sem þar eru ákveðnar. Umboðsmenn slysatryggingarinnar innheimta iðgjöldin.

37. gr.

Nú er refsimál höfðað gegn manni fyrir lögbrot, sem skaðabótaskyldu getur haft í för með sér samkvæmt 34. gr., og skal þá gefa þeim, sem fyrir tjóninu varð, kost á að koma að skaðabótakröfu í málinu.

Komi skaðabótakrafa fram, skal viðkomandi vátryggingarfélagi gert aðvart um málið og gefinn sami kostur á því og sökunautar hafa almennt til þess að færa fram varnir gegn slíkum kröfum, enda er þá dómur um skaðabótakröfuna bindandi fyrir félagið og aðfararhæfur gegn því.

Í sérstökum tilfellum, þegar skaðabótamálið út af fyrir sig er mjög flókið og umfangsmikið og sættir takast ekki, getur rétturinn vísað því frá dómi í refsimálinu.

VI. KAFLI

Um refsingu og svipting ökuleyfis.

38. gr.

Brot gegn lögum þessum og reglum, sem settar verða samkvæmt þeim, varða sektum eða fangelsi, nema þyngri refsing liggi við samkvæmt öðrum lögum. Hver, sem ekur bifreið eða reynir það, er hann er undir áhrifum áfengis, fær öðrum manni, sem er undir áhrifum áfengis, stjórn bifreiðar, ekur bifreið eftir að hann hefir verið sviptur ökuleyfi eða réttinum til að öðlast það, misnotar merki það, sem

rætt er um í 1. gr. 5. mgr., eða notar skrásetningarmerki á aðra bifreið en til er ætlazt, skal sæta fangelsi, nema um alveg sérstakar málsbætur sé að ræða. Upphæð sektanna skal sérstaklega miða við fjárhagsástæður sökunauts.

Nú fremur ökumaður, sem ekki er eigandi bifreiðarinnar sjálfur, eða er háður stjórn annars manns, brot gegn lögum þessum eða fyrirmælum, sem sett verða samkvæmt þeim, með vitund og vilja bifreiðareigandans eða yfirboðara síns í starfinu, og skal þá einnig bifreiðareigandanum eða yfirboðaranum refsað fyrir brotið.

Með mál út af brotum á lögum þessum og reglum, sem settar verða samkvæmt þeim, skal farið sem almenn lögreglumál.

Sektir fyrir brot gegn lögum þessum renna í ríkissjóð.

39. gr.

Bifreiðarstjóri, sem ekur bifreið undir áhrifum áfengis eða neytir áfengis við bifreiðarakstur, skal sviptur ökuleyfi sínu um ákveðinn tíma, þó eigi skemur en 3 mánuði, eða fyrir fullt og allt, ef miklar sakir eru eða um ítrekað brot er að ræða. Ef alveg sérstakar málsbætur eru fyrir hendi og kærði hefir eigi áður orðið sekur um samskonar eða annað verulegt brot gegn skyldum sínum sem bifreiðarstjóri, þarf þó eigi auk refsingar að beita ökuleyfissviptingu. Ökuleyfissviptingu má einnig beita, hafi kærði orðið sekur um mjög vítaverðan akstur eða ef telja verður, með hliðsjón af eðli brotsins og annars framferðis kærða sem bifreiðarstjóra, varhugavert vegna öryggis umferðarinnar, að hann hafi ökuleyfi. Hafi kærði ekki ökuleyfi, skal í stað ökuleyfissviptingar koma svipting réttarins til þess að öðlast ökuréttindi.

Hafi maður verið sviptur ökuleyfi eða réttinum til að fá það í lengri tíma en 3 ár, þá getur dómsmálaráðherra, er 3 ár eru liðin frá sviptingunni og sérstakar ástæður mæla með því, ákveðið, að honum skuli veitt ökuleyfið á ný eða rétturinn til þess að öðlast það, enda séu færðar sönnur fyrir því, að viðkomandi hafi verið bindindismaður um neyzlu áfengis frá því hann var sviptur ökuleyfinu. Slíkt leyfi má þó aðeins veita einu sinni sama manni.

Svipting ökuleyfis eða réttar til þess að öðlast ökuleyfi skal gerð með dómi. Áfrýjun frestar ekki verkun dóms að þessu leyti.

Nú telur lögreglustjóri, að maður hafi unnið til ökuleyfissviptingar, og getur hann þá svipt hann ökuleyfi til bráðabirgða. Þó getur viðkomandi dómstóll breytt þeirri ákvörðun lögreglustjóra áður en dómur gengur í málinu.

Hver, sem sviptur hefir verið ökuleyfi samkvæmt þessari grein eða hefir misst það eftir 20. gr., skal afhenda ökuskírteinið lögreglunni. Er maður hefir verið sviptur ökuleyfi eða réttinum til að öðlast það, skal það strax tilkynnt öllum lögreglustjórum á landinu.

Hafi íslenzkur ríkisborgari eða maður búsettur hér á landi sætt refsingu erlendis fyrir verknað, sem samkvæmt lögum þessum hefði varðað missi ökuleyfis eða rétt til þess að öðlast það, þá má svipta hann nefndum réttindum með dómi í opinberu máli, sem höfðað er gegn honum í þessu skyni, og koma þá að öðru leyti til framkvæmda ákvæðin hér að framan.

40. gr.

Sömu viðurlögum og greinir í 38. og 39. gr. skulu bifreiðarstjórar sæta, þótt annar hafi haft með höndum starf þeirra í bifreiðinni, ef þeir eru sjálfir í henni og áttu að annast starfið, en hafa vanrækt það vegna áfengisnautnar og verulegt slys hlotizt af því.

Það varðar refsingu að veita bifreiðarstjórum áfengi, þegar þeir eru að störfum.

VII. KAFLI
Um útlendar bifreiðar.

41. gr.

Menn, sem koma til Íslands frá útlöndum og flytja með sér bifreiðar, sem eigi eru skráðar hér á landi, eru háðir reglum þessara laga með eftirfarandi breytingum.

Dómsmálaráðherra setur í samræmi við ákvæði í 14. gr. reglur um tilkynningu og skrásetningu bifreiðanna og ákveður, hvort þær skuli skoðaðar af eftirlitsmönnum bifreiða og hvort á þær skuli sett íslenzk kennimerki.

Dómsmálaráðherra setur nauðsynlegar reglur um eftirlit með slíkum bifreiðum, meðan þær eru hér á landi, þar á meðal, hvaða yfirvaldi skuli gefa skýrslur þær, sem ræðir um í 14. gr. Nú er eigandi (umráðamaður) bifreiðar búsettur hér á landi, og skal þá skrásetja bifreiðina hjá lögreglustjóra þar, sem eigandinn á heima, eða öll kennimerki bifreiðarinnar afhendast lögreglustjóra þar svo fljótt sem unnt er. Ef eigandi (umráðamaður), sem ekki hefir verið búsettur áður hér á landi, sezt hér að, eða ef maður búsettur hér á landi kaupir eða fær umráð yfir slíkri bifreið, þá skal skrásetningin eða afhending kennimerkjanna fara fram með sama hætti.

Nú hefir maður, sem aka vill útlendri bifreið, ekki ökuskírteini, sem heimilar honum að aka bifreið hér á landi, og skal hann þá sækja um leyfi til lögreglustjórans í því umdæmi, þar sem hann fyrst óskar að nota bifreiðina. Lögreglustjóri getur þá látið umsækjandanum í té íslenzkt ökuskírteini, ef skilyrðum til þess er fullnægt, eða leyft honum að nota útlent ökuskírteini um ákveðinn tíma og með þeim skilyrðum, er hann telur nauðsynleg.

Hver, sem notar útlenda bifreið hér á landi, er skyldur til að vátryggja bifreiðina eins og segir í 36. gr., og fylgir lögtaksréttur iðgjöldunum eins og þar segir. Dómsmálaráðherra setur nánari reglur um tryggingu þessara bifreiða.

VIII. KAFLI
Um gildistöku laganna o. fl.

42. gr.

Auk þess, sem segir í einstökum greinum laganna, getur dómsmálaráðherra sett reglugerð um framkvæmd þeirra.

43. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi, og eru frá sama tíma numin úr gildi l. nr. 70 1931, um notkun bifreiða, og svo öll lagafyrirmæli, sem fara í bága við lög þessi.

Reglugerðir, sem settar hafa verið samkvæmt eldri bifreiðalögum og nú eru í gildi, skulu gilda að svo miklu leyti, sem þær fara ekki í bága við lög þessi, unz öðruvísi verður ákveðið með lögum eða reglugerðum.

Ed. 215. Breytingartillaga

við frv. til laga um veiting ríkisborgararéttar.

Frá Bernh. Stefánssyni.

Inn í frvgr. bætist: Valderhaug, Andris, bakari á Dalvík, fæddur í Noregi.

Sþ.

216. Breytingartillögur

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1939.

Frá fjárveitinganefnd.

1.	Við	3. gr.	A. Eignabreyt. Út. IV. (Talstöðvar í báta og skip). Fyrir „15000“ kemur		20000
2.	—	3. —	A. Eignabreyt. Út. VI. (Stöðvarhús á Hvolsvelli). Liðurinn fellur niður.		
3.	—	3. —	A. 4. II. (Tóbakseinkasalan. Rekstrarkostnaður). Liðurinn orðist svo:		
			Laun	76280	
			Annar kostnaður	63720	
					140000
4.	—	3. —	A. 5. II. a. 1 (Ríkisútvarpið. Starfsmannalaun). Fyrir „131200“ kemur		154300
5.	—	3. —	A. 5. II. a. 5 (Ríkisútvarpið. Útvarpsstöðvar). Fyrir „130000“ kemur		150000
6.	—	3. —	A. 5. III. b. 1 (Viðtækjaverzlunin. — Laun). Fyrir „43000“ kemur		41200
7.	—	3. —	A. 6. II. 1. a (Ríkisprentsmiðjan. Laun). Fyrir „32400“ kemur		29400
8.	—	3. —	A. 8. II. 1 (Bifreiðaeinkasalan. Laun). Fyrir „20000“ kemur		18400
9.	—	3. —	A. 9. II. 1 (Raftækjaeinkasalan. Laun). Fyrir „75000“ kemur		72040
10.	—	10. —	I. 4 (Ríkisféhirzla. Laun). Fyrir „31550“ kemur		32850
11.	—	11. —	A. 1. a (Hæstiréttur. Laun). Fyrir „31000“ kemur		32000
12.	—	11. —	A. 1. b. (Hæstiréttur. Annar kostnaður). Fyrir „15000“ kemur		14000
13.	—	11. —	A. 2 (Laun bæjarfógeta, sýslumanna og lögreglustjóra). Fyrir „132500“ kemur		132740
14.	—	11. —	A. 5. a. (Skrifstofukostnaður tollstjóra. Laun). Fyrir „103960“ kemur		115210
15.	—	11. —	A. 6. a. (Skrifstofukostnaður lögreglustjóra. Laun). Fyrir „38100“ kemur		38700
16.	—	11. —	A. 17. a. (Löggildingarstofan. Laun). Fyrir „16500“ kemur		17300
17.	—	11. —	A. 17. b. Nýr stafliður: Til áhaldakaupa		1000
18.	—	12. —	9. B. 2 (Landsspítalinn. Matvæli). Fyrir „108000“ kemur		120000
19.	—	12. —	9. B. 8 (Landsspítalinn. Fatnaður) Fyrir „10000“ kemur		15000
20.	—	12. —	9. B. 12 (Landsspítalinn. Ýmis gjöld). Fyrir „7200“ kemur		4000
21.	—	12. —	9. B. 13 (Landsspítalinn. Fyrning). Fyrir „36500“ kemur		30000
22.	—	12. —	9. B. 13. Nýr liður: Til kaupa á röntgenáhöldum		20000

23. Við 12. gr. 9. B. Frádráttur 1 (Landsspítalinn. Daggjöld sjúklinga).
Fyrir „280000“ kemur 310000
24. — 12. — 9. B. Frádráttur 2 (Landsspítalinn. Geislalækningar).
Fyrir „50000“ kemur 45000
25. — 12. — 10. B. 2 (Holdsveikraspítalinn. Matvæli).
Fyrir „15000“ kemur 12000
26. — 12. — 10. B. 3 (Holdsveikraspítalinn. Lyf og umbúðir).
Fyrir „1700“ kemur 2000
27. — 12. — 10. B. 6 (Holdsveikraspítalinn. Fatnaður).
Fyrir „2000“ kemur 1500
28. — 12. — 10. B. 7 (Holdsveikraspítalinn. Viðhald húsa).
Fyrir „6500“ kemur 6200
29. — 12. — 10. B. 8 (Holdsveikraspítalinn. Viðhald lausra muna).
Fyrir „2000“ kemur 1000
30. — 12. — 10. B. 12 (Holdsveikraspítalinn. Ýmisleg gjöld).
Fyrir „2000“ kemur 1500
31. — 12. — 11. I. B. 3 (Gamli Kleppur. Lyf og umbúðir).
Fyrir „800“ kemur 1500
32. — 12. — 11. I. B. 6 (Gamli Kleppur. Viðhald húsa og fastra muna).
Fyrir „9000“ kemur 3000
33. — 12. — 11. I. B. 7 (Gamli Kleppur. Viðhald lausra muna).
Fyrir „3000“ kemur 1500
34. — 12. — 11. I. B. 10 (Gamli Kleppur. Skattar og tryggingar).
Fyrir „2000“ kemur 1500
35. — 12. — 11. I. B. 12 (Gamli Kleppur. Ýmis gjöld).
Fyrir „3500“ kemur 2500
36. — 12. — 11. II. B. 6 (Nýi Kleppur. Viðhald húsa og fastra muna).
Fyrir „5500“ kemur 4000
37. — 12. — 11. II. B. 12 (Nýi Kleppur. Ýmis gjöld).
Fyrir „5000“ kemur 3000
38. — 12. — 12. B. 2 (Vífilsstaðir. Matvæli).
Fyrir „126000“ kemur 130000
39. — 12. — 12. B. 9 (Vífilsstaðir. Sími og skrifstofa).
Fyrir „4500“ kemur 5500
40. — 12. — 12. B. 10 (Vífilsstaðir. Flutningskostnaður).
Fyrir „4000“ kemur 3000
41. — 12. — 13. B. 3 (Reykjahæli. Lyf og hjúkrunargögn).
Fyrir „2000“ kemur 1500
42. — 12. — 13. B. 5 (Reykjahæli. Þvottur og hreinlætisvara).
Fyrir „1500“ kemur 2000
43. — 12. — 13. B. 7 (Reykjahæli. Viðhald lausra muna).
Fyrir „2500“ kemur 2000
44. — 12. — 13. B. 8 (Reykjahæli. Fatnaður).
Fyrir „1000“ kemur 1500
45. — 12. — 13. B. 9 (Reykjahæli. Sími og skrifstofa).
Fyrir „600“ kemur 1000
46. — 12. — 13. B. 10 (Reykjahæli). Nýr liður:
Skattar og tryggingar 400
47. — 12. — 13. Frádráttur. (Reykjahæli. Daggjöld sjúklinga).
a. Fyrir „4,00“ kemur: 5,00.
b. Fyrir „60000“ kemur 75000
48. — 12. — 14. B. 9 (Kristneshæli. Sími og skrifstofa).
Fyrir „1200“ kemur 1500

49. Við 12. gr. 14. B. 11 (Kristneshæli. Flutningskostnaður).
Fyrir „4000“ kemur 2000
50. — 12. — 14. B. 12 (Kristneshæli. Ýmis gjöld).
Fyrir „1000“ kemur 2500
51. — 12. — 15. h. (Heilsuverndarstöðvar).
Fyrir „15000“ kemur 18000
52. — 13. — A. I. 4 (Stjórn vegamála. Aðstoðarmenn og mælingar).
Fyrir „34000“ kemur 35000
53. — 13. — A. I. 5 (Stjórn vegamála. Skrifstofukostnaður).
Fyrir „18000“ kemur 19000
54. — 13. — A. II. a. 1. Nýr liður:
Hálsasveitarvegur 2250
55. — 13. — A. II. a. 2 (Hafnarfjallsvegur).
Fyrir „5000“ kemur 9000
56. — 13. — A. 11. a. 3 (Álftaneshreppsvegur).
Fyrir „7200“ kemur 8500
57. — 13. — A. II. a. 3. Nýr liður:
Útnesvegur 4500
58. — 13. — A. II. a. 4. Nýr liður:
Skógarstrandarvegur 2500
59. — 13. — A. II. a. 5 (Suðurdalavegur).
Fyrir „7200“ kemur 9500
60. — 13. — A. II. a. 5. Nýr liður:
Laxárdalsvegur 2000
61. — 13. — A. II. a. 7. Nýr liður:
Geiradals- og Reykhólasveitarvegur 2700
62. — 13. — A. II. a. 12 (Botnsheiðarvegur).
Fyrir „6000“ kemur 7200
63. — 13. — A. II. a. 12. Nýir liðir:
a. Hjarðardalsvegur 2000
b. Haukadalsvegur 2000
64. — 13. — A. II. a. 13 (Bolungavíkurvegur).
Fyrir „4000“ kemur 4500
65. — 13. — A. II. a. 14 (Hnífsdalsvegur).
Fyrir „3500“ kemur 4000
66. — 13. — A. II. a. 23 (Húnvetningabraut).
Fyrir „5000“ kemur 5400
67. — 13. — A. II. a. 23. Nýir liðir:
a. Miðfjarðarvegur 2500
b. Skagastrandarvegur 2000
68. — 13. — A. II. a. 26 (Hofsósvegur).
Fyrir „3600“ kemur 7500
69. — 13. — A. II. a. 29 (Siglufjarðarskarð).
Fyrir „10000“ kemur 13500
70. — 13. — A. II. a. 29. Nýr liður:
Ólafsfjarðarvegur 4000
71. — 13. — A. II. a. 35. Nýr liður:
Langanesvegur 2000
72. — 13. — A. II. a. 38 (Vopnafjarðarvegur til Möðrudals).
Fyrir „10000“ kemur 8000
73. — 13. — A. II. a. 38. Nýr liður:
Vopnafjarðarvegur 3000
74. — 13. — A. II. a. 39. Nýr liður:
Hróarstunguvegur 2500

75.	Við 13. gr.		A. II. a. 40 (Upphéraðsvegur).	
			Fyrir „2000“ kemur	3500
76.	—	13. —	A. II. a. 51 (Öræfavegur).	
			Fyrir „2000“ kemur	2700
77.	—	13. —	A. II. a. 52. Nýr liður:	
			Síðuvegur	3600
78.	—	13. —	A. II. a. 53 (Mýrdalsvegur).	
			Fyrir „4500“ kemur	5000
79.	—	13. —	A. II. a. 54 (Eyjafjallavegur).	
			Fyrir „5000“ kemur	6000
80.	—	13. —	A. II. a. 55. Nýr liður:	
			Hvolhreppsvegur	2000
81.	—	13. —	A. II. a. 56 (Landvegur).	
			Fyrir „6000“ kemur	8000
82.	—	13. —	C. VIII. 4 (Skagastrandarhöfn).	
			Fyrir „16200“ kemur	18600
83.	—	13. —	C. VIII. 7 (Þórshöfn).	
			Fyrir „9900“ kemur	11500
84.	—	13. —	C. IX. e. Nýir liðir:	
			a. Til Hellissands	600
			b. — Salthólmavíkur (síðari greiðsla)	2000
			c. — Bakka í Dalahreppi	2000
			d. — sjóvarnargarðs á Flateyri	2500
			e. — brimbrjóts í Bolungavík	3500
			f. — bryggju á Arngerðareyri	1000
			g. — bryggju á Hvammstanga, 1. greiðsla af 4	9200
			h. — bryggju í Haganesvík	1500
			i. — bryggju og sjóvarnargarðs í Grindavík, 1. greiðsla af 3	3000
			j. — bryggju og skjólgarðs í Þorlákshöfn	7500
			k. — bryggju í Grímsey	2000
			l. — bryggju á Stafnesi	1000
			m. — bátabryggju í Hafnarfirði, 1. greiðsla af 3	3300
			n. — bryggju á Hvalsnesi	2500
			o. — bryggju á Bíldudal, 1. greiðsla af 3	3300
			p. — bryggju á Reykjanesi	1000
85.	—	13. —	D. Nýr liður:	
			Til flugskýlis við Reykjavík, allt að $\frac{2}{5}$ kostnaðar	4000
86.	—	14. —	A. b. 5. Nýr liður:	
			Til utanfara presta	2400
87.	—	14. —	B. I. a. (Háskólinn. Laun).	
			Fyrir „91800“ kemur	97700
88.	—	14. —	B. I. e. (Háskólinn. Kennsla í bókhaldi).	
			Fyrir „400“ kemur	800
89.	—	14. —	B. I. f. Nýr stafliður:	
			Til móttöku erlendra vísindamanna	2000
90.	—	14. —	B. IX. 2. e. (Hvanneyrarskóli. Bygging kennarabústaða). Liðurinn orðist svo:	
			Til byggingar kennarabústaða	8000
91.	—	14. —	B. IX. 2. e. Nýir stafliðir:	
			1. Til endurbóta á skólahúsi	10000
			2. Til sundlaugar	1200
92.	—	14. —	B. XIV. 4. Nýr liður:	
			Til Flensborgarskólans, samkv. lögum, byggingarstyrkur	7000

93. Við 14. gr. B. XXV. Nýir liðir:
a. Til Snorragarðs í Reykholti 1000
b. Til „Skrúðs“ á Núpi 1000
94. — 16. — 2 (Búnaðarfélagið).
Fyrir „180000“ kemur 200000
95. — 16. — 17 (Fyrirhleðsla á vatnasvæði Þverár og Markarfljóts).
Fyrir „45000“ kemur 50000
96. — 16. — 22. a. (Rannsóknarstofan. Iðnaðardeild).
Fyrir „46500“ kemur 45000
97. — 16. — 27 (Fiskifélagið).
Fyrir „66000“ kemur 70000

Ed. 217. Breytingartillögur

við frv. til l. um byggingar- og landnámssjóð.

Frá Guðrúnu Lárusdóttur.

1. Við 42. gr.
Á eftir „listamanna“ í 2 málsl. komi: viðurkenndra hannyrðakvenna.
2. Við 43. gr.
a. Á eftir „bændaskóla“ komi: húsmæðraskóla.
b. Á eftir „hentugum fyrir alþýðu“ komi: og fleira, er að húsgagnagerð lýtur, svo sem vefnað á húsgagnafóðri og gluggatjöldum.
c. Fyrir „smíði húsgagna“ í niðurlagi greinarinnar komi: húsgagnagerð.

Ed. 218. Nefndarálit

um frv. til l. um einkaleyfi til að flytja út hrafntinnu og selja hana á erlendum markaði.

Frá meiri hluta iðnaðarnefndar.

Nefndin hefir athugað frv. þetta, og leggur meiri hlutinn til, að það verði samþ. óbreytt.

Alþingi, 8. apríl 1938.

Erl. Þorsteinsson, form. — Bjarni Snæbjörnsosn, fundaskr., frsm.

Ed. 219. Nefndarálit

um frv. til l. um einkaleyfi til að flytja út hrafntinnu og selja hana á erlendum markaði.

Frá minni hl. iðnaðarnefndar.

Nefndin hefir athugað frv. þetta, og leggur minni hlutinn til, að það verði afgreitt með eftirfarandi

BREYTINGU:

Við 2. gr. Greinin orðist svo:

Einkaleyfishafar greiða í ríkissjóð útflutningsgjald af hverri smálest ofantaldrar bergtegundar eftir samkomulagi við ráðherra, þó ekki yfir 80 kr. af smálest.

Alþingi, 8. apríl 1938.

Jónas Jónsson.

Ed. 220. Nefndarálit

um frv. til l. um einkaleyfi til að vinna þilborð o. fl. úr íslenzkum jarðvegsefnum.

Frá iðnaðarnefnd.

Nefndin hefir athugað frv. þetta og leggur til, að það verði samþ. með eftirfarandi

BREYTINGU:

Við 1. gr. Aftan við 2. málsl. bætist: Óheimilt er þó að framselja einkaleyfið nema samþykki atvinnumálaráðherra komi til.

Einn nefndarmanna skrifar þó undir nál. með fyrirvara að því er snertir lengd sérleyfistímans.

Alþingi, 8. apríl 1938.

Erl. Þorsteinsson, form., frsm.
Bj. Snæbjörnsson, fundaskr., með fyrirvara.
Jónas Jónsson.

Ed. 221. Breytingartillögur

við frv. til l. um skrifstofufé sýslumanna og bæjarfógeta.

Frá allsherjarnefnd.

1. Við 1. gr.
   a. Í stað „innflutningsskýrslna“ komi: inn- og útflutningsskýrslna.
   b. Í stað „4100“ í tölulið 2 komi: 4500.
   c. Í stað „4100“ í tölulið 3 komi: 4800.
   d. Í stað „1500“ í tölulið 4 komi: 1800.
   e. Í stað „4100“ í tölulið 8 komi: 5000.
   f. Í stað „4100“ í tölulið 9 komi: 5000.
   g. Í stað „3000“ í tölulið 16 komi: 4000.
   h. Á eftir tölulið 19 kemur: Samtals kr. 148400.
   i. Tölulíður 20 og samlagning töluliðanna fellur niður.
2. Á eftir 1. gr. komi ný grein, sem verður 2. gr., svo hljóðandi (og breytist greinatala samkvæmt því):
   Á sömu árum greiðir ríkissjóður eftirtöldum lögreglustjórum árlega upp í skrifstofukostnað og fyrir söfnun skýrslna þeirra, er í 1. gr. getur, sem hér segir:

1. Á Akranesi	kr.	1500
2. Í Bolungavík	—	500
3. Í Ólafsfirði	—	500
4. Í Keflavík	—	500
Samtals	kr.	3000

3. Við fyrirsögn frv. bætist: o. fl.

Nd. **222. Breytingartillögur**

við frv. til l. um stéttarfélög og vinnudeilur.

Frá Héðni Valdimarssyni.

1. Við 3. gr. 2. málsl. 1. málsgr. orðist svo:
   Þeir, sem eru starfandi í hlutaðeigandi starfsgrein á félagssvæðinu, eru bundnir við löglega gerðar samþykktir og samninga félagsins og stéttarsambands þess, sem það kann að vera í.
2. Á eftir 3. gr. komi ný grein (er verður 4. gr.):
   Atvinnurekendum og trúnaðarmönnum þeirra skal skylt að greiða ávísanir frá meðlimum stéttarfélags þeirra á ógreidd vinnulaun, þegar þau eru kræf, fyrir lögmætum gjöldum til félagsins.
3. Við 5. gr. Á eftir orðunum „meðlima sinna“ komi: og annara, sem í starfsgreininni vinna.
4. Við 6. gr. Í stað 2. og 3. málsl. komi: Taxti stéttarfélags um kaup, kjör og vinnuskilmála, sem hefir verið opinberlega auglýstur eða tilkynntur atvinnurekendum, skal gilda sem skriflegur samningur, ef atvinnurekandi hefir farið eftir honum með greiðslur eða tilhögun kjara eða vinnuskilyrði, eða ekki mótmælt honum, þegar eftir að hann hefir verið auglýstur eða tilkynntur honum. Sé samningstíminn ekki tilgreindur, telst hann eitt ár, og sé uppsagnarfrestur ekki tilgreindur, telst hann 3 mánuðir.
5. Við 8. gr. Aftan við fyrri málslið kemur: með eignum sínum, öðrum en eignum í samkomuhúsum, styrktarsjóðum og menningarsjóðum, sem hafa sérstakar fjárreiður og ætlaðar eru í sérstökum tilgangi, eftir reglugerðum, samþykktum af félaginu, en ekki er hægt að verja til almennra þarfa þess.
6. Við 9. gr.
   a. 1. og 2. málsl. orðist svo: Á hverri vinnustöð, þar sem a. m. k. 5 menn vinna, hefir stjórn stéttarfélags þess, sem á staðnum er í viðkomandi starfsgrein, rétt til að tilnefna úr hópi þeirra manna, sem á staðnum vinna, trúnaðarmann.
   b. Á eftir orðinu „landbúnaðarverkafólks“ komi: nema 10 menn vinni á staðnum.
7. Við 10. gr. Í stað orðanna „að snúa sér til“ í 2. málsgr. út að og með orðunum „við verður komið“ í 3. málsgr., komi: að snúa sér til stjórnar stéttarfélagsins og gefa henni skýrslu um umkvartanir verkamanna, strax og því verður við komið, og ennfremur að snúa sér til atvinnurekanda eða umboðsmanns hans með umkvörtun og kröfu um lagfæringu.
8. Við 11. gr. Greinin orðist svo:
   Atvinnurekendum og umboðsmönnum þeirra er óheimilt að segja trúnaðarmönnum upp vinnu, svo lengi sem aðrir meðlimir stéttarfélagsins vinna að störfum þeim hjá atvinnurekendum, sem félagið nær yfir, nema trúnaðarmaður leysi starf sitt hjá atvinnurekanda lélega af hendi, eða gerist brotlegur í því við hann, að dómi félagsdóms, eða samþykki stjórnar stéttarfélagsins komi til. Ekki mega heldur atvinnurekendur né umboðsmenn þeirra láta trúnaðarmenn á nokkurn hátt gjalda þess, að stéttarfélag þeirra hefir falið þeim að gegna trúnaðarmannsstarfinu fyrir sig.
9. Við 15. gr.
   a. Aftan við 1. málsl. komi nýr stafl., er verður stafl. a, svo hljóðandi:
      Á félagsfundi með leynilegri atkvæðagreiðslu, enda hafi þess verið getið í fundarboðinu og minnst 20% atkvæðisbærra meðlima félagsins hafi mætt og meiri hluti meðlima hafi greitt vinnustöðvuninni atkvæði. Þá getur fjórðungur mættra meðlima krafizt um þetta almennrar leynilegrar atkvæðagreiðslu.

b. Í stað orðanna „a. m. k. ¾ hlutum“ í c-lið komi: meiri hluta.
c. Aftan við greinina bætist nýr stafliður, svo hljóðandi:

d. af félagsstjórn, ef aðeins er um að ræða að halda í gildi óbreyttum venjum félagsins og samþykktum um kaup, kjör og vinnuskilyrði, sem haldnar hafa yfirleitt verið af atvinnurekendum á staðnum, eða innheimtu vangreidds kaupgjalds eða að vinna ekki í starfsgreininni með mönnum, sem ekki eru meðlimir hlutaðeigandi stéttarfélags, svo og ef um lausavinnu er að ræða, sem samningar hafa ekki náð til og hætta á, að mundi ljúkast áður en á annan hátt fengist ákvörðun um vinnustöðvun.

10. Við 16. gr. Greinin orðist svo:

Ákvörðun um vinnustöðvun, sem hefja á í þeim tilgangi að knýja fram breytingu á samningi, eða ákvörðun um kaup og kjör, þegar samningar eða kauptaxti rennur út, ber að tilkynna sáttasemjara og þeim, sem hún beinist aðallega gegn, 7 sólarhringum áður en tilætlunin er, að hún hefjist.

11. Við 17. gr.
a. 1. tölul. orðist svo:

Ef ágreiningurinn er einungis um atriði, sem Félagsdómur á úrskurðarvald um, nema til leiðréttingar brotum gegn skýlausum ákvæðum samnings, eða til fullnægingar úrskurðum dómsins.

b. Töluliður 2 falli niður.

12. Við 19. gr. Í stað orðanna „meðlima þeirra ... að vinnustöðvuninni standa“ komi: manna.

13. Við 30. gr.
a. Í stað orðanna „í samráði við fulltrúa“ í 1. málsl. 2. málsgr. komi: ásamt fulltrúum.
b. Á eftir 1. málsl. 2. málsgr. komi nýr málsl., svo hljóðandi: Atkvæðagreiðsla skal fara fram á félagsfundi eða með almennri atkvæðagreiðslu í félaginu, er taki minnst 24 stundir.
c. Á eftir orðinu „félaginu“ í 2. málsl. 2. málsgr. komi: ef samkomulag verður milli þeirra.
d. Á eftir orðinu „félögum“ í 3. málsl. 2. málsgr. komi: á sama hátt.
e. Síðasta málsgr. greinarinnar orðist svo:

Miðlunartillögu má birta, nema sáttasemjari og báðir deiluaðiljar samþykki að halda henni leyndri fyrir almenningi, þar til báðir aðiljar hafa sent svör sín.

14. Við 31. gr. Aftan við greinina bætist: og neyti atkvæðisréttar síns.

15. Við 32. gr. 3. málsgr. orðist svo:

Meiri hluti atkvæða ræður úrslitum um miðlunartillögu. Fari atkvæðagreiðslan fram á félagsfundi, þurfa 20% félagsmanna að hafa mætt þar við atkvæðagreiðslu og atkvæðagreiðslunnar getið í fundarboðinu. Séu færri mættir, skal fara fram almenn leynileg atkvæðagreiðsla í félaginu, er taki minnst 24 stundir. Á félagsfundi getur einnig fjórðungur mættra félagsmanna krafizt almennrar atkvæðagreiðslu í félaginu um tillöguna, er standi minnst 24 stundir. Þeir, sem vegna fjarveru eða veikinda sannanlega eru útilokaðir frá að neyta atkvæðisréttar síns, teljast ekki atkvæðisbærir í þessu sambandi.

16. Við 33. gr. Greinina skal orða svo:

Sáttasemjari getur borið fram miðlunartillögu eins oft og þurfa þykir, nema annar deiluaðili hreyfi mótmælum.

17. Við 39. gr. Greinin orðist svo:

Í dóminum eiga sæti 5 menn, sem skipaðir eru til þriggja ára þannig: einn af Vinnuveitendafélagi Íslands, annar af Alþýðusambandi Íslands, einn af þremur, sem Vinnuveitendafélag Íslands tilnefnir, en Alþýðusamband Íslands ryður tveimur þeirra, einn af þremur, sem Alþýðusamband Íslands tilnefnir, en Vinnuveitendafélag Íslands ryður tveimur þeirra, einn af hæstarétti, og sé hann

forseti dómsins, nema aðrir aðiljar komi sér saman um forsetann. Ef atvinnurekandi, sem er málsaðili, er ekki meðlimur í Vinnuveitendafélagi Íslands, skulu dómarar þeir, sem tilnefndir eru af því, víkja sæti, en í staðinn tilnefnir atvinnurekandinn dómara á sama hátt í málinu, og skal hann hafa gert það áður en hálfur stefnufrestur er liðinn, ella tilnefnir forseti dómsins dóminn.

Sömu aðiljar tilnefna varadómendur, er taka sæti í forföllum aðaldómenda.

18. Við 65. gr. Á eftir orðinu „aðfararhæfir" í niðurlagi fyrri málsl. 2. málsgr. komi: Þó koma aðeins til greina, ef um aðför er að ræða, hverrar tegundar sem er, þær eignir og sjóðir aðilja, sem ekki eru undanskildir ábyrgð fyrir samningsrof samkvæmt 8. gr.

19. Á eftir 70. gr. komi ný grein:

Við allar atkvæðagreiðslur samkvæmt lögum þessum gildir sú regla, að enginn maður fer nema með eitt atkvæði.

Sþ. 223. Nefndarálit

um frv. til fjárlaga fyrir árið 1939.

Frá fjárveitinganefnd.

Um leið og fjvn. leggur fram brtt. sínar, vill hún taka fram, að allmargar breytingar bíða til 3. umr. Þrátt fyrir þó að þær væntanlegu brtt. séu að miklu leyti undirbúnar, skortir samt nokkuð á, að n. hafi aflað sér allra þeirra upplýsinga, sem hugsanlegt er, að hún geti fengið, áður en lokaákvörðun yrði tekin. Mætti sem dæmi nefna viðhald símanna, nýjar símalínur, brúargerðir, vitamál, viðhald vega, sandgræðslu og skógrækt, skólabyggingar o. fl., og síðast en ekki síst fjárpláguna.

Nefndin hefir ekki gert margar verulegar breytingar við einstaka liði fjárlagafrv. Hinsvegar eru settir inn allmargir nýir liðir; margir þeirra eru í fjárlögum þessa árs, en við samning fjárlfrv. fyrir árið 1939 hafði ríkisstj. fellt ýmislegt niður, sem fjvn. sá sér ekki fært annað en taka upp aftur. Nefndin taldi og óhjákvæmilegt að taka upp í frv. nokkra nýja liði.

Höfuðbreytingartill. eru við 13. gr., snertandi vegi og hafnarbætur.

Svo sem að undanförnu hefir nefndin lagt mikla vinnu í athugun á launagreiðslum í ríkisstofnunum og annan rekstrarkostnað; hafði nefndin með sér verkaskiptingu, svo að betur ynnist. Alls hefir nefndin átt allt að 60 samtöl við ýmsa trúnaðarmenn ríkisins, auk margháttaðra upplýsinga, sem hún hefir aflað sér snertandi afgreiðslu fjárlfrv. þess, sem hér liggur fyrir.

Nefndin hefir farið allnákvæmlega gegnum launaskrá starfsmanna ríkisstofnana og gert allmargar breytingar til samræmis, bæði á launum og fólkshaldi. Slík vinna er býsna tafsöm og tímafrek. Starfsmannaskráin fyrir árið 1939 fylgir ekki nál., þrátt fyrir þó að hún sé að mestu fullgerð. Í fjvn. mun þó verða rætt nánar um launamál; er því óvíst, hvaða till. verða endanlega samþ. af fjvn. Starfsmannaskráin verður því ekki prentuð fyrr en síðar. Komið hafa til umr. og atkvgr. ýmsar till. snertandi rekstur ríkisstofnana. Þeirra verður ekki getið í nál

TEKJUBÁLKURINN:

Enn er ósamþ. á Alþingi frv. til l. um bráðabirgðabreytingu nokkurra l. Afdrif þessa frv. hafa nokkra þýðingu fyrir ákvarðanir n. Þess vegna gerir n. engar brtt. við tekjuliði 2. gr. frv. fyrr en fyrir 3. umr.

GJALDABÁLKURINN:

Hækkunartill. nefndarinnar nema samtals kr. 264900. Lækkunartill. kr. 73000. Hækkun umfram lækkun verður því 191900 kr. Skiptist hækkunin í höfuðatriðum þannig:

10. gr.	Til ríkisstjórnarinnar	21,5 þús. kr.
11. —	— dómgæzlu og lögreglumála	13,6 — —
13. —	— samgöngumála	116,2 — —
14. —	— kennslumála	34,9 — —
16. —	— verklegra framkvæmda	29,0 — —

Brtt. við 15., 17. og 18. gr. hefir n. ákveðið að geyma til 3. umr.

Útgjöld ríkisins á rekstrarreikningi talin í heilum þúsundum verða samkv. till. n. ca. 16,353 millj. og tekjur ca. 17,311 millj.

Tekjuafgangur á rekstrarreikningi frv. er því eins og n. gengur frá því við þessa umr. 958 þús. kr., en var 1193392 kr. í frv. stj. Greiðsluhallinn er hinsvegar 286 þús. kr. Mun nefndin athuga vel, hvernig honum verði mætt.

Fara hér á eftir nokkrar skýringar á brtt. hverrar greinar, að svo miklu leyti, sem þær þurfa skýringa við. Að öðru leyti verður gerð grein fyrir þeim í framsögu.

3., 10. og 11. gr.

Brtt. þessara greina eru næstum allar til samræmis við starfsmannaskrána eins og henni hefir verið breytt af n.

12. gr.

Rekstrarkostnaður sjúkrahúsanna á árinu 1939 er miðaður við reynslu síðastl. árs, ásamt viðhorfi komandi tíma. Er alls ekki hægt að áætla rekstur sjúkrahúsanna nákvæmlega samkv. undanfarandi reynslu.

Styrkurinn til þess að reisa læknisbústaði og sjúkraskýli ætlast nefndin til að skiptist þannig:

Til læknisbústaðar í Laugarási	3500 kr.
— — í Grenivík	3500 —
— — á Breiðumýri	1000 —
— sjúkrahúss á Húsavík	2500 —
— sjúkraskýlis á Eyrarbakka	2500 —

Nefndin leggur til, að styrkur til heilsuverndarstöðva hækki um 3000 kr. Berklayfirlæknir telur mjög nauðsynlegt að stofna berklavarnarstöðvar á næsta ári á Ísafirði, Siglufirði, Akureyri og Vestmannaeyjum. Ennfremur er það skoðun sérfróðra manna, að þær berklavarnarstöðvar, sem þegar hafa verið stofnaðar, hafi gert mikið gagn sem vörn gegn útbreiðslu berklaveiki. Vill nefndin styðja fjölgun slíkra stöðva.

13. gr.

Um brtt. þær, sem snerta vegina, er þess að geta, að n. hefir svo sem áður reynt að ná samkomulagi við þingmenn um fjárveitingar til veganna. Kröfur einstakra þingmanna eru yfirleitt miklu hærri en nefndin hefir séð sér fært að taka til greina. Áður en nefndin gekk til atkv. um fjárveitingu til vegamála, var vegamálastjóri tvisvar kallaður til viðtals, og eru samþykktir n. í öllum höfuðatriðum í samræmi við till. hans. Vegaviðhaldið verður athugað nánar fyrir 3. umr. N. leggur til, að hækkuð verði fjárveiting til aðstoðarmanna vegamálastjóra og mælinga ásamt skrifstofukostnaði um 2000 kr. Hækkunartill. til vegamála nema alls rúml. 60 þús. kr.

Þá hefir n. gert till. um miklar hækkanir á 13. gr. C., framlögum til hafnarbóta og bryggjugerða. Nema þær hækkanir tæpum 50 þús. kr. og eru í samræmi við óskir þingmanna. Voru allar till. bornar undir vitamálastjóra, áður en n. samþ. þær. Liggja þó fyrir n. óskir um fleiri framkvæmdir á þessu sviði, sem hún hefir til athugunar til 3. umr. Loks leggur nefndin til, að veittar verði 4000 kr. til þess að reisa flugskýli við Reykjavík.

14. gr.

Brtt. við þessa grein eru fáar við þessa umr. Helztar eru till. um 2400 kr. til utanfara presta, till. um 2000 kr. til háskólans til móttöku erlendra vísindamanna og

till. um nokkra fjárveitingu til bændaskólans á Hvanneyri. Af þeim 8000 kr., sem ætlaðar eru til byggingar- kennarabústaða, ætlast n. til, að helmingurinn gangi til framhalds kennarabústaðar, sem þegar er byrjað að reisa, en hinn helmingurinn til bústaðar, sem gert er ráð fyrir, að reistur verði.

Þá leggur nefndin til, að veittar verði 10 þús. kr. til endurbóta á skólahúsinu, og 1500 kr. til sundlaugar á jarðhitastað skammt frá skólanum. — Loks er till. um byggingarstyrk til Flensborgarskólans.

16. gr.

Vegna fjölgunar búnaðarþingsfulltrúa og af ýmsum öðrum auknum útgjöldum, sem ekki verður hjá komizt, gerir n. till. um 20 þús. kr. hækkun á fjárveitingunni til Búnaðarfélags Íslands.

Þá leggur n. til, að styrkurinn til Fiskifélagsins hækki um 4000 kr. vegna kostnaðar við söfnun aflaskýrslna. Loks ber n. fram till. um 5000 kr. hækkun á fjárveitingu til fyrirhleðslu á vatnasvæði Þverár og Markarfljóts.

Alþingi, 8. apríl 1938.

Bjarni Bjarnason, form., frsm.	Ásg. Ásgeirsson, fundaskr.	Helgi Jónasson.
Pétur Ottesen, með fyrirvara.	Jón Pálmason, með fyrirvara.	Bernh. Stefánsson.
Jakob Möller, með fyrirvara.	Þorbergur Þorleifsson.	Þorst. Þorsteinsson, með fyrirvara.

Ed. 224. Breytingartillögur

við frv. til l. um bráðabirgðatekjuöflun ríkissjóðs og jöfnunarsjóðs bæjar- og sveitarfélaga.

Frá Jóhanni Jósefssyni.

1. Við 4. gr. 1. Á eftir stafrófsliðnum b. komi nýr liður, svo hljóðandi:
   Vestmannaeyjavegir allt að 5000 kr.
2. Í stað „275000“ í niðurlagi greinarinnar komi: 280000.

Ed. 225. Nefndarálit

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 55 27. júní 1921, um skipulag kauptúna og sjávarþorpa.

Frá menntamálanefnd.

Nefndin hefir athugað málið og mælir með því, að frv. verði samþykkt með nokkrum minni háttar breytingum. Nefndin mun ef til vill flytja nokkrar frekari breytingartillögur við 3. umr., eftir bendingum frá skipulagsnefnd.

Nefndin gerir nú eftirfarandi

BREYTINGARTILLÖGUR:

1. Við 3. gr.
   a. Í stað orðsins „byggingarfræðing“ í annari efnismálsgr. komi: húsameistara.

b. Fyrir orðin „mæta þessum útgjöldum“ í fjórðu efnismálsgr. komi: standast þennan kostnað.

2. Við 5. gr. Í stað tölunnar „500“ komi: 200.

Alþingi, 9. apríl 1938.

Jónas Jónsson, form., frsm. | Guðrún Lárusdóttir, fundaskr. | Sigurjón Á. Ólafsson.

Ed. 226. Breytingartillaga

við frv. til l. um veiting ríkisborgararéttar.

Frá allsherjarnefnd.

Inn í frvgr. bætist:

Magnús Már Sigurjónsson, verkamaður í Reykjavík, fæddur í Canada.

Ed. 227. Breytingartillaga

við brtt. á þskj. 212 [Byggingar- og landnámssjóður].

Frá Þorst. Þorsteinssyni og Erl. Þorsteinssyni.

Í stað orðanna í tillgr. „er orðið hafa fyrir verulegu tjóni“ komi: er hafa orðið fyrir verulegum búfjárfelli, og hvorki sé um að kenna verknaði eiganda né hirðuleysi hans, einnig þeir, er beðið hafa mikið tjón.

Nd. 228. Frumvarp til laga

um skatt- og útsvarsgreiðslu útlendinga o. fl.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

1. gr.

Gagnvart útlendingum, sem landvistar- og atvinnuleyfi hafa um tiltekinn tíma, eða þeim mönnum, er ástæða er til að ætla, að dvelji hér aðeins um stundarsakir eða eru á förum af landi burt, án þess þó að ákvæði 29. gr. 2. tölul. laga um útsvör, nr. 106 1936, nái til þeirra, en hafa fasta atvinnu, skal haga innheimtu tekjuskatts til ríkis og útsvars til bæjar- eða sveitarfélaga svo sem segir í lögum þessum.

2. gr.

Sé dvöl aðilja hér á landi svo löng, að hún skapi honum útsvars- eða skattskyldu, ber kaupgreiðandi hans fulla ábyrgð á greiðslu þessara gjalda, svo sem um hans ciginn skatt eða útsvar væri að ræða (sbr. þó 4. gr.). Nú eru kaupgreiðendur aðilja fleiri en einn á hinu sama útsvars- eða skattári, og bera þeir þá hlutfallslega ábyrgð, miðað við þann tíma, er þeir hafa greitt honum kaup.

Gagnvart þeim aðiljum, sem hafa dvalar- eða atvinnuleyfi um ótiltekinn tíma, kemur þó ábyrgð kaupgreiðanda því aðeins til greina, að innheimtumenn skatts og útsvars tilkynni honum, að hann verði gerður ábyrgur.

3. gr.

Til tryggingar ábyrgð þeirri, er í 2. gr. getur, skal kaupgreiðanda heimilt að halda eftir af kaupi útsvars- eða skattgreiðanda allt að 20% af launum, ef um einhleypan mann er að ræða, en allt að 15%, ef fjölskyldumaður á í hlut.

4. gr.

Ef upphæð sú, sem heimilt er að halda eftir samkv. 3. gr. til að fullnægja skatt- og útsvarsskyldum gjaldanda, er sýnilega of há eða of lág, getur gjaldandi eða innheimtumaður skatts eða útsvars, svo og kaupgreiðandi, snúið sér til hlutaðeigandi niðurjöfnunarnefndar og skattanefndar (skattstjóra) og farið fram á, að þær úrskurði um, hve miklu skuli haldið eftir af kaupi gjaldanda til að standast téðar greiðslur. Ábyrgð kaupgreiðanda á þeim skatt- og útsvarsgreiðslum, sem umfram kunna að vera þá upphæð, sem haldið er eftir samkvæmt úrskurðunum, fellur niður, enda hafi kaupgreiðandi skýrt rétt frá málavöxtum.

5. gr.

Jafnskjótt og skattur og útsvar gjaldanda hafa verið ákveðin, skal kaupgreiðanda skylt að endurgreiða gjaldanda það, sem of mikið kynni að hafa verið haldið eftir af kaupi skatt-(útsvars)ársins.

6. gr.

Kaupupphæð þá, sem kaupgreiðandi heldur eftir af kaupi gjaldanda, skal honum skylt að ávaxta með venjulegum bankainnlánsvöxtum, þar til greiðslur hafa farið fram í ríkis- og bæjar- eða sveitarsjóð eða endurgreiðslur til gjaldanda sjálfs.

7. gr.

Að öðru leyti gilda ákvæði laga um tekjuskatt og eignarskatt og laga um útsvör, eftir því sem á við.

8. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ed. 229. Breytingartillaga

við frv. til bifreiðalaga.

Frá Bjarna Snæbjörnssyni.

Við 34. gr. Aftan við 1. málsl. komi: Skylda sú, sem þannig hvílir á ábyrgðarmanni bifreiðar, nær einnig til bóta fyrir þjáningar og óþægindi þess manns, er fyrir tjóninu verður.

Nd. 230. Frumvarp til laga

um lífeyrissjóð ljósmæðra.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

1. gr.

Sjóðurinn heitir lífeyrissjóður ljósmæðra, og er hann eign ríkisins.

2. gr.

Stofnfé sjóðsins myndast af framlagi ríkissjóðs, sem er 10000 kr. árlega í sjóðinn, og iðgjöldum lögskipaðra ljósmæðra, sem er 4% af föstum launum þeirra, og skal iðgjaldinu haldið eftir af launanum.

Um iðgjaldagreiðslur sjóðfélaga lífeyrissjóðs ljósmæðra til lífeyrissjóðs Íslands fer eftir ákvæðum síðustu málsgr. 49. gr. laga nr. 74 31. des. 1937, um alþýðutryggingar.

3. gr.

Ríkissjóður ábyrgist greiðslu lífeyris samkvæmt lögum þessum.

4. gr.

Stjórn sjóðsins skipa 5 menn, formaður Ljósmæðrafélags Íslands, ein ljósmóðir, er kosin skal á aðalfundi Ljósmæðrafélags Íslands, en 3 menn í stjórnina skal ríkisstjórnin velja til þriggja ára, og gengur einn úr árlega, í fyrsta sinn eftir hlutkesti. Stjórn sjóðsins skal kjósa formann fyrir sjóðinn á fyrsta fundi, er hún heldur á árinu. Sjóðsstjórnin skal vinna kauplaust.

5. gr.

Tryggingarstofnun ríkisins hefir á hendi reikningshald sjóðsins, heimtir inn tekjur hans og annast greiðslur úr honum, hvorttveggja eftir tilvísun sjóðsstjórnarinnar.

6. gr.

Reikningsár sjóðsins er almanaksárið. Ársreikning skal semja jafnframt ársreikningi ríkissjóðs, endurskoða og úrskurða á sama hátt og aðra reikninga ríkisins.

7. gr.

Sjóðsstjórnin heldur fundi svo oft sem þörf er á, og skal hún halda gerðabók og skrá þar allar samþykktir sínar. Í stjórninni ræður meiri hluti atkvæða, og má ekkert fé greiða úr sjóðnum nema með samþykki sjóðsstjórnarinnar.

8. gr.

Rétt til lífeyris úr sjóðnum hefir sérhver lögskipuð ljósmóðir, sem starfað hefir sem lögskipuð ljósmóðir í 15 ár eða meira, og hættir störfum, eftir að sjóðurinn tekur til starfa, af ástæðum, er sjóðsstjórnin telur lögmætar. Lögmæt ástæða til að hætta störfum er aðeins sjúkdómur eða elli. Upphæð lífeyris skal fara eftir því, sem um getur í 11. gr. Þær fyrrverandi ljósmæður, sem fá sérstaklega veitt eftirlaun úr ríkissjóði samkv. ákvæðum í fjárlögum, skulu framvegis fá sömu upphæð árlega greidda úr sjóðnum sem þær hafa nú frá ríkissjóði.

9. gr.

Ljósmæður, er starfa í bæjum og tryggð eru sömu eftirlaun og öðrum föstum starfsmönnum bæjanna, gjalda ekki til sjóðsins og njóta ekki réttinda samkvæmt þessum lögum. Í þeim bæjum, þar sem eftirlaunamálum starfsmanna hefir enn ekki verið skipað, skulu þó þær ljósmæður, sem laun taka af bænum, hafa frjálsan aðgang að því að njóta réttinda þessara laga, með sömu kjörum og aðrar ljósmæður, þangað til þessum málum hefir verið skipað. Sama gildir um ljósmæður þær, sem starfa við fæðingardeild landsspítalans.

10. gr.

Upphæð lífeyris miðast við meðalárslaun ljósmóður síðustu 5 árin áður en hún lætur af starfi. Til árslaunanna teljast laun og dýrtíðaruppbót.

11. gr.

Fullur lífeyrir skal miðaður við árslaun samkv. 10. gr. og við fjölda þeirra ára, er ljósmóðirin hefir starfað sem lögskipuð ljósmóðir, hvort heldur óslitið eða með millibili. Ef ljósmóðir lætur af störfum án þess vegna veikinda sé, verður hún þó að vera fullra 60 ára til þess að njóta lífeyris. Fyrir minna en 15 ára starf greiðist enginn lífeyrir.

Fyrir	15—16	ára starf veitast	30%	af meðall. síðustu 5 ára
—	16—17	——„——	33%	——„——
—	17—18	——„——	36%	——„——
—	18—19	——„——	39%	——„——
—	19—20	——„——	42%	——„——
—	20—21	——„——	45%	——„——
—	21—22	——„——	48%	——„——
—	22—23	——„——	51%	——„——
—	23—24	——„——	54%	——„——
—	24—25	——„——	57%	——„——
—	25 ára starf eða meira		60%	——„——

Standi upphæð lífeyris samkvæmt þessum útreikningi ekki á heilum tug króna, skal hækka hann svo, að standi á tug.

12. gr.

Verði ljósmóðir ófær til allra starfa vegna slyss, sem hendir hana sökum starfs hennar sem ljósmóðir, skal hún fá greiddan jafnháan lífeyri úr sjóðnum og þær, er starfað hafa í 25 ár. Verði hún seinna vinnufær, fellur greiðslan niður.

13. gr.

Láti ljósmóðir eftir sig föðurlaus börn innan 16 ára aldurs, skulu þau fá úr sjóðnum allt að 200 kr. árlega hvert fram til 16 ára aldurs, eftir úrskurði sjóðsstjórnar. Gildir það jafnt, hvort sem um skilgetin eða óskilgetin börn er að ræða.

14. gr.

Í desembermánuði ár hvert semur stjórn sjóðsins skrá yfir þá, er lífeyris skulu njóta á næsta ári, og gerir samþykkt um breytingar jafnskjótt og tilefni er til.

15. gr.

Lífeyrir greiðist árlega 1. dag júnímánaðar, og þá beint til hlutaðeiganda. Lífeyri til barna veitir móttöku fjárráðamaður þeirra. Áður en tryggingarstofnunin greiðir lífeyri, skal hún fá uppgefinn embættisaldur viðkomanda hjá sjóðsstjórninni.

16. gr.

Umsóknir um lífeyri úr sjóðnum skulu sendar formanni sjóðsins fyrir 1. des. ár hvert, og skal tekið fram, hve lengi og hvar viðkomandi hefir starfað.

17. gr.

Ljósmóðir, sem lætur af störfum án þess að fá lífeyri úr sjóðnum, skal fá endurgreidd iðgjöld þau vaxtalaust, er hún hefir lagt í sjóðinn.

18. gr.

Sjóðurinn tekur til starfa 1. jan. 1940, enda hafi þá iðgjöld verið greidd fyrir yfirstandandi ár og næsta ár (1938 og 1939) og ríkissjóðstillagið fyrir árið 1939.

Ed. 231. Frumvarp til laga

um breytingar á lögum nr. 43 19. júní 1933, um stjórn vitamála og um vitabyggingar.

(Eftir 3. umr. í Nd.).

1. gr.

7. gr. laganna orðist svo:

Vitamálastjóri gerir árlega tillögur og áætlun um fjárveitingar úr ríkissjóði til vitamála. Tillögur þessar skal hann gera í samráði við forstöðumann stýrimanna-

skólans í Reykjavík, forseta Fiskifélags Íslands og formann Farmannasambands Íslands. Skal þetta gert svo snemma, að ríkisstjórnin geti haft tillögurnar til hliðsjónar við samningu fjárlagafrumvarpsins.

2. gr.

9. gr. laganna verði svo hljóðandi:

Ráðherra lætur reisa vita þá, sem taldir eru hér á eftir, þegar fé er veitt til þess í fjárlögum:

Á Þjófakletti eða Miðfjarðarskeri í Borgarfirði	ljósviti
— Borgareyjum	—
— Rauðanesi	—
— Þormóðsskeri	—
— Hjörsey á Mýrum	—
— Stapa	—
— Rifi á Snæfellsnesi	—
Við Grundarfjörð	—
Á Stórfiskaskeri við Hagabót	ljósviti
Undir Söðli við Skorarhlíð	—
Á Bjargtöngum	stækkun ljósvita
— —	radióviti
— Vatneyri við Patreksfjörð	ljósviti
— Langanesi í Arnarfirði	—
— Þingeyri við Dýrafjörð	—
— Fjallaskaga við Dýrafjörð	—
— Flateyri við Önundarfjörð	—
— Sauðanesi	—
— Gelti	radióviti
— —	hljóðviti
— Æðey	ljósviti
— Sléttu í Jökulfjörðum	—
— Aðalvík	—
— Hornbjargi	radióviti
— —	hljóðviti
— Munaðarnesi	ljósviti
— Krossnesi	—
— Kaldrananesi	—
— Kjörseyri við Hrútafjörð	—
— Bálkastaðanesi	—
— Skagaströnd	—
— Kálfshamarsvík	stækkun ljósvita
— Skagatá	— —
— Reykjadisk við Skagafjörð	ljósviti
— Straumnesi í Skagafirði	—
— Siglunesi	radióviti
— Húsavíkurhöfða	ljósviti
— Snartarstöðum	—
— Grenjanesi	—
— Svínalækjartanga	—
— Langanesi	stækkun ljósvita
— —	radióviti
— —	hljóðviti
— Digranesi	ljósviti
— Kolbeinstanga í Vopnafirði	—
— Skálanesi við Borgarfjörð	—

Á Glettinganesi	hljóðviti
— Brimnesi við Seyðisfjörð	ljósviti
— Hellisnesi við Norðfjörð	—
— Grímutanga við Reyðarfjörð	—
— Selnesi á Breiðdalsvík	—
— Seley	—
— —	radíóviti
— —	hljóðviti
— Hafnarnesi	endurb. ljósvita
— Hvalsnesi	ljósviti
— Stokknesi	radíóviti
— Hestgerði	ljósviti
— Ingólfshöfða	stækkun ljósvita
— Stórhöfða	— —
— Faxaskeri	ljósviti
— Loftsstaðahól	—
— Hafnarnesi við Þorlákshöfn	—
— Reykjanesi	hljóðviti
— Gróttu	radíóviti
— —	hljóðviti

3. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi felld lög nr. 31 1937.

4. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

Sþ. 232. Breytingartillögur

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1939.

I. Frá *Brynjólfi Bjarnasyni, Einari Olgeirssyni* og *Ísleifi Högnasyni.*

1. Við 8. gr. (Borðfé konungs).
   Fyrir „60000“ kemur 15000
2. Við 11. gr. A. 9 (Lögreglan í Reykjavík).
   Liðurinn fellur niður.
3. Við 12. gr. 12. B. 11 (Vífilsstaðahæli). Nýr liður:
   Til kvikmyndasýninga á hælinu 600

II. Frá *Thor Thors.*

Við 13. gr. A. II. a. 4. Nýr liður:
Ólafsvíkurvegur 3000

III. Frá *Brynjólfi Bjarnasyni, Einari Olgeirssyni* og *Ísleifi Högnasyni.*

Við 13. gr. A. II. a. 29 (Siglufjarðarskarð).
Fyrir „10000“ kemur 50000

IV. Frá *Ísleifi Högnasyni.*

Við 13. gr. A. II. a. 53. Nýr liður:
Strandvegur og Eiðisvegur í Vestmannaeyjum 12000

V. Frá *Brynjólfi Bjarnasyni, Einari Olgeirssyni* og *Ísleifi Högnasyni.*

Við 13. gr. A. II. a. 59. Nýr liður:
Sogsvegur, allt að 70000
gegn framlagi frá Reykjavíkurbæ, er nemi fjórðungi þeirrar fjárhæðar.

VI. Frá *Thor Thors.*
Við 13. gr. C. IX. e. Nýr liður:
Til Arnarstapa 1500

VII. Frá *Brynjólfi Bjarnasyni, Einari Olgeirssyni* og *Ísleifi Högnasyni.*
1. Við 14. gr. B. XVIII. 4. Nýir liðir:
a. Til að reisa heita sundlaug á Siglufirði 20000
b. Til sundlaugar í Neskaupstað 10000
2. Við 15. gr. 7. e. (Bókasafn Neskaupstaðar).
Fyrir „800“ kemur 1500
3. Við 15. gr. 7. g. (Bókasafn Siglufjarðar).
Fyrir „1000“ kemur 2000
4. Við 15. gr. 7. h. (Bókasafn Vestmannaeyja).
Fyrir „1000“ kemur 2000
5. Við 16. gr. (Atvinnubætur).
Fyrir „500000“ kemur 850000
6. Við 16. gr. 10. b. (Tillag til byggingarsjóða af tekjum tóbakseinkasölu).
Fyrir „30000“ kemur 300000

VIII. Frá *Ísleifi Högnasyni, Einari Olgeirssyni* og *Brynjólfi Bjarnasyni.*
Við 16. gr. 11. Nýr liður:
Til að styrkja tilraunastarfsemi bæjar- og sveitarfélaga og einstaklinga í ýmsum verklegum framkvæmdum (þar af 25000 kr. til vatnsöflunar fyrir Vestmannaeyjabæ) 75000

IX. Frá *Brynjólfi Bjarnasyni, Einari Olgeirssyni* og *Ísleifi Högnasyni.*
1. Við 16. gr. 24. Nýir liðir:
a. Til hagnýtra jarðvegsrannsókna 20000
Til þess að annast þessar rannsóknir er ríkisstjórninni heimilt að ráða sérfróðan mann, er sé um leið ráðunautur hennar í öllu, er lýtur að hagnýtingu íslenzkra jarðefna.
b. Til rannsókna á möguleikum til hagnýtingar á orkulindum landsins, svo sem vatnsorku og hveraorku, samkvæmt nánari tillögum orkuráðs 50000
2. Við 17. gr. 18. Nýir liðir:
a. Til sjúkrasjóðs verkamannafélags Akureyrar 300
b. Til sjúkrasjóðs verkakvennafélagsins Einingin á Akureyri .. 300
3. Við 17. gr. 22. Nýr liður:
Til sjúkra- og styrktarsjóðs verkakvennafélagsins Snótar í Vestmannaeyjum 300
4. Við 17. gr. 23. Nýr liður:
Til styrktarsjóðs Sjómannafélagsins Jötuns í Vestmannaeyjum 300
5. Við 17. gr. 26. Nýr liður:
Til Friðarfélagsins, Íslandsdeildar, til lýsiskaupa handa börnum á Spáni 10000
Til vara 5000
6. Við 20. gr. Út III. (Nýir vitar).
Í stað „65000“ kemur 225000
7. Við 22. gr. XII. Nýr liður:
Að ábyrgjast fyrir félög útgerðarmanna, sjómanna eða bæjarfélög lán til kaupa á nýjum diesilmótorskipum, 75—150 smálesta, er séu útbúin þannig, að á þeim megi stunda allar algengustu fiskveiðiaðferðir hér við land. Ábyrgðina má veita fyrir allt að ⅔ kostnaðarverðs skipanna, gegn 1. veðrétti í þeim, og fari ábyrgðir á árinu 1939 eigi fram úr 700000 kr.

Ed. 233. Nefndarálit

um frv. til l. um breyt. á l. um þingsköp Alþingis, nr. 115 19. nóv. 1936.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefir athugað frumvarp þetta, sem komið er frá Nd. og tók þar engum breytingum, svo og uppástungu um aðra skipun á þessum málum, sem hreyft var við 1. umr. málsins, og hefir orðið sammála um að mæla með því, að frumvarpið verði samþykkt óbreytt. Einn nefndarmanna (ÁJ) var fjarstaddur.

Alþingi, 11. apríl 1938.

Sigurjón Á. Ólafsson, form. Ingvar Pálmason, fundaskr. Magnús Jónsson, frsm.
Páll Hermannsson.

Nd. 234. Frumvarp til laga

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja afréttarlönd í Mýrasýslu o. fl.

Frá landbúnaðarnefnd.

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að selja upprekstrarfélagi Brekkuréttar í Mýrasýslu afréttarlönd þau í Norðurárdalshreppi, sem Stafholtskirkja á þar: Einiberjamúla, Staðarmúla og Brekkumúla, ásamt hálfum Bjarnardal og Baulusandi. Kaupverð á löndum þessum sé fasteignamatsverð.

Nú óskar ekki upprekstrarfélag Brekkuréttar að nota sér réttindi þau, er í lögum þessum felast, til kaupa á téðu landi þegar í stað, og skal það þó hafa forkaupsrétt á landinu í 8 ár frá gildistöku laga þessara, enda er óheimilt að selja það öðrum þann tíma, nema upprekstrarfélagið hafi hafnað forkaupsrétti sínum.

2. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að selja eiganda jarðarinnar Stapasels í Stafholtstungnahreppi landspilduna Sauðhússkóg í sama hreppi, með öllum gögnum og gæðum. Söluverð sé fasteignamatsverð.

3. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að selja Borgarhreppi og Borgarneshreppi í Mýrasýslu jörðina Grísartungu í Stafholtstungnahreppi ásamt „hálfum Víðidal öllum“, eins og ríkið hefir eignazt hann samkv. makaskiptasamningi dags. 20. marz 1937. Söluverð Grísartungu skal vera fasteignamatsverð þeirrar jarðar, en söluverð Víðidals sama sem fasteignamatsverð Staðartungu.

4. gr.

Þegar sala hefir farið fram á landi Grísartungu samkv. 3. gr., skal kaupendum skylt að kaupa af síðasta ábúanda jarðarinnar mannvirki þau, sem hann á þar, samkv. mati dómkvaddra manna.

5. gr.

Skylt er kaupendum Grísartungu, ef krafa kemur um það frá hreppsnefnd Stafholtstungnahrepps, að láta gera fjárheldа girðingu frá ármótum Gljúfurár og Litluár

í Jafnaskarðs-girðingu á hámúlanum, enda tryggi hreppsnefnd Stafholtstungnahrepps heimild fyrir girðingarstæðið í löndum einstakra manna. Komi fram krafa um girðingu samkv. grein þessari innan tveggja ára frá gildistöku laganna, skal kaupendum skylt að gera girðinguna eigi síðar en svo, að hún verði fullgerð í fardögum 1941. Komi krafan síðar fram, skulu kaupendur hafa gert girðinguna innan 18 mánaða frá því að hennar var krafizt.

Hafi eigi verið girt eða lokið við girðinguna á tilsettum tíma samkv. ákvæðum þessarar greinar, er hreppsnefnd Stafholtstungnahrepps heimilt að láta gera girðinguna eða fullgera hana á kostnað kaupenda, enda er þeim þá skylt að greiða kostnaðinn samkv. mati (sbr. 7. gr.).

Kostnaður af viðhaldi girðingarinnar skiptist að jöfnu á milli Stafholtstungnahrepps og kaupenda.

6. gr.

Óheimilt er kaupendum Grísartungu að byggja jörðina nema með samþykki hreppsnefndar Stafholtstungnahrepps á meðan jörðin liggur undir þann hrepp.

7. gr.

Geri hreppsnefnd Stafholtstungnahrepps kröfu á hendur kaupendum um skaðabætur vegna ákvæða laga þessara, svo sem vegna tekjurýrnunar, sem hreppurinn yrði fyrir vegna þess að ábúð leggst niður á Grísartungu o. fl., og verði ekki samkomulag um bætur, skulu þær metnar af þriggja manna nefnd, er sé þannig skipuð, að sýslunefnd Mýrasýslu skipar einn mann, Búnaðarfélag Íslands einn, hæstiréttur einn, og sé hann formaður. Til nefndar þessarar skal og vísa öðrum ágreiningi um skilning og framkvæmd á lögum þessum. Mati og úrskurðum nefndarinnar verður ekki áfrýjað. Í matsgerð skal kveðið á um greiðslu matskostnaðar.

8. gr.

Við sölu á löndum þeim, er seld kunna að verða samkv. lögum þessum, er heimilt að hafa sömu greiðsluskilmála sem ákveðnir voru í lögum nr. 50 16. nóv. 1907 (Sölu kirkjujarða).

9. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frv. þetta er flutt í þeim tilgangi að bæta að nokkru úr þörf einstakra sveita og sveitarhluta í Mýrasýslu, fyrir afréttarlönd, og til að tryggja þeim þau til frambúðar. Um mál þessi hefir verið nokkur ágreiningur í héraðinu undanfarin ár, en líkur eru til, að sú lausn, sem hér er lögð til, muni að mestu jafna þann ágreining.

Nánar í framsögu.

Nd. 235. Frumvarp til laga

um birtingu efnahagsreikninga.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

1. gr.

Hlutafélög, samvinnufélög, önnur félög, fyrirtæki bæjar- og sveitarfélaga og einstaklingar, sem reka verzlun, útgerð, iðnað eða aðra atvinnu, eru bókhaldsskyld og skulda bönkum og sjóðum hér á landi samtals 100000 krónur eða meira í árslok, skulu árlega birta efnahagsreikninga sína. Séu reikningar afhentir stjórnarráðinu til birtingar eigi síðan en 5 mánuðum eftir lok reikningsársins. Reikningunum skal

fylgja vottorð skattanefndar (í Reykjavík skattstofu) um, að þeir séu í samræmi við skattaframtal.

2. gr.

Fjármálaráðuneytið annast birtingu efnahagsreikninga samkv. 1. gr. Ráðuneytið ákveður með reglugerð form reikninganna, hvernig þeir eiga að vera sundurliðaðir og annað, sem snertir framkvæmd laga þessara.

Ráðuneytinu er heimilt að krefja þá aðilja, sem um getur í 1. gr., um rekstrarreikninga eða einstaka liði úr rekstrarreikningum, til birtingar, ef ástæða þykir til.

3. gr.

Ráðuneytinu er heimilt að krefjast borgunar fyrir birtingu efnahagsreikninga. Það ákveður söluverð reikninganna, skipar fyrir um, hver stjórnarvöld skuli fá þá ókeypis og hvað gera skuli til að gera almenningi sem auðveldast að kynnast reikningunum.

4. gr.

Ráðuneytið heldur sérstakan reikning yfir árlegar tekjur og gjöld reikningsútgáfunnar. Ef tekjuhalli verður, telst hann með skrifstofukostnaði stjórnarráðsins, en verði tekjuafgangur, telst hann með tekjum ríkissjóðs.

5. gr.

Ráðuneytið getur hvenær sem er krafið banka og sjóði um skýrslu yfir lánveitingar.

6. gr.

Við vanrækslu þeirrar skyldu, að senda reikninga til birtingar, getur stjórnarráðið ákveðið dagsektir, unz úr er bætt. Úrskurði ráðuneytisins um dagsektir verður ekki áfrýjað. Gefi einhver ranga eða villandi skýrslu um efnahag sinn, varðar það sektum frá 100 til 50000 kr., nema þyngri refsing liggi við að lögum.

Sektir skal innheimta með aðför.

7. gr.

Mál út af brotum á lögum þessum skal fara með sem almenn lögreglumál. Sektir samkvæmt lögunum renna í ríkissjóð.

8. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Nd. 236. Frumvarp til laga

um byggingar- og landnámssjóð.

(Eftir 3. umr. í Ed.).

Samhljóða þskj. 211 með þessum breytingum:

13. gr. hljóðar svo:

Nýbýlastjórn ákveður, hvaða jarðir skulu verða aðnjótandi þess framlags til bygginga, er um ræðir í lögum þessum, og ákveður upphæðina til hvers býlis. Þó skulu þeir umsækjendur að öðru jöfnu ganga fyrir, er orðið hafa fyrir verulegu tjóni á húseignum sínum, vegna óviðráðanlegra orsaka, svo sem jarðskjálfta, bruna, stórviðra o. s. frv. Getur hún krafizt allra þeirra upplýsinga, sem hún telur nauðsynlegar, og sett þau skilyrði um byggingarnar, sem hún telur þurfa til að tryggja það, að þær komi að sem fyllstum notum.

42. gr. hljóðar svo:
Teiknistofan skal láta gera uppdrætti að einföldum og ódýrum húsgögnum, hentugum fyrir alþýðu til sveita og við sjó. Heimilt er teiknistofunni að leita aðstoðar íslenzkra listamanna, viðurkenndra hannyrðakvenna og smíðameistara utan stofnunarinnar um gerð húsgagna, til að fá þau sem smekklegust og í þjóðlegum stíl. Allir, sem rétt hafa til lána úr sjóðum þeim, er um ræðir í 41. gr., svo og stjórnir byggingarfélaga verkamanna og samvinnubyggðafélaga, skulu endurgjaldslaust fá teikningar af húsgögnum, eftir því sem teiknistofan getur í té látið.

43. gr. hljóðar svo:
Nú verður komið á fót verkstæðum við bændaskóla, húsmæðraskóla, héraðsskóla eða annarsstaðar til þess að annast smíði á húsgögnum, hentugum fyrir alþýðu, og fleira, er að húsgagnagerð lýtur, svo sem vefnað á húsgagnafóðri og gluggatjöldum, og skal þá teiknistofan veita verkstæðum þessum alla nauðsynlega aðstoð, svo að þau geti komið að sem almennustum notum við húsgagnagerð.

Ed. 237. Lög

um framlenging á gildi laga nr. 90 19. júní 1933, um útflutning á kjöti.

(Afgreidd frá Ed. 11. apríl).

Samhljóða þskj. 133.

Nd. 238. Frumvarp til laga

um veiting ríkisborgararéttar.

(Eftir 3. umr. í Ed.).

Ríkisborgararétt skulu öðlast:
Bertelsen, Andreas Jess, kaupmaður í Reykjavík, fæddur í Noregi.
Eide, Hans, kaupmaður í Reykjavík, fæddur í Noregi.
Haarde, Tomas, stöðvarverkstjóri í Reykjavík, fæddur í Noregi.
Halblaub, Ágúst, vélstjóranemi í Reykjavík, fæddur í Þýzkalandi.
Halblaub, Sólveig Jónsdóttir, verkakona á Akureyri, fædd hér á landi.
Isebarn, Ingólfur Hans Hermann, skrifstofumaður í Reykjavík, fæddur í Noregi.
Isebarn, Júliana Matthildur, skrifari í Reykjavík, fædd í Noregi.
Jensen-Brand, Helgi Carl, verkamaður í Reykjavík, fæddur í Canada.
Johansen, Kári Sölmundarson, verzlunarmaður á Akureyri, fæddur í Noregi.
Jónas Jónsson, verzlunarmaður í Reykjavík, fæddur hér á landi. — Réttur þessi tekur ekki til konu hans.
Kristján Halldórsson, verkamaður á Hólmavík, fæddur hér á landi.
Magnús Már Sigurjónsson, verkamaður í Reykjavík, fæddur í Canada.
Molvik, Jakob Andreassen, verkamaður á Akureyri, fæddur í Noregi.
Rasmussen, Gunnar Hans, námsmaður í Reykjavík, fæddur í Danmörku.
Stolzenwald, Helmuth Gustav Rudolf, klæðskeri í Vestmannaeyjum, fæddur í Þýzkalandi.
Valderhaug, Andris, bakari á Dalvík, fæddur í Noregi.
Weisshappel, Friedrich Karl Johanna, pianóleikari í Reykjavík, fæddur í Austurríki

Nd. 239. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 27 1. febr. 1936, um iðnaðarnám.

Flm.: Jörundur Brynjólfsson.

1. gr.

1. gr. laga nr. 27 1. febr. 1936 skal orða svo:

Þegar iðnaðarmenn taka nemanda til þess að kenna iðn sína, er þeim skylt að gera við hann skriflegan námssamning. Skal hlutaðeigandi lögreglustjóri rita á samninginn vottorð sitt um, að hann sé samkvæmur fyrirmælum laga þessara, og ennfremur skulu iðnaðarfulltrúar rita á hann vottorð sitt um, að hann fullnægi þeim skilyrðum, er þeir hafa komið sér saman um að setja um slíka samninga.

Iðnaðarfulltrúar skulu vera þrír og jafnmargir til vara, allir búsettir í Reykjavík, skipaðir af atvinnumálaráðherra til 3 ára í senn eftir tilnefningu iðnaðarnefnda Alþingis, og fer hlutfallskosning fram um tilnefninguna, ef nefndarmenn koma sér ekki saman. Iðnaðarfulltrúar skulu vera ráðuneytinu til aðstoðar um allt, er að iðnaðarmálum lýtur.

Áður en iðnaðarfulltrúar rita á námssamning nemanda, skulu þeir leita álits sveinafélags og meistarafélags staðarins, ef til eru, um þörfina fyrir fjölgun iðnnema í iðninni.

Námssamningur er því aðeins gildur, að tveir iðnaðarfulltrúanna að minnsta kosti hafi samþykkt hann með undirskrift sinni.

Lögreglustjórar skulu, eftir ráðstöfun ráðherra, hafa í höndum eyðublöð undir námssamninga og afhenda þau ókeypis.

2. gr.

3. gr. laganna skal orða svo:

Í námssamningum skal tekið fram, hve langur kennslutími skuli vera. Skal atvinnumálaráðherra gefa út reglugerð, er ákveður kennslutímabilið í hverri iðn fyrir sig, en leita áður um það tillagna landssambands iðnaðarmanna, en það leitar aftur umsagnar hlutaðeigandi meistara- og sveinafélaga, ef slík félög eru til í landinu.

Nú eru þessi félög ekki til í einhverri iðngrein, og skal þá stjórn landssambands iðnaðarmanna kalla þá meistara og sveina í iðninni, sem hægt er að ná til, með tveggja mánaða fyrirvara, á fund, til þess að gera tillögur um málið. Þeir, sem fjarri búa, geta sent tillögur sínar skriflega.

Tillögur aðilja þeirra, er að framan getur, skulu síðan bornar undir iðnaðarfulltrúa, áður en reglugerðin er gefin út.

3. gr.

Í stað orðanna „iðnráðsfulltrúi samiðnaðarmanna á staðnum“, í 14. gr. laganna, komi: einhver iðnaðarfulltrúa.

4. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin niðurlagsorð 4. tölul. 15. gr. laga nr. 105 23. júní 1936: „áritaðs af sveinafélagi, ef til er á staðnum“, svo og öll önnur ákvæði, er koma í bága við lög þessi.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

6. gr.

Þegar lög þessi hafa öðlazt staðfestingu, skal fella meginmál þeirra inn í lög nr. 27 1. febr. 1936, um iðnaðarnám, og gefa þau út svo breytt.

Greinargerð.

Það hefir þótt undanfarið of mikið að því kveða, að ungum mönnum hafi verið meinað að nema iðnað. Hefir þetta gengið svo langt, að í sumum allfjölmennum iðngreinum í Reykjavík er nú enginn nemandi. Kunnugir telja, að sú skipan þessara mála, sem að nokkru leyti hafi skapazt með lögunum um iðnaðarnám, er sett voru 1936, sé óviðunandi.

Með þeirri lagabreyting, sem hér er lagt til, að gerð verði á þessum lögum, vona ég, að meira frjálslyndis gæti í framkvæmd þessara mála heldur en ríkt hefir nú um skeið.

Sþ. 240. Tillaga til þingsályktunar

um rannsókn á framfærslukostnaði embættismanna.

Flm.: Magnús Jónsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta fram fara rannsókn á því, hve mikið raunverulega kostar að framfæra fjölskyldu í Reykjavík og á öðrum þeim stöðum á landinu, þar sem slíkri rannsókn verður við komið, og skal rannsóknin miðuð við þá lifnaðarháttu, sem taldir eru hæfilegir fyrir embættismenn ríkisins.

Stjórnin lætur hagstofuna annast rannsókn þessa, og skal henni lokið áður en næsta reglulegt Alþingi kemur saman, að svo miklu leyti, sem mögulegt er.

Greinargerð.

Launamál embættis- og starfsmanna ríkisins hefir reynzt mjög erfitt viðfangs fyrir Alþingi. Annarsvegar eru embættismennirnir, sem telja ekki mögulegt að framfæra sig og fjölskyldur sínar á þeim launum, sem þeim eru ætluð, en hinsvegar er ríkið og fjöldi manna, sem vilja ekki fallast á kröfur embættismanna um bætt kjör, ýmist af því að ríkið geti ekki borið hærri gjöld til þessa, eða af því, að launin eru talin nægilega há. Eru jafnvel til raddir í þá átt, að lækka mætti launin.

Úr þessu getur ekkert skorið annað en óhlutdræg rannsókn á staðreyndum. Eftir að fallizt hefir verið á, að embættismenn eigi sjálfs sín og ríkisins vegna að hafa einhverja ákveðna lifnaðarháttu, t. d. um húsnæði, klæðaburð o. fl., hlýtur að vera hægt að rannsaka með nokkurn veginn nákvæmni, hvað mikið kostar að framfæra t. d. 5 manna fjölskyldu. Og niðurstöður rannsóknarinnar hljóta að verða mikilsverður grundvöllur til að byggja á frekari umræður og aðgerðir.

Nd. 241. Frumvarp til laga

um stofnun tilraunabúa.

Flm.: Jörundur Brynjólfsson.

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að stofna fjögur tilraunabú, eitt í hverjum landsfjórðungi, þegar ástæður leyfa.

2. gr.

Tilgangurinn með stofnun tilraunabúanna er, að þau afli vísindalegrar og verklegrar þekkingar á þeim málum, er landbúnaðinn varða. Skulu þau láta bændum landsins í té nýjungar og aðrar upplýsingar, sem sýnt þykir, að bændum geti orðið gagnlegar í störfum þeirra.

3. gr.

Aðalverkefni tilraunabúanna eru þessi:

A. Tilraunir með jarðargróða.
   1. Að rannsaka gæði fóðurjurta með tilliti til uppskerumagns og fóðurgildis.
   2. Að fram fari tilraunir á ræktun garðávaxta, svo sem jarðepla, hinna ýmsu tegunda rófna og káltegunda o. s. frv., með sérstöku tilliti til þess, hvort garðávextina á að nota til manneldis, iðnaðar eða til fóðrunar búpenings.
   3. Að gera tilraunir með ræktun og val grænfóðurs.

   Við ofannefndar tilraunir skal áherzla á það lögð, að jarðargróðurinn sé harðger og hafi mikið mótstöðuafl gegn sjúkdómum.

B. Tilraunir með kynbætur alidýra.
   1. Kynbætur nautgripa í þeim höfuðtilgangi að auka nythæð kúnna og fitu mjólkurinnar.
   2. Kynbætur sauðfjár með það sem aðalmarkmið að bæta byggingu þess og holdafar með tilliti til sölu kjötsins á innlendum og erlendum markaði.
   3. Ræktun alifugla, sérstaklega hænsna, einkanlega með tilliti til aukins eggjafjölda og þyngdar eggjanna.

Þess skal vandlega gætt við kynbæturnar, að heilbrigði dýranna sé haldið í góðu horfi.

Tilraunabúin skulu ásamt bændaskólunum einnig veita bændum leiðbeiningar um ræktun og meðferð annara alidýra.

4. gr.

Auk þeirra viðfangsefna, sem að ofan getur, skulu tilraunabúin gera fóðurtilraunir með hinar ýmsu tegundir fóðurefna, heytegundir og kjarnfóður, vetrarbeit sauðfjár í sambandi við kjarnfóðurgjöf og sumarbeit mjólkurkúa á ræktuðu og óræktuðu landi.

Einnig skal rannsaka, á hvern hátt hagkvæmast er og bezt að verka og geyma fóðurjurtir með tilliti til notagildis.

Sömuleiðis fari athugun fram á geymslu grænmetis.

5. gr.

Tilraunabúin skulu gera jarðvegsrannsóknir, eftir því sem ástæður leyfa, og gangast fyrir því, að jarðvegssýnishorn séu tekin sem víðast og á sem skipulegastan hátt.

6. gr.

Tilraunir þær og rannsóknir, er gerðar eru á tilraunabúunum eða að tilhlutun þeirra, skulu unnar í sem nánastri samvinnu við rannsóknarstofu landbúnaðarins við háskólann, eftir því sem við getur átt og við verður komið.

7. gr.

Tilraunabúin skulu stunda refaeldi að svo miklu leyti, sem ástæða þykir til. En jafnframt er ríkisstjórninni heimilt að styrkja eitt eða fleiri refabú til að hafa sérstaklega kyngóð og falleg dýr til undaneldis.

Skylt er búum þessum að selja ung lífdýr (yrðlinga) þeim, er þess óska, eftir því sem forstöðumenn búanna telja fært. Semji aðiljum ekki um verð dýranna, skulu þau metin af refaræktarráðunaut Búnaðarfélags Íslands, og er aðiljum skylt að hlíta því mati.

8. gr.

Tilraunabúin skal reisa á þeim stað innan hvers landsfjórðungs, er talinn er hentugastur fyrir þau störf, er þeim er ætlað að inna af höndum í þágu héraðanna. Ef hentugt jarðnæði skortir fyrir tilraunabú, er ríkisstjórninni heimilt að kaupa jörð fyrir búið á kostnað ríkissjóðs.

9. gr.

Nú telst heppilegra, að tilraunabúin skipti með sér verkum að meira eða minna leyti við lausn verkefna þeirra, er lög þessi greina, og er þá landbúnaðarráðherra, að fengnum tillögum forstöðumanna búanna og Búnaðarfélags Íslands, heimilt að skipta verkum með þeim á þann hátt, er hann telur bezt henta.

10. gr.

Heimilt er ríkisstjórninni, að fengnum tillögum Búnaðarfélags Íslands, að styrkja eitt fyrirmyndarbú í hverjum landsfjórðungi til að leiðbeina bændum um val vissra húsdýrategunda og fóðrun þeirra, þar sem sýnt þykir, að tilraunabúið vegna mismunandi skilyrða og staðhátta héraðsins getur ekki gefið fullnægjandi leiðbeiningar um sumar greinir húsdýraræktarinnar.

11. gr.

Nemendur bændaskólanna skulu eiga kost á því að vorinu og sumrinu að vinna að sem fjölbreyttustum búnaðarstörfum á tilraunabúunum, eftir því sem verkefni á búunum leyfa. Kennslu nemendanna annast kennarar bændaskólanna eða þeir, er landbúnaðarráðherra ræður til þess.

12. gr.

Forstöðumenn tilraunabúanna skulu halda nákvæmar skýrslur um alla starfsemi búanna og þann árangur, er af störfum þeirra hefir fengizt.

13. gr.

Ríkissjóður leggur fram stofnfé tilraunabúanna og árlegt rekstrarfé þeirra, að því leyti sem árlegar tekjur búanna hrökkva ekki fyrir gjöldum.

14. gr.

Landbúnaðarráðherra hefir á hendi yfirstjórn tilraunabúanna. Hann ræður forstöðumenn fyrir búin og ákveður laun þeirra, unz þau verða ákveðin í launalögum.

15. gr.

Eftirlit með starfi tilraunabúanna getur landbúnaðarráðherra falið Búnaðarfélagi Íslands, ef um semur.

16. gr.

Landbúnaðarráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara

17. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Hér á landi hefir til þessa ekki verið rekin sú tilraunastarfsemi, sem frumvarp þetta fjallar um, nema að mjög litlu leyti. Í öllum menningarlöndum erlendis hafa tilraunabú og tilraunir verið reknar lengi. Hefir starf tilraunabúanna miklu og góðu til vegar komið.

Tilraunabúin hafa erlendis ýmist verið rekin sem einkafyrirtæki eða af því opinbera. Frá síðustu aldamótum hefir starf þessara tilraunastofnana aukizt stórkostlega; sérstaklega eftir að lögmál arfgengisfræðinnar var uppgötvað, fékk tilraunastarfsemin byr undir báða vængi.

Tilraunastarfið hefir beinzt bæði að kynbótum húsdýranna og ræktun jarðargróðans. Kynbætur húsdýranna hafa fært bændum víða um heim stórkostlegan ávinning.

Stutthyrnda nautgripakynið enska er talið eitthvert hið bezta holdakyn um heim. Bræðurnir Calling hófu kynbótastarf sitt í kringum 1770. Með mikilli skyldleikarækt skópu þeir stutthyrnda kynið, sem nú er aðalholdakyn Englendinga og hefir langsamlega mesta þýðingu fyrir kjötframleiðslu þeirra. Um ⅔ nautgripa Englendinga eru af þessu kyni. Af þessum stofni hafa menn í mörgum löndum Evrópu og einnig í Ameríku fengið dýr til kynbóta. Árangurinn er víðast talinn mjög góður.

Eins og miklar framfarir hafa orðið með kynbótum í nautgriparæktinni, þannig hefir það og líka verið í sauðfjárræktinni. Skal í því sambandi bent á Leicestersauðféð enska. Það hefir nú eins mikla þýðingu fyrir Bretland, hvað sauðfjárræktina snertir, og stutthyrnda kynið fyrir nautgriparæktina þar í landi. Hinn kunni enski kynbótafræðimaður Bakewell ræktaði þetta sauðfjárkyn.

Hér hefir nú verið bent á þessar tvær húsdýrategundir í Englandi, og nokkuð svipað má segja um aðrar tegundir húsdýranna og ræktun þeirra víðsvegar um lönd, þar sem hún hefir verið stunduð af alúð, þekking og kostgæfni.

Með fjöldaúrvali er einnig hægt að bæta bústofninn nokkuð, þó vafalaust náist ekki eins góður árangur og með skyldleikaræktinni, en með fjöldaúrvali er hægt að fá kynhreinan stofn. Með fjöldaúrvali er hægt að fá fljótlega nokkurn jákvæðan árangur, en með skyldleikarækt er ekki hægt að búast við neinum verulegum árangri lengi vel fyrst í stað. Dýr þau, er notuð eru til tilraunanna, má gera ráð fyrir, að gefi lítinn arð. Og þannig er því varið, eða má búast við með tilraunastarfið yfirleitt fyrst í stað. Það er ekki hægt að búast strax við miklum árangri, og hlýtur að kosta talsvert fé og fyrirhöfn, og það mikið, að ekki er á færi einstaklinga þeirra, er við búskap fást hér hjá okkur Íslendingum, að gera slíkt af eigin rammleik. Ef þetta verk á að vinna, verður það opinbera að létta undir með það starf. Búfé vort er lítið kynbætt. En þess auðveldara á að vera að geta bætt það nokkuð frá því, sem er, með kynbótum. Nautgripir vorir eru langvíðast vel hraustir og gera eftir ástæðum gott gagn. Með kynbótum virðist sem hægt væri að fá góðan stofn út af íslenzku kúnum. Það má t. d. á það benda, að meðalnythæð norskra kúa er um 2800 kg., en hjá betri kynjunum 3200 kg. Hér á landi er meðalársnytin talin 2600 kg., en dæmi til þess, að kýr hafi komizt hér upp í 5200 kg. ársnyt.

Það er nú engum efa bundið, að mikið hyggilegra er að byrja með því að bæta sitt eigið gripakyn en að flytja hingað dýr frá útlöndum. Þeim innflutningi fylgir ætíð mikil áhætta um, að gripirnir beri sýki með sér til landsins, og oft vill það fara svo, að húsdýr frá útlöndum þola illa hin breyttu lífsskilyrði og þrífast illa af þeim sökum og veikjast oft (nautgripir t. d. af berklum).

Eins og ræktun alidýranna hefir haft mikla hagsmunalega þýðingu fyrir þjóðirnar, er hennar hafa notið, þannig hefir það og líka reynzt með ræktun jarðargróðans. T. d. fyrir um 150 árum var sykur í sykurrófum 6—7%, en nú er prósentutala sykursins í þeim komin í 18—20%, auk þess sem uppskeran er að vöxtum miklu meiri en áður var.

Svíar telja, að þeir fái allan árlegan kostnað, sem þeir hafa nú af tilraunastarfi sínu við kynbætur alidýra og tilraunir í jarðargróða, uppborinn af framförum í hveitiræktinni einni saman, sem fengizt hefir í gegnum tilraunastarfsemina í hveitirækt. Svo miklu munar á verðmæti því, sem þessar bættu hveititegundir gefa, miðað við það, sem áður var. Allur sá mikli árangur, sem Svíar hafa haft með tilraunum með annan jarðargróða en hveiti og með ræktun húsdýra, er hreinn gróði, og nemur það árlega stórkostlegum fjármunum.

Það verður ekki um það deilt, að tilraunastarfsemi í þessu landi er í bernsku. Um flest þau atriði, er mestu varða við sveitabúskap vorn, bæði í ræktun jarðargróða og alidýrarækt, getur tæpast talizt, að nokkur veruleg tilraunastarfsemi hafi farið fram.

Ef verulegur árangur á að verða af tilraunastarfseminni, hlýtur hún að taka langan tíma og kosta allmikla fjármuni. En hingað til hefir lítlu verið kostað til tilrauna. Verða þeir því, er að þessum störfum hafa unnið, ekki sakaðir um það, þó

enn hafi ekki orðið meiri árangur af tilraunastarfseminni, þar sem hún hefir staðið skamma stund og litlu fé verið til hennar varið.

En vér Íslendingar höfum þó sízt minni þörf fyrir en stéttarbræður vorir erlendis, að alidýr vor og jarðargróður gefi meiri arð en nú tíðkast, sé þess nokkur kostur.

Auðvitað verða ekki þessi verk unnin án þess að það kosti talsvert fé, og það verður að koma af hálfu þess opinbera, ef nokkurn tíma á að koma til verulegra framkvæmda í þessum efnum.

Eftir frumv. er ætlazt til, að þetta séu aðeins heimildarlög fyrir ríkisstjórnina að framkvæma, þegar henni virðist hagur ríkissjóðs leyfa og aðrar ástæður. Þar sem fjárhagur ríkisins er nú erfiður, þótti ekki fært að hafa þetta öðruvísi.

Ekki virðist ástæða að fjölyrða um hinar einstöku greinar frumvarpsins. Mun verða gerð nánari grein fyrir málinu við flutning þess í deildinni.

Sþ. 242. Breytingartillögur

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1939 og við brtt. á þskj. 216.

I. Frá *Finni Jónssyni, Bergi Jónssyni, Sigurjóni Á. Ólafssyni* og *Ingvari Pálmasyni.*

Við 2. gr. 13. Liðinn skal orða svo:

Útflutningsgjald	kr. 450000
sem rennur óskert til fiskimálasjóðs	— 450000

Af fé þessu skal 50 þús. kr. varið til styrktar þeim, er kaupa nýja vélbáta til fiskveiða, smíðaða innanlands, og veitist styrkurinn samkvæmt ákvörðun fiskimálanefndar, með samþykki atvinnumálaráðherra.

II. Frá *Þorsteini Briem, Gísla Sveinssyni* og *Sveinbirni Högnasyni.*

Við 12. gr. 17 (Bálstofa).

Aftan við liðinn bætist aths.:

enda sé bálstofusalurinn til frjálsra afnota prestum Reykjavíkurprestakalls til guðsþjónustuhalds, eftir samkomulagi sóknarnefndar og bálstofustjórnar.

III. Frá *Þorsteini Briem.*

1. Við 13. gr. A. II. a. 5. Nýr liður:

Laxárdalsvegur	3000

2. Við 13. gr. A. II. a. 7. (Saurbæjarvegur).

Fyrir „2500“ kemur	3000

IV. Frá *fjárveitinganefnd.*

Við brtt. 216, 78 (Við 13. gr. A. II. a. 53, Mýrdalsvegur).

Fyrir „5000“ kemur	5500

V. Frá *Finni Jónssyni, Bergi Jónssyni, Sigurjóni Á. Ólafssyni* og *Ingvari Pálmasyni.*

Við 16. gr. 10. b. (Tillag til byggingarsjóða af tekjum tóbakseinkasölu).

Fyrir „30000“ kemur	80000

VI. Frá *Jóhanni Jósefssyni.*

Við 22. gr. XII. Nýr liður:

Að ábyrgjast fyrir Vestmannaeyjahöfn allt að 150 þús. kr. lán til hafnarinnar, enda sé lánið tekið innanlands.

Nd. 243. Breytingartillaga

við frv. til l. um lífeyrissjóð ljósmæðra.

Frá Bjarna Ásgeirssyni.

Við 8. gr. Á eftir „ákvæðum í fjárlögum“ í síðasta málslið greinarinnar komi: eða samkv. ákvæðum ljósmæðralaga.

Ed. 244. Frumvarp til laga

um lífeyrissjóð ljósmæðra.

(Eftir 3. umr. í Nd.).

1. gr.

Sjóðurinn heitir lífeyrissjóður ljósmæðra, og er hann eign ríkisins.

2. gr.

Stofnfé sjóðsins myndast af framlagi ríkissjóðs, sem er 10000 kr. árlega í sjóðinn, og iðgjöldum lögskipaðra ljósmæðra, sem er 4% af föstum launum þeirra, og skal iðgjaldinu haldið eftir af launum.

Um iðgjaldagreiðslur sjóðfélaga lífeyrissjóðs ljósmæðra til lífeyrissjóðs Íslands fer eftir ákvæðum síðustu málsgr. 49. gr. laga nr. 74 31. des. 1937, um alþýðutryggingar.

3. gr.

Ríkissjóður ábyrgist greiðslu lífeyris samkvæmt lögum þessum.

4. gr.

Stjórn sjóðsins skipa 5 menn, formaður Ljósmæðrafélags Íslands, ein ljósmóðir, er kosin skal á aðalfundi Ljósmæðrafélags Íslands, en 3 menn í stjórnina skal ríkisstjórnin velja til þriggja ára, og gengur einn úr árlega, í fyrsta sinn eftir hlutkesti. Stjórn sjóðsins skal kjósa formann fyrir sjóðinn á fyrsta fundi, er hún heldur á árinu. Sjóðsstjórnin skal vinna kauplaust.

5. gr.

Tryggingarstofnun ríkisins hefir á hendi reikningshald sjóðsins, heimtir inn tekjur hans og annast greiðslur úr honum, hvorttveggja eftir tilvísun sjóðsstjórnarinnar.

6. gr.

Reikningsár sjóðsins er almanaksárið. Ársreikning skal semja jafnframt ársreikningi ríkissjóðs, endurskoða og úrskurða á sama hátt og aðra reikninga ríkisins.

7. gr.

Sjóðsstjórnin heldur fundi svo oft sem þörf er á, og skal hún halda gerðabók og skrá þar allar samþykktir sínar. Í stjórninni ræður meiri hluti atkvæða, og má ekkert fé greiða úr sjóðnum nema með samþykki sjóðsstjórnarinnar.

8. gr.

Rétt til lífeyris úr sjóðnum hefir sérhver lögskipuð ljósmóðir, sem starfað hefir sem lögskipuð ljósmóðir í 15 ár eða meira, og hættir störfum, eftir að sjóðurinn

tekur til starfa, af ástæðum, er sjóðsstjórnin telur lögmætar. Lögmæt ástæða til að hætta störfum er aðeins sjúkdómur eða elli. Upphæð lífeyris skal fara eftir því, sem um getur í 11. gr. Þær fyrrverandi ljósmæður, sem fá sérstaklega veitt eftirlaun úr ríkissjóði samkv. ákvæðum í fjárlögum eða samkv. ákvæðum ljósmæðralaga, skulu framvegis fá sömu upphæð árlega greidda úr sjóðnum sem þær hafa nú frá ríkissjóði.

9. gr.

Ljósmæður, er starfa í bæjum og tryggð eru sömu eftirlaun og öðrum föstum starfsmönnum bæjanna, gjalda ekki til sjóðsins og njóta ekki réttinda samkvæmt þessum lögum. Í þeim bæjum, þar sem eftirlaunamálum starfsmanna hefir enn ekki verið skipað, skulu þó þær ljósmæður, sem laun taka af bænum, hafa frjálsan aðgang að því að njóta réttinda þessara laga, með sömu kjörum og aðrar ljósmæður, þangað til þessum málum hefir verið skipað. Sama gildir um ljósmæður þær, sem starfa við fæðingardeild landsspítalans.

10. gr.

Upphæð lífeyris miðast við meðalárslaun ljósmóður síðustu 5 árin áður en hún lætur af starfi. Til árslaunanna teljast laun og dýrtíðaruppbót.

11. gr.

Fullur lífeyrir skal miðaður við árslaun samkv. 10. gr. og við fjölda þeirra ára, er ljósmóðirin hefir starfað sem lögskipuð ljósmóðir, hvort heldur óslitið eða með millibili. Ef ljósmóðir lætur af störfum án þess vegna veikinda sé, verður hún þó að vera fullra 60 ára til þess að njóta lífeyris. Fyrir minna en 15 ára starf greiðist enginn lífeyrir.

Fyrir	15—16 ára	starf veitast	30% af meðall. síðustu 5 ára
—	16—17	——„——	33% ——„——
—	17—18	——„——	36% ——„——
—	18—19	——„——	39% ——„——
—	19—20	——„——	42% ——„——
—	20—21	——„——	45% ——„——
—	21—22	——„——	48% ——„——
—	22—23	——„——	51% ——„——
—	23—24	——„——	54% ——„——
—	24—25	——„——	57% ——„——
—	25 ára	starf eða meira	60% ——„——

Standi upphæð lífeyris samkvæmt þessum útreikningi ekki á heilum tug króna, skal hækka hann svo, að standi á tug.

12. gr.

Verði ljósmóðir ófær til allra starfa vegna slyss, sem hendir hana sökum starfs hennar sem ljósmóðir, skal hún fá greiddan jafnháan lífeyri úr sjóðnum og þær, er starfað hafa í 25 ár. Verði hún seinna vinnufær, fellur greiðslan niður.

13. gr.

Láti ljósmóðir eftir sig föðurlaus börn innan 16 ára aldurs, skulu þau fá úr sjóðnum allt að 200 kr. árlega hvert fram til 16 ára aldurs, eftir úrskurði sjóðsstjórnar. Gildir það jafnt, hvort sem um skilgetin eða óskilgetin börn er að ræða.

14. gr.

Í desembermánuði ár hvert semur stjórn sjóðsins skrá yfir þá, er lífeyris skulu njóta á næsta ári, og gerir samþykkt um breytingar jafnskjótt og tilefni er til.

15. gr.

Lífeyrir greiðist árlega 1. dag júnímánaðar, og þá beint til hlutaðeiganda. Lífeyri til barna veitir móttöku fjárráðamaður þeirra. Áður en tryggingarstofnunin greiðir lífeyri, skal hún fá uppgefinn embættisaldur viðkomandi hjá sjóðsstjórninni.

16. gr.

Umsóknir um lífeyri úr sjóðnum skulu sendar formanni sjóðsins fyrir 1. des. ár hvert, og skal tekið fram, hve lengi og hvar viðkomandi hefir starfað.

17. gr.

Ljósmóðir, sem lætur af störfum án þess að fá lífeyri úr sjóðnum, skal fá endurgreidd iðgjöld þau vaxtalaust, er hún hefir lagt í sjóðinn.

18. gr.

Sjóðurinn tekur til starfa 1. jan. 1940, enda hafi þá iðgjöld verið greidd fyrir yfirstandandi ár og næsta ár (1938 og 1939) og ríkissjóðstillagið fyrir árið 1939.

Ed. 245. Nefndarálit

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 24 31. maí 1927, um rannsókn banameina og kennslu í meina- og líffærafræði.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefir athugað frv. þetta, sem komið er frá Nd., og mælir með því, að það verði samþykkt óbreytt. Einn nm. (ÁJ) tók ekki þátt í afgreiðslu málsins.

Alþingi, 12. apríl 1938.

Sigurjón Á. Ólafsson, form., frsm. | Ingvar Pálmason, fundaskr. | Magnús Jónsson.

Páll Hermannsson.

Nd. 246. Breytingartillaga

við frv. til l. um mat á matjessíld og skozkverkaðri síld.

Frá Ísleifi Högnasyni.

Við 6. gr.

a. Í stað „2000“ komi: 20000.
b. Í stað „5000“ komi: 50000.

Ed. 247. Breytingartillaga

við frv. til l. um einkaleyfi til að vinna þilborð o. fl. úr íslenzkum jarðvegsefnum.

Frá Einari Árnasyni.

Í stað „þilborð“ í 1. gr. frv. og fyrirsögn þess komi: þilplötur.

Nd. # 248. Nefndarálit

um frv. til l. um byggingarsamvinnufélög.

Frá allsherjarnefnd

Nefndin hefir athugað frv., borið það saman við gildandi lög og leitað umsagnar byggingarsamvinnufélaga í Reykjavík.

Leggur nefndin til, að frv. verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGUM

1. Við 1. gr. Síðari málsgr. falli niður.
2. Við 3. gr.
   a. Upphaf A-liðar orðist svo: Með frjálsum framlögum hvers félagsmanns í stofnsjóð, unz fjárhæð hans í sjóðnum nemur minnst ⅕ hluta andvirðis þess húsnæðis, sem ákveðið verður, að félagið komi upp fyrir hann. Þegar þessari fjárhæð er náð, situr félagsmaður fyrir um byggingu húss, enda gangi stofnsjóðseign o. s. frv.
   b. Upphaf C-liðar orðist svo: Með lántöku félagsins til útlánastarfsemi o. s. frv.
   c. Síðasta málsgr. gr. orðist svo:
      Félagsmenn í sama lánaflokki skulu vera sérstök deild innan síns byggingarsamvinnufélags, og er henni heimilt að hafa sérstaka stjórn að því er varðar sérmál hennar.
   d. D-liður verði ný gr. (4. gr.) og framan við þá grein komi ný málsgr., svo hljóðandi: Eigi skal nema eitt byggingarsamvinnufélag í hverjum kaupstað eða kauptúni njóta réttinda samkvæmt lögum þessum.
      Greinatala breytist samkv. þessu.
3. Við 6. gr.
   a. Í stað „honum“ í b-lið komi: félagsmanni.
   b. Á eftir „fjárráða“ í D-lið komi: og.
4. Við 9. gr. Orðin „og þarf þó samþykki stjórnarinnar til“ falli niður.
5. Aftan við frv. bætist svo hljóðandi

Ákvæði til bráðabirgða.

Þau byggingarsamvinnufélög, er þegar hafa komið upp íbúðarhúsum, samkvæmt eldri lögum um byggingarsamvinnufélög, njóta fullra réttinda samkvæmt lögum þessum.

Tveir nefndarmenn (GÞ og TT) áskilja sér rétt til að bera fram frekari brtt. við 3. umr.

Alþingi, 12. apríl 1938.

Bergur Jónsson, form.	Vilm. Jónsson, fundaskr.	Gísli Guðmundsson, frsm.
Garðar Þorsteinsson.	Thor Thors.	

Ed. 249. Frumvarp til laga

um skrifstofufé sýslumanna og bæjarfógeta o. fl.

(Eftir 2. umr. í Ed.).

1. gr.

Árin 1938—1942, að báðum meðtöldum, greiðir ríkissjóður sýslumönnum og bæjarfógetum árlega skrifstofufé, þar með talin borgun fyrir söfnun innflutningsskýrslna, eins og hér segir:

1)	Í Gullbringu- og Kjósarsýslu og Hafnarfirði	kr. 20700
2)	- Mýra- og Borgarfjarðarsýslu	— 4500
3)	- Snæfellsnes- og Hnappadalssýslu	— 4800
4)	- Dalasýslu	— 1800
5)	- Barðastrandarsýslu	— 5400
6)	- Ísafjarðarsýslu og Ísafjarðarkaupstað	— 18000
7)	- Strandasýslu	— 3300
8)	- Húnavatnssýslu	— 5000
9)	- Skagafjarðarsýslu	— 5000
10)	- Siglufjarðarkaupstað	— 11000
11)	- Eyjafjarðarsýslu og Akureyrarkaupstað	— 19200
12)	- Þingeyjarsýslu	— 6000
13)	- Norður-Múlasýslu og Seyðisfjarðarkaupstað	— 7500
14)	- Neskaupstað	— 2500
15)	- Suður-Múlasýslu	— 8500
16)	- Skaftafellssýslu	— 4000
17)	- Vestmannaeyjakaupstað	— 13400
18)	- Rangárvallasýslu	— 2000
19)	- Árnessýslu	— 5800
	Samtals	kr. 148400

2. gr.

Á sömu árum greiðir ríkissjóður eftirtöldum lögreglustjórum árlega upp í skrifstofukostnað og fyrir söfnun skýrslna þeirra, er í 1. gr. getur, sem hér segir:

1)	Á Akranesi	kr. 1500
2)	Í Bolungavík	— 500
3)	- Ólafsfirði	— 500
4)	- Keflavík	— 500
	Samtals	kr. 3000

3. gr.

Nú hækkar eða lækkar gengi gjaldeyris miðað við það, sem það er gagnvart gulli hinn 1. janúar 1938, og lækkar þá skrifstofufé eða hækkar sem því svarar, þó þannig, að minni breyting en 10% er ekki tekin til greina, og ekki fyrr en um næstu áramót á eftir, enda hafi gjaldeyrisbreytingin veruleg áhrif á verðlag þurftarvöru.

4. gr.

Skrifstofufé greiðist með ½ mánaðarlega fyrirfram.

5. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

Nd. 250. Breytingartillögur

við brtt. á þskj. 222 [Stéttarfélög og vinnudeilur].

Frá Héðni Valdimarssyni.

1. Við 2. Breytingartillagan orðist svo:
   Á eftir 3. gr. komi ný grein (er verður 4. gr.):
   Atvinnurekendum og trúnaðarmönnum þeirra skal skylt að greiða ávísanir á ógreidd vinnulaun, þegar þau eru kræf, frá meðlimum stéttarfélags, fyrir lögmætum gjöldum félagsins.
2. Við 16. Breytingartillagan orðist svo:
   Við 33. gr. Greinina skal orða svo:
   Sáttasemjari getur borið fram miðlunartillögu, eins oft og þurfa þykir, þó ekki oftar en tvisvar, ef annar deiluaðili mótmælir.

Ed. 251. Frumvarp til laga

um skattgreiðslu útgerðarfyrirtækja íslenzkra botnvörpuskipa.

Flm.: Magnús Jónsson, Bjarni Snæbjörnsson.

1. gr.

Útgerðarfyrirtæki íslenzkra botnvörpuskipa skulu vera undanþegin tekju- og eignarskatti árin 1938—1942, að báðum árum meðtöldum.

2. gr.

Sömu fyrirtæki skulu einnig undanþegin útsvari á sama tíma.

3. gr.

Á meðan þessi fyrirtæki njóta ívilnana samkv. 1. og 2. gr. mega þau ekki greiða arð af hlutafé sínu.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Eins og kunnugt er, hafa útgerðarmenn íslenzkra botnvörpuskipa sent ríkisstjórn og bæjarstjórnum Reykjavíkur og Hafnarfjarðar erindi, þar sem þeir fara fram á verulegar ívilnanir útgerðinni til handa, er verða mætti til þess að útgerðin gæti klofið þá erfiðleka, sem hún á nú í.

Með lögum um bráðabirgðatekjuöflun ríkissjóðs og jöfnunarsjóðs bæjar- og sveitarfélaga frá 22. des. 1937 var ríkisstjórninni heimilað að endurgreiða fiskiveiðagufuskipum vörutoll af kolum og falla frá innheimtu aðflutningsgjalds af salti, gegn því að bæjar- eða hreppsfélög, sem hlut eiga að máli, veiti hliðstæð hlunnindi. Frumvarp um framlengingu þessara laga liggur nú fyrir Alþingi.

Til þess að koma á móti þessum ívilnunum af ríkisins hálfu, hafa bæjarstjórnirnar í Reykjavík og Hafnarfirði samþ. verulega lækkuð gjöld á ýmsum gjöldum, sérstaklega til hafna kaupstaðanna, eins og sjá má af fylgiskjölum, sem birt eru hér á eftir.

En auk þessa hafa bæjarstjórnir Reykjavíkur og Hafnarfjarðar samþ. fyrir sitt leyti að fara fram á lagaheimild til þess að undanþiggja botnvörpuskipaútgerð út-

svarsskyldu til bæjarsjóða þessara kaupstaða um 5 ára bil, enda létti og ríkið undir með útgerðinni af sinni hálfu þannig, að öllum þeim arði, sem útgerðirnar kynnu að fá á þessu árabili, mætti verja til lækkunar á skuldum og annars þess, er efla mætti þessa atvinnugrein og koma henni aftur á réttan kjöl.

Samkvæmt þessu er farið fram á það í frumvarpinu, að íslenzk botnvörpuskipafyrirtæki skuli um 5 ára bil, eða árin 1938—1942, að báðum árum meðtöldum, vera undanþegin tekju- og eignarskatti til ríkissjóðs og útsvari til bæjarsjóða.

Eins og kunnugt er, hafa ýmist fá eða engin af þessum fyrirtækjum greitt nokkurn tekju- eða eignarskatt um nokkurra ára bil. Útsvarsgreiðslur til bæjarsjóðs Reykjavíkur hafa og verið tiltölulega litlar, en í Hafnarfirði hefir orðið að leggja töluverð útsvör á þessi fyrirtæki vegna erfiðleika bæjarsjóðs, enda þótt reynslan hafi sýnt, að þau hafi engan veginn verið fær um að standa undir þeim. Helzta vonin um það, að þessi fyrirtæki komist aftur á réttan kjöl, er sú, að verulega batni í ári fyrir þeim, og virðist þá einsætt að leyfa þeim að verja arði sínum öllum til þess að efla fyrirtækin.

Fylgiskjal I.

BORGARSTJÓRINN Í REYKJAVÍK

Reykjavík, 8. apríl 1938.

Á fundi sínum í gær samþykkti bæjarstjórnin svo hljóðandi ályktun með samhljóða atkvæðum:

„Þar sem bæjarstjórn Reykjavíkur telur þjóðarnauðsyn, að botnvörpuskipaútgerð verði komið á tryggan fjárhagslegan grundvöll, og fullvíst má telja, að fyrirhuguð rannsókn á hag útgerðarinnar leiði í ljós, að það verði ekki gert án sérstakra opinberra aðgerða, þá beinir bæjarstjórn því til hafnarstjórnar að gera nú þegar tillögur til breytinga á gjaldaskrá hafnarinnar á þann veg að:

Lækkuð verði um 50% vörugjald til Reykjavíkurhafnar af helztu nauðsynjum (kolum, salti), sem notaðar eru til útgerðar botnvörpuskipa frá Reykjavík, svo og vörugjald af útfluttum framleiðsluvörum skipanna.

Ennfremur verði lækkuð um 50% skipagjöld af botnvörpuskipum til hafnarinnar og verð á vatni til þeirra, enda verði skipin gerð út frá Reykjavík og Reykvíkingar sitji fyrir um skiprúm á þeim.

Jafnframt þessu skorar bæjarstjórn á Alþingi að veita botnvörpuskipaútgerð með lögum undanþágu frá útsvarsskyldu til bæjarsjóðs um 5 ára bil, enda létti ríkið undir með útgerðinni af sinni hálfu, svo að viðunandi sé, og sé öllum arði útgerðarinnar varið til eflingar henni sjálfri á meðan fyrrgreindar opinberar ráðstafanir halda gildi".

Þetta leyfi ég mér hér með að tilkynna hinu háa Alþingi.

Tómas Jónsson,
e. u.

Alþingi, Reykjavík.

Fylgiskjal II.

BÆJARSTJÓRINN Í HAFNARFIRÐI

Hafnarfirði, 5. apríl 1938.

Með bréfi dags. 15. marz s.l. hafa togaraútgerðarmenn í Hafnarfirði farið fram á við bæjarstjórn Hafnarfjarðar, að hún veiti togaraútgerðinni í Hafnarfirði sömu hlunnindi og bæjarstjórn Reykjavíkur komi til með að veita togaraútgerðinni þar.

Síðan bréf þetta var sent hefir ráðandi flokkur í bæjarstjórn Reykjavíkur gefið yfirlýsingar um þau fríðindi, er útgerðinni verða veitt þar.

Um þetta erindi hafa bæði hafnarnefnd og fjárhagsnefnd fjallað og síðan bæjarstjórnin í heild og hafa verið á einu máli um það, að útgerðin hér yrði að búa við sömu skilyrði og útgerðin í Reykjavík.

Hafnarnefnd hélt fund um málið 1. þ. m., og fer hér á eftir ályktun nefndarinnar: „Nefndin leggur til við bæjarstjórn, að eftirfarandi breytingar verði gerðar á gjaldskrá vörugjalda til hafnarsjóðs:

1. að vörugjald af kolum verði 75 aurar pr. tonn upp, í stað 85 aura áður, og ennfremur að vörugjald af kolum út, er var 65 aurar pr. tonn, falli niður.
2. að vörugjald af salti upp verði 75 aurar pr. tonn, í stað 80 aura áður, og ennfremur að vörugjald af salti út, er var 70 aurar pr. tonn, falli niður.
3. að vörugjald af fiski út verði 75 aurar pr. tonn, sem var áður 85 aurar af pökkuðum fiski og 1.00 kr. af lausum fiski, allt pr. tonn, og ennfremur af fiski upp, er var 65 aurar pr. tonn, falli niður.
4. að vörugjald af tómum tunnum um borð í fiskiskip falli niður, er var 10 aurar af tunnu áður.

Þessi fríðindi séu veitt öllum þeim fiskiskipum, sem gerð eru út frá Hafnarfirði og eiga hér heimilisfang.

Einnig leggur nefndin til að fiskur sá, sem kynni að verða lagður hér upp af utanbæjarskipum, sé undanþeginn vörugjaldi, þegar hann er fluttur í land, en að öðru leyti, bæði fyrir innan- og utanbæjarskip, gildi gjaldskrá sú, sem verið hefir.

Þessi fríðindi til flotans eru bundin þeim skilyrðum:

1. að vörugjöldin verði greidd mánaðarlega, eða í síðasta lagi 15. næsta mánaðar eftir að viðskiptin hafa farið fram.
2. að greidd verði nú þegar eða samið um greiðslu á ógoldnum vöru- og bryggjugjöldum til hafnarsjóðs, eða í síðasta lagi 9. apríl n. k.

Að síðustu leggur hafnarnefndin til, að þessi breyting á gjaldskránni gildi frá 1. apríl 1938.

Fleira ekki gert og fundi slitið.

Guðm. Gissurarson. Loftur Bjarnason. Magnús Bjarnason.
Björn Jóhannesson.

2. apríl s.l. hélt fjárhagsnefnd fund um málið og gerði um það ályktanir svo hljóðandi: ... Leggur fjárhagsnefnd því til, að bæjarstjórn Hafnarfjarðar mæli með sömu fríðindum til handa togaraútgerð Hafnarfjarðar sem samþykkt verður í Reykjavík, þó með því skilyrði, að Alþingi sjái Hafnarfjarðarkaupstað fyrir nýjum tekjustofni til handa bæjarsjóði Hafnarfjarðar, sem fullkomlega jafngildir útsvarsupphæð togaraflotans hér.

Í öðru lagi leggur nefndin til, að vatnsgjald til togara og annara fiskiskipa, sem eiga heimilisfang í Hafnarfirði og ganga héðan til fiskiveiða, verði lækkað um 50% frá því, sem nú er. Vatnsskattur verði þó ekki hærri hér en í Reykjavík frá 1. apríl 1938.

Framangreind fríðindi eru þó bundin eftirfarandi skilyrðum:

1. að Hafnfirðingar gangi fyrir skiprúmum á skipunum og að engir utanbæjarmenn verði teknir á hafnfirzk skip meðan völ er á hæfum mönnum í Hafnarfirði. Nær þetta þó ekki til reykvískra sjómanna, ef bæjarstjórn Reykjavíkur samþykkir það gagnkvæma fyrir hafnfirzka sjómenn á reykvísku skipunum.
2. að vatnsgjöld verði greidd mánaðarlega eða í síðasta lagi 15. næsta mánaðar eftir að viðskiptin hafa farið fram.
3. að vangreidd vatnsgjöld og útsvör verði gerð upp eða samið um greiðslu á þeim í síðasta lagi fyrir 1. maí n. k.

Kjartan Ólafsson. Björn Jóhannesson. Guðm. Gissurarson.

Þessar ályktanir hafnarnefndar og fjárhagsnefndar voru á fundi bæjarstjórnar Hafnarfjarðar 2. apríl 1938 samþykktar í einu hljóði, og voru bæjarfulltrúar á einu máli um það, að Alþingi yrði að sjá bænum fyrir tekjustofni, er fullgilti útsvarsupphæð flotans, og er þess að vænta, að allir þeir, sem hér eiga hlut að máli, stuðli að því eftir getu, að svo megi verða, enda er bæjarstjórninni nauðugur einn kostur að setja þau skilyrði fyrir friðindunum.

Virðingarfyllst.

Guðm. Gissurarson.

Ed. 252. Frumvarp til laga

um bráðabirgðatekjuöflun fyrir Hafnarfjarðarkaupstað.

Flm.: Bjarni Snæbjörnsson.

1. gr.

Bæjarstjórn Hafnarfjarðar heimilast að leggja sérstakt gjald á alla mannflutninga milli Hafnarfjarðar og Reykjavíkur, sem sérleyfi er veitt til, og má gjaldið nema allt að 50% af sjálfu fargjaldinu. Gjald þetta rennur í bæjarsjóð Hafnarfjarðar.

2. gr.

Sérleyfishafar annast innheimtu gjalds þessa með fargjaldinu, enda sé hverjum farþega afhentur farseðill með tilgreindri heildarupphæð. Farseðlarnir skulu gefnir út af bæjarstjórn Hafnarfjarðar, sem tekur á móti gjaldinu um leið og farseðlar eru afhentir, þó ekki sjaldnar en mánaðarlega.

3. gr.

Sérleyfishafar eru ábyrgir fyrir greiðslu gjaldsins. Þeim er óheimilt að flytja nokkurn mann á þessari leið án þess að afhenda honum farseðill með tilgreindu fargjaldi.

4. gr.

Brot á lögum þessum varða sektum frá 100—1000 kr.

5. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað og gilda til ársloka 1942.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er flutt í tilefni af frumvarpi til laga um skatt- og útsvarsfrelsi togaraútgerðarinnar í næstu 5 ár. Bæjarstjórn Hafnarfjarðar hefir einróma samþ. þær tillögur, sem í því frumvarpi felast, þó þannig, að jafnmiklar tekjur fáist í bæjarsjóðinn og tekjumissirinn verður, ef það frumvarp verður að lögum.

Útsvar þeirra togara, sem nú eru skrásettir frá Hafnarfirði, nemur 70—80 þús. kr. á ári, eða 25% af heildarútsvarsupphæðinni í bænum. Eins og allir sjá, getur bæjarsjóður ekki þolað að missa þessar tekjur, nema hann fái aðrar tekjur í staðinn sem því svarar. Upphæð sú, sem fæst í bæjarsjóðinn, ef frumvarp þetta verður að lögum, mun láta mjög nærri að vera sú sama eins og þessi núverandi útsvarsgreiðsla togaranna.

Það skal einnig tekið fram, að 4 af hverjum 5 mönnum, sem fara á milli Hafnarfjarðar og Reykjavíkur, munu vera Hafnfirðingar.

Nd. 253. Nefndarálit

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 104 23. júní 1936, um atvinnu við siglingar á íslenzkum skipum.

Frá meiri hl. sjávarútvegsnefndar.

Nefndin hefir klofnað um mál þetta. Undirritaður meiri hl. leggur til, að frv. verði samþykkt óbreytt. Finnur Jónsson vill afgreiða málið með rökstuddri dagskrá, en Sigurður Kristjánsson hefir áskilið sér óbundnar hendur.

Alþingi, 12. apríl 1938.

Bergur Jónsson, frsm. Gísli Guðmundsson. Sig. Ein. Hlíðar.

Sþ. 254. Tillaga til þingsályktunar

um ráðstafanir gegn fólksfækkun í sveitum.

Flm.: Stefán Stefánsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni, landbúnaðarráðherra, að skipa 3 manna nefnd til að rannsaka, hverjar muni orsakir þess, að fólkið flytur úr sveitum landsins til kaupstaða og kauptúna, og hvað gera beri af löggjafans hálfu til að koma í veg fyrir það.

Nefndin skal þannig skipuð: Einn eftir tillögum Búnaðarfélags Íslands, annar eftir tillögum félags héraðsskólakennara, þriðji skal skipaður án tilnefningar, og sé hann formaður nefndarinnar.

Kostnaður af störfum nefndarinnar greiðist úr ríkissjóði.

Greinargerð.

Íslendingar hafa frá öndverðu verið bændaþjóð. Allt fram til síðustu aldamóta bjó allur þorri landsmanna í sveitum.

Árið 1900 voru íbúar landsins alls 78470. Af þeim voru tæplega 1/5, eða 15551, búsettir í kaupstöðum og þorpum með yfir 300 íbúa, en rúmlega 4/5, eða 62919, búsettir í sveitum.

Árið 1930 er fólksfjöldinn á öllu landinu 108629. Fólkinu hefir því fjölgað um 30 þús. á árunum 1900 til 1930. Hefði nú hlutfallið haldizt milli kaupstaða og sveita svo sem það var árið 1900, þá hefði fólkinu átt að fjölga á þessu tímabili um 6 þús. í bæjum og 24 þús. í sveitum. En fjarri er því, að svo sé. Fólksfjölgunin er eigi aðeins öll í kaupstöðum og þorpum með yfir 300 íbúa, heldur fækkar fólkinu í sveitunum á sama tíma um 12444, eða úr 62919 niður í 50475.

Í árslok 1936 er fólksfjöldinn á öllu landinu 116948, og var af því búsett í sveitum 48766. Með sveitum teljast þorp með minna en 300 íbúa.

Fólkinu hefir því fækkað í sveitunum á árunum 1930—1936 um 300 manns til jafnaðar á ári.

Bendir allt til þess, að svo hafi einnig verið síðastl. ár og muni verða áfram.

Þessi stöðugi og áframhaldandi flótti úr sveitunum hlýtur að vera allri þjóðinni, og þá eigi sízt fulltrúum hennar á Alþingi, hið mesta umhugsunar- og áhyggjuefni. Hlýtur fækkunin eigi aðeins að hafa lamandi áhrif á allt athafna- og framkvæmdalíf í sveitum, heldur jafnframt, að minnsta kosti er frá líður, að draga úr framleiðslunni.

Hin öra fjölgun þjóðarinnar í kaupstöðum og kauptúnum, og þá fyrst og fremst í höfuðborginni, hlýtur að hafa í för með sér ótæmandi erfiðleika fyrir sveitar- og bæjarstjórnir og ríkið í heild.

Enda þótt flest sé miður um þennan öra vöxt bæjanna, þá verður þó atvinnuleysið, er við það skapast, alvarlegra en allt annað. Er það því miður að verða föst meinsemd með okkar þjóð, er óhjákvæmilega getur af sér fleiri meinsemdir, er hér skulu eigi taldar.

Tillagan er borin fram í þeim tilgangi að fá úr því skorið með rannsókn, hverjar muni hinar raunverulegu orsakir til flóttans úr sveitunum. Enda þótt ýmsar skoðanir og getgátur séu uppi um þetta, og þær meira og minna líklegar og sannar, þá fæst aðeins ábyggileg niðurstaða, sé málið nákvæmlega rannsakað af þar til kvöddum mönnum.

Eigi löggjafinn að gera nokkuð til að vinna gegn flóttanum, sem ég tel, að honum beri skylda til, þá er honum nauðsyn að vita sem gerst orsakir til þess, er ráða á bót á. Meinsemdin verður því aðeins læknuð, að orsakir hennar séu kunnar.

Fátt myndi jafngæfuríkt fyrir þjóðina í heild og það, ef takast mætti að koma í veg fyrir fækkun í sveitunum, og að hin eðlilega fólksfjölgun, er þar verður, mætti þar áfram dvelja, en eigi burtu flýja.

Tillagan er tilraun í þá átt, að svo megi verða.

Í sambandi við skipun nefndarinnar skal þess getið, að ég tel mjög æskilegt, að einn af kennurum héraðsskólanna sé í nefndinni.

Kennarar þessir hafa haft öllum öðrum betri aðstöðu til að kynnast hugum sveitaæskunnar í landinu, þekkja óskir hennar og þrár, hvert þær liggi, hvort þær liggi til sveitanna eða frá þeim, á hverju hún byggir sína eigin framtíð og framtíð þjóðarinnar.

Kennarar héraðsskólanna eiga stöðu sinnar vegna að skipa sér í fylkingarbrjóst þeirrar sveitar, er af heilum hug og fullum drengskap vill vinna að eflingu sveitanna og landbúnaðarins, meðal annars með því að vinna gegn flótta æskunnar úr sveitum landsins. Því skyldu þeir eigi gera þessum sveinum og meyjum sveitanna það ljóst, að bezt vinni þau ættjörðinni, treysti þau sveitum landsins og landbúnaðinum, helgi þeim krafta sína og störf og fái sína jafnaldra og þá, sem þeim eru yngri, til að gera slíkt hið sama. Þannig myndi skapast breyting meðal æskunnar í sveitunum, er styrkari myndi reynast til að byggja upp sveitirnar og uppræta flóttann þaðan en öll lagafyrirmæli, er gefin kynnu að vera út um það efni.

Megni héraðsskólarnir þetta, en að því ber þeim að vinna, þá er þeirra hlutverk bæði mikið og göfugt.

Nd. 255. Frumvarp til laga

um viðauka við og breytingar á lögum nr. 83 23. júní 1932, um raforkuvirki.

Flm.: Bjarni Bjarnason, Helgi Jónasson, Jörundur Brynjólfsson, Þorbergur Þorleifsson.

1. gr.

Stafliður d. í 7. gr. laganna orðist þannig:

d. Eftirlit með raforkuvirkjum af hálfu ríkisins, þar með talið eftirlit með innflutningi raforkuvirkja og hluta þeirra og með smíði þeirra innanlands. Má ákveða, að raforkuvirki, hlutar þeirra eða efni til þeirra skuli merkt sérstöku viðurkenningarmerki frá eftirlitsmanni ríkisins með raforkuvirkjum. Skal viðurkenningarmerkið vera staðfest af ráðherra og birtast í Stjórnartíðindum. Er engum heimilt að nota merkið, nema með leyfi eftirlitsmannsins og eftir þeim reglum, er hann setur um það.

2. gr.

10. gr. laganna orðist þannig:

Heimilt er ráðherra að ákveða í reglugerð, að eigendur raforkuvera og raforkuveitufyrirtækja skuli árlega greiða til eftirlitsins gjald, sem miðast við heildartekjur fyrirtækjanna af raforkusölu og leigu mælitækja, að frádregnu andvirði aðkeyptrar raforku, og má nema allt að einum hundraðasta hluta af þeim, og að þeir, sem flytja inn til landsins raforkuvirki og hluta þeirra eða gera þau innanlands, greiði til eftirlitsins gjald, sem miðast við innkaupsverð virkjanna, en söluverð þeirra, ef þau eru gerð hér, og má nema allt að 1% af því. Undanþegin því gjaldi skulu þó vera þau raforkuvirki, sem ekki falla undir rafmagnseftirlit ríkisins.

Heimila má eiganda raforkuvers eða raforkuveitufyrirtækis að leggja helming gjaldsins á rafmagnskaupendur í hlutfalli við orkukaup þeirra.

Nú notar eigandi raforkuvers sjálfur alla þá orku, sem þar er unnin, eða verulegan hluta hennar, og hún er ekki mæld eða verðlögð eða ekki er vitað um tekjur af raforkusölu, þá má miða gjaldið við stærð rafala í orkuveri, og má það nema allt að 2 krónum á hvert kílówatt í málraun þeirra.

Fyrir eftirlit með uppsetningu nýrra raforkuvirkja skal eftirlitinu greiðast kostnaður þess eftir nánari fyrirmælum í reglugerð.

Ráðherra setur ákvæði um innheimtu gjaldanna. Hann getur heimilað stöðvun á rekstri virkjanna, ef gjaldið er ekki greitt á réttum gjalddaga.

Kostnaður við eftirlitið greiðist úr ríkissjóði að svo miklu leyti, sem ekki er öðruvísi ákveðið í lögum þessum og í reglugerðum, sem settar eru samkvæmt þeim. Veitist fé til þess árlega í fjárlögum.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Er lög um raforkuvirki voru í upphafi samin, 1926, voru þau að mjög miklu leyti samin eftir dönsku raforkulögunum „Stærkströmsloven“, og ákvæðin í d-lið 7. gr. um eftirlit með raforkuvirkjum voru beinlínis tekin upp eftir þeim lögum. Þar er ekki gert ráð fyrir, að hin opinbera eftirlitsstofnun hafi beint eftirlit með öðrum raforkuvirkjum en þeim, sem eru: 1. á rökum stöðum, 2. þar, sem sprengihætta er, eða þar, sem farið er með sérstaklega eldfim efni, 3. í samkomuhúsum og fleiri álíka stöðum. Eftirlitsmanni ríkisins því ekki ætlað að hafa beint eftirlit með almennum raflögnum í íbúðar- og verzlunarhúsum o. þ. h.

Það hefir nú sýnt sig, að þetta fyrirkomulag á ekki við hér á landi. Það hefir reynzt svo, að utan Reykjavíkur er eftirlit af hálfu rafveitnanna svo lélegt og frágangur á raflögnum almennt svo ófullkominn, að það hefir reynzt jafnmikil nauðsyn að skoða almennar lagnir eins og þær, sem áður eru nefndar sérstaklega. Hafa til skamms tíma ekki gilt utan Reykjavíkur neinar raflagningareglur og ekki verið neitt opinbert eftirlit með frágangi á raflögnum, né á því, hverjir tækju að sér raflagningar þar.

Síðan rafmagnseftirlit ríkisins setti ákveðnar reglur og hóf skoðun og eftirlit hefir færzt allmikið í betra horf, en eins og getið var um áður, er það fyrirkomulag eftirlitsins, sem ákveðið var með lögum um raforkuvirki, ekki sem ákjósanlegast. Eftirlitið getur að vísu skoðað hvaða raflögn sem er og fyrirskipað nauðsynlegar viðgerðir, en vegna þeirrar skiptingar í eftirlitsskyldar og óeftirlitsskyldar raflagnir, sem gerð er í lögunum, eru ekki nema sumar gjaldskyldar til eftirlitsins. Eftirlitið yrði að skoða hinar óeftirlitsskyldu lagnir endurgjaldslaust, en til þess skortir það fjárveitingu.

Af þeim ástæðum, sem hér hafa verið fram færðar, er nauðsynlegt að breyta lögum um raforkuvirki þannig, að rafmagnseftirliti ríkisins sé ætlað að hafa beint

eftirlit með hverskonar raforkuvirkjum hér á landi, skoða þau öll eins oft eins og því þykir við þurfa og fyrirskipa þær endurbætur, er því þykir nauðsyn bera til. Jafnframt séu þau öll gerð gjaldskyld til rafmagnseftirlits ríkisins fyrir eftirlit með þeim.

Hingað til hefir, eins og áður er fram tekið, eftirlitið aðeins fengið gjald fyrir skoðun á hinum eftirlitsskyldu raflögnum og raforkuvirkjum. Á hverja raflögn er þetta gjald venjulega 8—10 krónur, og hefir eftirlitið sjálft orðið að innheimta það. Hafi nú eftirlitið ekki náð gjaldinu um leið og skoðun fór fram, hefir jafnan reynzt erfitt og jafnvel ókleift að ná því inn síðar. Á eftirlitið nú útistandandi gjöld hjá um 100 mönnum víðsvegar um landið. Mest eru þetta smáupphæðir, eins og að ofan er getið. Það svarar alls ekki kostnaði að gera út mann til að innheimta þetta, og helzt von til að ná því smátt og smátt á þann hátt, að eftirlitsmennirnir, þegar þeir koma á staðinn í annað sinn, loki fyrir strauminn, ef gjaldið er ekki greitt. Alltaf veldur þetta töfum, aukakostnaði og leiðindum.

Með þeim breytingum á lögunum, sem gerðar eru með þessu frumvarpi, gæti þessu orðið fyrir komið á þann hátt, er nú skal greint:

Öllum rafveitum, er selja raforku til almenningsþarfa, sé gert að greiða á ári hverju til eftirlitsins vissa hundraðstölu, t. d. 1%, af tekjum sínum af raforkusölu og mælaleigu. Af þessari upphæð sé þeim heimilað að taka helminginn, ½%, hjá rafmagnsnotendum, þannig að það sé lagt ofan á viðskiptareikninga þeirra. Skoðast hinn helmingurinn þá sem gjald rafveitnanna sjálfra fyrir skoðun á þeirra virkjum. Á þennan hátt jafnast kostnaður af eftirliti og skoðunum niður á rafstöðvar og rafmagnsnotendur (þ. e. notendur raflagna) í hlutfalli við orkusölu og orkunotkun, og þá um leið að nokkru leyti í hlutfalli við stærð virkjanna. Gjöld þeirra raforkuvirkja, sem ekki falla undir raforkuveitur til almenningsþarfa, og mundu því ekki heyra undir þessi gjaldaákvæði, yrði að ákveða sérstaklega, en þau raforkuvirki eru bæði fá og lítil og skipta því venjulega ekki miklu máli.

Eins og stendur eru samanlagðar árstekjur þeirra rafveitna til almenningsþarfa, sem skráðar eru hjá eftirlitinu, um kr. 2000000.00. Árleg gjöld þeirra til eftirlitsins myndu því verða um kr. 20000.00. Til samanburðar má geta þess, að tekjur rafmagnseftirlitsins af ársgjöldum og skoðunargjöldum á árinu 1938 með þeim ákvæðum, sem nú gilda, eru áætlaðar kr. 16400.00. Af því nema ársgjöld rafveitna kr. 9400.00, en skoðunargjöld kr. 7000.00. Hér er því gert ráð fyrir, að tekjur eftirlitsins hækki nokkuð, en þó ekki verulega. Rafveitunum er ekki íþyngt tilfinnanlega með þessu, allra sízt ef þær nota sér þá heimild, að innheimta hálft gjaldið hjá notendunum. Á rafmagnsnotendur kemur þetta dálítið öðruvísi niður heldur en gamla gjaldið, sem aðcins var krafið þegar skoðun fór fram. Það var þá í hvert skipti margfalt meira en þetta gjald verður á hverju ári nú, en hinsvegar fór skoðun ekki fram nema á nokkurra ára fresti. Tilfinnanlegt getur þetta gjald ekki talizt. Þannig mun ársnotkun rafmagns á heimilum hér í Reykjavík nema frá ca. 50 upp í ca. 400 kr. og að meðaltali vera ca. 150—200 kr. Gjaldið til eftirlitsins mundi því nema frá 0.25 upp í 2 kr. á fjölskyldu og vera að meðaltali 0.75 til 1.00 kr. á ári á hverja fjölskyldu í Reykjavík. Jafnvel mætti og búast við, að sumar rafveiturnar mundu ekki telja ástæðu til að nota sér heimildina til að leggja þennan ½% á reikningana.

Rafmagnseftirlitið hefir fyrir nokkru látið koma til framkvæmda að nokkru leyti ákvæði reglugerðar nr. 61 14. júní 1933, 132.—133. gr., um innflutning, sölu og afhendingu raforkuvirkja og hluta þeirra. Hefir síðan ekki mátt flytja inn til landsins neinskonar efni til raflagningar, nema áður væri sent sýnishorn af því til eftirlitsins og það hefði viðurkennt það og leyft innflutning. Hafa rafmagnseftirlitið og rafmagnsveita Reykjavíkur í sameiningu dæmt um sýnishornin, veitt viðurkenningar og gefið út skrár um viðurkennd efni. Hefir og verið um þetta hin bezta samvinna við aðalinnflytjandann, raftækjaeinkasölu ríkisins.

Núgildandi ákvæði um þessi atriði eru þó að ýmsu leyti ófullnægjandi, einkum

að því er snertir smíði raforkuvirkja innanlands, og þykir því nauðsynlegt að setja skýrari ákvæði.

Til þess að efnisviðurkenningin nái tilgangi sínum til fulls, er nauðsynlegt, að fram fari raunveruleg prófun á efninu, en til þess að það væri hægt, hefir hingað til skort bæði húsnæði og þau áhöld, sem til slíkrar prófunar þarf. Er nú orðin brýn nauðsyn á að koma upp slíkri prófunarstöð. Hlýtur það að hafa nokkurn kostnað í för með sér, og er í frumvarpi þessu farið fram á heimild fyrir ráðherra að leggja gjald á raforkuvirkin til að standa straum af þeim kostnaði.

Andvirði innfluttra raforkuvirkja að meðtöldum viðtækjum og varahlutum til þeirra mun á ári hverju nema um 800—900 þús. krónum. Tekjur af gjaldi þessu gætu því orðið 8—9 þús. krónur á ári.

Loks er í frumvarp þetta sett ákvæði um heimild að krefjast þess, að raforkuvirki skuli merkt viðurkenningarmerki frá eftirlitsmanni ríkisins með raforkuvirkjum. Er þetta gert eftir fyrirmynd í dönskum lögum og í samræmi við fastar venjur í flestum löndum Evrópu.

Nd. 256. Nefndarálit

um frv. til l. um bæjarstjóra á Siglufirði og breyting á l. nr. 58 28. nóv. 1919.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin leggur til, að frv. verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGUM.

1. Við 1. gr. Greinin orðist þannig:
   2. gr. laga nr. 58 frá 28. nóv. 1919 orðist þannig:
   Málefnum kaupstaðarins skal stjórnað af bæjarstjórn. Í henni eru kjörnir bæjarfulltrúar og bæjarfógeti, og er hann oddviti hennar.
   Samþykki bæjarstjórn að velja sér bæjarstjóra, tekur hann við þeim störfum, er oddviti bæjarstjórnar hefir nú. Hann skal launaður af bæjarsjóði.
2. Við 2. gr. Greinin falli burt.
3. Fyrirsögn frv. verði:
   Frv. til laga um breyting á lögum nr. 58 frá 28. nóv. 1919, um breytingar á lögum nr. 30 22. nóv. 1918, um bæjarstjórn á Siglufirði.

Alþingi, 12. apríl 1938.

Bergur Jónsson, form. Vilm. Jónsson, fundaskr. Garðar Þorsteinsson, frsm.
Thor Thors. Gísli Guðmundsson.

Nd. 257. Frumvarp til laga

um löggilta niðurjöfnunarmenn sjótjóns.

Frá allsherjarnefnd.

1. gr.

Atvinnumálaráðuneytinu er heimilt að löggilda menn til að annast niðurjöfnun sjótjóns, ef þeir fullnægja skilyrðum þeim, sem sett eru í lögum þessum.

2. gr.

Þessi eru skilyrði þau, er getur í 1. gr.:

1. Löggiltur niðurjöfnunarmaður sjótjóns skal hafa íslenzkan ríkisborgararétt, fasta búsetu hér í landinu, vera fullra 25 ára, fjár síns ráðandi og hafa óflekkað mannorð.
2. Hann skal hafa tekið embættispróf í lögum við Háskóla Íslands.
3. Hann skal leggja fram skilríki fyrir því, að hann hafi aflað sér fræðilegrar sérþekkingar á sjórétti og sjóvátryggingarrétti við erlendan háskóla eigi skemur en eitt ár.
4. Hann skal leggja fram skilríki fyrir því, að hann hafi starfað að niðurjöfnun sjótjóns hjá innlendum eða erlendum löggiltum niðurjöfnunarmanni sjótjóns eigi skemur en í eitt ár.
5. Hann má ekki reka atvinnu, er ráðherra telur ósamrýmanlega þessu starfi, svo sem skipamiðlun, eða veita forstöðu skipa- eða vátryggingarfélögum.

3. gr.

Löggiltur niðurjöfnunarmaður sjótjóns skal undirrita drengskaparheit um að vinna verk sitt eftir beztu vitund og þekkingu, og yfirleitt inna skyldur sínar sem niðurjöfnunarmaður sjótjóns samvizkusamlega af hendi.

4. gr.

Niðurjöfnun löggilts niðurjöfnunarmanns jafngildir niðurjöfnun þeirra tveggja dómkvaddra manna, er getur í 8. kap. siglingalaganna.

Löggiltum niðurjöfnunarmanni sjótjóns er heimilt að gefa upplýsingar til afnota í dómsmálum um niðurjöfnun sjótjóns og um önnur atriði, sem falla undir starfsvið hans. Fer um sönnunargildi þessara yfirlýsinga sem um skýrslur opinberra embættismanna.

5. gr.

Löggiltir niðurjöfnunarmenn sjótjóns skulu sæta sömu viðurlögum fyrir brot sem opinberir sýslunarmenn.

6. gr.

Atvinnumálaráðuneytið getur tiltekið nánar í reglugerð um verksvið, störf og þóknun niðurjöfnunarmanna sjótjóns.

7. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Hér á landi hafa engin lög verið til um löggilta niðurjöfnunarmenn sjótjóns (dispachörer), og niðurjöfnun sjótjóns hafa hingað til aðallega annast erlendir „dispachörar“. Að vísu hafa menn hér fengizt við niðurjöfnun sjótjóns, en það hefir ekki verið nema að tiltölulega litlu leyti, þar sem löggilding er yfirleitt skilyrði þess, að þau vátryggingarfélög erlendis, sem endurtryggja tryggingar héðan, viðurkenni menn færa til að sjá um niðurjöfnun sjótjóns. Hefir að mörgu leyti verið mjög bagalegt, að þessu skuli þannig hafa verið háttað. Úr þessum vandkvæðum er þessum lögum ætlað að bæta. Lög um löggilta niðurjöfnunarmenn sjótjóns hafa fyrir löngu verið sett annarsstaðar á Norðurlöndum, og er höfð hliðsjón af þeim við samningu þessara laga.

Fylgiskjal.

SJÓVÁTRYGGINGARFÉLAG ÍSLANDS H.F.

Reykjavík, 11. apríl 1938.

Hér á landi hefir hingað til vantað tilfinnanlega löggilta menn til þess að framkvæma niðurjöfnun sjótjóna. Til þess að framkvæma slíka niðurjöfnun, svo bindandi sé fyrir alla aðilja, hefir því annaðhvort orðið að leita til útlendra manna eða að fá útnefnda menn í hverju einstöku tilfelli, en á því er sá annmarki, að hörgull hefir verið á mönnum, sem eru því vaxnir að taka slíkt starf að sér.

Vér mundum því telja það mikla bót, ef lög væru sett um löggildingu íslenzkra niðurjöfnunarmanna.

Virðingarfyllst,

Sjóvátryggingarfélag Íslands h.f.

Brynj. Stefánsson.

Til allsherjarnefndar neðri deildar.

Nd. 258. Breytingartillaga

við frv. til l. um mat á matjessíld og skozkverkaðri síld.

Frá Sigurði Kristjánssyni.

Við 3. gr. Greinin orðist svo:

Matsstjóri hefir kr. 4200.00 í árslaun, en matsmenn hafa tímakaup, er þeir vinna að mati. Atvinnumálaráðherra ákveður fyrir hvert ár, hve hátt skuli vera tímakaup matsmanna.

Laun matsstjóra og ferðakostnaður hans og matsmanna greiðist úr ríkissjóði. Kaup matsmanna greiðir sá síldareigandi, er hann vinnur hjá.

Ed. 259. Breytingartillögur

við frv. til laga um hafnargerð á Raufarhöfn.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Við 10. gr.

a. Á eftir tölul. 1. komi nýr tölul., svo hljóðandi:
Helming hækkunar lóðarleigu þeirrar jarðar, er að höfninni liggur, og allt að ⅗ hluta lóðargjalda nýrra lóða. Þar til núgildandi leigumálar falla úr gildi, skulu dómkvaddir menn meta lóðarleigu á 5 ára fresti, og skulu lóðareigendur þá greiða í hafnarsjóð allt að ⅗ af þeirri upphæð, sem metið er hærra en núverandi leigumáli.

b. Á eftir stafl. e. komi nýr stafl., svo hljóðandi:
Allt að 1% af magni afla skipa og báta, sem heima eiga í kauptúninu, svo og allra þeirra skipa og báta, sem leggja þar afla á land til sölu.

Nd. 260. Nefndarálit

um frv. til laga um bráðabirgðabreyting nokkurra laga.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin leggur til, að frv. verði samþykkt, en einstakir nefndarmenn áskilja sér þó rétt til að bera fram breytingar við 3. umr. málsins.

Alþingi, 12. apríl 1938.

Sveinbjörn Högnason, form., frsm. Finnur Jónsson, fundaskr. Stefán Stefánsson.
Steingr. Steinþórsson. Ólafur Thors.

Ed. 261. Frumvarp til laga

um einkaleyfi til að vinna þilplötur o. fl. úr íslenzkum jarðvegsefnum.

(Eftir 2. umr. í Ed.).

1. gr.

Frá gildistöku laga þessara veitist Kaupfélagi Eyfirðinga á Akureyri einkaleyfi um næstu 20 ár til þess að vinna þilplötur, byggingarpappa og sellulose úr íslenzkum jarðvegsefnum.

Einkaleyfi þetta getur Kaupfélag Eyfirðinga framselt til félags, sem stofnað kann að verða fyrir tilhlutun þess, í þeim tilgangi að hagnýta einkaleyfið. Óheimilt er þó að framselja einkaleyfið nema samþykki atvinnumálaráðherra komi til.

2. gr.

Meðan leyfistíminn stendur, er öllum óheimilt að nema jarðvegsefni hér á landi í þeim tilgangi að vinna úr þeim til sölu framleiðsluvörur þær, sem 1. gr. ræðir um. Brot gegn þessu ákvæði varða sektum frá 500—20000 kr., er renna í ríkissjóð.

3. gr.

Hafi sérleyfishafi ekki notfært sér leyfið að verulegu leyti innan 3 ára, er atvinnumálaráðherra heimilt að svipta hann sérleyfinu.

Ed. 262. Breytingartillaga

við frv. til laga um einkaleyfi til að vinna þilplötur o. fl. úr íslenzkum jarðvegsefnum

Frá Bjarna Snæbjörnssyni.

Við 1. gr. Í stað „20“ í 1. málsl. komi: 15.

Nd. 263. Nefndarálit

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 45 16. nóv. 1907, um skipun prestakalla.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin leggur til, að frv. verði samþykkt.

Einn nefndarmanna (VJ) telur að vísu algerlega óþarft að fjölga prestum á þessu svæði, og að fremur mætti fækka þeim um einn með því að leggja Rafnseyri undir Bíldudal. Hinsvegar viðurkennir hann, að endurskipun prestakalla, með sjálfsögðu tilliti til fækkunar presta, sé mál, sem takast verði til athugunar í heild, að þangað til skipti litlu máli um eitt prestakall meira eða minna, og að vísu sé það til nokkurrar réttlætingar því, að prestur sitji áfram að Núpi, að hann megi verða að liði við skólahald þar. Fyrir því sér hann ekki ástæðu til að leggjast á móti frv., en tekur fram, að það sé án allrar skuldbindingar, ef til þess kemur að taka afstöðu til heildarendurskipunar á prestaköllum landsins

Alþingi, 13. apríl 1938.

Bergur Jónsson, form. Vilm. Jónsson, fundaskr. Thor Thors, frsm.
Gísli Guðmundsson. Garðar Þorsteinsson.

Ed. 264. Breytingartillögur

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 55 27. júní 1921, um skipulag kauptúna og sjávarþorpa.

Frá menntamálanefnd.

1. Á undan 1. gr. komi ný grein, sem verður 1. gr., svo hljóðandi:
   Í 1. og 7. gr. laganna komi í stað „500“: 200.
2. Við 1. gr. Á eftir „greiðist“ kemur: að því leyti, sem gjald það, sem ákveðið er í 14. gr., hrekkur ekki til.
3. Við 3. gr. Í stað „sem skipulagið nær til“ komi: þar sem skipulagsuppdráttur hefir verið staðfestur eða þar sem byrjað er að vinna að skipulaginu, sbr. 9. gr.
4. Við 6. gr. Á eftir 1. málsgr. komi ný málsgr., er orðist svo:
   Merkja skal á skipulagsuppdráttum þá staði, þar sem sérstök nauðsyn þykir að vanda til um útlit húsa, svo sem við torg eða aðalgötur, og skal byggingarleyfi bundið því skilyrði, að skipulagsnefnd hafi samþykkt útlitsuppdrátt.

Sþ.

265. Frumvarp til fjárlaga

fyrir árið 1939.

(Eftir 2. umr.)

I. KAFLI

Tekjur:

1. gr.

Árið 1939 er ætlazt til, að tekjur ríkisins verði svo sem talið er í 2.—5. gr., og að þeirra verði aflað með tekjugreinum, sem þar eru taldar.

2. gr.

Ætlað er á, að þessir skattar og tollar nemi:

	kr.	kr.
1. Fasteignaskattur	445000	
2. Tekjuskattur og eignarskattur	1720000	
3. Hátekjuskattur	222000	
4. Lestagjald af skipum	55000	
		2442000
5. Aukatekjur	665000	
6. Erfðafjárskattur	56000	
7. Vitagjald	490000	
8. Leyfisbréfagjöld	28000	
9. Stimpilgjald	585000	
10. Stimpilgjald af ávísunum og kvittunum	75000	
11. Bifreiðaskattur	410000	
12. Benzínskattur	305000	
		2614000
13. Útflutningsgjald, sem rennur óskert til fiskimálasjóðs kr. 450000		
Af fé þessu skal 50 þús. kr. varið til styrktar þeim, er kaupa nýja vélbáta til fiskveiða, smíðaða innanlands, og veitist styrkurinn samkvæmt ákvörðun fiskimálanefndar, með samþykki atvinnumálaráðherra.		
14. Áfengistollur (þar á meðal óáfengt öl, áfengislaus vín, ávaxtasafi og gosdrykkir)	1110000	
15. Tóbakstollur	1500000	
16. Kaffi- og sykurtollur	1245000	
17. Annað aðflutningsgjald	72000	
18. Vörutollur	1555000	
19. Verðtollur	1220000	
20. Gjald af innfluttum vörum	1530000	
		8232000
Flyt	. . .	13288000

	kr.	kr.
Flutt	. . .	13288000
21. Gjald af innlendum tollvörum		500000
22. Skemmtanaskattur		135000
23. Veitingaskattur		100000
Samtals ...	. . .	14023000

3. gr.

	kr.	kr.
A.		
Tekjur af rekstri ríkisstofnana eru áætlaðar:		
1. Rekstrarhagnaður póstsjóðs	1000	
2. — landssímans	572000	
3. — áfengisverzlunar	1295000	
4. — tóbakseinkasölu	600000	
5. — ríkisprentsmiðju	53000	
6. — landssmiðju	»	
7. — Vífilsstaðabús	5000	
8. — Kleppsbús	5000	
9. — Bifreiðaeinkasölu	66000	
10. — Raftækjaeinkasölu	90460	
		2687460
Frá dregst: Rekstrarhalli ríkisútvarps		11500
Samtals ...	. . .	2675960
Sundurliðun.		
1. Póstsjóður.		
I. Tekjur		650000
II. Gjöld:		
1. Póststjórnarkostnaður	37000	
2. Pósthúsið í Reykjavík	207000	
3. Önnur pósthús:		
a. Póstafgreiðslur 131000		
b. Bréfhirðingar 23000		
	154000	
4. Póstflutningur	200000	
5. Önnur gjöld	46860	
6. Fyrning	4140	
		649000
Fært á 3. gr. A. 1	. . .	1000

		kr.	kr.
2. Landssíminn.			
I. Tekjur			2350000
II. Gjöld:			
a. Til einkasíma í sveitum		20000	
b. Til starfrækslu landssímanna m. m.			
1. Kostnaður af aðalskrifstofu landssímans	75000		
2. Ritsímastöðin í Reykjavík	215000		
3. Loftskeytastöðin í Reykjavík	48000		
4. Stuttbylgjustöð í Reykjavík	75000		
5. Bæjarsíminn í Reykjavík og Hafnarfirði	520000		
6. Áhaldahúsið	20000		
7. Ritsímastöðin á Akureyri	62000		
8. Ritsímastöðin á Seyðisfirði	62000		
9. Ritsímastöðin á Ísafirði	39000		
10. Símastöðin á Borðeyri	17000		
11. Símastöðin í Vestmannaeyjum	34000		
12. Símastöðin á Siglufirði	35000		
13. Til annara símastöðva og eftirlitsstöðva	135000		
		1337000	
Uppbót á launum greiðist eftir sömu reglum og 1937, enda færist þær greiðslur á framangreinda liði viðkomandi stöðva.			
c. Eyðublöð, prentkostnaður, ritföng m. m.		55000	
d. Viðbót og viðhald stöðvanna		50000	
e. Kostnaður af ferðalögum etc.		10000	
f. Viðhald landssímanna		230000	
g. Framhaldsgjald		25000	
h. Til kennslu handa símamönnum		2000	
i. Tillag til alþjóðaskrifstofunnar í Bern		3000	
j. Ýms gjöld		10000	
Þar af 1000 krónur til fyrrv. símaverkstjóra, eftir tillögum símamálastjóra.			
k. Fyrning á húsum og áhöldum		30000	
l. Burðargjald		6000	
			1778000
Fært á 3. gr. A. 2		. . .	572000
Eignabreytingar.			
Út.			
I. Afborgun af lánum L. M. Ericsson, Marconi o. fl.			215000
II. Til viðauka símakerfa, smærri efnis- og áhaldakaupa			45000
III. Til nýrra símalína			50000
að því tilskildu, að samkomulag náist við héruð, er hlut eiga að máli.			
IV. Til talstöðva í báta og skip			20000
V. Til loftskeytastöðva í skip			15000
Fært á 20. gr. Út I. 2. og II. 1		. . .	345000

		kr.	kr.
3. Áfengisverzlun ríkisins.			
I. Tekjur (brúttó hagnaður)			1600000
II. Gjöld:			
Laun starfsmanna og vinnulaun		140000	
Útsvar		90000	
Húsaleiga, ljós, hiti		6000	
Annar kostnaður		60000	
Fyrning á fasteign og áhöldum		9000	
			305000
Fært á 3. gr. A. 3		. . .	1295000
4. Tóbakseinkasalan.			
I. Tekjur (brúttó hagnaður)			785000
II. Gjöld:			
Laun	76280		
Annar kostnaður	63720		
		140000	
Útsvar, áætlað tap á skuldum o. fl.		45000	
			185000
Fært á 3. gr. A. 4		. . .	600000
5. Ríkisútvarpið.			
I. Tekjur:			
a. Afnotagjöld		410000	
b. Aðrar tekjur		60000	
			470000
II. Gjöld:			
a. Starfræksla:			
1. Starfsmannalaun	154300		
2. Útvarpsefni	60000		
3. Skrifstofukostnaður	45000		
4. Húsaleiga, ljós, hiti	35000		
5. Til útvarpsstöðva	150000		
6. Til hleðslu- og viðgerðarstöðva og til að greiða fyrir útvarpsnotum	20000		
7. Óviss gjöld	15000		
		479300	
b. Vextir	34000		
c. Fyrning á húsi og vélum	50000		
		84000	
			563300
Tap		. . .	93300
III. Rekstur viðtækjaverzlunar:			
a. Tekjur		165000	
b. Gjöld:			
1. Laun starfsmanna	41200		
2. Húsaleiga o. fl.	8000		
3. Annar kostnaður	34000		
		83200	
			81800
Fært til frádráttar á 3. gr. A. tekjuhalli		. . .	11500
Eignabreytingar:			
Afborgun af láni til stækkunar (sjá 20. gr. Út I. 2. b.) ..		. . .	75000

		kr.	kr.
6. Ríkisprentsmiðjan.			
I. Tekjur (prentvinna)			500000
II. Gjöld:			
1. a. Laun starfsmanna	29400		
b. Vinnulaun og aðkeypt vinna	275600		
		305000	
2. Efnivörur		75000	
3. Vélarekstur og viðhald		15000	
4. Vextir		7000	
5. Annar kostnaður		29000	
6. Fyrning		16000	
			447000
Fært á 3. gr. A. 5		. . .	53000
7. Landssmiðjan.			
I. Tekjur:			
1. Ágóði á vörum		10000	
2. — á járnsmíðadeild		59000	
3. — á trésmíðadeild		4000	
4. — á járnsteypu		2000	
			75000
II. Gjöld:			
1. Laun starfsmanna		21900	
2. Vextir		11000	
3. Afsláttur og skuldatöp		6500	
4. Annar kostnaður		24600	
5. Fyrning		11000	
			75000
Fært á 3. gr. A. 6		. . .	»
8. Bifreiðaeinkasala.			
I. Tekjur		152000	
II. Gjöld:			
1. Laun starfsmanna	18400		
2. Húsaleiga, hiti o. fl.	7500		
3. Vextir	14000		
4. Annar kostnaður	18500		
		58400	
			93600
Frá dregst hluti bæjar- og sýslufélaga 30%			27600
Fært á 3. gr. A. 9		. . .	66000

		kr.	kr.
9. Raftækjaeinkasala.			
I. Tekjur		272000	
II. Gjöld:			
1. Laun starfsmanna	72040		
2. Húsaleiga, hiti o. fl.	13000		
3. Annar kostnaður	59000		
		144040	
			127960
Frá dregst hluti bæjar- og sýslufélaga 30%			37500
Fært á 3. gr. A. 10		. . .	90460
B.			
Tekjur af fasteignum ríkissjóðs eru taldar:			
1. Eftirgjald eftir jarðeignir ríkissjóðs (þjóðjarðir)			20000
2. Tekjur af jarðeignum á Stokkseyri og Eyrarbakka			11000
3. Arnarhvoll:			
a. Tekjur		60000	
b. Gjöld:			
1. Vextir	20800		
2. Ýmiskonar rekstrarkostnaður	33560		
3. Fyrning hússins (sjá 20. gr.)	3640		
		58000	
			2000
Samtals ...		. . .	33000

4. gr.

Tekjur af bönkum og vaxtatekjur eru áætlaðar:

	kr.	kr.
1. Vextir af bankavaxtabréfum og jarðræktarbréfum		10600
2. Vextir af stofnfé Landsbankans, 6% af 3000000		180000
3. Vextir af veðd.bréfum Búnaðarbankans, 6% af 1350000		77400
4. Aðrir vextir		240000
Samtals ...	. . .	508000

5. gr.

Óvissar tekjur eru taldar 50000 kr.

II. KAFLI

Gjöld:

6. gr.

Árið 1939 eru veittar til gjalda fjárhæðir þær, sem tilgreindar eru í 7.—19. gr.

7. gr.

Vextir af lánum ríkissjóðs eru taldir:

	kr.	kr.
1. Innlend lán		157045
2. Dönsk lán		33922
3. Ensk lán		1152386
4. Vextir af lausaskuldum		336647
Samtals ...	. . .	1680000

8. gr.

	kr.	kr.
Borðfé Hans Hátignar konungsins		60000

9. gr.

Til alþingiskostnaðar og yfirskoðunar ríkisreikninga er veitt:

	kr.	kr.
1. Til alþingiskostnaðar		240000
2. Til yfirskoðunar ríkisreikninga		3750
3. Fyrning á alþingishúsi (sjá 20. gr.)		2170
Samtals ...	. . .	245920

10. gr.

Til ríkisstjórnarinnar er veitt:

		kr.	kr.
I. Stjórnarráðið, ríkisféhirðir, ríkisbókhald o. fl.			
1. Til ráðherra:			
a. Laun	30000		
b. Til risnu	6000		
		36000	
2. Til utanferða ráðherra		6000	
3. Stjórnarráðið:			
a. Laun:			
1. Atvinnumálaráðuneytið	35300		
2. Dómsmálaráðuneytið	27500		
3. Fjármálaráðuneytið	48900		
4. Aðrir starfsmenn	19765		
	131465		
b. Annar kostnaður	38535		
		170000	
4. Ríkisféhirzla og bókhald:			
a. Laun	32850		
b. Annar kostnaður	8450		
		41300	
5. Pappír, prentun og hefting ríkisreikninga		4000	
6. Til þess að gefa út stjórnartíðindi:			
a. Þóknun fyrir ritstjórn tíðindanna o. fl.	700		
b. Til pappírs og prentunar	20000		
c. Til kostnaðar af sendingu með póstum	2000		
		22700	
7. Til umbóta og viðhalds á stjórnarráðshúsinu og ráðherrabústaðnum og til hitunar og lýsingar hans		10000	
8. Fyrning á stjórnarráðshúsi og ráðherrabústað (sjá 20. gr.)		2046	
			292046
II. Hagstofan:			
1. Laun samkvæmt launalögum		11000	
2. Önnur laun og aðstoð		30000	
3. Pappír, prentun og hefting hagskýrslna		16000	
4. Prentun eyðublaða		2000	
5. Húsaleiga, hiti og ljós m. m.		6300	
6. Annar kostnaður		1000	
			66300
III. Utanríkismál o. fl.			
1. Til sendiráðs í Kaupmannahöfn:			
a. Laun sendiherra	10000		
b. Húsaleiga	7000		
c. Kostnaður við embættið	25000		
d. Til skrifstofuhalds	20000		
		62000	
Flyt		62000	358346

	kr.	kr.
Flutt	62000	358346
2. Til meðferðar utanríkismála	17000	
3. Ríkisráðskostnaður	4000	
4. Kostnaður af sambandslaganefnd	6000	
5. — vegna samninga við erlend ríki	60000	
		149000
Samtals ...	. . .	507346

11. gr.

Til dómgæzlu, lögreglustjórnar o. fl. er veitt:

	kr.	kr.
A.		
Dómgæzla og lögreglustjórn.		
1. Hæstiréttur:		
a. Laun	32000	
b. Annar kostnaður	14000	
		46000
2. Laun bæjarfógeta, sýslumanna og lögreglustjóra		132740
3. Laun hreppstjóra		22000
4. Skrifstofukostnaður lögmannsins í Reykjavík:		
a. Laun	35600	
b. Húsaleiga, hiti, ljós og ræsting	5500	
c. Ýmis gjöld	6500	
		47600
5. Skrifstofukostnaður tollstjórans í Reykjavík:		
a. Laun og aðstoð	115210	
b. Húsaleiga, ljós og hiti	8400	
c. Ýmis gjöld	14000	
		137610
6. Skrifstofukostnaður lögreglustjórans í Reykjavík:		
a. Laun	38700	
b. Ljós, hiti og ræsting	12200	
c. Ýmis gjöld	14000	
		64900
7. Toll- og löggæzla:		
a. Í Reykjavík:		
1. Laun og aðstoð 65800		
2. Annar kostnaður 50000		
	115800	
Flyt ...	115800	450850

		kr.	kr.
	Flutt	115800	450850
b.	Utan Reykjavíkur:		
	1. Laun 27000		
	2. Annar kostnaður 13000		
		40000	
c.	Eftirlit á vegum:		
	1. Laun 5400		
	2. Annar kostnaður 10000		
		15400	
			171200
8.	Bifreiðaeftirlit:		
a.	Laun 10000		
b.	Annar kostnaður 18000		
		28000	
	÷ Prófgjöld og skoðunargjöld	16000	
			12000
9.	Hluti ríkissjóðs af kostnaði við lögregluna í Reykjavík		50000
10.	Skrifstofukostnaður sýslumanna og bæjarfógeta		127100
	Þar af 10 þús. kr., er skiptast milli bæjarfógeta, og 5 þús. kr., er skiptast milli sýslumanna, eftir fyrirmælum dómsmálaráðherra.		
11.	Til landhelgisgæzlu		500000
	Þar af til landhelgissjóðs 20000 kr.		
12.	Til hegningarhússins í Reykjavík og viðhaldskostnaður fangahúsa		15000
	(Þar af fyrning 1770 kr. sjá 20. gr.).		
13.	Til vinnuhælisins á Litla-Hrauni:		
a.	Rekstrarhalli	50000	
b.	Kostnaður við verklegar framkvæmdir fyrir ríkið ..	20000	
	(Þar af fyrning 5300 sjá 20. gr.).		
			70000
14.	Sakamálakostnaður og lögreglumála		70000
15.	Borgun til sjódómsmanna		2000
16.	Til setu- og varadómara		10000
17.	Löggildingarstofan:		
a.	Laun 17300		
b.	Annar kostnaður 7500		
c.	Til áhaldakaupa 1000		
		25800	
	÷ Tekjur	14000	
			11800
18.	Laun sáttasemjara í vinnudeilum, sbr. l. nr. 55 1925		1500
	Samtals A	. . .	1491450

		kr.	kr.
	B.		
	Sameiginlegur kostnaður við embættisrekstur.		
1.	Burðareyrir og embættisskeyti:		
	a. Endurgjald handa embættismönnum fyrir burðareyri undir embættisbréf	55000	
	b. Fyrir embættisskeyti	75000	
			130000
2.	Brunaábyrgðar- og fasteignagjald nokkurra ríkisfasteigna		27000
3.	Til embættiseftirlitsferða		6000
4.	Gjöld til skattanefnda, yfirskattanefnda, skattstofu Reykjavíkur og fyrir skattvirðingar:		
	a. Skattstofan í Reykjavík 60000		
	÷ hluti bæjarsjóðs, ⅓ af 54000 kr. 18000	42000	
	b. Skattanefndir	38000	
	c. Fasteignamat	40000	
			120000
5.	Til ríkisskattanefndar		12000
6.	Eyðublöð, bókband, auglýsingar o. fl.		34000
	Samtals B	. . .	329000

12. gr.

40. Valgerður Kr. Guðmundsdóttir	135,37		
41. Vilborg Jónsdóttir	300,00		
42. Þóra Jónsdóttir	217,28		
43. Þórhildur Friðriksdóttir	300,00		
44. Þórunn Bjarnadóttir	155,56		
		13673,91	
e. Kennarar, kennaraekkjur og börn:			
1. Aðalbjörg Steinsdóttir	500,00		
2. Anna Ásmundsdóttir	300,00		
3. Ásdís Þorgrímsdóttir	300,00		
4. Ásta Magnúsdóttir kennaraekkja	200,00		
Flyt	1300,00	72103,27	94810,81

		kr.	kr.
Flutt	1300,00	72103,27	94810,81
5. Cathinka Sigfússon	600,00		
6. Einar Hávarðsson	150,00		
7. Elísabet Jónsdóttir	300,00		
8. Guðbjörg Kristjánsdóttir	1200,00		
9. Guðmundur Björnsson	300,00		
10. Helga Finnsdóttir	1200,00		
11. Hólmfríður Gísladóttir kennslukona ...	500,00		
12. Ingivaldur Nikulásson kennari	300,00		
13. Jóhann P. Pétursson kennari	500,00		
14. Jón Strandfeld	150,00		
15. Jósep Björnsson fyrrv. skólastjóri	1577,14		
16. Lárus Rist kennari	600,00		
17. Páll Halldórsson, skólastjóri	1000,00		
18. Ragnheiður Guðjónsdóttir	300,00		
19. Ragnheiður Torfadóttir	400,00		
20. Sigurjón Rögnvaldsson	200,00		
21. Steinunn Frímannsdóttir	450,00		
22. Viktoría Bjarnadóttir	150,00		
		11177,14	
f. Póstmenn, póstar og ekkjur þeirra:			
1. Álfheiður Blöndal, ekkja Kristjáns Blöndals póstafgreiðslumanns	300,00		
2. Anína Arinbjarnardóttir	200,00		
3. Baldur Eyjólfsson póstur	300,00		
4. Björn Jónsson póstur	300,00		
5. Böðvar Jónsson póstur	400,00		
6. Edvald Eyjólfsson póstur	500,00		
7. Elíeser Eiríksson	200,00		
8. Elínborg Vigfúsdóttir, ekkja Einars Runólfssonar póstafgreiðslumanns	400,00		
9. Friðrik Jónsson póstur	450,00		
10. Guðbjörg Ólafsdóttir, ekkja G. Kristjánssonar pósts	300,00		
11. Guðm. Kristjánsson póstur	300,00		
12. Guðmundur Ólafsson póstur	300,00		
13. Halla Árnadóttir póstsekkja	300,00		
14. Halldór Benediktsson póstur	200,00		
15. Hedvig Blöndal, ekkja Óla Blöndals póstritara, 300 kr., auk 100 kr. með hverju barni í ómegð	500,00		
16. Jóhanna Þ. Jónsdóttir póstsekkja	200,00		
17. Jóhanna Thorlacius póstmannsekkja ..	300,00		
18. Jóhannes Þórðarson	500,00		
19. Jón Jónsson póstur í Galtarholti	300,00		
20. Kjartan Þorkelsson, fyrrum póstafgrm. og matsmaður	300,00		
21. Kristján Jónsson póstur	200,00		
22. Loftur Ólafsson póstur	600,00		
Flyt	7350,00	83280,41	94810,81

		kr.	kr.
	Flutt	7350,00	83280,41	94810,81
23.	María Jónsdóttir, ekkja Fr. Klem.	300,00		
24.	Ólöf Gunnarsdóttir, ekkja Árna Sigbjörnssonar pósts	200,00		
25.	Ragnheiður Bjarnadóttir, ekkja Þorleifs Jónssonar	1000,00		
26.	Reinald Kristjánsson póstur	200,00		
27.	Sigríður Guðmundsdóttir póstsekkja ..	300,00		
28.	Solveig Árnadóttir póstsekkja	300,00		
29.	Stefán Stefánsson, Eskifirði	600,00		
30.	Torfi Sæmundsson póstur	200,00		
31.	Tryggvi Hallgrímsson póstur	200,00		
32.	Vigdís Steingrímsdóttir	300,00		
33.	Þóra Matthíasdóttir Skaftason	300,00		
34.	Þóroddur Bjarnason póstur	600,00		
35.	Þórunn Sigurðardóttir	200,00		
			12050,00	
g.	Rithöfundar og listamenn:			
1.	Ásmundur Sveinsson	3000,00		
2.	Bjarni Þorsteinsson tónskáld	800,00		
3.	Bríet Bjarnhéðinsdóttir	1000,00		
4.	Davíð Stefánsson frá Fagraskógi	1500,00		
5.	Einar Benediktsson	5000,00		
6.	Einar Hjörleifsson Kvaran	5000,00		
7.	Guðmundur Davíðsson, Hraunum	500,00		
8.	Guðmundur Friðjónsson á Sandi	1800,00		
9.	Guðmundur G. Hagalín	1500,00		
10.	Guðmundur Kamban	1800,00		
11.	Halldór Kiljan Laxness	5000,00		
12.	Helgi Pétursson	5000,00		
13.	Herdís Andrésdóttir	500,00		
14.	Indriði Einarsson	5000,00		
15.	Indriði Þorkelsson á Fjalli	500,00		
16.	Jakob Thorarensen	1500,00		
17.	Jón Stefánsson málari	3000,00		
18.	Jón Þorsteinsson, Arnarvatni	500,00		
19.	Kristín Sigfúsdóttir skáldkona	1000,00		
20.	Kristleifur Þorsteinsson á Kroppi	500,00		
21.	Kristmann Guðmundsson	1800,00		
22.	Magnús Stefánsson	1000,00		
23.	Oddur Oddsson	500,00		
24.	Ólafur Friðriksson	1800,00		
25.	Ríkarður Jónsson	3000,00		
26.	Sigurður Jónsson, Arnarvatni	1000,00		
27.	Sigurður Nordal	2000,00		
28.	Sigurður Sigurðsson frá Arnarholti ..	1000,00		
29.	Sigurjón Friðjónsson	1000,00		
30.	Theodór Friðriksson	1500,00		
31.	Unnur Benediktsdóttir Bjarklind	1000,00		
	Flyt	60000,00	95330,41	94810,81

		kr.	kr.
Flutt	60000,00	95330,41	94810,81
32. Þórarinn Jónsson tónskáld	1800,00		
33. Þórbergur Þórðarson	2500,00		
34. Þorsteinn Gíslason	2000,00		
		66300,00	
h. Ekkjur og börn skálda og listamanna:			
1. Arnbjörg Einarsdóttir	300,00		
2. Eleanor Sveinbjörnsson	1200,00		
3. Guðrún Jónsdóttir Erlingsson	300,00		
4. Guðrún Sigurðardóttir	300,00		
5. Jakobína Pétursdóttir	200,00		
6. Kristín Jakobsdóttir frá Hofi	800,00		
7. Ólína Þorsteinsdóttir	300,00		
8. Sigríður Jónsdóttir frá Hvítadal	500,00		
9. Sigríður Snæbjarnardóttir, ekkja Þór. B. Þorlákssonar málara	500,00		
		4400,00	
i. Ýmsir starfsmenn og ekkjur:			
1. Ágústa Þ. Ólafsdóttir	300,00		
2. Anna Bjarnadóttir, ekkja Hj. Láruss. ..	300,00		
3. Anna Eiríksdóttir ljósmóðir	200,00		
4. Anna Sigurðardóttir, Fjöllum	300,00		
5. Anna Þorsteinsdóttir ljósm.	400,00		
6. Áslaug Bjarnadóttir ljósm.	300,00		
7. Ástríður Jónsdóttir ljósm.	200,00		
8. Arndís Sigurðardóttir	300,00		
9. Árni Guðmundsson, fv. fiskimatsm. ...	200,00		
10. Benedikt Gröndal, fv. bæjarfógskr.	800,00		
11. Björg Guðmundsdóttir	400,00		
12. Einar Markússon, fv. ríkisbókari	2000,00		
13. Einar Straumfjörð fyrrv. vitavörður, vegna örorku	400,00		
14. Friðfinnur Guðjónsson leikari	800,00		
15. Gestur Guðmundsson, fyrrv. vitav.	400,00		
16. Gróa Jónsdóttir ljósm.	200,00		
17. Guðbjörg Þorleifsdóttir, Múlakoti	400,00		
18. Guðjón Guðlaugsson	1200,00		
19. Guðlaug Jónsdóttir, ekkja Jóns Stef. ..	200,00		
20. Guðlaugur Hansson lýsismatsm.	200,00		
21. Guðleif Erlendsdóttir, fv. hjúkrunark. ..	300,00		
22. Guðmundur Eiríksson á Þorfinnsst.	300,00		
23. Guðmundur Þorfinnsson, fv. ferjum. ..	300,00		
24. Guðríður Guðmundsdóttir ljósm.	200,00		
25. Guðrún Cýrusdóttir ljósm.	200,00		
26. Guðrún Egilson 2000 kr., auk 100 kr. með hverju barni hennar í ómegð	2200,00		
27. Guðrún Einarsdóttir ljósm.	200,00		
28. Guðrún Guðmundsdóttir ljósm.	300,00		
29. Guðrún Jóhannesdóttir ljósm.	300,00		
Flyt	13800,00	166030,41	94810,81

		kr.	kr.
	Flutt	13800,00	166030,41	94810,81
30.	Guðrún Magnúsdóttir ljósm.	200,00		
31.	Guðrún J. Norðfjörð ljósm.	200,00		
32.	Halldór Brynjólfsson blindi	350,00		
33.	Halldóra Metúsalemsdóttir ljósm.	300,00		
34.	Halldóra Þórðardóttir	600,00		
35.	Helga Þórðardóttir ljósm.	200,00		
36.	Helgi Árnason, fv. safnahúsvörður	600,00		
37.	Henriette Kjær, fv. yfirhjúkrunarkona .	600,00		
38.	Hólmfríður Björnsd., ekkja G. Hjaltas.	300,00		
39.	Hólmfríður Friðfinnsdóttir ljósm.	200,00		
40.	Ingibjörg Jósefsdóttir ljósm.	200,00		
41.	Jensína Pálsdóttir ljósm.	200,00		
42.	Jóhann Ragúels, Akureyri	600,00		
43.	Jóhannes Jörundsson, Hrísey	300,00		
44.	Jón Runólfsson, fv. sýsluskrifari	600,00		
45.	Jón Sigurðsson fiskimatsm.	200,00		
46.	Jónatan Jónsson, fv. vitav.	400,00		
47.	Jónína Marteinsdóttir	300,00		
48.	Jórunn Guðmundsdóttir ljósm.	300,00		
49.	Klásína Eiríksdóttir ljósm.	200,00		
50.	Kristín Guðmundsd., ekkja E. Helgas.	600,00		
51.	Kristín Pálsdóttir ljósm.	300,00		
52.	Kristín Pálsdóttir vitavarðarekkja	300,00		
53.	Kristín Sigurðardóttir júbilljósm.	500,00		
54.	Kristinn Jónsson vegaverkstjóri	300,00		
55.	Kristjana Benediktsdóttir	400,00		
56.	Kristólína Kragh	300,00		
57.	Kofoed-Hansen, fv. skógræktarstjóri ..	1546,80		
58.	Lúsía Þorsteinsdóttir júbilljósm.	200,00		
59.	Margrét Grímsdóttir ljósm.	200,00		
60.	Margrét Jónsdóttir ljósm.	200,00		
61.	Margrét Jónsdóttir vitavarðarekkja ...	300,00		
62.	Margrét Vigfúsdóttir vitavarðarekkja ..	300,00		
63.	Marta Þórarinsdóttir símam.ekkja	500,00		
64.	Nikólína Björnsdóttir, ljósm.	300,00		
65.	Nikólína Ólafsdóttir, ekkja Dan. Danielssonar	600,00		
66.	Ólafur Guðmundsson, fv. ferjum.	600,00		
67.	Ólafur Ísleifsson, Þjórsártúni	600,00		
68.	Ólína Sigurðardóttir ljósm.	200,00		
69.	Ólöf Steingrímsdóttir, ekkja Páls Erl. ..	500,00		
70.	Pálína Björnsdóttir ljósm.	200,00		
71.	Pálína Sigurðardóttir, fyrrv. ljósm. ...	300,00		
72.	Petrea Jónsdóttir	300,00		
73.	Ragnheiður Erlendsdóttir	300,00		
74.	Sigríður Gísladóttir 300 kr., og 100 kr. með hverju barni hennar til 16 ára ald.	1100,00		
75.	Sigríður Magnúsdóttir hjúkrunarkona .	500,00		
	Flyt	32096,80	166030,41	94810,81

		kr.	kr.
Flutt	32096,80	166030,41	94810,81
76. Sigríður Narfadóttir ljósm.	300,00		
77. Sigríður Sveinsdóttir, ekkja Jakobs Björnssonar síldarmatsmanns	300,00		
78. Sigurður Pétursson, fyrrv. fangav.	1000,00		
79. Snæbjörn Kristjánsson, Hergilsey	200,00		
80. Steinunn Sigurðardóttir, ekkja M. Vigfússonar	600,00		
81. Tómas Gunnarsson fiskimatsm.	200,00		
82. Valgerður Steinsen fv. spítalaráðsk.	500,00		
83. Vigfús Sigurðsson fyrrv. vitav.	300,00		
84. Vilborg Sigurðardóttir ljósm.	200,00		
		35696,80	
Á styrkveitingar í II. a.—i. greiðist dýrtíðaruppbót eftir sömu reglum sem á laun embættismanna.			
j. Lífeyrir hjónanna á Staðarfelli		3000,00	
k. Eftirlaun Sig. Sigurðssonar búnaðarmálastjóra		4500,00	
			209227,21
III. Dýrtíðaruppbót		. . .	59441,98
Samtals		. . .	363480,00

19. gr.

Til óvissra útgjalda eru veittar 100000 kr.

III. KAFLI
Eignahreyfingar.

20. gr.

		kr.	kr.
	Inn.		
I.	Fyrningar:		
1.	Samkvæmt 3. gr. A.	119640	
2.	— 3. — B.	3640	
3.	— 9. —	2170	
4.	— 10. —	2046	
5.	— 11. —	7070	
6.	— 12. —	60721	
7.	— 13. —	130552	
8.	— 14. —	13644	
9.	— 15. —	4350	
			343833
II.	Væntanlega útdregið af bankavaxtabréfum og veðdeildarbréfum		50000
III.	Endurgreiddar fyrirframgreiðslur		10000
IV.	Endurgreidd lán og andvirði seldra eigna		50000
	Samtals		453833
	Út.		
I.	Afborganir lána ríkissjóðs og ríkisstofnana:		
1.	Ríkissjóðslán:		
	a. Innlend lán	396840	
	b. Dönsk lán	306487	
	c. Ensk lán	494923	
		1198250	
2.	Lán ríkisstofnana:		
	a. Landssíminn (sjá 3. gr. A. 2.)	215000	
	b. Ríkisútvarpið (sjá 3. gr. A. 5.)	75000	
		290000	
			1488250
	Flyt		1488250

	kr.	kr.
Flutt	. . .	1488250
II. Til eignaaukningar ríkisstofnana:		
1. Landssíminn (ný símakerfi o. fl.)	130000	
2. Ríkisprentsmiðjan	10000	
		140000
III. Til að gera nýja vita		65000
IV. Til lögboðinna fyrirframgreiðslna		10000
Samtals	. . .	1703250

21. gr
I. Rekstrar

		kr.	kr.
	Tekjur:		
2. gr.	Skattar og tollar		14023000
3. gr. A.	Tekjur af rekstri ríkisstofnana	2675960	
— B.	Tekjur af fasteignum ríkissjóðs	33000	
			2708960
4. gr.	Tekjur af bönkum og vaxtatekjur		508000
5. gr.	Óvissar tekjur		50000
	Samtals	. . .	17289960

II. Sjóðs

		kr.
	Inn:	
2.—5. gr.	Rekstrartekjur samkvæmt rekstraryfirliti	17289960
	Aðrar innborganir og fyrningar[1]):	
20. gr. I.	Fyrningar	343833
— II.	Væntanlega útdregið af bankavaxtabréfum	50000
— III.	Endurgreiddar fyrirframgreiðslur	10000
— IV.	Endurgreidd lán og andvirði seldra eigna	50000
	Greiðslujöfnuður	334205
	Samtals	18077998

1) Fyrningar færðar hér til jafnaðar sömu upphæð, sem talin er í rekstrarútgjöldum.

Yfirlit.
yfirlit.

		kr.	kr.
	Gjöld:		
7. gr.	Vextir		1680000
8. gr.	Borðfé konungs		60000
9. gr.	Til alþingiskostnaðar og yfirskoðunar ríkisreikninga		245920
10. gr.	Til ríkisstjórnarinnar		507346
11. gr. A.	Til dómgæzlu og lögreglustjórnar	1491450	
— B.	Sameiginlegur kostnaður við embættisrekstur	329000	
			1820450
12. gr.	Til læknaskipunar og heilbrigðismála		655981
13. gr. A.	Vegamál	1670412	
— B.	Samgöngur á sjó	649000	
— C.	Vitamál og hafnargerðir	665250	
— D.	Flugmál	9000	
			2993662
14. gr. A.	Kirkjumál	409020	
— B.	Kennslumál	1871279	
			2280299
15. gr.	Til vísinda, bókmennta og lista		209560
16. gr.	Til verklegra fyrirtækja		3843050
17. gr.	Til almennrar styrktarstarfsemi		1615000
18. gr.	Til eftirlauna og styrktarfjár		363480
19. gr.	Óviss útgjöld		100000
	Rekstrarafgangur		915212
	Samtals	. . .	17289960

yfirlit.

		kr.
	Út:	
7.—19. gr.	Rekstrarútgjöld samkvæmt rekstraryfirliti	16374748
	Aðrar útborganir:	
20. gr. I.	Afborganir lána	1488250
— II.	Til eignaaukningar ríkisstofnana	140000
— III.	Til að gera nýja vita	65000
— IV.	Lögboðnar fyrirframgreiðslur	10000
	Samtals	18077998

22. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt:

I. Að verja fé úr ríkissjóði til launagreiðslu tveggja dómara í hæstarétti, ef dómurum verður fjölgað á árinu 1939 samkvæmt lögum um hæstarétt, nr. 112 14. maí 1935.

II. Að greiða Jóni Ófeigssyni yfirkennara full laun, ef hann lætur af embætti á árinu eða verður frá starfi sakir sjúkleika.

III. Að greiða Ingibjörgu H. Bjarnason 2000 kr. eftirlaun, þegar hún lætur af starfi.

IV. Að greiða Jakobi Smára $^3/_4$ adjunktslauna fyrir skólaárið 1938—1939, ef hann lætur af embætti og fær eigi lífvænlegt starf við sitt hæfi fyrir þann tíma.

V. Að láta blindravinafélag Íslands fá að láni allt að 10 útvarpstæki til afnota fyrir blinda menn, og sé kostnaður, er af þessu leiðir, færður á fjárhagsáætlun viðtækjaverzlunar ríkisins. Ennfremur að lána allt að þremur tækjum til sjúklinga, sem liggja rúmfastir árum saman í heimahúsum.

VI. Að verja allt að 6000 kr. af tekjuafgangi landssmiðjunnar til að láta smíða þar ýmsa muni, er íslenzkir hugvitsmenn finna upp og líklegt þykir, að gagn megi verða að fyrir framleiðsluna í landinu, enda sé ríkisstofnunum og fyrirtækjum, sem njóta rekstrarstyrks af almannafé, skylt að skipta við landssmiðjuna, eftir því sem hún getur afkastað.

VII. Að láta þeim ráðherra, sem fer með utanríkismál, sé hann ekki jafnframt forsætisráðherra, í té leigulausa íbúð, eða að öðrum kosti greiða honum úr ríkissjóði allt að 3000 kr. til húsaleigu.

VIII. Að endurgreiða skemmtanaskatt af fé því, sem aflað er með samkomum og rennur til eflingar slysavörnum hér við land.

IX. Að kaupa hveralandið í Reykjahverfi vegna grænmetisræktunar og væntanlegrar hitaveitu til Húsavíkur, ef hagstæðir samningar takast um kaupin.

X. Að ábyrgjast fyrir tunnuverksmiðju Siglufjarðar allt að 150 þús. kr. rekstrarlán, enda sé lánið greitt fyrir áramót.

XI. Að ábyrgjast fyrir Akureyrarkaupstað allt að 200 þús. kr. lán til rekstrar tunnuverksmiðju þar, enda greiðist lánið fyrir áramót.

XII. Að ábyrgjast fyrir Sauðárkrókshrepp allt að 270000 kr. lán til hafnargerðar á Sauðárkróki, gegn því að héraðsbúar útvegi óendurkræft framlag til verksins, ekki undir 100000 kr., enda fari allur kostnaður ekki fram úr 620000 kr. Lánið verði tekið innanlands.

XIII. Að krefjast þeirra trygginga, sem stjórnin metur gildar, fyrir hverri ábyrgð, sem hún gengur í f. h. ríkissjóðs, enda séu allar slíkar lántökur framkvæmdar af ráðuneytinu, eða landsbanka Íslands og útvegsbanka Íslands í samráði við ráðuneytið. Þó getur ráðuneytið falið einstökum mönnum útvegun lánanna.

XIV. Að greiða á árinu 1939 dýrtíðaruppbót á laun embættismanna, eftir sömu reglum sem á árinu 1938.

XV. Að kaupa Reykjarhól í Seyluhreppi fyrir skólasetur.

XVI. Að kalla, í samráði við biskup og sóknarnefnd dómkirkjusafnaðarins, tvo aðstoðarpresta til starfa í dómkirkjusöfnuðinum og láta greiða þeim úr prestlaunasjóði sömu laun og sóknarprestum.

XVII. Að kaupa á árinu 1939 eignina Amtmannsstig 1 í Reykjavík, hús og lóðir, með því verði og skilmálum, sem um semst, og þó ekki óhagkvæmari fyrir ríkissjóð en boðið hefir verið áður í þá eign.

23. gr.

Stjórn landsbankans veitist heimild til að greiða Steinunni Kristjánsdóttur, ekkju Alberts Þórðarsonar bankabókara, 500 kr. 1939, svo og uppbót á þá fjárhæð,

eftir sömu reglu sem bankinn veitir hana á laun starfsmanna sinna, og að greiða Birni Kristjánssyni uppbót á eftirlaun hans, eftir sömu reglu.

Stjórninni er heimilt að greiða Þóru Beck, ekkju Þórólfs Becks skipstjóra, eftirlaun eftir svipuðum reglum sem eimskipafélag Íslands greiðir ekkjum skipstjóra sinna, og sé upphæðin færð á útgerðarreikning Esju.

Stjórn búnaðarbankans veitist heimild til þess að greiða frú Önnu Klemensdóttur, ekkju Tryggva Þórhallssonar bankastjóra, 25% af launum manns hennar sem aðalbankastjóra búnaðarbankans, og dýrtíðaruppbót að auk.

Stjórn sama banka veitist heimild til þess að greiða frú Aðalbjörgu Albertsdóttur, ekkju Þorsteins Sigurgeirssonar bankagjaldkera, 1000 kr., og til tveggja barna hennar innan 16 ára aldurs, 300 kr. til hvors.

Stjórn samábyrgðar Íslands heimilast að greiða frú Elísabetu Gunnarsson, ekkju Jóns Gunnarssonar, 1000 króna lífeyri.

Stjórninni er heimilt að greiða Sigurði Hjálmarssyni stýrimanni 600 kr., og sé upphæðin færð á útgerðarreikning Esju.

24. gr.

Ef lög verða staðfest, er afgreidd hafa verið frá alþingi 1938 og hafa í för með sér tekjur eða gjöld fyrir ríkissjóð, breytast fjárhæðirnar tekju- og gjaldamegin samkvæmt þeim lögum.

Allar þær fjárveitingar, sem eigi eru ákveðnar í lögum, öðrum en fjárlögum, tilskipunum, konungsúrskurðum eða öðrum gildandi ákvörðunum, gilda aðeins fyrir fjárhagstímabilið.

Nd. 266. Breytingartillaga

við frv. til l. um byggingar- og landnámssjóð.

Frá Jóni Pálmasyni og Pétri Ottesen.

Við 3. gr. 2. Fyrir „200 þúsund“ komi: 250 þúsund.

Nd. 267. Breytingartillögur

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 104 23. júní 1936, um atvinnu við siglingar á íslenzkum skipum.

Frá Sigurði Kristjánssyni.

1. Við 1. gr. Greinin orðist svo:
   Aftan við 49. gr. laganna bætist ný málsgr., svo hljóðandi:
   Undanþegin ákvæðum 1. málsgr. þessarar greinar um skyldu til að hafa stýrimann auk skipstjóra eru fiskiskip og bátar undir 30 rúmlestum, ef þeim er ætlað að leggja afla sinn á land daglega.
2. Við 2. gr. Greinin fellur burt.
3. Við 3. gr., sem verður 2. gr. Greinin orðist svo:
   Aftan við 1. málsgr. b-liðs 51. gr. laganna bætist:
   Undanþegin ákvæðinu um aðstoðarmann í vél eru þó öll fiskiskip, sem hafa minni vél en 800 hestafla.
   d-liður sömu gr. laganna orðist svo:
   Á eimskipi með meira en 1200, en ekki yfir 2500 hestafla vél skal vera í

minnsta lagi einn yfirvélstjóri, sem öðlazt hefir skírteini samkv. 33. gr., og tveir undirvélstjórar, sem öðlazt hafa skírteini samkv. 31. gr.

Sé skipið farþegaskip og vél þess yfir 1800 hestafla, skal það auk þess hafa einn aðstoðarvélstjóra, sem öðlazt hefir skírteini samkv. 29. gr.

e-liður sömu gr. laganna orðist svo:

Á eimskipi með yfir 2500 hestafla vél, skal vera að minnsta kosti einn yfirvélstjóri, sem öðlazt hefir skírteini samkv. 33. gr., tveir undirvélstjórar, sem öðlazt hafa skírteini samkv. 31. gr., og einn aðstoðarvélstjóri, sem öðlazt hefir skírteini samkv. 29. gr.

Sé skipið farþegaskip, komi einn aðstoðarvélstjóri að auki, sem öðlazt hefir skírteini samkv. 29. gr.

4. Við 4. gr. Greinin falli burt.
5. Við 5. gr., sem verður 3. gr. Greinin orðist svo:

Eftir 1. málsgr. 57. gr. laganna kemur ný málsgr., svo hljóðandi:

Þetta ákvæði tekur þó ekki til réttinda til skipstjórnar á varðskipum ríkisins, nema þau séu fengin með siglingatíma á þesskonar skipum, innlendum eða erlendum, samkv. ákvæðum 21.—23. gr. þessara laga.

6. Á eftir 5. gr. kemur ný grein, sem verður 4. gr., svo hljóðandi:

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ed. 268. Breytingartillaga

við frv. til l. um skrifstofufé sýslumanna og bæjarfógeta o. fl.

Frá allsherjarnefnd.

Við 1. gr. 10. lið. Í stað „kr. 11000“ komi: kr. 13000.

Nd. 269. Frumvarp til laga

um hafnargerð á Raufarhöfn.

(Eftir 3. umr. í Ed.).

1. gr.

Ríkissjóður veitir til hafnargerðar á Raufarhöfn í Presthólahreppi í Norður-Þingeyjarsýslu, samkvæmt áætlun, er ríkisstjórnin hefir samþykkt, $^2/_5$ kostnaðar, eftir því sem fé er veitt til þess í fjárlögum, allt að kr. 180000.00 — eitt hundrað og áttatíu þúsund krónur — gegn $^3/_5$ hlutum frá hafnarsjóði Raufarhafnar.

2. gr.

Ríkisstjórninni veitist heimild til að ábyrgjast fyrir hönd ríkissjóðs allt að kr. 180000.00 — eitt hundrað og áttatíu þúsund króna — lán, er hafnarsjóður Raufarhafnar kann að taka, gegn ábyrgð Presthólahrepps og sýslusjóðs Norður-Þingeyjarsýslu, en þó aldrei meira en $^2/_5$ kostnaðar við hafnargerðina. Tillag úr ríkissjóði og ábyrgð ríkissjóðs eru bundin því skilyrði, að yfirumsjón með verkinu og reikningshald sé falið manni, sem atvinnumálaráðuneytið samþykkir.

3. gr.

Takmörk hafnarinnar skulu ákveðin af atvinnumálaráðherra í samráði við vitamálastjórn ríkisins og hafnarnefnd Raufarhafnar.

4. gr.

Sérhver er skyldur til að láta af hendi lönd og mannvirki, er þarf til hafnargerðarinnar, eða undir brautir og vegi í þarfir hafnarinnar, svo og leyfa, að tekið verði í landi hans hvort heldur er grjót, möl eða önnur jarðefni og þola þær eignakvaðir, óhagræði eða takmörkun á afnotarétti, sem hafnargerðin hefir í för með sér, allt gegn því, að fullar bætur komi fyrir. Náist ekki samkomulag um bæturnar, skulu þær ákveðnar með mati tveggja dómkvaddra manna, að tilkvöddum báðum málsaðiljum. Kostnaður við matið greiðist úr hafnarsjóði Raufarhafnar. Nú vill annarhvor málsaðili ekki una mati, og getur hann þá heimtað yfirmat, en gera skal hann það innan 14 daga frá því matsgerð er lokið. Yfirmat skal framkvæmt á sama hátt, af 4 dómkvöddum mönnum. Kostnað við yfirmat greiði sá, er þess hefir krafizt, ef matsupphæðinni verður ekki breytt meir en nemur 10% af hinni ákveðnu endurgjaldsupphæð, ella greiðist kostnaðurinn úr hafnarsjóði Raufarhafnar.

5. gr.

Meðfram strandlengjunni umhverfis höfnina má ekki gera í sjó fram neina bryggju eða önnur mannvirki, né fylla upp eða dýpka út frá landi, nema eftir tillögum hafnarnefndar og með samþykki sveitarstjórnar Presthólahrepps. Sá, sem vill gera eitthvert slíkt mannvirki, skal senda hafnarnefnd beiðni um það, og skal beiðninni fylgja lýsing á því, svo og uppdráttur, ef með þykir þurfa, í tvennu lagi, og heldur hafnarnefnd öðru eintakinu. Hafnarnefnd afgreiðir síðan málið til sveitarstjórnar. Sá, sem fengið hefir slíkt leyfi, skal skyldur að halda mannvirkinu svo við, að engin hætta stafi af því. Þessi ákvæði gilda og um þær bryggjur og önnur mannvirki, er þegar hafa verið gerð á hafnarsvæðinu.

Brot gegn þessari grein varða sektum, frá 20—500 krónum, og getur hafnarnefnd látið nema burt mannvirkið á kostnað eiganda.

6. gr.

Sveitarstjórn Presthólahrepps fer með stjórn hafnarmálanna, undir yfirumsjón atvinnu- og samgöngumálaráðuneytisins.

7. gr.

Framkvæmd hafnarmála og eftirlit með höfninni og eignum hennar skal fela hafnarnefnd. Hafnarnefnd skipa 3 menn, kosnir af sveitarstjórn Presthólahrepps. Nefndarmenn skulu kosnir að afstöðnum hverjum reglulegum sveitarstjórnarkosningum.

8. gr.

Eignum hafnarsjóðs má aðeins verja í þarfir hafnarinnar. Sveitarsjóður ábyrgist skuldir hafnarsjóðs, og sveitarstjórn hefir ábyrgð á eignum hafnarinnar.

9. gr.

Sveitarstjórn má ekki, án leyfis ráðuneytisins, selja eða veðsetja fasteignir hafnarsjóðs, eða kaupa nokkrar nýjar fasteignir, taka stærri lán eða lán til lengri tíma en að þau verði greidd aftur af tekjum þess árs, er fer í hönd, né endurnýja slík lán eða fresta greiðslutímanum, og ekki heldur gera nein þau mannvirki við höfnina, sem svo eru stórvaxin, að árstekjurnar hrökkvi ekki til að koma þeim í framkvæmd.

10. gr.

Til þess að standa straum af kostnaði við dýpkun hafnarinnar og byggingu og viðhald hafnarvirkja, svo og til árlegs rekstrarkostnaðar hafnarinnar, er heimilt að innheimta gjöld þau, sem hér segir:

1. Árlegt gjald af bryggjum og öðrum mannvirkjum, sem gerð eru samkv. 5. gr.
2. Helming hækkunar lóðarleigu þeirrar jarðar, er að höfninni liggur, og allt að ⅗ hluta lóðargjalda nýrra lóða. Þar til núgildandi leigumálar falla úr gildi, skulu

dómkvaddir menn meta lóðarleigu á 5 ára fresti, og skulu lóðareigendur þá greiða í hafnarsjóð allt að ⅗ af þeirri upphæð, sem metið er hærra en núverandi leigumáli.

3. Gjöld af skipum og bátum, er hafna sig á Raufarhöfn, og farmi þeirra:
   a. Lestagjald.
   b. Vitagjald.
   c. Vörugjald. Undanskildar skulu þó vörur þær, er samkvæmt farmskrá skipsins eiga að fara til annara hafna á landinu, ef þær eru ekki settar á land.
   d. Bryggjugjald af skipum, er leggjast við bryggjur hafnarinnar.
   e. Festargjald af skipum, er nota festar hafnarsjóðs.
   f. Allt að 1% af magni afla skipa og báta, sem heima eiga í kauptúninu, svo og allra þeirra skipa og báta, sem leggja þar afla á land til sölu.

Gjöld þessi, sem og gjöld fyrir önnur afnot af eignum hafnarinnar skulu ákveðin í reglugerð, er hafnarnefnd Raufarhafnar semur og atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið staðfestir.

Herskip, varðskip, björgunarskip og skemmtiskip skulu undanþegin gjöldum til hafnarinnar samkvæmt tölulið 2. a, b, og c.

11. gr.

Nú má álíta, að tekjur af gjaldstofnum þeim, sem heimilaðir eru í 10. gr., hrökkvi ekki fyrir árlegum útgjöldum hafnarinnar, og getur þá hafnarnefnd, með sérstöku samþykki atvinnumálaráðuneytisins fyrir hvert ár, ákveðið, að leggja megi aukagjöld allt að 10% á hin ákveðnu gjöld af út- og innfluttum vörum. Gjöld samkvæmt 10. og 11. gr. innheimtir hafnarnefnd, og má taka þau lögtaki.

12. gr.

Reikningsár hafnarsjóðs er almanaksárið.

13. gr.

Fyrir 1. nóvember ár hvert ber hafnarnefnd að leggja fyrir sveitarstjórn áætlun um tekjur og gjöld hafnarinnar á komandi ári. Sveitarstjórn skal hafa fullsamið áætlunina fyrir lok nóvembermánaðar og senda hana síðan atvinnumálaráðuneytinu til samþykktar fyrir árslok, ásamt nauðsynlegum skýringum á einstökum gjalda- og tekjuliðum.

14. gr.

Nú hefir sveitarstjórn í hyggju einhverjar meiri háttar aðgerðir við höfnina, eða hún vill gera einhverjar þær ráðstafanir, er samþykki atvinnumálaráðuneytisins þarf til, og skal hún þá senda ráðuneytinu sérstaka tillögu um það efni. Skal það gert svo tímanlega sem kostur er á, svo að samþykki ráðuneytisins geti komið til áður en hún lætur fjárhagsáætlun hafnarinnar frá sér fara.

15. gr.

Komi það í ljós, þegar fram á árið líður, að óumflýjanlegt sé að sinna einhverjum aðgerðum utan áætlunarinnar, eða fara fram úr áætluðum fjárhæðum, ber hafnarnefnd að tilkynna það sveitarstjórn í tæka tíð. Fallist hún á tillögur hafnarnefndar, skal þegar leitað samþykkis ráðuneytisins til þess að víkja megi frá áætluninni. Fyrr má ekki framkvæma verkið né stofna til tekjuhallans.

16. gr.

Við lok hvers reikningsárs, og ekki síðar en fyrir febrúarlok, skal hafnarnefnd gera reikning yfir tekjur og gjöld hafnarinnar á hinu liðna ári og efnahagsreikning hennar. Reikningana skal endurskoða og úrskurða á sama hátt og reikninga sveitarinnar.

17. gr.

Að öðru leyti skal ákveða með reglugerð, er hafnarnefnd semur og ráðuneytið staðfestir, allt það, er lýtur að greiðri og hættulausri umferð um höfnina, góðri reglu og öðru höfninni viðkomandi, er við þykir eiga. Í reglugerðinni má ákveða sektir fyrir brot gegn henni, 20—1000 krónur. Sektir samkvæmt lögum þessum renna í hafnarsjóð.

18. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ed. 270. Breytingartillaga

við brtt. á þskj. 268 [Skrifstofufé sýslumanna og bæjarfógeta o. fl.].

Frá Bernh. Stefánssyni og Erl. Þorsteinssyni.

Fyrir „13000“ komi: 16000.

Nd. 271. Frumvarp til laga

um byggingarsamvinnufélög.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

1. gr.

Tilgangur byggingarsamvinnufélaga er að reisa íbúðarhús fyrir meðlimi þeirra til eigin afnota með sem hagfelldustum kjörum, að safna eiginframlögum félagsmanna (sjá 3. gr.) og reka lánastarfsemi.

2. gr.

Nú vilja menn stofna byggingarsamvinnufélag, og skulu þeir þá kveðja til almenns fundar á því svæði, sem félaginu er ætlað að ná yfir, og bera málið upp til umræðu og atkvæða. Ef 15 menn eða fleiri koma sér saman um stofnun byggingarsamvinnufélags og bindast samtökum um að gerast félagsmenn, setja þeir félaginu samþykktir í samræmi við lög þessi, og skal leita staðfestingar atvinnumálaráðuneytisins á þeim.

3. gr.

Byggingarsamvinnufélögum sé aflað fjár:

A. Með frjálsum framlögum hvers félagsmanns í stofnsjóð, unz fjárhæð hans í sjóðnum nemur minnst $\frac{1}{5}$ hluta andvirðis þess húsnæðis, sem ákveðið verður, að félagið komi upp fyrir hann. Þegar þessari fjárhæð er náð, situr félagsmaður fyrir um byggingu húss, enda gangi stofnsjóðsinneign hans upp í byggingarkostnaðinn. Vextir af stofnsjóði leggjast við höfuðstól, og skulu þeir á hverjum tíma jafnháir og innlánsvextir í sparisjóði hjá Landsbanka Íslands. Um rétt til útborgunar stofnfjár fer eftir ákvæðum laga um samvinnufélög, nr. 36 frá 1921.

B. Með árlegu gjaldi í rekstrarsjóð félagsins, sem ákveðið skal í samþykktum þess, og sé þessum sjóði varið til þess að standa straum af rekstrarkostnaði félagsins. Kostnaður við að reisa nýjar byggingar telst ekki rekstrarkostnaður.

C. Með lántöku félagsins til útlánastarfsemi sinnar. Heimilt er fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs að ábyrgjast þau lán. Lánin má taka í erlendri mynt. Gefa skal út skuldabréf fyrir lánum þessum, er hvert um sig nemi ákveðinni upphæð, sem fjármálaráðherra samþykkir. Hvert slíkt lán telst til útlána einn lánaflokkur, og

er honum til tryggingar samábyrgð allra þeirra félagsmanna, sem fá lán samkvæmt 4. gr. í þeim flokki. Ekki mega vera færri en 15 félagsmenn í hverjum flokki.

Félagsmenn í sama lánaflokki skulu vera sérstök deild innan síns byggingarsamvinnufélags, og er henni heimilt að hafa sérstaka stjórn að því er varðar sérmál hennar.

4. gr.

Eigi skal nema eitt byggingarsamvinnufélag í hverjum kaupstað eða kauptúni njóta réttinda samkvæmt lögum þessum.

Nú hafa verið stofnuð fleiri en eitt byggingarsamvinnufélag í kaupstað eða kauptúni, og skal þá það félagið, er fyrst hóf byggingarstarfsemi, hafa rétt til ríkisábyrgðar, eða það félag, sem fyrst var stofnað, ef um byggingarstarfsemi hefir ekki verið að ræða. En hafi fleiri félög verið stofnuð eða hafið byggingarstarfsemi í sama kaupstað eða kauptúni samkvæmt lögum þessum, skulu þau hafa rétt til að ganga inn í hið viðurkennda félag, og skal þá röðun meðlima þeirra á félagsskrá miðast við þann tíma, er þeir gerðust félagar í hinu fyrra félagi.

5. gr.

Byggingarsamvinnufélag veitir félagsmönnum sínum lán til þess að koma upp byggingum til eigin afnota, enda hafi þeir uppfyllt skilyrði þau um stofnsjóðstillög, sem um getur í 3. gr. A. hér að framan.

Lán þessi skulu tryggð með fyrsta veðrétti í húsum og lóðaréttindum allt að 60% af virðingarverði eignarinnar. Ennfremur veitir félagið lán gegn öðrum veðrétti í eignunum, þó þannig, að samanlagðir fyrsti og annar veðréttur nemi ekki meiri fjárhæð en 80% af kostnaðarverði eignarinnar. Félagið veitir lánin með sömu kjörum og það nýtur á lánum þeim, sem tekin eru í þessu skyni.

6. gr.

Stofnsjóður skal jafnan vera í handbæru fé í banka eða sparisjóði, þar sem ávaxta má fé ómyndugra, að svo miklu leyti, sem honum er eigi varið til að standast framkvæmdir við byggingar eða til útlána. Nú kemur fram hagnaður við útlán eða aðra ávöxtun stofnfjár, og rennur hann í varasjóð félagsins. Um ráðstöfun varasjóðs félagsins gilda ákvæði laga um samvinnufélög, nr. 36 frá 1921.

7. gr.

Félagsmenn í byggingarsamvinnufélagi fá því aðeins lán hjá félaginu, að þeir uppfylli eftirfarandi skilyrði auk þess, sem um ræðir í 3. gr. A.:

A. Að húsin séu gerð úr varanlegu efni og rúmtak hverrar íbúðar fari ekki fram úr 500 teningsmetrum, með venjulegum nútímaþægindum og eftir fastákveðnum fyrirmyndum, sem stjórn félagsins hefir ákveðið og samþykktar hafa verið af atvinnumálaráðuneytinu.

B. Að húsin séu byggð á þeim stöðum, sem félagsstjórnin ákveður og samþykktir eru af atvinnumálaráðuneytinu, enda útvegi félagsstjórnin leigulóðir.

C. Að félagið annist um byggingu hússins að öllu leyti, og sé það afhent félagsmanni gegn skuldabréfum með veði í húseigninni, er nemi þeirri fjárhæð, sem húsið kostar umfram stofnfjárframlagið.

D. Að félagsmaður sé fjárráða og heimilisfastur innan þess svæðis, sem félagið nær yfir. Þeir félagsmenn, er eigi hafa haft yfir 6000 króna skattskyldar tekjur að meðaltali 3 síðastliðin ár og ekki eiga yfir 10 þúsund króna eignir, ganga fyrir öðrum um íbúð.

8. gr.

Nú ákveður félagsstjórn, að félagsmenn skuli reisa sambyggingar, og fær til þess samþykki atvinnumálaráðuneytisins, og er félaginu þá heimilt að annast við-

hald slíkra bygginga utanhúss. Noti félag heimild þessa, skal gera reglugerð um eftirlit og framkvæmd viðhalds, svo og skiptingu kostnaðar á eigendur. Um sameiginleg tæki innanhúss í sambyggingu, svo sem leiðslur allar og hitunartæki, fer eftir því, sem segir í reglugerð. Um reglugerðir, er samdar kunna að verða samkvæmt þessari grein, skal leita samþykkis atvinnumálaráðuneytisins.

9. gr.

Byggingarsamvinnufélagi, sem kemur upp sambyggingum, er heimilt að eiga til frambúðar sameiginlegt miðstöðvarhús og þvottahús fyrir margar íbúðir, húsnæði fyrir fasta starfsmenn félagsins og fyrir matvöruverzlun. Ákvæði skulu sett í reglugerð um þátttöku eigenda íbúðanna í kostnaði, sem af þessu hlýzt.

10. gr.

Ákveðið skal í samþykktum byggingarsamvinnufélags, að enginn, sem fengið hefir íbúð að tilhlutun félagsins, megi selja hana, nema stjórnin hafi áður hafnað forkaupsrétti félagsins vegna, og aldrei framleigja nema nokkurn hluta af íbúðinni. Þó getur eigandi, að fengnu leyfi stjórnarinnar, leigt heila íbúð um stundarsakir, ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi. Söluverð slíkrar íbúðar, hversu oft sem eigendaskipti kunna að verða, má aldrei vera hærra en stofnverð hennar, að viðbættu virðingarverði þeirra endurbóta, er á kunna að hafa verið gerðar, en að frádreginni hæfilegri fyrningu, hvorttveggja samkvæmt mati dómkvaddra manna. Sé um framleigu að ræða, ákveður stjórn félagsins, hve há leigan megi vera, og miðast hún við raunverulegan kostnað eiganda, samkvæmt mati, af íbúðinni eða hluta hennar, sem leigður er.

Nú sannast, að félagsmaður hefir selt hús hærra verði en leyfilegt er samkvæmt þessari grein, og rennur þá sá hluti söluverðsins, sem er umfram hið löglega verð, til félagsins og leggst í varasjóð. Verði seljandi einhverra orsaka vegna eigi fær um að greiða fjárhæð þessa, á félagið kröfu á hendur kaupanda, en þó því aðeins, að honum hafi, þegar kaupin fóru fram, verið kunnugt um, að seljandi hafi brotið á móti ákvæði þessarar greinar, og er þá fjárhæðin forgangsskuld með veði í húsinu næst á eftir veðréttum félagsins. Auk þess eru þá öll lán félagsins, sem á húsinu hvíla, þegar fallin í gjalddaga.

11. gr.

Nú neytir stjórn byggingarsamvinnufélags eigi forkaupsréttar, og er þá eiganda heimilt að selja eignina hverjum þeim manni, sem félagsstjórn samþykkir, en þó verður kaupandi að gerast meðlimur í byggingarsamvinnufélaginu og hlíta samþykktum þess.

12. gr.

Óheimilt er að veðsetja húseignir byggingarsamvinnufélaga fyrir hærri fjárhæð samtals en nemur 80% af upphaflegu kostnaðarverði þeirra og endurbóta, sem á kunna að hafa verið gerðar, að frádreginni eðlilegri fyrningu, eins og hún kann að vera á hverjum tíma, enda verður eigi gert fjárnám í eigninni fyrir meiri fjárhæð.

13. gr.

Ríkisábyrgðin fyrir lánum til byggingarsamvinnufélaga er því skilyrði bundin, að fyrsti veðréttur, að viðbættri ríkisábyrgð, nemi ekki hærri upphæð en 15 þús. kr. fyrir hverja einstaka íbúð.

14. gr.

Um stjórn, reikningsskil og fundi byggingarsamvinnufélaga fer eftir ákvæðum laga um samvinnufélög, nr. 36 frá 1921. Fjármálaráðherra skipar annan endurskoðanda, enda skal félaginu skylt að senda ráðuneytinu samrit af aðalreikningi sínum árlega.

Þóknun til stjórnar og endurskoðenda greiðist úr rekstrarsjóði félagsins.

15. gr.

Ríkisstjórnin lætur gera fyrirmyndaruppdrætti bæði að sérbyggingum og sambyggingum, til afnota fyrir byggingarsamvinnufélög, og lætur þær í té án endurgjalds. Sömuleiðis sér ríkisstjórnin um öruggt eftirlit með framkvæmdum og húsbyggingum þeirra félaga, er starfa samkvæmt lögum þessum.

16. gr.

Um skrásetningu og félagsslit byggingarsamvinnufélaga fer eftir ákvæðum laga um samvinnufélög, nr. 36 1921.

17. gr.

Lög nr. 71 23. júní 1932, um byggingarsamvinnufélög, og lög nr. 41 19. júní 1933, um breyting á þeim lögum, eru úr gildi felld.

18. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ákvæði til bráðabirgða.

Þau byggingarsamvinnufélög, er þegar hafa komið upp íbúðarhúsum samkvæmt eldri lögum um byggingarsamvinnufélög, njóta fullra réttinda samkvæmt lögum þessum.

Nd. 272. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 81 23. júní 1936, um sveitarstjórnarkosningar.

Flm.: Gísli Sveinsson, Jón Pálmason, Thor Thors.

1. gr.

Aftan við 2. málsgr. 10. gr. laga nr. 81 23. júní 1936 bætist nýr málsl., svo hljóðandi:

Við kosningar í hreppum gilda þó eigi ákvæði 11. gr. laga um kosningar til Alþingis (nr. 18/1934) um að sá eða þeir, sem í kjöri eru, skuli víkja sæti í kjörstjórn.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Við undirbúning sveitarstjórnarkosninganna á komandi vori hefir það komið í ljós, að eigi muni kleift að banna frambjóðendum í hreppunum setu í kjörstjórn, þar sem auðveldlega gæti að því rekið, að eigi yrði ráð á nægilega mörgum hæfum mönnum til þess að annast kjörstjórnarstörf, ef margir listar koma fram, með allt að tug manna hver (aðalmenn og varamenn), sem vel má gera ráð fyrir í meðalhreppi, eins og flokkaskipting er í landinu. Nauðsyn á slíku allsherjarbanni myndi og í þessum tilfellum ekki teljast eins rík og við hinar pólitísku alþingiskosningar.

Það er að vísu eigi fullljóst, að skilja þurfi ákvæðin í sveitarstjórnarkosningalögunum í þessu tilfelli sem beina fyrirskipun um, að regla alþingiskosningalaganna eigi að gilda í þessu efni, en þar sem það má telja eins líklegt, þykir rétt að taka af tvímælin á þennan hátt, sem frv. gerir ráð fyrir.

Ed. 273. Breytingartillaga

við frv. til l. um einkaleyfi til að flytja út hrafntinnu og selja hana á erlendum markaði.

Frá iðnaðarnefnd.

Við 2. gr. Greinin orðist svo:
Einkaleyfishafar greiða í ríkissjóð útflutningsgjald af hverri smálest ofantaldrar bergtegundar, eftir samkomulagi við atvinnumálaráðherra, þó ekki undir 5 kr. og ekki yfir 50 kr. af hverri smálest.

Ed. 274. Breytingartillaga

við brtt. á þskj. 270 [Skrifstofufé sýslumanna og bæjarfógeta o. fl.].

Frá Einari Árnasyni.

Aftan við tillöguna bætist:
Til vara: 15000.

Nd. 275. Breytingartillögur

við frv. til l. um byggingar- og landnámssjóð.

Frá landbúnaðarnefnd.

1. Við 7. gr. 7. tölul. falli burt.
2. Við 12. gr. Í stað „1500“ í 3. tölul. komi: 2000.

Ed. 276. Breytingartillaga

við frv. til l. um skrifstofufé sýslumanna og bæjarfógeta o. fl.

Frá Magnúsi Jónssyni.

Við 1. gr. tölul. 6. Í stað „18000“ komi: 19000.

Nd. 277. Breytingartillaga

við frv. til l. um bráðabirgðabreyting nokkurra laga.

Frá Einari Olgeirssyni og Ísleifi Högnasyni.

Við 1. gr. 3. tölul. falli burt, og breytist tölusetning liðanna samkvæmt því.

Nd. 278. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 55 27. júní 1921, um skipulag kauptúna og sjávarþorpa.

(Eftir 3. umr. í Ed.)

1. gr.

Í 1. og 7. gr. laganna komi í stað „500“: 200.

2. gr.

10. gr. laganna skal orða þannig:

Allur kostnaður við skipulagsuppdrætti, sem stjórnarráðið lætur gera, greiðist, að því leyti, sem gjald það, sem ákveðið er í 14. gr., hrekkur ekki til, að hálfu úr ríkissjóði, að hálfu úr bæjar- eða hreppssjóði.

3. gr.

13. gr. laganna hljóði svo:

Stjórnarráðið lætur gera skipulagsuppdrætti yfir þá bæi, kauptún eða sjávarþorp, er skipulagsskyld eru samkv. 7. gr. laganna, en uppdráttur hefir ekki verið staðfestur fyrir, og skal þeim skipulagsuppdráttum lokið á þeim tíma, sem stjórnarráðið setur ákvæði um í hvert sinn.

Nú er kauptún eða sjávarþorp, sem skipulagsskylt er samkv. 7. gr., í hrörnun eða tvísýnt þykir um vöxt þess og framtíð, og getur þá stjórnin ákveðið, að frestað skuli að gera af því skipulagsuppdrátt.

Eftir að skipulagsuppdráttur hefir verið lagður fram til sýnis fyrir almenning, má engin mannvirki gera, sem komi í bága við hann, nema stjórnarráðið hafi auglýst breytingar á honum.

4. gr.

14. gr. laganna orðist svo:

Skipulagsnefnd annast stjórn skipulagsmála, undir yfirstjórn stjórnarráðsins. Í nefndinni eiga sæti vegamálastjóri, vitamálastjóri og húsameistari ríkisins. Nefndin kýs sér sjálf formann.

Skipulagsnefnd getur, með samþykki stjórnarráðsins, ráðið húsameistara og ráðunaut í heilbrigðismálum sér til aðstoðar. Þóknun til nefndarmanna fyrir störf þeirra og laun aðstoðarmanns ákveður stjórnarráðið.

Kostnaður við stjórn skipulagsmála, mannahald, skrifstofukostnaður, ferðalög o. fl. greiðist úr ríkissjóði.

Til þess að standast þennan kostnað skal greiða í ríkissjóð allt að 3‰ af hverri nýbyggingu, sem reist er eftir að lög þessi ganga í gildi, í þeim bæjum, þar sem skipulagsuppdráttur hefir verið staðfestur eða þar sem byrjað er að vinna að skipulaginu, sbr. 9. gr.

Stjórnarráðið setur með reglugerð nánari ákvæði um gjald þetta og hvernig það skuli innheimt.

5. gr.

Í 16. gr. laganna falli niður orðin „ef það sér sér það fært“.

Aftan við greinina komi svo hljóðandi málsgr.:

Skipulagsuppdráttur skal staðfestur af stjórnarráðinu eigi síðar en tveim árum eftir að hann hefir verið lagður fram.

6. gr.

17. gr. laganna orðist þannig:

Heimilt er stjórnarráðinu að ákveða, að ákvæði laga þessara skuli taka til kauptúns eða sjávarþorps, þótt íbúar þess séu færri en 200, svo og til orkuvers eða sveitar-

þorps, ef hreppsnefnd óskar þess eða skipulagsnefnd gerir tillögur um það og stjórnarráðinu þykir sérstök ástæða til.

Eftirrit af uppdráttum bæja og skipulagsuppdráttum, ásamt lýsingum, er þeim fylgja, skal geyma í Þjóðskjalasafninu.

7. gr.

22. gr. laganna orðist þannig:

Skipulagsnefnd hefir eftirlit með byggingu hvers bæjar, sem skipulagsuppdráttur er samþykktur fyrir. Skal vandlega rannsakað, svo oft sem þurfa þykir, hvort skipulagsákvæðum er fyllilega fylgt og hvort uppdrættir eru varðveittir, auknir og endurbættir, svo sem vera ber. Nefndin hefir og eftirlit með starfi byggingarnefnda, hreppsnefnda og bæjarstjórna um allt, er að skipulagi lýtur, og veitir þeim leiðbeiningar eftir föngum.

Merkja skal á skipulagsuppdráttum þá staði, þar sem sérstök nauðsyn þykir að vanda til um útlit húsa, svo sem við torg eða aðalgötur, og skal byggingarleyfi bundið því skilyrði, að skipulagsnefnd hafi samþykkt útlitsuppdrátt.

Nefndin gefur stjórnarráðinu árlega skýrslu um öll þau atriði, sem áfátt kann að vera í hverjum bæ.

8. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 69 23. júní 1932.

9. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Nd. 279. Frumvarp til laga

um einkaleyfi til að vinna þilplötur o. fl. úr íslenzkum jarðvegsefnum.

(Eftir 3. umr. í Ed.).

1. gr.

Frá gildistöku laga þessara veitist Kaupfélagi Eyfirðinga á Akureyri einkaleyfi um næstu 15 ár til þess að vinna þilplötur, byggingarpappa og sellulose úr íslenzkum jarðvegsefnum.

Einkaleyfi þetta getur Kaupfélag Eyfirðinga framselt til félags, sem stofnað kann að verða fyrir tilhlutun þess, í þeim tilgangi að hagnýta einkaleyfið. Óheimilt er þó að framselja einkaleyfið nema samþykki atvinnumálaráðherra komi til.

2. gr.

Meðan leyfistíminn stendur, er öllum óheimilt að nema jarðvegsefni hér á landi í þeim tilgangi að vinna úr þeim til sölu framleiðsluvörur þær, sem 1. gr. ræðir um. Brot gegn þessu ákvæði varða sektum frá 500—20000 kr., er renna í ríkissjóð.

3. gr.

Hafi sérleyfishafi ekki notfært sér leyfið að verulegu leyti innan 3 ára, er atvinnumálaráðherra heimilt að svipta hann sérleyfinu.

Nd. 280. Frumvarp til laga

um einkaleyfi til að flytja út hrafntinnu og selja hana á erlendum markaði.

(Eftir 3. umr. í Ed.).

1. gr.

Frá gildistöku laga þessara til ársloka 1943 veitist herra Agli Árnasyni kaupmanni og herra Daníel Ólafssyni kaupmanni, báðum til heimilis í Reykjavík, einkaleyfi til þess að flytja út úr landinu og selja á erlendum markaði hrafntinnu, sem notuð er til þess að húða með steinbyggingar.

2. gr.

Einkaleyfishafar greiða í ríkissjóð útflutningsgjald af hverri smálest ofantaldrar bergtegundar, eftir samkomulagi við atvinnumálaráðherra, þó ekki undir 5 kr. og ekki yfir 50 kr. af hverri smálest.

3. gr.

Meðan leyfistíminn stendur, er öllum öðrum en sérleyfishöfum óheimilt að flytja út vöru þá, er einkaleyfið nær til. Brot gegn því ákvæði varðar sektum frá 500—5000 kr.

4. gr.

Verði útflutningur sérleyfishafa, að liðnum hálfum sérleyfistímanum, minni en 100 smálestir á ári, er atvinnumálaráðherra heimilt að svipta þá sérleyfinu.

5. gr.

Atvinnumálaráðherra setur reglugerð um framkvæmd einkaleyfisins, og má í henni meðal annars ákveða, að óheimilt sé að flytja út beztu tegund hrafntinnu, um eftirlit með því, að leyfi sé eigi brotið, svo og sektir við brotum leyfishafa o. s. frv.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Nd. 281. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 58 frá 28. nóv. 1919, um breytingar á lögum nr. 30 22. nóv. 1918, um bæjarstjórn á Siglufirði.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

1. gr.

2. gr. laga nr. 58 frá 28. nóv. 1919 orðist þannig:

Málefnum kaupstaðarins skal stjórnað af bæjarstjórn. Í henni eru kjörnir bæjarfulltrúar og bæjarfógeti, og er hann oddviti hennar.

Samþykki bæjarstjórn að velja sér bæjarstjóra, tekur hann við þeim störfum, er oddviti bæjarstjórnar hefir nú. Hann skal launaður af bæjarsjóði.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Nd. 282. Lög

um mat á matjessíld og skozkverkaðri síld.

(Afgreidd frá Nd. 20. apríl).

Samhljóða þskj. 160.

Nd. 283. Nefndarálit

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 17 3. okt. 1903, um aðra skipun á æðstu umboðsstjórn Íslands.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin er sammála um að leggja til, að frv. verði samþykkt.

Alþingi, 20. apríl 1938.

Bergur Jónsson, form. Vilm. Jónsson, fundaskr. Thor Thors, frsm.
Gísli Guðmundsson. Garðar Þorsteinsson.

Sþ. 284. Tillaga til þingsályktunar

um ríkisábyrgð fyrir Eskifjarðarhrepp og framlag til viðreisnar atvinnulífinu þar.

Flm.: Brynjólfur Bjarnason, Einar Olgeirsson, Ísleifur Högnason.

Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni:

1. Að ábyrgjast allt að 75 þúsund króna lán fyrir Eskifjarðarhrepp, til stækkunar á rafveitu hreppsins.
2. Að leggja fram allt að 100 þúsund krónur sem hlutafé, eða á annan hátt, til viðreisnar atvinnulífinu á Eskifirði.

Jafnframt er ríkisstjórninni falið að láta nú þegar rannsaka, hverskonar iðnfyrirtæki mundu bezt henta á Eskifirði, með sérstöku tilliti til þess, að þau fullnægðu að verulegu leyti atvinnuþörf þorpsbúa, en þyrftu þó ekki meiri orku en rafveitan, með fyrirhugaðri stækkun, gæti í té látið.

Greinargerð.

Á undanförnum þingum hafa legið fyrir þingsályktunartillögur um ríkisábyrgð fyrir Eskifjörð vegna nýrrar rafveitu og strigaverksmiðju. Var búizt við, að sú rafveita mundi kosta um 200 þúsund krónur (ca. 280 hestöfl), en nú fyrst liggur fyrir fullnaðaráætlun um hana. Samkvæmt henni mundi 305 hestafla stöð kosta um 266 þúsund krónur, og er hún því mun dýrari en í fyrstu var ætlað. Með strigaverksmiðjunni, sem áætlað var, að kosta mundi rúmlega 300 þúsund krónur, hefði því orðið um að ræða ríkisábyrgð fyrir hátt á 6. hundrað þús. krónur.

Þó hreppsnefndin sé enn sem fyrr sannfærð um, að strigaverksmiðjan mundi að fullu nægja til þess að ráða fram úr atvinnuleysinu á Eskifirði og til að gera hreppsfélagið efnalega sjálfstætt, þá virðist henni, að Alþingi muni ekki á næstunni fallast á þessa lausn málanna. Vill hreppsnefndin þó ekki efast um vilja þingsins til að ráða

bót á því ófremdarástandi, sem hreppsbúar hafa orðið við að búa í s.l. 5—6 ár, en lausn þess máls þolir enga bið lengur, ef ekki á vitandi vits að eyðileggja með öllu það fólk, sem harðast hefir orðið úti vegna atvinnuleysisins. Hefir hreppsnefndin því orðið ásátt um að endurbæta gömlu rafveituna svo, að hún geti fullnægt ljósþörf þorpsins fyrst um sinn, og byggja jafnframt nýja rafstöð, sem orðið gæti um 80 hestöfl, í sambandi við gömlu stöðina. Vill hreppsnefndin láta alla orku hinnar nýju stöðvar ganga til iðnaðar, ef þess gerist þörf, því hún lítur svo á, að atvinnumálin verði að sitja fyrir öllu öðru (auknum lífsþægindum, svo sem rafsuðu o. s. frv.).

Hreppsnefndin á mjög óhægt með að benda á, hverskonar iðnaður mundi bezt henta á Eskifirði, vegna þess, að hér er ekki um neina fagmenn að ræða, sem hún gæti leitað ráða til, né heldur er henni kunnugt um allar þær iðnvörur, sem þegar er farið að framleiða í landinu. En hún telur æskilegast, að sú iðngrein, sem hér yrði á fót komið, væri alveg ný í landinu, og helzt að henni yrði veitt einkaleyfi til framleiðslunnar í nokkur ár, til þess að tryggja fjárhagslega afkomu fyrirtækisins. Þess vegna fer hreppsnefndin fram á, að ríkisstjórnin láti henni í té sérfróðan ráðunaut — eða ráðunauta — til að vinna að undirbúningi þessa máls.

Ed. 285. Nefndarálit

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 30 19. júní 1922 [Skemmtanaskattur].

Frá meiri hl. menntamálanefndar.

Meiri hluti menntamálanefndar mælir með frv. óbreyttu.

Alþingi, 20. apríl 1938.

Jónas Jónsson, form. — Guðrún Lárusdóttir, fundaskr., frsm.

Nd. 286. Nefndarálit

um frv. til l. um laun hreppstjóra og aukatekjur m. fl.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin leggur til, að frv. verði samþykkt óbreytt. Tveir nefndarmanna (ÓTh og FJ) voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 20. apríl 1938.

Sveinbjörn Högnason, form. — St. Stefánsson, frsm. — Steingr. Steinþórsson.

Nd. 287. Nefndarálit

um frv. til l. um vörugjald fyrir Vestmannaeyjakaupstað.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin leggur til, að frv. verði samþykkt óbreytt. Tveir nefndarmanna (ÓTh og FJ) voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 20. apríl 1938.

Sveinbjörn Högnason, form., frsm. — St. Stefánsson. — Steingr. Steinþórsson.

Nd. 288. Breytingartillaga

við frv. til l. um bráðabirgðabreyting nokkurra laga.

Frá fjárhagsnefnd.

Við 1. gr. 9. lið. Aftan við liðinn bætist: Þó skulu 2000 kr. renna til prestakallasjóðs á árinu.

Ed. 289. Nefndarálit

um frv. til l. um húsmæðrafræðslu í sveitum.

Frá menntamálanefnd.

Nefndin mælir með því, að frv. verði samþykkt. Þó mun einn nefndarmanna (GL) bera fram breytingartillögu og skrifar því undir nál. með fyrirvara.

Alþingi, 20. apríl 1938.

Jónas Jónsson, form., frsm.	Guðrún Lárusdóttir, fundaskr., með fyrirvara.	Sigurjón Á. Ólafsson.

Ed. 290. Tillaga til þingsályktunar

um undirbúning löggjafar um húsmæðrafræðslu í kaupstöðum landsins.

Frá menntamálanefnd.

Efri deild Alþingis ályktar að skora á ríkisstjórnina að undirbúa og leggja fyrir næsta Alþingi ýtarlegt frv. um húsmæðrafræðslu í kaupstöðum landsins.

Greinargerð.

Fyrir þinginu liggja nú tvö frv. um húsmæðrafræðslu, annað um húsmæðrafræðslu í sveitum og hitt um húsmæðrakennaraskóla Íslands og húsmæðraskóla í Reykjavík. Frv. um húsmæðrafræðslu í sveitum hefir verið mjög rækilega undirbúið og samið með sérstöku tilliti til ástæðna í sveitum, og er miðað við það, að geta fullnægt kröfum kvenna í öllum sveitum landsins. Enn sem komið er vantar samskonar undirbúning að löggjöf um heildarskipulag að því er snertir húsmæðrafræðslu í kaupstöðum. Virðist nefndinni nauðsynlegt, að ríkisstjórnin láti undirbúa málið á þeim grundvelli fyrir næsta Alþingi, svo að þá verði hægt að ljúka við almenna löggjöf um húsmæðrafræðslu í öllum kaupstöðum landsins.

Ed. 291. Breytingartillaga

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 30 19. júní 1922 [Skemmtanaskattur].

Frá Sigurjóni Á. Ólafssyni.

Við 1. gr. Aftan við gr. bætist: eða skemmtisamkomum verklýðsfélaga, sem haldnar eru í góðgerða- eða menningarskyni.

Nd. 292. Nefndarálit

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 1 5. jan. 1938, um síldarverksmiðjur ríkisins.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin leggur til, að frv. verði samþykkt með þeirri breytingu, að 2. gr. falli niður. Einn nefndarmanna, FJ, vill þó láta samþykkja frv. óbreytt.

Samkvæmt þessu leggur nefndin til, að frv. verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGU

Við 2. gr. Greinin fellur niður. Greinatala frv. breytist samkv. þessu.

Alþingi, 21. apríl 1938.

Finnur Jónsson, form., frsm., með fyrirv.
Gísli Guðmundsson, fundaskr.
Sigurður Kristjánsson.
Sig. Ein. Hlíðar.
Bergur Jónsson.

Nd. 293. Frumvarp til laga

um breyting á áfengislögum, nr. 33 9. jan. 1935

Flm.: Pétur Ottesen.

1. gr.

Aftan við 8. gr. laganna bætist:

Starfsmenn áfengisverzlunar, forstöðumenn og aðrir starfsmenn útibúa hennar, skulu allir ráðnir fyrir fast kaup, sem ráðherra ákveður, ef ekki eru fyrirmæli um annað í lögum.

2. gr.

9. gr. laganna orðist svo:

Í öllum þeim kaupstöðum, þar sem nú eru áfengisútsölur, skal, þegar meiri hluti bæjarstjórnar eða ¼ hluti kjósenda í hlutaðeigandi kaupstað krefst þess, fara fram atkvæðagreiðsla kosningabærra manna í kaupstaðnum um það, hvort útsölunni skuli haldið áfram. Einfaldur meiri hluti atkvæða ræður þá úrslitum.

Ríkisstjórninni er heimilt að setja á stofn nýja útsölustaði áfengis, en þó aðeins í kaupstöðum eða kauptúnum. Áður en útsala er sett á stofn, skal fara fram atkvæðagreiðsla kosningabærra manna í því sýslu- eða bæjarfélagi, sem í hlut á, og þarf ⅗ hluta greiddra atkvæða til þess að útsala sé leyfð.

Hafi verið samþykkt með atkvæðagreiðslu að stofna nýja útsölu áfengis, eða halda eldri útsölu áfram, skal fara fram atkvæðagreiðsla um hana á ný að fjórum árum liðnum. Einfaldur meiri hluti atkvæða ræður úrslitum.

Nú hefir verið fellt með atkvæðagreiðslu að stofna útsölu — eða samþykkt að hætta skuli við eldri útsölu — samkvæmt framansögðu, og getur atkvæðagreiðsla þá ekki farið fram á ný fyrr en að fjórum árum liðnum. Þarf þá enn ⅗ atkvæða til þess að útsala sé leyfð.

3. gr.

3. tölul. 10. gr. laganna orðist svo:

Dómsmálaráðherra setur reglugerð um sölu vínanda til eldsneytis, er gerður hefir verið óhæfur til drykkjar, og skal þó með öllu óheimilt að selja hann nema í

föstu formi, svo og um vínanda til iðnþarfa, efnarannsókna, náttúrugripasafna og annara verklegra nota.

4. gr.

Síðari málsgr. 11. gr. laganna orðist svo:

Í veitingaleyfi eða reglugerð skal ákveða skilyrði fyrir veitingasölunni, þar á meðal um veitingatíma og mesta áfengismagn, er hverjum einstökum gesti má láta í té.

5. gr.

2. málsgr. 12. gr. laganna orðist svo:

Ennfremur skal ákveða í reglugerð hámark þess áfengismagns, sem áfengisverzlun og útsölur hennar mega afhenda hverjum einstaklingi á mánuði hverjum.

Áfengiskaup hvers einstaklings skulu rituð á þar til gert skírteini, sem áfengisverzlunin gefur út, enda má afhenda áfengi einungis þeim, er slík skírteini hafa. Rétt til að fá slík skírteini hafa þeir einir, sem heimild hafa til áfengiskaupa samkvæmt þessum lögum, og skal tafarlaust ógilda skírteini þeirra, sem heimildinni glata.

Í reglugerð skal nánar kveðið á um framkvæmd þessara fyrirmæla.

6. gr.

a. Aftan við fyrri málsgr. 17. gr. laganna bætist: svo og í áætlunarbifreiðum, þar sem einstök sæti eru seld.
b. Orðin „nema leyfi lögreglustjóra komi til“ í niðurlagi síðari málsgr. sömu gr. laganna falla burt.

7. gr.

Aftan við 25. gr. laganna bætist:

Lögreglustjóra er skylt að verða við tilmælum áfengisvarnarnefndar um nægjanlegt lögregluefirlit á opinberum samkomum. Heimilt er dómsmálaráðherra eða lögreglustjóra að veita áfengisvarnarnefndum lögregluvald í málum út af brotum á áfengislögunum á opinberum samkomum.

Greinargerð.

Með hverju árinu, sem líður, sígur meira og meira á ógæfuhlið fyrir þjóðinni í áfengismálum.

Vart mun þess að vænta, að það fyrirfinnist nokkur sá maður í þessu landi, sem kominn er til vits og ára, er sé svo kaldrifjaður og kærulaus um almenningshag, að hann í alvöru mæli því í gegn, að með afnámi bannlaganna hafi verið stigið geigvænlegt ógæfuspor.

Reynsla þriggja síðustu ára í þessu efni er ljós og órækur vottur þess, hvert afhroð þjóðin hefir orðið að gjalda fyrir þessara hluta sakir. Hið takmarkalausa vínflóð, sem með afnámi bannlaganna var veitt yfir landið, hefir komið fjölda manna á kaldan klaka og vonarvöl, og eigi veit ég nú þann mistiltein fyrir moldu ofan, sem sé hættulegri manndóm og menningu þjóðarinnar en sú drykkjuskaparóregla, sem af framangreindum ástæðum hefir spennt helgreipar sínar um þjóðina.

Á síðastliðnum þremur árum hafa verið seld vín í áfengisútsölum ríkisins eins og hér segir:

1935	fyrir	.....	3386695 kr.
1936	—	.....	3235703 —
1937	—	.....	3707576 —
		Samtals	10329974 kr.

Síðastliðin tvö ár hefir salan skipzt þannig niður á útsölurnar:

1936:	Reykjavík	2330387 kr.
	Hótel Borg	112703 —
	Akureyri	229154 —
	Siglufirði	227629 —
	Vestmannaeyjum	152952 —
	Hafnarfirði	144478 —
	Ísafirði	86304 —
	Seyðisfirði	52230 —
1937:	Reykjavík	2514140 —
	Hótel Borg	121543 —
	Akureyri	301015 —
	Siglufirði	299127 —
	Vestmannaeyjum	158634 —
	Hafnarfirði	139274 —
	Ísafirði	108104 —
	Seyðisfirði	65736 —

Það eru hvorki meira eða minna en 10300 þús. krónur, sem varið hefir verið til vínkaupa í áfengisbúðum ríkisins á síðastl. þremur árum. Það má með sanni segja, að það sé dýr fórn, sem íslenzka þjóðin hefir á þessum árum fórnað á altari vínnautnarinnar. Og þá er það ekki síður athyglisvert, að á þessum sama tíma hefir mjög hallað undan fæti í atvinnulífi landsmanna, og það svo, að atvinnuástand þjóðarinnar er nú að komast í fullkomið öngþveiti og að viðskiptaástandið við útlönd er þannig, að þjóðin er nú hröðum skrefum að glata áliti sínu og tiltrú erlendis sökum vanskila á greiðslum, sem nema nú orðið fleiri milljónum króna.

Afleiðingum þessarar gífurlegu vínnautnar og drykkjuskaparóreglu á þjóðfélagsþegnana og þjóðfélagið í heild er óþarfi að lýsa, — þar eru dæmin deginum ljósari. Fátækraframfærið hefir stóraukizt, sjúkrakostnaðurinn er að verða óviðráðanlegur; tölu þeirra barna, sem fæðast veikluð og vanþroska sökum drykkjuskaparóreglu foreldranna, annars eða beggja, fjölgar óðum, vanhirða og skeytingarleysi um uppeldri barna af sömu ástæðu er að verða þjóðarvoði. Hverskonar óknyttir og afbrot hafa siglt í kjölfar vínflóðsins í vaxandi mæli, svo sem þjófnaður, ofbeldi og rán, falsanir og svik, nauðganir og aðrir saurlífisglæpir, íkveikjur, bifreiðaslys, launsala á áfengi og önnur áfengislagabrot.

Sigurður Heiðdal, forstjóri vinnuhælisins á Litla-Hrauni, hefir látið mér í té skýrslu um afbrot þeirra manna, sem þangað hafa verið sendir, og hefir hann við nákvæma athugun komizt að þeirri niðurstöðu, að í allt að 90 tilfellum af 100 hafi orsökin til þeirra afbrota, sem þessir menn hafa framið, beint eða óbeint átt rót sína að rekja til áfengisnautnar.

Þá er nú svo komið í okkar þjóðfélagi, að eigi verður hjá því komizt að reisa drykkjumannahæli og hæli fyrir fávita og vanrækt börn. Hitt er og alkunna, að sumstaðar er ekki hægt að halda uppi lögum og reglu sökum skorts á fangahúsum, og jafnkunnugt er það, að oft og löngum er eigi hægt að fullnægja dómum fyrr en eftir dúk og disk sökum húsfyllis í tukthúsinu í Reykjavík og á Litla-Hrauni.

Í þeirri upphæð, sem um getur hér að framan, er ekki innifalið andvirði þess spíritus, sem seldur er læknum til lyfjablöndunar og í lyfjabúðir, og ekki heldur andvirði brennsluspritts eða vínanda, sem notaður er til iðnaðar, en það er af því, að þessi vínandi er seldur beint frá áfengisheildsölunni. Á árinu 1937 seldi áfengisverzlunin spíritus til lækna og í lyfjabúðir fyrir 41856 kr., en suðuspritt fyrir 68719 kr. Þegar þetta er ritað, hefi ég ekki skýrslu um andvirði vínanda til iðnaðar. Það verð, sem hér er tilfært, er heildsöluverð.

Nokkur brögð — og ekki alllítil — munu vera að því, að brennsluspritt sé notað til drykkjar, og í allverulegum mæli sumstaðar. Til dæmis um það vil ég taka upp

í þessa greinargerð símskeyti, sem mér barst í hendur í dag frá sýslumanni Húnvetninga, Guðbrandi Ísberg fyrrverandi alþingismanni. Það hljóðar svo:

„Hér með skorað á yður að beita yður fyrir því, væntanlega í samráði við landlækni, að koma á löggjöf á þessu þingi, er banni með öllu sölu brennsluspritts í fljótandi formi. Fullyrði að athuguðu máli, að brennsluspritt er hér og þá vafalaust einnig víðar um land að langmestu leyti notað til drykkjar, ekki aðeins af drykkjumönnum og ekki aðeins af fullorðnum, heldur af unglingum og börnum fyrir innan fermingu. Notkun suðuspritts á primusa og gasluktir er hér áreiðanlega mjög lítil, en sala mikil. Brennsluspritt í föstu og hálfföstu formi, töflum og dósum er fyllilega eins nothæft. Varasamt að auka skaðleg efni í brennsluspríttinu, þar sem almenningur er farinn að trúa, allar yfirlýsingar um það efni sé marklaust hjal.“

Þannig er þá þessum málum komið; þannig er hið takmarkalausa vínflóð, sem flætt hefir yfir landið á síðastl. þremur árum, búið að æsa upp drykkjuhneigð þjóðarinnar hjá konum og körlum, ungum og gömlum, að jafnvel börn innan við fermingaraldur eru farin að drekka brennsluspíritus. Svona langt hefir hin kalda hönd eyðileggingarinnar og tortímingarinnar teygt sig inn í þjóðfélagið á síðustu þremur árum.

Þrátt fyrir sterka og þróttmikla bindindisstarfsemi fjölda karla og kvenna, undir merkjum Góðtemplararreglunnar, bindindisfélaganna í skólum landsins og fjölda annara, sem standa utan þessara félaga, þá fær samt sem áður hið fornfúsa starf þessa fólks eigi rönd við reist. Ennþá sígur jafnt og þétt á ógæfuhlið. Drykkjuskapurinn vex og afleiðingar þess koma fram í nýrri og nýrri mynd.

Ég geng svo sem ekki að því gruflandi, að ég muni fá þau svör frá ýmsum, að þær breytingar, sem hér er lagt til, að gerðar séu á áfengislögunum, mundu ekki ná tilgangi sínum, þó þær yrðu í lög teknar. Það getur vel verið, að þetta mundi reynast svo meðan sá hugsunarháttur er ríkjandi hjá valdhöfum þessarar þjóðar og þeir haldnir þeirri blindu, að það sé hagfræði og horfi til þjóðarheilla að afla ríkissjóði tekna með áfengissölu. En þess er að vænta, að bráðlega opnist augu ráðandi manna fyrir því, að þetta er hin mesta sjálfsblekking og villukenning, og þegar það hefir áunnizt, er engum blöðum um það að fletta, að af þessum breytingum má mikils góðs vænta. Ég veit það vel og mér er það fullljóst, að til þess að hreinsa þann smánarblett til fulls af íslenzku þjóðinni, sem sigldi í kjölfar þess, að bannið var afnumið, í hóflausri vínnautn og drykkjuskaparóreglu, þarf sterkara átak en það, sem í þessum breytingum felst, og ég skal heldur ekki fara leynt með þá skoðun mína, að þess verði ekki ýkjalangt að bíða, að augu þjóðarinnar opnist fyrir þeirri ógn og skelfingu, sem hér er á ferð, og að samtakamáttur hins bindindissinnaða fólks muni reynast þess umkominn að taka ekki einasta löggjöfina í þjónustu þess málefnis, heldur einnig og ekki síður umboðs- og framkvæmdavaldið í landinu.

Vil ég nú þessu næst víkja nokkuð nánar að efni frumvarpsins og einstökum greinum þess.

Um 1. gr.

Fyrsta grein frv. fjallar um það, að allir starfsmenn áfengisverzlunarinnar og útibúa hennar skuli ráðnir fyrir fast kaup. Nú er sú tilhögun á um þetta, að forstöðumenn útibúanna reka þau fyrir eiginn reikning gegn ákveðnum sölulaunum, og eru þau ákveðin eins og hér segir:

Kjör útsölumanna utan Reykjavíkur eru þessi:
15% af sölu vína allt að 70 þús. kr.
7% af næstu 30 þús kr.
2½% af því, sem er fram yfir 100 þús. kr.
Útsalan í Reykjavík:
4% af 800 þús. króna sölu,
2% af næstu 200 þús. kr.
1½% af því, sem selt er fram yfir 1 milljón kr.

Samkvæmt þessu bera forstöðumenn útibúanna því meira úr býtum sem salan er meiri; það er vatn á þeirra myllu að geta selt sem allra mest.

1937 voru tekjur forstjóra útibúanna eins og hér segir:

Vestmannaeyjum	kr.	14065.86
Siglufirði	—	17578.19
Seyðisfirði	—	9860.40
Ísafirði	—	12802.60
Hafnarfirði	—	13581.87
Akureyri	—	17625.37
Reykjavík	—	58712.12

Það er augljóst mál, að frá sjónarmiði þeirra manna, sem líta þannig á, að það sé skaðsamlegt athæfi að halda vininu að fólkinu, er þetta sölufyrirkomulag ákaflega óheppilegt. Það er vitað um núverandi starfsmenn útibúanna í Reykjavík og Hafnarfirði, að þeir að minnsta kosti hafa gengið lengra en lög leyfa og sæmilegt er í því að auka tekjur forstjóranna af vínsölunni. Þannig var það sannað fyrir rétti, að afgreiðslumaður útibúsins í Hafnarfirði hafi 10. apríl 1936, en það var á föstudaginn langa, símað til eins þekktasta vínsalans í Reykjavík, en svo hittist á, að hann var ekki heima, en í þess stað talaði hann við „frúna" og spurði hana meðal annars, hvort maður hennar mundi þurfa viðbót í fyrramálið; ef svo væri, þá kvaðst hann skyldi taka það til þá um kvöldið, og gat þetta þó ekki komið til af því, að afgreiðslumaðurinn óttaðist að þessi góði viðskiptamaður hans hefði ekki sjálfur nóg að drekka yfir páskahelgina, því miðvikudaginn fyrir páska kom hann í verzlunina og tók þar út áfengi fyrir hér um bil 270 krónur.

Það er alveg greinilegt, að hér er starfsmaður útibúsins vitandi vits að selja leynivínsala, og í stað þess að gera skyldu sína í því að koma í veg fyrir, að leynivínsalan eigi sér stað, leggur hann á sig aukaerfiði á sjálfan föstudaginn langa til þess að leynisalinn þurfi ekki að láta viðskiptamenn sína fara bónleiða til búðar á páskadaginn. Hér hefir því löngunin til að gera útsöluna sem gróðavænlegasta leitt starfsmann hennar til að fremja tvennskonar lögbrot. Í fyrsta lagi með því, að hann veit, að hann er að selja leynivínsala, og í öðru lagi með því, að hann er að selja manni, sem áður hefir verið dæmdur fyrir leynivínsölu, en samkv. 13. gr. áfengislaganna er bannað að selja slíkum mönnum áfengi.

Þá eru dæmin deginum ljósari um það, svo að ekki getur orkað tvímælis, að við áfengisútsöluna í Reykjavík er að engu skeytt fyrrnefndu banni áfengislaganna við því að selja þeim mönnum vín, sem dæmdir hafa verið fyrir leynivínsölu; það er augljóst mál, að það er mjög hversdagslegur viðburður í þeirri stofnun, að þeir, sem standa fyrir áfengisútlátum þar, brjóta áfengislögin að því er þetta snertir.

Þá er ekki heldur neinum blöðum um það að fletta, að þessir sömu menn senda dag eftir dag, viku eftir viku og mánuð eftir mánuð stórar vínsendingar, allt upp í 110 flöskur á dag, heim til manna, sem þeir vita upp á sína tíu fingur, að hafa leynivínsöluna fyrir atvinnugrein. Með því að færa þeim vínið heim og láta sendla sína koma því fyrir í herbergjum leynivínsalanna, þá greiða þeir götu þeirra manna, sem reka þessa lögbrotastarfsemi, og hylma yfir glæpsamlegu framferði þeirra. Þannig virða þessir trúnaðarmenn ríkisins skýlaus fyrirmæli áfengislaganna og þannig rækja þeir þær skyldur, sem á þeim hvíla!

Í þessu sambandi er rétt að benda á nokkur dæmi, sem tekin eru úr réttarskjölum lögreglunnar í málum út af áfengislagabrotum frá síðastl. ári. Einn alþekktur leynivínsali, sem tvisvar áður hefir verið dæmdur fyrir ólöglega áfengissölu, var á síðastl. ári kærður fyrir vínsölu. Kom þá í ljós við athugun á bókum áfengisútsölunnar, að á tímabilinu febr. til ágúst hafði þessi maður fengið sendar heim til sín 1863 flöskur af víni fyrir kr. 17696,50.

Það er dálítið eftirtektarvert, hvernig verjandi þessa manns í réttinum lítur á aðstöðu hans og annara leynivínsala í þjóðfélaginu. Hann lítur á þá sem ólaunaða starfsmenn áfengisverzlunarinnar og nokkurskonar samstarfsmenn þeirra, er veita

vínsölubúðum ríkisins forstöðu. Hann talar um tekjuþörf ríkissjóðs og það, að einskis megi hann í missa af tekjum sínum. Svo segir hann: „Ætti það því (ríkið) að verðlauna þá menn, sem gegn sanngjarnri þóknun aðstoða við það að ná þessum nauðsynlegu tekjum inn. En í stað þess eru þeir menn, sem þetta gera, eltir af lögreglunni og dómstólunum fyrir sína nauðsynlegu aðstoð við öflun ríkisteknanna."

Það er ekki hægt að neita því, að það er vorkunnarmál, þó þessir menn hugsi svona. Fyrst njóta þeir ríkulegrar aðstoðar og fulltingis eins flokks starfsmanna ríkisins, en síðan kemur annar flokkur starfsmanna ríkisins og refsar þeim fyrir þau verk, sem fyrri flokkurinn aðstoðaði þá við óátalið af ríkisstjórninni. Virðist því fullkomlega kominn tími til, að Alþingi taki í taumana og stöðvi þennan skollaleik, sem sízt er til þess fallinn að auka á virðinguna fyrir lögum og rétti í landinu.

Annar leynivínsali, sem tólf sinnum hefir verið dæmdur fyrir lögbrot, þar af 6 sinnum fyrir brot á áfengislögunum, var kærður á síðastl. ári fyrir vínsölu. Bækur áfengisverzlunarinnar sýndu, að honum höfðu verið sendar heim til sín mánuðina júní—ágúst 2062 flöskur af áfengi fyrir kr. 19282,75. Það er ekki ófróðlegt að birta hér lista áfengisútsölunnar um úttekt þessa manns, og lítur þetta merkilega plagg þannig út:

5. júní	77	fl.	kr. 743.00
8. júní	33	—	— 297.75
9. júní	23	—	— 191.50
10. júní	36	—	— 329.50
12. júní	66	—	— 572.50
14. júní	57	—	— 548.75
16. júní	94	—	— 800.00
18. júní	52	—	— 498.00
19. júní	40	—	— 327.25
22. júní	22	—	— 200.50
25. júní	98	—	— 788.50
3. júlí	80	—	— 801.50
10. júlí	49	—	— 435.50
13. júlí	21	—	— 188.50
15. júlí	13	—	— 125.50
16. júlí	95	—	— 959.00
17. júlí	40	—	— 352.00
21. júlí	38	—	— 374.50
22. júlí	35	—	— 296.00
23. júlí	29	—	— 281.50
24. júlí	34	—	— 301.75
26. júlí	66	—	— 608.25
27. júlí	24	—	— 261.25
28. júlí	27	—	— 261.75
30. júlí	79	—	— 805.50
31. júlí	75	—	— 686.25
3. ágúst	10	—	— 82.50
5. ágúst	60	—	— 596.50
6. ágúst	70	—	— 635.25
7. ágúst	81	—	— 732.50
11. ágúst	10	—	— 80.00
13. ágúst	111	—	— 1002.00
17. ágúst	17	—	— 143.50
20. ágúst	110	—	— 978.00
21. ágúst	56	—	— 564.00
25. ágúst	25	—	— 226.00
26. ágúst	38	—	— 363.75

27. ágúst	90	fl.	kr.	778.25
28. ágúst	36	—	—	663.50
30. ágúst	45	—	—	401.00
Alls	2062	fl.	kr.	19282.75

Þessi maður hefir sýnilega látið höndur standa fram úr ermum við söluna, enda kemst hann upp í, eins og skýrslan ber með sér, að fá heimsendar einn daginn 111 flöskur. Tæplega er þess að vænta, að afhendingarmenn áfengisverzlunarinnar hafi þurft mikil heilabrot um það, til hvers refirnir væru skornir með slíkum áfengiskaupum.

Þriðji leynivínsalinn, sem einnig hefir áður verið dæmdur fyrir brot á bannlögunum o. fl., fékk heimsendar til sín mánuðina júní—ágúst 1113 flöskur af áfengi fyrir kr. 10135.00. Hefir þessi maður játað, að hann hafi rekið leynivínsölu síðan 1. febr. 1935, að sterku drykkjunum var hleypt inn í landið. Sannast það hér, að ein syndin býður annari heim.

Hjá fjórða leynivínsalanum fann lögreglan 32 heilflöskur af áfengi, 2 pela af rommi og 61 whisky-pela með brennivíni. Neitaði eigandi vínsins, að vínið væri ætlað til sölu; kvaðst hann hafa frétt, að verðhækkun á víninu vofði yfir, en hann notaði vínið sem læknislyf við berklaveiki, sem hann væri haldinn af í báðum lungum. Taldi hann, að vínið hefði mjög góð áhrif á heilsu sína, og fannst honum, að allar tegundir áfengis væru jafnhollar, en mismunandi tegundir keypti hann vegna bragðsins.

Tala slíkra mála sem þessara er legió. Það, sem hér hefir verið tilfært, er næg sönnun þess, að ekkert vit er í því að viðhalda þeirri tilhögun, sem nú er á áfengisútsölunum.

Um 2. gr.

1. Eins og 9. gr. laganna er nú, gefst öllum sýslufélögum og bæjarfélögum landsins kostur á, að íbúarnir láti vilja sinn í ljós með atkvæðagreiðslu, áður en ríkisstjórn er leyfilegt að setja á stofn áfengisútsölur. Þetta er eðlilegt og sjálfsagt í samræmi við venjulegar lýðræðishugmyndir. Þess vegna er það líka hrapallegt ósamræmi, sem í því felst, að 7 kaupstöðum landsins er gert lægra undir höfði í þessu en öllum öðrum. Þeir eiga samkvæmt ákvæðum greinarinnar að una því, að þar séu áfengisútsölur, og geta aldrei látið vilja sinn í ljós um þær. Þetta eru kaupstaðirnir, sem vitanlega hafa goldið mest afhroð vegna áfengissölunnar ávallt síðan vínbanninu var af létt með „Spánarsamningnum“ svonefnda.

Eins og kunnugt er, voru vínútsölur á þessum stöðum áður en núgildandi áfengislög urðu til, og jafnkunnugt er það, að þessar útsölur voru settar á stofn á þann hátt frá byrjun, að þeim var þröngvað upp á íbúana með valdboði, að þeim forspurðum og í óþökk þeirra flestra. Þetta var þá, og hefir jafnan síðan verið varið með því, að það hafi verið ráðstafanir, sem orðið hafi að gera vegna „Spánarsamningsins“.

Nú liggur það í augum uppi, að þessi rök eru með breytingu áfengislaganna fallin úr gildi, eins og reyndar grundvöllurinn undir öllum „Spánarsamningnum“, þar sem hann vitanlega var byggður á forsendum, sem nú eru alls ekki lengur fyrir hendi. Enda mun flestum geta komið saman um, að síðan áfengislögunum var breytt hafi ekkert sérstakt tillit verið hægt að taka til þess samnings að því er snertir verzlun með áfengi hér á landi.

Þá má benda á það, að upprunalega voru það aðeins létt vín, sem selja mátti í útsölum áfengisverzlunarinnar, en hjá því varð ekki komizt til þess að uppfylla ákvæði samningsins. En það getur eins og nú er komið með engu móti réttlætt það misrétti, sem lögin beita kaupstaðina, þar sem sterku drykkjunum (sem nú eru langmest seldir) var bætt við að þeim forspurðum.

Það er því ekki nema eðlilegt og sjálfsagt, að kaupstaðirnir, sem í upphafi urðu fyrir þeirri óhamingju, að það varð að þröngva upp á þá vínútsölum, séu nú látnir

njóta fulls jafnréttis í atkvgr. um þær við aðra landsmenn, og það er ekki heldur nema eðlilegt, þó krafizt sé, að þeir fái jafnrétti. Enda er það vitað, að á bak við þá kröfu standa ekki einungis félagsbundnir bindindismenn kaupstaðanna og alls landsins, heldur líka fjöldinn allur af öðru fólki, sem hrýs hugur við þeim voða, sem þjóðinni stafar af vínnautninni. Hefir Alþingi borizt fjöldi áskorana úr kaupstöðum um það, að þessu oki verði af létt.

2. Það er einnig fullkomlega lýðræðiskrafa, þegar farið er fram á að breyta ákvæðum greinarinnar í því efni, að leyfð sé atkvæðagreiðsla á ný að fjórum árum liðnum um útsölu, sem samþykkt hefir verið að stofna. Það geta engin lýðræðisrök mælt með því, að íbúum bæjar- eða sýslufélags, sem einu sinni hefir leyft áfengisútsölu, gefist aldrei tækifæri til að losna við hana aftur.

3. Það hefir þótt rétt að miða tímabilið á milli atkvæðagreiðslna ávallt við fjögur ár — eins og venjuleg kjörtímabil.

Um 3. gr.

Um þessa grein er það að segja, að það getur ekki orkað tvímælis, að sjálfsagt sé að koma í veg fyrir, að suðuspritt sé notað til drykkjar, eins og nú er gert í allstórum stíl, og það því fremur, sem hægt er að fullnægja sprittnotkunarþörfinni á primusa og gasluktir með þessu efni í föstu formi.

Um 4. og 5. gr.

Tilgangurinn með því að taka ákvæði 4. og 5. greinar upp í reglugerð er sá: Í fyrsta lagi að hamla upp á móti því, að einstaklingar hafi aðstöðu til jafntakmarkalausrar vínnautnar og þeir nú hafa; í öðru lagi að koma í veg fyrir, að leynivínsalar eigi jafngreiðan aðgang að því að birgja sig upp eins og raun ber vitni um að þeir hafa nú; í þriðja lagi að greiða götu lögreglunnar til að hafa uppi á afbrotamönnum. Allt eru þetta mikilsverð atriði.

Um 6. gr.

Viðbótin við 17. gr. laganna er í raun og veru alveg sjálfstæð og sprottin af þeirri hættu, sem stafað getur af, ef einstaklingum er leyft að neyta áfengis í þeim bifreiðum, sem breytingin fjallar um. Hafi bifreiðarstjóri engin lagaákvæði að styðjast við, getur hann ekki fullkomlega verndað sjálfan sig og farartækið fyrir þeirri hættu, sem stafar af ölvuðum farþegum, né heldur aðra farþega fyrir þeim óþægindum, sem af þeim stafa. — Á það má benda, að víðast hvar í nágrannalöndum okkar eru ströng ákvæði til verndar farþegum og til öryggis farartækinu. Þá þykir og rétt að fella niður úr greininni ákvæðið um, að lögreglustjóri geti leyft áfengisveitingar í félagsherbergjum. Þvert á móti ber að sporna við því svalli og sukki, sem af slíkum veitingum leiðir, svo sem frekast eru föng á.

Um 7. gr.

Viðbótin við 25. gr. laganna er sprottin af hinni brýnu þörf, sem er á lögreglueftirliti með opinberum samkomum, því svo má heita, að um það sé nú samhljóða krafa um land allt. Hinsvegar mundi víðast vera úr þessu bætt, ef áfengisvarnarnefndirnar fengju vald það, sem breytingin fer fram á — og mundi það víða vera heppilegasta lausn þess máls. Um leið mundu nefndirnar fá stórum bætta aðstöðu til þess að halda uppi almennri reglu og koma í veg fyrir lögbrot, sem þær nú eiga mjög erfitt með. Allan kostnað, sem af þessum auknu störfum nefndanna leiddi, yrði að greiða sem annan lögreglukostnað.

Ed. 294. Nefndarálit

um frv. til laga um bókhald.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin mælir með, að frv. verði samþ., en leggur þó til, að á því verði gerðar eftirfarandi

BREYTINGAR.

1. Við 3. gr. tölul. 3. Aftan við liðinn bætist: eða 1 bát allt að 20 smálesta.
2. Við 4. gr. Upphaf fyrri málsgr. orðist þannig:
   Allir þeir, sem bókhaldsskyldir eru samkv. 2. gr. 1.—13. tölul., sbr. 3. gr., skulu o. s. frv.

Alþingi, 16. apríl 1938.

Sigurjón Á. Ólafsson, form. Ingvar Pálmason, fundaskr., Páll Hermannsson, frsm.
Magnús Jónsson. Árni Jónsson.

Sþ. 295. Tillaga til þingsályktunar

um söltun matjessíldar við Húnaflóa og Skagafjörð.

Flm.: Jón Pálmason, Steingrímur Steinþórsson.

Sameinað Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að sjá um, að matjessíldarsöltun verði á þessu ári og framvegis leyfð á síldarsöltunarstöðvunum við Húnaflóa og Skagafjörð í réttu hlutfalli við það, sem gerist á öðrum síldarstöðvum.

Greinargerð.

Undanfarin sumur hefir síldarútvegsnefnd neitað að leyfa söltun matjessíldar á söltunarstöðvunum við Húnaflóa og Skagafjörð. Bann þetta hefir haft í för með sér mikið tjón fyrir saltendur og verkafólk á umræddum stöðum, og teljum við flutningsmenn, að brýn þörf sé á, að því sé af létt.

Afrit af bréfi frá síldarsaltendum á svæðinu fylgir hér með.

Nánar í framsögu.

Fylgiskjal.

Vér undirritaðir síldarsaltendur við Skagafjörð og Húnaflóa leyfum oss hér með að skora á þingmenn, og sérstaklega þingmenn viðkomandi kjördæma og sjávarútvegsnefnd, að flytja og beita sér fyrir að fá samþykkta á þessu yfirstandandi þingi þingsályktunartillögu, sem feli í sér, að oss verði leyft af síldarútvegsnefnd að:

1. Salta „matjessíld“ þegar í sumar til jafns við síldarsaltendur á Siglufirði og við Eyjafjörð, með óskornum rétti.
2. Tilhögun við afskipun „matjessíldarinnar“ frá stöðvum utan Eyjafjarðar og Siglufjarðar sé hagað eftir staðháttum og liggi a. m. k. ekki lengur óafskipuð en þar, þannig að oss séu veitt jöfn afskipunarskilyrði.
3. Til vara, ef „matjessíldarsöltun“ ekki verði leyfð, að oss verði veitt leyfi til að salta þeim mun meira af annari síld, saltsíld, kryddsíld og sérverkaðri síld,

sem svarar til „matjessíldarmagns“ eystri stöðvanna, og að samningaskip vor verði ekki neydd með ákvæðum síldarútvegsnefndar til að salta vissan hluta aflans á Siglufirði eða Eyjafirði, eins og verið hefir, en það fyrirkomulag verður í framkvæmd sama sem að skipin geta heldur ekki lagt aðra síld á land til söltunar á öðrum stöðum en þar; enginn getur saltað aðra tunnuna vestur við Húnaflóa og hina austur á Siglufirði eða Eyjafirði.

Vér höfum komizt að raun um, að á bak við þessa ósk vora hvílir eindreginn vilji héraðsstjórna og verkafólks á viðkomandi stöðum.

Þetta bann síldarútvegsnefndar um „matjessöltun“ á síldarstöðvunum við Húnaflóa og Skagafjörð sviptir mörg hundruð verkamanna og kvenna atvinnu og leiðir einnig til þess, að ekki verður mögulegt að leigja eða arðnýta þessi mannvirki til síldarsöltunar, og ætti það með öllu að geta verið fyrirbyggt í lýðfrjálsu landi, að viss héruð séu sett í atvinnubann, ekki sízt vegna þess, að töluverður hluti sumra stöðvanna er eign héraðanna með bakábyrgð ríkisins og hefir kostað of fjár, sem aukið er við á hverju ári.

Þar að auki eru skilyrði fyrir góðri vöru og fjölbreyttri hvergi betri en einmitt á þessum stöðum.

Reykjavík, 9. apríl 1938.

Virðingarfyllst

pr. Söltunarstöð Ólafs A. Guðmundssonar, Ingólfsfirði,
Ólafur A. Guðmundsson.

F. h. Egils Ragnars, Ingólfsfirði,
Lárus Jóhannesson,
samkvæmt símaumboði.

F. h. Söltunarstöðvarinnar á Hólmavík,
Gísli Vilhjálmsson. Jón Sveinsson. Jón Guðmundsson.

F. h. Söltunarstöðvarinnar á Skagaströnd,
Gísli Vilhjálmsson. Sigurjón Ólafsson.

F. h. Söltunarstöðvarinnar á Sauðárkróki,
Gísli Vilhjálmsson. Karvel Jónsson.

F. h. h.f. Djúpavík,
Ólafur H. Jónsson

Til sjávarútvegsnefndar Alþingis.

Ed. 296. Breytingartillögur

við frv. til laga um húsmæðrafræðslu í sveitum.

Frá Guðrúnu Lárusdóttur.

1. Við 11. gr. Síðari málsliður falli niður.
2. Við 13. gr. Við gr. bætist: Skólann má starfrækja þar til húsmæðrakennaraskóli Íslands verður stofnaður.

Ed. 297. Tillaga til þingsályktunar

um undirbúning að endurbyggingu stýrimannaskólans.

Flm.: Jónas Jónsson.

Efri deild Alþingis skorar á ríkisstjórnina að láta fram fara fyrir næsta Alþingi rannsókn á því, hve mikið myndi kosta að reisa byggingu handa stýrimanna- og vélstjóraskólunum á Valhúshæð á Seltjarnarnesi, og hve mikið mætti fá fyrir núverandi hús stýrimannaskólans og lóð þá, er honum fylgir.

Greinargerð.

Það er nú viðurkennt af öllum, að það sé ekki hægt miklu lengur að una við það húsnæði, sem stýrimannaskólinn og vélstjóraskólinn eiga við að búa. Hefir komið til orða að reisa stýrimannaskólann inni í bænum, t. d. við Skólavörðutorgið, en jafnframt hafa komið fram sterkar raddir frá hálfu sjómanna, að þeir vilji hafa sinn skóla á þeim stað, sem mest ber á frá sjónum, þegar skip koma og fara frá höfuðstaðnum. Og sá staður er Valhúshæðin á Seltjarnarnesi.

Hér er farið fram á það, að ríkisstjórnin láti fyrir næsta þing fara fram athugsun á því, hve mikið mætti fá fyrir núverandi skólabyggingu stýrimannaskólans með því að breyta henni í venjulegar íbúðir og hve mikið myndi kosta að reisa hinar nauðsynlegustu byggingar handa þessum tveim skólum, ef það hús væri byggt á Valhúshæð. Það er talið, að skipstjóri einn, sem á þessa hæð, muni vera fús til að gefa þar nægilega stóra lóð. Sandur og möl er svo að segja á staðnum. Og það þykir sennilegt, að ef þess væri leitað, þá myndi skipstjóra- og vélstjórastéttin líkleg til að kaupa skuldabréf, þótt vextir væru lágir og afborgunartími langur, ef andvirðið gengi til að reisa glæsilega byggingu handa þeirra stétt.

Í Osló er stýrimannaskólinn voldug bygging, sem gnæfir á hömrum við innsiglingu að borginni. Þannig minna Norðmenn á þýðing sjómennskunnar, þegar gestir koma sjóleiðis til höfuðborgarinnar.

Á Valhúshæðinni myndi bygging á stærð við Flensborgarskólann, klædd í ljósa steining íslenzkra bergtegunda, vera áberandi minnismerki um sjómannastétt landsins. Sjómannaskólinn yrði fyrsta íslenzka stórbyggingin, sem mætti auga farmannsins, þegar hann kemur af hafi til Reykjavíkur.

Menn segja, að skólinn yrði á þennan hátt út úr bænum, að þangað yrði of löng skólaganga fyrir nemendur og kennara. Í sveitum ganga mörg börn á skólaaldri miklu lengra frá heimilum sínum í skólann heldur en sem svarar leiðinni úr Reykjavík vestur á Valhúshæð. En nú ganga almenningsbifreiðar reglulega úr miðbænum vestur á Seltjarnarnes, svo að ekki stendur vegalengdin í vegi, ef viljinn er til að byggja vestur þar.

En auk þess er ein meginástæða ótalin, sem mælir með því að byggja sjómannaskólann fremur utan en innan bæjar, og það eru hinar óþekktu framtíðarkröfur skólans. Það var búið að ætla Háskóla Íslands eina lóð inni í bænum. Ef hallazt hefði verið að þeirri ráðagerð, myndi nú allt byggingarrúm vera þrotið, og rannsóknarstofa atvinnuveganna ekki með, og útilokaður allur vöxtur þessarar menntastofnunar. En með því að tryggja háskólanum 7—8 ha. af óbyggðu landi hefir hann vaxtarskilyrði um margar aldir. Sama er að segja um sjómannaskólann. Hann þarf mikið húsrúm nú, en vafalaust miklu meira er fram líða stundir. Uppeldi sjómanna, vélstjóra, loftskeytamanna og skipsþjóna verður margbreyttara þegar tímar líða. Enginn sér fyrir þróun langrar framtíðar. Eina tryggingin fyrir fjölþætta og merkilega stofnun eins og sjómannaskólann er að hafa nóg landrými fyrir langa þróun. Og þau skilyrði standa skólanum til boða á Valhúshæð, auk þess sem þessi stofnun gæti þar verið djarfmannleg auglýsing til vegfarandans um starf og þýðingu hinnar íslenzku sjómannastéttar.

Sþ. **298. Tillaga til þingsályktunar**

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að leyfa stjórn síldarverksmiðja ríkisins að taka á leigu síldarbræðsluna á Húsavík.

Flm.: Jónas Jónsson.

Sameinað Alþingi heimilar ríkisstjórninni að leyfa stjórn síldarverksmiðja ríkisins að taka á leigu síldarbræðsluna á Húsavík.

Greinargerð.

Stjórn síldarbræðslunnar á Húsavík hefir sent mér hjálagt erindi um heimild Alþingis til að stjórn síldarbræðslnanna megi leigja nú í sumar hina nýbyggðu síldarverksmiðju á Húsavík. Fylgir glögg greinargerð frá oddvita Húsavíkur og sýslumanni Þingeyinga, og auk þess meðmæli frá stjórn síldarverksmiðjanna. Fara bæði þessi skjöl hér á eftir.

Fylgiskjal I.

Reykjavík, 31. marz 1938.

Við undirritaðir leyfum okkur hér með fyrir hönd síldarverksmiðjunnar í Húsavík að fara þess á leit við hið háa Alþingi, að það heimili síldarverksmiðjum ríkisins að taka síldarverksmiðjuna í Húsavík á leigu þetta ár og reka hana. Aðalástæðan fyrir því að við óskum þessa er fyrst og fremst, að okkur hefir enn ekki tekizt að fá loforð um nægilegt rekstrarfé handa verksmiðjunni í sumar, því þeir, sem yfir fé ráða, telja það skoðun sína, að hún sé of lítil (400—500 mála afköst á sólarhring) til þess að starfa sem sjálfstætt fyrirtæki.

Í öðru lagi hefir okkur af sömu ástæðum ekki tekizt að fá forstöðumann, sem treysta megi sem ábyggilegum kunnáttumanni til að stýra rekstri verksmiðjunnar, en heimamenn í Húsavík reynslulausir í þeim efnum að annast svona fyrirtæki. Byrjunarmistök á öðrum stöðum hræða.

Hinsvegar væri óbærilegt fyrir eigendur verksmiðjunnar og alþýðu manna í Húsavík, ef hún starfaði ekki á komandi sumri, um leið og það væri einnig óviðunandi frá almennu sjónarmiði, að síldarverksmiðja, sem er svo vel sett til síldveiðimiða sem þessi er, sé ekki notuð.

Við teljum eðlilegt, að ríkið taki verksmiðjuna á leigu þetta fyrsta ár a. m. k., af því:

1. Að umboðsmaður ríkisins í þessum málum, atvinnumálaráðherra, neitaði á sínum tíma algerlega um leyfi til að reisa í Húsavík stærri verksmiðju en þessa, en smæðin virðist nú — eins og áður segir — standa í vegi fyrir, að hægt sé að fá nægilegt rekstrarfé handa fyrirtækinu og tryggja því örugga forstöðu.
2. Að verksmiðjan er á milli verksmiðjustöðva ríkisins og þannig sett, að hún getur, ef hún er í samvinnu við þær, greitt geysilega mikið fyrir smærri veiðiskipum, sem eru samningsbundin ríkisverksmiðjunum, og verður of tafsamt að fara til Raufarhafnar eða Siglufjarðar, þegar síld er helzt að fá á veiðisvæði Húsavíkur, eins og oft kemur fyrir. Vegna þessarar sérstöku afstöðu er ekkert fordæmi skapað fyrir aðrar litlar verksmiðjur, þó ríkið tæki þessa á leigu.
3. Loks má benda á það, að úr því ekki eru tök á fyrir næstu vertíð að byggja á Raufarhöfn viðbótarverksmiðju, er verksmiðjan í Húsavík þannig sett, að hún, þó lítil sé, bætir þar nokkuð úr skák, ef ríkið tekur hana á leigu.

Meðmæli stjórnar ríkisverksmiðjanna fylgja hér með málaleitun þessari, og skal fram tekið, að kröfum um leigu eftir verksmiðjuna er stillt svo lágt sem fært

þykir og ekki til þess ætlazt, að Húsavíkurhreppur fái leigu eftir lóð þá, sem verksmiðjunni fylgir.

Virðingarfyllst

f. h. Síldarverksm. Húsavíkur
Júl. Havsteen.

f. h. Húsavíkurhrepps
Karl Kristjánsson
(oddviti).

Til Alþingis.

Fylgiskjal II.

Reykjavík, 31. marz 1938.

Út af erindi yðar, dags. 4. þ. m., þar sem þér leitið eftir meðmælum frá stjórn síldarverksmiðja ríkisins með því, að ríkið taki síldarverksmiðjuna á Húsavík á leigu, var í dag samþykkt í verksmiðjustjórninni svo hljóðandi tillaga:

„Verksmiðjustjórnin leggur til, að henni sé heimilað að taka síldarverksmiðjuna á Húsavík á leigu næstu síldarvertíð, ef samningar takast um leiguskilmála."

Þetta tilkynnist yður hér með.

F. h. stjórnar síldarverksmiðja ríkisins
Þormóður Eyjólfsson.

Bráðabirgðastjórn síldarverksmiðjunnar á Húsavík,
c/o Hótel Skjaldbreið.

Nd. 299. Breytingartillögur

við frv. til laga um laun hreppstjóra og aukatekjur m. fl.

Frá Gísla Sveinssyni.

1. Við 8. gr. Fyrir „75 aurar" komi: 1 króna.
2. Við 12. gr. Greinin orðist svo:

Lög þessi ganga í gildi 1. júní 1938, og greiðast laun hreppstjóra samkvæmt þeim fyrir fardagaárið 1937—38.

Með lögunum eru úr gildi numin lög nr. 64 14. nóv. 1917, um laun hreppstjóra og aukatekjur m. m., og lög nr. 14 18. maí 1920, um breyting á þeim.

Á laun hreppstjóra, samkv. 1. gr., greiðist dýrtíðaruppbót eftir sama mælikvarða og öðrum embættis- og starfsmönnum ríkisins á hverjum tíma.

Ed. 300. Lög

um breyting á lögum um þingsköp Alþingis, nr. 115 19. nóv. 1936.

(Afgreidd frá Ed. 22. apríl).

Samhljóða þskj. 143.

Ed. 301. Lög

um breyting á lögum nr. 24 31. maí 1927, um rannsókn banameina og kennslu í meina- og líffærafræði.

(Afgreidd frá Ed. 22. apríl).

Samhljóða þskj. 172.

Nd. 302. Lög

um framlenging á gildi laga um verðtoll og bráðabirgðaverðtoll.

(Afgreidd frá Nd. 22. apríl).

Samhljóða þskj. 49.

Ed. 303. Fyrirspurn

til atvinnumálaráðherra um byggingu nýrrar síldarverksmiðju á Raufarhöfn.

Frá Bjarna Snæbjörnssyni og Jóhanni Jósefssyni.

Hvað líður undirbúningi á byggingu nýrrar síldarverksmiðju á Raufarhöfn, sem ríkisstjórninni var heimiluð á síðasta þingi?

Nd. 304. Breytingartillaga

við frv. til l. um bráðabirgðabreyting nokkurra laga.

Frá Stefáni Stefánssyni.

Við 1. gr. 17. tölul. falli burt.

Nd. 305. Breytingartillaga

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 58 frá 28. nóv. 1919, um breytingar á l. nr. 30 27. nóv. 1918, um bæjarstjórn á Siglufirði.

Frá Bergi Jónssyni og Einari Olgeirssyni.

Við 1. gr. Síðasta mgr. gr. orðist svo:
Samþykki bæjarstjórn að velja sér bæjarstjóra, víkur bæjarfógeti úr bæjarstjórninni, en bæjarstjóri tekur við þeim störfum, er oddviti bæjarstjórnar hefir nú. Bæjarstjóri skal launaður úr bæjarsjóði.

Nd. 306. Breytingartillögur

við frv. til l. um stéttarfélög og vinnudeilur.

Frá Einari Olgeirssyni og Ísleifi Högnasyni.

1. Við 2. gr. Aftan við greinina bætist ný málsgr.:
Stéttasamband skal vera opið öllum stéttarfélögum eftir nánar þar um settum reglum í samþykktum sambandsins, allir meðlimir stéttarfélaganna skulu kjörgengir til allra stjórnarstarfa og trúnaðarstarfa sambandsins og félaga þess, án tillits til þess, hvaða stjórnmálaflokki þeir fylgja eða tilheyra.

2. Við 4. gr. Greinin orðist svo:
   Atvinnurekendum eða trúnaðarmönnum skal óheimilt að velja verkamenn til vinnu með tilliti til pólitískra skoðana þeirra eða reyna að hafa áhrif á stjórnmálaskoðanir verkamanna sinna, afstöðu og afskipti af stéttar- eða stjórnmálafélögum eða vinnudeilum með
   a. uppsögn úr vinnu eða hótunum um slíka uppsögn,
   b. fjárgreiðslum, loforðum um hagnað eða neitunum á réttmætum greiðslum.
   Nú brýtur atvinnurekandi eða trúnaðarmaður hans þetta ákvæði að dómi viðkomandi verklýðsfélags, og má þá trúnaðarmaður verklýðsfélagsins ákveða, hvaða verkamenn skuli verða í vinnu hjá viðkomandi atvinnurekanda, hvenær sem ágreiningur kemur upp um það.
3. Við 5. gr. Aftan við greinina bætist:
   Nú neitar atvinnurekandi eða atvinnurekendur að semja við viðkomandi verklýðsfélag, og hefir þá félagið rétt til að auglýsa kauptaxta, er samþykktur hefir verið á löglegum fundi þess, og skal þá taxti þessi gilda að öllu leyti sem löglegur samningur beggja aðilja og öðlast að öllu leyti sama rétt og slíkum samningum fylgir í lögum þessum.
4. Við 8. gr. Greinin falli burt.
5. Við 9. gr. Í öðrum málsl. 1. málsgr. komi í stað orðsins „atvinnurekandi“: verkafólkið á vinnustöðinni.
6. Við 9. gr. Síðasti málsl. fyrstu málsgr. („Þetta ákvæði ... lögskrá á“) falli burt.
7. Við 11. gr. Aftan við greinina bætist:
   Nú fækkar atvinnurekandi starfsfólki, og er honum þá óheimilt að segja upp trúnaðarmönnum, meðan nokkrir verkamenn eru eftir á vinnustöðinni.
8. Við 14. gr. Greinin orðist svo:
   Heimilt er stéttarfélögum að gera verkföll í hverjum þeim tilgangi, sem félagið ákveður, enda brjóti það ekki í bága við lög. Verkfall er löglegt, ef samþykkt er með meiri hluta atkvæða á lögmætum félagsfundi eða af félagsstjórn, sem hefir umboð frá lögmætum fundi til slíkra aðgerða.
9. Við 15. gr. Greinin falli burt.
10. Við 16. gr. Greinin falli burt.
11. Við 17. gr. Greinin falli burt.
12. Við 18. gr. Aftan við greinina bætist: eða með aðstoð annara manna.
13. Við 30. gr. Aftan við greinina bætist:
    Heimilt skal fulltrúum verklýðsfélaga, ef þeir óska þess, að birta á prenti sáttatillögur sáttasemjara, áður en þær verði ræddar á fundi félagsins.
14. Við 32. gr. Síðasta málsgr. orðist svo:
    Miðlunartillaga telst felld, ef helmingur af greiddum atkvæðum eða meira er á móti henni, en samþykkt, ef meira en helmingur er með henni.
15. Við 34. gr. Greinin falli burt.
16. Við 38.—69. gr. Greinarnar falli burt.

Ed. 307. Nefndarálit

um frv. til laga um skipun nefndar til að rannsaka hag og rekstur togaraútgerðarinnar og gera tillögur um það mál.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin leggur til, að frv. verði samþykkt óbreytt. Einn nefndarm. (JJós) þó með fyrirvara.

Alþingi, 22. apríl 1938.

Ingvar Pálmason, form., frsm.	Sigurjón Á. Ólafsson, fundaskr.	Jóhann Þ. Jósefsson, með fyrirvara.

Sþ. 308. Breytingartillaga

við till. til þál. um skipun nefndar til að athuga ráðstafanir út af yfirvofandi kreppu og stríði.

Frá Einari Olgeirssyni.

Síðasti málsl. 1. málsgr. tillgr. falli niður.

Ed. 309. Breytingartillögur

við frv. til laga um bráðabirgðatekjuöflun ríkissjóðs og jöfnunarsjóðs bæjar- og sveitarfélaga.

Frá meiri hl. fjárhagsnefndar.

1. Við 4. gr. 2. tölul. Á eftir staflið g. komi 3 nýir stafliðir, h., i. og j., svo hljóðandi:
   h. Til vega út frá Vestmannaeyjakaupstað ..... 3000 kr.
   i. — Siglufjarðarskarðsvegar ..... 4000 —
   j. — vega út frá Seyðisfirði ..... 3000 —
2. Í stað „275000“ í niðurlagi greinarinnar komi: 285000.

Ed. 310. Breytingartillaga

við frv. til l. um bráðabirgðatekjuöflun ríkissjóðs og jöfnunarsjóðs bæjar- og sveitarfélaga.

Frá Magnúsi Jónssyni.

Við 4. gr. Töluliðurinn orðast þannig:

1. Til malbikunar:
   a. Elliðaárvegur ..... allt að 50000 kr.
   b. Hafnarfjarðarvegur ..... — — 50000 —
   c. Vegir út frá Akureyri ..... — — 15000 —
2. Til akvega:
   a. Til Suðurlandsbrautar ..... — — 70000 —
   b. — Vatnsskarðsvegar ..... — — 74000 —
   c. — Sogsvegar ..... — — 16000 —

Ed. 311. Breytingartillögur

við frv. til laga um bráðabirgðatekjuöflun ríkissjóðs og jöfnunarsjóðs bæjar- og sveitarfélaga.

Frá Þorsteini Þorsteinssyni.

Við 4. gr.

1. Í stað „12000“ í g-lið komi: 6000.
2. Bætist við á eftir g. tveir nýir stafliðir:
   h. Til Vesturlandsvegar ..... allt að 6000 kr.
   i. — Stykkishólmsvegar ..... — — 5000 —
3. Í stað „275000“ í niðurlagi greinarinnar komi: 280000.

Ed. 312. Breytingartillaga

við brtt. á þskj. 291 [Skemmtanaskattur].

Frá Jóhanni Jósefssyni.

Meginmál brtt. orðist þannig: eða skemmtisamkomur verklýðsfélaga og líknarfélaga, sem haldnar eru í góðgerða- eða menningarskyni.

Ed. 313. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 58 frá 28. nóv. 1919, um breytingar á lögum nr. 30 22. nóv. 1918, um bæjarstjórn á Siglufirði.

(Eftir 3. umr. í Nd.).

1. gr.

2. gr. laga nr. 58 frá 28. nóv. 1919 orðist þannig:

Málefnum kaupstaðarins skal stjórnað af bæjarstjórn. Í henni eru kjörnir bæjarfulltrúar og bæjarfógeti, og er hann oddviti hennar.

Samþykki bæjarstjórn að velja sér bæjarstjóra, víkur bæjarfógeti úr bæjarstjórninni, en bæjarstjóri tekur við þeim störfum, er oddviti bæjarstjórnar hefir nú. Bæjarstjóri skal launaður úr bæjarsjóði.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Sþ. 314. Tillaga til þingsályktunar

um síldarsöltun við Faxaflóa.

Flm.: Ólafur Thors, Pétur Ottesen.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að hlutast til um við síldarútvegsnefnd, að leyfð verði matjesverkun og önnur sérverkun á síld í verstöðvunum við Faxaflóa.

Sþ. 315. Tillaga til þingsályktunar

um samningaumleitanir um afhending íslenzkra skjala og forngripa.

Flm.: Gísli Sveinsson, Sveinbjörn Högnason, Vilmundur Jónsson, Þorsteinn Briem, Einar Olgeirsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að taka nú þegar upp samningaumleitanir við hlutaðeigandi stjórnarvöld í Danmörku um, að afhent verði hingað til lands öll íslenzk handrit og önnur skjöl, sem þýðingu geta haft fyrir þjóðlíf og menntalíf Íslendinga, svo og íslenzkir forngripir, sem enn eru í dönskum söfnum og þangað hafa komizt á liðnum tímum.

Greinargerð.

Það er kunnara en frá þurfi að segja, að mestur hluti hinna dýrmætustu skjala og handrita íslenzku þjóðarinnar komst á liðnum öldum fyrir óhagstæða rás viðburðanna út úr landinu með ýmislegum hætti, og í söfn erlendis, einkum í Danmörku. Skal sú saga ekki rakin hér. Flest ágætustu handritin urðu innligsa í Árnasafni í Kaupmannahöfn, og eru mörg þar enn, þótt skilað hafi nú verið þeim skjölum, er báru það með sér, að þau höfðu aðeins verið léð Árna Magnússyni. Það er hin mesta þörf að gera hið allra fyrsta rækilega gangskör að því að endurheimta öll **þau skjöl**, er vér teljum oss feng í og ennþá liggja í téðu safni og fleirum dönskum söfnum, svo og forngripi merka eða minjahluti, sem komust af landinu fyrrum og nú eru á opinberum stöðum í Danmörku, en eigi voru afhentir hingað 1930. Mætti nú fastlega vænta vaxandi skilnings og góðra undirtekta undir þessar óskir hjá frænd- og sambandsþjóð vorri, Dönum, enda er það nú orðinn mikill siður með vinveittum menningarþjóðum að gera slík skil innbyrðis, sem hér er farið fram á, án þess að nokkrar fjárgreiðslur komi fyrir.

Á hinn bóginn mætti og minna á það, ef á þyrfti að halda, að færa má að því fullgild rök, að handrit þau og gripir, sem aflað var af Íslandi fyrrum **til safna** í Danmörku, hvort sem „gefins“ hét eða greitt fyrir **af almannafé**, voru áfram **í raun réttri eign íslenzku þjóðarinnar**, eða íslenzk eign, oft runnin frá íslenzkum stofnunum, því að bæði löndin, Ísland og Danmörk, lutu jafnrétthá hinum sama einvaldskonungi og höfðu **sameiginlega fjárhirzlu, sem var á nafni einvaldans.** Þær gersemar íslenzkar voru þannig **í vörzlu konungs** (sama sem „hins opinbera“), en hurfu réttilega aldrei í eigu Dana. Er konungseinveldi lauk, átti hvor þjóðin að geta gengið að sínu, jafnóðum og hún tók málefni sín í eigin hendur til stjórnarmeðferðar, hvort sem var hlutdeild hennar í sameiginlegum konungssjóði eða aðrir hlutir, er berlega heyrðu til hvorri þjóðinni um sig og eigi urðu einstakra manna eign, svo sem einmitt skjöl og gripir á opinberum söfnum. — Þótt viðskipti þessara þjóða, og einkum fjárskilin, hafi ekki verið látin fara fram stranglega eftir þessum rökum, hafa þau þó engu að síður sitt fulla gildi.

Og enn er það, að ef öðruvísi hefði verið ástatt með Íslendingum á liðnum öldum, hefði væntanlega minnst af hér umræddum skjölum og gripum farið út úr landinu, heldur varðveitzt hér.

Enda þótt svo heiti, að Íslendingar hafi nú m. a. nokkuð meiri tök á stjórn Árnasafns en áður var, þá er það samt hvergi nærri fullnægjandi í þeim skilningi, sem hér um ræðir. Er nú hreyfing mikil uppi meðal menntamanna og fræðimanna landsins, vafalaust studd af þjóðarvilja, að fá sem mest af áður útfluttum skjölum íslenzkum og forngripum hingað heim aftur (sbr. m. a. ályktun Stúdentafélags Reykjavíkur 17. febr. s.l.), og er þá vitaskuld fyrst fyrir að taka upp vinsamlegar samningaumleitanir við sambandsþjóðina og kanna, hversu málunum reiðir af á þeim vettvangi. En kallið er fyrst og fremst: „**Árnasafn heim**“, þ. e. öll skjöl í því safni, er snerta Ísland eða það, sem íslenzkt er. — Og þessar óskir vorar eiga í augum allra að fá aukinn kraft við það, að þær eru fram bornar á Alþingi á því ári, er **liðin eru 20 ár frá því, er landið fékk viðurkennt óskorað fullveldi sitt.** Ætti og málið nú að útkljást til fullnustu. Því að kjörorð íslenzku þjóðarinnar er og hlýtur að vera: **Miðstöð allra íslenzkra fræða og öll gögn til iðkana þeirra eiga að vera á Íslandi!**

Flutningsmenn gera ráð fyrir því, að ríkisstjórnin fái sér aðstoð þar til hæfra manna eftir þörfum til undirbúnings og athafna í málinu. Og sjálfsagt má telja, að samvinna eigi sér stað milli stjórnarinnar og sambandslaganefndarinnar (ísl.-dönsku) — sem áður hefir haft nokkur afskipti af forngripaafhendingum frá Danmörku —, og að nefndin verði öflugur milliliður til sleitulausrar framfylgdar óskum og réttmætum kröfum Íslendinga hér að lútandi. En til þess að gefa málinu öllu hina fyllstu áherzlu, er lagt til, að þetta gerist formlega fyrir atbeina ríkisstjórnarinnar eftir áskorun Alþingis, svo sem fyrr hefir verið gert um skjalaheimtur úr erl. söfnum (Árnasafn 1907, dönsk söfn 1930).

Nd. 316. Nefndarálit

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 104 23. júní 1936, um atvinnu við siglingar á íslenzkum skipum.

Frá minni hl. sjávarútvegsnefndar.

Frv. þetta felur í sér allverulegar breytingar á gildandi lögum í þá átt að fækka kunnáttumönnum bæði til skipstjórnar og vélgæzlu á íslenzkum skipum, og er sú ástæða færð fyrir þessu, að núgildandi ákvæði íþyngi sjávarútveginum um of fjárhagslega. Lögin um atvinnu við siglingar voru samin af milliþinganefnd og voru rædd á tveim þingum, þangað til þau voru afgreidd á árinu 1936. Voru með þeim lögfest ýms ákvæði um tölu kunnáttumanna á skipum, sem ýmist voru komin í hefð í framkvæmd eða nauðsynleg þóttu vegna öryggis skipshafnar og skipanna sjálfra. Jafnframt voru gerðar auknar kröfur um þekkingu, bæði háseta og sérfróðra kunnáttumanna, í því skyni að draga úr hinni gífurlegu slysahættu sjómanna. Með frv. því, sem fyrir liggur, er nú öllu þessu kippt í gamla horfið og að sumu leyti jafnvel gengið skemmra en krafizt var í enn eldri lögum.

Þarf í rauninni ekki orðum að því að eyða, hversu hatramlegt er, að slíkar tillögur skuli bornar fram á Alþingi, þegar litið er á hið ógurlega mannfall, sem sjósóknin hér við land veldur á ári hverju. Virðist það ganga glapræði næst, að Alþingi geri ráðstafanir, sem vel geta enn aukið á hina miklu lífshættu sjómanna, með því að draga úr kröfum þeim um sérfróða skipstjórnendur og vélamenn, sem nú eru gerðar. Er og mjög fjarri sanni, að breyting sú, er frv. fer fram á, leysi að nokkru leyti fjárhagsvandræði sjávarútvegsins. Þá má og geta þess, að í frv. er eingöngu farið fram á breytingu á 49. gr. laganna og þar fyrir aftan, en lögin um atvinnu við siglingar eru samfelld heild, þannig að samþykkt frv. mundi gera ýmsar aðrar breytingar á lögunum nauðsynlegar, sem frv. felur þó ekki í sér. Ég tel því, að samþykkt frv. þessa myndi verða til tjóns fyrir sjómannastéttina, auk þess sem hún myndi gera lögin um atvinnu við siglingar óframkvæmanleg. Hinsvegar get ég fallizt á, að rétt muni vera að endurskoða lögin, en að sú endurskoðun verði að fara fram af ríkisstjórninni með aðstoð sérfróðra manna. Fyrir því legg ég til, að frv. verði afgreitt með svo hljóðandi

RÖKSTUDDRI DAGSKRÁ:

Í trausti þess, að ríkisstjórnin láti sérfróða menn frá samtökum sjómanna og útgerðarmanna endurskoða lögin um atvinnu við siglingar sem fyrst og leggi niðurstöður þeirrar endurskoðunar fyrir næsta Alþingi, tekur deildin fyrir næsta mál á dagskrá.

Alþingi, 23. apríl 1938.

Finnur Jónsson,
form.

Sþ. 317. Nefndarálit

um styrk til flóabátaferða.

Frá samvinnunefnd samgöngumála.

Samgöngumálanefndir beggja deilda hafa nú eins og áður haldið sameiginlega fundi um úthlutun styrks til flóabáta.

Styrkupphæð þessi var í síðustu fjárlögum ákveðin 80 þús. kr., en í fjárlagafrv.,

sem liggur fyrir hv. Alþingi, er hún færð niður í 75 þús. kr. Samgöngumálanefndirnar hafa ekki séð sér fært að fallast á, að styrkurinn lækkaði frá því, sem hann var, og leggja því til, að hann verði færður upp í fyrrnefnda upphæð (80 þús. kr.). Liggja til þess sömu rök og áður hafa greind verið, og er þó langt frá því, að fullnægt sé með þessu þeim óskum og kröfum, sem fyrir liggja frá ýmsum stöðum á landinu og að mörgu leyti verða að teljast réttmætar.

Forstjóri skipaútgerðar ríkisins hefir mætt á fundi hjá nefndunum og gefið þeim upplýsingar um þau efni, er þær óskuðu eftir. En að öðru leyti ganga þær, eins og áður, út frá því, að skipaútgerð ríkisins gangi eftir skilríkjum um ferðir bátanna og semji um ferðir og flutninga, þar sem því verður við komið.

Um skiptingu styrksins hafa verið látnar gilda sömu meginreglur og áður, en nefndarmenn hefir þó nokkuð greint á um ýms minni háttar atriði. Nefndirnar leggja þó að sjálfsögðu það eitt til, er meiri hlutinn samþykkti, en einstakir nefndarmenn þá eftir atvikum óbundnir með atkvæði sitt, ef breytingartillögur kæmu fram o. s. frv. — Um tilfærslu á niðurjöfnun styrksins skal þessa getið: Flateyjarbátur (á Breiðaf.) hafði 7000 kr. styrk og heldur honum, en vélarstyrkurinn, 2500 kr., fellur nú niður (að fullu greiddur), en þó hefir þótt rétt að veita bátnum aukastyrk, 1000 kr., í eitt skipti og án þess að með því skapaðist neitt fordæmi þar eða annarsstaðar. — Skagafjarðarbátur (á Siglufj.) hækkar um 2000 kr., úr 3000 í 5000, en Fljótabátur, 500 kr., fellur jafnframt niður. — Mýrabátur (við Faxafl.) lækkar um 100 kr. (úr 500 í 400), en Langeyjarnesbátur hækkar um sömu upphæð (úr 300 í 400).

Tvennt vilja nefndirnar taka enn fram: Fyrst það, að haldið verði áfram að samræma flóabátaferðirnar við áætlanir strandferðaskipanna, eftir því sem gerlegt þykir. Og hitt annað, að útgerðir flóabátanna þurfi ekki að standast kostnað af póstflutningi milli pósthúss og skips, heldur annist póststjórnin um allt slíkt.

Samkvæmt framanskráðu leggja nefndirnar til, að flóabátastyrknum fyrir 1939 verði skipt sem hér segir:

Djúpbátur	20000 kr.
Borgarnesbátur	15000 —
Norðurlandsbátur (Eyjafj.—Seyðisfj.)	13000 —
Flateyjarbátur	7000 —
Sami, aukastyrkur í eitt skipti	1000 —
Hornafjarðar—Austfjarðabátur	7500 —
Suðurlandsskip	3500 —
Skagafjarðarbátur (til Siglufj.)	5000 —
Stykkishólmsbátur	3200 —
(með viðkomu á Skógarströnd eins og áður).	
Akranesbátur	1500 —
(með sama skilyrði og áður vegna mjólkurflutninga).	
Til bátaferða innan Austur-Skaftafellssýslu	1500 kr.
(þar af 800 kr. til Öræfinga).	
Rangársandsbátur	700 —
Mýrabátur	400 —
Langeyjarnesbátur	400 —
Gilsfjarðarbátur	300 —

Loks vilja samgöngumálanefndirnar vekja athygli á því, að tími virðist kominn til þess, að skipaútgerð ríkisins yrði falið að kanna sérstaklega, hvort sumar af þessum ferðum, sem notið hafa ríflegs styrks, en eru á fjölförnum svæðum (eins og t. d. Borgarnesbáturinn), gætu ekki farið að álítast færar um að bera sig sjálfar fjárhagslega, a. m. k. að meira leyti en áður hefir verið gert ráð fyrir. Á öðrum stöðum ýmsum rekur nauður til að halda uppi og styrkja samgöngur, enda þótt fyrirsjáanlegt sé,

að þær geta aldrei borið sig beinlínis. — Í annan stað telja ýmsir nefndarmenn, að æskilegt væri, að gengið yrði úr skugga um, betur en þegar er orðið, að hve miklu leyti væri ákjósanlegt eða hagvænlegt að styrkja bátaferðir Stokkseyri—Vestmannaeyjar.

Alþingi, 23. apríl 1938.

Gísli Sveinsson, frsm.	Sveinbjörn Högnason, form. Nd.-nefndar.	Vilm. Jónsson. fundaskr. Nd.-nefndar.
Páll Hermannsson, form. Ed.-nefndar.	Árni Jónsson, fundaskr. Ed.-nefndar.	Þorbergur Þorleifsson.
	Eiríkur Einarsson, með fyrirvara.	Páll Zóphóníasson, með fyrirvara.

Nd. 318. Nefndarálit

um frv. til l. um stéttarfélög og vinnudeilur.

Frá allsherjarnefnd.

Þrír nefndarmenn (BJ, GG, VJ) leggja til, að frv. verði samþykkt óbreytt að efni. VJ lætur þess getið í því sambandi, að þó að frv. hafi inni að halda þýðingarmikil ákvæði, er geri hvorttveggja að tryggja réttindi verklýðssamtakanna í landinu og auka þau og sé að öðru leyti eftir atvikum viðunandi sem byrjunarlöggjöf um þessi atriði, þá hefði hann þó kosið, að gerðar yrðu á því nokkrar efnisbreytingar, er gengju lengra til móts við óskir verkalýðsins. Hinsvegar þyki honum sýnt, að slíkar breytingar nái ekki samþykki í þinginu, en þvert á móti sé mikil hætta á, að breytingar, stórhættulegar verkalýðnum og samtökum hans (sbr. till. sjálfstæðismanna, sem liggja fyrir þinginu, og þar á meðal brtt. þær, sem minni hl. nefndarinnar, GÞ og TT, gera ráð fyrir að flytja við þetta frv.), verði gerðar á frv., ef ekki tekst að hindra það með samkomulagi á milli Alþýðuflokksins og Framsóknarflokksins. Þar sem vitað sé, að eini grundvöllurinn undir slíkt samkomulag á milli þessara flokka sé frv. óbreytt að efni til, þyki honum einsýnt að leggja til, að það verði samþykkt í því formi.

Tveir nefndarmenn (GÞ, TT) telja að vísu, að frv. það um vinnudeilur, er þeir hafa flutt á undanförnum þingum, sé fullkomnara en þetta frumv., en þar sem það fellur í meginatriðum saman við þeirra tillögur, fagna þeir framkomu þess og leggja til, að það verði samþykkt, en munu þó bera fram sérstakar brtt. Þeir mótmæla og ummælum VJ hér að framan.

Nefndin er sammála um að leggja til, að á frv. verði gerðar eftirfarandi

BREYTINGAR.

1. Við 9. gr. Í stað orðsins „trúnaðarmönnum“ í 3. málsl. 1. málsgr. komi: fulltrúum.
2. Við 10. gr.
   a. Í stað orðsins „trúnaðarmönnum“ í 1. málsgr. komi: fulltrúum.
   b. Í stað „trúnaðarmanna“ í 2. málsgr. komi: fulltrúa.
   c. Í stað orðsins „trúnaðarmenn“ í 3. málsgr. komi: fulltrúar.
3. Við 21. gr. Í stað orðanna í lok greinarinnar „að fenginni“ komi: eftir.
4. Við 23. gr. Í stað orðanna „verkamanna og atvinnurekenda“ í niðurlagi greinarinnar komi: verkamanna eða atvinnurekenda.
5. Við 51. gr. Síðari málsgr. orðist svo:
   Stefnandi sér um birtingu, og skal stefna birt af stefnuvottum á venjulegan

hátt. Þó má, ef nauðsyn krefur, láta stefnuvotta birta stefnuna í staðfestu símskeyti, og telst stefna þá löglega birt.
6. Við 55. gr. Síðari málsl. falli burt.
7. Við 56. gr. Orðin „kallað fyrir sig vitni og“ í síðari málsl. falli burt.
8. Við 62. gr. 1. málsgr. greinarinnar falli burt.
9. Við 64. gr. Orðin „nema öðruvísi sé ákveðið í lögum þessum“ í 1. málsl. 1. málsgr. falli burt.

Alþingi, 23. apríl 1938.

Bergur Jónsson, form., frsm. Vilm. Jónsson, fundaskr. Gísli Guðmundsson.
Thor Thors. Garðar Þorsteinsson.

Ed. 319. Frumvarp til laga

um bráðabirgðabreyting nokkurra laga.

(Eftir 3. umr. í Nd.).

1. gr.

1. Framkvæmd laga nr. 50 10. nóv. 1913, um að landssjóður leggi landsbankanum til 100 þús. kr. á ári næstu 20 ár, er frestað til árlsoka 1939.
2. Tekjur eftir lögum nr. 56 31. maí 1927, um skemmtanaskatt og þjóðleikhús, renna í ríkissjóð til ársloka 1939.
3. Tekjur eftir lögum nr. 58 8. sept. 1931, um einkasölu á tóbaki, skulu renna í ríkissjóð til ársloka 1939.
4. Framkvæmd annarar og þriðju greinar laga nr. 45 10. nóv. 1913, um bjargráðasjóð Íslands, er frestað til ársloka 1939.
5. Kennslueftirlit það, sem ræðir um í 6.—8. gr. laga nr. 35 19. maí 1930, fellur burt til ársloka 1939.
6. Framkvæmd c-liðar í 8. gr. laga nr. 84 6. júlí 1932, um bifreiðaskatt og fleira, er frestað til ársloka 1939.
7. Ríkisstjórninni er heimilt að fresta til ársloka 1939 framlögum samkvæmt 5. gr. laga nr. 34 19. júní 1933, um breyting á lögum nr. 84 6. júlí 1932, um bifreiðaskatt og fleira, til þeirra kaupstaða og verzlunarstaða, sem ekki leggja tilskilinn hluta á móti ríkisframlaginu og framkvæma ekki malbikun á árinu 1939.
8. Á árinu 1939 leggur ríkissjóður ekki fram til ræktunarsjóðs Íslands þann hluta útflutningsgjalds, sem ræðir um í 12. gr. laga nr. 63 28. jan. 1935.
9. Á árinu 1939 skal frestað framkvæmd laga nr. 98 19. júní 1933, um læknishéraða- og prestakallasjóði. Þó skulu 2000 kr. renna til prestakallasjóðs á árinu.
10. Á árinu 1939 fellur niður starf gengisnefndar og launagreiðsla til hennar, samanber lög nr. 48 4. júní 1924 og lög nr. 9 27. maí 1925.
11. Á árinu 1939 skal ekki verja hærri fjárhæð úr ríkissjóði til búfjárræktar, samanber lög nr. 32 1931, en 62000 kr. Landbúnaðarráðherra ákveður í samráði við búnaðarfélag Íslands, hvernig þessum sparnaði verði náð.
12. Á árinu 1939 má ekki verja úr ríkissjóði meira en 14000 kr. til kaupa á erlendum áburði, sbr. lög nr. 51 28. jan. 1935.
13. Á árinu 1939 leggur ríkissjóður ekki fram meira en 1000 krónur til bókasafna prestakalla, sbr. lög nr. 17 7. júlí 1931.
14. Á árinu 1939 greiðir ríkissjóður ekki hærra framlag til sýsluvegasjóða en það, sem ákveðið er til móts við 4½% úr héruðum, sbr. lög nr. 102 19. júní 1933.
15. Árið 1939 skulu ekki vera launaðir prófdómendur við ríkisskólana eða skóla, er njóta ríkisstyrks, nema við embættispróf í háskólanum og burtfararpróf í

menntaskólunum, kennaraskólanum, stýrimannaskólanum, vélstjóraskólanum, siglingafræðinámskeiðum og vélgæzlunámskeiðum.

16. Á árinu 1939 leggur ríkissjóður fram 60000 kr. til verkfærakaupasjóðs.
17. Heimild sú til að greiða vaxtastyrk af fasteignaveðslánum bænda, stofnlánum til frystihúsa, mjólkurbúa o. fl., sem veitt er samkv. 4. gr. l. nr. 79 frá 19. júní 1933, og lögum um breyting á þeim lögum, nr. 91 frá 3. maí 1935, skal úr gildi felld fyrir árið 1939.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1939.

Ed. 320. Frumvarp til laga

um byggingar- og landnámssjóð.

(Eftir eina umr. í Nd.).

Samhljóða þskj. 211 með þessum breytingum:

7. gr. hljóðar svo:

Lán úr sjóðnum eru eingöngu veitt til byggingar íbúðarhúsa í sveitum.

Lánin eru veitt með þessum skilyrðum:

1. Að lántakandi sé íslenzkur ríkisborgari og fullveðja.
2. Að hann sanni með síðustu skattaskýrslu sinni, staðfestri af skattanefnd, að hann eigi svo mikil efni sem nauðsynleg eru til búrekstrar á jörðinni, en geti ekki af eigin rammleik reist íbúðarhús á henni.
3. Að hann sanni með vottorði hreppstjóra, að jörðin liggi ekki undir skemmdum af völdum náttúrunnar.
4. Að húsin séu gerð úr varanlegu efni og gerð þeirra innan og utan samþykkt af stjórn sjóðsins.
5. Að sveitarstjórn telji jörðina svo vel í sveit setta, að ráðlegt sé að endurreisa bæjarhús á henni.
6. Að lögð sé fram stutt lýsing á bæjarhúsum umsækjanda, undirrituð af virðingarmönnum Brunabótafélags Íslands.

12. gr. hljóðar svo:

Skilyrði fyrir byggingarstyrk eru, að umsækjandi leggi fram skilríki samkv. ákvæðum 1.—6. tölul. 7. gr. og ennfremur skilríki fyrir:

1. Að sannað sé með vottorði hreppstjóra og héraðslæknis, að húsakynnin séu óhæf til íbúðar.
2. Að jörðin sé í sjálfsábúð eða falli undir ákvæði laga um erfðaábúð og óðalsrétt.
3. Að fasteignamat (millimat) bæjarhúsa sé ekki yfir 2000 krónur, ef jörðin er í sjálfsábúð.
4. Að landverð jarðar í opinberri eign fari ekki yfir 8000 krónur.

Framlagið til hvers býlis má vera 500—1500 krónur. Þó aldrei meira en ⅓ af kostnaðarverði hússins. Til íbúðarhúsbygginga, þar sem um lán og styrk er að ræða, má láns- og styrkupphæðin samtals ekki fara yfir 6000 krónur til hvers býlis.

Lokagreiðsla fer fram þegar fullnaðarreikningur er kominn yfir byggingarkostnaðinn.

13. gr. hljóðar svo:

Nýbýlastjórn ákveður, hvaða jarðir skulu verða aðnjótandi þess framlags til bygginga, er um ræðir í lögum þessum, og ákveður upphæðina til hvers býlis. Þó

skulu þeir umsækjendur að öðru jöfnu ganga fyrir, er orðið hafa fyrir verulegu tjóni á húseignum sínum, vegna óviðráðanlegra orsaka, svo sem jarðskjálfta, bruna, stórviðra o. s. frv. Getur hún krafizt allra þeirra upplýsinga, sem hún telur nauðsynlegar, og sett þau skilyrði um byggingarnar, sem hún telur þurfa til að tryggja það, að þær komi að sem fyllstum notum.

42. gr. hljóðar svo:

Teiknistofan skal láta gera uppdrætti að einföldum og ódýrum húsgögnum, hentugum fyrir alþýðu til sveita og við sjó. Heimilt er teiknistofunni að leita aðstoðar íslenzkra listamanna, viðurkenndra hannyrðakvenna og smíðameistara utan stofnunarinnar um gerð húsgagna, til að fá þau sem smekklegust og í þjóðlegum stíl. Allir, sem rétt hafa til lána úr sjóðum þeim, er um ræðir í 41. gr., svo og stjórnir byggingarfélaga verkamanna og samvinnubyggðafélaga, skulu endurgjaldslaust fá teikningar af húsgögnum, eftir því sem teiknistofan getur í té látið.

43. gr. hljóðar svo:

Nú verður komið á fót verkstæðum við bændaskóla, húsmæðraskóla, héraðsskóla eða annarsstaðar til þess að annast smíði á húsgögnum, hentugum fyrir alþýðu, og fleira, er að húsgagnagerð lýtur, svo sem vefnað á húsgagnafóðri og gluggatjöldum, og skal þá teiknistofan veita verkstæðum þessum alla nauðsynlega aðstoð, svo að þau geti komið að sem almennustum notum við húsgagnagerð.

Nd. 321. Frumvarp til laga

um laun hreppstjóra og aukatekjur m. fl.

(Eftir 2. umr. í Nd.)

1. gr.

Hreppstjórar hafa laun í hlutfalli við íbúatölu umdæmis síns sem hér segir:

Í hreppi með 100 íbúa eða færri eru launin 100 krónur. Í hreppi með 101—150 íbúa eru launin 120 krónur. Í hreppi með 151—200 íbúa eru launin 140 krónur og svo framvegis þannig, að launin hækka um 20 krónur fyrir hverja 50 íbúa. Leggi hreppstjóri niður sýslan eða deyi fyrir lok fardagaárs, ber honum eða búi hans ½₂ árslauna fyrir hvern mánuð eða mánaðarhluta, sem hann hefir gegnt hreppstjórn á fardagaárinu. Árslaun greiðir sýslumaður hreppstjóra á manntalsþingi fyrir liðið fardagaár.

2. gr.

Þegar hreppstjóri í umboði sýslumanns framkvæmir lögtak eða aðrar fógetagerðir, ber honum fyrir hverja gerð lögmælt gjald samkvæmt gildandi lögum um aukatekjur ríkissjóðs, allt það er gjaldið fer ekki fram úr 10 krónum. Sé gjaldið hærra samkvæmt aukatekjulögunum, fellur það, sem umfram er, til ríkissjóðs.

3. gr.

Haldi hreppstjóri í umboði sýslumanns uppboð, falla uppboðslaunin til hans óskipt, séu þau ekki hærri en 20 krónur; en það, sem þar er fram yfir, fellur til ríkissjóðs.

4. gr.

Þegar hreppstjóri fyrir hönd sýslumanns stendur fyrir uppskrift eigna eða virðingargerð, fær hann fyrir það verk sitt greitt eftir fjárhæð gerðarinnar:

Allt að kr.	200	.....				2	krónur
Yfir	—	200	allt að kr.	500	.....	3	—
—	—	500	— — —	1000	.....	4	—
—	—	1000	— — —	2000	.....	5	—
—	—	2000	.....			6	—

5. gr.

Fyrir birtingu á fyrirkalli, stefnu, dómi, uppsögn eða málskröfu skal greiða hverjum stefnuvotti 2 krónur fyrir hvern þann, er birt er.

6. gr.

Fyrir úttekt á jörðu greiðist hverjum úttektarmanni 7 krónur, svo og fyrir landskipti. Fyrir skoðunargerð eða matsgerð á fasteign eða lausafé, sem gerð er eftir beiðni eiganda, skal greiða hverjum skoðunar- eða virðingarmanni eftir fjárhæð matsgerðarinnar:

Allt að kr.	500	.....				2	krónur
Yfir	— 500	allt að kr.	1000	.....		3	—
—	— 1000	—	—	—	2000	4	—
—	— 2000	—	—	—	4000	5	—
—	— 4000	.....				6	—

Fyrir skoðunar- eða matsgerðir, sem framkvæmdar eru eftir ráðstöfunum hins opinbera án beiðni eiganda, skal greiða hverjum virðingarmanni 7 krónur á dag.

7. gr.

Kostnaður við ferðir til starfa þeirra, sem um getur í 2.—6. gr., skal greiddur auk framangreindra gjalda og telst þannig: Fyrir 10 kílómetra vegalengd á landi eða 5 kílómetra á sjó eða minna skal greiða í ferðakostnað 1 krónu. Sé ferðin lengri, greiðist hlutfallslega sama þóknun fyrir þá vegalengd, sem umfram er. Þóknunin telst eftir samanlagðri vegalengd fram og aftur, allt að 7 krónur fyrir sólarhring. Standi ferð lengur en sólarhring frá heimili, skal greiða 50 aura í ferðakostnað fyrir hverja klukkustund. Sé gjaldtaki búsettur í kauptúni eða þorpi, greiðist ferðakostnaður því aðeins, að hann þurfi að fara út úr þorpinu.

8. gr.

Gjald til votta við réttarhöld eða notarialgerðir er 1 króna til hvers votts fyrir klukkustund, eða hluta úr klukkustund, sem réttarhaldið stendur yfir. Í einkamálum greiðist gjald þetta til dómarans í réttinum. Fyrir hvert réttarhald seinna í málinu skal sá greiða gjaldið, er málinu fær frestað.

9. gr.

Gjöld þau, er um getur í lögum þessum, greiðist einnig í opinberum málum og gjafsóknarmálum.

Í einkamálum er gerðarbeiðandinn skyldur til að greiða gjaldið, áður en gerðin fer fram. Verði gjaldið eigi greitt fyrirfram, hefir sá lögtaksrétt á því, er gjaldið á að taka. — Í opinberum málum og gjafsóknarmálum greiðast gjöld þessi fyrirfram úr ríkissjóði, gegn endurgjaldi frá þeim, sem dæmdur verður í málskostnað að lyktum.

10. gr.

Fyrir eftirrit þau, er ræðir um í 3. gr. laga nr. 2 2. febr. 1894, svo og fyrir önnur eftirrit, sem einstakir menn biðja um úr embættisbókum eða skjalasöfnum embætta, skal greiða kr. 1.50 fyrir hverja örk, en hálfa örk eða minna 1 krónu.

Ákvæði greinar þessarar ná eigi til afrita þeirra, er ræðir um í 2. málsgrein 6. gr. reglugerðar 13. jan. 1916 um Þjóðskjalasafnið í Reykjavík.

11. gr.

Þegar vöruflutningaskip eða önnur skip, sem afgreiðslugjald eiga að greiða til ríkissjóðs, hafna sig á stöðum, þar sem lögreglustjóri er ekki búsettur, skulu þau,

auk gjalds þess, sem ríkissjóði ber, greiða þeim, sem ritar á skipsskjölin í umboði lögreglustjóra, 5 aura af smálest hverri, nema skipstjóri kjósi heldur að senda skipsskjölin tafarlaust til lögreglustjóra sjálfs og fá áritun hans á þau.

12. gr.

Lög þessi ganga í gildi 1. júní 1938, og greiðast laun hreppstjóra samkvæmt þeim fyrir fardagaárið 1937—38.

Með lögunum eru úr gildi numin lög nr. 64 14. nóv. 1917, um laun hreppstjóra og aukatekjur m. m., og lög nr. 14 18. maí 1920, um breyting á þeim.

Á laun hreppstjóra samkvæmt 1. gr. greiðist dýrtíðaruppbót eftir sama mælikvarða og öðrum embættis- og starfsmönnum ríkisins á hverjum tíma.

Ed. 322. Breytingartillaga

við brtt. á þskj. 309 [Bráðabirgðatekjuöflun].

Frá Jóhanni Jósefssyni.

Við tölul. 1. stafl. h. Breytingartillagan orðist þannig:
Til vega í Vestmannaeyjum 3000 kr.

Ed. 323. Breytingartillaga

við brtt. á þskj. 199 [Bráðabirgðatekjuöflun].

Frá Magnúsi Jónssyni.

Við I. Á eftir „fiskimálanefnd tekur gildar“ í 1. efnismálslið kemur: og gangi sjómenn og verkamenn í Reykjavík fyrir um fyrsta skip, sem þannig verður keypt.

Nd. 324. Frumvarp til laga

um bráðabirgðatekjuöflun ríkissjóðs og jöfnunarsjóð bæjar- og sveitarfélaga.

(Eftir 3. umr. í Ed.).

1. gr.

Til þess að standast útgjöld ríkisins 1939 og til þess að greiða tillag til jöfnunarsjóðs bæjar- og sveitarfélaga er ríkisstjórninni heimilt að afla tekna á þann hátt, er greinir hér á eftir.

2. gr.

Með því að leggja á tekjuskatt á árinu 1939 eftir þeim skattstiga, sem hér fer á eftir, í stað þess skattstiga, sem greinir í 6. gr. laga nr. 6 9. jan. 1935, um tekju- og eignarskatt:

Ef hinn skattskyldi hluti teknanna er undir 1000 kr., greiðist af honum 1%.

Af	1000—	2000	kr.	skattsk.	tekjum	greiðast	10	kr.	af	1000	kr.	og	2	%	af	afg.									
—	2000—	3000	—	—	—	—	30	—	—	2000	—	—	5	—	—	—									
—	3000—	4000	—	—	—	—	80	—	—	3000	—	—	7,5	—	—	—									
—	4000—	5000	—	—	—	—	155	—	—	4000	—	—	10	—	—	—									
—	5000—	6000	—	—	—	—	255	—	—	5000	—	—	15	—	—	—									
—	6000—	7000	—	—	—	—	405	—	—	6000	—	—	20	—	—	—									
—	7000—	8000	—	—	—	—	605	—	—	7000	—	—	30	—	—	—									
—	8000—	9000	—	—	—	—	905	—	—	8000	—	—	31	—	—	—									
—	9000—	10000	—	—	—	—	1215	—	—	9000	—	—	31,5	—	—	—									
—	10000—	11000	—	—	—	—	1530	—	—	10000	—	—	32	—	—	—									
—	11000—	12000	—	—	—	—	1850	—	—	11000	—	—	33	—	—	—									
—	12000—	13000	—	—	—	—	2180	—	—	12000	—	—	34	—	—	—									
—	13000—	14000	—	—	—	—	2520	—	—	13000	—	—	35	—	—	—									
—	14000—	15000	—	—	—	—	2870	—	—	14000	—	—	36	—	—	—									
—	15000—	16000	—	—	—	—	3230	—	—	15000	—	—	37	—	—	—									
—	16000—	18000	—	—	—	—	3600	—	—	16000	—	—	38	—	—	—									
—	18000—	20000	—	—	—	—	4360	—	—	18000	—	—	39	—	—	—									
—	20000—	22000	—	—	—	—	5140	—	—	20000	—	—	40	—	—	—									
—	22000—	24000	—	—	—	—	5940	—	—	22000	—	—	41	—	—	—									
—	24000—	26000	—	—	—	—	6760	—	—	24000	—	—	42	—	—	—									
—	26000—	28000	—	—	—	—	7600	—	—	26000	—	—	43	—	—	—									
—	28000	og þar	yfir	—	—	—	8460	—	—	28000	—	—	44	—	—	—									

Félög þau og stofnanir, er um ræðir í a-lið og c-lið 3. gr. laga nr. 6 9. jan. 1935, greiði þó aldrei lægri skatt en 5% af skattskyldum tekjum. Sama er um skattgjald samkv. 2. gr. sömu laga og skattgjald erlendra félaga.

Af skattskyldum tekjum þeirra félaga, er um ræðir í 3. gr. b-lið laga nr. 6 9. jan. 1935, greiðist 10%, ef skattskyldar tekjur þeirra nema 7000 kr. eða þar yfir.

Sá skattauki, sem lagður kann að verða á 6000 kr. skattskyldar tekjur eða þar yfir samkvæmt þessum lögum, skiptist í tvo jafna hluta, og skal öðrum hlutanum varið til þess, sem talið er í 1. gr., en hinn hlutinn skal renna til fiskimálasjóðs, og skal honum varið til þess að lána sjómönnum og verkamönnum, sem gerast þátttakendur í félagi til togarakaupa samkv. 5. gr. laga nr. 61 frá 31. des. 1937, ⅓—½ af tilskildu framlagi þeirra, gegn tryggingum, er fiskimálanefnd tekur gildar, og gangi sjómenn og verkamenn í Reykjavík fyrir um fyrsta skip, sem þannig verður keypt. Verði þessi hluti skattaukans ekki notaður að fullu samkvæmt framanrituðu, rennur afgangurinn til byggingarsjóðs samkvæmt lögum nr. 3 9. jan. 1935, um verkamannabústaði, í hlutfalli við skattauka þann, er innheimtur hefir verið í hverju bæjar- eða sveitarfélagi.

3. gr.

Með því að innheimta á árinu 1939 gjald til ríkissjóðs af vörum þeim, sem fluttar eru hingað til lands og ekki eru undanþegnar því í þessum lögum. Gjaldið skal greiða af innkaupsverði varanna, kominna um borð í skip, sem flytja á vörurnar hingað til lands. Skal hlutaðeigandi tollstjóri stimpla á þann hátt, er ræðir um í lögum nr. 75 27. júní 1921, innkaupsreikninga yfir vörurnar með þeim hundraðshlutum í gjald af innkaupsverðinu, sem hér greinir:

1. Með 2% stimplast reikningar yfir eftirtaldar vörur: Akkeri og akkerisfestar, bátar, baðlyf, björgunartæki, blýsökkur, dráttartaugar fyrir plóga og herfi, fiskábreiður, fiskilínur, fiskinet, fiskmottur, fiskpressur, forardælur, frystivélar, fræ og trjáplöntur, grastó, hafragrjón, hafrar, heyvinnsluvélar, hrífur, hrífutindaefni, hrísgrjón, húðir saltaðar, kjöttunnur og efni í þær, kjötumbúðir, landbúnaðarvélar, ljáir og blöð, lóðarbelgir, lóðartaumar, lóðarteinar, lóðarönglar, lýsistunnur og efni í þær, manilla, mjaltavélar, mótorvélar, netagarn, netakork, netakúlur,

olíulampar og tilheyrandi, plógar og herfi, prentpappír, prjónavélar, rúgmjöl, rúgur, sáðvélar, saumavélar, síldarkrydd, síldartunnur og efni í þær, skip, skóflur og landbúnaðarverkfæri allskonar, sláttuvélar, smávarningur á og til fata, svo sem tölur, krókapör, smellur, spennur, leggingar, tvinni, snúrur og teygjubönd, smjörpappír, umbúðastrigi, varahlutir til mótorvéla, veiðarfæri og efni í þau vélaolíur í tunnum og brúsum, vörpugarn, vörpuhlerar, vörpujárn og vörpur.

2. Með 8% stimplast reikningar yfir allar aðrar vörur en þær, sem tilgreindar eru í 1., 3., 4. og 5. tölulið greinar þessarar, eða eru sérstaklega undanþegnar samkvæmt því, sem segir hér á eftir.
3. Með 10% stimplast reikningar yfir eftirtaldar vörur: Bifhjól, blákka, borðbúnaður, annar en sá, er fellur undir 5. tölulið þessarar greinar. Burstavörur, búsáhöld allskonar, eldhúsáhöld allskonar, fólksflutningsbifreiðar, fægiefni allskonar, glervarningur, greiður, hreinlætisvörur allskonar, húsgögn og húsgagnahlutar, kaffi, lásar, skrár, lamir og tilheyrandi, leirvarningur, línsterkja, postulínsvarningur, ræstiduft, sápa allskonar, sápuduft og spænir. Smávarningur úr alpakka, aluminum, beikalít, beini, blýi, eir, hvítmálmi, járni, látúni, málmblendingi, steintegundum, tini og tré. Speglar, straubretti, straujárn, sykur, tauklemmur, taurullur, tausnúrur, tauvindur, vogir og tilheyrandi, þvottabretti og þvottaefni allskonar.
4. Með 15% stimplast reikningar yfir eftirtaldar vörur: Fatnaður allskonar, band, garn, kakaó, kryddvörur, sagó, skófatnaður, annar en gúmmískófatnaður. Sýróp, te, vefnaðarvörur og vefnaður allskonar.
5. Með 30% stimplast reikningar yfir eftirtaldar vörur: Ávaxtamauk, ávaxtasulta, ávextir niðursoðnir, ávextir nýir, ávextir þurrkaðir, brjóstsykur, grænmeti niðursoðið, grænmeti nýtt, grænmeti þurrkað, gullvarningur, gull og silfur óunnið, hljóðfæri og músikvörur, konfekt, leðurvörur, platínuvarningur, silfurvarningur, snyrtivörur, súkkulaði, úr og klukkur, vörur úr gull-, silfur- og platínupletti.

Undanþegnar gjaldi þessu eru vörur þær, sem tilgreindar eru í auglýsingu um viðskiptasamkomulag milli Íslands og sameinaða konungsríkisins Stórabretlands og Norður-Írlands, nr. 106 29. júní 1933, þó ekki lengur en sá samningur er í gildi. Ennfremur blöð, bækur, tímarit, áburðarefni, girðingarefni, kol, salt, steinolía, endursendar íslenzkar afurðir, endursendar tómar umbúðir, notaðir heimilismunir manna, sem flytja vistferlum til landsins og hafa verið minnst eitt ár búsettir erlendis, og venjulegur farangur farþega.

Gjöld þau, sem greinir í 1.—5. tölulið hér á undan, skal einnig greiða af vörum þeim, sem innfluttar hafa verið fyrir 1. janúar 1938, en aðflutningsgjöld hafa ekki verið greidd af er lög þessi öðlast gildi.

Verði ágreiningur um það, hvaða vörur skuli taldar og ekki taldar til framangreindra gjaldflokka, fellir fjármálaráðherra um það fullnaðarúrskurð.

Framangreind ákvæði raska að engu leyti gildandi lögum um verðtoll. Ákvæðin um sýning innkaupsreikninga í 1. gr. laga nr. 5 3. apríl 1928, svo og ákvæðin í gildandi reglugerð um verðtoll og ákvæði laga nr. 63 31. desember 1937 og 4. gr. laga nr. 132 31. des. 1935 skulu gilda, eftir því sem við á, um gjald samkvæmt þessari grein.

Sérstök skilagrein skal gerð fyrir gjaldi samkvæmt þessari grein. Fjármálaráðherra getur með reglugerð sett nánari fyrirmæli um greiðslu gjaldsins af vörum, sem sendar eru til landsins í pósti, og um annað, er snertir framkvæmd á ákvæðum greinarinnar, og má í reglugerðinni ákveða sektir fyrir brot á henni.

4. gr.

Með því að innheimta á árinu 1939 8 aura innflutningsgjald af hverjum lítra af benzíni, í stað þess innflutningsgjalds, sem ákveðið er í a-lið 1. gr. laga nr. 84 6. júlí 1932.

Að öðru leyti gilda ákvæði nefndra laga 6. júlí 1932 um innheimtu og endurgreiðslu innflutningsgjalds af benzíni samkvæmt 1. mgr. þessarar greinar.

Þeim tekjuauka, sem leiðir af framangreindri hækkun innflutningsgjaldsins af benzíni frá því, sem það var eftir nefndum lögum frá 1932, skal varið til að greiða kostnað við lagning akvega og malbikun þjóðvega svo sem hér greinir:

1. Til malbikunar:			
a. Elliðaárvegur	allt að	50000	kr.
b. Hafnarfjarðarvegur	— —	50000	—
2. Til akvega:			
a. Til Suðurlandsbrautar	— —	70000	—
b. — Vatnsskarðsvegar	— —	40000	—
c. — Austurlandsvegar	— —	17000	—
d. — vega út frá Akureyri	— —	15000	—
e. — Ljósavatnsskarðsvegar	— —	5000	—
f. — Sogsvegar	— —	16000	—
g. — Steingrímsfjarðarheiðarvegar	— —	12000	—
h. — vega í Vestmannaeyjum	— —	3000	—
i. — Siglufjarðarskarðsvegar	— —	4000	—
j. — vega út frá Seyðisfirði	— —	3000	—

Það, sem ofangreindur tekjuauki kann að fara fram úr 285000 krónum, leggist í sérstakan sjóð, er verði ráðstafað til lagningar Suðurlandsbrautar á árinu 1940.

5. gr.

Með því að innheimta á árinu 1939 með 11% viðauka alla skatta, tolla og önnur gjöld, sem greiða ber í ríkissjóð og falla í gjalddaga á árinu, og því einnig skatta og gjöld samkvæmt 2., 3. og 4. gr. laga þessara.

Framangreindu 11% gjaldi skal einnig bætt við aðflutningsgjöld af vörum, sem fluttar hafa verið til landsins fyrir 1. janúar 1938, en aðflutningsgjöld hafa ekki verið greidd af fyrir gildistöku laga þessara.

Undanþegin viðaukagjaldi samkvæmt 1. mgr. þessarar greinar eru útflutningsgjöld samkvæmt lögum nr. 63 23. jan. 1935, gjöld samkvæmt lögum nr. 25 9. jan. 1935 og aðflutningsgjöld af vörum þeim, sem tilgreindar eru í auglýsingu nr. 106 29. júní 1933, þó ekki lengur en samningur sá, sem þar er birtur, er í gildi.

Fjármálaráðherra setur nánari reglur um innheimtu viðaukagjaldsins samkvæmt þessari grein, svo og um skil á því í ríkissjóð.

6. gr.

Á árinu 1939 er ríkisstjórninni heimilt:

a. að endurgreiða fiskveiðagufuskipum vörutoll af kolum, sem þau nota til fiskveiða í salt.
b. að falla frá innheimtu vörutolls af salti.

Heimild þessi sé þó því aðeins notuð, að bæjar- eða hreppsfélög, sem hlut eiga að máli, eða fyrirtæki, sem rekin eru af þeim, veiti útgerðinni hliðstæð hlunnindi, að dómi ríkisstjórnarinnar, með lækkun á gjöldum.

Noti ríkisstjórnin heimild þessa, heimilast henni að hækka skatt- og tollviðauka þann, sem um ræðir í 5. gr. laga þessara, úr 11% í 12%.

7. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1939.

Nd. 325. Breytingartillaga

við frv. til laga um birtingu efnahagsreikninga.

Frá Helga Jónassyni.

Við 1. gr. Í stað „100000“ komi: 150000.

Nd. 326. Lög

um einkaleyfi til að flytja út hrafntinnu og selja hana á erlendum markaði.

(Afgreidd frá Nd. 25. apríl).

Samhljóða þskj. 280.

Ed. 327. Frumvarp til laga

um bókhald.

(Eftir 2. umr. í Ed.).

1. gr.

Bókhaldsskyldir eru allir þeir, sem taldir eru í 2. gr. þessara laga, með þeim undantekningum, sem um getur í 3. gr.

2. gr.

1. Kaupmenn, en kaupmaður er hver sá talinn í þessum lögum, sem hefir atvinnu af því að selja vörur, verðbréf og hverskonar lausafé eða fasteignir, sem hann hefir í því skyni keypt.
2. Hlutafélög öll, kaupfélög, pöntunarfélög og önnur samvinnufélög.
3. Bankar, sparisjóðir, víxlarar og vátryggingarfélög.
4. Umboðssalar, farandsalar, mat-, gisti- og veitingasalar, brytar, lyfsalar, forleggjarar, blaðaútgefendur.
5. Þeir, sem reka iðn eða iðju, þar með talið lýsis- og síldarbræðslur, þvotta- og baðhús, rjómabú, íshús, vatns- og rafmagnsveitur.
6. Þeir, sem reka útgerð til fiskveiða, mann- og vöruflutninga og fiskverkun.
7. Vöru- og skipamiðlarar, afgreiðslumenn skipa og þeir, sem hafa atvinnu af að geyma vörur fyrir aðra.
8. Þeir, sem hafa atvinnu af rekstri bifreiða til mann- eða vöruflutninga.
9. Þeir, sem reka kvikmyndahús, leikhús, hringleikhús (cirkus) og fjölleikhús (varieté).
10. Þeir, sem taka að sér að flytja mál fyrir dómstólum eða gegna öðrum málflutningsmannsstörfum.
11. Húsameistarar, verkfræðingar og aðrir, er taka að sér að reisa hús og gera önnur mannvirki, eða gegna öðrum húsameistara- og verkfræðingastörfum.
12. Þeir, sem hafa atvinnu af því að lána öðrum fé.
13. Þeir, sem hafa atvinnu af að sjá um jarðarfarir.

Læknum, tannlæknum og prestum í kaupstöðum er skylt að halda sjóðbók.

3. gr.

Undanskildir bókhaldsskyldu eru þó þeir, er hér greinir:

1. Mat- og veitingasali, sem að staðaldri rekur fyrirtæki með aðstoð konu sinnar,

barna innan 16 ára aldurs og tveggja aðstoðarmanna eða færri, og bryti, sem ekki rekur sjálfstæða atvinnu.
2. Handiðnaðarmaður, sem að staðaldri aðeins selur handavinnu sjálfs sín, konu sinnar, barna innan 16 ára aldurs og tveggja aðstoðarmanna eða færri.
3. Útgerðarmenn, einn eða fleiri, er reka fiskiveiðar eða mann- og vöruflutninga á 2 bátum eða færri, undir 12 smál. brúttó hvor, eða 1 bát allt að 20 smálesta.
4. Sá, sem rekur fiskverkun með konu sinni, börnum innan 16 ára aldurs og fjórum mönnum öðrum eða færri.
5. Þeir, sem eigi reka fleiri en tvær bifreiðar til mann- eða vöruflutninga.
6. Þeir byggingarmeistarar, málflutningsmenn og verkfræðingar, sem ekki reka sjálfstæða atvinnu.

4. gr.

Allir þeir, sem bókhaldsskyldir eru samkv. 2. gr., 1.—13. tölul., sbr. 3. gr., skulu hafa tvöfalt bókhald, en þessu ákvæði er fullnægt með færslu þeirra bóka og yfirlitsreikninga, sem um getur í 5.–8. gr.

Lögreglustjórum er þó heimilt að veita smáatvinnurekendum, sem ekki falla undir ákvæði 3. greinar þessara laga, undanþágu til allt að 5 ára í senn frá því að færa bækur sínar eftir reglum tvöfaldrar bókfærslu. Þeir, sem undanþágu beiðast, skulu færa gild rök fyrir því, að það sé þeim, einhverra hluta vegna, um megn að færa tvöfalt bókhald. Einkum á þetta ákvæði við um þá, sem þegar hafa byrjað atvinnurekstur, er lög þessi öðlast gildi. Bókhaldi þeirra, sem undanþágu fá, skal þó vera þannig fyrir komið, að það gefi greinilegar upplýsingar um fjárhag þeirra.

5. gr.

Frumbækur.

Í þær séu færð öll viðskipti, önnur en þau, er hönd selur hendi daglega jafnskjótt og þau fara fram. Í bók þessa skal rita nöfn þeirra, er hafa afhent og móttekið vöru er hún var seld (= lánuð) eða keypt (= lögð inn), og sömuleiðis fyrir hvers reikning hún er úttekin eða innlögð og ennfremur verð hennar.

Í verzlunarviðskiptum skal samrit af færslu frumbókar jafnan látið viðskiptavini í té, í hvert sinn er einhver viðskipti fara fram bóklega, nemi þau meiru en 2 kr.

6. gr.

Sjóðbók.

Í hana séu færðar allar sjóðgreiðslur. Hver greiðsla færist sérstaklega, þó er leyfilegt að færa í einu lagi fjárhæðir þær, er inn koma daglega vegna sölu gegn staðgreiðslu. Ennfremur er leyfilegt að færa undirbækur yfir sjóðgreiðslur, enda sé færslu þeirra hagað á sama hátt og sjálfrar sjóðbókarinnar. Skylt er að færa niðurstöðutölur undirbókanna daglega í sjálfa sjóðbókina, og sé í henni vísað til undirbókanna til sönnunar færslunum. Fylgiskjöl öll með sjóðgreiðslum séu tölusett og til þeirra vísað í sjóðbókinni eða sjóðdagbókinni eða undirbókum þeirra, og þau síðan geymd í réttri töluröð.

Ennfremur sé í sjóðbók vísað til mótfærslna eða tilsvarandi færslna í öðrum bókum (t. d. viðskiptamannabók, sjá 7. gr., aðalbók, sjá 8. gr., frumbókum o. s. frv.).

Sjóðbók skal vera innbundin og tölusett.

Undirbækur við sjóðbók mega vera lausblaðabækur.

7. gr.

Viðskiptamannabók.

Í henni skal færður sérstakur reikningur yfir viðskipti við hvern viðskiptamann, önnur en þau, er hönd selur hendi. Í bókina skulu viðskipti þau, sem færð

eru í frumbækurnar, skráð á sama hátt og þar, eða samanlagðar fjárhæðir þær í krónum og aurum, er úttekt eða innlegg nemur í hvert sinn samkvæmt frumbókunum. — Þó er leyfilegt, sé um úttekt að ræða, sem samið er um, að greiða skuli að fullu viku- eða mánaðarlega, að færa í viðskiptabókina samanlagðar fjárhæðir þær, sem úttekt hvers viðskiptamanns hefir numið um vikuna eða mánuðinn samkvæmt frumbókunum, ennfremur að færa sameiginlegan reikning í viðskiptamannabók fyrir alla þá viðskiptamenn, sem aðeins hafa slík viðskipti.

Við færslu á viðskiptamannabók sé ætíð vísað til mótfærslna eða tilsvarandi færslna í öðrum bókum (t. d. sjóðbók, aðalbók, frumbókum o. s. frv.).

Nota má lausblaðabækur sem viðskiptamannabækur, en þó því aðeins, að þá sé færður sameiginlegur viðskiptareikningur fyrir alla viðskiptamenn, er reikning hafa í viðskiptamannabók, í aðalbók, dagbók eða sjóðdagbók (sjá 8. gr.). Í reikning þennan má færa úttekt og innlegg viðskiptamanna samandregið eftir frumbókunum og öðrum bókum, enda sé vísað til þeirra til sönnunar færslunum.

8. gr.

Skylt er að færa eftirgreinda yfirlitsreikninga um reksturinn:

1. Reikning(a), er sýni bruttótekjur (t. d. í verzlunum reikningur yfir keyptar og seldar vörur, í framleiðslufyrirtækjum reikningur yfir seldar afurðir o. s. frv.).
2. Reikning(a), er sýni rekstrarkostnað.
3. Reikning(a), er sýni víxlaviðskipti (víxlareikning, accept-reikning).
4. Reikning(a), er sýni framlög og úttekt eiganda (eigenda) til og frá fyrirtækinu í peningum eða öðrum verðmætum.
5. Reikning(a), er sýni, hve mikið fé er lagt í byggingar, skip, áhöld og aðrar eignir, sem ætlaðar eru til stöðugrar notkunar við reksturinn.
6. Aðra þá reikninga, sem í hverju einstöku dæmi eru nauðsynlegir til þess, að því grundvallaratriði tvöfaldrar bókfærslu verði fylgt, að hver fjárhæð sé færð á tveimur stöðum.

Reikningar þessir skulu færðir í sérstakri tölusettri, bundinni bók, aðalbók, dagbók, eða í sjóðbók, sem þá nefnist sjóðdagbók. Við færslu í reikninga þessa sé ætíð vísað til mótfærslna eða tilsvarandi færslna í öðrum bókum (t. d. sjóðbók, viðskiptamannabók, frumbókum o. s. frv.).

9. gr.

Þeim fyrirtækjum, sem hafa vélabókhald, er heimilt að færa bækur þær, er um ræðir í 6.—8. gr., sem lausblaðabækur. En þá skal jafnframt færa í sérstaka bók, ekki sjaldnar en ársfjórðungslega, reikningsjöfnuði aðalbókar og viðskiptamannajöfnuði. Bók þessi má ekki vera lausblaðabók, en skal vera löggilt, og má þá jafnframt nota hana sem efnahagsbók.

10. gr.

Allir þeir, sem bókhaldsskyldir eru samkv. lögum þessum, eru skyldir að gera yfirlit um efnahag sinn (efnahagsreikning) einu sinni á hverju almanaksári, ásamt yfirlitsreikningi um reksturinn á undanfarandi reikningsári.

Í Reykjavík séu reikningar þessir fullgerðir og undirskrifaðir 3 mánuðum eftir lok reikningsársins, en annarsstaðar á landinu 4 mánuðum. Lögreglustjórum er heimilt að veita undanþágu frá þessu ákvæði, ef brýnar ástæður eru fyrir hendi, en þó sé reikningsuppgerð ætíð lokið 5 mánuðum eftir lok reikningsárs.

Reikningarnir séu færðir í sérstaka löggilta bók, efnahagsbók, í sjóðdagbók eða aðalbók, ef þær eru löggiltar.

11. gr.

Á efnahagsreikningi séu tilfærðar allar eignir og skuldir hlutaðeiganda, eins og þær eru í lok reikningsársins.

Eignir ber að tilfæra með þeirri fjárhæð, er raunverulega svarar til verðmætis þeirra. Þó ber yfirleitt að tilfæra fasteignir, skip, áhöld og aðrar eignir, sem ætlaðar eru til stöðugrar notkunar við reksturinn, með kostnaðarverði, að frádregnum hæfilegum árlegum afskriftum fyrir fyrningu og sliti. Sé frá þessu vikið, skulu reikningarnir bera það greinilega með sér.

Kröfur, sem fyrndar eru að lögum, má eigi tilfæra sem eignir á efnahagsreikningi.

12. gr.

Efnahagsreikningi fylgi greinargerð um allar veðsetningar á eignum hlutaðeiganda, að svo miklu leyti, sem greindur reikningur ber slíkt ekki með sér, ennfremur allar ábyrgðir, er hann hefir tekizt á hendur fyrir aðra.

13. gr.

Eigi má rita í bækur þær, sem fyrirskipaðar eru með lögum þessum — aðrar en frumbækur — með blýanti. Ennfremur eigi skafa út eða gera á annan hátt með ásetningi ólæsilegt það, sem eitt sinn hefir verið í þær skráð, eða rita ofan í skriftina, svo að ólæsilegt verði það, er áður stóð, enda þótt fyrst hafi misritazt af vangá. Þurfi að gera breytingu á því, sem eitt sinn er ritað, skal annaðhvort leiðrétta það með annari innfærslu, er komi til jafnaðar annarsvegar við það, er ofritað var hinsvegar, eða bæti því við, er vanritazt hafði, eða þá þannig, að strika út það, sem rangt varð, án þess að ólæsilegt verði það, er út var strikað, en rita leiðréttinguna milli lína eða á spássíu, eftir því sem bezt hentar.

Eigi má rífa eða á annan hátt losa blöð úr þeim innbundnum bókum, sem fyrirskipaðar eru með lögum þessum.

14. gr.

Skylt er hverjum bókhaldsskyldum að geyma í skipulegri röð öll bréf og símskeyti, er honum berast viðkomandi atvinnu hans, og ennfremur að halda eftir samriti af öllum þeim bréfum og símskeytum, er hann ritar og sendir öðrum viðkomandi atvinnunni, og geyma eftir sömu reglum.

15. gr.

Allar þær bækur, sem fyrirskipaðar eru með lögum þessum, ásamt fylgiskjölum, svo og bréf þau og símskeyti, samrit bréfa og símskeyta, sem um ræðir í næstu grein hér á undan, séu geymdar í 10 ár frá því síðast er ritað í bækurnar, og bréfin eða símskeytin móttekin eða send.

16. gr.

Nú er skuldar krafizt innan þriggja missira frá því er hún varð til, og skal þá það, sem skráð er í bækur þær, sem fyrirskipaðar eru með lögum þessum, hafa það sönnunargildi, ef bækurnar eru vel og skipulega ritaðar, og engin atvik liggja til, þau er gera bókunina grunsama, að álíta skal það rétt, er í þeim stendur, ef aðili sá, er í hlut á, vill eigi synja fyrir með eiði, að rétt sé bókað. Nú er hann dauður, eða hann getur ekki eiðinn unnið sakir vitfirringar eða þvíumlíks, og má þá, ef engin atvik leggja svo til, að þau geri það ísjárvert, dæma eiganda eða umráðamanni fyrirtækisins heimilt að sanna sitt mál með eiði sínum, eða eiði þess manns, er í bækurnar hafði ritað það, er um var þrætt.

Að þeim fresti liðnum, sem að ofan er nefndur, missa bækur þær, sem fyrirskipaðar eru með lögum þessum, það sérstaka sönnunargildi, er þeim er veitt samkvæmt þessari grein, þó aðeins gagnvart skiptavinum, sem sjálfir eru ekki bókhaldsskyldir; en í viðskiptum milli bókhaldsskyldra halda bækurnar gildi sínu án tillits til frests þess, er að framan var nefndur.

Nú eru báðir málsaðiljar bókhaldsskyldir, og stendur sín innfærsla um sama efnið í bókum hvors um sig, en ber eigi saman, þá hefir hvorug innfærslan sérstakt sönnunargildi.

17. gr.

Sé að áliti lögreglustjóra ástæða til að ætla, að einhver hliti eigi ákvæðum þessara laga um bókhald, er honum heimilt að rannsaka eða láta rannsaka bókhald hlutaðeiganda, og reynist bókhaldið eigi lögum þessum samkvæmt, má ákveða hlutaðeiganda dagsektir, allt að kr. 25.00, unz hann hefir komið því í lag.

18. gr.

Brot gegn 5. gr. varðar sektum, kr. 5.00—200.00.

19. gr.

Brot gegn 4. gr. og 6.—10. gr. varðar sektum, kr. 10.00—1000.00. Kveði svo mikið að brotinu gegn greinum þessum, að bókfærslan geti bersýnilega ekki náð tilgangi sínum, þannig að eigi sjáist, hversu rekstur fyrirtækisins gengur, hvernig efnum þess er varið eða hvernig hagur atvinnurekandans stendur, varðar það auk sekta missi atvinnurekstrarleyfis eða stöðvun atvinnurekstrar um stundarsakir eða til fulls eftir atvikum.

20. gr.

Brot gegn 1. og 12.—15. gr. varða sektum samkvæmt 19. gr. Sé um fölsun verzlunarbóka að ræða, eða geri einhver í sviksamlegum tilgangi rangan efnahagsreikning, eða eyðileggi eða skjóti undan bókum þeim og skjölum, sem um getur í 14. og 15. gr., varðar það fangelsi, eða betrunarhúsvinnu, allt að tveimur árum, ef miklar sakir eru.

21. gr.

Fara skal með mál út af brotum á lögum þessum og reglum sem almenn lögreglumál.

22. gr.

Numin eru úr gildi með þessum lögum lög nr. 53 11. júlí 1911, um verzlunarbækur, og öll þau lagaákvæði, sem koma í bág við þessi lög.

23. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1939.

Nd. 328. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 1 5. jan. 1938, um síldarverksmiðjur ríkisins.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

1. gr.

Á eftir fyrra málsl. 1. málsgr. 4. gr. laganna kemur nýr málsl.: Kosnir skulu og með sama hætti 5 varamenn í stjórnina, til jafnlangs tíma.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi nú þegar, og skal á því þingi, er samþykkir lögin, kjósa varamenn fyrir þann tíma, sem eftir er af kjörtímabili núverandi stjórnar síldarverksmiðja ríkisins.

Nd. **329. Frumvarp til laga**

um skrifstofufé sýslumanna og bæjarfógeta o. fl.

(Eftir 3. umr. í Ed.).

1. gr.

Árin 1938—1942, að báðum meðtöldum, greiðir ríkissjóður sýslumönnum og bæjarfógetum árlega skrifstofufé, þar með talin borgun fyrir söfnun innflutningsskýrslna, eins og hér segir:

1) Í Gullbringu- og Kjósarsýslu og Hafnarfirði	kr.	20700
2) - Mýra- og Borgarfjarðarsýslu	—	4500
3) - Snæfellsnes- og Hnappadalssýslu	—	4800
4) - Dalasýslu	—	1800
5) - Barðastrandarsýslu	—	5400
6) - Ísafjarðarsýslu og Ísafjarðarkaupstað	—	18000
7) - Strandasýslu	—	3300
8) - Húnavatnssýslu	—	5000
9) - Skagafjarðarsýslu	—	5000
10) - Siglufjarðarkaupstað	—	13000
11) - Eyjafjarðarsýslu og Akureyrarkaupstað	—	19200
12) - Þingeyjarsýslu	—	6000
13) - Norður-Múlasýslu og Seyðisfjarðarkaupstað	—	7500
14) - Neskaupstað	—	2500
15) - Suður-Múlasýslu	—	8500
16) - Skaftafellssýslu	—	4000
17) - Vestmannaeyjakaupstað	—	13400
18) - Rangárvallasýslu	—	2000
19) - Árnessýslu	—	5800
Samtals	kr.	150400

2. gr.

Á sömu árum greiðir ríkissjóður eftirtöldum lögreglustjórum árlega upp í skrifstofukostnað og fyrir söfnun skýrslna þeirra, er í 1. gr. getur, sem hér segir:

1) Á Akranesi	kr.	1500
2) Í Bolungavík	—	500
3) - Ólafsfirði	—	500
4) - Keflavík	—	500
Samtals	kr.	3000

3. gr.

Nú hækkar eða lækkar gengi gjaldeyris miðað við það, sem það er gagnvart gulli hinn 1. janúar 1938, og lækkar þá skrifstofufé eða hækkar sem því svarar, þó þannig, að minni breyting en 10% er ekki tekin til greina, og ekki fyrr en um næstu áramót á eftir, enda hafi gjaldeyrisbreytingin verulég áhrif á verðlag þurftarvöru.

4. gr.

Skrifstofufé greiðist með ½₂ mánaðarlega fyrirfram.

5. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

Nd.

330. Breytingartillögur

við frv. til l. um stéttarfélög og vinnudeilur.

Frá Thor Thors og Garðari Þorsteinssyni.

1. Við 1. gr. og alstaðar síðar í frumvarpinu komi í stað „stéttarfélög og stéttarfélagasambönd“: verkalýðsfélög og verkalýðsfélagasambönd.
2. Við 4. gr. og alstaðar síðar í frumvarpinu komi í stað orðanna „atvinnurekendum og atvinnurekenda“: vinnuveitendum og vinnuveitenda.
3. Við 9. gr.
   a. Upphaf greinarinnar orðist þannig:
      Á hverri vinnustöð, þar sem a. m. k. fimm menn vinna, hafa þeir menn, sem á stöðinni vinna, rétt til þess að tilnefna tvo menn til trúnaðarmannsstarfa úr þeirra hópi.
   b. Orðin „sem ekki er skylt að lögskrá á“ falli burt.
   c. Orðið „skip“ í 2. málsgr. falli burt.
   d. 3. málsgr. falli burt.
4. Við 12. gr. Greinin orðist þannig:
   Nú vanrækir trúnaðarmaður störf sín samkv. lögum þessum, samkv. dómi samverkamanna sinna á vinnustöðinni, og skal þeim þá heimilt að svipta hann umboði sínu og tilnefna trúnaðarmenn samkv. ákvæði 8. gr.
5. Fyrirsögn I. kafla verði: Um verkalýðsfélög.
6. Við 16. gr. Greinin orðist þannig:
   Ákvörðun um vinnustöðvun ber að tilkynna sáttasemjara og Vinnuveitendafélagi Íslands eða Alþýðusambandi Íslands, ef sá, sem vinnustöðvun beinist gegn, er í þeim félögum, en að öðrum kosti beint til aðilja, 10 sólarhringum áður en tilætlunin er að hún hefjist.
7. Við 17. gr.
   a. Orðin „nema til fullnægingar úrskurðum dómsins“ í 1. tölul. falli burt.
   b. Aftan við greinina bætist nýr liður, svo hljóðandi: Þegar vinnustöðvun fer að öðru leyti í bága við ákvæði þessara laga.
8. Við 20. gr. Aftan við 1. málsgr. bætist: Atvinnumálaráðherra skal gefa sáttasemjara erindisbréf, þar sem m. a. sé ákveðin aðstaða ríkissáttasemjara til héraðssáttasemjara.
9. Við 22. gr. Greinin orðist svo:
   Atvinnumálaráðherra getur, þegar ríkissáttasemjari leggur það til, skipað sérstaka sáttasemjara, eða, ef mjög mikið liggur við, nefnd manna til þess að framkvæma sáttatilraunir í einstökum vinnudeilum.
10. Við 24. gr. Upphaf greinarinnar orðist svo:
    Ríkissáttasemjara skal skylt að kynna sér nákvæmlega horfur og ástand atvinnulífsins á öllu landinu, einkum allt, sem að vinnudeilum lýtur. Sama skulu héraðssáttasemjarar gera í umdæmum sínum.
11. Við 27. gr. 2. málsgr. orðist svo:
    Hverjum einstökum aðilja er skylt að mæta eða láta mæta, þegar sáttasemjari kveður þá til viðtals eða fundar, og láta honum í té allar þær upplýsingar, er hann telur sér nauðsynlegar út af deilu, sem sáttasemjari telur yfirvofandi, eða þegar er komin upp.
12. Á eftir 27. gr. komi ný grein, sem verði 28. gr., og breytist greinatalan samkv. því:
    Vinnustöðvun má aldrei gera fyrr en liðnir eru 4 sólarhringar frá því að tilkynning samkv. 27. gr. kom í hendur ríkissáttasemjara, og ber tilkynnanda að afla sér upplýsinga um það frá ríkissáttasemjara, hvenær tilkynningin barst honum. Þegar ríkissáttasemjara hefir borizt slík tilkynning sem að framan greinir, eða honum hefir á annan hátt orðið kunnugt, að vinnustöðvun sé yfirvofandi,

skal honum skylt að banna í símskeyti vinnustöðvun þar til sáttatilraun hafi farið fram og hún samkv. síðari málsgrein þessarar greinar telst orðin árangurslaus, nema hann telji hina yfirvofandi vinnustöðvun mjög þýðingarlitla og enga hættu á því, að hún hafi aðrar vinnustöðvanir í för með sér. Bannið er ógilt, ef ríkissáttasemjari sendir það ekki frá sér innan tveggja sólarhringa eftir að honum barst tilkynning samkv. 27. gr.

Nú eru liðnir fimm sólarhringar eða meira frá því að ríkissáttasemjari sendi frá sér bann gegn vinnustöðvun samkv. því, sem að framan er sagt, án þess að sáttatilraunir hafi tekizt, og getur þá hvor aðili krafizt þess, að sáttatilraunum skuli lokið, enda hafi hann ekki vanrækt skyldur sínar um hluttöku í sáttatilraunum með því að sækja ekki sáttafundi eða á annan hátt. Skal þá ljúka sáttatilraunum innan tveggja sólarhringa eftir að krafan kom í hendur sáttasemjara, sem með málið fer, og komist eigi á sætt innan þess tíma, telst sáttatilraun orðin árangurslaus.

13. Við 30. gr. 3. málsl. 2. málsgr. orðist svo: Nú telur sáttasemjari rétt, að deilur í fleiri en einni atvinnugrein séu útkljáðar í einu lagi, og getur hann þá ákveðið í miðlunartillögum viðvíkjandi þeim atvinnugreinum, að þær skuli teljast sem ein heild, og úrskurður um, hvort miðlunartillögurnar teljast samþykktar, fari eftir samanlögðum tölum greiddra atkvæða atkvæðisbærra félaga í báðum eða öllum atvinnugreinum, sem teljast skulu heild í þessu efni.
14. Við 32. gr. 3. málsgr. Í stað „atkvæðisbærra manna“ komi: atkvæðisbærra félagsmanna.
15. Við 39. gr.
    a. Í stað orðanna „þriðji af atvinnumálaráðherra úr hópi þeirra manna, sem hæstiréttur tilnefnir, og tveir af hæstarétti, og sé annar“ komi: og þrír af hæstarétti, og sé einn.
    b. Aftan við 2. málsgr. bætist: og tilnefnir hæstiréttur varaforseta dómsins.
16. Við 42. gr. Í stað orðanna „þeir tveir“ í 2. málsl. komi: þeir þrír.
17. Við 44. gr. Við greinina bætist nýr liður, sem verði 3. liður, svo hljóðandi: Að dæma um það, hvort löglegt geti talizt verkbann eða verkfall, sem boðað hefir verið, og hvort ófullnægðar kröfur, sem slíkar ráðstafanir eru byggðar á, séu löglegar.

    3. liður frv. greinarinnar verði 4. liður.

Nd. 331. Frumvarp til laga

um stofnun prófessorsembættis í uppeldisfræði og barnasálarfræði í heimspekideild Háskóla Íslands.

Frá menntamálanefnd.

Í heimspekideild Háskóla Íslands skal stofna prófessorsembætti í uppeldisfræði og barnasálarfræði.

Greinargerð.

Nefndin flytur frumvarpið fyrir tilmæli stjórnar Sambands íslenzkra barnakennara. Frv. fylgdi svo hljóðandi greinargerð:

„Frumvarp þetta hnígur í sömu átt og frumvarpið um menntun kennara, sem flutt hefir verið í háttv. Nd. tvö undanfarin þing. Hér er að vísu gengið mun skemmra til breytinga á ríkjandi fyrirkomulagi, enda aðeins um takmarkaða úrlausn að ræða. Úrlausn, sem getur þó orðið einkar mikilsverð, en kostar lítið fé.

Um 30 ára skeið, eða síðan 1908, hefir engin teljandi breyting orðið á undirbúningsmenntun kennara. Inntökuskilyrði í kennaraskólann hafa að vísu verið dálítið aukin og kennsla í íslenzkum fræðum verið tekin upp við Háskóla Íslands, en að öðru

leyti situr allt í sama horfi um aðgerðir hins opinbera í þessum málum og var fyrir 30 árum.

Á sama tíma hefir tvennt gerzt: 1) Gagngerðar breytingar hafa orðið á högum íslenzku þjóðarinnar, breytingar, sem hafa í för með sér nýjar þarfir og kröfur um breytta skóla- og kennsluhætti. 2) Uppeldisvísindum og kennslutækni hefir fleygt fram í menningarlöndunum allt umhverfis oss meira en áður eru dæmi til.

Allmargir íslenzkir kennarar hafa að vísu af miklum dugnaði og fórnfýsi reynt, t. d. með framhaldsnámi og utanferðum, að bæta upp það, sem þjóðfélagið hefir vanrækt að láta þeim í té. En svo sem vænta má, er uppeldisfræðileg þekking og kennslutækni í nútíma skilningi eigi að síður takmarkaðri hjá oss en æskilegt væri. Á það við, ekki einungis meðal barnakennara, heldur einnig meðal kennara við aðra skóla landsins.

Loks er hin mesta nauðsyn að skapa skilyrði til innlendra rannsókna í uppeldisvísindum. Myndi einsætt að starfrækja tilraunabarnaskóla í sambandi við prófessorsembættið í uppeldisvísindum, annaðhvort á þann hátt, að til þess yrðu valdir sérstakir bekkir í barnaskólum Reykjavíkur, eða sérstakur skóli settur á stofn í þessu skyni. Hvor leiðin sem farin yrði, myndi aukakostnaður, er af tilraunaskólanum hlytist, verða næsta lítill, en gagnið gæti orðið ómetanlegt. Reynslan hefir t. d. orðið sú í öðrum löndum, svo sem í Tékkóslóvakíu, Sviss og víðar, að tilraunaskólar í sambandi við háskólastofnanir uppeldisvísinda hafa orðið upphaf gagngerðra umbóta á skóla- og uppeldismálum hlutaðeigandi þjóða.

Tilgangurinn með því að gera frumvarpið að lögum væri þá einkum þrenns konar:

1. Að skapa byrjunarskilyrði til íslenzkra rannsókna í uppeldisvísindum.
2. Að gera starfandi kennurum kleift að auka uppeldisfræðilega menntun sína, án þess að sigla til útlanda, og jafnvel án þess að fá frí frá kennslustörfum. Til þess að svo mætti verða, þyrfti háskólakennarinn í uppeldisvísindum að starfa að nokkru leyti á öðrum tíma árs en venjulegt er í háskólanum, eða lengur að sumrinu. Gæti hann þá haft frí sitt að haustinu og fyrri hluta vetrar. Starfandi kennarar, sem komnir væru af stað með háskólanám í uppeldisfræðum að sumrinu, gætu svo haldið áfram í tómstundum að vetrinum, en háskólakennarinn myndi þá leiðbeina með bréfaskriftum og útvarpserindum. Fyrirkomulag af þessu tægi hefir t. d. verið reynt við háskólastofnun í Póllandi og þykir hafa gefizt mjög vel.
3. Að gefa íslenzkum stúdentum kost á að nema uppeldisvísindi við háskólann".

Menntamálanefnd hefir sent heimspekideild háskólans frv. og fengið svo hljóðandi umsögn:

HÁSKÓLI ÍSLANDS

Reykjavík, 24. apríl 1938.

Heimspekisdeildin hefir á fundi í dag rætt um frumvarp það til laga um stofnun prófessorsembættis í uppeldisfræði og barnasálarfræði í heimspekisdeild Háskóla Íslands, sem deildinni var sent til umsagnar með bréfi menntamálanefndar, dags. 20. þ. m. Þó að deildin hefði talið það æskilegt, að frv. það, er lá fyrir síðasta þingi um menntun kennara, hefði fyrst verið samþykkt, getur hún mælt með því, að frv. þetta nái fram að ganga, þar sem hún lítur á það sem fyrsta skref til stofnunar kennaradeildar við háskólann. Deildin telur æskilegt, að starfssvið þessa kennara verði nánar ákveðið með reglugerð í samráði við háskólann.

Sigurður Nordal,
forseti heimspekisdeildar.

Til menntamálanefndar neðri deildar.

Nd. 332. Nefndarálit

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 55 27. júní 1921, um skipulag kauptúna og sjávarþorpa.

Frá menntamálanefnd.

Nefndin leggur til, að frv. verði samþykkt.

Alþingi, 25. apríl 1938.

Ásgeir Ásgeirsson, form., frsm. Pálmi Hannesson, fundaskr. Bjarni Bjarnason.
Jóhann Möller. Þorsteinn Briem.

Nd. 333. Breytingartillaga

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 104 23. júní 1936, um atvinnu við siglingar á íslenzkum skipum.

Frá Pétri Ottesen.

Við 1. gr. 2. málsgr. Í stað „30“ komi: 40.

Nd. 334. Breytingartillaga

um frv. til laga um hafnargerð á Raufarhöfn.

Frá meiri hl. sjávarútvegsnefndar.

Við 10. gr.

a. Við tölulið 2. Liðurinn fellur niður.
b. Við tölul. 3, stafl. f. Liðurinn fellur niður.

Nd. 335. Frumvarp til laga

um einkaleyfi til þess að flytja út og selja erlendis íslenzkar sælgætisvörur, blandaðar fisklýsi og jurtaefnum.

Frá iðnaðarnefnd.

1. gr.

Um næstu 5 ár frá gildistöku laga þessara veitist firmanu „Crystal, Karl Björnsson & Co.“ í Reykjavík einkaleyfi til þess að flytja út úr landinu og selja á erlendum markaði brjóstsykur, karamellur, konfekt og aðrar sælgætisvörur, hverju nafni sem nefnast, blandaðar fisklýsi og safa eða efnum úr íslenzkum nytjajurtum.

2. gr.

Meðan á leyfistímanum stendur er öllum óheimilt að flytja út brjóstsykur og aðrar sælgætisvörur, blandaðar framangreindum efnum. Brot gegn ákvæði þessu varða sektum frá 200 til 20000 kr.

3. gr.

Nemi verðmæti samanlagðs útflutnings, sem í 1. gr. segir, minna en 70000 kr. á ári, miðað við þriðja ár sérleyfistímans er atvinnumálaráðherra heimilt að svipta firmað sérleyfinu.

4. gr.

Atvinnumálaráðherra hefir heimild til að setja reglugerð um framkvæmd sérleyfisins.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Svofelld greinargerð fylgdi frumvarpinu frá leyfisbeiðendum:

Víða erlendis er framleiddur brjóstsykur úr holljurtum, sem í auglýsingaskyni eru nefndar íslenzkar, og þykir sérstaklega heilnæmur og hefir reynzt eftirsótt vara. Skal hér sérstaklega getið einnar jurtar, fjallagrasa, sem á erlendum málum er kennd við Ísland (islandsk Mos, Ceteraria islandica), sem þykir ágæt, en þó eru fjallagrös þau, sem notuð eru erlendis, alls ekki íslenzk. Firmað „Crystal, Karl Björnsson & Co." hefir að undanförnu gert tilraunir til þess að framleiða þessar tegundir brjóstsykurs og hefir heppnazt vel. Mikil líkindi eru til þess, að þessar tegundir brjóstsykurs, svo og aðrar tegundir sælgætis, blandaðar efnum úr íslenzkum holljurtum, myndu seljanlegar erlendis. Það liggur í augum uppi, að slík vara, sem búin væri til á Íslandi og úr íslenzkum fjallagrösum o. s. frv., og skýrt væri tekið fram um, að framleidd væri hérlendis, og á umbúðum stæði: made in Iceland — myndi fljótlega ryðja sér braut í þeim löndum, þar sem samskonar vara er áður kunn og eftirsótt. Það myndi eðlilega þykja sérstök trygging fyrir gæðum hennar og heilnæmum kostum, að hún væri búin til hér á landi. Það kostar nokkurt fé að kynna þessa vöru erlendis, auk þess, sem það er mjög áríðandi, að varan sé vel vönduð. Samkeppni, er kynni að hefjast um þessa sölu, gæti á ýmsan hátt orðið til tjóns. Er því nauðsynlegt, að eitt firma hafi þennan útflutning með höndum fyrst um sinn.

Ed. 336. Nefndarálit

um frv. til laga um skatt- og útsvarsgreiðslu útlendinga o. fl.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefir athugað frumvarp þetta og mælir einróma með því, að það verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 26. apríl 1938.

Sigurjón Á. Ólafsson, form.	Ingvar Pálmason, fundaskr.	Árni Jónsson, frsm.
Magnús Jónsson.	Páll Hermannsson.	

Ed. 337. Nefndarálit

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 45 16. nóv. 1907, um skipun prestakalla.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin mælir með því, að frumvarpið verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 26. apríl 1938.

Sigurjón Á. Ólafsson, form.	Ingvar Pálmason, fundaskr.	Magnús Jónsson, frsm.
Árni Jónsson.	Páll Hermannsson.	

Ed. 338. Breytingartillögur

um frv. til laga um byggingar- og landnámssjóð.

Frá landbúnaðarnefnd

1. Við 7. gr. Aftan við greinina bætist nýr tölul., er orðist svo:
   7. Að fyrir liggi frá trúnaðarmanni Búnaðarfélags Íslands, eða trúnaðarmanni nýbýlastjórnar, ef ekki næst til trúnaðarmanns Búnaðarfélags Íslands, yfirlýsing um, að húsið verði reist á hentugum stað, miðað við ræktun, vatnsból, síma, vegi o. s. frv.
2. Við 12. gr.
   a. Í stað „1.—6. tölul." í byrjun greinarinnar komi: 1.—7. tölul.
   b. Í stað „2000 krónur" í 3. tölul. komi: 1800 krónur.

Ed. 339. Nefndarálit

um frv. til l. um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að veita einkaleyfi til að flytja út mó og vörur unnar úr mó og selja á erlendum markaði.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin hefir athugað frumvarpið og haft tal af hr. Sigurjóni Péturssyni, og mælir með því, að frumvarpið verði samþykkt með breytingu.

Lögin eru heimildarlög, og telur nefndin æskilegt, að áður en lögin verði framkvæmd og einkaleyfið veitt, verði sérstaklega rannsakað, hvort móland það, sem til er hér á landi, sé það mikið og samfellt, að óhætt sé að vinna mó til útflutnings, og þó verði nógur forði eftir fyrir landsmenn sjálfa. Í því sambandi vill nefndin benda á, að mjög er til athugunar, hvort ekki megi vinna úr mónum vöru, sem ekki verði meiri fyrirferðar en það, að hún þoli flutning, og verði þó, eftir hitagildi, samkeppnisfær um verðlag við kol.

Ef þetta reyndist framkvæmanlegt, mundi það verða til mikils gjaldeyrissparnaðar og geta haft mikla þjóðhagslega þýðingu.

Alþingi, 26. apríl 1938.

Páll Zóphóníasson, form., frsm.	Erl. Þorsteinsson, fundaskr.	Þorst. Þorsteinsson.

Ed. 340. Breytingartillaga

við frv. til l. um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að veita einkaleyfi til að flytja út mó og vörur unnar úr mó og selja á erlendum markaði.

Frá landbúnaðarnefnd.

Á eftir 1. gr. komi ný grein, er verði 2. gr., og breytist greinatalan eftir því. Greinin orðist svo:

Nú neytir ráðherra heimildar þeirrar, er felst í 1. gr. laga þessara, og er þá heimilt að innheimta útflutningsgjald í ríkissjóð af þeim vörum, sem lög þessi greina og út verða fluttar. Gjald þetta má aldrei nema meiru en 5% af andvirði vörunnar á útflutningshöfn.

Nd. 341. Breytingartillaga

við frv. til laga um löggilta niðurjöfnunarmenn sjótjóns.

Frá Bergi Jónssyni og Thor Thors.

Við 2. gr. 3. tölul. Liðurinn orðist svo: Hann skal hafa aflað sér fræðilegrar sérþekkingar á sjórétti og sjóvátryggingarrétti við erlendan háskóla eigi skemur en eitt ár.

Ed. 342. Frumvarp til laga

um löggilta niðurjöfnunarmenn sjótjóns.

(Eftir 3. umr. í Nd.).

1. gr.

Atvinnumálaráðuneytinu er heimilt að löggilda menn til að annast niðurjöfnun sjótjóns, ef þeir fullnægja skilyrðum þeim, sem sett eru í lögum þessum.

2. gr.

Þessi eru skilyrði þau, er getur í 1. gr.:

1. Löggiltur niðurjöfnunarmaður sjótjóns skal hafa íslenzkan ríkisborgararétt, fasta búsetu hér í landinu, vera fullra 25 ára, fjár síns ráðandi og hafa óflekkað mannorð.
2. Hann skal hafa tekið embættispróf í lögum við Háskóla Íslands.
3. Hann skal hafa aflað sér fræðilegrar sérþekkingar á sjórétti og sjóvátryggingarrétti við erlendan háskóla eigi skemur en eitt ár.
4. Hann skal leggja fram skilríki fyrir því, að hann hafi starfað að niðurjöfnun sjótjóns hjá innlendum eða erlendum löggiltum niðurjöfnunarmanni sjótjóns eigi skemur en í eitt ár.
5. Hann má ekki reka atvinnu, er ráðherra telur ósamrýmanlega þessu starfi, svo sem skipamiðlun, eða veita forstöðu skipa- eða vátryggingarfélögum.

3. gr.

Löggiltur niðurjöfnunarmaður sjótjóns skal undirrita drengskaparheit um að vinna verk sitt eftir beztu vitund og þekkingu, og yfirleitt inna skyldur sínar sem niðurjöfnunarmaður sjótjóns samvizkusamlega af hendi.

4. gr.

Niðurjöfnun löggilts niðurjöfnunarmanns jafngildir niðurjöfnun þeirra tveggja dómkvaddra manna, er getur í 8. kap. siglingalaganna.

Löggiltum niðurjöfnunarmanni sjótjóns er heimilt að gefa upplýsingar til afnota í dómsmálum um niðurjöfnun sjótjóns og um önnur atriði, sem falla undir starfsvið hans. Fer um sönnunargildi þessara yfirlýsinga sem um skýrslur opinberra embættismanna.

5. gr.

Löggiltir niðurjöfnunarmenn sjótjóns skulu sæta sömu viðurlögum fyrir brot sem opinberir sýslunarmenn.

6. gr.

Atvinnumálaráðuneytið getur tiltekið nánar í reglugerð um verksvið, störf og þóknun niðurjöfnunarmanna sjótjóns.

7. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Nd. 343 Breytingartillaga

við frv. til l. um skrifstofufé sýslumanna og bæjarfógeta o. fl.

Frá Bjarna Ásgeirssyni og Pétri Ottesen.

Í stað „4500“ í 2. tölul. 1. gr. komi: 5000.
Til vara: 4800.

Nd. 344. Frumvarp til laga

um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að taka lán.

Flm.: Eysteinn Jónsson.

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að taka að láni á yfirstandandi ári fyrir hönd ríkissjóðs allt að 5 milljónum króna, eða jafngildi þeirra í erlendri mynt, enda verði 1 milljón króna af þeirri upphæð notuð til verksmiðjubyggingar á Raufarhöfn.

Ennfremur er ríkisstjórninni heimilt að taka að láni á árunum 1939 og 1940 allt að 7 milljónum króna, eða jafngildi þeirra í erlendri mynt.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Undanfarna áratugi hefir verið flutt til Íslands mjög mikið erlent fjármagn. Verður það að teljast eðlilegt, þar sem framfarir í atvinnulífinu og á öðrum sviðum hafa orðið geysimiklar á sama tíma.

Árin 1925—1934 nam útflutningur vara frá Íslandi um 60 milljónum kr. að meðaltali árlega og meðalinnflutningur þetta sama tímabil 57,5 millj. kr. Á þessum tíma hefir verzlunarjöfnuðurinn því verið hagstæður um 2,5 millj. kr. að meðaltali árlega. Nú leikur enginn vafi á því, að hallinn á hinum „duldu greiðslum“ hefir á þessum árum verið miklu meiri en 2,5 millj. kr. og hefir því innflutningur lánsfjár á þessu tímabili verið allstórkostlegur, enda skuldaði þjóðin erlendis í lok ársins 1925 39,5 millj. kr., en í árslok 1934 83,5 millj. kr., samkvæmt skýrslum hagstofunnar.

Síðan Spánarmarkaðurinn lokaðist, eða árið 1935—1937, hefir meðalútflutningur hinsvegar numið 52 millj. kr. árlega og meðalinnflutningur 46,7 millj. kr. Hefir því verzlunarjöfnuðurinn verið hagstæður að meðaltali um 5,3 millj. kr. á ári. Á þessum árum hefir ekki verið flutt inn erlent lánsfé svo teljandi sé, nema lánið til Sogsvirkjunarinnar, 6,5 millj. kr., og 3,5 millj. kr. af láni, sem tekið var í ársbyrjun 1935, og sem gekk þá þegar til greiðslu skulda, sem fyrir lágu ógreiddar. Af þessu verður það ljóst, að á síðustu árum hefir innflutningur lánsfjár því nær stöðvazt, miðað við það, sem áður var, og 1936—1937 hefir innflutningur á erlendu fjármagni í föstum lánum verið svo lítill, að enginn vafi leikur á, að hann hefir numið miklu minna en það fé, sem flutt hefir verið út úr landinu til greiðslu afborgana af föstum, samningsbundnum lánum, enda hafa skuldir þjóðarinnar út á við lækkað á árinu 1936 samkv. skýrslum hagstofunnar. — Sú mikla stefnubreyting, sem orðið hefir í þessum efnum á síðustu árum, á rætur sínar að rekja til þess kvíða, sem orðinn var almennur vegna hins öra innflutnings lánsfjár til landsins. Afleiðingar

þessarar stefnubreytingar hafa komið fram í erfiðleikum gjaldeyrisverzlunarinnar, þar sem meðalútflutningur hefir lækkað um 8 millj. kr. á síðustu þremur árum, og þannig á sama tíma og innflutningur lánsfjár hefir takmarkazt svo mjög.

Samkvæmt yfirliti um greiðslur af erlendum lánum, er fjármálaráðuneytið hefir látið gera, eru afborganir fastra lána erlendra á yfirstandandi ári sem hér segir (vaxtagreiðslur eru að sjálfsögðu hvergi meðtaldar):

1.	Af lánum, sem ríkissjóður stendur straum af	kr.	1305 þús.
2.	— lánum bankanna (þar með fiskveiðasjóðs og skuldaskilasjóðs)	—	1057 —
3.	— lánum bæjar- og sveitarfélaga	—	630 —
4.	— lánum annara með ríkisábyrgð	—	362 —
5.	— lánum annara án ríkisábyrgðar	—	825 —
	Samtals	kr.	4179 þús.

Vafalaust hafa þó ekki alveg öll lán einstaklinga og einkafyrirtækja komið á þessa skrá, og munu ekki neinar ýkjur, þótt gert sé ráð fyrir, að fastar afborganir af samningsbundnum lánum séu a. m. k. 4,5 millj. kr. á ári. — **Ef ekkert fjármagn væri flutt til landsins, ætti þjóðin samkvæmt þessu að lækka skuldir sínar við útlönd a. m. k 4,5 millj. kr. á ári, og svarar það til þess, að allar skuldir þjóðarinnar yrðu greiddar upp á 20 árum. Ef svo yrði, myndum við gerast útflytjendur fjármagns í allstórum mæli á krepputímum, en höfum áður verið innflytjendur fjármagns í stórum stíl, og það jafnvel á hinum beztu árum.**

Liggur nú beinlínis fyrir að gera sér grein fyrir því, hvort þetta muni vera kleift eins og viðhorfið er um væntanlegan útflutning, og án þess að skortur verði nauðsynja í landinu.

Hér að framan var á það bent, að innflutningur erlends lánsfjár hefir verið nær enginn 1936—1937, miðað við það, sem áður var, eða um 3—4 millj. kr. samtals bæði árin. Jafnframt er rétt að geta þess, að verzlunarjöfnuðurinn hefir orðið hagstæður að meðaltali um 7 millj. kr. þessi tvö síðustu ár, og myndi því á þessum árum hafa tekizt að mæta hinum „duldu greiðslum", að meðtöldum afborgunum án frekari innflutnings erlends fjár, ef ekki hefði á síðasta ári orðið að festa um ca. 2 millj. kr. í vöruskiptareikningi í Þýzkalandi. Hitt er þá einnig vitað, að í bönkunum liggja óyfirfærðar verulegar upphæðir, sem sumpart stafa af því, að andvirði útflutningsvara frá síðastliðnu ári var eigi allt greitt heim á árinu, samkvæmt framansögðu, og sumpart af hinu, að ekki hefir tekizt að losna við vanskilaskuldir þær, sem stafa frá halla áranna 1934—1935.

Það er því augljóst mál, að á því er mikil nauðsyn, að hið bráðasta skapist möguleikar til þess að greiða þessar verzlunarskuldir. Ef slíku ætti að verða við komið án þess að lánsfé væri flutt inn, þyrfti verzlunarjöfnuður að verða svo hagstæður, að hrykki fyrir beinum halla á „duldu greiðslunum", afborgunum fastra lána, um 4,5 millj. kr., og þar að auki til þess að greiða verulega fúlgu upp í verzlunarskuldirnar. Það verður að líta svo á, að eins og sakir standa séu engar horfur á því, að þetta geti tekizt. Ekki verður betur séð en að vetrarvertíðin ætli nú að bregðast í þriðja sinn. Fiskaflinn undanfarnar vertíðir hefir ekki verið nema um helmingur af því, sem áður var talið meðalafli, og enn sem komið er nemur fiskaflinn í ár litlu meira en hann gerði í fyrra á sama tíma. Þá hafa síldarafurðir mjög fallið í verði. Það er því fyrirsjáanlegt, að á þessu ári verður ekki unnt að flytja út 4,5 millj. kr. af hinum takmarkaða gjaldeyri þjóðarinnar til lækkunar á skuldum erlendis, nema þá með því að tilfinnanlegur verði skortur nauðsynjavara.

Það verður þá einnig að líta svo á, að það verði þjóðinni um megn á næstu árum að lækka skuldir sínar árlega um 4,5 millj. kr. og gerast þannig útflytjandi fjármagns, nema því aðeins, að verulega batni í ári frá því, sem er við sjóinn.

Samkvæmt því, sem að framan greinir, nema afborganir af lánum ríkissjóðs, lánsstofnana, bæjar- og sveitarfélaga og annara, sem hafa ríkisábyrgð, um 3,3 millj. kr. af heildarupphæð árlegra afborgana. Í frv. þessu er gert ráð fyrir 12 millj. kr.

lántökuheimild samtals. 1 millj. kr. af þeirri upphæð er ætluð til verksmiðjubygginga á Raufarhöfn, en allt að 11 millj. af upphæðinni er hið fyrirhugaða gjaldeyrislán, sem tekið yrði á 3 árum, ef ástæður þættu til, eins og nánar er frá skýrt hér á eftir. — Ráðgert er, að ríkissjóður einn sé lántakandinn, enda þótt afborganir af lánum hans nemi ekki nema 1,3 millj. kr. árlega, af þeim 3,4 millj. kr., sem komið getur til mála að greiða af láninu. Sú leið er farin vegna þess, að það er einfaldast í framkvæmd, að ríkissjóður sé einn aðili að slíku láni gagnvart erlendum lánveitendum.

Þá skal nánar að því vikið, hvernig lánið yrði notað. Verði gjaldeyrisástandið þannig næstu 3 árin, að eigi teljist fært að greiða af gjaldeyristekjum þjóðarinnar allar afborganagreiðslur af föstum lánum, þá sé sá hluti afborgana þeirra föstu lána, er að framan getur, sem eigi telst fært að greiða með því móti, greiddur af lánsfénu. Fyrst og fremst sé notað af láninu til greiðslu þeirra afborgana, sem ríkissjóði ber að standa skil á, því næst sé bönkum, bæjar- og sveitarfélögum og þeim, sem ríkisábyrgð hafa fyrir lánum sínum, seldur gjaldeyrir til greiðslu afborgana af föstum lánum að nokkru eða öllu leyti, eftir því hvernig gjaldeyrisástandið er á hverjum tíma. Þessir aðiljar greiða að sjálfsögðu ríkinu gjaldeyrinn í íslenzkum peningum samkvæmt skráðu gengi, en andvirði gjaldeyrisins skal lagt í sérstakan sjóð til ávöxtunar, enda fáist a. m. k. venjulegir sparisjóðsvextir af fénu. Þessi sjóður sé síðar notaður til þess að greiða aukaafborganir af lánum ríkissjóðs erlendis, eftir því, sem gjaldeyrisástæður leyfa. Þannig er það tryggt, að ekkert af því fé, sem ríkissjóður fær inn fyrir sölu gjaldeyrisins, verður eyðslueyrir, þar sem það er lagt til hliðar til að greiða niður erlendar skuldir, ef batnar í ári og gjaldeyristekjur þjóðarinnar þola slíkar yfirfærslur. Ef lægri vextir verða greiddir af innstæðu þessa sjóðs en ríkið þarf að greiða af láninu, verða þeir, sem gjaldeyri hafa fengið keyptan til greiðslu skulda sinna, að greiða ríkinu þann halla árlega. Gert er ráð fyrir, að af láni þessu yrði bönkunum seldur gjaldeyrir, sem svarar þeim afborgunum, er þeir hafa yfirfært af framangreindum lánum á árinu 1938, áður en lántakan færi fram.

Eins og sýnt hefir verið fram á, yrði þessi lántaka, sem hér er fyrirhuguð, ekki til þess að auka skuldir þjóðarinnar við útlönd. Það verður að líta á það sem staðreynd, að þjóðinni er um megn að lækka verulega skuldir sínar við önnur lönd í árferði því, sem nú virðist framundan, og eftir þá örðugleika, sem á undan eru gengnir. Hitt verður að teljast vel viðunandi, ef hægt er að komast hjá því að auka skuldirnar eins og nú standa sakir.

Að lokum verður að koma greinilega í ljós í þessu sambandi, sem þó er auðvelt að ályktа af þeim upplýsingum, sem að framan eru gefnar um horfur í þessum málum, að enda þótt lántaka þessi yrði framkvæmd, verður á engan hátt síður þörf á því að leggja sömu áherzlu og fyrirhuguð hafði verið á niðurfærslu innflutningsins, enda verður í engu frá því hvikað.

Ed. 345. Þingsályktun

um undirbúning löggjafar um húsmæðrafræðslu í kaupstöðum landsins.

(Afgreidd frá Ed. 26. apríl).

Samhljóða þskj. 290.

Ed. 346. Þingsályktun

um undirbúning að endurbyggingu stýrimannaskólans.

(Afgreidd frá Ed. 26. apríl).

Samhljóða þskj. 297.

Nd. # 347. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 68 28. des. 1934, um útvarpsrekstur ríkisins.

Frá allsherjarnefnd.

1. gr.

4. gr. laganna skal orða svo:

Útvarpsráð skipa sjö menn.

Þrír þeirra og þrír til vara skulu kosnir hlutfallskosningu á hverju nýkjörnu Alþingi. Fellur þá jafnframt niður umboð þeirra þingkjörinna útvarpsráðsmanna, sem kosnir voru næst á undan.

Aðrir þrír og þrír til vara skulu kosnir hlutfallskosningu meðal allra þeirra, sem útvarpsnotendur teljast og greitt hafa lögmælt gjöld samkvæmt lögum þessum.

Kennslumálaráðherra felur skrifstofu ríkisútvarpsins að annast um, að fram fari kosning af hálfu útvarpsnotenda. Heimilt er félögum útvarpsnotenda og einstökum útvarpsnotendum að bera fram kjörlista. Skulu á hverjum lista vera nöfn sex manna, þeirra er kjörgengir eru, og fylgi hverjum lista meðmæli að minnsta kosti 200 útvarpsnotenda. Kjörgengur er hver sá útvarpsnotandi, sem greitt hefir lögmælt gjöld samkvæmt lögum þessum, er ekki fastráðinn starfsmaður ríkisútvarpsins og er búsettur í Reykjavík eða svo nálægt Reykjavík, að hann geti tekið þátt í störfum útvarpsráðs.

Kennslumálaráðherra ákveður í reglugerð nánar um tilhögun kosningarinnar og talningu atkvæða, enda sé fulltrúum útvarpsnotenda tryggður réttur til eftirlits með kosningunni.

Kosning þessi gildir til fjögurra ára í senn. Skal kosningin fara fram í febrúar eða marz, en hinir kjörnu útvarpsráðsmenn taka sæti í útvarpsráði 1. maí næstan á eftir.

Kennslumálaráðherra skipar sjöunda mann í útvarpsráð, og er hann formaður þess. Formaður skal skipaður um leið og þeir menn taka sæti í útvarpsráði, sem kosnir eru af Alþingi. Skrifstofustjóri útvarpsráðs er ritari þess.

Nú koma ekki fram við kosningu í útvarpsráð af hálfu útvarpsnotenda neinir kjörlistar, og ferst kosning þá fyrir. Skipar þá kennslumálaráðherra þrjá menn í útvarpsráð af hálfu útvarpsnotenda til næstu fjögurra ára.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi, og skal kosið samkvæmt þeim í útvarpsráð á því Alþingi, sem samþykkir þau, en kjörtímabil þeirra manna, sem nú eiga sæti í útvarpsráði og kosnir eru af útvarpsnotendum, lengist til 1. maí 1939.

Greinargerð.

Frv. þetta er flutt eftir tilmælum frá forsetum Sþ., sem létu fylgja því eftirfarandi greinargerð:

Við athugun hefir það komið í ljós, að ákvæði 4. gr. útvarpslaganna, um skipun útvarpsráðs, er ekki hægt að framkvæma eins og þau eru. Samkv. þessum ákvæðum voru þeir útvarpsráðsmenn, sem Alþingi velur, kosnir í sameinuðu þingi 22. des. 1934, allir til 4 ára, frá 22. marz 1935. Kjörtímabil þeirra er því útrunnið 22. marz 1939. Nú er svo fyrir mælt í lagagreininni, að innan þriggja mánaða frá því er Alþingi kýs í útvarpsráð, skuli vera lokið kosningu í ráðið af hálfu útvarpsnotenda og undirbúningur þeirrar kosningar skuli hefjast þegar að lokinni kosningunni á Alþingi, enda taki hið nýkjörna útvarpsráð þegar við störfum. Af þessum ákvæðum leiðir, að of snemmt er að kjósa í útvarpsráð á þessu þingi, með því að þá þegar yrði að efna til kosningar meðal útvarpsnotenda. Hinsvegar er ekki hægt að draga kosn-

inguna til næsta Alþingis, sem væntanlega kemur ekki saman fyrr en 15. febrúar, með því að þá er of naumur tími til þess að láta fram fara kosningu meðal útvarpsnotenda fyrir 22. marz, en þá er á enda kjörtímabil allra útvarpsráðsmanna.

Framhjá þessum árekstri verður því að stýra með lagabreytingu á þessu þingi.

Það virðist hafa verið tilgangurinn, þegar kjörtímabil útvarpsráðsmanna var ákveðið 4 ár, að fulltrúar Alþingis í útvarpsráði væru kosnir af hverju nýkjörnu þingi, enda er það í sjálfu sér eðlilegt. Því er hér lagt til, að svo verði framvegis. Hinsvegar þykir ekki ástæða til þess að efna til kosninga í útvarpsráð meðal útvarpsnotenda oftar en á 4 ára fresti. Þeirri kosningu fylgir mikið umstang og kostnaður. Virðist því bæði eðlilegt og hagkvæmt að láta kosningu Alþingis í útvarpsráð og kosninguna meðal notenda verða óháðar hvora annari, eins og hér er lagt til.

Heppilegast mun, að kosningin meðal útvarpsnotenda fari fram á þeim árstíma, er útvarpsstarfsemin stendur sem hæst og áhugi manna fyrir málefnum útvarpsins ætti að vera mest vakandi, enda mundu fulltrúar útvarpsnotenda samkv. þessum tillögum taka sæti í útvarpsráði þegar vetrardagskrá er að ljúka og undirbúningur næstu vetrardagskrár að hefjast.

Sþ. 348. Frumvarp til fjáraukalaga

fyrir árið 1936.

1. gr.

Til viðbótar við gjöld þau, sem veitt eru á fjárlögum 1936, eru veittar kr. 1317990.70 til gjalda þeirra, sem tilfærð eru í 2.—11. gr. hér á eftir:

2. gr.

Til viðbótar við gjöldin í 10. gr. er veitt:

	I. Ráðuneytin, ríkisféhirðir o. fl.:				
2.	Til utanferða ráðherra	kr.	2956.23		
3.	Laun starfsmanna stjórnarráðsins ..	—	7807.94		
4.	Annar kostnaður	—	23687.98		
5.	Fyrir að gegna ríkisféhirðisstörfum	—	1906.04		
6.	Pappír, prentun og hefting ríkisreikninga	—	209.45		
7.	b. Til pappírs og prentunar	—	3745.65		
	c. Kostnaður við póstsendingar	—	610.38		
8.	Til umbóta og viðhalds stjórnarráðshúss, ráðherrabústaðar og til hitunar og lýsingar	—	8939.54		
				kr.	49863.21
	II. Hagstofan:				
2.	Pappír, prentun og hefting hagskýrslna	kr.	933.34		
4.	Húsaleiga	—	383.26		
5.	Aðstoðar- og skrifstofukostnaður ...	—	953.45		
				—	2270.05
	III. Utanríkismál:				
2.	Til meðferðar utanríkismála	kr.	2589.07		
4.	Kostnaður við sambandslaganefnd ..	—	658.43		
				—	3247.50
				kr.	55380.76
				Flyt kr.	55380.76

Flutt kr. 55380.76

3. gr.

Til viðbótar við gjöldin í 11. gr. er veitt:

A. Dómgæzla og lögreglustjórn:

1.	b. Annar kostnaður	kr.	8692.20	
4.	a. Laun 3 fulltrúa og 2 skrifara	—	2530.00	
	b. Húsaleiga, hiti, ljós og ræsting	—	192.50	
5.	a. Laun og aðstoð	—	508.00	
	b. Húsaleiga, ljós og hiti	—	1800.00	
6.	a. Laun 2 fulltrúa og 5 skrifara	—	1250.00	
	b. Ljós, hiti og ræsting	—	5001.11	
	c. Ýmisleg gjöld	—	4264.73	
7.	Toll- og löggæzla	—	24868.60	
8.	Skrifstofukostnaður sýslumanna og bæjarfógeta	—	17625.50	
10.	Til hegningarhússins í Reykjavík og viðhalds fangelsa	—	8125.96	
12.	Sakamálakostnaður og lögreglumála o. fl.	—	18805.30	
13.	Borgun til sjódómsmanna	—	48.00	
15.	Til endurskoðunar réttarfarslöggjafarinnar	—	1400.00	
16.	Kostnaður við löggildingu vogar- og mælitækja	—	5799.84	
17.	Til kaupa á nýjum löggildingartækjum	—	1400.00	
18.	Kostnaður við barnavernd	—	65.35	
19.	Laun sáttasemjara í vinnudeilum	—	35.00	
				kr. 102412.09

B. Sameiginl. kostn. við embættisrekstur:

1.	b. Fyrir embættisskeyti	kr.	22323.64	
2.	Brunaábyrgðar- og fasteignagjald nokkurra ríkisstofnana	—	544.24	
3.	Til embættiseftirlitsferða	—	127.60	
4.	Gjöld til yfirskattanefndar, skattstofu Reykjavíkur og fyrir skattvirðingar	—	23737.95	
5.	Til ríkisskattanefndar	—	3780.00	
6.	Eyðublöð, bókband, auglýsingar o. fl.	—	19957.76	
				— 70471.19
				kr. 172883.28

4. gr.

Til viðbótar við gjöldin í 12. gr. er veitt:

Til læknaskipunar og heilbrigðismála:

2.	Til skrifstofu landlæknis	kr.	37.27	
5.	Til augnlæknisferða	—	800.00	
11.	Landsspítalinn	—	27294.77	
12.	Holdsveikraspítalinn	—	4574.25	
13.	Kleppur: I. Gamli spítalinn	—	6859.98	
	— II. Nýi spítalinn	—	26278.70	
14.	Heilsuhælið á Vífilsstöðum	—	20627.79	
		Flyt kr.	86472.76	kr. 228264.04

		Flutt kr.	86472.76 kr.	228264.04
16.	Heilsuhælið í Kristnesi	—	5766.74	
18.	f. & g. Varnir gegn útbreiðslu næmra sjúkdóma og gegn því að næmir sjúkdómar berist til Íslands	—	1000.00	
	h. Varnir gegn kynsjúkdómum	—	6300.91	
	i. Kostnaður við heilbrigðiseftirlit lækna með alþýðuskólum	—	3396.19	
	l. Til styrktar mænusóttarsjúklingum	—	220.00	
	n. Til styrktar mönnum, sem þurfa gerfilimi	—	462.75	
	r. Til ýmissa sjúkl. eftir úthlutun landlæknis	—	195.00	
				103814.35

5. gr.

Til viðbótar við gjöldin í 13. gr. er veitt:

A. Vegamál:

I.	3.	Ferðakostn. og fæðispeningar kr.	968.57	
	4.	Til aðstoðarm. og mælinga	— 12393.03	
	5.	Skrifstofukostnaður	— 3018.40	
II. a.	1.	Kjósarvegur	— 235.04	
	2.	Hafnarfjallsvegur	— 19.30	
	3.	Mýravegur	— 529.94	
	4.	Stykkishólmsvegur	— 474.20	
	5.	Ólafsvíkurvegur	— 272.33	
	6.	Laxárdalsvegur	— 194.01	
	7.	Suðurdalavegur	— 247.93	
	8.	Saurbæjarvegur	— 288.80	
	9.	Geiradalsvegur	— 341.01	
	10.	Patreksfjarðarvegur áleiðis til Bíldudals	— 182.25	
	11.	Breiðdalsheiðarvegur	— 186.35	
	12.	Bolungavíkurvegur	— 45.59	
	13.	Langadalsvegur	— 214.47	
	14.	Steingrímsfjarðarvegur	— 515.85	
	15.	Kollafjarðarvegur	— 13.08	
	16.	Bitruvegur	— 810.85	
	18.	Hrútafjarðarv. í Húnavatnssýslu	— 4.63	
	19.	Vesturhópsvegur	— 846.67	
	20.	Húnvetningabraut	— 479.36	
	21.	Blönduhlíðarvegur	— 274.63	
	23.	Fljótavegur	— 8.64	
	24.	Siglufjarðarskarð	— 105.59	
	25.	Öxnadalsvegur	— 147.84	
	26.	Ljósavatnsskarðsvegur	— 178.67	
	28.	Brekknaheiðarvegur	— 10.49	
	30.	Vopnafjarðarvegur	— 6650.26	
	31.	Jökulsárhlíðarvegur	— 20.18	
	33.	Fjarðarheiðarvegur	— 66.00	
	34.	Norðfjarðarvegur	— 273.90	
	37.	Breiðdalsvegur	— 51.02	
	38.	Suðursveitarvegur	— 59.51	
	39.	Öræfavegur	— 23.23	
		Flyt kr.	30151.62	kr. 332078.39

		Flutt	kr.	30151.62	kr.	332078.39
	40.	Síðuvegur	—	268.55		
	41.	Mýrdalsvegur	—	26.29		
	44.	Gnúpverjahreppsvegur	—	34.76		
	45.	Hrunamannahreppsvegur	—	176.91		
	46.	Sogsvegur	—	2032.83		
b.		Viðhald og umbætur	—	35250.31		
c.	3.	Til Suðurlandsbrautar	—	1234.61		
	5.	Til Austurlandsvegar	—	619.92		
	6.	Til Geysisvegar	—	661.32		
III.		Til brúargerða	—	26647.28		
VI.	1.	Tillög til akfærra sýsluvega	—	1305.36		
	3.	Til sýsluvegasjóða skv. l.	—	2884.42		
X.		Styrkur til þess að halda uppi vetrarferðum	—	3687.89		
					kr.	104982.07
		B. Samgöngur á sjó:				
1. a.		Til strandferða ríkissjóðs			—	97651.24
		C. Vitamál og hafnargerðir:				
I.	4.	Til skrifstofuhalds	kr.	2644.22		
V.		Til áhaldakaupa	—	2721.00		
VI.		Ýmislegt	—	33291.96		
XII.		Til sjómælinga	—	9224.10		
					—	47881.28
					kr.	250514.59

6. gr.

Til viðbótar við gjöldin í 14. gr. er veitt:

		A. Kirkjumál:				
a.	2.	Skrifstofukostnaður	kr.	3125.00		
b.	3.	Framlag til prestlaunasjóðs	—	36646.26		
	5.	Embættiskostnaður presta	—	20256.33		
					kr.	60027.59
		B. Kennslumál:				
I.	j.	Hiti, ljós, ræsting og vélgæzla	kr.	464.06		
	k. 2.	Ýmisleg gjöld	—	2138.17		
III.	3.	Skrifstofukostnaður	—	6780.73		
IV.	c. 2.	Eldiviður, ljós, ræsting	—	836.31		
	4.	Stundakennsla og til prófdómenda	—	4375.38		
	7.	Læknisþóknun	—	400.00		
	9.	Ýmisleg gjöld	—	4939.05		
	10.	Til verðlaunabóka	—	48.43		
V.	b. 1.	Til aukakennara og stundakennslu	—	6495.50		
	4.	Til eldiviðar og ljósa	—	1779.20		
	8.	Til ýmissa gjalda	—	2337.83		
VI.	b. 1.	Stundakennsla	—	5411.00		
	2.	Eldiviður og ljós	—	359.49		
	3.	Bókakaup og áhöld	—	160.04		
		Flyt	kr.	97656.10	kr. 60027.59	kr. 582592.98

			Flutt	kr.	97656.10	kr. 60027.59	kr. 582592.98
		5.	Til viðhalds	—	323.57		
		6.	Ýmisleg gjöld	—	5142.21		
VII.	b.		Húsaleiga skólastjóra	—	500.00		
	c.	1.	Til stundakennslu	—	2108.00		
		4.	Ýmisleg útgjöld	—	1279.04		
		5.	Áhaldakaup	—	161.93		
VIII.	b.	3.	Ljós, hiti og ræsting	—	350.47		
		4.	Ýmisleg gjöld	—	304.04		
		6.	Til prófhalda	—	1412.00		
IX.	1. c.	1.	Til verklegs náms	—	2180.00		
		3.	Til eldiviðar og ljósa	—	405.79		
		4.	Ýmisleg gjöld	—	1367.82		
	2. c.	1.	Til verklegs náms	—	1795.47		
	2. c.	2.	Til kennsluáhalda	—	28.61		
		3.	Til eldiviðar og ljósa	—	602.49		
X.		f.	Til verklegs framhaldsnáms erlendis	—	800.00		
XIII.		3.	Til farkennslu og eftirlits með heimakennslu	—	5264.60		
XIV.	1. c.	3.	Ýmisleg gjöld	—	1224.05		
		4.	Til viðhalds	—	4000.00		
		5.	Til þess að ljúka við rafstöð skólans	—	20605.09		
XV.		2.	Húsmæðrafræðsla á Hallormsstað	—	840.00		
XVI.			Til kennslu heyrnar- og málleysingja	—	10435.73		
						kr. 97656.10	
							kr. 157683.69

7. gr.

Til viðbótar við gjöldin í 15. gr. er veitt:

Til vísinda bókmennta og lista:

1.	j.	Ýmisleg gjöld	kr.	775.00		
2.	c.	Ýmisleg gjöld	—	250.00		
5.	a.	Til eldiviðar, ljósa og ræstingar	—	1775.00		
26.		Til styrktar sænsku vikunni 1936	—	885.33		
49.		Kostnaður við friðun þingvalla	—	2123.94		
					kr.	5809.27

8. gr.

Til viðbótar við gjöldin í 16. gr. er veitt:

Til verklegra fyrirtækja:

1.		Til atvinnubóta í kaupstöðum og kauptúnum	kr.	20561.80		
2.		Til búnaðarfélags Íslands	—	16158.31		
4.		Til sandgræðslu	—	3872.20		
5.		Gjöld samkv. jarðræktarlögum:				
	a.	Jarðabótastyrkur	—	42935.27		
7.	c.	1. Afgjöld þjóðjarða	—	1644.89		
9.	a.	Samkv. lögum um verkamannabúst.	—	12578.00		
			Flyt	kr.	97750.97	kr. 746085.94

		Flutt	kr. 97750.97	kr.	746085.94
10.	Vegna ráðstafana um tilbúinn áburð	—	2111.19		
13.	Til fóðurtryggingarsjóða	—	72913.39		
14.	Til skógræktar:				
a.	Laun	—	1040.00		
15.	Til mannvirkja á Flóaáveitusvæðinu	—	3962.80		
19. g.	Kostnaður við rannsókn á ormaveiki í sauðfé	—	40.00		
20.	Til fjárkláðalækninga	—	125.00		
21.	Til efnarannsóknarstofu í Reykjavík:				
a.	Laun forstöðumanns	—	83.00		
22.	Til veðurstofu Íslands:				
a.—b.	Til aðstoðar	—	1703.75		
22. c.	Til veðurathugana utan Reykjavíkur o. fl.	—	1128.30		
f.	Húsaleiga, ljós, hiti o. fl.	—	958.13		
h.	Jarðskjálftamælingar	—	75.70		
24.	Gjöld vegna laga um raforkuvirki	—	8783.96		
29.	Kostnaður vegna laga um lax- og silungsveiði	—	1255.00		
31.	Laun yfirmatsmanna o. fl.:				
a.	5 yfirfiskimatsmenn	—	1256.00		
b.	4 ullarmatsmenn	—	500.00		
32.	Til eftirlits með skipum o. s. frv.:				
b.	Til skrifstofukostnaðar	—	541.06		
c.	Ferðakostnaður	—	728.82		
33.	Til erindreka í Miðjarðarhafslöndum	—	4414.25		
34.	Kostnaður vegna laga um fiskimatsstjóra	—	3690.16		
35.	Kostnaður vegna sérstakra ráðstafana um inn- og útflutning	—	9847.29		
54.	Til vinnumiðlunar	—	9246.73		
62.	Til húsameistara ríkisins:				
a.	Laun	—	2400.00		
b.	Skrifstofukostnaður	—	12108.17		
63.	Til vatnsrennslismælinga	—	34.23		
64.	Gjöld vegna laga um skipulag bæja	—	2148.51		
70.	Til greiðslu vaxta af fasteignaveðslánum bænda	—	10000.00		
75.	Til skipulagsnefndar atvinnumála	—	21111.94		
76.	Kostnaður við eftirlit með opinberum sjóðum	—	1000.00		
				kr.	270958.35

9. gr.

Til viðbótar við gjöld í 17. gr. er veitt:

Til almennrar styrktarstarfsemi:

2.	Gjöld samkvæmt fátækralögum	kr.	27283.02		
4.	Styrkur til sjúkrasamlaga	—	24819.75		
				kr.	52102.77

10. gr.

Til viðbótar við gjöldin í 19. gr. er veitt:

Óviss útgjöld	kr.	133555.27

11. gr.

Til gjalda samkv. þingsályktunum er veitt	kr.	115288.37
	Samtals kr.	1317990.70

Ástæður

fyrir frumvarpi þessu eru í ríkisreikningi 1936, athugasemdum yfirskoðunarmanna og svörum ráðherra við þeim athugasemdum.

Nd. 349. Frumvarp til laga

um samþykkt á ríkisreikningnum fyrir árið 1936.

I. Innborganir:	Áætlun	Reikningur
	kr.	kr.
1. Tekjur samkv. 2. gr. fjárlaga	12 065 000.00	12 379 918.57
2. — — 3. — A. —	2 622 860.00	3 095 930.11
3. — — 3. — B. —	24 650.00	27 833.76
4. — — 4. — —	515 475.00	556 747.88
5. — — 5. — —	50 000.00	82 272.04
6. Eignabreytingar samkv. 20. gr. fjárlaga	504 051.00	2 441 939.37
7. Greiðslujöfnuður (sjóðlækkun)	160 197.00	185 465.06
Samtals	15 942 233.00	18 770 106.79

II. Útborganir:	Fjárveiting	Reikningur
	kr.	kr.
1. Gjöld samkv. 7. gr. fjárlaga	1 558 500.00	1 689 667.53
2. — — 8. — —	60 000.00	60 000.00
3. — — 9. — —	250 920.00	270 068.47
4. — — 10. — —	473 746.00	531 634.38
5. — — 11. — A. —	1 277 280.00	1 425 547.88
6. — — 11. — B. —	284 000.00	323 714.36
7. — — 12. — —	698 442.00	916 121.26
8. — — 13. — A. —	1 535 302.00	1 637 183.05
9. — — 13. — B. —	618 000.00	714 851.24
10. — — 13. — C. —	621 750.00	630 368.93
11. — — 14. — A. —	328 120.00	389 155.39
12. — — 14. — B. —	1 514 567.00	1 804 984.76
13. — — 15. — —	196 160.00	227 518.33
14. — — 16. — —	3 225 225.00	3 468 505.70
15. — — 17. — —	1 539 700.00	1 434 101.62
16. — — 18. — —	321 421.00	312 726.71
17. — — 19. — —	100 000.00	300 997.63
18. Eignabreytingar samkv. 20. gr. fjárlaga	1 339 100.00	2 632 959.55
Samtals	15 942 233.00	18 770 106.79

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta:

Frumvarp þetta er í sama formi og reikningslög þau, sem áður hafa verið samþykkt. Ríkisreikningur fyrir 1935 verður lagður samhliða þessu frumvarpi fyrir alþingi, en hann telur allar tekjur og gjöld í sömu röð, sem fjárlögin, og vísast því til hans um nánari sundurliðun tekna og gjalda.

Á fjárlögum eru gjöldin í 12. gr. vantalin í samlagningu um kr. 9500.00. Þetta er leiðrétt hér, en við það hækkar greiðslujöfnuður fjárlaganna um sömu upphæð. Ber því frumvarpinu ekki saman við fjárlögin á þessum tveim liðum.

Nd. 350. Nefndarálit

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 46 13. júní 1937, um samvinnufélög.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefir athugað frv. og leggur til, að það verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGUM.

1. Við 1. gr. Síðasta málsl. skal orða svo:
   Heimilt er þó að ákveða, til þess að tryggja viðskipti félagsdeilda við félag, að fulltrúatalan fari jafnframt eftir heildarvöruskiptum deildanna við félagið.
2. Við 2. gr. Niðurlag greinarinnar skal orða svo: ... á sambandsfund, eftir tölu félagsmanna. Heimilt er þó að ákveða, til þess að tryggja viðskipti félaga við samband, að fulltrúatalan fari jafnframt eftir heildarvöruskiptum félaganna við sambandið.

Alþingi, 26. apríl 1938.

Bergur Jónsson, form., frsm.	Vilm. Jónsson, fundaskr.	Thor Thors.	Garðar Þorsteinsson.

Ed. 351. Breytingartillaga

við frv. til l. um skipun nefndar til að rannsaka hag og rekstur togaraútgerðarinnar og gera tillögur um það mál.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Aftan við 2. gr. komi ný málsgr., svo hljóðandi:
Nefndin leiti einnig upplýsinga hjá stéttarfélögum togarasjómanna og félagi togaraeigenda um allt, sem lýtur að rekstri togaranna, svo og tilhögun og fyrirkomulagi við fiskveiðarnar.

Nd. 352. Breytingartillögur

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 104 23. júní 1936, um atvinnu við siglingar á íslenzkum skipum.

Frá Einari Olgeirssyni.

1. Við 1. gr. Greinin falli burt.
2. Við 3. gr. Greinin falli burt.

Ed. 353. Nefndarálit

um frv. til laga um bráðabirgðabreyting nokkurra laga.

Frá fjárhagsnefnd.

Frv. þetta er komið frá Nd. Hefir fjárhagsn. athugað það og leggur til, að það verði samþ.

Alþingi, 27. apríl 1938.

Bernh. Stefánsson, form., frsm.	Erl. Þorsteinsson, fundaskr.	Magnús Jónsson.

Sþ. 354. Nefndarálit

um till. til þál. um skipun milliþinganefndar til þess að endurskoða tolla- og skattalöggjöf landsins.

Frá fjárveitinganefnd.

Nefndin hefir athugað þáltill. þessa og mælir með því, að hún verði samþ. óbreytt.

Alþingi, 27. apríl 1938.

Bjarni Bjarnason, form. Bernh. Stefánsson, frsm. Ásg. Ásgeirsson, fundaskr.

Jakob Möller. Þorst. Þorsteinsson. Pétur Ottesen. Helgi Jónasson.

Þorbergur Þorleifsson. Jón Pálmason.

Nd. 355. Frumvarp til laga

um skipun nefndar til að rannsaka hag og rekstur togaraútgerðarinnar og gera tillögur um það mál.

(Eftir 3. umr. í Ed.).

1. gr.

Sameinað Alþingi kýs hlutbundinni kosningu 5 manna nefnd til þess að rannsaka hag og rekstur allra togaraútgerðarfyrirtækja hér á landi. Skal nefndin sérstaklega taka til athugunar, hvort hægt muni að gera rekstur togaranna hagkvæmari og ódýrari en nú er, og á hvern hátt unnt sé að koma á öruggan grundvöll útgerð þeirra skipa, sem rekin hafa verið með tapi undanfarin ár.

Nefndin skili niðurstöðum rannsóknarinnar og tillögum til ríkisstjórnarinnar. Getur ríkisstjórnin, að þeim tillögum fengnum, falið nefndinni að rannsaka einstök atriði nánar, ef ástæða þykir til.

Kostnaður við störf nefndarinnar greiðist úr ríkissjóði.

2. gr.

Nefndin skal hafa heimild til að heimta skýrslur, munnlegar eða bréflegar, af eigendum og stjórnendum togaraútgerðarfyrirtækja og öðrum, um þau atriði, sem hún telur þörf á við framkvæmd rannsóknarstarfa sinna. Einnig er nefndinni heimilt að rannsaka bækur og skjöl viðkomandi útgerðarfyrirtækja, og eru allir, sem hafa slíkar bækur og skjöl í sínum vörzlum, skyldir til að veita nefndinni aðgang að þeim.

Nefndin leiti einnig upplýsinga hjá stéttarfélögum togarasjómanna og félagi togaraeigenda um allt, sem lýtur að rekstri togaranna, svo og tilhögun og fyrirkomulagi við fiskveiðarnar.

3. gr.

Nefndarmönnum og starfsmönnum nefndarinnar, ef einhverjir eru, er bannað, að viðlagðri ábyrgð eftir ákvæðum almennra hegningarlaga um embættis- og sýslunarmenn, að skýra óviðkomandi mönnum frá því, sem þeir verða áskynja í starfi sínu og varðar einkamál einstakra manna eða fyrirtækja.

4. gr.

Sá, sem vanrækir skyldur þær, sem um ræðir í 2. gr., skal sæta 10—200 kr. dagsektum, unz skyldunni er fullnægt.

Ef nefndinni eru gefnar rangar skýrslur, varðar það sektum, allt að 10000 kr., nema þyngri refsing liggi við samkvæmt lögum.

5. gr.

Mál út af brotum á lögum þessum skulu sæta meðferð almennra lögreglumála.

6. gr.

Nefnd sú, er ræðir um í 1. gr., skal kosin þegar eftir gildistöku laga þessara, ef gildistakan fer fram áður en Alþingi því, er lögin samþykkir, er slitið. Ef gildistakan fer fram síðar, skal nefndin þó kosin á Alþingi því, er lögin samþykkir.

7. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ed. 356. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 104 23. júní 1936, um atvinnu við siglingar á íslenzkum skipum.

(Eftir 3. umr. í Nd.).

1. gr.

49. gr. laganna orðist þannig:

Ekkert skip yfir 20 tonn má afgreiða frá nokkurri höfn hér á landi til ferða á milli Íslands og annara landa eða í innanlandssiglingar, nema á því séu til starfa auk skipstjóra einn eða fleiri stýrimenn samkv. eftirfarandi ákvæðum:

Undanþegin ákvæðinu um stýrimann eru þó þau fiskiskip og bátar, 30 rúmlestir og undir, sem leggja afla sinn daglega á land.

a. Á fiskiskipi upp að 500 rúmlestir, á flutningaskipi upp að 500 rúmlestir og á farþega- og flutningaskipi upp að 300 rúmlestir sé minnst einn stýrimaður.
b. Á fiskiskipum 500 rúmlestir og stærri, á flutningaskipum 500—1500 rúmlestir og á farþega- og flutningaskipum 300—800 rúmlestir séu minnst tveir stýrimenn.
c. Á flutningaskipum 1500 tonn og stærri, farþega- og flutningaskipum 800 tonn og stærri séu minnst þrír stýrimenn.

2. gr.

50. gr. laganna orðist þannig:

Á varðskipum ríkisins yfir 300 rúmlestir séu minnst þrír stýrimenn og á varðskipum undir 100 rúmlestir sé minnst einn stýrimaður, en á varðskipum 100—300 rúmlestir minnst tveir stýrimenn. Rétt til skipstjórnar og stýrimennsku á skipum þessum geta þeir einir öðlazt, er lokið hafa farmannaprófi.

3. gr.

51. gr. laganna orðist þannig:

a. Á eimskipi með meira en 50, en ekki yfir 300 hestafla vél skal vera að minnsta kosti einn yfirvélstjóri, sem öðlazt hefir skírteini samkvæmt 27. gr., einn undirvélstjóri, sem öðlazt hefir skírteini samkvæmt 25. gr.
b. Á eimskipi með meira en 300, en ekki yfir 800 hestafla vél skal vera að minnsta kosti einn yfirvélstjóri, sem öðlazt hefir skírteini samkvæmt 31. gr., einn undirvélstjóri, sem öðlazt hefir skírteini samkvæmt 29. gr.

Ef skipið er notað til farþegaflutninga og hefir yfir 500 hestafla vél, skal í viðbót koma 1 aðstoðarmaður, er öðlazt hefir skírteini samkvæmt 27. gr.

Ef ferðir skipsins eru aðeins innan fjarða eða flóa, er nægilegt, að á því séu tveir vélstjórar, sem öðlazt hafa skírteini samkvæmt 29. gr. og 31. gr.

c. Á eimskipi með meira en 800, en ekki yfir 1200 hestafla vél skal vera að minnsta kosti einn yfirvélstjóri, sem öðlazt hefir skírteini samkv. 33. gr., og einn undirvélstjóri, sem öðlazt hefir skírteini samkv. 31. gr.

Ef skipið er farþegaskip, varðskip eða björgunarskip, skal á því vera að minnsta kosti einn yfirvélstjóri, sem öðlazt hefir skírteini samkv. 33. gr., einn undirvélstjóri, sem öðlazt hefir skírteini samkv. 31. gr., og einn aðstoðarvélstjóri, sem öðlazt hefir skírteini samkv. 29. gr.

d. Á eimskipi með meira en 1200, en ekki yfir 2500 hestafla vél skal vera í minnsta lagi einn yfirvélstjóri, sem öðlazt hefir skírteini samkv. 33. gr., tveir undirvélstjórar, sem öðlazt hafa skírteini samkv. 31. gr.

Sé skipið farþegaskip og vél þess yfir 1800 hestöfl, skal á því vera í minnsta lagi einn yfirvélstjóri, sem öðlazt hefir skírteini samkvæmt 33. gr., tveir undirvélstjórar, sem öðlazt hafa skírteini samkvæmt 31. gr., og einn aðstoðarvélstjóri, sem öðlazt hefir skírteini samkvæmt 29. gr.

e. Á eimskipi með yfir 2500 hestafla vél skal vera að minnsta kosti einn yfirvélstjóri, sem öðlazt hefir skírteini samkvæmt 33. gr., tveir undirvélstjórar, sem öðlazt hafa skírteini samkvæmt 31. gr., og einn aðstoðarvélstjóri, sem öðlazt hefir skírteini samkvæmt 29. gr.

Sé skipið farþegaskip, komi einn aðstoðarvélstjóri að auki, sem öðlazt hefir skírteini samkvæmt 29. gr.

4. gr.

52. gr. laganna orðist þannig:

a. Á mótorskipi með 15 hestafla vél eða minna skal vera í minnsta lagi einn vélavörður, sem öðlazt hefir réttindi samkv. 34. gr.

b. Á mótorskipi með meira en 15, en ekki yfir 50 hestafla vél skal vera í minnsta lagi einn vélstjóri, sem öðlazt hefir skírteini samkvæmt 36. gr., og einn aðstoðarmaður, sem öðlazt hefir réttindi samkv. 34. gr. Aðstoðarmaður þessi má þó jafnframt gegna öðrum störfum á skipinu.

c. Á mótorskipi með meira en 50, en ekki yfir 150 hestafla vél skal vera í minnsta lagi einn yfirvélstjóri, sem öðlazt hefir skírteini samkv. 38. gr., og einn undirvélstjóri, sem öðlazt hefir skírteini samkv. 36. gr. Fiskiskip og bátar, sem koma daglega að landi með afla sinn, eru þó ekki skyld að hafa undirvélstjóra, en skulu þá í hans stað hafa aðstoðarmann eins og segir í staflið b. í þessari gr.

d. Á mótorskipi með meira en 150, en ekki yfir 400 hestafla vél skal vera í minnsta lagi einn yfirvélstjóri, sem öðlazt hefir skírteini samkv. 42. gr., og einn undirvélstjóri, sem öðlazt hefir skírteini samkv. 40. gr.

e. Á mótorskipi með meira en 400, en ekki yfir 900 hestafla vél skal vera í minnsta lagi einn yfirvélstjóri, sem öðlazt hefir skírteini samkvæmt 46. gr., og einn undirvélstjóri, sem öðlazt hefir skírteini samkv. 44. gr.

Ef skipið er notað til farþegaflutninga, skal að auki vera á því einn aðstoðarvélstjóri, sem öðlazt hefir skírteini samkv. 44. gr.

Undanþegin ákvæðinu um aðstoðarvélstjórana eru þau skip, sem hafa fastar ferðir innan flóa eða fjarða.

f. Á mótorskipi með meira en 900, en ekki yfir 1300 hestafla vél skal vera í minnsta lagi einn yfirvélstjóri, sem öðlazt hefir skírteini samkv. 48. gr., og einn undirvélstjóri, sem öðlazt hefir skírteini samkv. 46. gr.

Ef skipið er farþegaskip, varðskip eða björgunarskip, skal á því vera í minnsta lagi einn yfirvélstjóri, sem öðlazt hefir skírteini samkv. 48. gr., einn undirvélstjóri, sem öðlazt hefir skírteini samkv. 46. gr., og einn aðstoðarvélstjóri, sem öðlazt hefir skírteini samkv. 44. gr.

g. Á mótorskipi með meira en 1300, en ekki yfir 2600 hestafla vél skal vera í minnsta lagi einn yfirvélstjóri, sem öðlazt hefir skírteini samkv. 48. gr., tveir undirvélstjórar, sem öðlazt hafa skírteini samkv. 46. gr

í félagi, sem skiptist í deildir, hafa fulltrúar deildanna einir atkvæðisrétt. Hve marga fulltrúa hver félagsdeild má senda á fund með fullu umboði, fer eftir tölu félagsmanna í deildinni, svo sem samþykktir félagsins nánar ákveða. Heimilt er þó að ákveða, til þess að tryggja viðskipti félagsdeilda við félag, að fulltrúatalan fari jafnframt eftir heildarvöruskiptum deildanna við félagið.

2. gr.

Fyrri málsgr. 31. gr. laganna orðist þannig:

Æðsta vald í sambandsmálum er í höndum fulltrúafunda. Fulltrúar eru kosnir af félögum þeim, sem eru í sambandinu, og fer tala þeirra, er hvert félag má senda á sambandsfund, eftir tölu félagsmanna. Heimilt er þó að ákveða, til þess að tryggja viðskipti félaga við samband, að fulltrúatalan fari jafnframt eftir heildarvöruskiptum félaganna við sambandið.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ed. 386. Lög

um breyting á lögum nr. 30 19. júní 1922 [Skemmtanaskattur].

(Afgreidd frá Ed. 29. apríl).

Samhljóða þskj. 12.

Nd. 387. Lög

um bókhald.

(Afgreidd frá Nd. 29. apríl).

Samhljóða þskj. 327.

Nd. 388. Lög

um breyting á lögum nr. 55 27. júní 1921, um skipulag kauptúna og sjávarþorpa.

(Afgreidd frá Nd. 29. apríl).

Samhljóða þskj. 278.

Nd. 389. Breytingartillögur

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 68 28. des. 1934, um útvarpsrekstur ríkisins.

Frá Pálma Hannessyni.

1. Við 1. gr. Greinin orðist svo:

4. gr. laganna skal orða svo:

Útvarpsráð skipa fimm menn. Skulu fjórir þeirra og jafnmargir til vara kosnir hlutfallskosningu meðal þeirra allra, er útvarpsnotendur teljast og greitt hafa lögmæt gjöld samkvæmt lögum þessum. Kennslumálaráðherra felur skrifstofu ríkisútvarpsins að annast um, að fram fari kosning af hálfu útvarpsnotenda. Heimilt er félögum útvarpsnotenda og einstökum útvarpsnotendum að bera fram kjörlista. Skulu á hverjum lista vera nöfn átta manna, þeirra er kjörgengir

eru, og fylgi hverjum lista meðmæli að minnsta kosti 100 útvarpsnotenda. Kjörgengur er hver sá útvarpsnotandi, sem greitt hefir lögmæt gjöld samkvæmt lögum þessum, er ekki fastráðinn starfsmaður ríkisútvarpsins og er búsettur í Reykjavík eða svo nálægt Reykjavík, að hann geti tekið þátt í störfum útvarpsráðs. Kennslumálaráðherra ákveður í reglugerð nánar um tilhögun kosningarinnar og talningu atkvæða, enda sé fulltrúum útvarpsnotenda tryggður réttur til eftirlits með kosningunni.

Kosning þessi gildir til fjögurra ára í senn. Skal kosningin fara fram í febrúar eða marz, en hinir kjörnu útvarpsráðsmenn taka sæti í útvarpsráði 1. maí næstan á eftir.

Kennslumálaráðherra skipar fimmta mann í útvarpsráð, og er hann formaður þess. Formaður skal skipaður um leið og þeir menn, sem kjörnir eru, taka sæti í útvarpsráði.

Nú koma ekki fram við kosningu í útvarpsráð af hálfu útvarpsnotenda neinir kjörlistar, og ferst þá kosning fyrir. Skipar þá kennslumálaráðherra alla menn í útvarpsráð, þrjá samkvæmt tilnefningu þriggja stærstu flokka þingsins.

2. Við 2. gr. Greinina skal orða svo:

Umboð þeirra manna, er nú eiga sæti í útvarpsráði, gildir til 1. maí 1939.

Nd. 390. Lög

um vörugjald fyrir Vestmannaeyjakaupstað.

(Afgreidd frá Nd. 29. apríl).

Samhljóða þskj. 201.

Nd. 391. Breytingartillaga

við frv. til l. um bráðabirgðatekjuöflun ríkissjóðs og jöfnunarsjóðs bæjar- og sveitarfélaga.

Frá Ólafi Thors.

Við 2. gr. Síðustu málsgr. skal orða svo:

Sá skattauki, sem lagður kann að verða á 6000 króna skattskyldar tekjur eða þar yfir samkvæmt þessum lögum, skiptist í tvo jafna hluta, og skal öðrum hlutanum varið til þess, sem talið er í 1. gr., en hinn hlutinn skal renna til bæjar- eða sýslusjóðs kaupstaðar þess eða þeirrar sýslu, þar sem skatturinn er á lagður.

Nd. 392. Frumvarp til laga

um heimild til að lækka aðflutningsgjöld á nokkrum vörum.

Frá fjárhagsnefnd.

1. gr.

Fjármálaráðherra er heimilt með auglýsingu að lækka aðflutningsgjöld af eftirtöldum vörum: Trefjabómull (fiberbomuld), ný epli, nýjar perur, nýjar vínþrúgur, tómatpuré, makkaroni og qvebrachoextrakt.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er flutt eftir beiðni ríkisstjórnarinnar.
Nánar í framsögu.

Nd. 393. Breytingartillaga

við frv. til l. um einkaleyfi til að vinna þilplötur o. fl. úr íslenzkum jarðvegsefnum.

Frá Sigurði Kristjánssyni.

Við 1. gr. Í stað „15 ár" í fyrri málsgr. komi: 10 ár.

Ed. 394. Frumvarp til laga

um hafnargerð á Raufarhöfn.

(Eftir eina umr. í Nd.).

1. gr.

Ríkissjóður veitir til hafnargerðar á Raufarhöfn í Presthólahreppi í Norður-Þingeyjarsýslu, samkvæmt áætlun, er ríkisstjórnin hefir samþykkt, ⅖ kostnaðar, eftir því sem fé er veitt til þess í fjárlögum, allt að kr. 180000.00 — eitt hundrað og áttatíu þúsund krónur — gegn ⅗ hlutum frá hafnarsjóði Raufarhafnar.

2. gr.

Ríkisstjórninni veitist heimild til að ábyrgjast fyrir hönd ríkissjóðs allt að kr. 180000.00 — eitt hundrað og áttatíu þúsund króna — lán, er hafnarsjóður Raufarhafnar kann að taka, gegn ábyrgð Presthólahrepps og sýslusjóðs Norður-Þingeyjarsýslu, en þó aldrei meira en ⅖ kostnaðar við hafnargerðina. Tillag úr ríkissjóði og ábyrgð ríkissjóðs eru bundin því skilyrði, að yfirumsjón með verkinu og reikningshald sé falið manni, sem atvinnumálaráðuneytið samþykkir.

3. gr.

Takmörk hafnarinnar skulu ákveðin af atvinnumálaráðherra í samráði við vitamálastjórn ríkisins og hafnarnefnd Raufarhafnar.

4. gr.

Sérhver er skyldur til að láta af hendi lönd og mannvirki, er þarf til hafnargerðarinnar, eða undir brautir og vegi í þarfir hafnarinnar, svo og leyfa, að tekið verði í landi hans hvort heldur er grjót, möl eða önnur jarðefni og þola þær eignakvaðir, óhagræði eða takmörkun á afnotarétti, sem hafnargerðin hefir í för með sér, allt gegn því, að fullar bætur komi fyrir. Náist ekki samkomulag um bæturnar, skulu þær ákveðnar með mati tveggja dómkvaddra manna, að tilkvöddum báðum málsaðiljum. Kostnaður við matið greiðist úr hafnarsjóði Raufarhafnar. Nú vill annarhvor málsaðili ekki una mati, og getur hann þá heimtað yfirmat, en gera skal hann það innan 14 daga frá því matsgerð er lokið. Yfirmat skal framkvæmt á sama hátt, af 4 dómkvöddum mönnum. Kostnað við yfirmat greiði sá, er þess hefir krafizt, ef matsupphæðinni verður ekki breytt meir en nemur 10% af hinni ákveðnu endurgjaldsupphæð, ella greiðist kostnaðurinn úr hafnarsjóði Raufarhafnar.

5. gr.

Meðfram strandlengjunni umhverfis höfnina má ekki gera í sjó fram neina bryggju eða önnur mannvirki, né fylla upp eða dýpka út frá landi, nema eftir tillögum hafnarnefndar og með samþykki sveitarstjórnar Presthólahrepps. Sá, sem vill gera eitthvert slíkt mannvirki, skal senda hafnarnefnd beiðni um það, og skal beiðninni fylgja lýsing á því, svo og uppdráttur, ef með þykir þurfa, í tvennu lagi, og heldur hafnarnefnd öðru eintakinu. Hafnarnefnd afgreiðir síðan málið til sveitarstjórnar. Sá, sem fengið hefir slíkt leyfi, skal skyldur að halda mannvirkinu svo við, að engin hætta stafi af því. Þessi ákvæði gilda og um þær bryggjur og önnur mannvirki, er þegar hafa verið gerð á hafnarsvæðinu.

Brot gegn þessari grein varða sektum, frá 20—500 krónum, og getur hafnarnefnd látið nema burt mannvirkið á kostnað eiganda.

6. gr.

Sveitarstjórn Presthólahrepps fer með stjórn hafnarmálanna, undir yfirumsjón atvinnu- og samgöngumálaráðuneytisins.

7. gr.

Framkvæmd hafnarmála og eftirlit með höfninni og eignum hennar skal fela hafnarnefnd. Hafnarnefnd skipa 3 menn, kosnir af sveitarstjórn Presthólahrepps. Nefndarmenn skulu kosnir að afstöðnum hverjum reglulegum sveitarstjórnarkosningum.

8. gr.

Eignum hafnarsjóðs má aðeins verja í þarfir hafnarinnar. Sveitarsjóður ábyrgist skuldir hafnarsjóðs, og sveitarstjórn hefir ábyrgð á eignum hafnarinnar.

9. gr.

Sveitarstjórn má ekki, án leyfis ráðuneytisins, selja eða veðsetja fasteignir hafnarsjóðs, eða kaupa nokkrar nýjar fasteignir, taka stærri lán eða lán til lengri tíma en að þau verði greidd aftur af tekjum þess árs, er fer í hönd, né endurnýja slík lán eða fresta greiðslutímanum, og ekki heldur gera nein þau mannvirki við höfnina, sem svo eru stórvaxin, að árstekjurnar hrökkvi ekki til að koma þeim í framkvæmd.

10. gr.

Til þess að standa straum af kostnaði við dýpkun hafnarinnar og byggingu og viðhald hafnarvirkja, svo og til árlegs rekstrarkostnaðar hafnarinnar, er heimilt að innheimta gjöld þau, sem hér segir:

1. Árlegt gjald af bryggjum og öðrum mannvirkjum, sem gerð eru samkv. 5. gr.
2. Gjöld af skipum og bátum, er hafna sig á Raufarhöfn, og farmi þeirra:
   a. Lestagjald.
   b. Vitagjald.
   c. Vörugjald. Undanskildar skulu þó vörur þær, er samkvæmt farmskrá skipsins eiga að fara til annara hafna á landinu, ef þær eru ekki settar á land.
   d. Bryggjugjald af skipum, er leggjast við bryggjur hafnarinnar.
   e. Festargjald af skipum, er nota festar hafnarsjóðs.

Gjöld þessi, sem og gjöld fyrir önnur afnot af eignum hafnarinnar skulu ákveðin í reglugerð, er hafnarnefnd Raufarhafnar semur og atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið staðfestir.

Herskip, varðskip, björgunarskip og skemmtiskip skulu undanþegin gjöldum til hafnarinnar samkvæmt tölulið 2. a, b, og c.

11. gr.

Nú má álíta, að tekjur af gjaldstofnum þeim, sem heimilaðir eru í 10. gr., hrökkvi ekki fyrir árlegum útgjöldum hafnarinnar, og getur þá hafnarnefnd, með

sérstöku samþykki atvinnumálaráðuneytisins fyrir hvert ár, ákveðið, að leggja megi aukagjöld allt að 10% á hin ákveðnu gjöld af út- og innfluttum vörum. Gjöld samkvæmt 10. og 11. gr. innheimtir hafnarnefnd, og má taka þau lögtaki.

12. gr.

Reikningsár hafnarsjóðs er almanaksárið.

13. gr.

Fyrir 1. nóvember ár hvert ber hafnarnefnd að leggja fyrir sveitarstjórn áætlun um tekjur og gjöld hafnarinnar á komandi ári. Sveitarstjórn skal hafa fullsamið áætlunina fyrir lok nóvembermánaðar og senda hana síðan atvinnumálaráðuneytinu til samþykktar fyrir árslok, ásamt nauðsynlegum skýringum á einstökum gjalda- og tekjuliðum.

14. gr.

Nú hefir sveitarstjórn í hyggju einhverjar meiri háttar aðgerðir við höfnina, eða hún vill gera einhverjar þær ráðstafanir, er samþykki atvinnumálaráðuneytisins þarf til, og skal hún þá senda ráðuneytinu sérstaka tillögu um það efni. Skal það gert svo tímanlega sem kostur er á, svo að samþykki ráðuneytisins geti komið til áður en hún lætur fjárhagsáætlun hafnarinnar frá sér fara.

15. gr.

Komi það í ljós, þegar fram á árið líður, að óumflýjanlegt sé að sinna einhverjum aðgerðum utan áætlunarinnar, eða fara fram úr áætluðum fjárhæðum, ber hafnarnefnd að tilkynna það sveitarstjórn í tæka tíð. Fallist hún á tillögur hafnarnefndar, skal þegar leitað samþykkis ráðuneytisins til þess að víkja megi frá áætluninni. Fyrr má ekki framkvæma verkið né stofna til tekjuhallans.

16. gr.

Við lok hvers reikningsárs, og ekki síðar en fyrir febrúarlok, skal hafnarnefnd gera reikning yfir tekjur og gjöld hafnarinnar á hinu liðna ári og efnahagsreikning hennar. Reikningana skal endurskoða og úrskurða á sama hátt og reikninga sveitarinnar.

17. gr.

Að öðru leyti skal ákveða með reglugerð, er hafnarnefnd semur og ráðuneytið staðfestir, allt það, er lýtur að greiðri og hættulausri umferð um höfnina, góðri reglu og öðru höfninni viðkomandi, er við þykir eiga. Í reglugerðinni má ákveða sektir fyrir brot gegn henni, 20—1000 krónur. Sektir samkvæmt lögum þessum renna í hafnarsjóð.

18. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Nd. 395. Breytingartillögur

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 27 1. febr. 1936, um iðnaðarnám.

Frá Jóni Pálmasyni.

1. Við 1. gr. Greinin orðist svo:

1. gr. laga nr. 27 1. febr. 1936 skal orða svo:

Þegar iðnaðarmenn taka nemendur til þess að kenna þeim iðn sína, eru þeir skyldir að gera við þá skriflegan námssamning. Skal hlutaðeigandi lögreglustjóri rita á samninginn vottorð sitt um, að hann sé samkvæmur fyrirmælum laga þessara.

Lögreglustjórar skulu, eftir ráðstöfun ráðherra, hafa í höndum eyðublöð undir námssamninga og afhenda þau ókeypis.

2. Við 3. gr. Greinin orðist svo:
   a. Orðin „½ klst. tvisvar á dag“ í fyrstu málsgr. 8. gr. laganna falli niður.
   b. Orðin „½ klst.“ í annari málsgr. 8. gr. laganna falli niður.
3. Á eftir 3. gr. komi ný grein þannig:
   Fyrsta málsgrein 14. gr. laganna orðist svo:
   Nemandi, foreldrar hans eða fjárráðamaður geta slitið námssamningi.

Nd. 396. Breytingartillögur

við frv. til laga um stéttarfélög og vinnudeilur.

Frá Vilmundi Jónssyni og Bergi Jónssyni.

1. Við 8. gr. Á eftir fyrri málsl. greinarinnar komi:
   Þó er ekki heimilt að gera aðför í fundarhúsum, sjúkrastyrktarsjóðum né slysa- og menningarsjóðum félaganna vegna þessarar ábyrgðar, enda séu eignir sjóðanna skýrt aðgreindar frá eignum félagsins og óheimilt að verja þeim til almennra þarfa þess.
2. Við 11. gr. Aftan við greinina bætist:
   Nú þarf atvinnurekandi að fækka við sig verkamönnum, og skal þá trúnaðarmaður að öðru jöfnu sitja fyrir um að halda vinnunni.

Nd. 397. Breytingartillögur

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 46 13. júní 1937, um samvinnufélög.

Frá Stefáni Stefánssyni og Jóni Pálmasyni.

Á eftir 1. gr. komi 3 nýjar greinar, svo hljóðandi:

a. (2. gr.) Síðasta málsgr. 19. gr. laganna orðist þannig.
   Úrslitum mála á félagsfundum ræður afl atkvæða, nema þar sem lög þessi eða félagssamþykktir mæla fyrir um aukinn meiri hluta.
   Þó skulu allar kosningar vera hlutbundnar, ef 1/10 fundarmanna óskar þess.
b. (3. gr.) Annar og þriðji málsl. fyrri málsgr. 20. gr. laganna orðist þannig:
   Í samþykktum skal tiltaka tölu stjórnenda og kjörtíma, og séu þeir eigi færri en þrír og allir kosnir samtímis.
c. (4. gr.) Fyrsta málsgr. 22. gr. laganna orðist þannig:
   Á aðalfundi skal kjósa tvo endurskoðendur og aðra tvo til vara. Skulu þeir kosnir samtímis.
   Greinatalan breytist samkv. þessu.

Sþ. 398. Nefndarálit

um till. til þál. um afnotagjald útvarpsnotenda.

Frá minni hl. fjárveitinganefndar.

Nefndin klofnaði um þetta mál. Fjórir nefndarmenn (BjB, ÁÁ, HelgJ og ÞorbÞ) vilja fella tillöguna, en undirritaðir vilja samþykkja hana óbreytta. Tveir nefndarmanna (BSt og JakM) voru fjarstaddir við atkvæðagreiðsluna.

Alþingi 29. apríl 1938.

Þorst. Þorsteinsson, frsm. Pétur Ottesen. Jón Pálmason.

Nd. 399. Breytingartillaga

við frv. til laga um bráðabirgðatekjuöflun ríkissjóðs og jöfnunarsjóðs bæjar- og sveitarfélaga.

Frá Pétri Ottesen.

Við 4. gr. Síðustu málsgr. skal orða svo:

Að því leyti sem ofangreindur tekjuauki kann að fara fram úr 285000 kr., skal verja allt að 5000 krónum af því, sem fram yfir þá fjárhæð fer, til þess hluta tengibrautarinnar milli Norður- og Suðurlands, er liggur vestan Hafnarfjalls og sunnan Andakílsár, en afganginn skal leggja í sérstakan sjóð, er verði ráðstafað til lagningar Suðurlandsbrautar á árinu 1940.

Sþ. 400. Breytingartillögur

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1939.

Frá fjárveitinganefnd.

1.	Við	2. gr.	13. Liðurinn orðist svo:		
			Útflutningsgjald	kr. 460000	
			Þar af til fiskimálasjóðs	— 450000	
					10000
2.	—	2. —	14 (Áfengistollur).		
			Fyrir „1110000“ kemur		1200000
3.	—	2. —	19 (Verðtollur).		
			Fyrir „1220000“ kemur		1400000
4.	—	3. —	A. 3 (Rekstrarhagnaður áfengisverzlunar).		
			Fyrir „1295000“ kemur		1600000
5.	—	3. —	A. 4 (Rekstrarhagnaður tóbakseinkasölu).		
			Fyrir „600000“ kemur		630000
6.	—	11. —	10. Liðurinn orðist svo:		
			Skrifstofukostnaður sýslumanna, bæjarfógeta og lögreglustjóra		153000
7.	—	11. —	Nýr liður:		
			Til Steingríms Jónssonar fyrrv. bæjarfógeta, uppbót á skrifstofufé		5000
8.	—	12. —	3 (Dalahérað). Liðurinn orðist svo.		
			Skarðs- og Klofningshreppur, 150 kr. til hvors		300
			Fellsstrandarhreppur		200
9.	—	12. —	8. Liðurinn orðist svo:		
			Til Benedikts Tómassonar, til að nema geðveikrafræði erlendis		1500
10.	—	12. —	15. a. Nýr liður:		
			Til greiðslu vaxta af skuldum vegna læknisbústaða í Ögurhéraði, Reykhólahéraði og Hesteyrarhéraði, allt að kr. 1200 til hvors		3600
11.	—	12. —	15. l. (Halldór Arnórsson).		
			Fyrir „2000“ kemur		3000
12.	—	13. —	A. II. c. 9. Nýir liðir:		
			1. Til vega út frá Seyðisfirði		3000
			2. Til Siglufjarðarskarðs		4000
			3. Til vega í Vestmannaeyjum		3000

13. Við 13. gr. C. I. 4 (Skrifstofuhald vitamálastjóra).
Fyrir „12000“ kemur 15000
14. — 13. — C. III. (Rekstrarkostnaður vitanna).
Fyrir „155000“ kemur 160000
15. — 13. — C. VI. (Til áhaldakaupa).
Fyrir „7000“ kemur 15000
16. — 13. — C. VIII. 5 (Sauðárkrókshöfn).
Í stað orðanna „5. fjárveiting af 10“ kemur: 5. fjárveiting af 11.
17. — 13. — C. VIII. 8 (Hafnargerð á Dalvík).
Fyrir „9000“ kemur 18000
18. — 13. — C. IX. 19. Nýir liðir:
a. Til bryggjugerðar á Kópaskeri (fyrri greiðsla) 2500
b. Til sjóvarnargarðs á Akranesi 2000
c. Til lendingarbóta á Gautshamarsbæli (fyrri greiðsla) 3000
19. — 13. — C. X. 2. Nýir liðir:
a. Til Salthólmavíkur 2000
b. Til Þorlákshafnar 7500
20. — 13. — D. 1 (Til flugmála).
Fyrir „5000“ kemur 7500
21. — 14. — A. b. 8. Nýr liður:
Til að gefa út ársskýrslu þjóðkirkjunnar 500
22. — 14. — A. 9 (Sigtryggur Guðlaugsson).
Liðurinn fellur niður.
23. — 14. — B. I. f. Nýr liður:
Til íþróttaiðkana 300
24. — 14. — B. I. h. Nýr liður:
Til áhaldakaupa fyrir kennara í lyfjafræði 2500
25. — 14. — B. II. b. Nýr liður:
Til Svafars Hermannssonar, til efnafræðináms 600
26. — 14. — B. VII. a. (Stýrimannaskólinn. Laun).
Fyrir „14000“ kemur 15800
27. — 14. — B. VII. c. 1 (Stýrimannaskólinn. Stundakennsla).
Fyrir „9700“ kemur 10000
28. — 14. — B. VII. c. 3 (Stýrimannaskólinn. Sveinbj. Egilson).
Fyrir „300“ kemur 450
29. — 14. — B. VII. c. 4 (Stýrimannaskólinn. Ýmisleg gjöld).
Fyrir „2500“ kemur 3500
30. — 14. — B. VII. 6. Nýr liður:
Til námskeiða í siglingafræði utan Reykjavíkur 3500
31. — 14. — B. X. d. (Iðnaðarmannafélagið á Akranesi).
Fyrir „500“ kemur 800
32. — 14. — B. X. h. (Iðnaðarmannafél. á Eyrarbakka).
Fyrir „300“ kemur 800
33. — 14. — B. XII. 1. b. (Kvennaskólinn í Rvík. Rekstrarstyrkur).
Fyrir „18000“ kemur 20500
34. — 14. — B. XIII. 4 (Byggingar barnaskóla).
Fyrir „35000“ kemur 65000
35. — 14. — B. XIII. 5 (Til fyrrv. barnakennara).
Fyrir „2000“ kemur 2600
36. — 14. — B. XV. 3 (Laugalandsskóli). Liðinn skal orða svo:
Til húsmæðraskólans á Laugalandi:
a. Rekstrarstyrkur 11000
b. Byggingarkostnaður, lokagreiðsla 4000
15000

37. Við 14. gr. B. XV. 5. Liðurinn orðist svo:
Til húsmæðrafræðslu í Vestur-Skaftafellssýslu 800
38. — 14. — B. XV. 8 (Íþróttaskólinn á Sauðhúsvelli).
Liðurinn fellur niður.
39. — 14. — B. XX. Nýr liður:
Til Helga Tryggvasonar, til hraðritunarkennslu 800
40. — 14. — B. XXI. (Björn Jakobsson).
Fyrir „2400“ kemur 3600
41. — 14. — B. XXIII. Nýr rómv. liður:
Til íþróttafélaga:
1. Til Knattspyrnufélags Reykjavíkur 1000
2. Til Íþróttafélags Reykjavíkur 1000
3. Til íþróttafélaga í Vestmannaeyjum 500
4. Til íþróttafélags Ísafjarðar 500
5. Til íþróttafélags á Seyðisfirði 500
6. Til íþróttaskólans á Álafossi 500
7. Til íþróttaskóla Jóns Þorsteinssonar 500
8. Til Glímufélagsins Ármann 1000
42. — 14. — B. XXV. Nýr liður:
Til Axels Helgasonar, til að gera upphleypt kort af Íslandi 2000
43. — 14. — B. XXVIII. Nýr liður:
Til sundlaugar á Siglufirði 5000
44. — 15. — 1. d. Liðurinn orðist svo:
Til þess að kaupa bækur og handrit og til bókbands 16200
Þar af 1200 kr. til kaupa á handritasafni Hannesar Þorsteinssonar.
45. — 15. — 8. Nýir liðir:
a. Til amtsbókasafnsins í Stykkishólmi 1500
b. Til stofnunar héraðsbókasafns Suðurlands, gegn tvöföldu framlagi annarsstaðar að 1000
46. — 15. — 11 (Lesstofa sjómannafél. Rvíkur).
a. Fyrir „500“ kemur 1000
b. Nýr liður:
Til lesstofu á Ísafirði 500
47. — 15. — 12 (Sýslubókasöfn).
Fyrir „2500“ kemur 3000
48. — 15. — 13. Nýr liður:
Til bókasafns Akraness 300
49. — 15. — 21. Nýr liður:
Til útgáfu Norðurlandatímarits 1000
50. — 15. — 26. Nýr liður:
Til Blaðamannafélagsins, til móttöku erlendra blaðamanna 1500
51. — 15. — 29. Nýir liðir:
1. Til Rögnvalds Sigurjónssonar, til hljómlistarnáms ... 1200
2. Til Guðmundar Matthíassonar, til hljómlistarnáms .. 800
52. — 15. — 30. Nýr liður:
Til karlakórs Rykjavíkur, vegna utanfarar á árinu 1937 .. 1500
53. — 15. — 31. Nýr liður:
Til Jóns Leifs tónskálds 2500
54. — 15. — 34 (Magnús Ásgeirsson).
a. Liðurinn fellur niður.
b. Nýir liðir:
1. Til Einars Ól. Sveinssonar, til ritstarfa 1800

			2. Til Boga Ólafssonar, til framhaldskennslubókar í ensku	1000
			3. Til séra Eiríks Albertssonar, ritstyrkur	500
			4. Til Kristjáns Albertsonar, til ritstarfa	1000
			5. Til dr. Matthíasar Jónassonar, til þess að semja bók um heimilisuppeldi	1000
55.	Við	15. gr.	35 (Jóhannes úr Kötlum). Fyrir „1000“ kemur	2000
56.	—	15. —	41. Nýir liðir:	
			a. Til Jóns Magnússonar skálds	1000
			b. Til Halldórs Helgasonar skálds	400
			c. Til Gísla Ólafssonar frá Eiríksstöðum	400
			d. Til Þorsteins Þ. Þorsteinssonar rithöfundar	1200
			e. Til Valdimars Jóhannssonar kennara, til að semja skólasögu Íslands	750
			f. Til Páls Þorsteinssonar, Steindórsstöðum	300
57.	—	15. —	42. Nýr liður: Til dr. Jóns Stefánssonar	600
58.	—	15. —	43. Nýr liður: Til dr. Jóns Dúasonar, til undirbúnings á útgáfu rita hans	3000
59.	—	15. —	44. Nýir liðir:	
			a. Til Jóhanns Sveinssonar, til vísnasöfnunar	500
			b. Til Þorsteins Bjarnasonar frá Háholti, til Örnefnasöfnunar og ritstarfa	300
			c. Til Jóhanns Hjaltasonar, til söfnunar þjóðlegra fræða	400
			d. Til Margeirs Jónssonar, til örnefnasöfnunar	500
			e. Til Höskuldar Björnssonar málara, byggingarstyrkur	2000
			f. Til Kristins Péturssonar málara	1000
			g. Til Bjarna Guðjónssonar myndskera	1000
			h. Til Sigurðar Sigurðssonar, námsstyrkur	1200
			i. Til Gunnlaugs Blöndals málara	1200
			j. Til Eggerts Guðmundssonar málara	1000
			k. Til Einars Markan söngvara	1000
			l. Til Guðmundar Kristinssonar myndskera	300
60.	—	15. —	47 (Guðbrandur Jónsson). Fyrir „1500“ kemur	1800
61.	—	15. —	52. Nýr liður: Til eflingar menningarsambandi við Vestur-Íslendinga	3000
62.	—	16. —	2. Nýr liður: Til Búnaðarfélags Íslands, til kynnisferða bænda	2000
63.	—	16. —	4 (Sandgræðsla).	
			a. Fyrir „30000“ kemur	31000
			b. Nýr liður: Til sandgræðslu í Höfnum, fyrsta greiðsla af þremur	6000
64.	—	16. —	13 b. (Skóggræðsla). Fyrir „21200“ kemur	25000
65.	—	16. —	17. Nýr töluliður:	
			a. Til fyrirhleðslu á Kaldaklifsá undir Austur-Eyjafjöllum	2500
			b. Til fyrirhleðslu á Geirastaðakvísl í Norður-Múlasýslu	1500
			c. Til fyrirhleðslu á Skaftá hjá Hólmi	2500
			Styrkir þessir skulu veittir gegn a. m. k. þriðjungs framlagi annarsstaðar að.	
66.	—	16. —	19. b. Nýir stafliðir:	
			a. Til Hólmgeirs Jenssonar, til dýralækninga	700

b. Til Guðmundar Andréssonar, til þess að stunda dýralækningar í Skagafirði, gegn jafnmiklu framlagi annarsstaðar að 400
c. Til Ágústs Jónssonar, Hofi, til þess að stunda dýralækningar 300
d. Til Eggerts Magnússonar, til þess að stunda dýralækningar við Gilsfjörð, gegn jafnmiklu framlagi annarsstaðar að 200
e. Til Ásgeirs Guðmundssonar í Æðey, til þess að stunda dýralækningar við Ísafjörð, gegn jafnmiklu framlagi annarsstaðar að 400
f. Til Brands Einarssonar, til þess að stunda dýralækningar í Mýrdal, gegn jafnmiklu framlagi annarsstaðar að 150
g. Til Braga Steingrímssonar, til þess að stunda dýralækningar í Rvík og nágrenni, eftir fyrirmælum ráðherra 1200
h. Til Þorvarðs Egilssonar, til þess að stunda dýralækningar í Vestmannaeyjum, gegn jafnmiklu framlagi annarsstaðar að 500
i. Til Ólafs Guðmundssonar, til þess að stunda dýralækningar á Akranesi, gegn jafnmiklu framlagi annarsstaðar að 500
j. Til Valdimars Stefánssonar, til þess að stunda dýralækningar í Austur-Skaftafellssýslu, gegn jafnmiklu framlagi annarsstaðar að 150
k. Til Guðbrands Hlíðar, til dýralækninganáms, enda kynni hann sé loðdýrasjúkdóma 1500

67. Við 16. gr. 23. b (Veðurstofan. Til aðstoðar).
Fyrir „20000“ kemur 21000

68. — 16. — 23. e. Nýr liður:
Til kaupa á loftskeytatæki 1500

69. — 16. — 31. Nýr liður:
Til ræktunarvegar í Vestmannaeyjum 3000

70. — 16. — 35. Nýr liður:
Til Nikulásar Friðrikssonar, til að kynna sér erlendis rafhitun húsa, gegn jafnmiklu framlagi frá Reykjavíkurbæ .. 1000

71. — 16. — 36 (Iðnsamband Íslands).
Fyrir „1200“ kemur 6500

72. — 16. — 44. Nýr liður:
Til kvenfélagasambands Austur-Húnavatnssýslu 300

73. — 16. — 61—62 (Fiskiræktarfélög).
Liðirnir verða einn liður, er orðist svo:
Til fiskiræktar 5000

74. — 16. — 68. Nýr liður:
Til Fiskveiðasjóðs Íslands samkvæmt lögum 60000

75. — 17. — 6—7 (Barnaheimili og barnavernd).
Liðirnir verða einn liður, er orðist svo:
Til barnaheimila og barnaverndar, eftir ákvörðun ráðherra 14000

76. — 17. — 7. Nýr liður:
Til félagsins „Heyrnarhjálpar“ 1500

77. — 17. — 14 (Sjúkrasamlagið á Akranesi)
Liðurinn fellur niður.

78. — 17. — 18 (Sjúkrasjóður verkalýðsfélags Akureyrar).
Liðurinn fellur niður.

79. Við 17. gr. 27. Nýr liður:
Til hælisins á Sólheimum, byggingarstyrkur 1500
80. — 18. — II. a. 5. Nýr liður:
Guðmundur Hannesson prófessor 1200
81. — 18. — II. a. 12 (Sigurður Sívertsen)
Liðurinn fellur niður.
82. — 18. — II. b. 15 (Kristbjörg Marteinsdóttir).
Liðurinn fellur niður.
83. — 18. — II. b. 36. Nýr liður:
Þórunn Hafstein sýslumannsekkja 400
84. — 18. — II. c. 13. Nýr liður:
Kjartan Kjartansson 400
85. — 18. — II. d. 44 (Þórunn Bjarnadóttir).
Liðurinn fellur niður.
86. — 18. — II. e. 19. Nýir liðir:
a. Rigmor Ófeigsson 800
b. Sigurður Sigurðsson 400
87. — 18. — II. f. 19. Nýr liður:
Björn Jónsson Vestfjarðapóstur 200
88. — 18. — II. f. 6. Nýr liður:
Eiríkur Sigfússon póstur 200
89. — 18. — II. f. 14. Nýr liður:
Halldór Ólafsson póstur 200
90. — 18. — II. f. 33. Nýr liður:
Þórdís Ívarsdóttir póstsekkja 200
91. — 18. — g. Nýr liður á undan 1:
Ásgrímur Jónsson málari 3000
92. — 18. — II. g. 4 (Davíð Stefánsson).
Fyrir „1500“ kemur 2400
92. — 18. — II. g. 9 (Guðmundur G. Hagalín).
Fyrir „1500“ kemur 2400
94. — 18. — II. g. 16 (Jakob Thorarensen).
Fyrir „1500“ kemur 1800
95. — 18. — II. g. 21. Nýr liður:
Magnús Ásgeirsson 2500
96. — 18. — II. h. 3 (Guðrún Jónsdóttir Erlingsson).
Fyrir „300“ kemur 600
97. — 18. — II. h. 4 (Guðrún Sigurðardóttir).
Fyrir „300“ kemur 600
98. — 18. — II. i. 3. Nýir liðir:
a. Anna Oddsdóttir ljósmóðir 200
b. Anna Sigríður Jóhannsdóttir ljósmóðir 200
99. — 18. — II. i. 5. Nýr liður:
Ásgeir Jónsson Gottorp 300
100. — 18. — II. i. 9 (Árni Guðmundsson).
a. Liðurinn fellur niður.
b. Nýr liður:
Árni G. Þóroddsson fv. fiskimatsmaður 400
101. — 18. — II. i. 10. Nýir liðir:
a. Bergur Jónsson fyrrv. fiskimatsmaður 400
b. Bjarghildur Jónsdóttir ljósmóðir 200
102. — 18. — II. i. 13. Nýr liður:
Elín Pétursdóttir ljósmóðir 200

103. Við 18. gr. II. i. 15. Nýr liður:
Gísli Jónsson fyrrv. fiskimatsmaður 400
104. — 18. — II. i. 19 (Guðlaug Jónsdóttir).
Liðurinn fellur niður.
105. — 18. — II. i. 22. Nýr liður:
Guðmundur Kr. Guðmundsson fv. fiskimatsmaður 400
106. — 18. — II. i. 24. Nýr liður:
Guðríður Jónsdóttir ljósmóðir 200
107. — 18. — II. i. 27. Nýir liðir:
a. Guðrún Finnsdóttir ljósmóðir 200
b. Guðrún Gísladóttir júbilljósmóðir 400
108. — 18. — II. i. 41. Nýr liður:
Jóhann Gíslason fyrrv. fiskimatsmaður 400
109. — 18. — II. i. 43. Nýr liður:
Jón Jónsson Munaðarhóli, fyrrv. fiskimatsmaður 200
110. — 18. — II. i. 45. Nýr liður:
Jón Sturlaugsson hafnsögumaður, Stokkseyri 300
111. — 18. — II. i. 50. Nýr liður:
Kristín Ólafsdóttir ljósmóðir 200
112. — 18. — II. i. 58. Nýr liður:
Magnús Magnússon fyrrv. fiskimatsmaður 200
113. — 18. — II. i. 61. Nýr liður:
Margrét Sigurðardóttir ljósmóðir 200
114. — 18. — II. i. 62. Nýr liður:
María Eiríksdóttir ljósmóðir 200
115. — 18. — II. i. 63. Nýr liður:
Matthildur Grímsdóttir ljósmóðir 200
116. — 18. — II. i. 65.
Fyrir „Nikolína“ kemur: Nielsína.
117. — 18. — II. i. 67. Nýr liður:
Ólafur Jóelsson fyrrv. fiskimatsmaður 400
118. — 18. — II. i. 71. Nýr liður:
Pálína Sæmundsdóttir ljósmóðir 200
119. — 18. — II. i. 73. Nýir liðir:
a. Rannveig Guðmundsdóttir ljósmóðir 200
b. Sigríður Bergsteinsdóttir ljósmóðir 200
c. Sigríður Halldórsdóttir ljósmóðir 200
120. — 18. — II. i. 77. Nýr liður:
Sigurður Jónsson fyrrv. fiskimatsmaður 400
121. — 18. — II. i. 79. Nýr liður:
Sólveig G. Guðmundsdóttir ljósmóðir 200
122. — 18. — II. i. 84. Nýir liðir:
a. Þorleifur Þorleifsson fyrrv. fiskimatsmaður 400
b. Þórunn Magnúsdóttir ljósmóðir 200
123. — 18. — II. (Jón Ófeigsson).
Liðurinn fellur niður.
124. — 22. — IV. Nýr liður:

Að veita mjólkurbúi Ölfusinga fjárhagslegan stuðning til næsta þings, eftir mati ríkisstjórnarinnar, til þess að greiða úr bráðabirgðaörðugleikum þess vegna byrða af stofn- og starfrækslukostnaði, enda láti ríkisstjórnin athuga svo fljótt sem verða má fjárhag mjólkurbúsins og rekstur allan, í því skyni að tryggja afkomu þess í framtíðinni eftir því sem unnt er.

125. Við 22. gr. VI. (Tilraunasmíði landssmiðju).
Liðurinn fellur niður.

126. — 22. — XII.
Liðurinn orðist svo:
a. Að ábyrgjast fyrir Sauðárkrókshrepp allt að 330000 kr. lán til hafnargerðar á Sauðárkróki, gegn því, að héraðsbúar útvegi óendurkræft framlag til verksins, ekki undir 100000 kr., enda fari allur kostnaður ekki fram úr 680000 kr. Lánið verði tekið innanlands.
b. XII. Nýr liður:
Að ábyrgjast fyrir Vestmannaeyjakaupstað allt að 150000 kr. lán vegna hafnarinnar, enda sé lánið tekið innanlands.

127. — 22. — XIII. Nýr liður:
Að endurgreiða úr lífeyrissjóðum embættismanna og barnakennara, án vaxta, iðgjöld Kristjönu V. Hannesdóttur, Andreu Bjarnadóttur, Benedikts Blöndals og Daníels Daníelssonar (til ekkju hans.

128. — 22. — XIV. Nýr liður:
Að kaupa jarðirnar Tjarnir I og II og Brúnir undir Vestur-Eyjafjöllum, sem sæta ágangi vegna fyrirhleðslu Markarfljóts.

129. — 22. — XVII. Nýir liðir:
1. Að kaupa Gullfoss í Hvítá, ef um semst.
2. Að greiða Sigtryggi Guðlaugssyni prófasti full laun, er hann lætur af prestskap.
3. Að gefa Ísafjarðarkaupstað eftir 33500 kr. eftirstöðvar af dýrtíðarláni frá 1918, svo og Akraneshreppi 3000 kr. og Grunnavíkurhreppi kr. 2609.50, hvorttveggja eftirstöðvar af samskonar lánum.
4. Að semja við Búnaðarbankann um skil á Flóavegaláni, kr. 40869.98, sem veitt var úr viðlagasjóði 1924 og heimilað var að gefa eftir í fjárlögum, áður en viðlagasjóður var afhentur bankanum.
5. Að færa niður viðlagasjóðslán til Miklavatnsmýraráveitu að réttri tiltölu á þeim jörðum, sem ekki hafa haft hennar not, að undangenginni rannsókn Búnaðarfélags Íslands á því, hvort áveitan hafi orðið að notum fyrir jarðirnar.
6. Að greiða af tekjum áfengisverzlunar ríkisins allt að 30000 kr. til byggingar sjómannaheimilis á Siglufirði, gegn að minnsta kosti ⅔ hlutum annarsstaðar að, enda hafi bindindisfélögin á Siglufirði forgöngu og umsjón með rekstri hússins.
7. Að selja strandferðaskipið Esju og kaupa í hennar stað nýtt mótorskip.

Nd. 401. Breytingartillögur

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 68 28. des. 1934, um útvarpsrekstur ríkisins.

Frá Héðni Valdimarssyni.

1. Við 1. gr.
a. 2. málsgr. 2. málsl. orðist svo: Taka þeir við störfum 1. maí næst á eftir, og fellur þá jafnframt niður umboð þeirra þingkjörinna útvarpsráðsmanna, sem kosnir voru næst á undan.

b. 6. málsgr. 1. málsl. orðist svo: Kosning þessi gildir til sama tíma sem kosning þingkjörinna útvarpsráðsmanna.
c. 7. málsgr. 2. málsl. orðist svo: Formaður skal skipaður áður en hið nýkjörna útvarpsráð tekur til starfa og situr út kjörtímabil þess.

2. Við 2. gr. Greinin orðist svo:
Lög þessi öðlast þegar gildi.

Nd. 402. Breytingartillaga

við brtt. á þskj. 389 [Útvarpsrekstur ríkisins].

Frá Thor Thors.

Við 1. lið. 3. málsgr. orðist svo: Kennslumálaráðherra skipar 5. mann í útvarpsráð. Útvarpsráð kýs sér formann úr sínum hópi.

Nd. 403. Nefndarálit

um frumv. til laga um eftirlit með skipum.

Frá sjávarútvegsnefnd

Nefndin hefir athugað frv. og leggur til, að það verði samþykkt með brtt., sem hér fer á eftir. (Einn nm. (GG) var fjarverandi afgreiðslu málsins sökum veikinda).

BREYTINGARTILLÖGUR.

1. Við 15. gr. Í stað orðanna „9. gr. c.“ komi: „11. gr. c.“
2. Við 37. gr. 1. málsgr. Í stað „500 kr.“ komi: 5000 kr.

Alþingi, 31. apríl 1938.

Finnur Jónsson, form., frsm.	Sig. Ein. Hlíðar, fundaskr.	Sigurður Kristjánsson.	Bergur Jónsson.

Ed. 404. Frumvarp til laga

um byggingarsamvinnufélög.

(Eftir 2. umr. í Ed.).

1. gr.

Tilgangur byggingarsamvinnufélaga er að reisa íbúðarhús fyrir meðlimi þeirra til eigin afnota með sem hagfelldustum kjörum, að safna eiginframlögum félagsmanna (sjá 3. gr.) og reka lánastarfsemi.

2. gr.

Nú vilja menn stofna byggingarsamvinnufélag, og skulu þeir þá kveðja til almenns fundar á því svæði, sem félaginu er ætlað að ná yfir, og bera málið upp til umræðu og atkvæða. Ef 15 menn eða fleiri koma sér saman um stofnun byggingarsamvinnufélags og bindast samtökum um að gerast félagsmenn, setja þeir félaginu

samþykktir í samræmi við lög þessi, og skal leita staðfestingar atvinnumálaráðuneytisins á þeim.

3. gr.

Byggingarsamvinnufélögum sé aflað fjár:

A. Með frjálsum framlögum hvers félagsmanns í stofnsjóð, unz fjárhæð hans í sjóðnum nemur minnst ⅕ hluta andvirðis þess húsnæðis, sem ákveðið verður, að félagið komi upp fyrir hann. Þegar þessari fjárhæð er náð, situr félagsmaður fyrir um byggingu húss, enda gangi stofnsjóðsinneign hans upp í byggingarkostnaðinn. Vextir af stofnsjóði leggjast við höfuðstól, og skulu þeir á hverjum tíma jafnháir og innlánsvextir í sparisjóði hjá Landsbanka Íslands. Um rétt til útborgunar stofnfjár fer eftir ákvæðum laga um samvinnufélög, nr. 46 frá 1937.

B. Með árlegu gjaldi í rekstrarsjóð félagsins, sem ákveðið skal í samþykktum þess, og sé þessum sjóði varið til þess að standa straum af rekstrarkostnaði félagsins. Kostnaður við að reisa nýjar byggingar telst ekki rekstrarkostnaður.

C. Með lántöku félagsins til útlánastarfsemi sinnar. Heimilt er fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs að ábyrgjast þau lán. Lánin má taka í erlendri mynt. Gefa skal út skuldabréf fyrir lánum þessum, er hvert um sig nemi ákveðinni upphæð, sem fjármálaráðherra samþykkir. Hvert slíkt lán telst til útlána einn lánaflokkur, og er honum til tryggingar samábyrgð allra þeirra félagsmanna, sem fá lán samkvæmt 4. gr. í þeim flokki. Ekki mega vera færri en 15 félagsmenn í hverjum flokki.

Félagsmenn í sama lánaflokki skulu vera sérstök deild innan síns byggingarsamvinnufélags, og er henni heimilt að hafa sérstaka stjórn að því er varðar sérmál hennar.

4. gr.

Eigi skal nema eitt byggingarsamvinnufélag í hverjum kaupstað eða kauptúni njóta réttinda samkvæmt lögum þessum.

Nú hafa verið stofnuð fleiri en eitt byggingarsamvinnufélag í kaupstað eða kauptúni, og skal þá það félagið, er fyrst hóf byggingarstarfsemi, hafa rétt til ríkisábyrgðar, eða það félag, sem fyrst var stofnað, ef um byggingarstarfsemi hefir ekki verið að ræða. En hafi fleiri félög verið stofnuð eða hafið byggingarstarfsemi í sama kaupstað eða kauptúni samkvæmt lögum þessum, skulu þau hafa rétt til að ganga inn í hið viðurkennda félag, og skal þá röðun meðlima þeirra á félagsskrá miðast við þann tíma, er þeir gerðust félagar í hinu fyrra félagi.

5. gr.

Byggingarsamvinnufélag veitir félagsmönnum sínum lán til þess að koma upp byggingum til eigin afnota, enda hafi þeir uppfyllt skilyrði þau um stofnsjóðstillög, sem um getur í 3. gr. A. hér að framan.

Lán þessi skulu tryggð með fyrsta veðrétti í húsum og lóðaréttindum allt að 60% af virðingarverði eignarinnar. Ennfremur veitir félagið lán gegn öðrum veðrétti í eignunum, þó þannig, að samanlagðir fyrsti og annar veðréttur nemi ekki meiri fjárhæð en 80% af kostnaðarverði eignarinnar. Félagið veitir lánin með sömu kjörum og það nýtur á lánum þeim, sem tekin eru í þessu skyni.

6. gr.

Stofnsjóður skal jafnan vera í handbæru fé í banka eða sparisjóði, þar sem ávaxta má fé ómyndugra, að svo miklu leyti, sem honum er eigi varið til að standast framkvæmdir við byggingar eða til útlána. Nú kemur fram hagnaður við útlán eða aðra ávöxtun stofnfjár, og rennur hann í varasjóð félagsins. Um ráðstöfun varasjóðs félagsins gilda ákvæði laga um samvinnufélög, nr. 46 frá 1937.

7. gr.

Félagsmenn í byggingarsamvinnufélagi fá því aðeins lán hjá félaginu, að þeir uppfylli eftirfarandi skilyrði auk þess, sem um ræðir í 3. gr. A.:

A. Að húsin séu gerð úr varanlegu efni og rúmtak hverrar íbúðar fari ekki fram úr 500 teningsmetrum, með venjulegum nútímaþægindum og eftir fastákveðnum fyrirmyndum, sem stjórn félagsins hefir ákveðið og samþykktar hafa verið af atvinnumálaráðuneytinu.

B. Að húsin séu byggð á þeim stöðum, sem félagsstjórnin ákveður og samþykktir eru af atvinnumálaráðuneytinu, enda útvegi félagsstjórnin leigulóðir.

C. Að félagið annist um byggingu hússins að öllu leyti, og sé það afhent félagsmanni gegn skuldabréfum með veði í húseigninni, er nemi þeirri fjárhæð, sem húsið kostar umfram stofnfjárframlagið.

D. Að félagsmaður sé fjárráða og heimilisfastur innan þess svæðis, sem félagið nær yfir. Þeir félagsmenn, er eigi hafa haft yfir 6000 króna skattskyldar tekjur að meðaltali 3 síðastliðin ár og ekki eiga yfir 10 þúsund króna eignir, ganga fyrir öðrum um íbúð.

8. gr.

Nú ákveður félagsstjórn, að félagsmenn skuli reisa sambyggingar, og fær til þess samþykki atvinnumálaráðuneytisins, og er félaginu þá heimilt að annast viðhald slíkra bygginga utanhúss. Noti félag heimild þessa, skal gera reglugerð um eftirlit og framkvæmd viðhalds, svo og skiptingu kostnaðar á eigendur. Um sameiginleg tæki innanhúss í sambyggingu, svo sem leiðslur allar og hitunartæki, fer eftir því, sem segir í reglugerð. Leita skal staðfestingar atvinnumálaráðherra á reglugerðum þeim, er samdar kunna að verða samkvæmt þessari grein.

9. gr.

Byggingarsamvinnufélagi, sem kemur upp sambyggingum, er heimilt að eiga til frambúðar sameiginlegt miðstöðvarhús og þvottahús fyrir margar íbúðir, húsnæði fyrir fasta starfsmenn félagsins og fyrir matvöruverzlun. Ákvæði skulu sett í reglugerð um þátttöku eigenda íbúðanna í kostnaði, sem af þessu hlýzt.

10. gr.

Ákveðið skal í samþykktum byggingarsamvinnufélags, að enginn, sem fengið hefir íbúð að tilhlutun félagsins, megi selja hana, nema stjórnin hafi áður hafnað forkaupsrétti félagsins vegna, og aldrei framleigja nema nokkurn hluta af íbúðinni. Þó getur eigandi, að fengnu leyfi stjórnarinnar, leigt heila íbúð um stundarsakir, ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi. Söluverð slíkrar íbúðar, hversu oft sem eigendaskipti kunna að verða, má aldrei vera hærra en stofnverð hennar, að viðbættu virðingarverði þeirra endurbóta, er á kunna að hafa verið gerðar, en að frádreginni hæfilegri fyrningu, hvorttveggja samkvæmt mati dómkvaddra manna. Sé um framleigu að ræða, ákveður stjórn félagsins, hve há leigan megi vera, og miðast hún við raunverulegan kostnað eiganda, samkvæmt mati, af íbúðinni eða hluta hennar, sem leigður er.

Nú sannast, að félagsmaður hefir selt hús hærra verði en leyfilegt er samkvæmt þessari grein, og rennur þá sá hluti söluverðsins, sem er umfram hið löglega verð, til félagsins og leggst í varasjóð. Verði seljandi einhverra orsaka vegna eigi fær um að greiða fjárhæð þessa, á félagið kröfu á hendur kaupanda, en þó því aðeins, að honum hafi, þegar kaupin fóru fram, verið kunnugt um, að seljandi hafi brotið á móti ákvæði þessarar greinar, og er þá fjárhæðin forgangsskuld með veði í húsinu næst á eftir veðréttum félagsins. Auk þess eru þá öll lán félagsins, sem á húsinu hvíla, þegar fallin í gjalddaga.

11. gr.

Nú neytir stjórn byggingarsamvinnufélags eigi forkaupsréttar, og er þá eiganda heimilt að selja eignina hverjum þeim manni, sem félagsstjórn samþykkir,

en þó verður kaupandi að gerast meðlimur í byggingarsamvinnufélaginu og hlíta samþykktum þess.

12. gr.

Óheimilt er að veðsetja húseignir byggingarsamvinnufélaga fyrir hærri fjárhæð samtals en nemur 80% af upphaflegu kostnaðarverði þeirra og endurbóta, sem á kunna að hafa verið gerðar, að frádreginni eðlilegri fyrningu, eins og hún kann að vera á hverjum tíma, enda verður eigi gert fjárnám í eigninni fyrir meiri fjárhæð.

13. gr.

Ríkisábyrgðin fyrir lánum til byggingarsamvinnufélaga er því skilyrði bundin, að fyrsti veðréttur, að viðbættri ríkisábyrgð, nemi ekki hærri upphæð en 15 þús. kr. fyrir hverja einstaka íbúð.

14. gr.

Um stjórn, reikningsskil og fundi byggingarsamvinnufélaga fer eftir ákvæðum laga um samvinnufélög, nr. 46 frá 1937. Fjármálaráðherra skipar annan endurskoðanda, enda skal félaginu skylt að senda ráðuneytinu samrit af aðalreikningi sínum árlega.

Þóknun til stjórnar og endurskoðenda greiðist úr rekstrarsjóði félagsins.

15. gr.

Ríkisstjórnin lætur gera fyrirmyndaruppdrætti bæði að sérbyggingum og sambyggingum, til afnota fyrir byggingarsamvinnufélög, og lætur þær í té án endurgjalds.

Sömuleiðis sér ríkisstjórnin um öruggt eftirlit með framkvæmdum og húsbyggingum þeirra félaga, er starfa samkvæmt lögum þessum.

16. gr.

Um skrásetningu og félagsslit byggingarsamvinnufélaga fer eftir ákvæðum laga um samvinnufélög, nr. 46 1937.

17. gr.

Lög nr. 71 23. júní 1932, um byggingarsamvinnufélög, og lög nr. 41 19. júní 1933, um breyting á þeim lögum, eru úr gildi felld.

18. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ákvæði til bráðabirgða.

Þau byggingarsamvinnufélög, er þegar hafa komið upp íbúðarhúsum samkvæmt eldri lögum um byggingarsamvinnufélög, njóta fullra réttinda samkvæmt lögum þessum.

Nd. 405. Frumvarp til laga

um breyting á vatnalögum, nr. 15 15. júní 1923.

Flm.: Skúli Guðmundsson.

1. gr.

Á eftir 1. lið 46. gr. komi nýr liður, er verði 2. liður, svo hljóðandi:

Nú telur stjórn áveitufélags eða landþurrkunar- og áveitufélags nauðsynlegt að

taka lán til stofnkostnaðar samáveitu, og er þá hlutaðeigandi sýslunefnd heimilt að ábyrgjast lán þetta, sé það ekki tekið hjá sýslusjóði sjálfum, en hann skal tryggður með veði í jörðum þeim á áveitusvæðinu, er áveitunnar njóta, ásamt mannvirkjum þeim, sem á jörðunum eru í notum ábúðarinnar og eru eign jarðeigenda, þó svo, að laust sé til frjálsra afnota jarðeigenda eða veðsetningar sem svarar $^3/_5$ hlutum virðingarverðs hverrar jarðeignar, samkvæmt mati áður en áveitufyrirtækið var hafið, sem sýslunefnd tekur gilt, en næst þar á eftir komi veðréttur sýslusjóðs.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Landþurrkunarfélag Safamýrar þarfnast fjár til þess að koma upp samáveitu á Safamýri, en getur ekki fengið það svo sem þörf er á, nema með ábyrgð sýslunefndar. Er nauðsynlegt, að sýslunefndum sé heimilað að hlaupa þannig undir bagga með áveitufyrirtækjum, en til þess þarf að vera réttur fyrir sýslusjóð til tryggingar ábyrgð þeirra, og er ætlazt til þess, að viðbót sú við vatnalögin, sem felst í frv., veiti heimild til þessarar tryggingar. Er það í samræmi við tryggingu þá, sem ríkissjóði var veitt með ákvæðinu í 7. gr. 2. mgr. flóaáveitulaganna 14. nóv. 1917 fyrir lánum, sem hann ábyrgðist til stofnkostnaðar Flóaáveitunnar.

Ed. 406. Lög

um skatt- og útsvarsgreiðslu útlendinga o. fl.

(Afgreidd frá Ed. 30. apríl).

Samhljóða þskj. 228.

Ed. 407. Lög

um breyting á lögum nr. 45 16. nóv. 1907, um skipun prestakalla.

(Afgreidd frá Ed. 30. apríl).

Samhljóða þskj. 173.

Nd. 408. Lög

um skipun nefndar til að rannsaka hag og rekstur togaraútgerðarinnar og gera tillögur um það mál.

(Afgreidd frá Nd. 30. apríl).

Samhljóða þskj. 355.

Nd. 409. Breytingartillaga

við brtt. á þskj. 396 [Stéttarfélög og vinnudeilur].

Frá Héðni Valdimarssyni.

Við 1. lið. Í stað orðsins „sjúkrastyrktarsjóðum“ komi: styrktarsjóðum.

Ed. 410. Breytingartillaga

við frv. til l. um bráðabirgðabreyting nokkurra laga.

Frá Þorsteini Þorsteinssyni

Við 1. gr. 14. lið. Í stað „4½%“ komi: 5%

Ed. 411. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 27 1. febr. 1936, um iðnaðarnám.

(Eftir 3. umr. í Nd.).

1. gr.

1. gr. laga nr. 27 1. febr. 1936 skal orða svo:

Þegar iðnaðarmenn taka nemanda til þess að kenna iðn sína, er þeim skylt að gera við hann skriflegan námssamning. Skal hlutaðeigandi lögreglustjóri rita á samninginn vottorð sitt um, að hann sé samkvæmur fyrirmælum laga þessara, og ennfremur skulu iðnaðarfulltrúar rita á hann vottorð sitt um, að hann fullnægi þeim skilyrðum, er þeir hafa komið sér saman um að setja um slíka samninga.

Iðnaðarfulltrúar skulu vera þrír og jafnmargir til vara, allir búsettir í Reykjavík, skipaðir af atvinnumálaráðherra til 3 ára í senn eftir tilnefningu iðnaðarnefnda Alþingis, og fer hlutfallskosning fram um tilnefninguna, ef nefndarmenn koma sér ekki saman.

Áður en iðnaðarfulltrúar rita á námssamning nemanda, skulu þeir leita álits sveinafélags og meistarafélags staðarins, ef til eru, ella landssambands iðnaðarmanna, um þörfina fyrir fjölgun iðnnema í iðninni. Á þeim stöðum, þar sem félög sveina og meistara í einhverri iðngrein hafa komið sér saman um tölu iðnnema, kaup og kjör, skal því samkomulagi ekki raskað af iðnaðarfulltrúum.

Námssamningur er því aðeins gildur, að tveir iðnaðarfulltrúanna að minnsta kosti hafi samþykkt hann með undirskrift sinni.

Lögreglustjórar skulu, eftir ráðstöfun ráðherra, hafa í höndum eyðublöð undir námssamninga og afhenda þau ókeypis.

2. gr.

3. gr. laganna skal orða svo:

Í námssamningum skal tekið fram, hve langur kennslutími skuli vera. Skal atvinnumálaráðherra gefa út reglugerð, er ákveður kennslutímabilið í hverri iðn fyrir sig, en leita áður um það tillagna landssambands iðnaðarmanna, en það leitar aftur umsagnar hlutaðeigandi meistara- og sveinafélaga, ef slík félög eru til í landinu.

Nú eru þessi félög ekki til í einhverri iðngrein, og skal þá stjórn landssambands iðnaðarmanna kalla þá meistara og sveina í iðninni, sem hægt er að ná til, með tveggja mánaða fyrirvara, á fund, til þess að gera tillögur um málið. Þeir, sem fjarri búa, geta sent tillögur sínar skriflega.

Tillögur aðilja þeirra, er að framan getur, skulu síðan bornar undir iðnaðarfulltrúa, áður en reglugerðin er gefin út.

3. gr.

Aftan við 12. gr. laganna bætist ný málsgrein, svo hljóðandi:

Þar, sem sjúkrasamlag er starfandi, skulu meistarar greiða iðgjöld til þess fyrir nemendur sína, meðan á námstímanum stendur, enda eigi þá nemendur ekki aðgang að meistara sínum um þau hlunnindi, er sjúkrasamlagið veitir.

4. gr.

Í stað orðanna „iðnráðsfulltrúi samiðnaðarmanna á staðnum“, í 14. gr. laganna, komi: tveir iðnaðarfulltrúar.

5. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin niðurlagsorð 4. tölul. 15. gr. laga nr. 105 23. júní 1936: „áritaðs af sveinafélagi, ef til er á staðnum“, svo og öll önnur ákvæði, er koma í bága við lög þessi.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

7. gr.

Þegar lög þessi hafa öðlazt staðfestingu, skal fella meginmál þeirra inn í lög nr. 27 1. febr. 1936, um iðnaðarnám, og gefa þau út svo breytt.

Nd. 412. Frumvarp til laga

um niðurlagningu landssmiðjunnar.

Flm.: Jón Pálmason, Pétur Ottesen.

1. gr.

Starfsemi landssmiðjunnar skal lögð niður eigi síðar en 1. janúar 1939.

2. gr.

Ríkisstjórnin annast um, í samráði við vegamálastjóra og vitamálastjóra, að koma eignum landssmiðjunnar í verð svo fljótt sem verða má, eða leigja þær, ef sala reynist ekki fær.

3. gr.

Lög nr. 102 frá 23. júní 1936, um landssmiðju, eru úr gildi numin.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Samkvæmt upplýsingum, sem legið hafa fyrir fjárveitinganefnd, er bersýnilegur hallarekstur framvegis á landssmiðjunni og hún alls ekki samkeppnisfær. Er því um tvennt að ræða, að leggja smiðjuna niður, eða verja mörgum tugum þúsunda króna til nýrra bygginga hennar vegna. Auk þess mun þurfa allmikil fjárframlög til aukinna bygginga yfir áhöld vega- og brúargerða. Allan slíkan byggingarkostnað mætti spara, ef landssmiðjan er lögð niður, og þar sem engin nauðsyn er á vegna starfsemi ríkisins, að smiðjan haldi áfram, þá leggjum við flutningsmenn til, að starfsemi hennar hætti svo fljótt sem við verður komið.

Nánar í framsögu.

Sþ. 413. Tillaga til þingsályktunar

um skipun nefndar til þess að gera tillögur um tilraunastarfsemi landbúnaðarins.

Flm.: Steingr. Steinþórsson, Pétur Ottesen, Bjarni Ásgeirsson, Jón Pálmason, Emil Jónsson.

Sameinað Alþingi ályktar að fela landbúnaðarráðherra að skipa 5 manna nefnd til þess að gera tillögur um tilraunastarfsemi í þarfir landbúnaðarins, og skal nefndin leggja tillögur sínar fyrir ríkisstjórnina að starfinu loknu.

Tveir nefndarmenn skulu skipaðir samkvæmt tilnefningu landbúnaðarnefnda Alþingis, tveir eftir tillögum Búnaðarfélags Íslands, en hinn fimmta skipar ráðherra án tilnefningar, og er hann formaður nefndarinnar.

Kostnað af störfum nefndarinnar skal greiða úr ríkissjóði.

Greinargerð.

Það er almennt viðurkennt meðal allra menningarþjóða, er landbúnað stunda, að búskapur með nútímasniði verði ekki stundaður svo í lagi sé öðruvísi en víðtæk tilraunastarfsemi eigi sér stað jöfnum höndum að því er jarðrækt og búfjárrækt snertir. Ef tilraunastarfsemi er rekin á réttan hátt, getur hún verið bændastétt landsins til stórmikils gagns. Tilraunastarfsemin getur orðið þarfasti þjónn bændanna. Vel starfræktar tilraunir geta orðið bændum mikill stuðningur í erfiðri baráttu þeirra við óþjál og hverful náttúruöfl. Enda er þetta viðhorf almennt viðurkennt í nágrannalöndum vorum. Þær þjóðir verja árlega stórfé í tilraunaskyni og telja, að sízt megi til þess spara. Þar er talið, að það fé komi aftur í auknum afrakstri af búum bænda.

Hið sama sjónarmið hefir að vísu að nokkru leyti verið viðurkennt hér hjá oss, en þó mun sú viðurkenning vera meiri í orði en á borði. Síðan um aldamót hefir nokkur tilraunastarfsemi átt sér stað, aðallega á vegum Ræktunarfélags Norðurlands og Búnaðarfélags Íslands. Nú eru starfandi tvær aðaltilraunastöðvar, önnur á Akureyri — stöð Ræktunarfél. Norðurlands — en hin á Sámsstöðum í Fljótshlíð — stöð Búnaðarfélags Íslands. — Auk þess starfrækir Búnaðarsamband Austurlands smátilraunastöð á Eiðum. Dálitlar garðyrkjutilraunir eru á Laugarvatni. Allar þessar stöðvar starfa eingöngu að tilraunum, er snerta jarðrækt. Búfjárræktartilraunir hafa vart verið gerðar, og það litla, sem að þeim hefir verið unnið, þá hafa þær tilraunir verið framkvæmdar á einstökum bæjum hingað og þangað, án þess að nokkrar fastar stöðvar hafi verið til.

Láta mun nærri, að varið hafi verið til tilraunastarfsemi síðustu árin nálægt 28 þús. krónum árlega. Þetta er mjög lítil fjárhæð, þegar þess er gætt, hversu mikið fé ríkið veitir landbúnaðinum árlega til ýmissa framkvæmda. Þarf því að taka það mjög til athugunar, hvort ekki eigi að verja nokkru meira af því, sem til landbúnaðarins rennur úr ríkissjóði árlega til ýmiskonar tilraunastarfsemi, en gert hefir verið. Auk þess að litlu fé hefir verið varið til tilrauna hér á landi er þó annað í þessu sambandi ef til vill enn verra, en það er, að allt heildarkerfi vantar í tilraunastarfsemi okkar. Einmitt þess vegna er nauðsynlegt að taka þessi mál til nákvæmrar rannsóknar. Það þarf að samræma þá tilraunastarfsemi, sem nú er til, og athuga jafnframt, hvaða möguleikar séu til þess að auka hana án þess að þurfa að kosta til þess miklu fé.

Eins og áður er fram tekið, eru nú aðallega starfræktar jarðræktartilraunir á tveimur stöðum, Akureyri og Sámsstöðum. Verkefni milliþinganefndarinnar verður því fyrst og fremst að athuga þá tilraunastarfsemi og gera tillögur til breytinga, eftir því sem þurfa þykir. Búin á báðum bændaskólunum eru nú rekin af ríkinu. Taka þarf til athugunar, að hve miklu leyti bú þessi skuli tekin til tilraunastarfsemi. Þá má og á það benda, að landbúnaðardeild atvinnudeildar háskólans verður hið bráðasta að fá bújörð og bú til umráða í grennd við Reykjavík, þar sem gera megi ýmiskonar tilraunir, í sambandi við störf deildarinnar. Mundi eitt af verkefnum nefndarinnar að athuga, hvaða staður væri bezt til slíkra tilrauna fallinn. Í þessu sambandi má og benda á jarðvegsrannsóknir Jakobs H. Líndals bónda á Lækjamóti, sem erlendir fræðimenn hafa veitt athygli nú síðustu árin. Þarf að samræma jarðvegsrannsóknir hans við aðra tilraunastarfsemi landsins. Þá þarf og að taka til athugunar, hvort ekki eigi að hefja dreifðar jarðræktartilraunir að nýju á svipaðan hátt og starfræktar voru um eitt skeið með góðum árangri, en þessi tilraunastarfsemi hefir nú legið niðri um hríð.

Hér hefir lauslega verið drepið á nokkra þætti þessa máls og hvaða verkefni nefndinni sé einkum ætlað að taka til úrlausnar. Nefndin mun svo að sjálfsögðu

athuga, á hvern hátt tilraunastarfsemin verði tengd við atvinnudeild háskólans, sem samkvæmt tilgangi sínum á að verða miðstöð slíkrar starfsemi í landinu.

Sþ. 414. Tillaga til þingsályktunar

um að leigja ríkisbúin á Vífilsstöðum og Kleppi.

Flm.: Jón Pálmason, Pétur Ottesen, Þorsteinn Þorsteinsson.

Alþingi ályktar að leggja fyrir ríkisstjórnina að leigja ríkisbúin á Vífilsstöðum og Kleppi ásamt tilheyrandi mannvirkjum, ef hún að undangenginni auglýsingu fær aðgengilegt tilboð um greiðslu, skilyrði og tryggingar.

Greinargerð.

Það hefir komið í ljós, að árið 1937 hefir orðið rúmlega 6 þús. kr. rekstrarhalli á ríkisbúunum á Vífilsstöðum og Kleppi, og þó er engin leiga reiknuð eftir þann höfuðstól, sem liggur í jörðum, mannvirkjum, búpeningi og áhöldum. Þessi eindæma útkoma er að kenna furðulegum vinnusamningi við verkalýðsfélag í Reykjavík, sem stjórnarnefnd ríkisspítalanna neyddi inn á bústjóra búanna vorið 1936. Er þannig um búið, að bezta ráðið til að losna við þær afleiðingar, sem þetta hefir í för með sér, mun vera það, að leigja búin út til einstakra manna, og leggjum við flutningsmenn því til, að sú leið verði reynd.

Nánar í framsögu.

Sþ. 415. Tillaga til þingsályktunar

um minningu 20 ára fullveldis þjóðarinnar.

Flm.: Thor Thors.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að hlutast til um, að 20 ára afmælis fullveldis þjóðarinnar, hinn 1. desember þ. á., verði minnzt á virðulegan og viðeigandi hátt á Íslandi og erlendis, þar sem því verður við komið. Skal ríkisstjórnin vera í samráði við utanríkismálanefnd um það, á hvern hátt afmælisins helzt verði minnzt erlendis. Jafnframt ályktar Alþingi, að æskilegt væri að gefa út sérstakt minningarrit vegna þessa atburðar, og sé það út gefið á að minnsta kosti einu heimsmálanna, auk íslenzku.

Ed. 416. Breytingartillaga

við frv. til l. um bráðabirgðabreyting nokkurra laga.

Frá Þorsteini Þorsteinssyni.

Við 1. gr. 14. lið. Í stað „4½%“ komi: 5%.

Ed. 417. Frumvarp til laga

um stéttarfélög og vinnudeilur.

(Eftir 3. umr. í Nd.).

Samhljóða þskj. 361, með þessum breytingum:

8. gr. hljóðar svo:

Stéttarfélög bera ábyrgð á samningsrofum þeim, sem félagið sjálft eða löglega skipaðir trúnaðarmenn þess gerast sekir um í trúnaðarstörfum sínum fyrir félagið. Þó er ekki heimilt að gera aðför í fundarhúsum, sjúkrastyrktarsjóðum né slysa- og menningarsjóðum félaganna vegna þessarar ábyrgðar, enda séu eignir sjóðanna skýrt aðgreindar frá eignum félagsins og óheimilt að verja þeim til almennra þarfa þess. Á samningsrofum einstakra meðlima sinna ber félagið því aðeins ábyrgð, að því verði gefin sök á samningsrofinu.

11. gr. hljóðar svo:

Atvinnurekendum og umboðsmönnum þeirra er óheimilt að segja trúnaðarmönnum upp vinnu vegna starfa þeirra sem trúnaðarmanna eða láta þá á nokkurn annan hátt gjalda þess, að stéttarfélag hefir falið þeim að gegna trúnaðarmannsstörfum fyrir sig. Nú þarf atvinnurekandi að fækka við sig verkamönnum, og skal þá trúnaðarmaður að öðru jöfnu sitja fyrir um að halda vinnunni.

Nd. 418. Breytingartillaga

við frv. til l. um veiting ríkisborgararéttar.

Frá allsherjarnefnd.

Inn í frvgr. bætist:

Sörensen, Arne, úrsmiður á Ísafirði, fæddur í Danmörku.

Nd. 419. Breytingartillaga

við frv. til laga um einkaleyfi til að vinna þilplötur o. fl. úr íslenzkum jarðvegsefnum.

Frá Vilmundi Jónssyni

Við 1. gr. Í stað „byggingarpappa og sellulose“ komi: byggingarpappa og tréni (sellulose).

Ed. 420. Lög

um hafnargerð á Raufarhöfn.

(Afgreidd frá Ed. 2. maí).

Samhljóða þskj. 394.

Nd. 421. Frumvarp til laga

um einkaleyfi til að vinna þilplötur o. fl. úr íslenzku torfi.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

1. gr.

Frá gildistöku laga þessara veitist Kaupfélagi Eyfirðinga á Akureyri einkaleyfi um næstu 15 ár til þess að vinna þilplötur, byggingarpappa og tréni (sellulose) úr íslenzku torfi.

Einkaleyfi þetta getur Kaupfélag Eyfirðinga framselt til félags, sem stofnað kann að verða fyrir tilhlutun þess, í þeim tilgangi að hagnýta einkaleyfið. Óheimilt er þó að framselja einkaleyfið nema samþykki atvinnumálaráðherra komi til.

2. gr.

Meðan leyfistíminn stendur, er öllum óheimilt að nema torf hér á landi í þeim tilgangi að vinna úr því til sölu framleiðsluvörur þær, sem 1. gr. ræðir um. Brot gegn þessu ákvæði varða sektum frá 500—20000 kr., er renna í ríkissjóð.

3. gr.

Hafi sérleyfishafi ekki notfært sér leyfið að verulegu leyti innan 3 ára, eða falli framleiðslan niður um jafnlangan tíma, er atvinnumálaráðherra heimilt að svipta hann sérleyfinu.

Ed. 422. Lög

um bráðabirgðabreyting nokkurra laga.

(Afgreidd frá Ed. 2. maí).

Samhljóða þskj. 319, með þeirri leiðréttingu, að fyrir „4½%“ í 14. tölul. kemur: 4½‰.

Ed. 423. Þingsályktun

um lækkun leigu talstöðva í fiskiskipum o. fl.

(Afgreidd frá Ed. 2. maí).

Samhljóða þskj. 368.

Nd. 424. Nefndarálit

um frv. til l. um breyting á lögum nr. 46 19. maí 1930, um fiskveiðasjóð Íslands.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin hefir, eftir að nál. minni hl. n. á þskj. 380 var útgefið, athugað frumvarpið ásamt fjármálaráðherra, og þó nefndarmenn hefðu kosið, að það gengi fram óbreytt, hafa þeir til samkomulags fallizt á, að nú á þessu þingi verði tekin 60 þús. kr. fjárveiting til fiskveiðasjóðs upp í fjárlög, en frv. að öðru leyti samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGUM.

1. Við 1. gr. Greinin falli niður.
2. Við 3. gr. 3. málsgr. Fyrir „48 þúsund kr.“ komi: 40 þúsund kr.
3. Við 5. gr. 1. málsl. Fyrir „5% — fimm af hundraði“ komi: 5½% — fimm og hálfur af hundraði.
4. Við 10. gr. 2. málsgr. Talan 11. falli niður.

Einn nefndarm. (GG) var fjarverandi sökum veikinda þegar málið var afgreitt.

Alþingi, 2. maí 1938.

Finnur Jónsson, form., frsm. Sig. Ein. Hlíðar, fundaskr. Bergur Jónsson.
Sigurður Kristjánsson.

Sþ. 425. Breytingartillögur

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1939 og við brtt. á þskj. 400.

I. Frá *fjárveitinganefnd.*
1. Við 11. gr. A. 16. Nýr liður:
Til Bjarna Magnússonar, Stykkishólmi, uppbót í eitt skipti á fangavarðarlaun 400
2. Við brtt. 400, 8 (Við 12. gr. 3. Dalahérað).
Við tillöguna bætist:
Saurbæjarhreppur 200

II. Frá *Þorsteini Briem, Gísla Sveinssyni* og *Sveinbirni Högnasyni.*
Við 12. gr. 17 (Bálstofa).
Aftan við liðinn bætist aths.:
enda sé bálstofusalurinn til frjálsra afnota prestum Reykjavíkurprestakalls til guðsþjónustuhalds, eftir samkomulagi sóknarnefndar og bálstofustjórnar.

III. Frá *Þorsteini Briem.*
Við 13. gr. A. II. a. 9 (Laxárdalsvegur).
Fyrir „2000“ kemur 3000

IV. Frá *Thor Thors.*
Við 13. gr. A. II. a. 10 (Stykkishólmsvegur).
Fyrir „4500“ kemur 7500

V. Frá *Þorsteini Briem.*
Við 13. gr. A. II. a. 11 (Saurbæjarvegur).
Fyrir „2500“ kemur 3000

VI. Frá *Brynjólfi Bjarnasyni, Einari Olgeirssyni* og *Ísleifi Högnasyni.*
Við 13. gr. A. II. a. 38 (Siglufjarðarskarð).
Fyrir „13500“ kemur 30000

VII. Frá *Garðari Þorsteinssyni.*
Við 13. gr. A. II. a. 38 (Siglufjarðarskarð).
Fyrir „13500“ kemur 24000

VIII. Frá *Garðari Þorsteinssyni* og *Stefáni Stefánssyni.*
Við 13. gr. A. II. a. 39 (Ólafsfjarðarvegur).
Fyrir „4000“ kemur 7000

IX. Frá *Brynjólfi Bjarnasyni, Einari Olgeirssyni* og *Ísleifi Högnasyni.*
Við 13. gr. A. II. a. 73. Nýr liður:
Sogsvegur, allt að 50000

gegn framlagi frá Reykjavíkurbæ, er nemi fjórðungi þeirrar fjárhæðar.

X. Frá *Garðari Þorsteinssyni* og *Stefáni Stefánssyni.*
Við 13. gr. B. 2 (Flóabátaferðir).
Framlagið hækki um 400 kr. frá því, sem samvinnunefnd samgöngumála leggur til.
[Hækkunin ætluð til póstbáts milli Hríseyjar og Litla-Árskógssands].

XI. Frá *Sigurði E. Hliðar* og *Garðari Þorsteinssyni.*
Við 13. gr. B. 2 (Flóabátaferðir).
Framlagið hækki um 1500 kr. frá því, sem samvinnunefnd samgöngumála leggur til.
[Hækkunin ætluð til Norðurlandsbáts (Eyjafj.—Seyðisfj.)].

XII. Frá *samvinnunefnd samgöngumála.*
Við 13. gr. B. 2 (Flóabátaferðir).
Fyrir „75000“ kemur 80000

XIII. Frá *fjárveitinganefnd.*
Við 13. gr. C. IX. 1. Liðinn skal orða svo:
Til Hofsóss, 4. greiðsla af 7, allt að 8000

XIV. Frá *Garðari Þorsteinssyni* og *Stefáni Stefánssyni.*
Við 13. gr. C. IX. 5 (Bryggjugerð í Ólafsfirði).
Fyrir „2300“ kemur 6700

XV. Frá *Gísla Sveinssyni.*
Við 13. gr. C. X. 2. Nýr liður:
Til brimbáts (dráttarbáts) í Vík í Mýrdal, hálfur stofnkostnaður 3000

XVI. Frá *Garðari Þorsteinssyni.*
Við 13. gr. C. XII. Nýr liður:
Til sjóvarnargarðs í Ólafsfirði 10000
Til vara 6000

XVII. Frá *Bjarna Snæbjörnssyni.*
Við 14. gr. B. II. b. Nýr liður:
Til Friðgeirs Grímssonar, til þess að nema útreikning og tilbúning véla 1000
Til vara 500

XVIII. Frá *Brynjólfi Bjarnasyni, Einari Olgeirssyni* og *Ísleifi Högnasyni.*
Við 14. gr. B. XVIII. 4. Nýr liður:
Til að reisa heita sundlaug á Siglufirði 10000

XIX. Frá *Garðari Þorsteinssyni* og *Stefáni Stefánssyni.*
Við 14. gr. XVIII. 4. Nýir liðir:
a. Til sundlaugarbyggingar á Siglufirði 8000
b. Til sundlaugarbyggingar í Ólafsfirði 3500

XX. Frá *Sigurði E. Hliðar.*
Við 14. gr. B. XVIII. 4. Nýr liður:
Til sundlaugarinnar á Akureyri 5000

XXI. Frá *Brynjólfi Bjarnasyni, Einari Olgeirssyni* og *Ísleifi Högnasyni.*
Við 14. gr. B. XVIII. 4. Nýr liður:
Til sundlaugar í Neskaupstað 5000

XXII. Frá *Sigurði E. Hliðar.*
Við 15. gr. 44. Nýir liðir:
a. Til Hallgríms Valdimarssonar, í viðurkenningarskyni fyrir störf hans í þágu leiklistarinnar 500
b. Til Gróu Torfhildar Jónsdóttur, námsstyrkur 1500

XXIII. Frá *Sigurjóni Á. Ólafssyni.*
Við 15. gr. 44 (Helgi Guðmundsson).
Fyrir „500“ kemur 750

XXIV. Frá *Brynjólfi Bjarnasyni, Einari Olgeirssyni* og *Ísleifi Högnasyni.*
1. Við 16. gr. 1 (Atvinnubætur).
Fyrir „500000“ kemur 750000
2. Við 16. gr. 10. b. (Tillag til byggingarsjóða af tekjum tóbakseinkasölu).
Fyrir „80000“ kemur 200000

XXV. Frá *Ísleifi Högnasyni, Einari Olgeirssyni* og *Brynjólfi Bjarnasyni.*
Við 16. gr. 11. Nýr liður:
Til að styrkja tilraunastarfsemi bæjar- og sveitarfélaga og einstaklinga í ýmsum verklegum framkvæmdum (þar af 15000 kr. til vatnsöflunar fyrir Vestmannaeyjabæ) 50000

XXVI. Frá *fjárveitinganefnd.*
1. Við brtt. 400, 66. c. (Við 16. gr. 19. b.). Nýr liður:
Til Halldórs Jónssonar, til að stunda dýralækningar, gegn jafnmiklu framlagi annarsstaðar að 300
2. Við brtt. 400, 66. i. (Nýr liður við 16. gr. 19. b. Ólafur Guðmundsson).
Fyrir „500“ kemur 150

XXVII. Frá *Bjarna Ásgeirssyni.*
Við 16. gr. 19. Nýr stafliður:
Til Ásgeirs Þ. Ólafssonar dýralæknis, utanfararstyrkur til þess að kynna sér loðdýrasjúkdóma og meðferð á þeim 1500

XXVIII. Frá *fjárveitinganefnd.*
Við 16. gr. 19. Nýr stafliður:
Til Ásgeirs Þ. Ólafssonar, utanfararstyrkur til að kynna sér loðdýrasjúkdóma 1000

XXIX. Frá *Guðrúnu Lárusdóttur.*
Við 16. gr. 39. Nýr liður:
Til Helgu Thorlacius, til þess að undirbúa matreiðslubók til leiðbeiningar um meðferð og matreiðslu íslenzkra jurta .. 500
Til vara 400

XXX. Frá *fjárveitinganefnd.*
Við 18. gr. II. d. 43.
Fyrir „Friðriksdóttir“ kemur: Sigurðardóttir.

XXXI. Frá *Árna Jónssyni.*
Við 18. gr. II. g. 6. Nýr liður:
Guðfinna Þorsteinsdóttir (Erla) 500

XXXII. Frá *Brynjólfi Bjarnasyni, Einari Olgeirssyni* og *Ísleifi Högnasyni.*
Við 20. gr. Út III. (Nýir vitar).
Fyrir „65000“ kemur 150000

XXXIII. Frá *fjármálaráðherra.*
Við 22. gr. VIII. Nýr liður:
Að innheimta skemmtanaskatt af skemmtunum þeim, sem hún akveður, öðrum en kvikmyndasýningum, með aðeins 20% álagi frá 1. júní 1938, í stað 80%, sem heimilað er í 4 gr. laga nr. 60 31. des. 1937, og lögum samþykktum á þessu þingi. Leiksýningar, hljómleika og söngskemmtanir innlendra manna eru sem áður undanþegnar álagningunni.

XXXIV. Frá *Brynjólfi Bjarnasyni, Einari Olgeirssyni* og *Ísleifi Högnasyni.*
Við 22. gr. XII. Nýr liður:
Að ábyrgjast fyrir félög útgerðarmanna, sjómanna eða bæjarfélög lán til kaupa á nýjum diesilmótorskipum, 75—150 smálesta, er séu út-

búin þannig að á þeim megi stunda allar algengustu fiskveiðiaðferðir hér við land. Ábyrgðina má veita fyrir allt að ⅔ kostnaðarverðs skipanna, gegn 1. veðrétti í þeim, og fari ábyrgðir á árinu 1939 eigi fram úr 500000 kr.

XXXV. Frá *Pétri Ottesen.*

Við 22. gr. XII. Nýr liður:

Að ábyrgjast fyrir Ytri-Akraneshrepp allt að 240 þús. kr. lán til vatnsveitu á Akranesi, þó aldrei yfir 80% af stofnkostnaði vatnsveitunnar.

XXXVI. Frá *fjárveitinganefnd.*

Við brtt. 400, 127 (við 22. gr. XIII).

Á eftir „Benedikts Blöndals" kemur: Elinborgar Sveinsdóttur.

XXXVII. Frá *fjármálaráðherra.*

Við 22. gr. XVII. Nýir liðir:

a. Að endurgreiða á árunum 1938 og 1939 viðskiptagjald af efni í niðursuðudósir undir íslenzkar afurðir að nokkru eða öllu leyti. Heimild þessi nær einnig til viðskiptagjalds af tilbúnum niðursuðudósum, ef þær fást ekki gerðar í landinu sjálfu sambærilegar að efni og gæðum.

b. Að innheimta á árunum 1938 og 1939 aðflutningsgjöld af efni í kassa um fisk til útflutnings sem um almennan trjávið sé að ræða, enda sé kassaefnið ekki unnið annað meir en það, að það sé sagað niður í hæfilegar lengdir.

XXXVIII. Frá *atvinnumálaráðherra.*

Við 22. gr. XVII. Nýr liður:

Að hlutast til um, að stjórn Fiskveiðasjóðs Íslands verji til útlána, samkv. nánari reglum, er atvinnumálaráðherra setur, allt að 90 þús. kr. af ónotuðu fé og ónotaðri lántökuheimild skuldaskilasjóðs vélbátaeigenda, í því skyni að ná fullnaðarsamningum um greiðslu og eftirgjafir á ábyrgðarkröfum á félagsmenn fiskveiðasamvinnufélaga, er á þá hafa fallið vegna skuldaskila félagsins.

XXXIX. Frá *Jónasi Jónssyni.*

Við 22. gr. XVII. Nýr liður:

Að leyfa stjórn síldarverksmiðja ríkisins að taka á leigu síldarbræðsluna á Húsavík.

XL. Frá *fjárveitinganefnd.*

Við brtt. 400, 129, 7. (Nýr liður við 22. gr. XVII).

Liðinn skal orða svo:

Að selja strandferðaskipið Esju, ef hagkvæmir samningar takast, og kaupa í hennar stað nýtt mótorskip.

XLI. Frá *Guðrúnu Lárusdóttur.*

Við 22. gr. XVII. Nýr liður:

Að verja að minnsta kosti 30 þús. kr. af tekjum áfengisverzlunarinnar til stofnunar sjúkrahælis handa áfengissjúklingum.

Sþ. 426. Starfsmannaskrá ríkisins 1939.

(Samin af fjárveitinganefnd).

3. gr. fjárlaga.

1. Póstmál.

	Laun alls
Póstmálaskrifstofan:	
Póst- og símamálastjóri (½ laun) (1)	kr. 5800
Póstritari (1)	— 4923
Póstfulltrúar (3)	— 12634
Póstafgreiðslumaður (1)	— 3500
Póstaðstoðarmaður (1)	— 2250
Aukamaður (1)	— 4500
Pósthúsið í Reykjavík:	
Póstmeistari (1)	— 6200
Póstfulltrúar (6) (1 + mistaln.)	— 25656
Póstafgreiðslumenn (15) (1 + fæðispen. ca. kr. 800)	— 50920
Aukamenn (2)	— 5600
Bréfberar (11)	— 41600
Bílstjóri (1)	— 4500
Húsvörður (1) (+ húsn., ljós og hiti)	— 4150
Samtals	kr. 172233

2. Landssíminn.

Aðalskrifstofan:	
Póst- og símamálastjóri (½ laun) (1)	kr. 5800
Fulltrúi (1)	— 6527
Aðalgjaldkeri, + mistaln. (1)	— 6590
Símaverkfræðingar (3), (yfirverkfr. + 3000 kr. hjá útvarpinu)	— 17517
Teiknari (1)	— 4860
Eftirlitsmaður (1)	— 4860
Bókari (1)	— 6000
1. fl. skrifarar (3)	— 15870
2. fl. skrifarar (3)	— 8762
Sendisveinn (1)	— 1200
Landssímastöðin í Reykjavík og Hafnarfirði:	
Ritsímastjóri, (þar af húsaleiga 2500)	— 7100
Innheimtugjaldkeri, + mistaln. (1)	— 6610
1. fl. skrifarar (4)	— 17750
Varðstjórar (3)	— 13946
Símritarar (í Hafnarfirði + ljós og hiti) (7)	— 41805
Kvensímritarar (2)	— 6520
Afgreiðsluvarðstjórar (4)	— 14076
Aðstoðarmenn (5)	— 14033
Talsímakonur (23)	— 66493
Sendisveinar (8)	— 9225
Loftskeytastöðin í Reykjavík:	
Loftskeytastöðvarstjóri (1) (skrifst.stj.) + húsn., ljós og hiti	— 6525
Símritarar (4)	— 24639
Aðstoðarstúlka (1)	— 2555
Stuttbylgjustöðin:	
Stöðvarverðir (2) + húsnæði, ljós og hiti	— 8880
Talbrúarvörður (1)	— 4260

	Laun alls	
Bæjarsíminn í Reykjavík og Hafnarfirði:		
Bæjarsímastjóri (1)	kr.	7615
Verkstjórar (3)	—	19290
Aðstoðarverkstjórar (2)	—	11700
1. fl. símvirkjar (5)	—	24910
1. fl. línumenn (2)	—	9720
2. fl. símvirkjar (4)	—	16980
2. fl. línumaður	—	4290
3. fl. símvirkjar (8)	—	19140
3. fl. línumaður (1)	—	3990
Nemar (2)	—	4800
Snikkari (1)	—	4200
Næturvörður (1)	—	4730
Gjaldkeri (1)	—	4418
1. fl. skrifarar (2)	—	7966
2. fl. skrifarar (3)	—	9444
Talsímakonur (4)	—	12089
Innheimtumenn (2)	—	4500
Áhaldahúsið:		
Efnisvörður (1)	—	5030
Aðstoðarmenn (2)	—	8460
Bifreiðarstjóri (1)	—	4200
Akureyri:		
Umdæmisstjóri + húsnæði, ljós og hiti (1)	—	5415
Varðstjórar (2)	—	9786
Talsímakonur (14)	—	32009
3. fl. línumaður (1)	—	3500
Næturvörður (1)	—	2660
Sendisveinar (2)	—	1440
Seyðisfjörður:		
Umdæmisstjóri, + húsnæði, ljós og hiti, + 1650 kr. frá póstsjóði (1)	—	3360
Varðstjórar (3)	—	14654
Símritarar (5)	—	19579
Kvensímritarar (2)	—	6574
Talsímakonur (4)	—	11148
Sendisveinar (2)	—	1800
Ísafjörður:		
Umdæmisstjóri, + húsnæði, ljós og hiti (1)	—	4690
Símritarar (3)	—	11723
Kvensímritari (1)	—	3255
Talsímakonur (2)	—	6514
Sendisveinar (2)	—	2160
Borðeyri:		
Umdæmisstjóri, + húsnæði, ljós og hiti (1)	—	4720
Talsímakonur (4)	—	10137
Vestmannaeyjar:		
Stöðvarstjóri, + húsnæði, ljós og hiti (1)	—	5445
Símritarar (2)	—	9050
Talsímakonur (3)	—	6736
Sendisveinar (2)	—	1680
Siglufjörður:		
Umdæmisstjóri, + húsnæði, ljós og hiti (1)	—	4690
Símritari (1)	—	3970
Kvensímritari (1)	—	3257

	Laun alls
Talsímakonur (5)	kr. 13952
Sendisveinar (2)	— 1680
Samtals	kr. 715459

3. Áfengisverzlun ríkisins.

Forstjóri (1)	kr. 9000
Aðalbókari (1)	— 6000
Aðstoðarbókhaldari (1)	— 4200
Fulltrúi lyfjadeildar (1)	— 5500
Gjaldkeri (1) (þar í mistalningarfé)	— 6000
Bréfritari erl. bréfa (1)	— 5500
Afgreiðslumenn (2)	— 9600
Ritari (1)	— 3000
Aðalverkstjóri í Nýborg (1)	— 6000
Aðstoðarverkstjórar (2)	— 9600
Bifreiðarstjórar (2)	— 7920
Fastir starfsmenn í Nýborg (7)	— 26480
Fastar starfsstúlkur í Nýborg (4)	— 9600
Sendisveinn og innheimtumaður (1)	— 1500
Efnafræðingur (1)	— 3600
Lausafólk	— 24000
Samtals	kr. 137500

4. Tóbakseinkasala ríkisins.

Forstjóri (1)	kr. 10000
Skrifstofustjóri (1)	— 7000
Birgðavörður (1)	— 5400
Sölumaður (1)	— 5000
Bókarar (2)	— 8600
Gjaldkeri (1)	— 5200
Ritari (1)	— 4400
Afgreiðslumenn (3)	— 11300
Bifreiðarstjóri (1)	— 3900
Innheimtumaður (1)	— 3600
Skrifstofustúlkur (4)	— 10380
Sendisveinn (1)	— 1500
Samtals	kr. 76280

5. Ríkisútvarpið.

Yfirstjórn:	
Útvarpsráð (7)	kr. 8000
Útvarpsstjóri (1)	— 7500
Aðalskrifstofa:	
Skrifstofustjóri (1)	— 6600
Ritari og teiknari (1)	— 4500
Ritari (1)	— 3600
Innheimtumaður auglýsingagjalda (1)	— 1500
Innheimtuskrifstofa:	
Forstöðukona (1)	— 4000
Aðstoðarstúlka (1)	— 2700
Innheimtumenn (4)	— 9800

	Laun alls	
Skrifstofa dagskrár:		
Skrifstofustjóri (1)	kr.	5400
Gæzlumaður plötusafns (1)	—	3600
Vélritari og aðstoðarmaður við plötusafn	—	2700
Ráðunautur útvarpsráðs (1)	—	3000
Fréttastofan:		
Fréttastjóri innl. frétta	—	4000
Aðstoðarfréttaritari (1)	—	3000
Auglýsingastjóri (1)	—	2700
Fréttastjóri erlendra frétta (1)	—	5000
Aðstoðarfréttaritari (1)	—	4500
Tónlistarmenn:		
Tónlistarráðunautur (1)	—	3600
Fiðluleikari og hljómsveitarstjóri (1) og fiðluleikari (1)	—	8500
Píanóleikari (1)	—	5000
Celloleikari (1)	—	3600
Kontrabassaleikari (1)	—	3600
Organleikari (1)	—	3600
Útvarpssalur:		
Þulur 1. (1)	—	3900
Þulur 2. (1)	—	1800
Dyravarzla (1)	—	1500
Magnarasalur:		
Magnaraverðir (2)	—	9000
Verkfræðingadeild:		
Verkfræðingur (1) (sjá landssíminn)	—	3000
Aðstoðarverkfræðingur (1)	—	4800
Útvarpsstöðin:		
Stöðvarstjóri, + húsnæði, ljós og hiti (1)	—	4500
Aðstoðarmaður, + húsnæði, ljós og hiti (1)	—	3300
Varðstjóri á Eiðum, + húsnæði, ljós og hiti (1)	—	4000
Aðstoð	—	8500
Samtals	kr.	154300
Viðgerðarstofan:		
Forstöðumaður (1)	kr.	6600
Viðtækjaverzlunin:		
Forstjóri (1)	—	9000
Bókari og gjaldkeri (1)	—	6000
Afgreiðslumaður (1)	—	4800
Ritarar (2)	—	7400
Pakkhúsmaður (1)	—	3600
Viðgerðarmenn (2)	—	8400
Aðstoð	—	2000
Samtals	kr.	41200

6. Ríkisprentsmiðjan.

Forstjóri (1)	kr.	9000
Fulltrúi og gjaldkeri (1)	—	6300
Bókari (1)	—	5400
Afgreiðslumaður (1)	—	4500
Skrifstofustúlka (1)	—	2700
Sendimaður (1)	—	1500
Samtals	kr.	29400

Laun alls

7. Landssmiðjan.

Forstjóri (1)	kr.	8400
Aðalbókari (1)	—	6000
Gjaldkeri (1)	—	4800
Aðstoðarbókari (1)	—	2700
Samtals	kr.	21900

8. Bifreiðaeinkasalan.

Skrifstofumaður (1)	kr.	5400
Afgreiðslumaður (1)	—	4200
Viðgerðarmenn (2)	—	7800
Aðstoð	—	1000
Samtals	kr.	18400

9. Raftækjaeinkasalan.

Forstjóri (1)	kr.	9000
Verkfræðingur (1)	—	5700
Sölumaður (1)	—	6200
Aðstoðarsölumaður (1)	—	2400
Aðalbókari og gjaldkeri (1) (þar í mistalningarfé)	—	5740
Aðstoðargjaldkeri (1)	—	2400
Birgðabókari (1)	—	5800
Bréfritari og aðstoðarbókari (1)	—	5400
Ritarar (2)	—	7500
Skrifstofustúlka (1)	—	1800
Birgðavörður (1)	—	4800
Afgreiðslumenn (3)	—	12000
Sendisveinn og innheimtumaður (1)	—	1800
Aðstoðarsendisveinn (1)	—	1500
Samtals	kr.	72040

9. gr. fjárlaga.

Alþingi.

Fastir starfsmenn:

Skrifstofustjóri (1) (þar af húsal.styrkur kr. 1800)	kr.	6800
Fulltrúi (1)	—	6300
Aðstoðarmaður (1)	—	6000
Húsvörður (1)	—	3000
Samtals	kr.	22100

Starfsmenn um þingtímann:

Skjalavörður (1)	dagkaup kr.	13.00	
Ritari (1)	— —	9.50	
Prófarkalesarar (2)	— —	9.50	og 12.00
Innanþingsskrifarar (17)	— —	9.50	
Lestrarsalsverðir (2)	— —	5.00	
Dyra- og pallaverðir (5)	— —	7.50	
Símaverðir (2)	— —	7.00	
Fataverðir (3)	— —	4.00	
Þingsveinar (7)	— —	3.00	

10. gr. fjárlaga.

Laun alls

I. 3. Stjórnarráðið.

Atvinnumálaráðuneytið:

Skrifstofustjóri (1), (þar af kr. 1200 fyrir vörzlu sjóða)	kr.	7200
Fulltrúar (3) 6750, 6150 og 5000	—	17900
Aðstoðarmaður (1)	—	4100
Ritarar (2)	—	7600
Samtals	kr.	36800

Dómsmálaráðuneytið:

Skrifstofustjóri (1), (þar af kr. 1200 fyrir vörzlu sjóða)	kr.	7200
Fulltrúar (2), 6200 og 6000	—	12200
Aðstoðarmenn (2), 5100 og 4200	—	9300
Ritari (1)	—	3000
Samtals	kr.	31700
÷ Innborgað frá kirkjujarðasjóði	—	3500
Samtals	kr.	28200

Fjármálaráðuneytið:

Skrifstofustjóri (1), (þar af fyrir umsjá landsverzl. 1200)	kr.	7200
Fulltrúar (3), 5870, 5580 og 4950	—	16400
Aðstoðarmenn (4)	—	16000
Ritari (1)	—	2500
Aðalendurskoðandi (1)	—	6800
Samtals	kr.	48900

Skrifstofa utanríkismála:

Skrifstofustjóri (þar af 1200 fyrir störf hjá forsætisráðherra) (1)	kr.	7200
Fulltrúi (1)	—	4800
Aðstoðarmaður (1)	—	4200
Ritari (1)	—	2500
Samtals	kr.	18700

Dyravarzla:

Dyravörður (1), (auk húsnæðis, ljóss og hita)	kr.	2715
Aðstoðardyravörður (1)	—	3000
Samtals	kr.	5715

I. 4. Ríkisféhirzla og bókhald.

Ríkisbókari (1)	kr.	6000
Fulltrúi ríkisbókara (1)	—	5000
Ríkisféhirðir (1), (þar af mistalningarfé 2000)	—	7950
Fulltrúar (2), 5000 og 3900	—	8900
Ritarar (2), 2750 og 2250	—	5000
Samtals	kr.	32850

II. Hagstofan.

Hagstofustjóri (1)	kr.	6000
Fulltrúi (1)	—	4950
Aðstoðarmenn (3)	—	13700
Ritarar 1. fl. (2)	—	6700
Ritarar 2. fl. (3)	—	7520
Aðstoð	—	2000
Samtals	kr.	40870

III. Utanríkismál.

		Laun alls
1. Sendiráð í Khöfn:		
Sendiherra (1)	kr.	10000
Sendisveitarritari (1)	—	3600
Fulltrúi (1)	—	6000
Ritari (1)	—	2700
Samtals	kr.	22300
2. Fulltrúi í Osló	—	5000
Samtals	kr.	27300

11. gr. fjárlaga:

A.

1. Hæstiréttur:

Dómstjóri (1)	kr.	10000
Dómarar (2)	—	16000
Ritari (1)	—	6000
Samtals	kr.	32000

2. Laun bæjarfógeta, sýslumanna o. fl.

Lögmaður, lögreglustjóri og tollstjóri í Reykjavík (3)	kr.	27000
Bæjarfógeti (1)	—	5600
Bæjarfógeti (1)	—	5200
Sýslumenn og bæjarfógetar (11)	—	56600
Sýslumaður (1)	—	5000
Sýslumaður (1)	—	4950
Sýslumenn (3)	—	14238
Bæjarfógeti (1)	—	4152
Lögreglustjórar (4)	—	10000
Samtals	kr.	132740

4. Skrifstofa lögmanns:

Fulltrúar (4)	kr.	22000
Gjaldkeri (1)	—	2400
Ritarar (2)	—	5400
Aukaaðstoð	—	5800
Samtals	kr.	35600

5. Skrifstofa tollstjóra:

Fulltrúi (1)	kr.	6000
Gjaldkeri (1)	—	6000
Tollritarar (9)	—	44300
Ritarar (3)	—	9600
Innheimtumenn (7)	—	30910
Lögtaksfulltrúi (1)	—	5400
Aukaaðstoð (tímakaup kr. 1.50)	—	13000
Samtals	kr.	115210

6. Skrifstofa lögreglustjóra:

Fulltrúar (2)	kr.	13200
Gjaldkeri (1)	—	5700
Aðstoðarmenn (2)	—	9000
Ritarar (4)	—	10800
Samtals	kr.	38700

7. Starfsmenn toll- og löggæzlu:

a. **Reykjavík:**		Laun alls
Yfirtollvörður (1)	kr.	5400
Tollþjónar (12)	—	50400
Vöruskoðunarmenn (2)	—	8400
Aukaaðstoð (tímakaup kr. 1.60)	—	1600
Samtals	kr.	65800
b. **Utan Reykjavíkur:**		
Tollþjónar (7)	kr.	25200
Löggæzlumaður á vegum (1)	—	5400
Bifreiðaskoðunarmenn (2)	—	10000
Samtals	kr.	40600

10. Hegningarhúsið í Reykjavík:

Fangavörður (1), (þar af húsaleigustyrkur 2400)	kr.	5400
Aðstoðarmaður (1), (auk fæðis og húsnæðis)	—	2400
Samtals	kr.	7800

11. Vinnuhælið á Litla-Hrauni:

Forstöðumaður (1), (auk húsnæðis)	kr.	5100
Verkstjóri og gæzlumaður (1) (auk fæðis)	—	3000
Matreiðslumaður (1) (auk fæðis)	—	3000
Samtals	kr.	11100

15. Löggildingarstofan:

Forstöðumaður (1)	kr.	5600
Aðstoðarmaður (1)	—	4100
Verkstæðismaður (1)	—	3800
Eftirlitsmaður (1)	—	3800
Samtals	kr.	17300

B.

4. Skattstofa Reykjavíkur:

Skattstjóri (1), (hluti ríkissjóðs)	kr.	5650
Fulltrúi (1)	—	6000
Aðstoðarmenn (2½ á kr. 5000)	—	12500
Önnur starfslaun	—	20000
Samtals	kr.	44150

12. gr. fjárlaga.

1. Laun lækna:

Landlæknir (1)	kr.	6600
Héraðslæknir á Akureyri (1)	—	6000
Héraðslæknir í Reykjavík (1)	—	5250
Héraðslæknar (7) á kr. 4950.00	—	34650
Héraðslæknar (4) á kr. 4746.00	—	18984
Héraðslæknar (9) á kr. 4600.00	—	41400
Héraðslæknir (1)	—	4498
Héraðslæknar (4) á kr. 4267.33	—	17069
Héraðslæknar (10) á kr. 4036.67	—	40367
Héraðslæknar (3) á kr. 3921.33	—	11764
Héraðslæknar (7) á kr. 3500.00	—	24500
Héraðslæknir (1)	—	3690
Héraðslæknir (1)	—	3125
Samtals	kr.	217897

Skrifstofa ríkisspítalanna:	Laun alls
Formaður stjórnarnefndar (landlæknir)	kr. 2550
Stjórnarnefndarmenn (3)	— 1500
Framkvæmdastjóri (1)	— 7000
Gjaldkeri (1)	— 5600
Ritari (1)	— 3600
Vélritarar (2)	— 4200
Samtals	kr. 24450

9. Landsspítalinn:	
Yfirlæknar (3)	kr. 22800
Aðstoðarlæknar (4)	— 16000
Kandidatar (3)	— 5400
Aukalæknar (sérfræðingar) (2)	— 5000
Yfirhjúkrunarkona (1)	— 2700
Deildarhjúkrunarkonur (3)	— 5400
Hjúkrunarkonur (9)	— 13500
Nuddkona (1)	— 2400
Kona við rannsóknir (1)	— 2400
Kennslukona barna (1)	— 1250
Röntgenkonur (5)	— 11000
Ráðskona (1)	— 2400
Aðstoðarráðskona (1)	— 1200
Yfirljósmóðir (1)	— 2400
Aðstoðarljósmæður (2)	— 2400
Vélamaður (1)	— 3000
Umsjónarmaður (1)	— 3600
Starfsstúlkur (25)	— 20000
Hjúkrunarnemar (22)	— 13000
Laun vegna sumarleyfa	— 7750
Laun til rannsóknarstofu háskólans	— 1200
Laun vegna vorhreingerninga	— 2500
Húsaleiga starfsmanna	— 4500
Samtals	kr. 151800

10. Holdsveikraspítalinn í Laugarnesi:	
Læknir (1)	kr. 3600
Yfirhjúkrunarkona (1)	— 2400
Ráðskona (1)	— 1500
Kyndari (1)	— 2520
Starfsstúlkur (6)	— 4200
Prestslaun	— 700
Laun vegna sumarfría	— 1000
Vorhreingerningar	— 500
Samtals	kr. 16520

11. I. Kleppsspítalinn (gamli):	
Yfirlæknir (1)	kr. 5000
Kandidat (1)	— 1500
Yfirhjúkrunarkona (1)	— 2700
Hjúkrunarkona (1)	— 1500
Hjúkrunarmaður (1)	— 1740
Véla- og viðgerðarmaður (1)	— 3000
Ráðskona (að hálfu) (1)	— 900

		Laun alls
Vökukona (1)	kr.	960
Þvottaráðskona (1)	—	960
Starfsstúlkur (7)	—	5250
Bílstjóri (að hálfu) (1)	—	1260
Laun vegna sumarfría	—	1940
Vorhreingerningar	—	500
Samtals	kr.	27210

11. II. Kleppsspítalinn (nýi):

Yfirlæknir (1)	kr.	5000
Kandidat (1)	—	1800
Læknanemar (2)	—	1800
Yfirhjúkrunarkona (1)	—	2400
Hjúkrunarkonur (11)	—	16650
Hjúkrunarmenn (4)	—	6500
Vökukonur (2)	—	1920
Ráðskona (að hálfu) (1)	—	900
Vélamaður (1)	—	3300
Þvottaráðskona (1)	—	1080
Saumakona (verkstýra) (1)	—	1080
Starfsstúlkur (13)	—	9750
Bílstjóri (að hálfu) (1)	—	1260
Laun vegna sumarfría	—	5200
Vorhreingerningar	—	1000
Samtals	kr.	59640

12. Vífilsstaðahælið:

Yfirlæknir (1)	kr.	6200
Aðstoðarlæknir (1)	—	5000
II. aðstoðarlæknir (1)	—	2400
Aukalæknir (1)	—	800
Yfirhjúkrunarkona (1)	—	2400
Hjúkrunarkonur (8)	—	11500
Hjúkrunarnemar (4)	—	1920
Kennari (1)	—	640
Ráðskona (1)	—	2400
Aðstoðarráðskona (1)	—	1200
Saumakona (1)	—	1000
Starfsstúlkur (23)	—	16750
Bifreiðarstjóri (1)	—	2520
Smiður (1)	—	2400
Kyndari (1)	—	2820
Starfsmenn (3)	—	4860
Laun vegna sumarfría	—	4650
Vorhreingerningar	—	2000
Samtals	kr.	71460

13. Heilsuhælið í Kristnesi:

Yfirlæknir (1)	kr.	5000
Aðstoðarlæknir (1)	—	3600
Yfirhjúkrunarkona (1)	—	2400
Aðstoðarhjúkrunarkonur (2)	—	3120
Hjúkrunarnemar (2)	—	960

		Laun alls
Þvottaráðskona (1)	kr.	1200
Ráðskona (1)	—	1800
Aðstoðarráðskona (1)	—	840
Ráðsmaður (1)	—	4800
Bifreiðarstjóri og vélamaður (1)	—	2280
Starfsstúlkur (12)	—	9000
Vinnumaður (1)	—	1200
Laun vegna sumarfría	—	2500
Vorhreingerningar	—	1000
Samtals	kr.	39700

14. Reykjahælið í Ölfusi:

Læknir (1)	kr.	7400
Yfirhjúkrunarkona (1)	—	2400
Ráðskona (1)	—	1800
Vinnumaður (1)	—	1200
Starfsstúlkur (5)	—	3750
Prestur (1)	—	400
Laun vegna sumarfría	—	950
Samtals	kr.	17900

13. gr. fjárlaga.

A. Vegamál:

Vegamálastjóri (enda sé hann vatnamálaráðunautur stjórnarinnar)	kr.	7200
Skrifstofustjóri og bókari (1)	—	6750
Aðstoðarverkfræðingur (1)	—	5900
Verkfræðingar (3)	—	16500
Mælingamaður (1)	—	5000
Gjaldkeri (1)	—	3300
Ritari (1)	—	2700
Samtals	kr.	47350

B. I. a. Skipaútgerð ríkisins:

Framkvæmdarstjóri (1)	kr.	9000
Skrifstofustjóri (1)	—	6500
Bókari (1)	—	5000
Gjaldkeri (1)	—	5000
Innkaupamaður (1)	—	5000
Ritari (1)	—	2100
Verkstjórar (2)	—	9300
Samtals	kr.	41900

C. I.—II. Vitamál:

Vitamálastjóri (1)	kr.	7200
Vitaverkfræðingur (1)	—	5900
Hafnaverkfræðingur (1)	—	5900
Aðstoðarverkfræðingar (3)	—	16130
Gjaldkeri og bókari (1)	—	3600
Efnisvörður (1)	—	4560
Kafari (1)	—	3825

		Laun alls
Ritari (1)	kr.	3000
Vélritari (1)	—	2100
Vitaverðir (54)	—	32000
Samtals	kr.	84215

D.

Flugmálaráðunautur (1)	kr.	3000
Samtals	kr.	3000

14. gr. fjárlaga.

A.

Þjóðkirkjan:

Biskup (1)	7000.00	kr.	7000.00
Prestur (1)	7000.00	—	7000.00
Prestur (1)	5950.00	—	5950.00
Prestur (1)	5813.00	—	5813.00
Prestar (4)	5750.00	—	23000.00
Prestar (4)	5700.00	—	22800.00
Prestur (1)	5500.00	—	5500.00
Prestar (3)	5075.00	—	15225.00
Prestar (2)	4875.00	—	9750.00
Prestar (19)	4200.00	—	79800.00
Prestar (32)	4000.00	—	128000.00
Prestar (4)	3950.00	—	15800.00
Prestar (5)	3750.00	—	18750.00
Prestar (5)	3700.00	—	18500.00
Prestar (6)	3500.00	—	21000.00
Prestur (1)	3450.00	—	3450.00
Prestur (1)	3400.00	—	3400.00
Prestar (3)	3250.00	—	9750.00
Prestur (1)	3200.00	—	3200.00
Prestar (5)	3000.00	—	15000.00
Samtals		kr.	418688.00

B.

I. Háskólinn.

Prófessorar (9)	kr.	54000
Prófessorar (3)	—	16500
Prófessor (1)	—	5000
Prófessor (1)	—	4950
Dósent (1)	—	4036
Aukakennarar (5)	—	9200
Ritari (1)	—	4000
Samtals	kr.	97686

Rannsóknarstofa háskólans.

Forstöðumaður (1), (fyrir ranns. húsdýrasjúkd. kr. 1000)	kr.	8200
Aðstoðarlæknar (2)	—	7200
Aðstoðarfólk (7)	—	17500
Vikamaður (1)	—	1080
Samtals	kr.	33980

III. Fræðslumálaskrifstofan.	Laun alls
Fræðslumálastjóri (1)	kr. 7000
Fulltrúi (1)	— 5400
Ritarar (2), 3600 og 2400	— 6000
Samtals	kr. 18400

IV. Menntaskólinn í Reykjavík.	
Rektor (1), (auk þess risnufé 2000, húsaleigustyrkur 3000)	kr. 5000
Yfirkennarar (4)	— 20000
Kennarar (3)	— 15000
Kennarar (2)	— 9492
Kennarar (3)	— 11763
Kennari (1), að ⅔	— 2510
Dyravörður (1)	— 1875
Samtals	kr. 65640

V. Menntaskólinn á Akureyri.	
Skólameistari (1), (auk þess risnufé 2000, húsnæði, ljós og hiti)	kr. 5000
Kennarar (2)	— 10000
Kennarar (2)	— 9492
Kennari (1)	— 3921
Kennarar (3)	— 13126
Samtals	kr. 41539
Aukakennarar (stundakennsla)	— 23500
Samtals	kr. 65039

VI. Kennaraskólinn.	
Skólastjóri (1), (húsnæði, ljós og hiti)	kr. 4746
Kennarar (2)	— 7842
Kennari (1)	— 4600
Aukakennari (1)	— 3500
Aukakennari að ⅓	— 1255
Samtals	kr. 21943

VII. Stýrimannaskólinn.	
Skólastjóri (1), (húsaleigustyrkur 3000)	kr. 4600
Kennarar (2), 5100 og 4382	— 9482
Dyravörður að ⅓	— 600
Samtals	kr. 14682

VIII. Vélstjóraskólinn.	
Skólastjóri (1), (húsaleigustyrkur 3000)	kr. 4600
Kennarar (2), 5100 og 3500	— 8600
Dyravörður að ⅔	— 1200
Samtals	kr. 14400

IX. Bændakennsla.

1. Hólaskóli:	Laun alls
Skólastjóri (1), (bústjórnarlaun 2500)	kr. 2875
Kennarar (2), 3250 og 2250	— 5500
Samtals	kr. 8375

2. Hvanneyrarskóli:	
Skólastjóri (1), (bústjórnarlaun 2500)	kr. 2750
Kennarar (2), 2750 og 2250	— 5000
Samtals	kr. 7750

XIII. Barnakennarar.

Í Reykjavík (98)	kr. 181835
Í kaupstöðum utan Reykjavíkur (68)	— 144905
Fastir kennarar utan kaupstaða (136)	— 265376
Farkennarar (137)	— 80000
Samtals	kr. 672116

XIV. Eiðaskóli.

Skólastjóri (1), (húsnæði, ljós og hiti)	kr. 4200
Kennarar (2), 3500 og 2750	— 6250
Samtals	kr. 10450

XVI. Málleysingjaskólinn.

Skólastýra (1), (húsnæði, ljós og hiti)	kr. 3500
Kennslukonur (3)	— 8437
Samtals	kr. 11937

15. gr. fjárlaga.

1. Landsbókasafnið.

Landsbókavörður (1)	kr. 6000
Bókavörður (1)	— 4600
Bókavörður (1)	— 4500
Aðstoðarbókaverðir (2)	— 8800
Dyravörður í safnahúsinu (1)	— 1875
Samtals	kr. 25775

2. Þjóðskjalasafnið.

Þjóðskjalavörður (1)	kr. 4950
Aðstoðarmaður (1)	— 3960
Samtals	kr. 8910

3. Þjóðminjasafnið.

Þjóðminjavörður (1)	kr. 5500
Samtals	kr. 5500

42. Friðun Þingvalla.

Umsjónarmaður (1), (auk ókeypis húsnæðis, ljóss og hita)	kr. 4200
Samtals	kr. 4200

16. gr. fjárlaga.

2. Búnaðarfélag Íslands.		Laun alls
Stjórnarnefnd (3)	kr.	1500
Búnaðarmálastjóri (1)	—	6000
Ráðunautar (6)	—	29250
Aðstoðarmaður (1)	—	4620
Ritari (1)	—	4600
Samtals	kr.	45970

3. Sandgræðslan.		
Sandgræðslumaður (1)	kr.	3600
Samtals	kr.	3600

15. Skógræktin.		
Skógræktarstjóri (1)	kr.	5240
Skógarverðir (2)	—	3000
Skógarvörður (1), (þar af húsaleigustyrkur 600)	—	2100
Samtals	kr.	10340

17. Dýralæknar.		
Dýralæknar (3)	kr.	12110
Dýralæknir (1)	—	3500
Dýralæknir (1)	—	3125
Samtals	kr.	18735

20. Rannsóknarstofnun atvinnuveganna.

Iðnaðardeild:			
Forstjóri (1), 7200 + 1000 f. forstöðu stofn.	kr. 8200		
Matvælasérfræðingur (1)	— 6000		
Fiskiðnfræðingur (1)	— 1200		
Efnafræðingur (1)	— 5600		
Gerlafræðingur (1)	— 5400		
Stúlkur (3)	— 5400	kr.	31800
Matvælaeftirlit:			
Sérfræðingur (læknir) (1)	kr. 5000		
Mjólkurfræðingur (1)	— 4200		
Stúlka (1)	— 2400	—	11600
Landbúnaðardeild:			
Sérfræðingur í jarðvegsrannsóknum (1)	kr. 1500		
Sérfræðingur í jurtasjúkdómum (1)	— 4800	—	6300
Fiskideild:			
Deildarstjóri (1)	kr. 7200		
Aðstoðarmaður (1)	— 4800		
Hjálparmaður (1)	— 3000		
Stúlkur (2)	— 3000	—	18000
Sameiginlegir starfsmenn:			
Umsjónarmaður (1)	kr. 3600		
Skrifstofustúlka (1)	— 3000	—	6600
Samtals		kr.	74300

21. Veðurstofan.		Laun alls
Forstöðumaður (1) (þar af húsaleigustyrkur 900 kr.)	kr.	6900
Fulltrúi (1) (þar af húsaleigustyrkur 900 kr.)	—	7000
Aðstoðarmenn (2)	—	9460
Loftskeytamenn (2)	—	6520
Vélritari (1)	—	1275
Aukavinna	—	2745
Samtals	kr.	33900

22. Rafmagnseftirlit.		
Forstöðumaður (1)	kr.	5830
Skoðunarmaður (1)	—	4200
Skrifstofumaður (1)	—	2760
Samtals	kr.	12790

25. Fiskifélagið.		
Forseti (1)	kr.	7200
Stjórnarnefnd (2)	—	1000
Skrifstofustjóri (1)	—	6400
Vélfræðingur (1)	—	6000
Fiskiðnaðarfræðingur (1)	—	6000
Aðstoðarmaður fiskiðnaðarfræðings (1)	—	1200
Skrifstofustúlka (1)	—	2400
Erindrekar (4)	—	8000
Samtals	kr.	38200

28. Laun yfirmatsmanna.		
Fiskimatsstjóri (1)	kr.	8000
Fiskimatsmaður í Reykjavík (1)	—	5000
Fiskimatsmenn (3)	—	13800
Fiskimatsmaður (1)	—	3800
Ullarmatsformaður (1)	—	1000
Ullarmatsmenn (4)	—	2300
Kjötmatsmenn (4)	—	2875
Lýsismatsmaður (1)	—	2400
Samtals	kr.	39175

29. Skipaskoðun.		
Skipaskoðunarstjóri (1)	kr.	6000
Skrifstofumaður (1)	—	3000
Skipaskráningarmaður (1)	—	1800
Samtals	kr.	10800

61. Húsameistari ríkisins.		
Húsameistari (1), (þar af persónul. uppbót 2400)	kr.	8400
Fulltrúi (1)	—	5400
Aðstoðarmenn (2)	—	9000
Samtals	kr.	22800

69. Ferðaskrifstofa ríkisins.		
Forstjóri (1)	kr.	8000
Skrifstofustjóri og gjaldkeri (1)	—	6000
Bréfritari (1)	—	3600
Samtals	kr.	17600

17. gr. fjárlaga. Laun alls

1. Berklavarnir.

Berklayfirlæknir (1)	kr.	9000
Skrifstofustúlka (1)	—	2400
Samtals	kr.	11400

5. Tryggingarstofnun ríkisins.

Tryggingarráð (3)	kr.	5400
Forstjóri (1)	—	10000
Yfirlæknir, ½ laun	—	6000
Endurskoðandi, ½ laun	—	2700
Deildarstjóri slysatr. (1)	—	6000
Deildarstjóri sjúkratrygginga (1)	—	6000
Gjaldkeri (1)	—	5000
Bókari ellitrygginga (1)	—	4800
Skrifstofumaður (1)	—	4200
Skrifstofustúlkur (3)	—	4500
Símastúlka (1)	—	1260
Sendisveinn (1)	—	1260
Samtals	kr.	57120

Stofnanir, sem ekki eru í fjárlögum.

Gjaldeyrisnefnd:

Formaður (1)	kr.	8400
Nefndarmenn (4)	—	16800
Skrifstofustjóri (1)	—	7600
Ritarar (8)	—	33600
Vélritarar (4)	—	7620
Samtals	kr.	74020

Kjötverðlagsnefnd:

Formaður (1)	kr.	4800
Nefndarmenn (4)	—	3000
Skrifstofustúlka (1)	—	2400
Samtals	kr.	10200

Fiskimálanefnd:

Formaður (1)	kr.	3600
Nefndarmenn (6)	—	14400
Skrifstofustjóri (1)	—	10800
Skrifstofumaður (1)	—	4200
Vélritunarstúlka (1)	—	2700
Harðfisksráðunautur (1)	—	7200
Verkstjóri í hraðfrystistöðinni (1)	—	5100
Vélamaður (1)	—	4500
Samtals	kr.	52500

Síldarútvegsnefnd:

Formaður (1)	kr.	3500
Nefndarmenn (4)	—	10500
Skrifstofustjóri (1)	—	6000
Bókari (1)	—	3600
Starfsmenn ½ árið (3)	—	7800
Samtals	kr.	31400

Síldarverksmiðjur ríkisins:		Laun alls
Stjórnarnefnd (3)		kr. 13500
Framkvæmdarstjóri (1)		— 12000
a. Á Siglufirði:		
Skrifstofustjóri (1)	kr. 8000	
Verkstjóri (1)	— 6000	
Yfirvélstjóri (1)	— 6500	
Vélstjóri (1)	— 6000	
Vélstjóri (1) (húsnæði, ljós og hiti)	— 4300	
Vélsmiður (1)	— 4000	
Rafvirki (1)	— 4000	
Lýsismaður (1)	— 3600	
Skrifstofumenn (2)	— 9000	
Skrifstofustúlka (1)	— 2400	
		— 53200
b. Á Sólbakka:		
Verkstjóri (1) (húsnæði, ljós og hiti)	kr. 4800	
Vélstjóri (1) (húsnæði, ljós og hiti)	— 4800	
		— 9600
c. Á Raufarhöfn:		
Vélstjóri (1) (húsnæði, ljós og hiti)		— 3000
	Samtals	kr. 91300

Brunabótafélag Íslands:		
Forstjóri (1)		kr. 7200
Skrifstofustjóri (1)		— 6000
Gjaldkeri (1)		— 4800
Bókari (1)		— 4200
Ritari (1)		— 3300
Vélritarar (2)		— 6000
	Samtals	kr. 31500

Laun eru í starfsmannaskrá þessari talin eins og þau eru greidd 1. jan. 1938, að viðbættum aldurshækkunum hjá þeim starfsmönnum, sem laun taka samkv. launalögum, og með nokkrum breytingum hjá ýmsum öðrum starfsmönnum ríkisins.

Ed. 427. Nefndarálit

um frv. til l. um löggilta niðurjöfnunarmenn sjótjóns.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefir athugað frv. og leitað álits sérfróðra manna um það og leggur til, að það verði samþykkt óbreytt. Einn nefndarmanna (MJ) tók ekki þátt í afgreiðslu málsins.

Alþingi, 3. maí 1938.

Sigurjón Á. Ólafsson, form., frsm. Ingvar Pálmason, fundaskr. Árni Jónsson.
Páll Hermannsson.

Nd. 428. Lög

um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að veita einkaleyfi til að flytja út mó og vörur unnar úr mó og selja á erlendum markaði.

(Afgreidd frá Nd. 3. maí).

Samhljóða þskj. 374.

Nd. 429. Frumvarp til laga

um eftirlit með skipum.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

Samhljóða þskj. 126 með þeim breytingum, er felast í brtt. á þskj. 403.

Nd. 430. Breytingartillögur

við frv. til l. um eftirlit með skipum.

Frá Ísleifi Högnasyni.

1. Við 7. gr.
   a. Í stað síðasta málsl. 1. málsgr. kemur: Skipaskoðunarmenn geta þeir eigi verið, sem eru eigendur eða útgerðarmenn skipa. Eign í hlutabréfum Eimskipafélags Íslands hindrar menn þó eigi í því að gegna skipaskoðunarstarfi.
   b. Niðurlag 5. málsgr. Orðin „nema með leyfi skipaskoðunarstjóra“ í niðurlagi 5. málsgr. falli burt.
2. Við 8. gr. Orðin „ef kærandi óskar þess“ í 2. málsgr. falli burt.
3. Við 9. gr. Greinin falli burt.

Nd. 431. Breytingartillaga

við brtt. á þskj. 399 [Bráðabirgðatekjuöflun].

Frá Bjarna Ásgeirssyni.

Orðin „er liggur vestan Hafnarfjalls og sunnan Andakílsár“ falli burt.

Nd. 432. Breytingartillaga

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 6 9. jan. 1935, um tekjuskatt og eignarskatt.

Frá Sigurði Kristjánssyni.

Við 1. gr. Aftan við frvgr. bætist: ef skattskyldar árstekjur þeirra fara ekki fram úr 2500 kr.

Nd. 433. Nefndarálit

um frv. til l. um samþykkt á ríkisreikningnum fyrir árið 1936.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin leggur til, að frv. verði samþykkt.

Alþingi, 3. maí 1938.

Sveinbjörn Högnason, form. Finnur Jónsson, fundaskr. Steingr. Steinþórsson, frsm.
Ólafur Thors. St. Stefánsson.

Nd. 434. Tillaga til þingsályktunar

um stofnun nýs læknishéraðs.

Flm.: Helgi Jónasson.

Neðri deild Alþingis ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta rannsaka, í samráði við landlækni, möguleikana fyrir stofnun nýs læknishéraðs fyrir næstu sveitir beggja megin Þjórsár.

Rannsókn þessi sé framkvæmd fyrir næsta reglulegt Alþingi.

Greinargerð.

Mikill áhugi er nú fyrir því í nokkrum sveitum beggja megin Þjórsár, að fá skipaðan lækni að Þjórsártúni. Í Þjórsártúni hefir, sem kunnugt er, verið starfandi læknir í mörg ár, eða síðan skömmu fyrir aldamót, að Ólafur Ísleifsson settist þar að sem prakt. læknir og hefir starfað þar síðan, þar til nú fyrir fáum árum, að hann varð að láta af störfum sökum sjóndepru. Það hefir margoft komið í ljós, að nauðsynlegt er að hafa lækni á þessu svæði nálægt Þjórsárbrú, því að sveitir þær, sem liggja beggja megin árinnar, eru mjög illa settar að ná til læknis sökum fjarlægðar, auk þess sem héraðslæknar þessara héraða hafa mjög stór og víðáttumikil héruð, og getur því oft dregizt bagalega lengi, að hægt sé að ná til læknis.

Ed. 435. Frumvarp til laga

um veiting ríkisborgararéttar.

(Eftir eina umr. í Nd.)

Ríkisborgararétt skulu öðlast:
Bertelsen, Andreas Jess, kaupmaður í Reykjavík, fæddur í Noregi.
Eide, Hans, kaupmaður í Reykjavík, fæddur í Noregi.
Haarde, Tomas, stöðvarverkstjóri í Reykjavík, fæddur í Noregi.
Halblaub, Ágúst, vélstjóranemi í Reykjavík, fæddur í Þýzkalandi.
Halblaub, Sólveig Jónsdóttir, verkakona á Akureyri, fædd hér á landi.
Isebarn, Ingólfur Hans Hermann, skrifstofumaður í Reykjavík, fæddur í Noregi.
Isebarn, Júliana Matthildur, skrifari í Reykjavík, fædd í Noregi.

Jensen-Brand, Helgi Carl, verkamaður í Reykjavík, fæddur í Canada.
Johansen, Kári Sölmundarson, verzlunarmaður á Akureyri, fæddur í Noregi.
Jónas Jónsson, verzlunarmaður í Reykjavík, fæddur hér á landi. — Réttur þessi tekur ekki til konu hans.
Kristján Halldórsson, verkamaður á Hólmavík, fæddur hér á landi.
Magnús Már Sigurjónsson, verkamaður í Reykjavík, fæddur í Canada.
Molvik, Jakob Andreassen, verkamaður á Akureyri, fæddur í Noregi.
Rasmussen, Gunnar Hans, námsmaður í Reykjavík, fæddur í Danmörku.
Stolzenwald, Helmuth Gustav Rudolf, klæðskeri í Vestmannaeyjum, fæddur í Þýzkalandi.
Sörensen, Arne, úrsmiður á Ísafirði, fæddur í Danmörku.
Valderhaug, Andris, bakari á Dalvík, fæddur í Noregi.
Weisshappel, Friedrich Karl Johanna, pianóleikari í Reykjavík, fæddur í Austurríki

Nd. 436. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 46 19. maí 1930, um fiskveiðasjóð Íslands.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

1. gr.

a. Í stað „50 rúmlesta" í a-lið 4. gr. laganna komi: 150 rúmlesta.
b. B-liður sömu gr. orðist þannig: Stofnunar iðjufyrirtækja í sambandi við fiskveiðar, gegn fyrsta veðrétti í frystihúsum, lifrarbræðslustöðvum, fiskimjölsverksmiðjum og öðrum iðjufyrirtækjum, sem vinna eingöngu eða að langmestu leyti að hagnýtingu fiskiafurða.

2. gr.

5. gr. laganna skal orða svo:

Út á ný skip með nýjum vélum má lána allt að helmingi virðingarverðs. Sé einnig um aukatryggingar að ræða, sem sjóðsstjórnin metur gildar, má lána allt að $^3/_5$ virðingarverðs, og sé skipið byggt hér á landi, allt að $^7/_{10}$ virðingarverðs.

Um lán út á skip eldri en eins árs fer eftir ákvörðun sjóðsstjórnarinnar í hvert skipti.

Lengsti lánstími samkv. a-lið 4. gr. er 12 ár og hámarkslán út á eitt skip, með eða án aukatrygginga, 40 þúsund krónur.

3. gr.

6. gr. laganna skal orða svo:

Út á eignir, sem tilgreindar eru í b-lið 4. gr., má lána allt að $^2/_5$ virðingarverðs, ef um nýja eign er að ræða. Lengstur lánstími er 15 ár og hámark láns 35 þúsund krónur.

4. gr.

7. gr. laganna skal orða svo:

Vextir af lánum úr fiskveiðasjóði skulu vera 5½% — fimm og hálfur af hundraði — á ári og greiðast fyrirfram fyrir eitt ár í senn, eða fyrir hluta úr ári, miðað við gjalddaga á lánum úr fiskveiðasjóði, sem skal vera hinn 1. nóvember ár hvert.

Nú er afborgun og vextir eigi greitt fyrir 15. nóvember, og má þá ennfremur reikna ½% dráttarvexti fyrir hvern hálfan mánuð eða minna, sem greiðsla dregst.

5. gr.

8. gr. laganna fellur niður.

6. gr.

11. gr. laganna fellur niður.

7. gr.

15. gr. laganna, sem verður 13. gr., skal orða svo:

Fiskveiðasjóður er undanþeginn opinberum gjöldum og sköttum, hverju nafni sem nefnast. Bækur sjóðsins og kvittanir, svo og skuldabréf fyrir lánum úr sjóðnum, umboð, veðleyfi og ábyrgðaryfirlýsingar gagnvart honum, eru undanþegin stimpilgjaldi. Eignar- og veðbókarvottorð er skylt að afgreiða til sjóðsins án endurgjalds.

8. gr.

16. gr. laganna, sem verður 14. gr., skal orða svo:

Yfirumsjón fiskveiðasjóðs er í höndum þess ráðherra, er fer með sjávarútvegsmál.

Útvegsbanki Íslands h/f í Reykjavík hefir á hendi framkvæmdastjórn sjóðsins og annast alla starfrækslu hans. Skal fiskveiðasjóður vera sérstök deild í bankanum, með aðskildum fjárhag og bókhaldi.

Kostnaður við rekstur fiskveiðasjóðs (og skuldaskilasjóðs vélbátaeigenda) greiðist af tekjum sjóðsins.

9. gr.

Á eftir 16. gr. laganna, sem verður 14. gr., kemur ný (15.) gr., svo hljóðandi:

Ákvæði 12., 13. og 14. gr. skulu einnig gilda um skuldaskilasjóð vélbátaeigenda, eftir því sem við á.

10. gr.

Þegar lög þessi hafa hlotið staðfestingu, skal meginmál þeirra fellt inn í lög nr. 46 19. maí 1930 og þau síðan gefin út, svo breytt, sem lög frá Alþingi.

Ed. 437. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 75 27. júní 1921, um stimpilgjald.

Frá fjárhagsnefnd.

1. gr.

11. gr. laganna skal orða svo:

Stimpilgjaldið greiðist með því að nota stimplaðan pappír eða líma stimpilmerki á skjalið, eða hvorutveggja, eða þá með ástimplunum stimpilmerkjavéla, sem ríkisstjórnin tekur gildar.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er flutt að tilmælum ríkisstjórnarinnar, en stjórnir Landsbanka Íslands og Útvegsbanka Íslands hafa nýlega leitað til hennar og óskað breytinga á stimpilgjaldslögunum í samræmi við frumvarpið.

Lagabreyting sú, sem hér er um að ræða, lýtur einungis að því, að í stað stimpilmerkja megi nota þar til gerða vél, er stimpli skjölin á sama hátt og frímerkjavélar stimpla burðargjald á bréf. — Láta stjórnir bankanna þess getið, að með þessari breyttu aðferð, vélstimplun í stað álímingar merkjanna á hin stimpilskyldu skjöl, vinnist það í senn, að öryggi aukist, þar eð hættan á, að stimpilmerki týnist eða um misnotkun þeirra geti verið að ræða, hverfur úr sögunni, þetta verði til verkasparn-

aðar í bönkunum, sérstaklega við stimplun innlendra og erlendra víxla, og loks verði það til sparnaðar á prentun og pappír, þar eð minnka megi að stórum mun upplag stimpilmerkjanna. — Vélar þessar verði gerðar og þær notaðar á þann hátt, er stjórnarráðið telur tryggilegan.

Með því að framanskráðar málsástæður virðast eiga við full rök að styðjast, er þess vænzt, að frumvarpi þessu verði tekið vel og að það nái fram að ganga nú á þessu þingi.

Ed. 438. Nefndarálit

um frv. til l. um skattgreiðslu útgerðarfyrirtækja íslenzkra botnvörpuskipa.

Frá fjárhagsnefnd.

Fjárhagsnefnd hefir rætt frv. þetta á allmörgum fundum og orðið sammála um, að nauðsynlegt sé að gera ráðstafanir í þá átt, sem frv. mælir fyrir. Nefndin gat þó ekki orðið sammála um, að eðlilegt væri að undanþiggja eina tegund fyrirtækja tekju- og eignarskatti með öllu, en ber hinsvegar fram breytingu á frv., sem nær nokkurn veginn sama tilgangi fyrir allan þorra þessara fyrirtækja. Þá þótti og nefndinni rétt að gera 3. gr. frv. ýtarlegri, svo og að fela fjármálaráðherra að setja nánari reglur um framkvæmd laganna.

Nefndin mælir því með, að frv. verði samþ. með eftirfarandi

BREYTINGUM.

1. Við 1. gr. Greinin orðist svo:
   Á árunum 1938—1942, að báðum árum meðtöldum, er útgerðarfyrirtækjum íslenzkra botnvörpuskipa heimilt að draga frá skattskyldum tekjum sínum tap, sem orðið hefir á rekstri þeirra eftir 1. jan. 1931, unz tapið er að fullu greitt.
   Á sama tíma er ofangreindum fyrirtækjum heimilt að draga frá skattskyldum tekjum sínum 90% af þeirri fjárhæð, sem þau leggja í varasjóð af árstekjum sínum.
2. Við 3. gr. Greinin orðist svo:
   Ívilnanir þær, sem fólgnar eru í 1. og 2. gr., eru bundnar eftirfarandi skilyrðum:
   a. Að fullnægjandi grein hafi verið gerð fyrir tapinu á framtali til tekju- og eignarskatts fyrir það eða þau ár, sem tapið varð.
   b. Að eigi sé úthlutað arði til hluthafa eða félagsmanna á meðan tapið er eigi að fullu jafnað. Ennfremur er fjármálaráðherra heimilt að setja svipaðar takmarkanir, þegar um einkafyrirtæki er að ræða.
   c. Að því leyti, sem tapið, eða þær skuldir, sem mynduðust þess vegna, hefir verið gefið eftir fyrir ráðstöfun þess opinbera, kemur framangreind ívilnun eigi til greina, sbr. lög nr. 9 6. jan. 1938.
3. Á eftir 3. gr. komi ný gr., svo hljóðandi:
   Fjármálaráðherra setur nánari reglur um framkvæmd þessara laga.

Alþingi, 4. maí 1938.

Bernh. Stefánsson, form.	Erl. Þorsteinsson, fundaskr.	Magnús Jónsson, frsm.

Nd. 439. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 1 3. jan. 1890, um lögreglusamþykktir fyrir kaupstaðina.

Frá allsherjarnefnd.

1. gr.

Aftan við 2. gr. laganna komi ný málsgr., svo hljóðandi:

Í lögreglusamþykktum má setja reglur um: Sölu og dreifingu hverskonar varnings utan sölubúða og að einstakar vörutegundir megi aðeins selja í búðum, sem fullnægja vissum skilyrðum; að leyfi bæjarstjórnar þurfi til þess að hafa fasta afgreiðslu bifreiða og annara flutningatækja á tilteknum stað eða í tilteknu húsnæði; að leyfi byggingarnefndar eða fulltrúa hennar þurfi til þess að setja upp föst skilti, auglýsingar og ljósaskreytingar, sem snúa að almannafæri eða sjást þaðan.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frv. þetta er flutt að tilhlutan lögreglustjóra Reykjavíkur, sem telur nauðsynlegt, að sett sé heimild til þess að bæjarstjórnir geti sett reglur um sölu og dreifingu varnings utan sölubúða, en að slíkri sölu munu nú vera töluverð brögð. Hafa ýmsar vörur verið seldar á götum úti, eða boðnar til sölu í heimahúsum. Skortir hér að sjálfsögðu á nauðsynlegt hreinlæti, en ef slík sala væri yfirleitt leyfð, yrðu að engu þær ströngu reglur, sem annars að réttu gilda um sölu í búðum ýmsra slíkra vara, svo sem brauðs o. fl.

Sömuleiðis er þess talin þörf, að setja megi í lögreglusamþykktir fyllri ákvæði en nú um leyfi til bifreiðastæða og um leyfi til að setja upp auglýsingar.

Nd. 440. Nefndarálit

um frv. til l. um að flytja fé ellistyrktarsjóða sveitar- og bæjarfélaga úr aðaldeild söfnunarsjóðs í útborgunardeild hans.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefir athugað frv. og leggur til, að það verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGUM.

1. Við frvgr. Greinin verður 1. gr. og orðast svo:

Ellistyrktarsjóðir bæjar- og sveitarfélaga, sem nú eru á vöxtum í aðaldeild söfnunarsjóðs Íslands, skulu nú þegar fluttir í útborgunardeild sjóðsins og falla til útborgunar 1. júlí 1939 til Tryggingarstofnunar ríkisins.

Söfnunarsjóðurinn greiðir ellistyrktarsjóðina með skuldabréfum, sem tryggð eru með 1. veðrétti í fasteignum og skuldabréfum, sem sveitar- og bæjarfélög hafa gefið út með tryggingu í eignum sínum og tekjum, eftir nánara samkomulagi við Tryggingarstofnun ríkisins.

2. Á eftir 1. gr. kemur ný (2.) gr., svo hljóðandi:
Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

Gísli Guðmundsson var fjarverandi vegna veikinda, er málið var afgreitt.

Alþingi, 4. maí 1938.

Bergur Jónsson, form., frsm. Vilm. Jónsson, fundaskr. Thor Thors.
Garðar Þorsteinsson

Nd. 441. Nefndarálit

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 81 23. júlí 1936, um sveitarstjórnarkosningar.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin mælir með því, að frv. verði samþykkt með svolátandi

BREYTINGU:

Við 1. gr. Greinin orðist svo:
Aftan við 2. málsgr. 10. gr. laga nr. 81 23. júní 1936 bætist nýr málsl., svo hljóðandi: Við kosningar í hreppum mega þó frambjóðendur eiga sæti í kjörstjórn, ef það sætir ekki ágreiningi í hlutaðeigandi hreppsnefnd.

Alþingi, 4. maí 1938.

Bergur Jónsson, form. Vilm. Jónsson, fundaskr., frsm. Thor Thors.
Garðar Þorsteinsson.

Nd. 442. Lög

um byggingarsamvinnufélög.

(Afgreidd frá Nd. 4. maí).

Samhljóða þskj. 404.

Ed. 443. Nefndarálit

um frv. til l. um bráðabirgðatekjuöflun fyrir Hafnarfjarðarkaupstað.

Frá fjárhagsnefnd.

Frv. þetta var flutt í tilefni af frv. um skattfrelsun til togarafélaganna, og mælir nefndin með því í sambandi við það frv., án þess að hún út af fyrir sig taki afstöðu til tekjuöflunaraðferðar frumvarpsins. Nefndinni er ljóst, að Hafnarfjarðarkaupstaður kemst ekki hjá því að fá bætta upp þá tekjurýrnun, sem leiðir af hinu frv., og fellst þá eftir atvikum á þá aðferð, sem bæjarstjórn Hafnarfjarðar hefir óskað eftir. Hinsvegar álítur nefndin, að hækkun þessi á fargjöldum eigi aðeins að ná til

þeirra, sem fara alla leið milli Reykjavíkur og Hafnarfjarðar, og ber því fram brtt., sem felur það í sér.

Samkv. þessu leggur nefndin til, að frv. verði samþ. með eftirfarandi

BREYTINGU.

Við 3. gr. Í stað orðanna „á þessari leið“ komi: þessa leið.

Alþingi, 4. maí 1938

Bernh. Stefánsson, form.	Erl. Þorsteinsson, fundaskr.	Magnús Jónsson, frsm.

Sþ. 444. Breytingartillögur

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1939 og við brtt. á þskj. 400.

I. Frá *Pétri Ottesen.*
Við 13. gr. B. 2 (Flóabátaferðir).
Framlagið hækki um 500 kr. frá því, sem samvinnunefnd samgöngumála leggur til.
[Hækkunin ætluð til Akranesbáts.]

II. Frá *Bjarna Ásgeirssyni.*
Við 13. gr. B. 2 (Flóabátaferðir).
Framlagið hækki um 400 kr. frá því, sem samvinnunefnd samgöngumála leggur til.
Til vara: 200 kr.
[Hækkunin ætluð til Mýrabáts.]

III. Frá *Páli Zóphóníassyni.*
Við 13. gr. C. IX. (Bryggjugerðir og lendingarbætur).
Á eftir aths. kemur ný málsgr.:
Framlög þau, sem um ræðir í VIII. 1—9, og IX. 1—19, eru ennfremur bundin því skilyrði, að sú verkhækkun, sem þeirra vegna verður á lóðum og lendum einstakra manna, komi hvorki fram við sölu né leigu lóðanna eða lendnanna.

IV. Frá *Haraldi Guðmundssyni.*
Við 14. gr. B. X. g. Nýr liður:
Til iðnaðarmannafélagsins á Seyðisfirði, til kvöldskólahalds 900

V. Frá *Vilmundi Jónssyni, Sigurði Kristjánssyni* og *Jónasi Jónssyni.*
Við 14. gr. B. XIV. 2. b. Liðinn skal orða svo:
Stofnkostnaður (þar af til Reykjanesskólans 15000 kr.) 45000

VI. Frá *Héðni Valdimarssyni.*
Við 15. gr. 11. Nýr liður:
Til lesstofu verkamannafélagsins Dagsbrúnar 1000
Til vara 500

VII. Frá *Jóhanni Jósefssyni.*
Við 15. gr. 29. Nýr liður:
Til Trausta Guðjónssonar, Vestmannaeyjum, til að fullkomna sig í smíði og viðgerð hljóðfæra 800
Til vara 600

VIII. Frá *Steingrími Steinþórssyni* og *Pálma Hannessyni.*
Við brtt. 400, 59 (við 15. gr. 44). Nýr liður á eftir k.:
Til Sigurðar Skagfields söngvara 1800
Til vara 1200

IX. Frá *Jóhanni Jósefssyni.*
Við 16. gr. 11. Nýr liður:
Upp í kostnað við tilraunir til að afla neyzluvatns í Vestmannaeyjum 6000
Til vara 5000

X. Frá *Steingrími Steinþórssyni* og *Pálma Hannessyni.*
Við brtt. 400, 66. b. (við 16. gr. 19. Guðmundur Andrésson).
Fyrir „400“ kemur 700

XI. Frá *Jóhanni Jósefssyni.*
Við brtt. 400, 69 (við 16. gr. 31. Ræktunarvegur í Vestmannaeyjum).
Fyrir „3000“ kemur 6000

XII. Frá *Sigurjóni Á. Ólafssyni.*
1. Við 16. gr. 33. a. Nýr liður:
Laun aðstoðarmanns 4800
2. Við 16. gr. 33. b. (Skrifstofukostn. skipaskoðunarstjóra).
a. Fyrir „9000“ kemur 9600
b. Nýr stafliður:
Þóknun til eftirlitsmanna 3000
3. Við 16. gr. 33. c. Liðinn skal orða svo:
Ferðakostnaður skipaskoðunarstjóra og eftirlitsmanna, allt að 4600

XIII. Frá *fjárveitinganefnd.*
Við 16. gr. 34. Nýr liður:
Til Jóhanns Kristjánssonar byggingameistara, til að smíða eldavél, er hann hefir fundið upp 1000

XIV. Frá *Sigurjóni Á. Ólafssyni* og *Haraldi Guðmundssyni.*
Við 17. gr. 5. Nýr liður:
Til mæðrastyrksnefndarinnar, til sumarheimilis mæðra í Hveragerði 2000
Til vara 1500

XV. Frá *fjárveitinganefnd.*
1. Við 17. gr. 8. (Sjúkra- og styrktarsjóður vitavarða).
Fyrir „400“ kemur 1000
2. Við 18. gr. II. c. 2 (Arnór Árnason).
Liðurinn fellur niður.

XVI. Frá *Jóni Pálmasyni.*
Við 18. gr. II. g. 11 (Halldór Kiljan Laxness).
Liðurinn fellur niður.
Til vara: Fyrir „5000“ kemur 2000

XVII. Frá *Jóhanni Jósefssyni* og *Pétri Ottesen.*
Við 22. gr. V. Nýr liður:
Að verja allt að 52 þús. krónum til dýpkunar á höfninni á Raufarhöfn og taka lán í þessu skyni, ef með þarf.

XVIII. Frá *Jóhanni Jósefssyni.*
Við 22. gr. VIII. Nýr liður:
Að fella niður innheimtu á aðflutningsgjaldi af járni til hafnarvirkja Vestmannaeyjakaupstaðar, kr. 6428,14.

XIX. Frá *fjárveitinganefnd.*
Við 22. gr. XIV. Nýir liðir:
1. Að kaupa jörð til ábúðar fyrir dýralækni í Austfirðingafjórðungi.
2. Að kaupa jörðina Ólafsdal í Dalasýslu.

XX. Frá *Jóhanni Jósefssyni.*
Við 22. gr. XVII. Nýr liður:
Að gera nauðsynlegar ráðstafanir, í samráði við Búnaðarfélag Íslands, til varnar gegn landbroti á Vestmannaeyjajörðum og uppblæstri gróðurs á Heimaey og verja til þess nokkrum hluta af tekjum umboðsins.

Ed. 445. Nefndarálit

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 1 5. jan. 1938, um síldarverksmiðjur ríkisins.

Frá meiri hl. sjávarútvegsnefndar.

Meiri hluti nefndarinnar telur rétt, að mál þetta verði samþykkt. Þriðji nefndarmaðurinn (JJós) mun lýsa afstöðu sinni undir umræðum í deildinni.

Alþingi, 4. maí 1938.

Ingvar Pálmason, form. — Sigurjón Á. Ólafsson, fundaskr., frsm.

Ed. 446. Tillaga til þingsályktunar

um sýslumannabústaði.

Flm.: Jónas Jónsson.

Efri deild Alþingis ályktar að skora á ríkisstjórnina að rannsaka, hvort ekki væri tiltækilegt að setja löggjöf um, að komið verði upp föstum bústöðum fyrir sýslumenn landsins, sem reistir séu með framlagi úr ríkissjóði að hálfu leyti, en að hálfu kostaðir af héraði því, sem á hlut að máli.

Greinargerð.

Sýslumannaembættin eru gömul og virðuleg. Margir af þjóðnýtustu mönnum í sögu landsins hafa gegnt sýslumannsstörfum. Og með ári hverju má heita, að bætt sé á þá stétt nýjum og vandasömum störfum og framkvæmdum fyrir þjóðfélagið.

Sýslumaðurinn er lögreglustjóri og dómari í sínu héraði. Hann innheimtir skatta fyrir ríkið. Hann stýrir fjármálum og framkvæmdum sýslunnar. Hann hefir með höndum hin fjölbreytilegustu og vandamestu störf fyrir ríkið og sýsluna. Hann geymir hin dýrmætustu skjöl viðvíkjandi eignum þúsunda af meðborgurum sínum. Glatist slík skjöl við bruna eða af öðrum slysum, er tapið oft óbætanlegt.

En það er síður en svo, að þjóð og þing hafi skilið, hve mikið var hér í húfi. Að sama skapi og hin nýja menning og fjölþættu félagsmál leggja meiri og meiri byrðar á herðar sýslumönnum, má heita, að kjör þeirra hafi farið versnandi. Í vaxandi dýrtíð eiga þeir hvergi höfði sínu að að halla, og þeir verða að hrekjast á milli heimila með hin dýrmætu skjöl, eins og væru þeir mannfélaginu óviðkomandi. Dæmi eru til,

að nýir sýslumenn hafi hvergi fengið inni í sýslu sinni og orðið að koma fjölskyldu sinni fyrir í annari sýslu. Hitt er þó enn algengara, að sýslumaðurinn verður að byggja eða kaupa dýr hús, oft með sérstöku neyðarverði, og sitja svo með skuldabaggann alla æfi. Við sýslumannaskipti eru húsamálin oft erfið og hættuleg fyrir fjárhagslegt sjálfstæði þessara starfsmanna. En ekki þarf miklum getum að því að leiða, hve ógætilegt það er fyrir ríkið, að menn í hinum mestu trúnaðarstöðum um fjármál og réttarfar þurfi að vera fjárhagslega háðir mönnum, sem láta í té fjárstuðning eða ábyrgðir til þess að dómari héraðsins og fjárgæzlumaður ríkisins hafi þak yfir höfuðið.

Fyrr á öldum bjuggu sýslumenn venjulega stórbúum á beztu jörðum í héruðunum. Laun þeirra gerðu þeim kleift að hafa rausn og risnu sem hæfði embættinu að sið þeirrar aldar. Enn eru sýndir á Ökrum í Skagafirði veggir, sem taldir eru verk Skúla fógeta, þegar hann var sýslumaður í Skagafirði laust fyrir miðja 18. öld. Fram yfir síðustu aldamót gátu sýslumenn landsins með þeirri launaaðstöðu, sem þeir höfðu, notið sín sæmilega í héraði undir hinu aldagamla skipulagi um embætti þeirra. Húsakynni þeirra voru að vísu ekki eldtrygg, en þess var þá heldur enginn kostur með þeirri gerð, sem þá var á híbýlum manna í landinu. En rausn og svipur sýslumannsembættanna var þá með þeim hætti, sem hæfði þeirra virðulega starfi.

En þegar kom fram á stríðsárin 1914—18, breyttist þetta skyndilega. Verðhækkunin syndist skapa mikla auðlegð, ekki sízt í Reykjavík. Áhrifamestu lögfræðingarnir fengu gífurlegar tekjur, margföld laun við það, sem ríkið galt sýslumönnum sínum. Margir af helztu skörungum í lögfræðingastétt vildu nú ekki líta við sýslumannsembættum, heldur reka sjálfstæða gróðaatvinnu í kaupstöðum. Fór þá svo undir þessum kringumstæðum, að stundum voru settir í sýslumannsembættin menn, sem ekki voru til þess færir, svo sem t. d. Einar Jónasson, svo að ekki séu nefnd fleiri dæmi. Undir þessum kringumstæðum varð mjög erfitt að fá heppilega menn í sýslumannsstöður, nema beita til þess lagni og áróðri, eins og gert hefir verið af ráðherrum framsóknarmanna síðan sá flokkur fór að hafa bein áhrif á veitingar sýslumannsembætta. En þó verður að játa það, að síðan á stríðsárunum 1914—18 hefir aðstaða íslenzkra sýslumanna verið hin erfiðasta. Var þó hin mesta þörf á að halda þessum gömlu og virðulegu embættum í heiðri, þegar svo mikil nýsköpun og óró var í hinu íslenzka þjóðlífi í sambandi við gerbreytingu í atvinnulífi og hugsunarhætti landsmanna.

Ekki verður deilt um nauðsyn sýslumannsembættanna fyrir ríkið. Að vísu mætti að skaðlausu leggja niður 2—3 embætti, en slík breyting er svo viðkvæm fyrir héruðin og hefir ekki mikla fjárhagslega þýðingu fyrir ríkissjóð, að einsætt má telja, að Alþingi muni í þeim efnum ekki gera neinar verulegar breytingar. Má auk þess líta á það, að auk skyldustarfanna eru góðir sýslumenn sáttasemjarar í héraði og lögfræðilegir ráðunautar héraðsbúa í vandasömum málum, og má sízt gera of lítið úr þýðingu þeirrar starfsemi fyrir almenning í landinu.

Ég álít, að það eigi að hefja sýslumannsembættin aftur til vegs og virðingar, ekki vegna sýslumannanna sjálfra, heldur vegna þjóðfélagsins. Í þau embætti þurfa að veljast hinir færustu menn, ekki fyrir áróður þeirra manna, sem í hvert sinn eru í ríkisstjórninni, heldur af því, að það þyki eftirsóknarvert að gegna störfum sýslumannsins fremur en sinna gróðabralli og fésýslu í höfuðstaðnum. Ég álít, að hér á landi eigi sýslumenn að vera fyrir Ísland það, sem landshöfðingjarnir eru í Svíþjóð, virðulegar og sterkar stoðir mannfélagsins. Að vísu er ólíku saman að jafna um auð og veldi Svíanna, en hliðstæð dæmi má finna, þó að hlutföll séu önnur um auð og mannfjölda. Landshöfðinginn í Gautaborg hefir hálfa milljón manna í sinni umsjá. Hann býr í höll, sem er tveggja alda gömul eða meira. Áður fyrr gegndu ríkir aðalsmenn slíkum embættum í Svíþjóð, en nú eru settir í þau fátækir myndarmenn. Þeir hafa að vísu minni rausn en hinir ríku fyrirrennarar þeirra, en ríkið gerir þeim kleift að halda uppi nægilegri rausn til að halda við áliti stöðunnar. Eru slík embætti þýðingarmikil til að viðhalda heilbrigðu öryggi í vaxandi þjóðfélagi.

Það er með öllu óhugsandi, að sýslumenn, sem koma í embætti, séu húsnæðislausir og fái hin dýrmætu skjöl og embættisbækur í kössum og bögglum, eins og nú tíðkast. Hér er ekkert undanfæri. Héruðin þurfa að eignast fasta embættisbústaði handa sýslumönnum. Embættin eru hæði í þágu ríkis og héraða. Þess vegna verða þessir aðiljar að kosta bústaðina í félagi. Aftur má telja rétt, að sýslumenn annist viðhald húsanna, meðan þeir gegna embættinu.

Ég álít, að sýslumannssetrin eigi að vera sett á fallega staði og hafa nokkurt landrými í kring, svo að það megi koma við trjágarði og nauðsynlegum útihúsum, bæði fyrir bifreiðar og hesta. Sýslumannssetur Árnesinga færi vel á túninu á Selfossi, utan við hringiðu hins vaxandi kauptúns. Í Rangárvallasýslu verður eðlilegast að reisa það við vegamótin hjá Stórólfshvoli. Í kaupstöðum og kauptúnum er eðlilegast að reisa sýslumannshúsin á fallegum stöðum í útjaðri bæjanna.

Sýslumannsbústaðir ættu hér á Íslandi að vera einlyft hús, en með þeirri tilbreytni, sem má fá með útbyggingum og brotnu þaki. Slík hús eru tiltölulega ódýrust og bezt til íbúðar. Annarsvegar þarf að vera skrifstofan, með sérinngangi, biðstofu, ritaraherbergi og eldtryggri skjala- og peningageymslu. Hinsvegar íbúð sýslumannsins með nægilegu húsrúmi fyrir meðalfjölskyldu og gesti, og borðstofu, þar sem hægt er að taka á móti sýslunefndinni eða álíka stórum gestahóp úr héraðinu, því að sýslumaðurinn þarf að hafa þá aðstöðu, að hann geti haldið uppi hóflegri, en þó allmikilli risnu. Það skiptir miklu, að hægt verði að fá heppilegar og listrænar fyrirmyndir að sýslumannssetrum, og hafa tveir af byggingarfræðingum landsins tekið vel í að gera uppdrætti til leiðbeiningar í því efni. Telja má viðunanlegt að byggja eitt sýslumannssetur á ári hin næstu ár, því að nú sem stendur eiga allmargir af sýslumönnum landsins hús, sem þeir munu una við í bili, þó að þau séu ekki til frambúðar.

Mannfélagið íslenzka hvílir að verulegu leyti á starfi sýslumanna. Embættin eru vinsæl í héruðunum, en hafa verið vanrækt á margan hátt síðan dýrtíðin óx á stríðsárunum. Það er ekki hægt að halda uppi virðingu þessara nauðsynlegu embætta nema með því að starfsmennirnir hafi embættisbústaði við hæfi starfsins, og það verður ekki hægt að fá í sýslumannsembættin það úrval af mönnum, sem þangað þarf að leita, nema með því, að þessi embætti haldi á ókomnum árum þeim rausnarsvip, sem þau hafa haft á liðnum öldum og fram á síðustu ár. Sú tillaga, sem hér er flutt, ætti, ef samþykkt verður, að mynda grundvöll að nýju skipulagi í þessu efni, þar sem byggt er á aldagömlum venjum, með þeim breytingum, sem leiðir af nútíma lifnaðarháttum og lífsvenjum.

Nd. 447. Breytingartillaga

við frumvarp til laga um eftirlit með skipum.

Frá Jóni Pálmasyni.

Við 6. gr. Þriðja og fjórða málsgrein greinarinnar orðist þannig:

Laun skipaskoðunarstjóra og aðstoðarmanns séu ákveðin af ráðherra, þar til launalög eru sett. Skrifstofukostnaður og annar kostnaður vegna aðstoðar og eftirlitsferða skal ákveðinn í fjárlögum.

Sþ. 448. Frumvarp til fjáraukalaga

fyrir árið 1937.

(Lagt fyrir Alþingi 1938).

1. gr.

Til viðbótar við gjöld þau, sem veitt eru í fjárlögum 1937 eru veittar samkv. 2.—5. gr. hér á eftir kr. 56844.54.

2. gr.

Til viðbótar við gjöldin í 11. gr. A. er veitt:
Hluti ríkissjóðs af kostnaði við lögreglu í Reykjavík ..... kr. 46287.00

3. gr.

Til viðbótar við gjöldin í 14. gr. B. er veitt:
Rekstrarkostnaður húsmæðraskóla á Laugalandi ..... — 4700.00

4. gr.

Til viðbótar við gjöldin í 15. gr. er veitt:
Til samnings sænsk-íslenzkrar orðabókar (endurveiting) ..... — 1250.00

5. gr.

Til viðbótar við gjöldin í 16. gr. er veitt:
Kostnaður við athuganir vegna stofnunar sementsverksmiðju ..... — 4607.54

Samtals kr. 56844.54

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta:

Um 2. gr.

Samkv. lögum um lögreglumenn, nr. 92 frá 1933, ber ríkissjóði að greiða ⅙ hluta af kostnaði við lögreglu og löggæzlu bæja, þar sem komið er á þeirri skipun, sem lögin mæla fyrir. Þessi skipun komst á í Reykjavík 1. marz 1937, og hefir ríkissjóður greitt sinn hluta af kostnaðinum síðan.

Um 3. gr.

Húsmæðraskólinn á Laugalandi tók til starfa haustið 1937, en fjárveiting til hans var fyrst tekin upp í fjárlög 1938. Var skólanum greiddur rekstrarstyrkur fyrir þann tíma sem hann starfaði í samræmi við aðra skóla.

Um 4. gr.

Fjárhæð þessi er endurveiting á hluta af styrk, sem veittur var í fjárlögum 1935 og þá var ekki notaður að fullu.

Um 5. gr.

Fjárhæð þessi er eftirstöðvar af kostnaði við athuganir um stofnun sementsverksmiðju, sem framkvæmdar voru á árinu 1936, og þá var greitt til í fjáraukalögum kr. 7519.00.

Nd. 449. Nefndarálit

um frv. til l. um stofnun tilraunabúa.

Frá landbúnaðarnefnd.

Landbúnaðarnefndin hefir orðið ásátt um að bera fram tillögu til þingsályktunar í sameinuðu Alþingi um skipun nefndar til þess að athuga alla tilraunastarfsemi varðandi landbúnað. Af þessari ástæðu telur nefndin ekki rétt að taka frumvarpið til meðferðar nú, en leggur til, að það verði afgreitt með svo hljóðandi

RÖKSTUDDRI DAGSKRÁ:

Þar sem fram er komin tillaga til þingsályktunar um skipun milliþinganefndar, til þess að taka alla tilraunastarfsemi landbúnaðarins til athugunar, telur deildin

ekki rétt að afgreiða þetta frumvarp nú, þar sem milliþinganefndin mun að sjálfsögðu taka frumvarpið til athugunar, og tekur því fyrir næsta mál á dagskrá.

Alþingi, 4. maí 1938.

Bjarni Ásgeirsson, form. Steingr. Steinþórsson, fundaskr., frsm. Jón Pálmason.
Pétur Ottesen. Emil Jónsson.

Ed. 450. Lög

um breyting á lögum nr. 46 13. júní 1937, um samvinnufélög.

(Afgreidd frá Ed. 5. maí).

Samhljóða þskj. 385.

Ed. 451. Frumvarp til laga

um, að ágreiningur milli Eimskipafélags Íslands h/f og Skipaútgerðar ríkisins o. fl annarsvegar og Stýrimannafélags Íslands hinsvegar skuli lagður í gerð.

Flm.: Hermann Jónasson.

1. gr.

Í gerð skal lagður ágreiningur sá um ráðningarkjör, sem nú er uppi milli Eimskipafélags Íslands h/f, Skipaútgerðar ríkisins, Eimskipafélags Reykjavíkur h/f og Eimskipafélagsins Ísafoldar h/f annarsvegar og hinsvegar Stýrimannafélags Íslands. Skal úrskurður gerðardóms þessa vera fullnaðarúrskurður og hvorugur deiluaðili láta hinn gjalda þátttöku sinnar í deilunni.

2. gr.

Gerðardóminn skipa formaður og fjórir meðdómendur. Skulu þeir nefndir til starfans sem hér segir: Hæstiréttur skipar formann dómsins. Ennfremur tilnefnir hæstiréttur fjóra menn, en af þeim ryðja deiluaðiljar hvor sínum manni. Hina tvo skipar hæstiréttur síðan til að taka sæti í dóminum. Loks tilnefna deiluaðiljar hvor sinn mann í dóminn.

Nú ryðja deiluaðiljar, annarhvor eða báðir, ekki dóminn innan þess tíma, sem dómsformaður tiltekur, og ryður þá dómsmálaráðherra dóminn í þess stað.

Nefni deiluaðiljar, annarhvor eða báðir, ekki mann í dóminn af sinni hálfu innan þess tíma, sem dómsformaður tiltekur, skal hæstiréttur nefna í dóminn í þess stað, og skal hann, eftir því sem við verður komið, tilnefndur þannig, að líklegt megi telja, að hann líti á deiluna frá sama sjónarmiði og dómari tilnefndur af aðiljanum myndi hafa gert.

Nú verður laust sæti í dóminum, og skal þá um tilnefningu manns í það sæti fara svo sem um val þess manns, sem forfallazt hefir.

3. gr.

Hver lögráður íslenzkur ríkisborgari er skyldur að taka sæti í dóminum samkvæmt löglegri kvaðningu. Dómendur eru í starfi sínu opinberir sýslunarmenn og njóta réttinda og bera skyldur samkvæmt því.

4. gr.

Dómsformaður kveður dóminn saman og annast um, að störfum dómsins sé hraðað svo sem verða má. Skyldir eru aðiljar að láta dóminum í té skýrslur og upplýsingar, sem dómurinn kann að æskja og aðiljar geta í té látið, og getur dómurinn kveðið upp úrskurð, þótt annarhvor eða báðir aðiljar mæti ekki. Ráðningarkjör þau, sem dómurinn úrskurðar, að gilda skuli milli aðilja, skulu vera bindandi fyrir þá báða á sama hátt og hefðu þau verið ákveðin með samningi þeirra á milli. Kjör þessi skulu gilda til 1. apríl 1939.

5. gr.

Síðustu samningar, sem í gildi hafa verið milli deiluaðilja, skulu gilda framvegis til bráðabirgða, þangað til úrskurður gerðardómsins fellur, enda skal gerðardómurinn kveða upp úrskurð sinn innan 7 daga frá því að dómendur hafa verið tilnefndir og dómurinn þannig fullskipaður. Dómurinn skal ákveða, að ráðningarkjör þau, sem hann úrskurðar, skuli gilda frá því að stýrimenn hefja vinnu á skipunum á ný. Dómurinn skal afla sér upplýsinga hjá sáttasemjara ríkisins í vinnudeilum um kröfur og tilboð deiluaðilja. Hvorugum aðilja má dómurinn dæma frekari rétt en hann hefir gert kröfur til fyrir sáttasemjara, þó þannig, að stýrimenn sæti ekki lakari kjörum en segir í samningi þeim, er síðast gilti.

6. gr.

Úrskurður gerðardómsins víkur fyrir löglega gerðum samningi milli deiluaðilja á hvaða tíma sem er.

7. gr.

Allur gerðardómskostnaður greiðist úr ríkissjóði.

8. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er flutt að tilhlutun ríkisstjórnarinnar og er fram komið vegna þess, að kaupdeila sú, sem Stýrimannafélag Reykjavíkur á í við Eimskipafélag Íslands og Skipaútgerð ríkisins, hefir reynzt óleysanleg með sáttum eða samkomulagi milli aðilja. Annar aðilinn hefir jafnframt neitað að leggja málið í gerðardóm.

Þegar sáttasemjari hafði gert árangurslausar sáttatilraunir í deilunni og borið fram miðlunartillögu, sem var felld, ritaði forsætisráðherra honum svo hljóðandi bréf:

„Út af kaupdeilu þeirri, sem nú stendur yfir á flutningaskipaflotanum vegna kaupkrafna stýrimanna, vill ráðuneytið hér með óska þess, herra sáttasemjari, að þér farið þess á leit við aðilja í þessari deilu, að þeir leggi ágreiningsmál sín í gerð.

Þér hafið, herra sáttasemjari, tjáð ráðuneytinu, að þér telduð mjög óvænlega horfa um sættir í þessari deilu, vegna þess hve mikið virtist bera í milli. — Tjónið, sem leiðir af því, að þessi deila haldi áfram, getur hinsvegar skipt milljónum króna. Og með því að deiluaðiljar eru annarsvegar Eimskipafélag Íslands og Skipaútgerð ríkis, en hinsvegar yfirmenn á skipunum, og því allir í mikilsvarðandi trúnaðarstöðum, telur ráðuneytið mega vænta þess af þessum aðiljum, að þeir sýni skilning á þessari málaleitun og fullan þegnskap sem deiluaðiljar.

Gerðardóminn mætti að áliti ráðuneytisins skipa þannig, að aðiljar tilnefndu sinn dómara hvor, en hinn þriðja reyndu þeir að koma sér saman um. Takist ekki slíkt samkomulag innan sólarhrings, ætti hæstaréttur, sáttasemjari ríkisins, atvinnumálaráðherra eða annar hlutlaus aðili að tilnefna oddamann. Dómur þessara manna skyldi vera fullnaðardómur í umræddri deilu.

Ráðuneytið óskar þess, herra sáttasemjari, að þér ræðið við deiluaðilja svo fljótt

sem verða má, berið upp fyrir þeim þessa málaleitun og fáið svör þeirra við henni og sendið þau ráðuneytinu".

Hinn 3. þ. m. barst forsætisráðherra svo hljóðandi bréf frá sáttasemjara ríkisins:

„SÁTTASEMJARI RÍKISINS Í VINNUDEILUM

Reykjavík, 3. maí 1938.

Bréf yðar, herra forsætisráðherra, dags. í gær, varðandi kaupdeilu stýrimanna á flutningaskipum Eimskipafélags Íslands og Skipaútgerð ríkisins, þess efnis, að aðiljar leggi ágreiningsmál sín í gerð, lagði ég fyrir deiluaðilja í gærkveldi.

Stjórn Eimskipafélags Íslands og Skipaútgerð ríkisins samþykktu fyrir sitt leyti þessa meðferð málsins, en samninganefnd stýrimanna hafnaði henni.

Var þá gerð tilraun frá minni hlið að halda samningatilraunum áfram, en af því varð enginn árangur, og stendur því deilan enn óleyst.

Björn Þórðarson.

Til forsætisráðherra".

En hinn 4. þ. m. barst svo forsætisráðherra bréf frá Stýrimannafélagi Reykjavíkur, svo hljóðandi:

„Vér leyfum oss hér með að tilkynna yður, hæstvirtur forsætisráðherra, að félag vort hefir með tilliti til þess, að enn hefir ekkert samkomulag náðst í deilunni milli stýrimanna og eimskipafélaganna hér, samþykkt tillögur yðar um frjálsan gerðardóm.

Ennfremur er þess óskað, að sama tilhögun verði þá einnig viðvíkjandi kjörum og vinnutíma stýrimanna á e.s. Heklu, Kötlu og Eddu.

Virðingarfyllst,

f. h. Stýrimannafélags Íslands,

Jón Axel Pétursson".

Samkvæmt bréfi þessu hafa því báðir aðiljar fallist á frjálsan gerðardóm í máli þessu. En þegar aðiljar komu til viðræðna ásamt sáttasemjara að kvöldi 4. þ. m. og höfðu, að því er virtist, komið sér saman um allt gerðardómnum viðvíkjandi, reis ágreiningur út af því, að stýrimenn óskuðu, að í gerðardómssamningnum væri fram tekið það, sem þeir telja alveg fasta venju orðna, að fram sé tekið, er sætzt er í kaupdeilum:

„Það er forsenda af okkar hálfu fyrir þessari lausn kaupdeilunnar, að enginn verði látinn gjalda þátttöku sinnar í henni á neinn hátt".

Þessu neituðu hinir deiluaðiljar, sérstaklega Eimskipafélagið, að verða við. Hinsvegar bauðst stjórn Eimskipafélagsins til að lýsa yfir því, að þeir mundu afturkalla kærur á hendur stýrimönnum fyrir strok af skipunum og rita jafnframt Stýrimannafélaginu svo hljóðandi bréf:

„Í sambandi við samning, dags. í dag út af verkfalli stýrimanna á skipum vorum, skal ég staðfesta það gagnvart félagi yðar, að svo er um talað, að stýrimenn verði ekki látnir missa stöður sínar né færðir milli flokka vegna þeirra atvika, sem orðið hafa í sambandi við verkfallið".

Á þessu eina atriði eru nú sættir enn einu sinni strandaðar.

Mestallur íslenzki flutningaskipaflotinn liggur nú hér í höfn. Þessi stöðvun veldur meira tjóni en þjóðin fær afborið. Þykir því ekki annað fært en að flytja frv. þetta og lögbjóða gerðardóm í deilunni.

Jafnframt hefir forsætisráðherra í dag borizt svo hljóðandi bréf frá forseta Alþýðusambands Íslands.

„ALÞÝÐUSAMBAND ÍSLANDS

Reykjavík, 5. maí 1938.

Mér hefir nú samstundis borizt bréf frá Stýrimannafélagi Íslands, og leyfi ég mér að senda yður, herra forsætisráðherra, afrit af því bréfi hér með.

Ég vil, með tilvísun til bréfs þessa, leyfa mér að æskja þess, að í væntanlegu frumvarpi um gerðardóm í farmannadeilunni verði það tekið skýrt fram, **að hvorugur deiluaðiljanna láti hinn á nokkurn hátt gjalda þátttöku sinnar í deilunni.**

Virðingarfyllst

Stefán Jóh. Stefánsson.

Til forsætisráðherra.“

Vér leyfum oss hér með að tjá þér, herra forseti, að sá frjálsi gerðardómur, er forsætisráðherra stakk upp á og vér samþykktum í dag, var samþykktur í því trausti, að aðiljar, eins og oft er venja, við deilulok lýstu því skriflega yfir, að enginn verði látinn gjalda þátttöku sinnar í henni á neinn hátt.

Stjórn Eimskipafélags Íslands hefir ekki viljað lýsa þessu formlega yfir, en hinsvegar teljum vér okkur hafa fulla ástæðu til að ætla, að Skipaútgerð ríkisins myndi hafa gengið að umræddum skilyrðum. Höfum vér því neyðzt til að neita frekari tilraunum, sem ágreiningur er um viðvíkjandi störfum dómsins og upptalningu á verkefnum hans o. fl.

Þar sem sýnt er, að margumrædd deila við eimskipafélögin muni halda áfram, öllum til tjóns, er það ósk vor og samþykki, að þú leitir eftir því, að lögfestum gerðardómi verði fengin úrlausn þessarar deilu, þó að því tilskildu, að lögin um dóminn kveði á um, að enginn af deiluaðiljum verði látinn gjalda þátttöku sinnar í henni á neinn hátt.

Þó að lögfestur dómur sé að þessu leyti ekki nauðsynlegur gagnvart Skipaútgerð ríkisins, þá teljum vér heppilegra, að dómurinn dæmi einnig þar um, svo og út af deilu við eigendur Kötlu, Heklu og Eddu.

Í trausti þess, að þú, herra forseti, veitir máli þessu liðveizlu þína og Alþýðusambands Íslands, þannig að stýrimenn megi við una.

Reykjavík, 5. maí 1938.

Virðingarfyllst.

F. h. Stýrimannafélags Íslands.

Jón Axel Pétursson.

Til forseta Alþýðusambands Íslands.

Ed. 452. Breytingartillögur

við frv. til l. um, að ágreiningur milli Eimskipafélags Íslands h/f og Skipaútgerðar ríkisins o. fl. annarsvegar og Stýrimannafélags Íslands hinsvegar skuli lagður í gerð.

Frá Brynjólfi Bjarnasyni.

1. Í staðinn fyrir 1.—7. gr. frumvarpsins komi þessi grein, er verður 1. gr.:
   Hvorugur aðilja í vinnudeilu þeirri, sem stendur yfir milli Eimskipafélags Íslands h/f og Skipaútgerðar ríkisins o. fl. annarsvegar og Stýrimannafélags Íslands hinsvegar, skal láta hinn gjalda þátttöku sinnar í deilunni á neinn hátt.
2. Fyrirsögn frumvarpsins verði svo:

Frumvarp til laga um, að aðiljar í vinnudeilu milli Eimskipafélags Íslands h/f og Skipaútgerðar ríkisins o. fl. annarsvegar og Stýrimannafélags Íslands hinsvegar skuli hvorugur láta hinn gjalda þátttöku sinnar í deilunni á neinn hátt.

Ed. 453. Nefndarálit

um frv. til laga um, að ágreiningur milli Eimskipafélags Íslands h/f og Skipaútgerðar ríkisins o. fl. annarsvegar og Stýrimannafélags Íslands hinsvegar skuli lagður í gerð.

Frá allsherjarnefnd.

Allsherjarnefndir beggja deilda hafa athugað málið og leggja til, að það verði samþykkt með svolátandi

BREYTINGU.

Við 1. gr. Í stað „Eimskipafélags Edda h/f“ kemur: Eimskipafélagsins Ísafoldar h/f.

Alþingi, 5. maí 1938

Sigurjón Á. Ólafsson, form. Magnús Jónsson, frsm. Ingvar Pálmason, fundaskr.
Árni Jónsson. Páll Hermannsson.

Nd. 454. Breytingartillögur

við frv. til l. um, að ágreiningur milli Eimskipafélags Íslands h/f og Skipaútgerðar ríkisins o. fl. annarsvegar og Stýrimannafélags Íslands hinsvegar skuli lagður í gerð.

Frá Héðni Valdimarssyni.

1. Í staðinn fyrir 1.—7. gr. frumvarpsins komi þessi grein, er verður 1. gr.:
   Hvorugur aðilja í vinnudeilu þeirri, sem stendur yfir milli Eimskipafélags Íslands h/f og Skipaútgerðar ríkisins o. fl. annarsvegar og Stýrimannafélags Íslands hinsvegar, skal láta hinn gjalda þátttöku sinnar í deilunni á neinn hátt.
2. Fyrirsögn frumvarpsins verði svo:
   Frumvarp til laga um, að aðiljar í vinnudeilu milli Eimskipafélags Íslands h/f og Skipaútgerðar ríkisins o. fl. annarsvegar og Stýrimannafélags Íslands hinsvegar skuli hvorugur láta hinn gjalda þátttöku sinnar í deilunni á neinn hátt.

Nd. 455. Nefndarálit

um frv. til l. um breyt. á vatnalögum, nr. 15 15. júní 1923.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin mælir með, að frumvarpið verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 5. maí 1938.

Bjarni Ásgeirsson, form. Steingr. Steinþórsson, fundaskr., frsm. Jón Pálmason.
Pétur Ottesen. Emil Jónsson.

Nd. 456. Frumvarp til laga

um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að ábyrgjast fyrir Reykjavíkurkaupstað lán til hitaveitu.

Flm.: Pétur Halldórsson.

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt, gegn þeim tryggingum, er hún metur gildar, að ábyrgjast fyrir hönd ríkissjóðs lán fyrir Reykjavíkurkaupstað til hitaveitu, allt að 7 milljónum króna, eða jafngildi þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Eftir að fram er komið frv. til laga um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að taka lán, á þskj. 344, þykir líklegt, að tæplega verði hjá því komizt, að ábyrgðar ríkissjóðsins verði um sinn krafizt fyrir lánum hingað til opinberra fyrirtækja, sem eiga að standa skil á vöxtum og afborgunum í erlendu fé. Er því farið fram á ríkissjóðsábyrgð á hitaveituláni fyrir Reykjavík.

Áætlanir um stofnkostnað hitaveitu Reykjavíkur eru þannig:

350 l/sek. veita:

1.	Vatnsréttindi	150000 kr.
2.	Boranir	350000 —
3.	Safnleiðslur	100000 —
4.	Dælistöð	210000 —
5.	Stofnleiðslur til Öskjuhlíðar	1810000 —
6.	Þenslustykki og festingar á aðalæð og lokur	40000 —
7.	Girðingar, landspjöll, sími	65000 —
8.	Geymar (8) á Öskjuhlíð	560000 —
9.	Bæjarkerfi með þenslustykkjum og vatnslokum	1932000 —
10.	Vélavarðarhús	20000 —
		5237000 kr.
11.	Verkstjórn og ófyrirséð ca. 15%	786000 —
		6023000 kr.

Vatnsmælar er áætlað, að kosti um 240 þús. kr. Gert er hér að auki ráð fyrir nokkru lánsfé til þess að létta efnalitlum húseigendum með stuttum lánum kostnað

við að koma upp aðfærsluæðum frá götuæð að húsum þeirra, en talið er, að þær muni kosta um 320 kr. að meðaltali fyrir hvert hús. Hér er enn ekki gert ráð fyrir kostnaði við lántöku eða vöxtum lánsfjár á byggingartímanum.

Ráðgert er að hefja nú hið fyrsta virkjun á því heita vatni, sem þegar er nothæft á Reykjum, en það er talið um 170 l/sek. og er áætlunin um stofnkostnað þess hluta fyrirtækisins þannig:

	175 l/sek. veita:	
1.	Vatnsréttindi	150000 kr.
2.	Boranir	183000 —
3.	Safnleiðslur	53000 —
4.	Dælistöð	150000 —
5.	Stofnleiðsla að Öskjuhlíð	905000 —
6.	Þenslustykki, festingar og lokur á aðalæð	18000 —
7.	Girðingar, landspjöll, sími	65000 —
8.	Geymar á Öskjuhlíð, 4 stk. á 100 m^3	280000 —
9.	Bæjarkerfi með þenslustykkjum og lokum	1218000 —
10.	Vélavarðarhús	20000 —
		3042000 kr.
11.	Verkstjórn og ófyrirséð ca. 15%	457000 —
	Alls	3499000 kr.

Hlutfallslegur kostnaður verður af mælum, lánsfé til aðfærsluæða, kostnaði við lántöku og vöxtum lánsfjár á byggingartímanum.

Áætlun um rekstur þessara fyrirtækja er þannig:

350 l/sek. veita: Verð á 1 l/sek. 3600 kr. á ári.

Tekjur:

350 l/sek. á kr. 3600.00		kr. 1260000.00

Gjöld:

Viðhald 1%, fyrning 1,5%, stjórnarkostnaður 1,8% = 4,3% af kr. 6023000.00	kr. 259000.00		
Rafmagnskostnaður	— 94700.00	kr.	353700.00
	Mismunur	kr.	906300.00

= 15,05% af stofnkostnaði.

175 l/sek. veita: Verð á 1 l/sek. kr. 3600.00 á ári.

Tekjur:

175 l/sek. á kr. 3600.00		kr. 630000.00

Gjöld:

Viðhald, fyrning og stjórnarkostnaður 4,3% af kr. 3499000.00	kr. 150450.00		
Rafmagnskostnaður	— 47350.00	kr.	197800.00
	Mismunur	kr.	432200.00

= 12,35% af stofnkostnaði.

Áætlun um hitaveitu Reykjavíkur, sem gerð er á síðastliðnu sumri af verkfræðingafirmanu Meik & Halcrow í London, kemst að nálega sömu niðurstöðu um stofnkostnað og rekstrarafkomu fyrirtækisins.

Talið er, að 1 l/sek. af heitu vatni komi að sömu notum til hitunar húsa sem 90 smálestir af kolum. Þannig mun 175 l/sek. hitaveita spara kaup á yfir 15000 smálestum kola, en 350 l/sek. veita á yfir 30 þús. smálestum.

Nd. 457. Nefndarálit

um frv. til l. um rekstrarlánafélög.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Frv. þetta er komið frá Ed. og var afgreitt þaðan án ágreinings.

Sjávarútvegsnefnd hefir orðið sammála um að mæla með því, að frv. verði samþykkt, en Bergur Jónsson hefir þó áskilið sér rétt til þess að bera fram breytingartill. við það.

Gísli Guðmundsson var fjarverandi vegna veikinda, er frv. var afgreitt frá nefndinni.

Alþingi, 5. maí 1938.

Finnur Jónsson, form.	Sigurður Kristjánsson, frsm.	Sig. Ein. Hlíðar, fundaskr.
	Bergur Jónsson.	

Ed. 458. Breytingartillaga

við frv. til l. um breyting á l. nr. 104 23. júní 1936, um atvinnu við siglingar á íslenzkum skipum.

Frá Bjarna Snæbjörnssyni.

Við 1. gr. 2. meginmálsgrein. Í stað „30 rúmlestir og undir“ komi: 40 rúmlestir og undir.

Nd. 459. Lög

um, að ágreiningur milli Eimskipafélags Íslands h/f og Skipaútgerðar ríkisins o. fl. annarsvegar og Stýrimannafélags Íslands hinsvegar skuli lagður í gerð.

(Afgreidd frá Nd. 5. maí).

Samhljóða þskj. 451.

Sþ. 460. Breytingartillögur

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1939 og við brtt. á þskj. 400 og 444.

I. Frá *Ásgeiri Ásgeirssyni.*

Við brtt. 444, V (við 14. gr. B. XIV. 2. b.). Till. skal orða svo:

Stofnkostnaður (þar af til Núpsskóla og Reykjanesskóla 15000 kr. til hvors)	50000
Til vara	45000

II. Frá *Sigurði Kristjánssyni.*

Við 14. gr. B. XVIII. 4. Nýr liður:

Til hitaðrar sundlaugar á Ísafirði	10000

Fjárveitingin er bundin því skilyrði, að Ísafjarðarkaup-

staður afhendi skólanum í Reykjanesi til fullrar eignar Reykjanes í Reykjarfjarðarhreppi, án sérstaks endurgjalds eða annara fríðinda en þeirra, að Ísfirðingar eigi forgangsrétt fyrir öðrum utanhéraðsmönnum til íþróttanáms við Reykjanesskólann og sumardvalar í Reykjanesinu.

III. Frá *Sigurði Kristjánssyni, Magnúsi Jónssyni* og *Árna Jónssyni.*
Við brtt. 400, 41, 2 (við 14. gr. B. XXIII. Íþróttafélag Rvíkur).
Fyrir „1000“ kemur 5000

IV. Frá *Bjarna Snæbjörnssyni.*
Við brtt. 400, 41 (við 14. gr. B. XXIII). Nýr liður á eftir 8:
Til íþróttafélaganna í Hafnarfirði, samkv. tillögum íþróttaráðs Hafnarfjarðar 500

V. Frá *Sigurði Kristjánssyni.*
Við 16. gr. 1 (Atvinnubætur). Aftan við aths. bætist:
Loks skal af fjárhæð þessari varið 60 þús. kr. til vinnu að íþróttasvæðinu við Öskjuhlíð, án skilyrða um framlag annarsstaðar að.

VI. Frá *Árna Jónssyni.*
Við 18. gr. II. e. 4. Nýr liður:
Brynjólfur Þorláksson söngkennari 1200
Til vara 1000

VII. Frá *Sigurði Kristjánssyni.*
1. Við 18. gr. II. e. 17 (Páll Halldórsson).
Fyrir „1000“ kemur 1700
2. Við 18. gr. II. g. 8 (Guðm. Friðjónsson).
Fyrir „1800“ kemur 2200
3. Við 18. gr. II. i. 63. Nýr liður:
Matthías Ólafsson fyrrv. alþm. 600
4. Við 18. gr. II. i. 76. Nýr liður:
Sigríður Sigurðardóttir ljósm. 300

VIII. Frá *Jóhanni Jósefssyni.*
Við 22. gr. XIII. Nýr liður:
Að endurgreiða á árunum 1938 og 1939 helming aðflutningsgjalda og álagningar grænmetisverzlunar ríkisins á útsæðiskartöflum. Endurgreiðslan fari fram fyrir milligöngu bæjar- og sveitarstjórna, undir eftirliti Búnaðarfélags Íslands.

IX. Frá *Jóhanni Jósefssyni* og *Sigurjóni Á. Ólafssyni.*
Við 23. gr. Ný málsgr. í greinarlok:
Stjórninni er heimilt að leyfa skipaútgerð ríkisins að greiða Guðbjarti Guðbjartssyni, vélstjóra á varðskipinu Þór, eftirlaun, er hann lætur af starfi, eftir svipuðum reglum og Eimskipafélag Íslands greiðir vélstjórum sínum, og sé upphæðin færð á útgerðarkostnað varðskipanna.

Nd. 461. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 71 28. nóv. 1919, um laun embættismanna.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

1. gr.

Aftan við 2. málsgr. 12. gr. laganna komi ný málsgr., svo hljóðandi:

Við veitingu læknishéraða, sem í eru færri en eitt þúsund íbúar aðrir en þeir, sem eiga jafnframt rétt til læknisvitjunar í önnur héruð, er ráðherra heimilt að ákveða, að launin skuli þegar frá upphafi greiðast með fullri aldursuppbót.

2. gr.

Á eftir 2. málsgr. 22. gr. sömu laga komi ný málsgr., svo hljóðandi:

Við veitingu prestakalla utan kaupstaðanna er ráðherra heimilt að ákveða, að launin skuli þegar frá upphafi greiðast með fullri aldursuppbót, enda séu athugaðir, í samráði við hlutaðeigandi söfnuði, möguleikar fyrir samsteypum prestakalla, er spari ríkissjóði álíka upphæð og um er að ræða til aukinna útgjalda með ákvæði þessu.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

Nd. 462. Breytingartillaga

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 71 28. nóv. 1919, um laun embættismanna.

Frá Emil Jónssyni og Sveinbirni Högnasyni.

Við 2. gr. Orðin „utan kaupstaðanna“ falli niður.

Ed. 463. Frumvarp til laga

um skattgreiðslu útgerðarfyrirtækja íslenzkra botnvörpuskipa.

(Eftir 2. umr. í Ed.).

1. gr.

Á árunum 1938—1942, að báðum árum meðtöldum, er útgerðarfyrirtækjum íslenzkra botnvörpuskipa heimilt að draga frá skattskyldum tekjum sínum tap, sem orðið hefir á rekstri þeirra eftir 1. jan. 1931, unz tapið er að fullu greitt.

Á sama tíma er ofangreindum fyrirtækjum heimilt að draga frá skattskyldum tekjum sínum 90% af þeirri fjárhæð, sem þau leggja í varasjóð af árstekjum sínum.

2. gr.

Sömu fyrirtæki skulu einnig undanþegin útsvari á sama tíma.

3. gr.

Ívilnanir þær, sem fólgnar eru í 1. og 2. gr., eru bundnar eftirfarandi skilyrðum:

a. Að fullnægjandi grein hafi verið gerð fyrir tapinu á framtali til tekju- og eignarskatts fyrir það eða þau ár, sem tapið varð.
b. Að eigi sé úthlutað arði til hluthafa eða félagsmanna á meðan tapið er eigi að fullu jafnað. Ennfremur er fjármálaráðherra heimilt að setja svipaðar takmarkanir, þegar um einkafyrirtæki er að ræða.
c. Að því leyti, sem tapið, eða þær skuldir, sem mynduðust þess vegna, hefir verið gefið eftir fyrir ráðstöfun þess opinbera, kemur framangreind ívilnun eigi til greina, sbr. lög nr. 9 6. jan. 1938.

4. gr.

Fjármálaráðherra setur nánari reglur um framkvæmd þessara laga.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ed. 464. Frumvarp til laga

um breytingar á lögum nr. 6 9. jan. 1935, um tekjuskatt og eignarskatt.

(Eftir 3. umr. í Nd.).

1. gr.

Aftan við a-lið 7. greinar laganna bætist:

Fæði og húsnæði skipverja á skipum kemur þó eigi hér til greina, ef skattskyldar árstekjur þeirra fara ekki fram úr 2500 kr.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ed. 465. Lög

um löggilta niðurjöfnunarmenn sjótjóns.

(Afgreidd frá Ed. 6. maí).

Samhljóða þskj. 342.

Ed. 466. Lög

um einkaleyfi til að vinna þilplötur o. fl. úr íslenzku torfi.

(Afgreidd frá Ed. 6. maí).

Samhljóða þskj. 421.

Ed. 467. Lög

um veiting ríkisborgararéttar.

(Afgreidd frá Ed. 6. maí).

Samhljóða þskj. 435.

Ed. 468. Nefndarálit

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 104 23. júní 1936, um atvinnu við siglingar á íslenzkum skipum.

Frá meiri hl. sjávarútvegsnefndar.

Sjávarútvegsnefnd hefir ekki orðið á eitt sátt um afgreiðslu þessa máls. Meiri hl. (IngP og JJós) vill samþykkja frv. með allmiklum breytingum, en minni hl. (SÁÓ) hefir tjáð sig mótfallinn því.

Breytingartillögur meiri hl. eru á sérstöku þingskjali.

Alþingi, 6. maí 1938.

Ingvar Pálmason, form.	Jóhann Jósefsson, frsm.

Ed. 469. Breytingartillögur

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 104 23. júní 1936, um atvinnu við siglingar á íslenzkum skipum.

Frá meiri hl. sjávarútvegsnefndar.

1. Við 1. gr. Greinin orðist svo:
   Aftan við 49. gr. laganna bætist ný málsgr., svo hljóðandi:
   Undanþegin ákvæðum 1. málsgr. þessarar greinar um skyldu til að hafa stýrimann auk skipstjóra eru fiskiskip og bátar undir 40 rúmlestum, ef þeim er ætlað að leggja afla sinn á land daglega eða stunda síldveiðar tveir um nót.
2. Við 2. gr. Greinin fellur burt.
3. Við 3. gr., sem verður 2. gr. Greinin orðist svo:
   Aftan við 1. málsgr. b-liðs 51. gr. laganna bætist:
   Undanþegin ákvæðinu um aðstoðarmann í vél eru þó öll fiskiskip, sem hafa minni vél en 800 hestafla.
   d-liður sömu gr. laganna orðist svo:
   Á eimskipi með meira en 1200, en ekki yfir 2500 hestafla vél, skal vera í minnsta lagi einn yfirvélstjóri, sem öðlazt hefir skírteini samkv. 33. gr., og tveir undirvélstjórar, sem öðlazt hafa skírteini samkv. 31. gr.
   Sé skipið farþegaskip og vél þess yfir 1800 hestafla, skal það auk þess hafa einn aðstoðarvélstjóra, sem öðlazt hefir skírteini samkv. 29. gr.
   e-liður sömu gr. laganna orðist svo:
   Á eimskipi með yfir 2500 hestafla vél skal vera að minnsta kosti einn yfirvélstjóri, sem öðlazt hefir skírteini samkv. 33. gr., tveir undirvélstjórar, sem öðlazt hafa skírteini samkv. 31. gr., og einn aðstoðarvélstjóri, sem öðlazt hefir skírteini samkv. 29. gr.
   Sé skipið farþegaskip, komi einn aðstoðarvélstjóri að auki, sem öðlazt hefir skírteini samkv. 29. gr.
4. Við 4. gr. Greinin orðist þannig:
   c-liður 52. gr. laganna orðist svo:
   Á mótorskipi með meira en 50, en ekki yfir 150 hestafla vél skal vera í minnsta lagi einn vélstjóri, sem öðlazt hefir skírteini samkvæmt 38. gr., og einn undirvélstjóri, sem öðlazt hefir skírteini samkvæmt 36. gr. Fiskiskip og bátar, sem ætlað er að koma daglega að landi með afla sinn, eða stunda síldveiðar tvö um nót, eru þó ekki skyld til að hafa undirvélstjóra, ef skipstjóri hefir öðlazt vélgæzluréttindaskírteini samkvæmt 36. gr.

Ed. 470. Nefndarálit

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 104 23. júní 1936, um atvinnu við siglingar á íslenzkum skipum.

Frá minni hl. sjávarútvegsnefndar.

Nefndin klofnaði í málinu eftir að hafa rætt það á nokkrum fundum og séð varð, að ekki gat orðið samkomulag um brtt. við frv.

Mál þetta er flutt af þremur framsóknarmönnum í neðri deild og fór þar í gegnum allar umræður að mestu óbreytt, með litlum atkvæðamun, þrátt fyrir mjög rökfasta gagnrýni á ókostum frv.

Efni frv. er sem hér segir:

1. Afnám stýrimanna á mótorbátum 20—30 smál., sem mun gilda um 90 menn þann tíma, sem bátarnir stunda þorsk- og síldveiðar og koma daglega að landi.

Afnám undirstýrimanns á flestöllum togurunum, eða um 32 menn. Afnám undirstýrimanns á m/s Skeljungi og Laxfossi og 3. stýrimanns á e/s Esju, eða alls 3 menn.

Samkvæmt 1. gr. frv. á því að afdanka 125 stýrimenn, miðað við núverandi skipastól. Ennfremur skal afnema 2. stýrimann á varðskipinu Óðni og 3. stýrimann á varðskipinu Þór samkvæmt 2. gr.

2. Samkvæmt 3. gr. skal afnema aðstoðarmenn á togurum, alls 24 menn. Á Súðinni og Esju skal afnema 3. vélstjóra og setja aðstoðarmann í staðinn (sem hefir aðeins 1. vélstjóra réttindi við 300 ha. vél). Á Goðafossi og Gullfossi skal afnema 3. vélstjóra og þar með fækka um einn mann. Á Dettifossi og Brúarfossi skal afnema aðstoðarvélstjórann (sem verið hefir síðan skipin komu til landsins). Aðstoðarvélstjóri á e/s Kötlu og Eddu eiga einnig að afnemast (sem er eina tillagan í frv., sem hefir við rök að styðjast). Ennfremur skal afnema 3. vélstjóra á varðskipinu Ægi og aðstoðarvélstjórann á m/s Laxfossi. 35 vélstjórar eiga því að afnemast samkv. frv.
3. Við mótorvélar frá 50—150 ha. skal afnema 2. vélamann á skipum, sem koma „daglega að landi", og í hans stað komi „vélavörður", maður, sem samkv. gildandi lögum þarf ekki vélapróf og hefir aðeins rétt til að stjórna 15 ha. vél, en ekki stærri.

Samkvæmt frv. er lagt til, að afnema skuli 2. vélstjóra af öllum mótorskipaflotanum, sem stærri er en 15 smálestir, en í skipum þar yfir mun að jafnaði vera 50 ha. vél og stærri. Vélafjöldi af 50—150 ha. mun sanni nær að vera í 200 bátum og skipum. En tala mótorskipa yfir 12 smálestir er talinn í árslok 1937 313. Samkvæmt frv. er því lagt til að afnema um 200 vélamannsstörf.

372 stýrimenn og vélamenn eiga því að afnemast úr störfum sem æfðir og lærðir starfsmenn á skipunum.

Fyrir Alþingi liggja mótmæli gegn frv. frá Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands, Vélstjórafélagi Íslands, nemendum vélfræðiskólans, Stýrimannafélagi Íslands, Vélstjórafélagi Reykjavíkur og Verklýðsfélagi Akraness. Ennfremur hefir Sjómannafélag Reykjavíkur mótmælt frv. við sjávarútvegsnefnd Nd. Innan þessara félaga og félagssambanda er að heita má mestur hluti íslenzkra vélamanna á eimskipum og mótorskipum og stýrimenn og skipstjórar á stærri og minni skipum. Öll félögin fordæma tillögur þær, sem felast í frv., og leggja aðaláherzlu á þessi atriði:

1. Löggjöf um atvinnu við siglingar verði ekki breytt nema sérfróðir menn fjalli þar um, og sé þá til stéttarfélaga farmanna og fiskimanna leitað fyrst og fremst.
2. Með lögunum frá 1936 sé mörkuð sú stefna og aukin að mun frá því, sem áður var, að ungir menn verði að búa sig undir skipstjórnar- og yfirvélstjórnarstarfið með því að æfa sig í öllu verklegu sem undirvélstjórar og stýrimenn um nokkurra ára skeið, auk hins bóklega náms, sem einnig var aukið. Sé því mjög varhugavert og í ósamræmi við nútíma kröfur að víkja frá þeirri stefnu.
3. Með þeim mannafla, sem lögin ákveða um vélamenn og stýrimenn á stærri og minni skipum, sé að mun aukið öryggi fyrir lífi manna, skipi og góssi frá því, sem áður var, og fækkun vélamanna og stýrimanna hljóti að rýra þetta öryggi mjög mikið.
4. Aukið vélakerfi í skipum, meiri hraði um allt, sem lýtur að ferðum skipa, og vinnuhraði yfirleitt útheimti umfangsmeiri pössun og gæzlu en áður. Hið sama gildir um stjórn skips, hvort heldur það er fiskiskip eða fólks- og vöruflutningaskip.
5. Að lögin hafi verið í gildi í tæp tvö ár og ýmsra hluta vegna mjög varhugavert að breyta þeim frá ári til árs, enda ekki neitt fram komið, sem heitið geti ókostur við lögin, sem réttlæti það að breyta þeim að lítt rannsökuðu máli.
6. Að þær breytingar á lögunum, sem fyrir liggja, séu byggðar á svo mikilli vanþekkingu og skilningsleysi á nútíma kröfum og þörfum um mannahald við fiskveiðar og farmennsku, að Alþingi sé ósamboðið að samþykkja þær.

Höfuðástæðan fyrir frv. er sú, að lögin um atvinnu við siglingar íþyngi sjávarútveginum um mannahald, og af þeim sökum beri að fækka kunnáttumönnum af skipum, og sé þar með í engu rýrt öryggi um líf manna, skip og góss. Fram til ársins 1936, að lögin um atvinnu við siglingar gengu í gildi, voru þrír stýrimenn á öllum ísl. farþegaskipum yfir 300 smál., þrír vélstjórar á sömu skipum og auk þess fjórði vélstjóri á tveimur Eimskipafélagsskipunum. 3 vélstjórar áttu að vera á öllum togurum með 700 ha. vél samkv. l. 1915. Undirstýrimaður var lögskráður á flestalla togara, og hafði svo verið um margra ára skeið. Samkv. lögum frá 1924 um vélgæzlu á mótorskipum var skylt að hafa 2 vélamenn við vél 50—150 ha. og stærri. Ennfremur skylt að hafa stýrimenn á mótorbátum 30 smál. og mjög víða lögskráður stýrimaður á minni báta. Þessi tala kunnáttumanna á skipunum var komin af nauðsyn, sem útgerðarmenn höfðu viðurkennt, og meðfram af almennri tilhneigingu til aukins öryggis.

Kostnaðurinn við aukið mannahald samkv. núgildandi lögum og þær venjur og lög, er áður giltu, er hverfandi lítill. Stýrimaður á mótorbát hefir á þorskveiðum ¼ hlutar, auk hásetahlutar, sem að meðaltali síðustu ár er talið, að nemi 75 aurum á dag. 2. vélamaður á mótorbátum, er stunda þorskveiðar hér við Faxaflóa, hefir auk hlutar 25 kr. á mánuði. Annar stýrimaður á togara hefir ávallt haft og hefir enn netamannskaup, sem er lægra en kaup bátsmanns, og mun það kaup ekki breytast, þótt stýrimannsnafnið yrði afnumið. Aðstoðarmaður er nú á 24 togurum. Kaup aðstoðarmanns er á saltfisksveiðum 348 kr., en á öðrum veiðum 331.50 kr. Miðað við 9 mánaða úthald, er kaupgreiðsla til þessa eina manns á togara 3016.50 kr., að viðbættu fæði í 270 daga, 675 kr., samtals 3691.50 kr. Á fiskiflotanum munar því mjög litlu í útgerðarkostnaði, þótt þessir kunnáttu- og réttindamenn séu afnumdir. Hinsvegar má færa rök fyrir því, að tap útgerðarinnar getur orðið miklu meira en þessum kostnaði nemur með því að útrýma kunnáttumönnum af skipunum, eins og frv. gerir ráð fyrir.

Um fækkun kunnáttumanna á farþega- og flutningaskipum kemur ekki til greina, þótt skyldan til að hafa þá verði numin úr lögum. Reynslan hefir sýnt, að ekki er hægt að vera án þeirra.

Samkvæmt þeim rökstuðningi, er hér hefir verið fram fluttur, get ég undirritaður minni hluti ekki fallizt á að samþykkja frv. Hinsvegar var ekki samkomulag innan nefndarinnar um hugsanlegar breytingartillögur, sem allar gengu það langt til skemmda á lögum um atvinnu við siglingar, að ég gat ekki léð þeim fylgi mitt.

En út af þeim styr, sem stendur um mál þetta utan þings og innan, virðist óhjákvæmilegt, að ný athugun fari fram á þessari löggjöf milli þinga og ríkisstjórninni sé falið að endurskoða og undirbúa breytingar við lögin, og leiti þar til aðstoðar sérfróðra manna frá Alþýðusambandi Íslands, Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands og atvinnurekendasambandinu.

Með þessa lausn málsins fyrir augum legg ég til, að því sé vísað til stjórnarinnar.

Alþingi, 5. maí 1938.

Sigurjón Á. Ólafsson.

Nd. 471. Frumvarp til laga

um að flytja fé ellistyrktarsjóða sveitar- og bæjarfélaga úr aðaldeild söfnunarsjóðs í útborgunardeild hans.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

1. gr.

Ellistyrktarsjóðir bæjar- og sveitarfélaga, sem nú eru á vöxtum í aðaldeild söfnunarsjóðs Íslands, skulu nú þegar fluttir í útborgunardeild sjóðsins og falla til útborgunar 1. júlí 1939 til Tryggingarstofnunar ríkisins.

Söfnunarsjóðurinn greiðir ellistyrktarsjóðina með skuldabréfum, sem tryggð eru með 1. veðrétti í fasteignum, og skuldabréfum, sem sveitar- og bæjarfélög hafa gefið út með tryggingu í eignum sínum og tekjum, eftir nánara samkomulagi við Tryggingarstofnun ríkisins.

2. gr

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

Nd. 472. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 81 23. júní 1936, um sveitarstjórnarkosningar.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

1. gr.

Aftan við 2. málsgr. 10. gr. laga nr. 81 23. júní 1936 bætist nýr málsl., svo hljóðandi: Við kosningar í hreppum mega þó frambjóðendur eiga sæti í kjörstjórn, ef það sætir ekki ágreiningi í hlutaðeigandi hreppsnefnd.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ed. 473. Nefndarálit

um frv. til l. um stéttarfélög og vinnudeilur.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefir á þremur fundum athugað málið og leggur til, að það verði samþykkt. Tveir nefndarmenn (MJ og ÁJ) munu þó flytja breytingartillögur við frv. Nánar í framsögu.

Alþingi, 6. maí 1938.

Sigurjón Á. Ólafsson, form., frsm. Ingvar Pálmason, fundaskr Árni Jónsson.
Páll Hermannsson. Magnús Jónsson.

Ed. 474. Nefndarálit

um frv. til l. um einkaleyfi til þess að flytja út og selja erlendis íslenzkar sælgætisvörur, blandaðar fisklýsi og jurtaefnum.

Frá iðnaðarnefnd.

Nefndin mælir með því, að frv. verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 5. maí 1938.

Erl. Þorsteinsson, form. Bj. Snæbjörnsson, fundaskr. Jónas Jónsson, frsm.

Ed. 475. Nefndarálit

um frv. til l. um rafveitur ríkisins.

Frá meiri hl. iðnaðarnefndar.

Meiri hluti nefndarinnar leggur til, að frv. verði samþykkt óbreytt. Einn nefndarmanna (JJ) var ekki á fundi er málið var afgreitt.

Alþingi, 6. maí 1938.

Erl. Þorsteinsson, form. Bj. Snæbjörnsson, fundaskr., frsm.

Ed. 476. Nefndarálit

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 27 1. febr. 1936, um iðnaðarnám.

Frá meiri hl. iðnaðarnefndar.

Meiri hlutinn leggur til, að frv. sé samþykkt óbreytt.

Alþingi, 6. maí 1938.

Jónas Jónsson, frsm. Bj. Snæbjörnsson, fundaskr.

Nd. 477. Nefndarálit

um frv. til l. um skrifstofufé sýslumanna og bæjarfógeta o. fl.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin hefir athugað frumvarpið og leggur til, að það verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGU.

Við 1. gr.

a. Við tölul. 6. Fyrir „18000“ komi: 19000.
b. Við tölul. 10. Fyrir „13000“ komi: 14000.
c. Við tölul. 18. Fyrir „2000“ komi: 2500.

Niðurstöðutalan breytist samkvæmt því í kr. 152900.

Alþingi, 6. maí 1938.

Sveinbjörn Högnason, form. Finnur Jónsson, fundaskr., frsm. Stefán Stefánsson.
Steingr. Steinþórsson. Ólafur Thors.

Nd. 478. Breytingartillaga

við frv. til l. um skrifstofufé sýslumanna og bæjarfógeta o. fl.

Frá Jóni Pálmasyni.

Við 3. gr. Greinin falli niður.

Ed. 479. Breytingartillögur

við frv. til l. um skattgreiðslu útgerðarfyrirtækja íslenzkra botnvörpuskipa.

Frá Páli Zóphóníassyni.

1. Við 1. gr. Í stað „þeirra“ í 1. málsgr. komi: útgerðarinnar.
2. Við 2. gr. Greinin orðist svo:
   Árin 1938—1942 er heimilt að undanþiggja útgerðarfyrirtæki útsvari, að því leyti, sem útgerðina sjálfa snertir.
3. Við 3. gr.
   a. Við a-lið. Í stað orðanna „fyrir tapinu“ komi: fyrir tapi útgerðarinnar.
   b. Aftan við greinina bætist nýr stafliður, sem verður d, og orðist þannig:
      Að öruggt sé, að ágóða verði ekki úthlutað með útgáfu fríhlutabréfa, með hækkuðu kaupi forstjóra, stjórnenda, endurskoðunarmanna eða annara, sem eru eigendur í fyrirtækinu.

Ed. 480. Breytingartillaga

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 27 1. febr. 1936, um iðnaðarnám.

Frá Erlendi Þorsteinssyni og Sigurjóni Á. Ólafssyni.

Við 1. gr. 2. málsgr. orðist svo:

Iðnaðarfulltrúar skulu vera þrír og jafnmargir til vara, allir búsettir í Reykjavík, skipaðir af atvinnumálaráðherra til 3 ára í senn, einn samkvæmt tilnefningu Landssambands iðnaðarmanna, annar samkvæmt tilnefningu Iðnráðs Reykjavíkur og sá þriðji án tilnefningar.

Nd. 481. Nefndarálit

um frv. til l. um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að taka lán.

Frá minni hl. fjárhagsnefndar.

Með frv. er farið fram á 12 millj. kr. lánsheimild ríkisstjórninni til handa. Af því er ein milljón króna ætluð til byggingar síldarverksmiðju á Raufarhöfn, og er sú lánsheimild áður í lögum, ca. 11 millj. eru ætlaðar til að greiða þrjú næstu árin erlendar afborganir af skuldum ríkis, banka og þeirra annara, er ríkið er í ábyrgð fyrir. Hér er því um að ræða lántöku, sem að því leyti er sérstaks eðlis og frábrugðin fyrri lántökum, að lánsfénu á einvörðungu að verja til afborgana af erlendum skuld-

um, ef og að svo miklu leyti, sem þjóðin ekki með öðrum hætti aflar gjaldeyris til þeirra þarfa.

Svo er til ætlazt, að bæði ríkið sjálft og aðrir, er fá til ráðstöfunar þann erlenda gjaldeyri, er til fellur með lántökunni, greiði fullt andvirði hans í ísl. krónum inn á sérstakan sjóð, er liggi til ávöxtunar í íslenzkum bönkum, og eigi má gera að eyðslueyri, heldur skal verja öllu því fé til aukaafborgana af lánum ríkisins, þegar í stað er kleift þykir að taka til þess gjaldeyri frá öðrum þörfum þjóðarinnar. Er þetta að vísu ekki bundið í sérstakri löggjöf, heldur tekið fram í greinargerð frv., og hefir fjármálaráðherra lýst yfir því, að hann telji sig bundinn af greinargerðinni jafnt og lög væru, enda er slíkt venju samkvæmt. Þykir minni hl. að vísu hvergi nærri tryggt, að þeim ásetningi verði fylgt, en þó jafntryggt og ef um það væru sett lög, því auðsætt er, að sú stjórn, sem út af þessu vildi bregða, getur að sjálfsögðu alltaf látið breyta slíkum lögum, þótt sett yrðu, engu síður en að brjóta bæði venju og fyrirheit þau, sem gefin eru í greinargerð frumvarpsins og við umræðu um málið á Alþingi.

Minni hl. viðurkennir, að þjóðin býr nú við hinn mesta gjaldeyrisskort, og benda líkur ekki til, að úr rætist á næstunni. Hann játar því, að út af fyrir sig sé hin fyllsta þörf á slíku láni sem frumvarpið fjallar um. Að hann samt sem áður telur sér ekki fært að greiða atkvæði með lántökuheimildinni, stafar m. a. af því, er nú skal greina.

Minni hl. er þeirrar skoðunar, að gjaldeyrisskorturinn stafi a. m. k. sumpart af þeim sjálfskaparvítum, að núverandi stuðningsflokkar ríkisstjórnarinnar hafa um langt skeið stefnt fjármálum og atvinnumálum þjóðarinnar í beint óefni. Valdhafarnir virðast hafa trúað því, að öllu væri vel borgið, ef aðeins væru í heiðri höfð þau tvö boðorð, að sjá um, að ríkissjóður hefði handbært fé til sinna þarfa, alveg án hliðsjónar af fjárhagsafkomu þegnanna, og að beita síðan innflutningshöftum í æ ríkari mæli, til þess með því móti að inniloka hina óvenju miklu kaupgetu, er sumpart hefir skapazt vegna beinna ráðstafana löggjafar og framkvæmdavaldsins.

Hins hefir ekki verið gætt, að hin háu og síhækkandi fjárlög annarsvegar, en langvarandi hallarekstur á sviði nær allrar framleiðslu landsmanna hinsvegar, hlaut m. a. ills að leiða til þeirra gjaldeyrisvandræða, sem nú eru öllum kunn orðin. Hefir valdhöfunum þó árum saman verið bent á, að ásetningur þeirra um að „inniloka kaupgetuna“ var frá öndverðu ekkert annað en grundvallar misskilningur, sem og hitt, að innflutningshöftin ein út af fyrir sig eru eigi aðeins gagnslaus, heldur og beinlínis eins og skaðlegt svefnmeðal, og geta, þó rétt sé á haldið, heldur aldrei verið annað en einn, og það hvergi nærri veigamesti þátturinn í að tryggja gjaldeyrisþarfir þjóðarinnar. En ófrávíkjanlegt skilyrði fyrir gagnsemi haftanna er, að eyðsla hins opinbera sé sniðin eftir gjaldgetu þegnanna og jafnframt séð fyrir því, að atvinnurekstur landsmanna sé rekinn á heilbrigðum grundvelli. En á ýmsum sviðum hafa valdhafarnir beinlínis unnið gegn því, m. a. með síhækkandi álögum og stöðugum, vaxandi skerðingum á atvinnufrelsi einstaklingsins.

Minni hl. hefir alltaf deilt á valdhafana og deilir enn á þá fyrir að hafa með löggjöf og framkvæmd átt þátt í að skapa það gjaldeyrisöngþveiti, sem þjóðin er komin í, og heldur því hiklaust fram, að ef Sjálfstæðisfl. hefði setið að völdum, myndi opinber eyðsla hafa verið miklu minni og því kallað á minni gjaldeyri, en athafnalífið jafnframt verið blómlegra og því skapað meiri gjaldeyri.

Hinsvegar viðurkennir minni hl., að svo sem nú er komið, verður varla hjá lántöku komizt, nema verra hljótist af, t. d. fullkomin vanskil á samningsbundnum afborgunum hins opinbera. Vill minni hl. því eigi, þrátt fyrir fullkomið vantraust á núverandi stjórnarstefnu, rísa til beinnar andstöðu gegn lántökunni, enda þótt hann telji sér eigi skylt að samþykkja lántökuna með því að greiða atkvæði með frumvarpinu. Minni hl. hefir ekki verið tilkvaddur, þegar teknar voru þær óheillaákvarðanir, er leitt hafa til gjaldeyrisskortsins, heldur hafa ráð hans og annara stjórnarandstæðinga verið að engu höfð. Minni hl. telur því vel fara á því, að þeir séu hér einir að verki um úrræðin, sem vandræðunum valda, og að bezt sómi sér, að þeir,

sem samfylkt hafa á ógæfubrautinni, hefji nú á eigin ábyrgð gönguna á fund lánardrottnanna.

Minni hl. er ljóst, að það skiptir að því leyti ekki máli, hverja aðstöðu hann tekur til frumv. þessa, að það verður samþykkt hvort sem sjálfstæðismenn sitja hjá eða greiða atkv. gegn því, og að sú atkvæðagreiðsla hefir heldur engin áhrif á sjálfa lántökuna. Hann hefir þó talið sér skylt að gera nokkra grein fyrir málinu, m. a. því til skýringar, að hann leggur ekki beinlínis til, að frv. verði felllt. Minni hl. skilur nefnilega vel það sjónarmið, að úr því stjórnarstefna undanfarinna ára á að haldast óbreytt, þá sé með öllu tilgangslaust að vera að taka slík lán; hér hljóti allt í kaf að keyrast og bezt sé að horfast beint í augu við þann sannleika og taka afleiðingunum tafarlaust. Hitt sé ekki til annars en lengja líf stjórnarinnar, án þess að vonir standi til að bjarga þjóðinni.

En minni hl. telur þó, að hér gæti nokkurs misskilnings, því í fyrsta lagi er lánið að því leyti nauðsynlegra þjóðinni en stjórninni, að vel er hugsanlegt, að stjórnin fleyti sjálfri sér án lánsins, en hitt ólíklegt, að þjóðin komist klaklaust af án lántöku, en í öðru lagi er það þó ekki með öllu vonlaust, að valdhafarnir hafi loks lært það mikið af reynslunni, að þeir séu nú reiðubúnir að yfirgefa fyrri stefnu sína og fylgja ráðum andstæðinganna í ríkari mæli en verið hefir.

Þetta mál liggur ljóst fyrir. Allt bendir til, að um tvennt, og eingöngu tvennt, sé að ræða: Vanskil ríkisins eða lántöku. Sjálfstæðisflokkurinn deilir því ekki á stjórnina út af lántökunni, heldur út af þeim verkum, sem gjaldeyrisskortinum valda og skapað hafa þörfina fyrir lántöku. Sjálfstæðisflokkurinn vantreystir stjórninni og greiðir því ekki atkvæði með lántökunni, en hann viðurkennir þörf þjóðarinnar fyrir nýtt erlent lánsfé, og greiðir því eigi atkvæði gegn lántökunni.

Minni hl. sér ekki ástæðu til að gagnrýna greinargerð frv., enda þótt hann telji, að sumt orki þar tvímælis, en annað sé jafnvel rangt. Karp um þá hluti snertir ekki kjarna málsins, en hann er sá, að fjárhagurinn er bágur og gjaldeyrisskorturinn horfir til vandræða. Hinsvegar leiðir minni hl. athygli að því, að ekki virðist rétt að gera ráð fyrir, að hægt verði á viðunandi hátt að ávaxta þær ísl. krónur, er ríkissjóður fær fyrir hinn selda gjaldeyri. Eigi það fé að vera handbært fyrirvaralaust, verður það a. m. k. að miklu leyti að liggja á lokaðri konto, enda myndi það ekki skapa óeðlilega og óheppilega fjárþenslu.

Alþingi, 7. maí 1938.

Ólafur Thors.

Ed. 482. Breytingartillögur

við frv. til l. um skattgreiðslu útgerðarfyrirtækja íslenzkra botnvörpuskipa.

Frá Jóhanni Jósefssyni.

1. Við 1. gr. Aftan við greinina bætist ný málsgr., svo hljóðandi:
   Ákvæði þessarar greinar taka einnig til annara útgerðarfyrirtækja landsmanna.
2. Við 2. gr. Fyrir orðin „Sömu fyrirtæki“ kemur: Fyrirtæki þau, sem um ræðir í 1. málsgr. 1. gr.
3. Við fyrirsögnina bætist: o. fl.

Nd. **483. Frumvarp til laga**

um varnir gegn útbreiðslu mæðiveikinnar og stuðning til bænda, er beðið hafa tjón af henni.

Frá landbúnaðarnefnd.

1. gr.

Landbúnaðarráðherra hefir á hendi yfirstjórn þeirra mála, er um ræðir í lögum þessum. Hann skipar fimm manna framkvæmdanefnd, eftir tillögum landbúnaðarnefnda Alþingis, til þess að hafa á hendi stjórn þessara mála. Hann skipar og framkvæmdastjóra eftir tillögum nefndarinnar.

I. KAFLI
Um varnir

2. gr.

Framkvæmdanefndin hefir heimild til þess að kveðja sér menn til aðstoðar við framkvæmd laganna, að fengnum tillögum framkvæmdastjóra.

3. gr.

Framkvæmdastjóra er heimilt að láta fram fara rannsókn á heilbrigði sauðfjár eftir því, sem honum þykir þörf á. Fjáreigendur, sem búsettir eru utan aðalvarðlínanna, eru skyldir til þess að gera viðkomandi hreppstjóra tafarlaust aðvart, er þeir verða varir við grunsamleg veikindi í fé sínu eða annara á því svæði. Hreppstjóra er skylt að bregða þegar við, er hann hefir fengið slíka tilkynningu, og rannsaka, hvernig veikinni er háttað.

Nú telur hreppstjóri, að um mæðiveiki geti verið að ræða, og skal hann þá láta lóga einni eða fleirum grunsömum kindum til þess að fá úr því skorið. Hann skal ennfremur láta einangra hjörðina unz úrskurður um veikina er fenginn. Kostnaður við þá einangrun greiðist að $^2/_3$ úr ríkissjóði, en að $^1/_3$ úr viðkomandi sýslusjóði.

4. gr.

Nú er úrskurður fenginn fyrir því, að um mæðiveiki er að ræða utan aðalvarðlína, og skal þá framkvæmdastjóri, í samráði við mæðiveikinefnd, gera þær ráðstafanir til varnar útbreiðslu veikinnar, sem nefndinni þykja tryggilegastar. Ávallt skal þó tafarlaust lóga hinu sjúka fé.

Kostnaður við ráðstafanir þessar greiðist úr ríkissjóði.

5. gr.

Aðalvarðlínur skulu vera þessar:

1. Meðfram Þjórsá frá sjó og upp í Hofsjökul.
2. Meðfram Héraðsvötnum og Jökulsá eystri frá sjó og upp í Hofsjökul.
3. Milli Steingrímsfjarðar og Þorskafjarðar.

Þessar aðalvarðlínur skal treysta með girðingum og varðmönnum eftir því, sem þörf krefur og öruggast er talið á hverjum stað.

6. gr.

Framkvæmdanefnd er heimilt að setja aukavarðlínur meðfram Blöndu frá sjó og upp í Hofsjökul, á Kili milli Langjökuls og Blöndu og meðfram Ölfusá, Hvítá og Brúará frá sjó og upp í Langjökul, ef nefndinni þykir það nauðsynlegt til að tefja fyrir útbreiðslu veikinnar.

7. gr.

Nú vilja bændur gera tilraun til þess að verjast fjársamgöngum með því að setja upp varnargirðingar fyrir ákveðin svæði, sem framkvæmdanefndin telur líkur til, að séu ósýkt, og er þá heimilt, með ráði nefndarinnar, að veita styrk til slíkra girðinga, er nemi allt að 35 aurum á hvern metra, enda verði girðingar þessar eign þeirra, er kosta þær að öðru leyti. Styrkurinn má þó ekki nema meiru en 50 aurum á hverja fullorðna kind, sem verja skal.

Nú vill sveitarstjórn einhvers hrepps koma upp slíkri varnargirðingu, og skal þá oddviti gera öðrum sveitarstjórnum aðvart, sem gera má ráð fyrir, að not hafi af slíkri girðingu. Skal oddviti hvers hrepps eða hreppshluta tafarlaust leita álits hlutaðeigandi fjáreigenda, og skulu þeir kjósa einn fulltrúa til þess að fara með umboð sitt á sameiginlegum fundi sveita þeirra, er hér um ræðir. Sá fundur ræður málinu til lykta, og er ákvörðun hans bindandi fyrir alla fjáreigendur á svæðinu.

Styrkur til þessara girðinga greiðist því aðeins, að girðingarstæði sé samþykkt af framkvæmdastjóra og að gerð og frágangur girðinga sé tekið gilt af honum eða trúnaðarmanni hans.

Allur annar kostnaður við þessar girðingar, svo og varzla meðfram þeim og allar búsifjar, sem ráðstafanir þessar veita nágrönnum og bótaskyldar eru, greiðist af eigendum þess fjár, er verja skal, í hlutfalli við fjáreign þeirra. Skal oddviti sveitarstjórnar innheimta gjaldið með öðrum sveitargjöldum. Gjöldum þessum fylgir lögtaksréttur.

Tölu varðmanna og tilhögun vörzlu ákveður framkvæmdastjóri.

8. gr.

Framkvæmdanefnd er heimilt að setja upp einangrunargirðingar til þess að geyma í sjúkt og grunað fé í þeim héruðum, sem liggja innan aðalvarnarlína, ef veikin er ekki mikið útbreidd þar, og sé það gert í samráði við hlutaðeigandi sýslunefnd. Sýslufélagið leggur til land undir girðingu og kostnað við uppsetningu, en girðingarefni og flutningur á næsta hafnarstað skal lagður fram sem annar kostnaður við varnirnar.

9. gr.

Heimilt er að leggja girðingar þær, sem um getur í 5.—8. gr., um lönd einstakra manna og afrétti, eftir því sem framkvæmdastjóri telur haganlegast.

Náist ekki samkomulag við landeiganda um land undir einangrunargirðingu samkv. 8. gr., er sýslunefnd heimilt, í samráði við framkvæmdastjóra, að taka land undir slíka girðingu leigunámi, og fer þá um leigunámið samkv. ákvæðum laga nr. 61 14. nóv. 1917, um framkvæmd eignarnáms.

Bætur fyrir landspjöll, átroðning, afnotamissi lands eða önnur óþægindi vegna girðinga, sem um getur í 5.—7. gr., koma ekki til greina, nema alveg sérstakar ástæður séu fyrir hendi.

10. gr.

Skylt er vegfarendum, sem fara um hlið á varnargirðingum, að loka þeim tryggilega. Vanræksla í þessu efni, svo og skemmdir á hliðum og girðingum varða sektum eða fangelsi, allt að 3 mánuðum. Skemmdir skal auk þess bæta að fullu.

11. gr.

Varðmenn þeir, sem tekizt hafa á hendur vörzlu við varðlínur þær, sem um ræðir í 5. og 6. gr., eru sýslunarmenn ríkisins meðan þeir gegna því starfi. Varðmaður, sem yfirgefur varðstöðu sína á þeim tíma, sem honum ber að vera á verði, eða vanrækir starf sitt á annan hátt, skal sæta sektum, nema þyngri refsing liggi við samkvæmt öðrum lögum.

12. gr.

Framkvæmdanefnd er heimilt að fyrirskipa litarmerkingar á sauðfé, þar sem henni þykir nauðsyn bera til. Ennfremur getur hún bannað hverskonar litarmerkingar á sauðfé á ákveðnum svæðum.

13. gr.

Flutningur sauðfjár yfir varðlínur þær, sem um getur í 5.—8. gr., er bannaður nema samþykki framkvæmdastjóra komi til. Kindum, sem leita mjög á að komast gegnum varðlínur, má varðmaður lóga, en gera skal hann það verð úr, sem unnt er, ef eigandi hefir ekki aðstöðu til að hirða sjálfur. Greiða má bætur fyrir slíkar kindur, allt að verðlagsskrárverði, ef ástæður mæla með, að dómi framkvæmdastjóra.

14. gr.

Framkvæmdanefnd er heimilt að ráðstafa sauðfé á afrétti og í heimahögum, ef nauðsyn ber til vegna varnanna. Nefndinni er ennfremur heimilt að fyrirskipa slátrun á fé, sem kemur fyrir í útréttum, ef henni virðist það hafa þýðingu vegna varnanna. Óskilafé og ómerkinga, er fyrir koma í næstu sýslum við aðalvarðlínur, má ekki selja til lífs, heldur skal hreppstjóri sjá um, að því fé sé lógað.

15. gr.

Heimilt er sveitarstjórnum og stjórnum upprekstrarfélaga, með samþykki framkvæmdanefndar, að fyrirskipa breytingu á fjallgöngum, smölun heimalanda og réttum, ef það telst nauðsynlegt til heftingar útbreiðslu veikinnar. Breytingar þessar teljast ekki brot á fjallskilareglugerðum.

16. gr.

Hreppstjórar, gangnaforingjar (fjallkóngar) og réttarstjórar í þeim héruðum, sem talin eru lítið sýkt eða ósýkt, skulu hafa strangt eftirlit með því í öllum réttum og fjallgöngum, að allar veikar eða grunsamlegar kindur, er þar koma fyrir, séu tafarlaust teknar úr fjársafni og lógað eða einangraðar. Sama skylda hvílir á bændum í þeim héruðum við smölun heimalanda.

17. gr.

Leyni fjáreigandi veiki í fé sínu, skal hann sæta sektum, en verði það til þess, að veikin berist í ósýkt fé annara, varðar það fangelsisvist.

18. gr.

Allur kostnaður við girðingar og vörzlu samkv. 5.—8. gr., sem ekki greiðist af viðkomandi héruðum, greiðist að $^3/_5$ hlutum úr ríkissjóði og þeim hluta bjargráðasjóðs, sem er sameign allra landsmanna, $^3/_{10}$ af hvorum aðilja, en $^2/_5$ sé jafnað niður á alla sauðfjáreigendur utan aðalvarðlínanna.

Landbúnaðarráðuneytið jafnar gjaldi þessu árlega niður eftir síðasta fjárframtali á þau sýslufélög, eða hluta úr þeim, er þátt taka í greiðslunni, en þó ekki hærri fjárhæð á ári hverju en sem svarar 10 aurum á kind. Sýslumenn jafna gjaldinu milli hreppa eftir sömu reglu og innheimta það með sýslusjóðsgjöldum.

II. KAFLI

Um stuðning til bænda.

19. gr.

Fé því, sem veitt er árlega í fjárlögum til stuðnings þeim bændum, er tjón hafa beðið af völdum mæðiveikinnar, skal varið sem hér segir:

1. Til greiðslu upp í vexti af lánum og upp í jarðarafgjöld leiguliða. Þau ein lán

koma til greina með vaxtastyrk, sem vottorð liggur fyrir um frá skattanefnd, að talin hafi verið fram og sönnuð í árslok 1937 ásamt vaxtakjörum.
2. Til sýslu- eða hreppavega í viðkomandi héruðum án framlaga úr sýslu- eða sveitarsjóði.
3. Til greiðslu á styrk til framræslu, túnasléttunar og garðyrkju, er nemi allt að tvöföldum styrk, sem greiddur er til skurðagerðar, túnasléttunar og garðræktar samkv. jarðræktarlögum, og til túnauka allt að jafnháum styrk og veittur er samkv. jarðræktarlögum. Auk þess greiðist lögmæltur jarðræktarstyrkur.
4. Til styrktar nýjum fyrirtækjum, er gera framleiðslu bænda verðmæta eða fjölbreytta, svo sem gróðurhúsum og rjómabúum.

Ákveða skal í fjárlögum hvert ár, hversu hárri upphæð megi verja samkvæmt 1., 2. og 4. lið.

20. gr.

Framkvæmdanefnd hefir á hendi skiptingu fjárins. Áður en skipting fer fram skal nefndin safna skýrslum um tjón það, er hlotizt hefir af veikinni.

21. gr.

Hver hreppsnefnd velur einn mann til að safna skýrslum um fjártjón bænda af völdum mæðiveikinnar í hreppnum og öðrum upplýsingum, sem framkvæmdanefndin telur nauðsynlegar vegna úthlutunarinnar. Hver sýslunefnd tilnefnir 2 menn til þess að taka á móti skýrslum úr einstökum hreppum í þeirri sýslu, færa þær til samræmis og vera að öðru leyti framkvæmdanefndinni til ráðuneytis um skiptingu fjárins.

22. gr.

Nú hefir framkvæmdanefnd fengið skýrslu um tjón bænda af völdum mæðiveikinnar, og skal hún þá skipta því fé, er fjárlög ákveða, í hlutfalli við þann tekjumissi, er þeir hafa orðið fyrir af völdum veikinnar, skv. nánari ákvæðum reglugerðar.

23. gr.

Framkvæmdanefnd tilkynnir aðiljum, ekki síðar en í lok aprílmánaðar, hversu mikils styrks þeir megi vænta það ár. Sýslunefndin ákveður síðan, að fengnum tillögum viðkomandi hreppsnefnda, í hvaða hreppa- og sýsluvegum skuli unnið og hvernig þátttaka í vinnunni skiptist á milli hreppanna.

24. gr.

Framkvæmdanefnd sér um greiðslu á vaxtatillagi og jarðarafgjöldum. Þeir, sem eiga ógreidda vexti, afborganir eða jarðarafgjöld, fá því aðeins tillag upp í vexti, að þeir greiði jafnframt það, sem vangoldið er, eða hafi náð samningum um það.

Nefndin ávísar vegafénu til vegamálastjóra og jarðræktarstyrknum til Búnaðarfélags Íslands, og skulu þessir aðiljar hafa eftirlit með þessum framkvæmdum og annast útborgun samkvæmt því, sem unnið hefir verið og heimild er til.

25. gr.

Hreppssjóður greiðir allan kostnað við söfnun skýrslna og úthlutun styrktarfjárins innan hrepps. Sýslusjóður greiðir á sama hátt kostnað við störf sýsluráðunauta og skiptinguna milli hreppa.

26. gr.

Bændur þeir, sem lög þessi ná til, fá án þess að greiða dráttarvexti frest á greiðslu árgjalda í lánsstofnunum, þar til séð er, hvort og hve mikinn styrk þeir fái á því ári samkvæmt lögum þessum, og er óheimilt að segja upp lánum vegna þess dráttar. Dráttur á greiðslu jarðarafgjalda til sama tíma varðar ekki missi ábúðar.

III. KAFLI
Almenn ákvæði.

27. gr.

Ráðherra er heimilt, eftir tillögum framkvæmdanefndar, að gera hverja þá ráðstöfun, er hann álítur nauðsynlega til þess að hindra útbreiðslu veikinnar og útrýma henni.

28. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að endurgreiða bændum og félögum bænda á mæðiveikisvæðinu verðtoll af loðdýrum, sem innflutt voru árið 1937.

29. gr.

Brot gegn lögum þessum varða sektum, allt að 10000 kr., eða fangelsi, og skal með mál út af slíkum brotum farið sem almenn lögreglumál.

30. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 12 frá 12. maí 1937 og lög nr. 25 frá 13. janúar 1938.

31. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er í aðalatriðum samhljóða gildandi lögum um sama efni. Lögum nr. 12 frá 12. maí 1937, um varnir gegn útbreiðslu borgfirzku sauðfjárveikinnar, og lögum nr. 25 frá 13. janúar 1938, um stuðning til handa bændum, er tjón hafa beðið af völdum mæðiveikinnar, er steypt hér saman í einn lagabálk, endurskoðuðum og breyttum í samræmi við þá reynslu, sem síðan er fengin um framkvæmd þeirra og útbreiðslu veikinnar.

Þó að frv. sé borið fram af landbúnaðarn. neðri deildar, þá standa landbúnaðarnefndir beggja deilda jafnt að því og hafa undirbúið það báðar í sameiningu, enda hefir því starfsfyrirkomulagi jafnan verið fylgt um mál þessi í þinginu.

Nefnd sú, er skipuð var samkv. lögum frá síðasta þingi um stuðning til bænda vegna mæðiveikinnar, þeir Guðmundur Árnason, bóndi í Múla, Jón Sigurðsson, bóndi á Reynistað, og sr. Ingimar Jónsson, skólastjóri í Reykjavík, hefir ásamt framkvæmdastjóra þessara mála, Hákoni Bjarnasyni skógræktarstjóra, endurskoðað áðurnefnda löggjöf og lagt tillögur sínar fyrir landbúnaðarnefndir Alþingis, en þær síðan athugað þær nánar og gert á þeim ýmsar breytingar. Hafa nefndirnar sameiginlega haldið allmarga fundi um málið og auk þess kosið í það undirnefnd. Auk frumvarps þessa hafa nefndirnar og haft til athugunar áætlanir yfir kostnað við varnirnar á yfirstandandi ári og væntanlegar bætur til bænda vegna mæðiveikinnar á næsta ári, sem hvorttveggja þurfti að ákveða í sambandi við fjárlög fyrir árið 1939. Hafa þær gert fjármálaráðherra og fjárveitinganefnd grein fyrir áliti sínu á þeim málum.

Allar aðalvarnarlínur, sem ákveðnar voru í varnarlögunum frá 1937, eru nú úr gildi fallnar, með því að veikin reyndist vera fyrir utan þær allar. Hefir síðan verið unnið að því að gera aðrar nýjar, og verður að halda því áfram á þessu sumri. Þær aðalgirðingar, sem stefnt er að að koma upp í sumar, eru þessar: Meðfram Þjórsá annarsvegar og Héraðsvötnum hinsvegar, til að stemma stigu fyrir veikinni austur á bóginn. Þessar línur verður auk þess að treysta með vörzlu.

Þá er og hugsað að koma upp viðbótargirðingu á Kili, en þangað er nú orðið bílfært að heita má yfir sumarið. Ennfremur verður komið upp aukavarðlínum þar, sem þörf þykir. Þá verður og að styrkja varnirnar á Vestfjörðum, þar eð veikin er

komin vestur fyrir Gilsfjarðar—Bitrufjarðar-girðingu. Enn þykir og nauðsynlegt, að heimild sé til að styrkja nokkrar girðingar, sem ekki teljast með aðalvarnarlínum, til að forðast útbreiðslu veikinnar eða tefja fyrir henni á ýms smærri svæði, sem að mestu eða öllu teljast ósýkt enn. Leggur nefndin til, að þessar girðingar megi styrkja með allt að 35 aurum á metra, þó ekki yfir 50 aura á kind á því svæði, sem verja á. Hinn hlutann leggi hlutaðeigandi sauðfjáreigendur til. Sé styrkur þessi veittur allt að hámarki, nemur framlag ríkisins mestum hluta af verði girðingarefnis. Og þar sem auk þess er ætlazt til, að girðingar þær, sem þannig eru gerðar, verði að fullu eign þeirra, er kosta þær að öðru leyti, má telja þetta allríflegan stuðning til viðkomandi héraða, þó að hann að sjálfsögðu borgi sig betur fyrir ríkissjóð heldur en að eiga á hættu, að héruð þessi verði veikinni að bráð, með öllum þeim afleiðingum, sem það hefir í för með sér. Í þessum flokki má telja línu, sem fyrirhuguð er yfir Snæfellsnes vestanvert, frá Skógarnesi í Álftafjörð, þar eð veikin er nú komin yfir varnarlínu þá, sem sett var síðastliðið vor með Hítará, og má búast við, að hún breiðist á næstunni út í syðstu sveitum Snæfellsnessýslu. Þá er og undirbúningur hafinn um samskonar línu yfir þvert Reykjanes. Í frumvarpi því, sem mæðiveikinefnd sendi landbúnaðarnefndum, var lagt til, að aðalvarnarlínur á Vestfjörðum yrðu tvær. Önnur úr Kollafirði í Barðastrandarsýslu í Ísafjörð og hin úr Kaldalóni í Þaralátursfjörð. Hinsvegar var þar gert ráð fyrir, að styrkja samkv. 7. gr. girðingu úr Þorskaf. í Steingrímsfj. Meiri hluti nefndarinnar féllst þó á að snúa þessu við, þannig að ákveða sem aðalvarnarlínu girðingu úr Þorskafirði í Steingrímsfjörð, en heimila styrk til hinna tveggja. — Auk þessara girðinga, sem hér eru taldar, mun óumflýjanlegt að gera nokkrar minni, sem hér verða ekki taldar. Alls mun mega gera ráð fyrir útgjöldum úr ríkissjóði til girðinga á þessu ári nokkuð yfir 200 þús. krónum.

II. kafli, um styrk til bænda, sem beðið hafa tjón af völdum mæðiveikinnar, er í öllum aðalatriðum eins og í núgildandi lögum um sama efni. Þó hefir nefndin bætt garðræktarframkvæmdum í styrkhæfar jarðabætur samkv. lögunum, með því að reynslan hefir sýnt, að enn er full þörf að ýta undir þær, og sumar þær sveitir, sem fjárpestin nú herjar á, eru vel til garðræktar fallnar, eftir því sem gerist á landi hér. Þá hefir nefndin og lagt til að breyta ákvæðinu um vaxtastyrkinn þannig, að í stað þess að í núgildandi lögum er aðeins miðað við fasteignaveðslán, þá er samkvæmt frumvarpinu ætlazt til, að hann nái til allra lána, sem vottorð liggja fyrir um frá skattanefndum, að talin hafi verið fram og sönnuð í árslok 1937. Reynslan við framkvæmd laganna hefir sýnt það, að með því fyrirkomulagi, sem nú gildir, kemur vaxtastyrkurinn ærið ranglátlega niður í mörgum tilfellum. Ýmsir bændur, og eru það þó einkum leiguliðar, hafa orðið að taka og tekið til framkvæmda og annars lán, hliðstæð fasteignalánum annara bænda, en orðið að tryggja þau með sjálfskuldarábyrgð eða víxlum. Þessir bændur geta engan vaxtastyrk fengið, þó að vitanlegt sé, að slík lán hvíla sízt léttar á þeim, er skulda, en fasteignaveðslánin. Þá eru þeir og betur komnir, sem tekið hafa kreppulán og „konverterað“ lánum sínum þannig, heldur en hinir, þar sem kreppulánin teljast veðlán, þó ekki séu þau tryggð með veði í fasteign.

Í frumvarpi því, er mæðiveikinefnd sendi landbúnaðarnefndum, var einn sérstakur kafli um heimild til niðurskurðar og fjárskipta á hinum sýktu svæðum, þar sem gert var ráð fyrir, að hefja mætti framkvæmdir í því máli þegar á næsta hausti, ef viss þar greind skilyrði væru fyrir höndum. Þó að meiri hluti n. líti hiklaust svo á, að ennþá liggi ekkert fyrir í þessum málum, sem bendi til þess, að unnt sé að losna við mæðiveikina og þann voða, sem af henni stafar, á annan hátt en ef það tækist með niðurskurði og fjárskiptum, og þó hún einnig sé sannfærð um, að það væri því betra, því fyrr sem það næðist, þá álítur meiri hl. nefndarinnar samt ennþá vanta ýmsar forsendur fyrir því, að hún telji forsvaranlegt að hefjast þegar handa um þær framkvæmdir. Má í því sambandi benda á það, að enn er ekki vitað, hvort það tekst að hefta veikina á þeim útlínum, sem nú er talið, að hún takmarkist við,

og sömuleiðis er ekki fullsannað ennþá, að hagar og hús geti ekki smitað, þó fénu sé lógað, eða aðrar skepnur borið veikina á milli. Um þetta ætti að vera til fyllri vitneskja á næsta þingi en nú er.

Þá var og nefndinni ljóst, að ef ráðizt er í jafnumfangsmikið og stórkostlegt fyrirtæki og almennan niðurskurð á öllum hinum sýktu svæðum, yrði það að vera nokkurnveginn tryggt fyrirfram, að allur þorri þeirra bænda, sem slík ráðstöfun kæmi niður á, væri samþykkur þeim ráðstöfunum eða fús að beygja sig undir þær. Ella yrðu þær með öllu óframkvæmanlegar.

Af þessum ástæðum var það, að landbúnaðarnefndir Alþingis gengust fyrir því nú í vetrarlokin, að atkvæðagreiðsla færi fram meðal bænda á mæðiveikisvæðunum um afstöðu þeirra til þess máls, til þess að kynnast hug þeirra til þess og skoðunum þeirra á því — og ennfremur til að koma af stað sem beztri athugun á málinu og umræðum um það í tíma, ef svo mætti fara, að skilyrði sköpuðust fyrir því á næstunni, að unnt yrði að ráðast í almennan niðurskurð, að dómi Alþingis. Nefndinni hafa nú borizt álitsgerðir frá bændum úr öllum þessum héruðum, og bera þær með sér, að yfirleitt hafa þeir alveg hina sömu skoðun á þessu og meiri hluti nefndarinnar, — að stefna beri að niðurskurði og fjárskiptum sem fyrst, en ráða þó frá því, að hafizt sé handa um það nú þegar á næsta hausti. Að öllu þessu athuguðu féllst nefndin því á, að rétt væri að fella kaflann um niðurskurðarheimildina út úr frumvarpinu. Taldi hún ekki rétt að ákveða á þessu þingi fyrirkomulag og framkvæmdir í jafnvandasömu máli og þetta er, þar sem ofan á var orðið, að það kæmi ekki til framkvæmda fyrr en eftir næsta þing. Taldi hún ekki mundi af veita að nota tíma þann og reynslu, er til næstu þingloka kynni að vinnast, til að hugsa málið og undirbúa betur bæði utan þings og innan.

Þess skal þó getið, að tveir nefndarmenn höfðu nokkra sérstöðu í þessu máli. Páll Zóphóníasson vildi samþykkja heimildina um niðurskurð og fjárskipti óbreytta í aðalatriðum og hefja þegar framkvæmdir á næsta hausti, en Pétur Ottesen vill hafa í frv. heimild til þess fyrir stjórnina að láta byrja á fjárskiptum á næsta hausti sem tilraun á litlu takmörkuðu svæði, og mun hann því taka upp tillögur mæðiveikinefndar um fjárskipti og flytja þær sem breytingartillögur við frv., með þeim takmörkunum, sem að framan getur. Á þetta gat meiri hl. n. ekki fallizt, en var hinsvegar samþykkur því, að gerðar væru þegar á þessu ári áframhaldandi tilraunir um það, hvort fénaðurinn sýkist beint af landi eða húsum, hliðstæðar þeim, sem síðastl. ár voru gerðar í Heggstaðanesi. En heimild til þess er í frumvarpinu eins og það er nú, ef að lögum verður. Að öðru leyti standa nefndirnar saman um málið. Þó er nokkur ágreiningur um aðalvarðlínur á Vestfjörðum, og munu nefndarmenn gera grein fyrir honum í umræðunum.

Með greinargerð frumvarpsins fylgir skýrsla frá framkvæmdastjóra um sauðfjártölu vestan Þjórsár og Héraðsvatna árin 1936 og 1937, og ennfremur kort, er sýnir útbreiðslu mæðiveikinnar í ársbyrjun 1937 og 1938.

Sauðfjártala vestan Þjórsár og Héraðsvatna árið 1936 og 1937.

	Fjártala vorframtal 1936		Fjártala í árslok 1937		Fækkun	Fjölgun	Fækkun %
	hreppur	samtals	hreppur	samtals	hreppur	hreppur	
Reykjavík	»	1002	»	1500	»	498	»
Hafnarfjörður	»	1009	»	1007	2	»	»
Gullbringu- og Kjósarsýsla:							
Grindavíkur	2925		3150		»	225	»
Hafna	789		830		»	41	»
Miðnes	1252		1230		22	»	1,8
Gerða	173		315		»	142	»
Keflavíkur	565		600		»	35	»
Vatnsleysustrandar	1729		1980		»	251	»
Garða	1391		1479		»	88	»
Bessastaða	135		95		40	»	30
Seltjarnarnes	604		498		106	»	17
Mosfells	2334		2324		10	»	0,5
Kjalarnes	2480		2346		134	»	5,4
Kjósar	3505		3115		390	»	11
	17882		17962				
		17882		17962			
Borgarfjarðarsýsla:							
Strandar	3094		2939		155	»	5
Skilmanna	1070		822		248	»	23
Innri-Akranes	1000		950		50	»	5
Ytri-Akranes	920		780		140	»	15
Leirár- og Mela	2302		2350		»	48	»
Andakíls	4297		1320		2977	»	69
Skorradals	2826		1949		877	»	31
Lundarreykjadals	2403		1129		1274	»	53
Reykholtsdals	5138		1691		3447	»	67
Hálsa	2544		1018		1526	»	60
	25594		14948				
		25594		14948			
Mýrasýsla:							
Hvítársíðu	3795		1724		2071	»	55
Þverárhlíðar	2675		1152		1523	»	57
Norðurárdals	3572		2150		1422	»	38
Stafholtstungna	5695		2420		3275	»	57
Borgar	5932		5000		932	»	16
Borgarnes	1143		659		484	»	49
Álftanes	5341		3498		1843	»	35
Hraun	5866		4405		1461	»	38
	34019		21008				
		34019		21008			
Flyt		79506		56425	24409	1328	

Sauðfjártala vestan Þjórsár og Héraðsvatna árin 1936 og 1937 (frh.).

	Fjártala vorframtal 1936		Fjártala í árslok 1937		Fækkun hreppur	Fjölgun hreppur	Fækkun %
	hreppur	samtals	hreppur	samtals			
Flutt	»	79506	»	56425	24409	1328	»
Snæf.n.- og Hnappadalss.:							
Kolbeinsstaða	3887		3984		»	97	»
Eyja	2290		2429		»	139	»
Miklaholts	3138		3220		»	82	»
Staðarsveitar	3124		2960		164	»	5,4
Breiðuvíkur	2204		2138		66	»	3
Nes utan Ennis	1221		946		275	»	22
Ólafsvíkur	268		282		»	14	»
Fróðár	752		793		»	41	»
Eyrarsveit	2552		2511		41	»	1,6
Stykkishólms	515		477		38	»	7,5
Helgafellssveitar	3359		3413		»	54	»
Skógarstrandar	3680		3803		»	123	»
	26990	26990	26956	26956			
Dalasýsla:							
Hörðudals	2461		2000		461	»	19
Miðdala	3090		3559		531	»	13
Haukadals	2585		1750		835	»	32
Laxárdals	5226		4566		660	»	12,5
Hvamms	3272		2943		329	»	10
Fellsstrandar	2453		2341		112	»	4,7
Klofnings	1282		834		448	»	35
Skarðs	1367		1255		112	»	8
Saurbæjar	3403		3129		274	»	8
	26139	26139	22377	22377			
Barðastrandarsýsla, austur:							
Geiradals	1648		1556		92	»	5,5
Reykhóla	2854		3708		»	854	»
Gufudals	1883		2115		»	232	»
Múla	1747		1970		»	223	»
Flateyjar	1263		1286		»	23	»
	9395	9395	10635	10635			
Barðastrandarsýsla, vestur:							
Barðastrandar	3686		3869		»	183	»
Rauðasands	3462		3510		»	48	»
Patreks	329		374		»	45	»
Tálknafjarðar	1856		2006		»	150	»
Dala	2063		2200		»	137	»
Suðurfjarða	1890		1800		90	»	4,7
	13286	13286	13759	13759			
Flyt	»	155316	»	130152	28937	3773	»

Sauðfjártala vestan Þjórsár og Héraðsvatna árin 1936 og 1937 (frh.).

	Fjártala vorframtal 1936		Fjártala í árslok 1937		Fækkun	Fjölgun	Fækkun %
	hreppur	samtals	hreppur	samtals	hreppur	hreppur	
Flutt	»	155316	»	130152	28937	3773	»
Ísafjarðarsýsla:							
Auðkúlu	2237		2231		6	»	0,3
Þingeyrar	2959		2813		146	»	5
Mýra	2673		2638		35	»	1,3
Mosvalla	2143		2000		143	»	6,6
Flateyrar	735		758		»	23	»
Suðureyrar	1151		1253		»	102	»
Hóls	1497		1779		»	282	»
Eyrar	1036		1111		»	75	»
Súðavíkur	1713		2235		»	522	»
Ögur	2567		2532		35	»	1,4
Reykjarfjarðar	2976		3107		»	131	»
Nauteyrar	3748		3960		»	212	»
Snæfjalla	1052		1225		»	173	»
Grunnavíkur	2018		2330		»	312	»
Sléttu	578		2217		»	1639	»
	29083		32189				
		29083		32189			
Ísafjörður		515		519	»	4	»
Strandasýsla:							
Árnes	3445		3253		192	»	5,5
Kaldrananes	2587		2409		178	»	7
Hrófbergs	3166		3100		66	»	2
Kirkjubóls	2077		2012		65	»	3
Fells	1307		1287		20	»	1,6
Óspakseyrar	1665		1195		470	»	28
Bæjar	4720		3910		810	»	17
	18967		17166				
		18967		17166			
Vestur-Húnavatnssýsla:							
Staðar	2729		1205		1524	»	57
Fremri-Torfustaða	4429		1898		2531	»	58
Ytri-Torfustaða	5959		2285		3674	»	62
Kirkjuhvamms	5238		2915		2323	»	44
Þverár	4946		4075		871	»	18
Þorkelshóls	6373		3603		2770	»	43
	29674		15981				
		29674		15981			
Flyt	»	233555	»	196007	44796	7248	»

Sauðfjártala vestan Þjórsár og Héraðsvatna árin 1936 og 1937.

	Fjártala vorframtal 1936		Fjártala í árslok 1937		Fækkun	Fjölgun	Fækkun
	hreppur	samtals	hreppur	samtals	hreppur	hreppur	%
Flutt	»	233555	»	196007	44796	7248	»
Austur-Húnavatnssýsla:							
Ás	6157		3733		2424	»	39
Sveinsstaða	4374		3426		948	»	22
Torfalækjar	3537		2750		787	»	22
Blönduós	972		434		538	»	57
Svínavatns	5696		4420		1276	»	22
Þólstaðarhlíðar	5394		4894		500	»	9,4
Engihlíðar	3536		3272		264	»	7,6
Vindhælis	6669		7050		»	381	»
	36335		29979				
		36335		29979			
Skagafj.s. vestan Héraðsv.:							
Skefilsstaða	3162		3175		»	13	»
Skarðs	1545		1530		15	»	1
Sauðárkróks	1209		991		218	»	18
Staðar	2954		2680		274	»	9,4
Seilu	3847		3600		247	»	6,6
Lýtingsstaða	6379		6181		198	»	3,1
Rípur	1764		1812		»	48	»
	20860		19969				
		20860		19969			
Skagafj.s. austan Héraðsv.:							
Akra	5487		6280		»	793	»
Viðvíkur	1929		2118		»	189	»
Hóla	2526		2782		»	256	»
Hofs	4074		3798		276	»	6,8
Fells	1075		1244		»	169	»
Haganes	1490		1717		»	227	»
Holts	2039		2354		»	315	»
	18620		20293				
		18620		20293			
Árnessýsla:							
Gaulverjabæjar	3075		2850		225	»	7,2
Stokkseyrar	2173		1928		245	»	11,2
Eyrarbakka	1595		816		779	»	49
Sandvíkur	2262		1727		534	»	23,6
Hraungerðis	3116		3350		»	234	»
Villingaholts	3910		4069		»	159	»
Skeiða	4471		4570		»	99	»
Gnúpverja	6423		6020		403	»	6,3
Hrunamanna	7651		7500		151	»	2
Biskupstungna	10439		9969		470	»	4,5
Flyt	45115	309370	42799	266248	55569	10131	»

Sauðfjártala vestan Þjórsár og Héraðsvatna árin 1936 og 1937 (frh.).

	Fjártala vorframtal 1936		Fjártala í árslok 1937		Fækkun hreppur	Fjölgun hreppur	Fækkun %
	hreppur	samtals	hreppur	samtals			
Flutt	45115	309370	42799	266248	55569	10131	»
Laugardals	4455		3320		1135	»	25,5
Grímsnes	7603		5160		2443	»	32
Þingvalla	2420		1685		735	»	30,5
Grafnings	2438		2450		»	12	»
Ölfus	6109		5913		196	»	3,2
Selvogs	2543		2796		»	253	»
	70683		64123				
		70683		64123			
Samtals	»	380053	»	330371	60078	10396	»
Mismunur, fækkun	»	»	»	49682	»	49682	»
	»	380053	»	380053	60078	60078	»

Heildaryfirlit yfir sauðfjártölur vestan Þjórsár og Héraðsvatna 1936 og 1937 og fækkun á svæðinu.

	Fjártala 1936	Fjártala 1937	Fækkun í sýslum	Fjölgun í sýslum	Fækkun %
Reykjavík	1002	1500	»	498	»
Hafnarfjörður	1009	1007	2	»	»
Gullbringu- og Kjósarsýsla	17882	17962	»	80	»
Borgarfjarðarsýsla	25594	14948	10646	»	41,5
Mýrasýsla	34019	21008	13011	»	38,3
Snæfellsness- og Hnappadalssýsla	26990	26956	34	»	»
Dalasýsla	26139	22377	3762	»	14,5
Austur-Barðastrandarsýsla	9395	10635	»	1240	»
Vestur-Barðastrandarsýsla	13286	13759	»	473	»
Ísafjarðarsýsla	29083	32189	»	3106	»
Ísafjörður	515	519	»	4	»
Strandasýsla	18967	17166	1801	»	9,5
Vestur-Húnavatnssýsla	29674	15981	13693	»	46,1
Austur-Húnavatnssýsla	36335	29979	6356	»	17,5
Skagafjarðarsýsla vestan Héraðsvatna	20860	19969	891	»	4,3
Skagafjarðarsýsla austan Héraðsvatna	18620	20293	»	1673	»
Árnessýsla	70683	64123	6560	»	9,3
	380053	330371	56756	7074	»
Samanlagt	380053	330371	49682	»	13,1

Við skýrslur þessar er að athuga, að tala fjárins í fyrsta dálki er tekin eftir vorframtali 1936, nema í einstöku hreppum í Borgarfirði, þar sem leggja varð framtalið frá fardögum 1935 til grundvallar. Fjártalan 1937 er víðast hvar tekin samkvæmt talningu fóðurbirgðaeftirlitsmanna undir árslokin 1937. Það er kunnara en frá þurfi að segja, að vorframtal er yfirleitt öllu lægra heldur en hinn raunverulegi fjárfjöldi. Samkvæmt upplýsingum kunnugra manna mun framtalið að öllum jafnaði vera 10% of lágt. Hinsvegar mun aldrei hægt að ná í nákvæmari fjártölu heldur en við fóðurbirgðaskoðun. Verður því að telja fjárfjöldann í árslok nærri sanni. Þessar ástæður rugla heildarniðurstöðunni þannig, að fjárfækkunin er yfirleitt meiri heldur en skýrslan sýnir. Sumstaðar getur þetta numið allverulegu, einkum þar, sem fjárfækkun er lítil eftir skýrslunni að dæma. Og sumstaðar mun koma fram nokkur fjölgun, þar sem fækkun hefir átt sér stað, af því að fyrra framtalið var oft lágt. (Sbr. Reykjavík, Austur-Barðastrandarsýslu o. fl.).

Sé t. d. gert ráð fyrir, að framtalið í Strandasýslu sé 10% of lágt 1936, en sé nokkurnveginn rétt í árslok 1937, verður fækkunin 17,5%, en ekki 9,5% eins og skýrslan ber með sér.

Heildarfækkun fjárins á vesturhluta landsins yrði á sama hátt 21% í stað 13,1%.

Fjárfækkunin er mest í Vestur-Húnavatnssýslu, 46,1%, Borgarfjarðarsýslu 41,5% og í Mýrasýslu 38,3%. Þar á eftir eru Austur-Húnavatnssýsla með 17,5% og Dalasýsla með 14,5%.

Samkvæmt því, sem áður er sagt, mun fjárfækkun í Vestur-Húnavatnssýslu raunverulega vera um 50% og um 45% í Borgarfjarðarsýslu.

Í hreppum þeim, sem veikin hefir verið lengst, er fækkunin orðin frá 60—69%, eins og t. d. í Hálsa-, Reykholtsdals- og Andakílshreppi í Borgarfjarðarsýslu. Í Mýrasýslu er fækkunin í þrem hreppum upp undir 60% og í Vestur-Húnavatnssýslu er hún svipuð í þrem hreppum, Staðarhreppi 57%, Fremri-Torfustaðahreppi 58% og Ytri-Torfustaðahreppi 62%.

Af þessum níu hreppum úr þrem sýslum virðist mega draga þá ályktun, að fénu fækkar um ⅔ af völdum mæðiveikinnar. Hve mörgum af dauðsföllunum veikin eigi beinlínis sök á, verður eigi ráðið; má vera, að fækkunin sé örari sakir ótta manna við veikina. Hinsvegar er ekki víst, að veikin sé fyllilega um garð gengin í þessum sveitum.

Af skýrslunum má og ráða, að á þessu ári verði mjög veruleg fjárfækkun í ýmsum sveitum, eins og t. d. í flestum hreppum Austur-Húnavatnssýslu, Bæjarhreppi í Strandasýslu, Dalasýslu, Álftanes-, Hraun- og Borgarhreppi í Mýrasýslu, Strandar-, Skilmanna-, Akranes- og Skorradalshreppi í Borgarfjarðarsýslu, Laugardal og Grímsnesi og víðar.


Útbreiðsla
mæðiveikinnar
vorið 1937
Varnargirðingar 1937
Varðlínur 1937
Alsýkt svæði
Lítið sýkt
þar sem mæðiveiki
kom upp sumarið 1937


Útbreiðsla
mæliveikinnar
vorið 1938
Alsjúkt svæði
Grunað svæði

Nd. **484. Breytingartillögur**

við frv. til l. um varnir gegn útbreiðslu mæðiveikinnar og stuðning til bænda, er beðið hafa tjón af henni.

Flm.: Pétur Ottesen.

1. Á eftir II. kafla (26. gr.) frv. kemur nýr kafli með fjórtán nýjum greinum, svo hljóðandi (og breytist kafla- og greinatala á eftir samkvæmt því):

a. **III. KAFLI**
Um heimild til fjárskipta.

b. (27. gr.). Ráðherra er heimilt að láta fram fara fjárskipti til útrýmingar mæðiveikinni í þeim héruðum, er veikin hefir gert vart við sig og nokkur grunur er á um, að hún geti leynzt.
Fjárskipti koma því aðeins til framkvæmda:
1. að læknar rannsóknarstofu háskólans, sem hafa haft rannsóknir á veikinni með höndum, telji vonlítið, að meðul gegn veikinni finnist bráðlega.
2. að læknar rannsóknarstofunnar ásamt framkvæmdanefnd telji öruggt, að veikin sé stöðvuð við aðalvarðlínurnar.
3. að framkvæmdanefnd líti svo á, að fjárskipti séu líklegasta leiðin til þess að vinna bug á veikinni.

c. (28. gr.). Nú ákveður ráðherra, í samráði við framkvæmdanefnd, að fjárskipti skuli fram fara, og skal þá í reglugerð, er ráðherra setur, kveða á um, hvar og á hve löngum tíma fjárskiptin skuli framkvæmd.
Héruð þau eða héraðshlutar, sem fjárskipti eru framkvæmd í, skal einangra með girðingum og varðmönnum, svo að öruggt sé. Kostnaður við girðingar þær og vörzlu, sem hér um ræðir, greiðist á sama hátt og við aðalvarðlínur.

d. (29. gr.). Heimild sú, sem um ræðir í 27. gr., er þeim takmörkunum háð, að eigi má ákveða á árinu 1938 víðtækari fjárskipti en svo, að þau séu bundin við svæðið sunnan Skorradalsvatns að Hvalfirði, og þó því aðeins framkvæmd, að fjáreigendur á þessu svæði samþykki fjárskiptin með að minnsta kosti ¾ hlutum greiddra atkvæða.
Nú verður einhverra hluta vegna eigi hægt að framkvæma fjárskipti á þessu svæði, og er þá heimilt að láta fram fara með sömu skilyrðum fjárskipti á öðru svæði, þar sem um er að ræða svipaðan fjárfjölda eða minni, enda séu staðhættir eigi lakari til einangrunar sauðfjár.

e. (30. gr.). Nú ákveður ráðherra, að fjárskipti skuli fram fara, og eru þá allir fjáreigendur á því svæði skyldir að hafa lógað fé sínu fyrir þann dag, er framkvæmdanefnd ákveður.
Fjáreigandi, sem eigi hefir lógað öllu fé sínu fyrir hinn tilsetta tíma, skal sæta dagsektum, 50—100 kr., nema því valdi ástæður, sem hann á ekki sök á.
Neiti fjáreigandi að lóga fé sínu, er hreppstjóra skylt að láta lóga því á kostnað eiganda.

f. (31. gr.). Framkvæmdanefnd getur ákveðið, að fjallgöngur og réttir fari fyrr fram en fjallskilareglugerð mælir fyrir á því hausti og í þeim héruðum, er fjárskipti fara fram. Jafnframt er fjallskilastjórunum í þeim héruðum skylt að láta fara fram almennar fjárleitir eftir að sauðfjárslátrun er lokið. Fjárleitir þessar skal gera jafnt á afréttum og heimalöndum, og skulu þær ekki verr mannaðar en fyrstu göngur. Fjallskilum þessum skal jafna niður með öðrum fjallskilum. Nefndin getur fyrirskipað frekari eftirleitir, ef henni þykir ástæða til.

g. (32. gr.). Nú hafa bændur lógað öllu fé sínu, og er þeim þá heimilt að kaupa og flytja heim til sín líflömb úr héruðum, sem framkvæmdanefnd ákveður.

Fullorðnar kindur má ekki kaupa nema með samþykki nefndarinnar.

Lömb, sem keypt hafa verið, skulu höfð í gæzlu þar til þau eru tekin á hús og hey.

h. (33. gr.). Fjáreigendur utan aðalvarnarlínanna eru skyldir til að selja öll sín gimbrarlömb til lífs til þeirra fjáreigenda, sem verða að lóga öllu fé sínu, ef krafa kemur fram um það frá framkvæmdanefnd.

Nefndin skal gera sýslumönnum aðvart áður en slátrun hefst, ef kaupa á líflömb úr þeim sýslum, og skal þá fresta slátrun gimbrarlamba unz kaup hafa farið fram.

i. (34. gr.). Kjötverðlagsnefnd skal reikna út og ákveða verð dilka eftir lifandi þunga, miðað við kjöt- og gæruverðlag þess árs. Skulu fjáreigendur skyldir að selja bændum úr mæðiveikihéruðunum líflömb fyrir það verð.

Nú reynist verð sláturlamba hærra en kjötverðlagsnefnd hafði ákveðið, og skal þá greiða fjáreigendum uppbót á líflömbin samkvæmt tillögum kjötverðlagsnefndar. Uppbætur þessar greiðast af ríkissjóðsstyrk viðkomandi bænda samkv. 39. gr. laga þessara.

j. (35. gr.). Bændur, sem lóga fé sínu vegna fjárskipta, fá styrk úr ríkissjóði til kaupa á líflömbum. Styrkurinn miðast við tölu keyptra líflamba og veitist aldrei á fleiri lömb en svarar ærtölu fjáreiganda við síðasta skattframtal áður en veikin gerði vart við sig.

Styrkur á keypt líflömb greiðist þannig:

Á líflömb allt að 50% af ærtölu kaupanda greiðast kr. 8.00 á hvert lamb, og kr. 5.00 á hvert lamb á næstu 50%.

Þó skal styrkurinn á fyrri helming líflambanna lækka, ef meðalverð lækkar frá því, sem nú er, þannig að hann nemi aldrei meiru en helmingi kaupverðs. Lækkar þá styrkur á síðari helming líflamba að sama skapi.

Ríkissjóður greiðir flutning líflamba á sjó og á bifreiðum, þar sem ekki verður hjá komizt að flytja lömbin yfir sýkt héruð að dómi framkvæmdanefndar. Annan kostnað greiði kaupendur. Styrkur til líflambakaupa greiðist aðeins haustið, sem fjárskipti fara fram, og næsta haust á eftir.

k. (36. gr.). Trúnaðarmenn framkvæmdanefndar skulu hafa eftirlit með flutningi líflamba yfir sýkt héruð. Þeir skulu einnig fullvissa sig um tölu líflamba, sem flutt eru inn í héraðið, og bókfæra lambatölu hvers kaupanda.

Bændur eða umboðsmenn þeirra, er kaupa líflömb, eru skyldir til þess að auðkenna hvert lamb um leið og það er vigtað með áframhaldandi tölumerki, er sé „tattoverað" innan á vinstra eyra; þyngd og merki hvers lambs skal jafnframt bókfæra. Líflömb, sem flutt eru inn í hérað til fjárskipta, skulu trúnaðarmenn auðkenna með merki, sem nefndin ákveður, um leið og féð er talið og því er skipt milli kaupenda. Öllum öðrum en trúnaðarmönnum er óheimilt að nota slíkt merki. Vanræki einhver að láta trúnaðarmann merkja lömb sín, skal lömbunum lógað og eigandi sæta sektum.

l. (37. gr.). Nú hafa sýktar eða grunaðar kindur komizt saman við líflömb, og skal þá eigandi lambanna eða sá, er verður þeirra fyrstur var, þegar í stað gera næsta hreppstjóra eða trúnaðarmanni aðvart. Ber þeim að bregða samstundis við og einangra féð, en öllu fénu skal lóga hið fyrsta. Eiganda skulu greiddar fullar bætur fyrir fjármissi og óþægindi.

m. (38. gr.). Veturinn eftir að fjárskipti hafa farið fram skal framkvæmdanefnd kveðja til þá menn, er hún treystir bezt til þess að rannsaka fé bænda og framkvæma leit á heimilum á því svæði, svo að ugglaust megi telja, að hvergi sé sýktu eða grunuðu fé leynt.

Nú kemur í ljós, að fé hafi verið haldið á laun, og skal það þá tekið ásamt öllu fé, sem það hefir komið saman við, og lógað á kostnað þess, er

leyndi, Sá, sem leynir fé, skal sæta fangelsi. Verði brot þess, er leyndi, orsök þess, að lóga verður fé annara manna, skal hann skyldur að bæta þeim tjón þeirra og óþægindi, er af því hlýzt.

n. (39. gr.). Nú hafa bændur lógað fé sínu og fjárskipti farið fram, og skal þá greiða þeim úr ríkissjóði næsta haust kr. 6.50 á hverja á, sem þeir áttu samkvæmt síðasta skattaframtali áður en veikin barst í fé þeirra eða fjárskipti fóru fram, enda fái þeir ekki annan styrk úr ríkissjóði á því ári vegna mæðiveikinnar. Þessi styrkur er og lokastyrkur og greiðist ekki bændum þeim, er þá hafa brugðið búi.

o. (40. gr.). Framkvæmdanefnd er heimilt að láta búlausa fjáreigendur, þar með taldir tómthúsmenn, í mæðiveikihéruðunum njóta sama styrks og bændur, hafi þeir átt að minnsta kosti yfir 5 ær við síðasta skattframtal áður en veikin kom í fé þeirra.

2. Við fyrirsögn frv. bætist: og heimild til fjárskipta.

Sþ. 485. Breytingartillögur

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1939 og við brtt. á þskj. 400, 425 og 460.

I. Frá *fjárveitinganefnd.*

1. Við 13. gr. A. II. a. (Þjóðvegir).
   Allir töluliðirnar lækka um 10%, og tekur sama lækkun einnig til þeirra vega á þessum lið (A. II. a.), er breytt kann að verða framlagi til eða við kann að verða bætt við atkvgr.
2. Við 13. gr. A. II. a. 16 (Núpsvegur).
   Fyrir „3000" kemur 1500
3. Við 13. gr. A. II. a. 18 (Hjarðardalsvegur).
   Fyrir „2000" kemur 3500
4. Við 13. gr. A. II. a. 38 (Siglufjarðarskarð).
   Liðurinn fellur niður.
5. Við 13. gr. A. II. a. 40 (Öxnadalsvegur).
   Liðurinn fellur niður.
6. Við 13. gr. A. II. c. 3.—9.
   Liðirnir lækka um 10%, og tekur lækkunin einnig til tölulíða, er bætt kann að verða við þennan staflið (A. II. c.).
7. Við 13. gr. A. II. c. 9. Nýir liðir:
   1. Til Siglufjarðarskarðs 17500
   2. Til Öxnadalsvegar 6300

II. Frá *Jóhanni Jósefssyni* og *Eiriki Einarssyni.*
Við 13. gr. B. II. 2 (Flóabátaferðir).
Framlagið hækki um 2000 kr. frá því, sem samvinnunefnd samgöngumála leggur til.
[Hækkunin ætluð Ingibergi Gíslasyni, til reglubundinna vélbátaferða til vöruflutninga milli Vestmannaeyja og Stokkseyrar.]

III. Frá *Gísla Sveinssyni.*
Við brtt. 425, 15. (Nýr liður við 13. gr. C. X. 2. Brimbátur í Vík).
Við till. bætist:
Til vara: Þriðjungur stofnkostnaðar 2000

IV. Frá *Ólafi Thors.*
Við brtt. 400, 41, 6 (við 14. gr. B. XXIII. Íþróttaskólinn á Álafossi).
Fyrir „500“ kemur 1500

V. Frá *fjárveitinganefnd.*
1. Við 15. gr. 1. g. Nýr liður:
Til Finns Sigmundssonar, til að gera skrá um efni íslenzkra blaða og handrita, enda sé skráin eign Landsbókasafnsins 800
2. Við 16. gr. 41. Nýr liður:
Til Páls Þorsteinssonar, Steindórsstöðum 300
Brtt. 400, 56. f. jafnframt tekin aftur.
3. Við 16. gr. 70 (Mæðiveikin).
Liðurinn orðist svo:
Kostnaður vegna mæðiveikinnar:

A. Til varnar útbreiðslu veikinnar:			
1. Verðir	108000		
2. Girðingar	90000		
3. Annar kostnaður	70000		
4. Kostnaður við rannsóknir	50000	318000	
Frá dregst:			
a. Frá bjargráðasjóði	48000		
b. Frá héruðum	54000	102000	
			216000
B. Til stuðnings bændum á mæðiveikisvæðinu:			
1. Til að styrkja bændur		380000	
2. Nefndarkostnaður		5000	
			385000

VI. Frá *Jóhanni Jósefssyni.*
Við 16. gr. 72. Nýr liður:
Til Guðmundar Hávarðssonar, upp í halla, er hann beið við flutning símastaura í landsþarfir, vegna atvika, er hann átti ekki sök á 500

VII. Frá *Sigurði E. Hlíðar.*
Við brtt. 400, 75 (við 17. gr. 6.—7. Barnaheimili og barnavernd).
a. Fyrir „14000“ kemur 15000
b. Við liðinn kemur aths.:
Þar af til sumarheimilis barna á Akureyri 1000 kr.

VIII. Frá *fjárveitinganefnd.*
1. Við brtt. 400, 86. a. (við 18. gr. II. e. 19. Rigmor Ófeigsson).
Við liðinn bætist: og 100 kr. með barni hennar til 16 ára aldurs.
2. Við 18. gr. II. i. 22. Nýr liður:
Guðmundur Gissurarson fyrrv. fiskimatsmaður 400

IX. Frá *Pétri Ottesen* og *Bjarna Ásgeirssyni.*
Við 22. gr. XII. Nýr liður:
Að láta gera annað tveggja, eftir því hvort hagkvæmara þykir að undangenginni rannsókn, að reisa rafmagnsstöð við Andakílsárfossa og leiða þaðan rafmagn til Akraness og Borgarness og nágrennis, eða flytja rafmagn til þessara staða frá Sogsvirkjuninni, og taka lán til þeirra framkvæmda.

X. Frá *Bjarna Ásgeirssyni.*
Við brtt. 460, VIII. (Nýr liður við 22. gr. XIII. Útsæðiskartöflur).
Síðari málslið skal orða svo:
Endurgreiðsla þessi fari fram á vegum grænmetisverzlunarinnar og samkvæmt skýrslum hennar um útsæðiskaup.

Ed. 486. Breytingartillaga

við frv. til l. um skattgreiðslu útgerðarfyrirtækja íslenzkra botnvörpuskipa.

Frá fjárhagsnefnd.

Við 2. gr. Greinin orðist svo:
Bæjarstjórnum og sveitarstjórnum er heimilt að undanþiggja sömu fyrirtæki útsvari á sama tíma.

Ed. 487. Frumvarp til laga

um eftirlit með skipum.

(Eftir 3. umr. í Nd.).

Samhljóða þskj. 126 með þessum breytingum:

6. gr. hljóðar svo:
Eftirlit með öryggi skipa er undir yfirstjórn atvinnumálaráðuneytisins. Ráðuneytið skipar skipaskoðunarstjóra til að annast framkvæmd þessara mála, og skal honum fengin nauðsynleg aðstoð við starfið. Hefir hann á hendi eftirlit með öllum skipaskoðunarmálum, rannsakar skoðunarskýrslur skipaskoðunarmanna og fer eftirlitsferðir um landið, til að líta eftir framkvæmd laganna.
Skipaskoðunarstjóri má engin launuð aukastörf hafa á hendi nema með leyfi ráðherra.
Laun skipaskoðunarstjóra og aðstoðarmanns séu ákveðin af ráðherra, þar til launalög eru sett. Skrifstofukostnaður og annar kostnaður vegna aðstoðar og eftirlitsferða skal ákveðinn í fjárlögum.

15. gr. hljóðar svo:
Almenn aukaskoðun skal gerð einu sinni á ári á skipum þeim, er ræðir um í 11. gr. c) í lögum þessum, það ár, sem aðalskoðun fer ekki fram á þeim.

37. gr. hljóðar svo:
Nú vanrækir skipstjóri að láta gera skoðun á skipi, er skylt var að gera samkvæmt lögum þessum, og varðar það hann sektum frá 50 kr. allt að 5000 kr. Sömu refsingu sætir skipseigandi eða útgerðarmaður, eigi þeir sök á vanrækslunni.
Önnur brot gegn lögum þessum, eða gegn tilskipunum eða reglugerðum, sem settar eru samkvæmt þeim, varða sektum, allt að 5000 kr., nema þyngri hegning liggi við að lögum.

Nd.

488. Nefndarálit

um frv. til laga um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að taka lán.

Frá meiri hl. fjárhagsnefndar.

Samkomulag náðist ekki um afgreiðslu málsins. Meiri hl. nefndarinnar vill samþykkja frv. óbreytt, en tveir nefndarmanna (ÓTh og StSt) töldu sig ekki geta fylgt frv. Mun ÓTh gefa úr sérstakt nefndarálit um frumvarpið.

Meiri hluti fjárhagsnefndar telur, að mörg og mikil rök hnígi að því að veita ríkisstjórninni heimild til gjaldeyrislántöku, eins og gert er með frv. því, sem hér liggur fyrir. Skal drepið á nokkur þau helztu.

Um það verður ekki deilt, að saltfisksframleiðslan hefir borið uppi utanríkisverzlun þjóðarinnar undanfarna áratugi, enda þótt sú framleiðsla hafi þrátt fyrir það ekki brauðfætt flesta landsmenn. Árin 1924—27 var fluttur út saltfiskur fyrir 41 millj. kr. á ári að meðaltali, árin 1928—31 fyrir 39.2 milljónir að meðaltali, árin 1932—34 fyrir 27.4 millj. að meðaltali, en 1935—37, eftir að Spánarmarkaðurinn lokaðist, hefir saltfiskur verið fluttur út fyrir einar 17 milljónir króna að meðaltali. Þessi gífurlega lækkun á rætur sínar að rekja til þeirrar lokunar á mörkuðum fyrir saltfisk, sem átt hefir sér stað að meira eða minna leyti undanfarin ár, og þá einnig til þess, að á sama tíma hefir fiskaflinn verið minni hér við land en nokkru sinni áður, síðan farið var að halda aflaskýrslur. Hefir þetta aflaleysi verið svo tilfinnanlegt, að ekki hefir veiðzt eins mikill fiskur og hægt hefði verið að selja, þótt Spánarmarkaðurinn væri svo að segja með öllu lokaður.

Að sjálfsögðu hefir lokun markaðanna átt sinn stóra þátt í því, hve aflinn hefir verið lítill, þar sem verðlag á fiskinum hefir farið lækkandi sökum samkeppni annara þjóða á hinum þröngu mörkuðum, og sú verðlækkun þá aftur orðið til þess, að togaraflotinn hefir ekki verið gerður út nema þann tíma, sem aflavonin hefir verið mest.

Á hinum allra síðustu árum hefir síldveiðunum fleygt mjög fram og vegið að nokkru upp á móti lækkun á útflutningsverðmæti saltfisksins, en þó ekkert í áttina til þess að bæta að fullu hið geysimikla tjón þjóðarinnar í heild vegna hruns saltfisksveiðanna. Veldur því hvorttveggja, að útflutningsandvirði síldarafurða hefir hvergi nærri vegið upp að krónutali lækkun saltfisksútflutningsins, en þó alveg sérstaklega hitt, að síldveiðunum hefir fylgt sá gífurlegi kostnaður, þar sem þurft hefir á þessum þremur árum að verja mjög stórum fjárhæðum til að búa hinn stóraukna síldveiðiflota á veiðar og til þess að endurbæta eldri verksmiðjur og byggja nýjar.

Því var almennt trúað um það leyti, sem fyrstu fréttirnar bárust um takmörkun Spánarmarkaðarins, að það væri gersamlega óhugsandi fyrir íslenzku þjóðina að vera án þessa markaðar að miklu eða öllu leyti. Var ekki farið dult með það, að ef slíkt kæmi fyrir, hlytu af því að leiða vanskil íslenzku þjóðarinnar í stórum stíl og vöntun nauðsynja í landinu. Hinsvegar verður það að segjast, að lítið hefir orðið vart þessarar skoðunar upp á síðkastið hjá vissum hluta Alþingis og þjóðarinnar, þar sem það er nú notað til árása á ríkjandi fjármálastjórn, að ekki skuli vera lækkaðar skuldir þjóðarinnar við útlönd um margar milljónir króna árlega.

Þrátt fyrir þetta hrun saltfisksframleiðslunnar og þá erfiðleika, sem það hefir skapað í utanríkisverzluninni, hefir tekizt á undanförnum árum að bæta verzlunarjöfnuðinn við útlönd mjög verulega frá því, sem áður var, eða meira en um helming frá því, sem var næstu 10 árin áður en farið var að loka saltfisksmörkuðunum. Og síðastliðið ár var verzlunarjöfnuðurinn fullum 11 milljónum króna hagstæðari en 1934, síðasta árið, sem við nutum okkar eldri markaða með litlum takmörkunum.

Þessu hefir verið komið til leiðar með tvennu móti:

1) Með því að beita innflutningshöftunum til hins ýtrasta. Við framkvæmd þeirra hefir valdið mestum erfiðleikum stóraukinn innflutningur byggingarefnis,

véla, útgerðarvarnings og annara nauðsynja í sambandi við breytta atvinnuhætti þjóðarinnar.

2) Með því að styrkja atvinnuvegina; landbúnaðinn með hækkun afurðaverðsins með stuðningi löggjafar, með afnámi útflutningsgjalds, auknum styrkjum til byggingarframkvæmda og stórfelldum framlögum í sambandi við sauðfjárpestina; sjávarútveginn með skuldaskilum smáútvegsmanna, afnámi útflutningsgjalds af sjávarafurðum, lækkun aðflutningsgjalda, og síðast en ekki sízt með því að verja stórfé úr ríkissjóði til þess að styrkja ýmiskonar nýmæli í sjávarútveginum, sem hafa aukið nokkuð útflutninginn.

Þrátt fyrir þessar ástæður er það staðreynd, sem margoft hefir verið gerð grein fyrir, að við eigum nú við mjög mikla gjaldeyriserfiðleika að stríða. Fljótt á litið kann mönnum að finnast þær staðreyndir koma illa heim við stórlega bættan verzlunarjöfnuð frá því, sem áður var, en orsökin er blátt áfram sú, að gjaldeyriserfiðleikar okkar stafa af því, að á sama tíma, sem útflutningurinn hefir gengið saman, eins og lýst hefir verið, þá hefir innflutningur lánsfjár verið stórkostlega minnkaður frá því, sem áður var, svo sem ýtarlega er gerð grein fyrir í greinargerð frv. Nokkrar tölur sýna þetta bezt: Árin 1925—34 jukust erlendar skuldir þjóðarinnar, samkvæmt skýrslu hagstofunnar, úr 39.5 millj. kr. og upp í 83.5 millj. kr., eða um 44 milljónir króna, en síðustu 3 árin hafa skuldirnar verið þessar, samkvæmt upplýsingum hagstofunnar: Í árslok 1934 83.7 millj. kr., í árslok 1935 91.3 millj. kr. og í árslok 1936 90.3 millj. kr., eða m. ö. o., samkvæmt þessum upplýsingum hafa skuldir þjóðarinnar í heild sinni á síðustu þremur árunum hækkað sem svarar Sogsláninu einu saman.

Þótt tekizt hafi að bæta verzlunarjöfnuðinn, þá hefir ekki tekizt að vega upp verzlunarhalla áranna 1934—35, og á síðastl. ári bættist við þann halla, ekki vegna þess, að verzlunarjöfnuðurinn væri óhagstæður, heldur vegna hins, að allveruleg upphæð af andvirði útflutningsins greiddist ekki heim á árinu. Þess vegna liggja nú í bönkum landsins ógreiddar verzlunarkröfur meiri en áður, og verður óhjákvæmilega að taka tillit til þess þegar horfurnar í þessu máli eru metnar.

Útlitið verður að teljast mjög iskyggilegt, þar sem fyrir liggur, að vetrarvertíðin hefir gersamlega brugðizt í þriðja sinn og verð á síldarafurðum hefir lækkað mjög tilfinnanlega síðan í fyrra og að sauðfjárveikin breiðist æ meira og meira út um sauðfjársveitir landsins. Það verður því að teljast sjálfsögð skylda Alþingis að horfast í augu við þessar staðreyndir og taka afleiðingunum af því með því að heimila ríkisstjórninni að leitast fyrir um lántöku, allt að 5 milljónum króna á þessu ári og 3.5 millj. kr. árlega síðan í tvö ár, ef ástæða þætti til, til þess að greiða með verulegan hluta af föstum afborgunum erlendra lána, ekki aðeins ríkissjóðs, heldur einnig banka og bæjar- og sveitarfélaga. Þar eð afborganir og vextir af skuldum þessara stofnana ganga nú mjög fyrir um yfirfærslur, myndi sérstök lántaka til greiðslu þeirra létta mjög fyrir um yfirfærslur til annara þarfa landsmanna, svo sem til ýmissar kaupsýslu fyrir nauðsynjavörum, hráefni til iðnaðar o. þ. h. Það skal þá einnig skýrt tekið fram, að lán þetta verður ekki til þess að hækka heildarskuldir þjóðarinnar, þar sem því er öllu varið til þess að borga niður eldri skuldir.

Samkvæmt því, sem fram hefir verið tekið hér að framan, mælir meiri hluti fjárhagsnefndar með því, að frv. verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 7. maí 1938.

Sveinbjörn Högnason, form.	Finnur Jónsson, fundaskr.	Steingr. Steinþórsson, frsm.

Nd. 489. Breytingartillaga

við frv. til l. um skrifstofufé sýslumanna og bæjarfógeta o. fl.

Frá Thor Thors.

Í stað „4800“ í 3. tölul. 1. gr. komi: 5000.

Nd. 490. Breytingartillaga

við frv. til laga um rekstrarlánafélög.

Frá Bergi Jónssyni.

Við 10. gr. Greinin falli burt.
Greinatalan breytist samkvæmt því.

Ed. 491. Frumvarp til laga

um bráðabirgðatekjuöflun fyrir Hafnarfjarðarkaupstað.

(Eftir 2. umr. í Ed.).

1. gr.

Bæjarstjórn Hafnarfjarðar heimilast að leggja sérstakt gjald á alla mannflutninga milli Hafnarfjarðar og Reykjavíkur, sem sérleyfi er veitt til, og má gjaldið nema allt að 50% af sjálfu fargjaldinu. Gjald þetta rennur í bæjarsjóð Hafnarfjarðar.

2. gr.

Sérleyfishafar annast innheimtu gjalds þessa með fargjaldinu, enda sé hverjum farþega afhentur farseðill með tilgreindri heildarupphæð. Farseðlarnir skulu gefnir út af bæjarstjórn Hafnarfjarðar, sem tekur á móti gjaldinu um leið og farseðlar eru afhentir, þó ekki sjaldnar en mánaðarlega.

3. gr.

Sérleyfishafar eru ábyrgir fyrir greiðslu gjaldsins. Þeim er óheimilt að flytja nokkurn mann þessa leið án þess að afhenda honum farseðil með tilgreindu fargjaldi.

4. gr.

Brot á lögum þessum varða sektum frá 100—1000 kr.

5. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað og gilda til ársloka 1942.

Nd. 492. Breytingartillaga

við frv. til laga um breyting á lögum nr. 71 28. nóv. 1919, um laun embættismanna.

Frá Einari Olgeirssyni og Ísleifi Högnasyni.

Við 2. gr. Greinin falli burt.

Ed. 493. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 71 28. nóv. 1919, um laun embættismanna.

(Eftir 3. umr. í Nd.).

1. gr.

Aftan við 2. málsgr. 12. gr. laganna komi ný málsgr., svo hljóðandi:

Við veitingu læknishéraða, sem í eru færri en eitt þúsund íbúar aðrir en þeir, sem eiga jafnframt rétt til læknisvitjunar í önnur héruð, er ráðherra heimilt að ákveða, að launin skuli þegar frá upphafi greiðast með fullri aldursuppbót.

2. gr.

Á eftir 2. málsgr. 22. gr. sömu laga komi ný málsgr., svo hljóðandi:

Við veitingu prestakalla er ráðherra heimilt að ákveða, að launin skuli þegar frá upphafi greiðast með fullri aldursuppbót, enda séu athugaðir, í samráði við hlutaðeigandi söfnuði, möguleikar fyrir samsteypum prestakalla, er spari ríkissjóði álíka upphæð og um er að ræða til aukinna útgjalda með ákvæði þessu.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

Sþ. 494. Breytingartillögur

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1939.

I. Frá *Thor Thors.*

1. Við 13. gr. A. II. a. 5. Nýr liður:
   Ólafsvíkurvegur 3000
2. Við 13. gr. C. IX. 6. Nýr liður:
   Til Arnarstapa 1500

II. Frá *Árna Jónssyni.*

Við 15. gr. 41. Nýr liður:
Til Guðfinnu Þorsteinsdóttur (Erlu) 500
Brtt. 425, XXXI. er jafnframt tekin aftur.

Ed. 495. Breytingartillaga

við frv. til l. um bráðabirgðatekjuöflun fyrir Hafnarfjarðarkaupstað.

Frá fjárhagsnefnd.

Við 1. gr. Upphaf greinarinnar orðist svo:

Meðan bæjarstjórn Hafnarfjarðar undanþiggur útgerðarfyrirtæki botnvörpuskipa útsvari, heimilast henni að leggja sérstakt gjald o. s. frv.

Sþ. 496. Lög

um byggingar- og landnámssjóð.

(Afgreidd frá Sþ. 7. maí).

Samhljóða þskj. 372 (sbr. 211).

Ed. 497. Breytingartillaga

við brtt. á þskj. 486 [Skattgreiðsla útgerðarfyrirtækja].

Frá Jóhanni Jósefssyni.

Brtt. skal orða svo:

Bæjarstjórnum og sveitarstjórnum er heimilt að undanþiggja þau fyrirtæki, sem um ræðir í 1. málsgr. 1. gr., útsvari á sama tíma.

Ed. 498. Nefndarálit

um frv. til l. um lífeyrissjóð ljósmæðra.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin hefir athugað þetta frv. og einnig fengið um það umsögn tryggingarstofnunar ríkisins. Leggur nefndin til, að frv. verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGUM.

1. Við 1. gr. Í stað „10000 kr.“ komi: 15000 kr.
2. Við 8. gr. Niðurlag greinarinnar orðist svo:
   Þær fyrrverandi ljósmæður, sem nú fá sérstaklega veitt eftirlaun samkvæmt ákvæðum í fjárlögum eða samkvæmt ákvæðum ljósmæðralaga, fá árlega sömu eftirlaun greidd úr sjóðnum sem þær hafa nú, og þó ekki hærri upphæð en þeim bæri samkv. 10.—13. gr., miðað við núverandi launakjör ljósmæðra.
3. Við 18. gr. Aftan við greinina bætist: Jafnframt því, sem lög þessi öðlast gildi, fellur úr gildi 5. gr. ljósmæðralaga, nr. 17 19. júní 1933.

Alþingi, 7. maí 1938.

Bernh. Stefánsson, form.	Erl. Þorsteinsson, fundaskr., frsm.	Magnús Jónsson.

Ed. 499. Nefndarálit

um frv. til l. um heimild til að lækka aðflutningsgjöld á nokkrum vörum.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin hefir kynnt sér ástæðurnar til þess, að frv. þetta er borið fram, og leggur til, að það verði samþ. óbreytt.

Alþingi, 7. maí 1938.

Bernh. Stefánsson, form., frsm.	Erl. Þorsteinsson, fundaskr.	Magnús Jónsson.

Sþ. 500. Breytingartillögur

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1939 og við brtt. á þskj. 400.

I. Frá *fjárveitinganefnd.*
Við 16. gr. 5. a. (Jarðabótastyrkur).
Fyrir „620000“ kemur 580000

II. Frá *Thor Thors.*
1. Við brtt. 400, 109. (Nýr liður við 18. gr. II. i. 43. Jón á Munaðarhóli).
Fyrir „200“ kemur 400
2. Við brtt. 400, 112. (Nýr liður við 18. gr. II. i. 58. Magnús Magnússon).
Fyrir „200“ kemur 400

Ed. 501. Nefndarálit

um frv. til l. um laun hreppstjóra og aukatekjur m. fl.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin mælir með því, að frv. verði samþ. óbreytt.

Alþingi, 7. maí 1938.

Bernh. Stefánsson, form., frsm. — Erl. Þorsteinsson, fundaskr. — Magnús Jónsson.

Ed. 502. Nefndarálit

um frv. til l. um samþykkt á ríkisreikningnum fyrir árið 1936.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin hefir athugað frv. og mælir með því, að það verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 7. maí 1938.

Bernh. Stefánsson, form. — Erl. Þorsteinsson, fundaskr. — Magnús Jónsson, frsm.

Ed. 503. Breytingartillögur

við brtt. á þskj. 469 [Atvinna við siglingar].

Frá Sigurjóni Á. Ólafssyni og Erlendi Þorsteinssyni.

1. Við 1. Till. orðist svo:
Aftan við 49. gr. laganna komi ný málsgr., svo hljóðandi:
Undanþegnir ákvæðum 1. málsgr. þessarar greinar eru vélbátar undir 25

smálestum, er stunda fiskveiðar með lóð eða netum og koma daglega að landi með afla sinn óaðgerðan, og viðgerð veiðarfæra og beiting lóða fer fram í landi.
2. Við 3. Í stað „800 hestafla“ komi: 650 hestafla.
3. Við 4. Síðari málsl. í meginmáli till. orðist svo: Undirvélstjóri má gegna öðrum störfum á skipinu, þó ekki skipstjóra- eða stýrimannsstöðu á skipi yfir 25 smálestir.

Sþ. **504. Breytingartillaga**

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1939.

Frá Eiríki Einarssyni.

Við 22. gr. XII. Nýr liður:
Að koma því til vegar, að flutt verði rafmagn frá Sogsvirkjuninni til Selfoss, Eyrarbakka og Stokkseyrar og taka nauðsynlegt lán til þeirra framkvæmda.

Ed. **505. Tillaga til þingsályktunar**

um undirbúning stofnunar uppeldisheimilis fyrir vangæf börn og unglinga.

Frá allsherjarnefnd.

Efri deild Alþingis ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta rannsaka, hvar vænlegast sé að stofna uppeldisheimili fyrir vangæf börn og unglinga, og gera áætlun um stofnkostnað slíks heimilis, og sé rannsókn lokið fyrir næsta Alþingi.

Greinargerð.

Allsherjarnefnd hefir haft til meðferðar frumvarp um uppeldisheimili fyrir vangæf börn og unglinga, flutt af hv. 2. landsk. þm. Eru nefndarmenn allir hlynntir þeirri hugmynd, sem í frv. felst. Hinsvegar þykir sýnt, að ekki geti orðið úr framkvæmdum eins skjótt og gert er ráð fyrir í frv. Er því farið fram á, að ríkisstjórnin rannsaki og undirbúi málið fram að næsta Alþingi..

Nefndin vill sérstaklega benda á eftirfarandi atriði, sem talin eru rannsóknarefni:
1. Hvort ekki séu vel hýstar jarðir fáanlegar til kaups í þessu skyni.
2. Hvort einstaklingar, t. d. kennarar í sveit, vildu takast á hendur stjórn slíks heimilis.
3. Hvort eigi skuli varið nokkru af því fé, sem væntanlega verður veitt til barnaverndar, til styrktar efnilegum manni, til þess að kynna sér starfsemi uppeldisheimila erlendis, til undirbúnings forstjórastarfi við væntanlega uppeldisstofnun hér á landi, og sé athugunum lokið svo snemma, að hægt sé að ganga frá löggjöf um málið á næsta Alþingi.
4. Athuguð séu skilyrði fyrir samstarfi bæjar- og sveitarfélaga og ríkis um stofnun og rekstur uppeldisheimilis.

Ed. 506. Nefndarálit

um frv. til l. um að flytja fé ellistyrktarsjóða sveitar- og bæjarfélaga úr aðaldeild söfnunarsjóðs í útborgunardeild hans.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin mælir með frv. óbreyttu.

Alþingi, 9. maí 1938.

Sigurjón Á. Ólafsson, form. Ingvar Pálmason, fundaskr. Páll Hermannsson, frsm.
Árni Jónsson. Magnús Jónsson.

Ed. 507. Nefndarálit

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 81 23. júní 1936, um sveitarstjórnarkosningar.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin mælir með frv. óbreyttu.

Alþingi, 9. maí 1938.

Sigurjón Á. Ólafsson, form. Ingvar Pálmason, fundaskr. Árni Jónsson, frsm.
Páll Hermannsson. Magnús Jónsson.

Ed. 508. Breytingartillaga

við brtt. á þskj. 486 [Skattgreiðsla útgerðarfyrirtækja].

Frá Magnúsi Jónssyni

Við texta breytingartillögunnar bætist: Verði heimild þessi ekki notuð, má þó ekki leggja hærra útsvar á þau en sömu fyrirtæki báru árið 1938.

Sþ. 509. Nefndarálit

um frv. til fjáraukalaga fyrir árið 1937.

Frá fjárveitinganefnd.

Nefndin leggur til, að frv. þetta verði samþ. óbreytt. Einn nefndarmanna (JakM) var ekki viðstaddur afgreiðslu málsins og skrifar því ekki undir nál.

Alþingi, 9. maí 1938.

Bjarni Bjarnason, form. Ásg. Ásgeirsson, fundaskr. Bernh. Stefánsson, frsm.
Helgi Jónasson. Þorst. Þorsteinsson. Jón Pálmason.
Þorbergur Þorleifsson. Pétur Ottesen.

Ed. 510. Lög

um breyting á lögum nr. 46 19. maí 1930, um fiskveiðasjóð Íslands.

(Afgreidd frá Ed. 9. maí).

Samhljóða þskj. 436.

Nd. 511. Frumvarp til laga

um skrifstofufé sýslumanna og bæjarfógeta o. fl.

(Eftir 2. umr. í Nd.)

1. gr.

Árin 1938—1942, að báðum meðtöldum, greiðir ríkissjóður sýslumönnum og bæjarfógetum árlega skrifstofufé, þar með talin borgun fyrir söfnun innflutningsskýrslna, eins og hér segir:

1)	Í Gullbringu- og Kjósarsýslu og Hafnarfirði	kr.	20700
2)	- Mýra- og Borgarfjarðarsýslu	—	4500
3)	- Snæfellsnes- og Hnappadalssýslu	—	4800
4)	- Dalasýslu	—	1800
5)	- Barðastrandarsýslu	—	5400
6)	- Ísafjarðarsýslu og Ísafjarðarkaupstað	—	19000
7)	- Strandasýslu	—	3300
8)	- Húnavatnssýslu	—	5000
9)	- Skagafjarðarsýslu	—	5000
10)	- Siglufjarðarkaupstað	—	14000
11)	- Eyjafjarðarsýslu og Akureyrarkaupstað	—	19200
12)	- Þingeyjarsýslu	—	6000
13)	- Norður-Múlasýslu og Seyðisfjarðarkaupstað	—	7500
14)	- Neskaupstað	—	2500
15)	- Suður-Múlasýslu	—	8500
16)	- Skaftafellssýslu	—	4000
17)	- Vestmannaeyjakaupstað	—	13400
18)	- Rangárvallasýslu	—	2500
19)	- Árnessýslu	—	5800
	Samtals	kr.	152900

2. gr.

Á sömu árum greiðir ríkissjóður eftirtöldum lögreglustjórum árlega upp í skrifstofukostnað og fyrir söfnun skýrslna þeirra, er í 1. gr. getur, sem hér segir:

1)	Á Akranesi	kr.	1500
2)	Í Bolungavík	—	500
3)	- Ólafsfirði	—	500
4)	- Keflavík	—	500
	Samtals	kr.	3000

3. gr.

Skrifstofufé greiðist með 1/12 mánaðarlega fyrirfram.

4. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

Nd. 512. Breytingartillaga

við frv. til laga um skrifstofufé sýslumanna og bæjarfógeta o. fl.

Frá Sigurði Kristjánssyni.

Við 1. gr.

a. Við 6. lið. Fyrir „19000“ kemur: 20000.
b. Við 10. lið. Fyrir „14000“ kemur: 16200.
c. Við 11. lið. Fyrir „19200“ kemur: 20000.

Nd. 513. Breytingartillaga

við frv. til laga um skrifstofufé sýslumanna og bæjarfógeta o. fl.

Frá Bjarna Ásgeirssyni.

Við 1. gr.

a. Í stað „4500“ í 2. tölul. komi: 4750.
b. Í stað „1800“ í 4. tölul. komi: 2100.
c. Í stað „5000“ í 8. tölul. komi: 4800.
d. Í stað „5000“ í 9. tölul. komi: 4800.
e. Í stað „2500“ í 18. tölul. komi: 2300.

Sþ. 514. Nefndarálit

um frv. til fjáraukalaga fyrir árið 1936.

Frá fjárveitinganefnd.

Nefndin leggur til, að frumvarp þetta verði samþykkt óbreytt. Þeir JakM, JPálm, PO og ÞÞ skírskota þó til athugasemda endurskoðanda ríkisreikningsins fyrir árið 1936.

Alþingi, 9. maí 1938.

Bjarni Bjarnason, form.	Helgi Jónasson, frsm.	Ásg. Ásgeirsson, fundaskr.
Þorbergur Þorleifsson.	Þorsteinn Þorsteinsson.	Jón Pálmason.
Pétur Ottesen.	Bernh. Stefánsson.	Jakob Möller.

Nd. 515. Frumvarp til laga

um skattgreiðslu útgerðarfyrirtækja íslenzkra botnvörpuskipa.

(Eftir 3. umr. í Ed.).

1. gr.

Á árunum 1938—1942, að báðum árum meðtöldum, er útgerðarfyrirtækjum íslenzkra botnvörpuskipa heimilt að draga frá skattskyldum tekjum sínum tap, sem orðið hefir á rekstri þeirra eftir 1. jan. 1931, unz tapið er að fullu greitt.

Á sama tíma er ofangreindum fyrirtækjum heimilt að draga frá skattskyldum tekjum sínum 90% af þeirri fjárhæð, sem þau leggja í varasjóð af árstekjum sínum.

2. gr.

Bæjarstjórnum og sveitarstjórnum er heimilt að undanþiggja sömu fyrirtæki útsvari á sama tíma. Verði heimild þessi ekki notuð, má þó ekki leggja hærra útsvar á þau en sömu fyrirtæki báru árið 1938.

3. gr.

Ívilnanir þær, sem fólgnar eru í 1. og 2. gr., eru bundnar eftirfarandi skilyrðum:

a. Að fullnægjandi grein hafi verið gerð fyrir tapinu á framtali til tekju- og eignarskatts fyrir það eða þau ár, sem tapið varð.
b. Að eigi sé úthlutað arði til hluthafa eða félagsmanna á meðan tapið er eigi að fullu jafnað. Ennfremur er fjármálaráðherra heimilt að setja svipaðar takmarkanir, þegar um einkafyrirtæki er að ræða.
c. Að því leyti, sem tapið, eða þær skuldir, sem mynduðust þess vegna, hefir verið gefið eftir fyrir ráðstöfun þess opinbera, kemur framangreind ívilnun eigi til greina, sbr. lög nr. 9 6. jan. 1938.

4. gr.

Fjármálaráðherra setur nánari reglur um framkvæmd þessara laga.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Nd. 516. Frumvarp til laga

um bráðabirgðatekjuöflun fyrir Hafnarfjarðarkaupstað.

(Eftir 3. umr. í Ed.).

1. gr.

Meðan bæjarstjórn Hafnarfjarðar undanþiggur útgerðarfyrirtæki botnvörpuskipa útsvari, heimilast henni að leggja sérstakt gjald á alla mannflutninga milli Hafnarfjarðar og Reykjavíkur, sem sérleyfi er veitt til, og má gjaldið nema allt að 50% af sjálfu fargjaldinu. Gjald þetta rennur í bæjarsjóð Hafnarfjarðar.

2. gr.

Sérleyfishafar annast innheimtu gjalds þessa með fargjaldinu, enda sé hverjum farþega afhentur farseðill með tilgreindri heildarupphæð. Farseðlarnir skulu gefnir út af bæjarstjórn Hafnarfjarðar, sem tekur á móti gjaldinu um leið og farseðlar eru afhentir, þó ekki sjaldnar en mánaðarlega.

3. gr.

Sérleyfishafar eru ábyrgir fyrir greiðslu gjaldsins. Þeim er óheimilt að flytja nokkurn mann þessa leið án þess að afhenda honum farseðil með tilgreindu fargjaldi.

4. gr.

Brot á lögum þessum varða sektum frá 100—1000 kr.

5. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað og gilda til ársloka 1942.

Nd. 517. Breytingartillögur

við frv. til laga um varnir gegn útbreiðslu mæðiveikinnar og stuðning til bænda, er beðið hafa tjón af henni.

Frá Bergi Jónssyni, Ásgeiri Ásgeirssyni, Vilmundi Jónssyni og Sigurði Kristjánssyni.

I. Við 5. gr. Á eftir 3. tölul. greinarinnar komi nýr tölul., sem verður 4. tölul., svo hljóðandi:
   4. Milli Kollafjarðar og Ísafjarðar.

II. Varatill. Við 6. gr. Á eftir orðunum „upp í Langjökul“ komi: og milli Kollafjarðar og Ísafjarðar.

Nd. 518. Breytingartillaga

við brtt. á þskj. 484 [Mæðiveiki].

Frá Pétri Ottesen.

Við 1. c. Við fyrri málsgr. bætist: enda hafi áður verið leitað samþykkis fjáreigenda á svæði því eða svæðum, sem fjárskiptum er ætlað að taka til, og eigi færri en ¾ þessara manna goldið fjárskiptunum jákvæði sitt.

Nd. 519. Nefndarálit

um frv. til l. um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að taka lán.

Frá öðrum minni hl. fjárhagsnefndar.

Nefndin hefir þríklofnað um málið. Meiri hl. vill samþ. frv. óbreytt. Fyrri minni hl. ætlar ekki að taka afstöðu til frv. við atkvæðagreiðslu. En annar minni hl. er frv. mótfallinn í þeirri mynd, sem það er.

Annar minni hl. vildi láta leita álits þjóðbankans um málið, m. a. af því að hann telur, að eigi liggi fyrir nægar upplýsingar frá ríkisstjórninni um hinar raunverulegu duldu greiðslur s.l. ár né heldur um þær erl. skuldir, sem hér eru „inni frosnar“.

Annar minni hl. telur, að sá hluti hitaveitulánsins, sem ætla má að tekinn verði á þessu ári og notaður til vinnulauna innanlands, sé gjaldeyrislán og dragi því að verulegu leyti úr annari lántökuþörf þegar á þessu ári.

Annar minni hl. telur, að mikil ný gjaldeyrislántaka styðji að viðhaldi falskrar gengisskráningar, til tjóns fyrir framleiðsluna. En ein leiðin út úr fjármálaógöngunum telur hann að sé rétt skráning ísl. myntar.

Telur annar minni hl. og alls ekki tryggt, að sjóður sá, sem gert er ráð fyrir að mynda í ísl. gjaldeyri til aukaafborgana á erl. skuldum, verði í raun og veru notaður til þess eingöngu, heldur jafnvel til óeðlilegrar þenslu í opinberum rekstri, eða til að bæta úr augnabliksþörfum, sem álitamál gæti verið um.

Annar minni hl. telur nauðsyn á, að áður en til svo stórfelldrar lántökuheimildar sé tekið, færi fram gagnger rannsókn á öllu fjármálaástandi þjóðarinnar og sérstök athugun á því, hvernig unnt verði að standa framvegis við þær skuldbindingar, sem vér höfum tekizt og tökumst nú enn á hendur með þessari lántöku. Hann telur ekki nauðsyn að taka nú þegar ákvarðanir um lántökur á árunum 1939 og 1940 fyrr en að þeirri athugun lokinni, með því líka að viðhorf og aðstaða getur mjög breytzt á þeim tíma.

Til samkomulags mundi annar minni hl. geta fallizt á, að veitt sé heimild til lántöku vegna skuldaafborgana á þessu ári, auk þeirrar lántökuheimildar, sem áður er í lögum til byggingar síldarverksmiðju. Getur hann eftir atvikum fallizt á, að til þessa hvorstveggja muni þurfa um 5 millj. kr. í erlendum gjaldeyri, en þá að sjálfsögðu að frádregnum þeim hluta væntanlegs hitaveituláns, er ætla má að fluttur verði inn á þessu ári. Hefði annar minni hl. til samkomulags borið fram breytingartillögu þess efnis, ef eigi væri fyrirfram vitað, að sú tillaga yrði felld.

En jafnstórkostlegri lántökuheimild er annar minni hl. mótfallinn, og mun hann því greiða atkv. gegn frv. óbreyttu.

Alþingi, 9. maí 1938.

St. Stefánsson.

Ed. 520. Breytingartillaga

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 1 5. jan. 1938, um síldarverksmiðjur ríkisins.

Frá Ingvari Pálmasyni.

Aftan við 1. gr. bætist: er mæti í forföllum aðalmanna, ef um veruleg forföll er að ræða, að dómi atvinnumálaráðherra.

Nd. 521. Breytingartillaga

við frv. til l. um varnir gegn útbreiðslu mæðiveikinnar og stuðning til bænda, er beðið hafa tjón af henni.

Frá Ólafi Thors.

Við 5. gr. Á eftir 3. tölul. kemur nýr töluliður:
Yfir þvert Reykjanes.

Nd. 522. Breytingartillaga

við frv. til l. um varnir gegn útbreiðslu mæðiveikinnar og stuðning til bænda, er beðið hafa tjón af henni.

Frá Thor Thors.

Við 5. gr. Á eftir 3. lið komi nýr liður, svo hljóðandi:
Lína yfir Snæfellsnes, frá Skógarnesi í Álftafjörð.

Nd. 523. Breytingartillaga

við frv. til l. um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að taka lán.

Frá Einari Olgeirssyni og Ísleifi Högnasyni.

Við 1. gr. Aftan við 2. málsgr. bætist: Leitazt skal við að taka lán þessi annarsstaðar en þar, sem skuldir landsins eru mestar nú.

Ed. 524. Nefndarálit

um frv. til l. um breyt.. á vatnalögum, nr. 15 15. júní 1923.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin mælir með því, að frumvarpið verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 10. maí 1938.

Páll Zóphóníasson, form.	Þorst. Þorsteinsson, frsm.	Erl. Þorsteinsson. fundaskr.

Ed. 525. Breytingartillögur

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 27 1. febr. 1936, um iðnaðarnám.

Frá Brynjólfi Bjarnasyni.

1. Við 1. gr. Niðurlag 1. málsgr., frá orðunum „að hann fullnægi þeim skilyrðum“ o. s. frv., hljóði svo:
   Að hann fullnægi þeim skilyrðum, er iðnfélög á staðnum kunna að koma sér saman um að setja um slíka samninga.
2. Við 5. gr. Greinin orðist svo:
   Með lögum þessum eru úr gildi numin öll lagaákvæði, er koma í bága við þessi lög.

Nd. 526. Breytingartillaga

við frv. til laga um varnir gegn útbreiðslu mæðiveikinnar og stuðning til bænda, er beðið hafa tjón af henni.

Frá Bergi Jónssyni.

Við 5. gr. 3. tölul. orðist svo: Milli Steingrímsfjarðar og Berufjarðar.

Ed. 527. Breytingartillaga

við brtt. á þskj. 498 [Lífeyrissjóður ljósmæðra].

Frá fjárhagsnefnd.

Við 1. Í stað orðanna „Við 1. gr.“ komi: Við 2. gr.

Ed. 528. Frumvarp til laga

um lífeyrissjóð ljósmæðra.

(Eftir 2. umr. í Ed.).

1. gr.

Sjóðurinn heitir lífeyrissjóður ljósmæðra, og er hann eign ríkisins.

2. gr.

Stofnfé sjóðsins myndast af framlagi ríkissjóðs, sem er 15000 kr. árlega í sjóðinn, og iðgjöldum lögskipaðra ljósmæðra, sem er 4% af föstum launum þeirra, og skal iðgjaldinu haldið eftir af launanum.

Um iðgjaldagreiðslur sjóðfélaga lífeyrissjóðs ljósmæðra til lífeyrissjóðs Íslands fer eftir ákvæðum síðustu málsgr. 49. gr. laga nr. 74 31. des. 1937, um alþýðutryggingar.

3. gr.

Ríkissjóður ábyrgist greiðslu lífeyris samkvæmt lögum þessum.

4. gr.

Stjórn sjóðsins skipa 5 menn, formaður Ljósmæðrafélags Íslands, ein ljósmóðir, er kosin skal á aðalfundi Ljósmæðrafélags Íslands, en 3 menn í stjórnina skal ríkisstjórnin velja til þriggja ára, og gengur einn úr árlega, í fyrsta sinn eftir hlutkesti. Stjórn sjóðsins skal kjósa formann fyrir sjóðinn á fyrsta fundi, er hún heldur á árinu. Sjóðsstjórnin skal vinna kauplaust.

5. gr.

Tryggingarstofnun ríkisins hefir á hendi reikningshald sjóðsins, heimtir inn tekjur hans og annast greiðslur úr honum, hvorttveggja eftir tilvísun sjóðsstjórnarinnar.

6. gr.

Reikningsár sjóðsins er almanaksárið. Ársreikning skal semja jafnframt ársreikningi ríkissjóðs, endurskoða og úrskurða á sama hátt og aðra reikninga ríkisins.

7. gr.

Sjóðsstjórnin heldur fundi svo oft sem þörf er á, og skal hún halda gerðabók og skrá þar allar samþykktir sínar. Í stjórninni ræður meiri hluti atkvæða, og má ekkert fé greiða úr sjóðnum nema með samþykki sjóðsstjórnarinnar.

8. gr.

Rétt til lífeyris úr sjóðnum hefir sérhver lögskipuð ljósmóðir, sem starfað hefir sem lögskipuð ljósmóðir í 15 ár eða meira, og hættir störfum, eftir að sjóðurinn tekur til starfa, af ástæðum, er sjóðsstjórnin telur lögmætar. Lögmæt ástæða til að hætta störfum er aðeins sjúkdómur eða elli. Upphæð lífeyris skal fara eftir því, sem um getur í 11. gr. Þær fyrrverandi ljósmæður, sem nú fá sérstaklega veitt eftirlaun samkvæmt ákvæðum í fjárlögum eða samkvæmt ákvæðum ljósmæðralaga, fá árlega sömu eftirlaun greidd úr sjóðnum sem þær hafa nú, og þó ekki hærri upphæð en þeim bæri samkv. 10.—13. gr., miðað við núverandi launakjör ljósmæðra.

9. gr.

Ljósmæður, er starfa í bæjum og tryggð eru sömu eftirlaun og öðrum föstum starfsmönnum bæjanna, gjalda ekki til sjóðsins og njóta ekki réttinda samkvæmt þessum lögum. Í þeim bæjum, þar sem eftirlaunamálum starfsmanna hefir enn ekki verið skipað, skulu þó þær ljósmæður, sem laun taka af bænum, hafa frjálsan aðgang að því að njóta réttinda þessara laga, með sömu kjörum og aðrar ljósmæður, þangað til þessum málum hefir verið skipað. Sama gildir um ljósmæður þær, sem starfa við fæðingardeild landsspítalans.

10. gr.

Upphæð lífeyris miðast við meðalárslaun ljósmóður síðustu 5 árin áður en hún lætur af starfi. Til árslaunanna teljast laun og dýrtíðaruppbót.

11. gr.

Fullur lífeyrir skal miðaður við árslaun samkv. 10. gr. og við fjölda þeirra ára, er ljósmóðirin hefir starfað sem lögskipuð ljósmóðir, hvort heldur óslitið eða með millibili. Ef ljósmóðir lætur af störfum án þess vegna veikinda sé, verður hún þó að vera fullra 60 ára til þess að njóta lífeyris. Fyrir minna en 15 ára starf greiðist enginn lífeyrir.

Fyrir	15—16 ára	starf veitast	30% af meðall. síðustu 5 ára
—	16—17	——„——	33% ——„——
—	17—18	——„——	36% ——„——
—	18—19	——„——	39% ——„——
—	19—20	——„——	42% ——„——
—	20—21	——„——	45% ——„——
—	21—22	——„——	48% ——„——
—	22—23	——„——	51% ——„——
—	23—24	——„——	54% ——„——
—	24—25	——„——	57% ——„——
—	25 ára	starf eða meira	60% ——„——

Standi upphæð lífeyris samkvæmt þessum útreikningi ekki á heilum tug króna, skal hækka hann svo, að standi á tug.

12. gr.

Verði ljósmóðir ófær til allra starfa vegna slyss, sem hendir hana sökum starfs hennar sem ljósmóðir, skal hún fá greiddan jafnháan lífeyri úr sjóðnum og þær, er starfað hafa í 25 ár. Verði hún seinna vinnufær, fellur greiðslan niður.

13. gr.

Láti ljósmóðir eftir sig föðurlaus börn innan 16 ára aldurs, skulu þau fá úr sjóðnum allt að 200 kr. árlega hvert fram til 16 ára aldurs, eftir úrskurði sjóðsstjórnar. Gildir það jafnt, hvort sem um skilgetin eða óskilgetin börn er að ræða.

14. gr.

Í desembermánuði ár hvert semur stjórn sjóðsins skrá yfir þá, er lífeyris skulu njóta á næsta ári, og gerir samþykkt um breytingar jafnskjótt og tilefni er til.

15. gr.

Lífeyrir greiðist árlega 1. dag júnímánaðar, og þá beint til hlutaðeiganda. Lífeyri til barna veitir móttöku fjárráðamaður þeirra. Áður en tryggingarstofnunin greiðir lífeyri, skal hún fá uppgefinn embættisaldur viðkomandi hjá sjóðsstjórninni.

16. gr.

Umsóknir um lífeyri úr sjóðnum skulu sendar formanni sjóðsins fyrir 1. des. ár hvert, og skal tekið fram, hve lengi og hvar viðkomandi hefir starfað.

17. gr.

Ljósmóðir, sem lætur af störfum án þess að fá lífeyri úr sjóðnum, skal fá endurgreidd iðgjöld þau vaxtalaust, er hún hefir lagt í sjóðinn.

18. gr.

Sjóðurinn tekur til starfa 1. jan. 1940, enda hafi þá iðgjöld verið greidd fyrir yfirstandandi ár og næsta ár (1938 og 1939) og ríkissjóðstillagið fyrir árið 1939. Jafnframt því, sem lög þessi öðlast gildi, fellur úr gildi 5. gr. ljósmæðralaga, nr. 17 19. júní 1933.

Nd. **529. Frumvarp til laga**

um breyting á lögum nr. 27 1. febr. 1936, um iðnaðarnám.

(Eftir 3. umr. í Ed.).

1. gr.

1. gr. laga nr. 27 1. febr. 1936 skal orða svo:

Þegar iðnaðarmenn taka nemanda til þess að kenna iðn sína, er þeim skylt að gera við hann skriflegan námssamning. Skal hlutaðeigandi lögreglustjóri rita á samninginn vottorð sitt um, að hann sé samkvæmur fyrirmælum laga þessara, og ennfremur skulu iðnaðarfulltrúar rita á hann vottorð sitt um, að hann fullnægi þeim skilyrðum, er þeir hafa komið sér saman um að setja um slíka samninga.

Iðnaðarfulltrúar skulu vera þrír og jafnmargir til vara, allir búsettir í Reykjavík, skipaðir af atvinnumálaráðherra til 3 ára í senn, einn samkvæmt tilnefningu landssambands iðnaðarmanna, annar samkvæmt tilnefningu iðnráðs Reykjavíkur og sá þriðji án tilnefningar.

Áður en iðnaðarfulltrúar rita á námssamning nemanda, skulu þeir leita álits sveinafélags og meistarafélags staðarins, ef til eru, ella landssambands iðnaðarmanna, um þörfina fyrir fjölgun iðnnema í iðninni. Á þeim stöðum, þar sem félög sveina og meistara í einhverri iðngrein hafa komið sér saman um tölu iðnnema, kaup og kjör, skal því samkomulagi ekki raskað af iðnaðarfulltrúum.

Námssamningur er því aðeins gildur, að tveir iðnaðarfulltrúanna að minnsta kosti hafi samþykkt hann með undirskrift sinni.

Lögreglustjórar skulu, eftir ráðstöfun ráðherra, hafa í höndum eyðublöð undir námssamninga og afhenda þau ókeypis.

2. gr.

3. gr. laganna skal orða svo:

Í námssamningum skal tekið fram, hve langur kennslutími skuli vera. Skal atvinnumálaráðherra gefa út reglugerð, er ákveður kennslutímabilið í hverri iðn fyrir sig, en leita áður um það tillagna landssambands iðnaðarmanna, en það leitar aftur umsagnar hlutaðeigandi meistara- og sveinafélaga, ef slík félög eru til í landinu.

Nú eru þessi félög ekki til í einhverri iðngrein, og skal þá stjórn landssambands iðnaðarmanna kalla þá meistara og sveina í iðninni, sem hægt er að ná til, með tveggja mánaða fyrirvara, á fund, til þess að gera tillögur um málið. Þeir, sem fjarri búa, geta sent tillögur sínar skriflega.

Tillögur aðilja þeirra, er að framan getur, skulu síðan bornar undir iðnaðarfulltrúa, áður en reglugerðin er gefin út.

3. gr.

Aftan við 12. gr. laganna bætist ný málsgrein, svo hljóðandi:

Þar, sem sjúkrasamlag er starfandi, skulu meistarar greiða iðgjöld til þess fyrir nemendur sína, meðan á námstímanum stendur, enda eigi þá nemendur ekki aðgang að meistara sínum um þau hlunnindi, er sjúkrasamlagið veitir.

4. gr.

Í stað orðanna „iðnráðsfulltrúi samiðnaðarmanna á staðnum“, í 14. gr. laganna, komi: tveir iðnaðarfulltrúar.

5. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin niðurlagsorð 4. tölul. 15. gr. laga nr. 105 23. júní 1936: „áritaðs af sveinafélagi, ef til er á staðnum“, svo og öll önnur ákvæði, er koma í bága við lög þessi.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

7. gr.

Þegar lög þessi hafa öðlazt staðfestingu, skal fella meginmál þeirra inn í lög nr. 27 1. febr. 1936, um iðnaðarnám, og gefa þau út svo breytt.

Ed. 530. Nefndarálit

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 71 28. nóv. 1919, um laun embættismanna.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin mælir með frv. óbreyttu.

Alþingi, 10. maí 1938.

Bernh. Stefánsson, form., frsm.	Erl. Þorsteinsson, fundaskr.	Magnús Jónsson.

Ed. 531. Lög

um eftirlit með skipum.

(Afgreidd frá Ed. 10. maí).

Samhljóða þskj. 487 (sbr. 126).

Ed. 532. Lög

um einkaleyfi til þess að flytja út og selja erlendis íslenzkar sælgætisvörur, blandaðar fisklýsi og jurtaefnum.

(Afgreidd frá Ed. 10. maí).

Samhljóða þskj. 335.

Ed. 533. Lög

um stéttarfélög og vinnudeilur.

(Afgreidd frá Ed. 10. maí).

Samhljóða þskj. 417 (sbr. 361).

Nd. 534. Breytingartillaga

við frv. til l. um skattgreiðslu útgerðarfyrirtækja íslenzkra botnvörpuskipa.

Frá Einari Olgeirssyni.

Við 3. gr. Aftan við greinina bætist nýr stafliður, sem verður d, og orðist þannig:

Að öruggt sé, að ágóða verði ekki úthlutað með útgáfu frihlutabréfa, með hækkuðu kaupi forstjóra, stjórnenda, endurskoðunarmanna eða annara, sem eru eigendur í fyrirtækinu.

Ed. 535. Breytingartillaga

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 71 28. nóv. 1919, um laun embættismanna.

Frá Brynjólfi Bjarnasyni.

Við 2. gr. Greinin falli burt.

Nd. 536. Breytingartillögur

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 27 1. febr. 1936, um iðnaðarnám.

Frá Einari Olgeirssyni og Ísleifi Högnasyni.

1. Við 1. gr. Niðurlag 1. málsgr., frá orðunum „að hann fullnægi þeim skilyrðum“ o. s. frv., hljóði svo:
   Að hann fullnægi þeim skilyrðum, er iðnfélög á staðnum kunna að koma sér saman um að setja um slíka samninga.
2. Við 5. gr. Greinin orðist svo:
   Með lögum þessum eru úr gildi numin öll lagaákvæði, er koma í bága við þessi lög.

Nd. 537. Breytingartillögur

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 75 27. júní 1921, um stimpilgjald.

Frá fjármálaráðherra.

1. Við 1. gr. Í stað orðanna „11. gr. laganna“ kemur: 11. gr. laga nr. 75 27. júní 1921.
2. Aftan við A. 2. í 5. gr. laga nr. 25 9. jan. 1935 bætist: svo og tékkar ríkisstofnana, enda sé stimplað á þá: „Ríkisstofnun — Stimpilfrjáls“.
3. Við fyrirsögn frv. bætist: og lögum nr. 25 9. jan. 1935, um viðauka við þau.

Ed. 538. Breytingartillaga

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 1 5. jan. 1938, um síldarverksmiðjur ríkisins.

Frá Bernharð Stefánssyni.

Aftan við 1. gr. bætist: Eigi skal þó kveðja varamann til starfa nema aðalmaður óski þess eða hafi fallið frá.

Nd. 539. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 1 5. jan. 1938, um síldarverksmiðjur ríkisins.

(Eftir 3. umr. í Ed.).

1. gr.

Á eftir fyrra málsl. 1. málsgr. 4. gr. laganna kemur nýr málsl.: Kosnir skulu og með sama hætti 5 varamenn í stjórnina, til jafnlangs tíma. Eigi skal þó kveðja varamann til starfa nema aðalmaður óski þess eða hafi fallið frá.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi nú þegar, og skal á því þingi, er samþykkir lögin, kjósa varamenn fyrir þann tíma, sem eftir er af kjörtímabili núverandi stjórnar síldarverksmiðja ríkisins.

Ed. 540. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 104 23. júní 1936, um atvinnu við siglingar á íslenzkum skipum.

(Eftir 2. umr. í Ed.).

1. gr.

Aftan við 49. gr. laganna bætist ný málsgr., svo hljóðandi:

Undanþegin ákvæðum 1. málsgr. þessarar greinar um skyldu til að hafa stýrimann auk skipstjóra eru fiskiskip og bátar undir 40 rúmlestum, ef þeim er ætlað að leggja afla sinn á land daglega eða stunda síldveiðar tveir um nót.

2. gr.

Aftan við 1. málsgr. b-liðs 51. gr. laganna bætist:

Undanþegin ákvæðinu um aðstoðarmann í vél eru þó öll fiskiskip, sem hafa minni vél en 800 hestafla.

d-liður sömu gr. laganna orðist svo:

Á eimskipi með meira en 1200, en ekki yfir 2500 hestafla vél, skal vera í minnsta lagi einn yfirvélstjóri, sem öðlazt hefir skírteini samkv. 33. gr., og tveir undirvélstjórnar, sem öðlazt hafa skírteini samkv. 31. gr.

Sé skipið farþegaskip og vél þess yfir 1800 hestafla, skal það auk þess hafa einn aðstoðarvélstjóra, sem öðlazt hefir skírteini samkv. 29. gr.

e-liður sömu gr. laganna orðist svo:

Á eimskipi með yfir 2500 hestafla vél skal vera að minnsta kosti einn yfirvélstjóri, sem öðlazt hefir skírteini samkv. 33. gr., tveir undirvélstjórar, sem öðlazt hafa skírteini samkv. 31. gr., og einn aðstoðarvélstjóri, sem öðlazt hefir skírteini samkv. 29. gr.

3. gr.

c-liður 52. gr. laganna orðist svo:

Á mótorskipi með meira en 50, en ekki yfir 150 hestafla vél skal vera í minnsta lagi einn vélstjóri, sem öðlazt hefir skírteini samkvæmt 38. gr., og einn undirvélstjóri, sem öðlazt hefir skírteini samkvæmt 36. gr. Fiskiskip og bátar, sem ætlað er að koma daglega að landi með afla sinn, eða stunda síldveiðar tvö um nót, eru þó ekki skyld til að hafa undirvélstjóra, ef skipstjóri hefir öðlazt vélgæzluréttindaskírteini samkvæmt 36. gr.

4. gr.

Á eftir 1. málsgr. 57. gr. laganna kemur ný málsgr., svo hljóðandi:

Þetta ákvæði tekur þó ekki til réttinda til skipstjórnar á varðskipum ríkisins, nema þau séu fengin með siglingatíma á þesskonar skipum, innlendum eða erlendum, samkv. ákvæðum 21.—23. gr. þessara laga.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ed. 541. Tillaga til þingsályktunar

um rannsókn á atvinnuskilyrðum aldraðra sjómanna.

Flm.: Jónas Jónsson.

Efri deild Alþingis ályktar að skora á ríkisstjórnina að skipa nú þegar þriggja manna nefnd, ólaunaða, eftir tilnefningu þingflokkanna, til að rannsaka atvinnuskilyrði aldraðra sjómanna og gera tillögur um framtíðarskipulag í því efni.

Greinargerð.

Íslenzka þjóðin hefir lifað af landbúnaði í nálega tíu aldir, en með tilkomu hraðvirkra atvinnutækja hafa myndazt lífsskilyrði fyrir mikinn hluta íslenzku þjóðarinnar til að lifa af á sjávarbakkanum við fiskveiðar. En atvinnan á sjónum er þó bundin þeim erfiðleikum hér á landi, að hún er eins og hernaður, þar sem menn eru ekki fullgildir til starfsins nema meðan þeir eru á léttasta skeiði. Við störf í sveitinni dregur eldra fólkið sig að vísu smátt og smátt í hlé frá erfiðustu störfunum, eftir því sem orkan dvínar. En þar er ætíð nóg létt verkefni við hendina handa eldra fólkinu, og þau störf eru svo nátengd hinu daglega sveitalífi, að engin brotalöm verður í æfi sveitafólks, þó að yngri kynslóðin taki við ábyrgðinni og mesta erfiðinu af eldra fólkinu.

En þessu er allt öðruvísi varið með sjómennina á stóru vélbátunum, línubátunum, togurunum og millilandaskipunum. Við hin erfiðu störf eru sjómenn hlutgengir þar meðan þeir eru á léttasta skeiði. En þegar æfinni fer að halla, eru slitnu sjómennirnir látnir þoka úr sessi fyrir yngri og hraustari mönnum.

Og þá kemur hinn mikli vandi fyrir öldruðu sjómennina. Hvaða atvinnu eiga þeir að stunda eftir að þeir eru orðnir lítt færir til að sinna venjulegum framleiðslustörfum við sjómennsku? Fram að þessu hefir ekki verið litið á þennan vanda sjómannastéttarinnar frá almennu sjónarmiði. Ég minnist ekki að hafa nokkurntíma séð nokkuð ritað um þetta efni í hinum mörgu ritgerðum, sem skrifaðar eru og hafa verið ritaðar á undanförnum árum um kjör og lífsbaráttu íslenzkra sjómanna. Því meiri ástæða er nú til að taka málið til gagngerðrar athugunar, þar sem hér á hlut að máli ein hin fjölmennasta og þýðingarmesta stétt landsins.

Skyldur þeirra Íslendinga, sem starfa í landi, við sjómannastéttina, eru ekki litlar. Starf fiskimannsins við strendur Íslands er álíka hættulegt eins og meðalstyrjöld. Starfið er auk þess sérstaklega erfitt og mjög stopult. Sjómaðurinn er langdvölum burtu frá heimili sínu og vandamönnum. Ef atvinnan er í betra lagi, er sjómaðurinn að nokkru leyti eins og framandi maður í augum sinna eigin barna. Þau sjá hann koma í skyndi á heimilið og hverfa jafnfljótlega aftur. Vegna fjarverunnar er sjómaðurinn á þann hátt óhjákvæmilega sviptur miklu af þeirri ánægju, sem foreldrar njóta af samvistum við börn sín á uppeldisárunum. Ef litið er á daglega aðbúð sjómanna á hafinu, þá er hún vitanlega hvergi nærri góð. Í vélbátunum og minni gufuskipum er íbúð háseta og fiskimanna af eðlilegum ástæðum mjög þröng og óvistleg. En því miður má segja hið sama um flest hin stærri skip, nema varðskipið Ægi. Þar er íbúð sjómannanna í sæmilegu lagi, nema að baðherbergi, sem hásetarnir áttu að fá, er gagnslítið. Ég hefi oft undrazt á hinum myndarlegu íslenzku millilandaskipum, hve íbúð hásetanna er frámunalega léleg, og ekki einu sinni hirt um að hafa snotra borðstofu þeirra vegna, sem hásetar gætu gert að einskonar heimili, lesið þar, hlustað á útvarp og hvílt sig eftir erfiði dagsins. En svo er að sjá, sem þessari hlið málsins hafi verið veitt lítil eftirtekt hingað til, en vonandi breytist þetta er ný skip verða byggð á næstu árum.

Fyrir nokkrum árum sagði erlendur maður við mig á þá leið, að sér þætti Reykjavík furðulegur bær. Hér væru um 30 þús. manns, sem lifðu að mestu af sjónum. En

fiskimennirnir væru ekki nema eitt þúsund. En frumvinna þessara manna myndaði þó undirstöðu allrar annarar atvinnu í bænum. Þessi athugasemd er nógu rétt og nógu tæmandi til að sanna þýðingu sjómannsstarfsins fyrir kaupstaði landsins og kauptún. Bændastéttin og sjómennirnir eru hlið við hlið í fremstu skotgröfum hinnar daglegu framleiðslubaráttu. En starf og erfiði sjómannanna hefir ekki ætíð verið viðurkennt og metið svo sem vera ber, og ætti að verða breyting í því efni, og það sem fyrst.

Það er höfuðáhugamál nálega allra sjómanna í öllum löndum, að geta þegar aldur færist yfir þá eignazt eigið heimili í landi og starfað með sínum nánustu vandamönnum. Ég hugsa mér, að það verði verkefni þeirrar nefndar, sem hér um ræðir, að mæta óskum sjómannanna í þessu efni. Hér eru til þess mörg skilyrði. Landrými er nóg, hveraorka mikil ónotuð og fossafl. Jafnframt er nú af alefli unnið að því að framleiða ódýrt og hentugt byggingarefni í smáhýsi hér á landi, og vonir góðar um mikinn árangur. Á þessu og mörgu fleira mun væntanleg nefnd byggja tillögur sínar um ný heimili og heppilega atvinnu handa sjómönnum, sem hverfa í land frá hinni nauðsynlegu en hörðu atvinnubaráttu á hafinu.

Ef ekki verður unnt að ganga frá tillögu þessari á Alþingi nú í þetta sinn, mun ég snúa mér til flokksstjórna þeirra, sem hér eiga hlut að máli, og vænti, að þær muni þá velja menn í nefnd til að sinna þessu máli.

Ed. 542. Breytingartillaga

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 104 23. júní 1936, um atvinnu við siglingar á íslenzkum skipum.

Frá Bernharð Stefánssyni.

Við 1. gr. Í stað „undir 40 rúmlestum“ komi: undir 30 rúmlestum.

Ed. 543. Lög

um heimild til að lækka aðflutningsgjöld á nokkrum vörum.

(Afgreidd frá Ed. 10. maí).

Samhljóða þskj. 392.

Ed. 544. Lög

um samþykkt á ríkisreikningnum fyrir árið 1936.

(Afgreidd frá Ed. 10. maí).

Samhljóða þskj. 349.

Ed. 545. Lög

um að flytja fé ellistyrktarsjóða sveitar- og bæjarfélaga úr aðaldeild söfnunarsjóðs í útborgunardeild hans.

(Afgreidd frá Ed. 10. maí).

Samhljóða þskj. 471.

Ed. 546. Lög

um breyting á lögum nr. 81 23. júní 1936, um sveitarstjórnarkosningar.

(Afgreidd frá Ed. 10. maí).

Samhljóða þskj. 472.

Ed. 547. Lög

um laun hreppstjóra og aukatekjur m. fl.

(Afgreidd frá Ed. 10. maí).

Samhljóða þskj. 321.

Ed. 548. Breytingartillögur

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 104 23. júní 1936, um atvinnu við siglingar á íslenzkum skipum.

Frá Sigurjóni Á. Ólafssyni og Erlendi Þorsteinssyni.

1. Við 1. gr. Í stað orðanna „ef þeim er ætlað ...“ til enda greinarinnar komi: er stunda þorskveiðar og koma daglega að landi með afla sinn.
2. Við 3. gr. Síðari málsliður gr. orðist svo: Fiskiskip og bátar, sem koma daglega að landi með afla sinn, eru þó ekki skyld til að hafa undirvélstjóra, ef skipstjórinn hefir öðlazt vélgæzluréttindi samkvæmt 36. gr.

Nd. 549. Nefndarálit

um frv. til l. um bráðabirgðatekjuöflun fyrir Hafnarfjarðarkaupstað.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin mælir með, að frumvarpið verði samþykkt óbreytt, en áskilur sér þó rétt til að bera fram breytingartill. við 3. umr.

Alþingi, 10. maí 1938.

Sveinbjörn Högnason, form. Finnur Jónsson, fundaskr. Ólafur Thors, frsm.
Steingr. Steinþórsson. St. Stefánsson.

Nd. 550. Nefndarálit

um frv. til l. um skattgreiðslu útgerðarfyrirtækja íslenzkra botnvörpuskipa.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin mælir með því, að frv. verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGARTILLÖGU.

Við 3. gr. b-liður orðist svo:

Að eigi sé úthlutað arði til hluthafa eða félagsmanna á meðan tapið er eigi að

fullu jafnað, né hluthöfum ívilnað á annan beinan eða óbeinan hátt, svo sem með hækkuðum kaupgreiðslum eða auknum hlunnindum. Ennfremur er fjármálaráðherra heimilt að setja svipaðar takmarkanir þegar um einkafyrirtæki er að ræða.

Alþingi, 10. maí 1938.

Sveinbjörn Högnason, form. Steingr. Steinþórsson, frsm. Finnur Jónsson, fundaskr.

Stefán Stefánsson. Ólafur Thors.

Ed. 551. Frumvarp til laga

um bráðabirgðatekjuöflun ríkissjóðs og jöfnunarsjóð bæjar- og sveitarfélaga.

(Eftir 3. umr. í Nd.).

1. gr.

Til þess að standast útgjöld ríkisins 1939 og til þess að greiða tillag til jöfnunarsjóðs bæjar- og sveitarfélaga er ríkisstjórninni heimilt að afla tekna á þann hátt, er greinir hér á eftir.

2. gr.

Með því að leggja á tekjuskatt á árinu 1939 eftir þeim skattstiga, sem hér fer á eftir, í stað þess skattstiga, sem greinir í 6. gr. laga nr. 6 9. jan. 1935, um tekju- og eignarskatt:

Ef hinn skattskyldi hluti teknanna er undir 1000 kr., greiðist af honum 1%.

Af			skattsk. tekjum	greiðast	10 kr. af			1000 kr. og		2 % af afg.
—	2000—	3000 kr.	—	—	30	—	—	2000	—	5 — — —
—	3000—	4000 —	—	—	80	—	—	3000	—	7,5— — —
—	4000—	5000 —	—	—	155	—	—	4000	—	10 — — —
—	5000—	6000 —	—	—	255	—	—	5000	—	15 — — —
—	6000—	7000 —	—	—	405	—	—	6000	—	20 — — —
—	7000—	8000 —	—	—	605	—	—	7000	—	30 — — —
—	8000—	9000 —	—	—	905	—	—	8000	—	31 — — —
—	9000—	10000 —	—	—	1215	—	—	9000	—	31,5— — —
—	10000—	11000 —	—	—	1530	—	—	10000	—	32 — — —
—	11000—	12000 —	—	—	1850	—	—	11000	—	33 — — —
—	12000—	13000 —	—	—	2180	—	—	12000	—	34 — — —
—	13000—	14000 —	—	—	2520	—	—	13000	—	35 — — —
—	14000—	15000 —	—	—	2870	—	—	14000	—	36 — — —
—	15000—	16000 —	—	—	3230	—	—	15000	—	37 — — —
—	16000—	18000 —	—	—	3600	—	—	16000	—	38 — — —
—	18000—	20000 —	—	—	4360	—	—	18000	—	39 — — —
—	20000—	22000 —	—	—	5140	—	—	20000	—	40 — — —
—	22000—	24000 —	—	—	5940	—	—	22000	—	41 — — —
—	24000—	26000 —	—	—	6760	—	—	24000	—	42 — — —
—	26000—	28000 —	—	—	7600	—	—	26000	—	43 — — —
—	28000 og þar yfir		—	—	8460	—	—	28000	—	44 — — —

Félög þau og stofnanir, er um ræðir í a-lið og c-lið 3. gr. laga nr. 6 9. jan. 1935, greiði þó aldrei lægri skatt en 5% af skattskyldum tekjum. Sama er um skattgjald samkv. 2. gr. sömu laga og skattgjald erlendra félaga.

Af skattskyldum tekjum þeirra félaga, er um ræðir í 3. gr. b-lið laga nr. 6 9. jan. 1935, greiðist 10%, ef skattskyldar tekjur þeirra nema 7000 kr. eða þar yfir.

Sá skattauki, sem lagður kann að verða á 6000 kr. skattskyldar tekjur eða þar yfir samkvæmt þessum lögum, skiptist í tvo jafna hluta, og skal öðrum hlutanum varið til þess, sem talið er í 1. gr., en hinn hlutinn skal renna til fiskimálasjóðs, og skal honum varið til þess að lána sjómönnum og verkamönnum, sem gerast þátttakendur í félagi til togarakaupa samkv. 5. gr. laga nr. 61 frá 31. des. 1937, ⅓—½ af tilskildu framlagi þeirra, gegn tryggingum, er fiskimálanefnd tekur gildar, og gangi sjómenn og verkamenn í Reykjavík fyrir um fyrsta skip, sem þannig verður keypt. Verði þessi hluti skattaukans ekki notaður að fullu samkvæmt framanrituðu, rennur afgangurinn til byggingarsjóðs samkvæmt lögum nr. 3 9. jan. 1935, um verkamannabústaði, í hlutfalli við skattauka þann, er innheimtur hefir verið í hverju bæjar- eða sveitarfélagi.

3. gr.

Með því að innheimta á árinu 1939 gjald til ríkissjóðs af vörum þeim, sem fluttar eru hingað til lands og ekki eru undanþegnar því í þessum lögum. Gjaldið skal greiða af innkaupsverði varanna, kominna um borð í skip, sem flytja á vörurnar hingað til lands. Skal hlutaðeigandi tollstjóri stimpla á þann hátt, er ræðir um í lögum nr. 75 27. júní 1921, innkaupsreikninga yfir vörurnar með þeim hundraðshlutum í gjald af innkaupsverðinu, sem hér greinir:

1. Með 2% stimplast reikningar yfir eftirtaldar vörur: Akkeri og akkerisfestar, bátar, baðlyf, björgunartæki, blýsökkur, dráttartaugar fyrir plóga og herfi, fiskábreiður, fiskilínur, fiskinet, fiskmottur, fiskpressur, forardælur, frystivélar, fræ og trjáplöntur, grastó, hafragrjón, hafrar, heyvinnsluvélar, hrífur, hrífutindaefni, hrísgrjón, húðir saltaðar, kjöttunnur og efni í þær, kjötumbúðir, landbúnaðarvélar, ljáir og blöð, lóðarbelgir, lóðartaumar, lóðarteinar, lóðarönglar, lýsistunnur og efni í þær, manilla, mjaltavélar, mótorvélar, netagarn, netakork, netakúlur, olíulampar og tilheyrandi, plógar og herfi, prentpappír, prjónavélar, rúgmjöl, rúgur, sáðvélar, saumavélar, síldarkrydd, síldartunnur og efni í þær, skip, skóflur og landbúnaðarverkfæri allskonar, sláttuvélar, smávarningur á og til fata, svo sem tölur, krókapör, smellur, spennur, leggingar, tvinni, snúrur og teygjubönd, smjörpappír, umbúðastrigi, varahlutir til mótorvéla, veiðarfæri og efni í þau, vélaolíur í tunnum og brúsum, vörpugarn, vörpuhlerar, vörpujárn og vörpur.
2. Með 8% stimplast reikningar yfir allar aðrar vörur en þær, sem tilgreindar eru í 1., 3., 4. og 5. tölulið greinar þessarar, eða eru sérstaklega undanþegnar samkvæmt því, sem segir hér á eftir.
3. Með 10% stimplast reikningar yfir eftirtaldar vörur: Bifhjól, blákka, borðbúnaður, annar en sá, er fellur undir 5. tölulið þessarar greinar. Burstavörur, búsáhöld allskonar, eldhúsáhöld allskonar, fólksflutningsbifreiðar, fægiefni allskonar, glervarningur, greiður, hreinlætisvörur allskonar, húsgögn og húsgagnahlutar, kaffi, lásar, skrár, lamir og tilheyrandi, leirvarningur, línsterkja, postulínsvarningur, ræstiduft, sápa allskonar, sápuduft og spænir. Smávarningur úr alpakka, aluminum, beikalít, beini, blýi, eir, hvítmálmi, járni, látúni, málmblendingi, steintegundum, tini og tré. Speglar, straubretti, straujárn, sykur, tauklemmur, taurullur, tausnúrur, tauvindur, vogir og tilheyrandi, þvottabretti og þvottaefni allskonar.
4. Með 15% stimplast reikningar yfir eftirtaldar vörur: Fatnaður allskonar, band, garn, kakaó, kryddvörur, sagó, skófatnaður, annar en gúmmískófatnaður. Sýróp, te, vefnaðarvörur og vefnaður allskonar.
5. Með 30% stimplast reikningar yfir eftirtaldar vörur: Ávaxtamauk, ávaxtasulta, ávextir niðursoðnir, ávextir nýir, ávextir þurrkaðir, brjóstsykur, grænmeti niðursoðið, grænmeti nýtt, grænmeti þurrkað, gullvarningur, gull og silfur óunnið, hljóðfæri og músikvörur, konfekt, leðurvörur, platínuvarningur, silfurvarn-

ingur, snyrtivörur, súkkulaði, úr og klukkur, vörur úr gull-, silfur- og platínupletti.

Undanþegnar gjaldi þessu eru vörur þær, sem tilgreindar eru í auglýsingu um viðskiptasamkomulag milli Íslands og sameinaða konungsríkisins Stórabretlands og Norður-Írlands, nr. 106 29. júní 1933, þó ekki lengur en sá samningur er í gildi. Ennfremur blöð, bækur, tímarit, áburðarefni, girðingarefni, kol, salt, steinolía, endursendar íslenzkar afurðir, endursendar tómar umbúðir, notaðir heimilismunir manna, sem flytja vistferlum til landsins og hafa verið minnst eitt ár búsettir erlendis, og venjulegur farangur farþega.

Gjöld þau, sem greinir í 1.—5. tölulið hér á undan, skal einnig greiða af vörum þeim, sem innfluttar hafa verið fyrir 1. janúar 1938, en aðflutningsgjöld hafa ekki verið greidd af er lög þessi öðlast gildi.

Verði ágreiningur um það, hvaða vörur skuli taldar og ekki taldar til framangreindra gjaldflokka, fellir fjármálaráðherra um það fullnaðarúrskurð.

Framangreind ákvæði raska að engu leyti gildandi lögum um verðtoll. Ákvæðin um sýning innkaupsreikninga í 1. gr. laga nr. 5 3. apríl 1928, svo og ákvæðin í gildandi reglugerð um verðtoll og ákvæði laga nr. 63 31. desember 1937 og 4. gr. laga nr. 132 31. des. 1935 skulu gilda, eftir því sem við á, um gjald samkvæmt þessari grein.

Sérstök skilagrein skal gerð fyrir gjaldi samkvæmt þessari grein. Fjármálaráðherra getur með reglugerð sett nánari fyrirmæli um greiðslu gjaldsins af vörum, sem sendar eru til landsins í pósti, og um annað, er snertir framkvæmd á ákvæðum greinarinnar, og má í reglugerðinni ákveða sektir fyrir brot á henni.

4. gr.

Með því að innheimta á árinu 1939 8 aura innflutningsgjald af hverjum lítra af benzíni, í stað þess innflutningsgjalds, sem ákveðið er í a-lið 1. gr. laga nr. 84 6. júlí 1932.

Að öðru leyti gilda ákvæði nefndra laga 6. júlí 1932 um innheimtu og endurgreiðslu innflutningsgjalds af benzíni samkvæmt 1. mgr. þessarar greinar.

Þeim tekjuauka, sem leiðir af framangreindri hækkun innflutningsgjaldsins af benzíni frá því, sem það var eftir nefndum lögum frá 1932, skal varið til að greiða kostnað við lagning akvega og malbikun þjóðvega svo sem hér greinir:

1.	Til malbikunar:		
	a. Elliðaárvegur	allt að	50000 kr.
	b. Hafnarfjarðarvegur	— —	50000 —
2.	Til akvega:		
	a. Til Suðurlandsbrautar	— —	70000 —
	b. — Vatnsskarðsvegar	— —	40000 —
	c. — Austurlandsvegar	— —	17000 —
	d. — vega út frá Akureyri	— —	15000 —
	e. — Ljósavatnsskarðsvegar	— —	5000 —
	f. — Sogsvegar	— —	16000 —
	g. — Steingrímsfjarðarheiðarvegar	— —	12000 —
	h. — vega í Vestmannaeyjum	— —	3000 —
	i. — Siglufjarðarskarðsvegar	— —	4000 —
	j. — vega út frá Seyðisfirði	— —	3000 —

Að því leyti sem ofangreindur tekjuauki kann að fara fram úr 285000 kr., skal verja allt að 5000 krónum af því, sem fram yfir þá fjárhæð fer, til tengibrautarinnar milli Norður- og Suðurlands, en afganginn skal leggja í sérstakan sjóð, er verði ráðstafað til lagningar Suðurlandsbrautar á árinu 1940.

5. gr.

Með því að innheimta á árinu 1939 með 11% viðauka alla skatta, tolla og önnur gjöld, sem greiða ber í ríkissjóð og falla í gjalddaga á árinu, og því einnig skatta og gjöld samkvæmt 2., 3. og 4. gr. laga þessara.

Framangreindu 11% gjaldi skal einnig bætt við aðflutningsgjöld af vörum, sem fluttar hafa verið til landsins fyrir 1. janúar 1938, en aðflutningsgjöld hafa ekki verið greidd af fyrir gildistöku laga þessara.

Undanþegin viðaukagjaldi samkvæmt 1. mgr. þessarar greinar eru útflutningsgjöld samkvæmt lögum nr. 63 23. jan. 1935, gjöld samkvæmt lögum nr. 25 9. jan. 1935 og aðflutningsgjöld af vörum þeim, sem tilgreindar eru í auglýsingu nr. 106 29. júní 1933, þó ekki lengur en samningur sá, sem þar er birtur, er í gildi.

Fjármálaráðherra setur nánari reglur um innheimtu viðaukagjaldsins samkvæmt þessari grein, svo og um skil á því í ríkissjóð.

6. gr.

Á árinu 1939 er ríkisstjórninni heimilt:

a. að endurgreiða fiskveiðagufuskipum vörutoll af kolum, sem þau nota til fiskveiða í salt.
b. að falla frá innheimtu vörutolls af salti.

Heimild þessi sé þó því aðeins notuð, að bæjar- eða hreppsfélög, sem hlut eiga að máli, eða fyrirtæki, sem rekin eru af þeim, veiti útgerðinni hliðstæð hlunnindi, að dómi ríkisstjórnarinnar, með lækkun á gjöldum.

Noti ríkisstjórnin heimild þessa, heimilast henni að hækka skatt- og tollviðauka þann, sem um ræðir í 5. gr. laga þessara, úr 11% í 12%.

7. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1939.

Ed. 552. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 75 27. júní 1921, um stimpilgjald, og lögum nr. 25 9. jan. 1935, um viðauka við þau.

(Eftir 3. umr. í Nd.).

1. gr.

11. gr. laga nr. 75 27. júní 1921 skal orða svo:

Stimpilgjaldið greiðist með því að nota stimplaðan pappír eða líma stimpilmerki á skjalið, eða hvorutveggja, eða þá með ástimplunum stimpilmerkjavéla, sem ríkisstjórnin tekur gildar.

2. gr.

Aftan við A. 2. í 5. gr. laga nr. 25 9. jan. 1935 bætist: svo og tékkar ríkisstofnana, enda sé stimplað á þá „Ríkisstofnun — Stimpilfrjáls“.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ed. 553. Breytingartillögur

við frv. til laga um bráðabirgðatekjuöflun ríkissjóðs og jöfnunarsjóðs bæjar- og sveitarfélaga.

Frá fjárhagsnefnd.

1. Við 4. gr. tölul. 2.
   a. Fyrir „70000“ (Suðurlandsbraut) komi: 63000.
   b. — „40000“ (Vatnsskarðsvegur) komi: 36000.

c. Fyrir „17000“ (Austurlandsvegur) komi: **15300.**
d. — „15000“ (Vegir út frá Akureyri) komi: **13500.**
e. — „5000“ (Ljósavatnsskarðsvegur) komi: 4500.
f. — „16000“ (Sogsvegur) komi: 14400.
g. — „12000“ (Steingrímsfjarðarheiðarvegur) komi: 10800.
h. — „3000“ (Vegir í Vestmannaeyjum) komi: 2700.
i. — „4000“ (Siglufjarðarskarðsvegur) komi: 15750.
j. — „3000“ (Vegir út frá Seyðisfirði) komi: 2700.

2. Aftan við staflið j. komi nýr stafliður:
k. Öxnadalsvegur 5670.

3. Síðasta málsgrein greinarinnar orðist svo:
Það sem ofangreindur tekjuauki kann að fara fram úr kr. 284320.00 leggist í sérstakan sjóð, er verði ráðstafað til lagningar Suðurlandsbrautar á árinu 1940.

Nd. 554. Lög

um lífeyrissjóð ljósmæðra.

(Afgreidd frá Nd. 10. maí).

Samhljóða þskj. 528.

Nd. 555. Lög

um breyting á lögum nr. 1 5. jan. 1938, um síldarverksmiðjur ríkisins.

(Afgreidd frá Nd. 10. maí).

Samhljóða þskj. 539.

Nd. 556. Nefndarálit

um frv. til laga um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að ábyrgjast fyrir Reykjavíkurkaupstað lán til hitaveitu.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin mælir með, að frumvarpið verði samþykkt. Þó áskilja nefndarmenn sér rétt til að bera fram breytingartillögur við það, eða fylgja breytingartillögum, sem fram kunna að koma.

Alþingi, 10. maí 1938.

Sveinbjörn Högnason, form. Finnur Jónsson, fundaskr., frsm. Steingr. Steinþórsson.
Stefán Stefánsson. Ólafur Thors.

Nd. 557. Breytingartillaga

við frv. til laga um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að ábyrgjast fyrir Reykjavíkurkaupstað lán til hitaveitu.

Flm.: Steingrímur Steinþórsson, Sveinbjörn Högnason, Stefán Stefánsson.

Við 1. gr. Frumvarpsgreinin orðist þannig:
Ríkisstjórninni er heimilt, gegn þeim tryggingum, er hún metur gildar, að

ábyrgjast fyrir hönd ríkissjóðs lán fyrir Reykjavíkurkaupstað til hitaveitu, allt að 5,6 milljónum króna, eða jafngildi þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt, þó aldrei yfir 80% af stofnkostnaði hitaveitunnar.

Nd. 558. Breytingartillaga

við brtt. á þskj. 526 [Mæðiveiki].

Frá Bergi Jónssyni.

Efni till. orðist svo: Milli Steingrímsfjarðar og Þorskafjarðar eða Berufjarðar.

Ed. 559. Frumvarp til laga

um varnir gegn útbreiðslu mæðiveikinnar og stuðning til bænda, er beðið hafa tjón af henni.

(Eftir 3. umr. í Nd.).

Samhljóða þskj. 483 með þessari breytingu:
5. gr. hljóðar svo:
Aðalvarðlínur skulu vera þessar:

1. Meðfram Þjórsá frá sjó upp í Hofsjökul.
2. Meðfram Héraðsvötnum og Jökulsá eystri frá sjó og upp í Hofsjökul.
3. Milli Steingrímsfjarðar og Þorskafjarðar eða Berufjarðar.

Þessar aðalvarðlínur skal treysta með girðingum og varðmönnum eftir því, sem þörf krefur og öruggast er talið á hverjum stað.

Ed. 560. Breytingartillögur

við frv. til l. um varnir gegn útbreiðslu mæðiveikinnar og stuðning til bænda, er beðið hafa tjón af henni.

Frá Páli Zóphóníassyni.

1. Við 6. gr. Á eftir orðunum „upp í Langjökul“ komi: og milli Kollafjarðar og Ísafjarðar.
2. Á eftir II. kafla (26. gr.) frv. kemur nýr kafli með fjórtán nýjum greinum, svo hljóðandi (og breytist kafla- og greinatala á eftir samkvæmt því):

a. **III. KAFLI**
Um heimild til fjárskipta.

b. (27. gr.). Ráðherra er heimilt að láta fram fara fjárskipti til útrýmingar mæðiveikinni í þeim héruðum, er veikin hefir gert vart við sig og nokkur grunur er á um, að hún geti leynzt.
Fjárskipti koma því aðeins til framkvæmda:

1. að læknar rannsóknarstofu háskólans, sem hafa haft rannsóknir á veikinni með höndum, telji vonlítið, að meðul gegn veikinni finnist bráðlega.
2. að læknar rannsóknarstofunnar ásamt framkvæmdanefnd telji öruggt, að veikin sé stöðvuð við aðalvarðlínurnar.

3. að framkvæmdanefnd líti svo á, að fjárskipti séu líklegasta leiðin til þess að vinna bug á veikinni.

c. (28. gr.). Nú ákveður ráðherra, í samráði við framkvæmdanefnd, að fjárskipti skuli fram fara, og skal þá í reglugerð, er ráðherra setur, kveða á um, hvar og á hve löngum tíma fjárskiptin skuli framkvæmd.

Héruð þau eða héraðshlutar, sem fjárskipti eru framkvæmd í, skal einangra með girðingum og varðmönnum, svo að öruggt sé. Kostnaður við girðingar þær og vörzlu, sem hér um ræðir, greiðist á sama hátt og við aðalvarðlínur.

d. (29. gr.). Nú ákveður ráðherra, að fjárskipti skuli fram fara, og eru þá allir fjáreigendur á því svæði skyldir að hafa lógað fé sínu fyrir þann dag, er framkvæmdanefnd ákveður.

Fjáreigandi, sem eigi hefir lógað öllu fé sínu fyrir hinn tilsetta tíma, skal sæta dagsektum, 50—100 kr., nema því valdi ástæður, sem hann á ekki sök á.

Neiti fjáreigandi að lóga fé sínu, er hreppstjóra skylt að láta lóga því á kostnað eiganda.

e. (30. gr.). Framkvæmdanefnd getur ákveðið, að fjallgöngur og réttir fari fyrr fram en fjallskilareglugerð mælir fyrir á því hausti og í þeim héruðum, er fjárskipti fara fram. Jafnframt er fjallskilastjórunum í þeim héruðum skylt að láta fara fram almennar fjárleitir eftir að sauðfjárslátrun er lokið. Fjárleitir þessar skal gera jafnt á afréttum og heimalöndum, og skulu þær ekki verr mannaðar en fyrstu göngur. Fjallskilum þessum skal jafna niður með öðrum fjallskilum. Nefndin getur fyrirskipað frekari eftirleitir, ef henni þykir ástæða til.

f. (31. gr.). Nú hafa bændur lógað öllu fé sínu, og er þeim þá heimilt að kaupa og flytja heim til sín líflömb úr héruðum, sem framkvæmdanefnd ákveður.

Fullorðnar kindur má ekki kaupa nema með samþykki nefndarinnar.

Lömb, sem keypt hafa verið, skulu höfð í gæzlu þar til þau eru tekin á hús og hey.

g. (32. gr.). Fjáreigendur utan aðalvarnarlínanna eru skyldir til að selja öll sín gimbrarlömb til lífs til þeirra fjáreigenda, sem verða að lóga öllu fé sínu, ef krafa kemur fram um það frá framkvæmdanefnd.

Nefndin skal gera sýslumönnum aðvart áður en slátrun hefst, ef kaupa á líflömb úr þeim sýslum, og skal þá fresta slátrun gimbrarlamba unz kaup hafa farið fram.

h. (33. gr.). Kjötverðlagsnefnd skal reikna út og ákveða verð dilka eftir lifandi þunga, miðað við kjöt- og gæruverðlag þess árs. Skulu fjáreigendur skyldir að selja bændum úr mæðiveikihéruðunum líflömb fyrir það verð.

Nú reynist verð sláturlamba hærra en kjötverðlagsnefnd hafði ákveðið, og skal þá greiða fjáreigendum uppbót á líflömbin samkvæmt tillögum kjötverðlagsnefndar. Uppbætur þessar greiðast af ríkissjóðsstyrk viðkomandi bænda samkv. 39. gr. laga þessara.

i. (34. gr.). Bændur, sem lóga fé sínu vegna fjárskipta, fá styrk úr ríkissjóði til kaupa á líflömbum. Styrkurinn miðast við tölu keyptra líflamba og veitist aldrei á fleiri lömb en svarar ærtölu fjáreiganda við síðasta skattframtal áður en veikin gerði vart við sig.

Styrkur á keypt líflömb greiðist þannig:

Á líflömb allt að 50% af ærtölu kaupanda greiðast kr. 7.00 á hvert lamb, og kr. 5.00 á hvert lamb á næstu 50%.

Þó skal styrkurinn á fyrri helming líflambanna lækka, ef meðalverð lækkar frá því, sem nú er, þannig að hann nemi aldrei meiru en $\frac{2}{5}$ kaupverðs. Lækkar þá styrkur á síðari helming líflamba að sama skapi.

Ríkissjóður greiðir flutning líflamba á sjó og á bifreiðum, þar sem ekki verður hjá komizt að flytja lömbin yfir sýkt héruð, að dómi framkvæmda-

nefndar. Annan kostnað greiði kaupendur. Styrkur til líflambakaupa greiðist aðeins haustið, sem fjárskipti fara fram, og næsta haust á eftir.

j. (35. gr.). Trúnaðarmenn framkvæmdanefndar skulu hafa eftirlit með flutningi líflamba yfir sýkt héruð. Þeir skulu einnig fullvissa sig um tölu líflamba, sem flutt eru inn í héraðið, og bókfæra lambatölu hvers kaupanda.

Bændur eða umboðsmenn þeirra, er kaupa líflömb, eru skyldir til þess að auðkenna hvert lamb um leið og það er vigtað með áframhaldandi tölumerki, er sé „tattoverað" innan á vinstra eyra; þyngd og merki hvers lambs skal jafnframt bókfæra. Líflömb, sem flutt eru inn í hérað til fjárskipta, skulu trúnaðarmenn auðkenna með merki, sem nefndin ákveður, um leið og féð er talið og því er skipt milli kaupenda. Öllum öðrum en trúnaðarmönnum er óheimilt að nota slíkt merki. Vanræki einhver að láta trúnaðarmann merkja lömb sín, skal lömbunum lógað og eigandi sæta sektum.

k. (36. gr.). Nú hafa sýktar eða grunaðar kindur komizt saman við líflömb, og skal þá eigandi lambanna eða sá, er verður þeirra fyrstur var, þegar í stað gera næsta hreppstjóra eða trúnaðarmanni aðvart. Ber þeim að bregða samstundis við og einangra féð, en öllu fénu skal lóga hið fyrsta. Eiganda skulu greiddar fullar bætur fyrir fjármissi og óþægindi.

l. (37. gr.). Veturinn eftir að fjárskipti hafa farið fram skal framkvæmdanefnd kveðja til þá menn, er hún treystir bezt til þess að rannsaka fé bænda og framkvæma leit á heimilum á því svæði, svo að ugglaust megi telja, að hvergi sé sýktu eða grunuðu fé leynt.

Nú kemur í ljós, að fé hafi verið haldið á laun, og skal það þá tekið ásamt öllu fé, sem það hefir komið saman við, og lógað á kostnað þess, er leyndi, Sá, sem leynir fé, skal sæta fangelsi. Verði brot þess, er leyndi, orsök þess, að lóga verður fé annara manna, skal hann skyldur að bæta þeim tjón þeirra og óþægindi, er af því hlýzt.

m. (38. gr.). Nú hafa bændur lógað fé sínu og fjárskipti farið fram, og skal þá greiða þeim úr ríkissjóði næsta haust kr. 6.50 á hverja á, sem þeir áttu samkvæmt síðasta skattaframtali áður en veikin barst í fé þeirra eða fjárskipti fóru fram, enda fái þeir ekki annan styrk úr ríkissjóði á því ári vegna mæðiveikinnar. Þessi styrkur er og lokastyrkur og greiðist ekki bændum þeim, er þá hafa brugðið búi.

n. (39. gr.). Framkvæmdanefnd er heimilt að láta búlausa fjáreigendur, þar með taldir tómthúsmenn, í mæðiveikihéruðunum njóta sama styrks og bændur, hafi þeir átt að minnsta kosti yfir 5 ær við síðasta skattframtal áður en veikin kom í fé þeirra.

3. Við fyrirsögn frv. bætist: og heimild til fjárskipta.

Ed. 561. Breytingartillaga

við frv. til l. um bráðabirgðatekjuöflun ríkissjóðs og jöfnunarsjóðs bæjar og sveitarfélaga.

Frá Magnúsi Jónssyni.

Við 4. gr. Síðasta málsgr. orðist svo:

Að því leyti sem ofangreindur tekjuauki kann að fara fram úr 284320 kr., skal verja allt að 5000 kr. af því, sem fram yfir er þá fjárhæð, til tengibrautarinnar milli Norður- og Suðurlands, sunnan Holtavörðuheiðar, en afganginn skal leggja í sérstakan sjóð, er verði ráðstafað til lagningar Suðurlandsbrautar á árinu 1940.

Ed. 562. Breytingartillaga

við brtt. á þskj. 548 [Atvinna við siglingar].

Frá Sigurjóni Á. Ólafssyni og Erlendi Þorsteinssyni.

Við tölul. 1. Í stað „þorskveiða“ komi: fiskveiða.

Ed. 563. Lög

um breyting á lögum nr. 71 28. nóv. 1919, um laun embættismanna.

(Afgreidd frá Ed. 10. maí).

Samhljóða þskj. 493.

Ed. 564. Lög

um breyting á lögum nr. 1 3. jan. 1890, um lögreglusamþykktir fyrir kaupstaðina

(Afgreidd frá Ed. 10. maí).

Samhljóða þskj. 439.

Sþ.

565. Fjárlög

fyrir árið 1939.

(Afgreidd 11. maí).

I. KAFLI

Tekjur:

1. gr.

Árið 1939 er ætlazt til, að tekjur ríkisins verði svo sem talið er í 2.—5. gr., og að þeirra verði aflað með tekjugreinum, sem þar eru taldar.

2. gr.

Ætlað er á, að þessir skattar og tollar nemi:

		kr.	kr.
1.	Fasteignaskattur	445000	
2.	Tekjuskattur og eignarskattur	1720000	
3.	Hátekjuskattur	222000	
4.	Lestagjald af skipum	55000	
			2442000
5.	Aukatekjur	665000	
6.	Erfðafjárskattur	56000	
7.	Vitagjald	490000	
8.	Leyfisbréfagjöld	28000	
9.	Stimpilgjald	585000	
10.	Stimpilgjald af ávísunum og kvittunum	75000	
11.	Bifreiðaskattur	410000	
12.	Benzínskattur	305000	
			2614000
13.	Útflutningsgjald ..... kr. 460000		
	Þar af til fiskimálasjóðs ..... — 450000		
		10000	
	Af fé þessu skal 50 þús. kr. varið til styrktar þeim, er kaupa nýja vélbáta til fiskveiða, smíðaða innanlands, og veitist styrkurinn samkvæmt ákvörðun fiskimálanefndar, með samþykki atvinnumálaráðherra.		
14.	Áfengistollur (þar á meðal óáfengt öl, áfengislaus vín, ávaxtasafi og gosdrykkir)	1200000	
15.	Tóbakstollur	1500000	
16.	Kaffi- og sykurtollur	1245000	
17.	Annað aðflutningsgjald	72000	
18.	Vörutollur	1555000	
19.	Verðtollur	1400000	
20.	Gjald af innfluttum vörum	1530000	
			8512000
	Flyt	. . .	13568000

	kr.	kr.
Flutt	. . .	13568000
21. Gjald af innlendum tollvörum		500000
22. Skemmtanaskattur		135000
23. Veitingaskattur		100000
Samtals ...	. . .	14303000

3. gr.

	kr.	kr.
A.		
Tekjur af rekstri ríkisstofnana eru áætlaðar:		
1. Rekstrarhagnaður póstsjóðs	1000	
2. — landssímans	572000	
3. — áfengisverzlunar	1600000	
4. — tóbakseinkasölu	630000	
5. — ríkisprentsmiðju	53000	
6. — landssmiðju	»	
7. — Vífilsstaðabús	5000	
8. — Kleppsbús	5000	
9. — Bifreiðaeinkasölu	66000	
10. — Raftækjaeinkasölu	90460	
		3022460
Frá dregst: Rekstrarhalli ríkisútvarps		11500
Samtals ...	. . .	3010960
Sundurliðun.		
1. Póstsjóður.		
I. Tekjur		650000
II. Gjöld:		
1. Póststjórnarkostnaður	37000	
2. Pósthúsið í Reykjavík	207000	
3. Önnur pósthús:		
a. Póstafgreiðslur 131000		
b. Bréfhirðingar 23000		
	154000	
4. Póstflutningur	200000	
5. Önnur gjöld	46860	
6. Fyrning	4140	
		649000
Fært á 3. gr. A. 1	. . .	1000

		kr.	kr.
	2. Landssíminn.		
I.	Tekjur ...		2350000
II.	Gjöld:		
	a. Til einkasíma í sveitum ...	20000	
	b. Til starfrækslu landssímanna m. m.		
	1. Kostnaður af aðalskrifstofu landssímans 75000		
	2. Ritsímastöðin í Reykjavík ... 215000		
	3. Loftskeytastöðin í Reykjavík ... 48000		
	4. Stuttbylgjustöð í Reykjavík ... 75000		
	5. Bæjarsíminn í Reykjavík og Hafnarfirði 520000		
	6. Áhaldahúsið ... 20000		
	7. Ritsímastöðin á Akureyri ... 62000		
	8. Ritsímastöðin á Seyðisfirði ... 62000		
	9. Ritsímastöðin á Ísafirði ... 39000		
	10. Símastöðin á Borðeyri ... 17000		
	11. Símastöðin í Vestmannaeyjum ... 34000		
	12. Símastöðin á Siglufirði ... 35000		
	13. Til annara símastöðva og eftirlitsstöðva 135000		
		1337000	
	Uppbót á launum greiðist eftir sömu reglum og 1937, enda færist þær greiðslur á framangreinda liði viðkomandi stöðva.		
	c. Eyðublöð, prentkostnaður, ritföng m. m. ...	55000	
	d. Viðbót og viðhald stöðvanna ...	50000	
	e. Kostnaður af ferðalögum etc. ...	10000	
	f. Viðhald landssímanna ...	230000	
	g. Framhaldsgjald ...	25000	
	h. Til kennslu handa símamönnum ...	2000	
	i. Tillag til alþjóðaskrifstofunnar í Bern ...	3000	
	j. Ýms gjöld ...	10000	
	Þar af 1000 krónur til fyrrv. símaverkstjóra, eftir tillögum símamálastjóra.		
	k. Fyrning á húsum og áhöldum ...	30000	
	l. Burðargjald ...	6000	
			1778000
	Fært á 3. gr. A. 2	. . .	572000
	Eignabreytingar.		
	Út.		
I.	Afborgun af lánum L. M. Ericsson, Marconi o. fl.		215000
II.	Til viðauka símakerfa, smærri efnis- og áhaldakaupa		45000
III.	Til nýrra símalína ...		50000
	að því tilskildu, að samkomulag náist við héruð, er hlut eiga að máli.		
IV.	Til talstöðva í báta og skip ...		20000
V.	Til loftskeytastöðva í skip ...		15000
	Fært á 20. gr. Út I. 2. og II. 1	. . .	345000

		kr.	kr.
3. Áfengisverzlun ríkisins.			
I. Tekjur (brúttó hagnaður)			1905000
II. Gjöld:			
Laun starfsmanna og vinnulaun	140000		
Útsvar	90000		
Húsaleiga, ljós, hiti	6000		
Annar kostnaður	60000		
Fyrning á fasteign og áhöldum	9000		
			305000
Fært á 3. gr. A. 3		. . .	1600000
4. Tóbakseinkasalan.			
I. Tekjur (brúttó hagnaður)			815000
II. Gjöld:			
Laun	76280		
Annar kostnaður	63720		
		140000	
Útsvar, áætlað tap á skuldum o. fl.		45000	
			185000
Fært á 3. gr. A. 4		. . .	630000
5. Ríkisútvarpið.			
I. Tekjur:			
a. Afnotagjöld		410000	
b. Aðrar tekjur		60000	
II. Gjöld:			470000
a. Starfræksla:			
1. Starfsmannalaun	154300		
2. Útvarpsefni	60000		
3. Skrifstofukostnaður	45000		
4. Húsaleiga, ljós, hiti	35000		
5. Til útvarpsstöðva	150000		
6. Til hleðslu- og viðgerðarstöðva og til að greiða fyrir útvarpsnotum	20000		
7. Óviss gjöld	15000		
		479300	
b. Vextir	34000		
c. Fyrning á húsi og vélum	50000		
		84000	
			563300
Tap		. . .	93300
III. Rekstur viðtækjaverzlunar:			
a. Tekjur		165000	
b. Gjöld:			
1. Laun starfsmanna	41200		
2. Húsaleiga o. fl.	8000		
3. Annar kostnaður	34000		
		83200	
			81800
Fært til frádráttar á 3. gr. A. tekjuhalli		. . .	11500
Eignabreytingar:			
Afborgun af láni til stækkunar (sjá 20. gr. Út I. 2. b.)		. .	75000

		kr.	kr.
6. Ríkisprentsmiðjan.			
I. Tekjur (prentvinna)			500000
II. Gjöld:			
1. a. Laun starfsmanna	29400		
b. Vinnulaun og aðkeypt vinna	275600		
		305000	
2. Efnivörur		75000	
3. Vélarekstur og viðhald		15000	
4. Vextir		7000	
5. Annar kostnaður		29000	
6. Fyrning		16000	
			447000
Fært á 3. gr. A. 5		. . .	53000
7. Landssmiðjan.			
I. Tekjur:			
1. Ágóði á vörum		10000	
2. — á járnsmíðadeild		59000	
3. — á trésmíðadeild		4000	
4. — á járnsteypu		2000	
			75000
II. Gjöld:			
1. Laun starfsmanna		21900	
2. Vextir		11000	
3. Afsláttur og skuldatöp		6500	
4. Annar kostnaður		24600	
5. Fyrning		11000	
			75000
Fært á 3. gr. A. 6		. . .	»
8. Bifreiðaeinkasala.			
I. Tekjur		152000	
II. Gjöld:			
1. Laun starfsmanna	18400		
2. Húsaleiga, hiti o. fl.	7500		
3. Vextir	14000		
4. Annar kostnaður	18500		
		58400	
			93600
Frá dregst hluti bæjar- og sýslufélaga 30%			27600
Fært á 3. gr. A. 9		. . .	66000

		kr.	kr.
9. Raftækjaeinkasala.			
I. Tekjur		272000	
II. Gjöld:			
1. Laun starfsmanna	72040		
2. Húsaleiga, hiti o. fl.	13000		
3. Annar kostnaður	59000		
		144040	
			127960
Frá dregst hluti bæjar- og sýslufélaga 30%			37500
Fært á 3. gr. A. 10		. . .	90460
B.			
Tekjur af fasteignum ríkissjóðs eru taldar:			
1. Eftirgjald eftir jarðeignir ríkissjóðs (þjóðjarðir)			20000
2. Tekjur af jarðeignum á Stokkseyri og Eyrarbakka			11000
3. Arnarhvoll:			
a. Tekjur		60000	
b. Gjöld:			
1. Vextir	20800		
2. Ýmiskonar rekstrarkostnaður	33560		
3. Fyrning hússins (sjá 20. gr.)	3640		
		58000	
			2000
Samtals ...		. . .	33000

4. gr.

Tekjur af bönkum og vaxtatekjur eru áætlaðar:

	kr.	kr.
1. Vextir af bankavaxtabréfum og jarðræktarbréfum		10600
2. Vextir af stofnfé Landsbankans, 6% af 3000000		180000
3. Vextir af veðd.bréfum Búnaðarbankans, 6% af 1350000		77400
4. Aðrir vextir		240000
Samtals ...	. . .	508000

5. gr.

Óvissar tekjur eru taldar 50000 kr.

II. KAFLI

Gjöld:

6. gr.

Árið 1939 eru veittar til gjalda fjárhæðir þær, sem tilgreindar eru í 7.—19. gr.

7. gr.

Vextir af lánum ríkissjóðs eru taldir:

	kr.	kr.
1. Innlend lán		157045
2. Dönsk lán		33922
3. Ensk lán		1152386
4. Vextir af lausaskuldum		336647
Samtals ...	. . .	1680000

8. gr.

	kr.	kr.
Borðfé Hans Hátignar konungsins		60000

9. gr.

Til alþingiskostnaðar og yfirskoðunar ríkisreikninga er veitt:

	kr.	kr.
1. Til alþingiskostnaðar		240000
2. Til yfirskoðunar ríkisreikninga		3750
3. Fyrning á alþingishúsi (sjá 20. gr.)		2170
Samtals ...	. . .	245920

10. gr.

Til ríkisstjórnarinnar er veitt:

		kr.	kr.
I. Stjórnarráðið, ríkisféhirðir, ríkisbókhald o. fl.			
1. Til ráðherra:			
a. Laun	30000		
b. Til risnu	6000		
		36000	
2. Til utanferða ráðherra		6000	
3. Stjórnarráðið:			
a. Laun:			
1. Atvinnumálaráðuneytið	35300		
2. Dómsmálaráðuneytið	27500		
3. Fjármálaráðuneytið	48900		
4. Aðrir starfsmenn	19765		
	131465		
b. Annar kostnaður	38535		
		170000	
4. Ríkisféhirzla og bókhald:			
a. Laun	32850		
b. Annar kostnaður	8450		
		41300	
5. Pappír, prentun og hefting ríkisreikninga		4000	
6. Til þess að gefa út stjórnartíðindi:			
a. Þóknun fyrir ritstjórn tíðindanna o. fl.	700		
b. Til pappírs og prentunar	20000		
c. Til kostnaðar af sendingu með póstum	2000		
		22700	
7. Til umbóta og viðhalds á stjórnarráðshúsinu og ráðherrabústaðnum og til hitunar og lýsingar hans		10000	
8. Fyrning á stjórnarráðshúsi og ráðherrabústað (sjá 20. gr.)		2046	
			292046
II. Hagstofan:			
1. Laun samkvæmt launalögum		11000	
2. Önnur laun og aðstoð		30000	
3. Pappír, prentun og hefting hagskýrslna		16000	
4. Prentun eyðublaða		2000	
5. Húsaleiga, hiti og ljós m. m.		6300	
6. Annar kostnaður		1000	
			66300
III. Utanríkismál o. fl.			
1. Til sendiráðs í Kaupmannahöfn:			
a. Laun sendiherra	10000		
b. Húsaleiga	7000		
c. Kostnaður við embættið	25000		
d. Til skrifstofuhalds	20000		
		62000	
Flyt		62000	358346

	kr.	kr.
Flutt	62000	358346
2. Til meðferðar utanríkismála	17000	
3. Ríkisráðskostnaður	4000	
4. Kostnaður af sambandslaganefnd	6000	
5. — vegna samninga við erlend ríki	60000	
		149000
Samtals ...	. . .	507346

11. gr.

Til dómgæzlu, lögreglustjórnar o. fl. er veitt:

	kr.	kr.
A.		
Dómgæzla og lögreglustjórn.		
1. Hæstiréttur:		
a. Laun	32000	
b. Annar kostnaður	14000	
		46000
2. Laun bæjarfógeta, sýslumanna og lögreglustjóra		132740
3. Laun hreppstjóra		22000
4. Skrifstofukostnaður lögmannsins í Reykjavík:		
a. Laun	35600	
b. Húsaleiga, hiti, ljós og ræsting	5500	
c. Ýmis gjöld	6500	
		47600
5. Skrifstofukostnaður tollstjórans í Reykjavík:		
a. Laun og aðstoð	115210	
b. Húsaleiga, ljós og hiti	8400	
c. Ýmis gjöld	14000	
		137610
6. Skrifstofukostnaður lögreglustjórans í Reykjavík:		
a. Laun	38700	
b. Ljós, hiti og ræsting	12200	
c. Ýmis gjöld	14000	
		64900
7. Toll- og löggæzla:		
a. Í Reykjavík:		
1. Laun og aðstoð 65800		
2. Annar kostnaður 50000		
	115800	
Flyt ...	115800	450850

		kr.	kr.
	Flutt	115800	450850
	b. Utan Reykjavíkur:		
	1. Laun 27000		
	2. Annar kostnaður 13000		
		40000	
	c. Eftirlit á vegum:		
	1. Laun 5400		
	2. Annar kostnaður 10000		
		15400	
8.	Bifreiðaeftirlit:		171200
	a. Laun 10000		
	b. Annar kostnaður 18000		
		28000	
	÷ Prófgjöld og skoðunargjöld	16000	
			12000
9.	Hluti ríkissjóðs af kostnaði við lögregluna í Reykjavík		50000
10.	Skrifstofukostnaður sýslumanna, bæjarfógeta og lögreglustjóra		153000
	Þar af 10 þús. kr., er skiptast milli bæjarfógeta, og 5 þús. kr., er skiptast milli sýslumanna, eftir fyrirmælum dómsmálaráðherra.		
11.	Til Steingríms Jónssonar fyrrv. bæjarfógeta, uppbót á skrifstofufé		5000
12.	Til landhelgisgæzlu		500000
	Þar af til landhelgissjóðs 20000 kr.		
13.	Til hegningarhússins í Reykjavík og viðhaldskostnaður fangahúsa		15000
	(Þar af fyrning 1770 kr. sjá 20. gr.).		
14.	Til vinnuhælisins á Litla-Hrauni:		
	a. Rekstrarhalli	50000	
	b. Kostnaður við verklegar framkvæmdir fyrir ríkið ..	20000	
	(Þar af fyrning 5300 sjá 20. gr.).		
			70000
15.	Sakamálakostnaður og lögreglumála		70000
16.	Borgun til sjódómsmanna		2000
17.	Til setu- og varadómara		10000
18.	Til Bjarna Magnússonar, Stykkishólmi, uppbót í eitt skipti á fangavarðarlaun		400
19.	Löggildingarstofan:		
	a. Laun 17300		
	b. Annar kostnaður 7500		
	c. Til áhaldakaupa 1000		
		25800	
	÷ Tekjur	14000	
			11800
20.	Laun sáttasemjara í vinnudeilum, sbr. l. nr. 55 1925		1500
	Samtals A	. . .	1522750

		kr.	kr.
	B.		
	Sameiginlegur kostnaður við embættisrekstur.		
1.	Burðareyrir og embættisskeyti:		
	a. Endurgjald handa embættismönnum fyrir burðareyri undir embættisbréf	55000	
	b. Fyrir embættisskeyti	75000	
			130000
2.	Brunaábyrgðar- og fasteignagjald nokkurra ríkisfasteigna		27000
3.	Til embættiseftirlitsferða		6000
4.	Gjöld til skattanefnda, yfirskattanefnda, skattstofu Reykjavíkur og fyrir skattvirðingar:		
	a. Skattstofan í Reykjavík 60000		
	÷ hluti bæjarsjóðs, ⅓ af 54000 kr. 18000		
		42000	
	b. Skattanefndir	38000	
	c. Fasteignamat	40000	
			120000
5.	Til ríkisskattanefndar		12000
6.	Eyðublöð, bókband, auglýsingar o. fl.		34000
	Samtals B	. . .	329000

12. gr.

Til læknaskipunar og heilbrigðismála er veitt:

			kr.	kr.
1.	Laun			218000
2.	Til skrifstofukostnaðar landlæknis, eftir reikningi			8000
3.	Styrkur til læknisvitjana handa sveitum, sem eiga sérstaklega erfiða læknissókn, eftir reikningum			12550
	Í Borgarneshéraði:			
	Kolbeinsstaðahreppur	200		
	Eyjahreppur	200		
	Í Ólafsvíkurhéraði:			
	Staðarsveit	200		
	Breiðavíkurhreppur	300		
	Neshreppur utan Ennis	300		
	Í Stykkishólmshéraði:			
	Eyrarsveit	500		
	Miklaholtshreppur	200		
	Skógarstrandarhreppur	250		
	Í Dalahéraði:			
	Skarðs- og Klofningshreppur, 150 kr. til hvors	300		
	Fellsstrandarhreppur	200		
	Saurbæjarhreppur	200		
	Í Reykhólahéraði:			
	Gufudalssveit	250		
	Flyt	3100	. . .	238550

		kr.	kr.
Flutt	3100	. . .	238550
Í Flateyjarhéraði:			
Múlahreppur	250		
Í Patreksfjarðarhéraði:			
Rauðasandshreppur	150		
Barðastrandarhreppur	150		
Í Flateyrarhéraði:			
Suðureyrarhreppur	300		
Í Ögurhéraði:			
Reykjarfjarðarhreppur, Nauteyrarhreppur og Snæfjallahreppur	750		
Styrkurinn skiptist milli nefndra hreppa í hlutfalli við kostnað þeirra við læknisvitjanir.			
Í Hesteyrarhéraði:			
Grunnavíkurhreppur	300		
Sléttuhreppur	300		
Í Reykjarfjarðarhéraði:			
Árneshreppur (sé héraðið læknislaust)	600		
Í Hólmavíkurhéraði:			
Óspakseyrarhreppur	200		
Í Miðfjarðarhéraði:			
Bæjarhreppur	300		
Í Blönduóshéraði:			
Vindhælishreppur fyrir norðan Björg	200		
Í Sauðárkrókshéraði:			
Skefilsstaðahreppur	200		
Í Hofsóshéraði:			
Haganeshreppur	150		
Holtshreppur	150		
Í Húsavíkurhéraði:			
Flateyjarhreppur	200		
Grímseyjarhreppur	400		
Í Öxarfjarðarhéraði:			
Fjallahreppur	200		
Presthólahreppur, til læknisvitjana af Austur-Sléttu	300		
Styrkur til þess að hafa lækni á Raufarhöfn um síldveiðitímann	1000		
Í Þistilfjarðarhéraði:			
Sauðaneshreppur, vegna læknisvitjana frá Skálum og nágrenni þeirra	200		
Skeggjastaðahreppur	200		
Í Hróarstunguhéraði:			
Borgarfjarðarhreppur	300		
Í Fljótsdalshéraði:			
Jökuld.hr. (vegna byggðar í Möðrudalsheiði)	200		
Í Seyðisfjarðarhéraði:			
Loðmundarfjarðarhreppur	150		
Flyt	10250	. . .	238550

		kr.	kr.
Flutt	10250	. . .	238550
Í Norðfjarðarhéraði:			
Mjóifjörður	300		
Í Berufjarðarhéraði:			
Breiðdalshreppur	300		
Í Hornafjarðarhéraði:			
Hofshreppur	400		
Í Síðuhéraði:			
Skaftártunguhreppur	300		
Álftaversbreppur	250		
Í Mýrdalshéraði:			
Austur-Eyjafjallahreppur	200		
Í Rangárhéraði:			
Vestur-Eyjafjallahreppur	200		
Í Eyrarbakkahéraði:			
Selvogshreppur	150		
Í Grímsneshéraði:			
Þingvallahreppur	200		
Samtals	12550		
4. Til læknis í Reykjavík, er skylt sé að gegna sjúkravitjunum í Kjós, Kjalarnesi, Mosfellssveit, Þingvallasveit og Reykjavíkurhéraði, utan kaupstaðarins, og fari eftir taxta héraðslækna			1200
5. Til augnlækningaferða samkv. l. nr. 12 1934			2400
6. Styrkur til tannlæknis Vilhelms Bernhöfts í Reykjavík			800
7. Styrkur til háls-, nef- og eyrnalæknis Ólafs Þorsteinssonar í Reykjavík			800
Styrkur læknanna Vilhelms Bernhöfts og Ólafs Þorsteinssonar er bundinn því skilyrði, að þeir, hvor um sig, segi stúdentum í læknadeild háskólans til í sinni sérfræði og veiti fátæku fólki ókeypis læknishjálp á tilteknum stað, ekki sjaldnar en 4 sinnum á mánuði, og gefi skýrslu um það.			
8. Til Benedikts Tómassonar, til að nema geðveikrafræði erlendis			1500
9. Landsspítalinn			143800
Rekstrarkostnaður sundurliðast þannig:			
A. Laun lækna		43000	
B. Annar kostnaður:			
1. Laun	107900		
2. Matvæli	120000		
3. Lyf og sáraumbúðir	23000		
4. Ljós og eldsneyti	28000		
5. Þvottur og hreinlætisvara	39000		
6. Viðhald húsa og fastra muna	22700		
7. — lausra muna (þar með fatnaður) ..	14000		
Flyt	354600	43000	389050

		kr.	kr.
Flutt	354600	43000	389050
8. Fatnaður og vefnaðarvara	15000		
9. Skattar og tryggingar	5400		
10. Sími og skrifstofa	7000		
11. Röntgenfilmur og röntgenáhöld	25000		
12. Ýmis gjöld	4000		
13. Fyrning	30000		
14. Til kaupa á röntgenáhöldum	20000	461000	
		504000	
Þar frá dregst:			
1. Daggjöld sjúklinga	310000		
2. Geislalækn. (tekjur af röntgendeild) ..	45000		
3. Skurðstofugjald	10000		
4. Fæðingarstofugjald	4300		
5. Aukatekjur	400	369700	
Rekstrarhalli		134300	
C. Til ljósmæðra- og hjúkrunarkvennaskólans, þar í fæði ljósmæðranema		9500	
		143800	
10. Holdsveikraspítalinn			65082
Rekstrarkostnaður sundurliðast þannig:			
A. Laun yfirlæknis		3600	
B. Önnur gjöld:			
1. Laun	15000		
2. Matvæli	12000		
3. Lyf og umbúðir	2000		
4. Ljós og eldsneyti	12500		
5. Þvottur og hreinlætisvara	1200		
6, Fatnaður allur	1500		
7. Viðhald húsa og fastra muna	6200		
8. Viðhald lausra muna	1000		
9. Sími	500		
10. Skattar og tryggingar	2800		
11. Flutningskostnaður	800		
12. Ýmisleg gjöld	1500		
13. Fyrning	4482	61482	
		65082	
11. Geðveikrahælið á Kleppi:			
I. Gamli spítalinn:			
Rekstrarkostnaður sundurliðast þannig:			
A. Laun yfirlæknis		5000	
B. Önnur gjöld:			
1. Laun	23000		
2. Matvæli	42000		
3. Lyf og umbúðir	1500		
4. Ljós og hiti	13500		
Flyt	80000	5000	454132

		kr.	kr.
Flutt	80000	5000	454132
5. Þvottur og hreinlætisvara	4500		
6. Viðhald húsa og fastra muna	3000		
7. Viðhald lausra muna	1500		
8. Sími og skrifstofa	1500		
9. Flutningskostnaður	2000		
10. Skattar og tryggingar	1500		
11. Fatnaður allur	5000		
12. Ýmis gjöld	2500		
13. Fyrning	3064		
		104564	
		109564	
Tekjur:			
Daggjöld sjúklinga:			
26800 sjúkradagar á 5,00	134000		
Tekjuafgangur		24436	
	134000	134000	
II. Nýi spítalinn:			
Rekstrarkostnaður sundurliðast þannig:			
A. Laun yfirlæknis		5000	
B. Önnur gjöld:			
1. Laun	57000		
2. Matvæli	76000		
3. Lyf og sáraumbúðir	8000		
4. Ljós og hiti	20000		
5. Þvottur og hreinlætisvara	12500		
6. Viðhald húsa og fastra muna	4000		
7. Viðhald lausra muna	7500		
8. Sími og skrifstofa	2500		
9. Flutningskostnaður	2800		
10. Skattar og tryggingar	2200		
11. Fatnaður allur	9000		
12. Ýmis gjöld	3000		
13. Fyrning	3355		
		207855	
		212855	
Tekjur:			
Daggjöld sjúklinga:			
43000 sjúkradagar á 5,00	215000		
Tekjuafgangur		2145	
	215000	215000	
12. Heilsuhælið á Vífilsstöðum			48550
Rekstrarkostnaður sundurliðast þannig:			
A. Laun lækna		10000	
Flyt		10000	502682

		kr.	kr.
	Flutt	10000	502682
B. Önnur gjöld:			
1. Laun	70000		
2. Matvæli	130000		
3. Lyf og hjúkrunargögn	13000		
4. Ljós og eldsneyti	38000		
5. Þvottur og hreinlætisvara	24000		
6. Viðhald húsa og fastra muna	8000		
7. Viðhald lausra muna	10000		
8. Fatnaður	6000		
9. Sími og skrifstofa	5500		
10. Flutningskostnaður	3000		
11. Tryggingar og skattar	1500		
12. Ýmis gjöld	5000		
13. Fyrning	3350		
		317350	
Þar frá dragast þessar tekjur:		327350	
Daggjöld sjúklinga, 56700 sjúkradagar á 4,00 og 5,00		278800	
		48550	
13. Heilsuhælið á Reykjum í Ölfusi:			
Rekstrarkostnaður sundurliðast þannig:			
A. Laun læknis		7400	
B. Önnur gjöld:			
1. Laun	13500		
2. Matvæli	27500		
3. Lyf og hjúkrunargögn	1500		
4. Ljós og eldsneyti	1000		
5. Þvottur og hreinlætisvara	2000		
6. Viðhald húsa og fastra muna	3000		
7. Viðhald lausra muna	2000		
8. Fatnaður	1500		
9. Sími og skrifstofa	1000		
10. Flutningar	1500		
11. Skattar og tryggingar	400		
12. Ýmis gjöld	1500		
13. Fyrning	1600		
		58000	
Tekjur:			
Daggjöld sjúklinga:		65400	
15000 sjúkradagar á 5,00	75000		
Tekjuafgangur		9600	
	75000	75000	
14. Heilsuhælið í Kristnesi			8530
Rekstrarkostnaður sundurliðast þannig:			
A. Laun lækna		8600	
	Flyt	8600	511212

		kr.	kr.
	Flutt	8600	511212
B. Önnur gjöld:			
1. Laun starfsmanna	31060		
2. Fæði	47500		
3. Lyf og hjúkrunargögn	5000		
4. Ljós og hiti	13000		
5. Þvottur og hreinlætisvara	4500		
6. Viðhald húsa og fastra muna	6000		
7. Viðhald lausra muna	3300		
8. Fatnaður	3000		
9. Sími og skrifstofa	1500		
10. Skattar og tryggingar	1200		
11. Flutningskostnaður	2000		
12. Ýmis gjöld	2500		
13. Fyrning	8370		
		128930	
		137530	
Þar frá dregst:			
Daggjald sjúklinga, 25800 sjúkradagar á 5 kr.		129000	
		8530	
15. Önnur gjöld:			
a. Styrkur til að reisa læknisbústaði og sjúkraskýli ..		13000	
b. Til greiðslu vaxta af skuldum vegna læknisbústaða í Ögurhéraði, Reykhólahéraði og Hesteyrarhéraði, allt að kr. 1200 til hvers		3600	
c. Bólusetningarkostnaður		2000	
d. Gjöld samkv. lögum nr. 66 19. júní 1933, um varnir gegn útbreiðslu næmra sjúkdóma		15000	
e. Gjöld samkv. lögum nr. 65 19. júní 1933, um varnir gegn því, að næmir sjúkdómar berist til Íslands ..		2000	
f. Gjöld samkv. lögum nr. 16 1923, um varnir gegn kynsjúkdómum		35000	
g. Kostnaður við heilbrigðiseftirlit lækna með alþýðuskólum		5000	
h. Til annara heilbrigðisráðstafana		2000	
i. Styrkur til heilsuverndarstöðva í kaupstöðum, gegn tvöföldu framlagi annarsstaðar að		18000	
Heilsuverndarstöð, sem styrks vill verða aðnjótandi, skal reka berklavarnastarfsemi undir yfirstjórn og eftirliti berklayfirlæknis rikisins og haga störfum sínum öllum eftir reglum, er heilbrigðisstjórnin samþykkir.			
j. Styrkur til Súgfirðinga til að hafa lærða hjúkrunarkonu		1000	
k. Til styrktar mönnum, er þurfa að fá sér gervilimi		4000	
l. Viðbótarlaun yfirsetukonu í Grímsey, gegn jafnmikilli launabót annarsstaðar að		300	
m. Til Halldórs Arnórssonar umbúðasmiðs		3000	
	Flyt	103900	511212

	kr.	kr.
Flutt	103900	511212
n. Til Páls Sigurðssonar fyrrv. héraðslæknis, biðlaun	1800	
o. Til ýmsra sjúklinga, eftir úthlutun landlæknis	5000	
		110700
16. Hluti ríkissjóðs af launum ljósmæðra		65000
17. Til byggingar bálstofu í Reykjavík, gegn a. m. k. tvöföldu framlagi annarsstaðar að		10000
enda sé bálstofusalurinn til frjálsra afnota prestum Reykjavíkurprestakalls til guðsþjónustuhalds, eftir samkomulagi sóknarnefndar og bálstofustjórnar.		
Þar frá dregst samkv. tölul. 11. I.—II. og 13:		696912
Tekjuafgangur gamla spítalans á Kleppi	24436	
— nýja spítalans á Kleppi	2145	
— Reykjahælis	9600	
		36181
Samtals	. . .	660731

13. gr.

Til samgöngumála er veitt:

		kr.	kr.
A.			
Vegamál.			
I. Stjórn og undirbúningur vegagerða:			
1. Laun vegamálastjóra		7200	
enda sé hann ráðunautur stjórnarinnar í vatnamálum.			
2. Laun aðstoðarverkfræðings		5910	
3. Ferðakostnaður þeirra og fæðispeningar, eftir reikningi		6000	
4. Til aðstoðarmanna og mælinga		35000	
5. Skrifstofukostnaður		19000	
			73110
II. Þjóðvegir.			
a. Til nýrra akvega:			
1. Kjósarvegur	4050		
25. Oddur Oddsson	500,00		
26. Ólafur Friðriksson	1800,00		
27. Ríkarður Jónsson	3000,00		
28. Sigurður Jónsson, Arnarvatni	1000,00		
29. Sigurður Nordal	2000,00		
30. Sigurður Sigurðsson frá Arnarholti ..	1000,00		
31. Sigurjón Friðjónsson	1000,00		
32. Theodór Friðriksson	1500,00		
33. Unnur Benediktsdóttir Bjarklind	1000,00		
34. Þórarinn Jónsson tónskáld	1800,00		
35. Þórbergur Þórðarson	2500,00		
36. Þorsteinn Gíslason	2000,00		
		73900,00	
h. Ekkjur og börn skálda og listamanna:			
1. Arnbjörg Einarsdóttir	300,00		
2. Eleanor Sveinbjörnsson	1200,00		
3. Guðrún Jónsdóttir Erlingsson	600,00		
4. Guðrún Sigurðardóttir	600,00		
5. Jakobína Pétursdóttir	200,00		
6. Kristín Jakobsdóttir frá Hofi	800,00		
7. Ólína Þorsteinsdóttir	300,00		
8. Sigríður Jónsdóttir frá Hvítadal	500,00		
9. Sigríður Snæbjarnardóttir, ekkja Þór. B. Þorlákssonar málara	500,00		
		5000,00	
i. Ýmsir starfsmenn og ekkjur:			
1. Ágústa Þ. Ólafsdóttir	300,00		
2. Anna Bjarnadóttir, ekkja Hj. Láruss. ..	300,00		
3. Anna Eiríksdóttir ljósmóðir	200,00		
4. Anna Oddsdóttir ljósmóðir	200,00		
5. Anna Sigríður Jóhannsdóttir ljósmóðir	200,00		
6. Anna Sigurðardóttir, Fjöllum	300,00		
7. Anna Þorsteinsdóttir ljósm.	400,00		
8. Arndís Sigurðardóttir	300,00		
9. Árni G. Þóroddsson, fv. fiskimatsmaður	400,00		
10. Ásgeir Jónsson Gottorp	300,00		
11. Áslaug Bjarnadóttir ljósm.	300,00		
12. Ástríður Jónsdóttir ljósm.	200,00		
13. Benedikt Gröndal, fyrrv. bæjarfógskr. .	800,00		
14. Bergur Jónsson, fyrrv. fiskimatsm.	400,00		
15. Bjarghildur Jónsdóttir ljósmóðir	200,00		
16. Björg Guðmundsdóttir	400,00		
17. Einar Markússon, fyrrv. ríkisbókari ...	2000,00		
18. Einar Straumfjörð fyrrv. vitvörður, vegna örorku	400,00		
19. Elín Pétursdóttir ljósm.	200,00		
20. Friðfinnur Guðjónsson leikari	800,00		
Flyt	8600,00	174508,35	94810,81

			kr.	kr.
	Flutt	8600,00	174508,35	94810,81
21.	Gestur Guðmundsson, fyrrv. vitav.	400,00		
22.	Gísli Jónsson fyrrv. fiskimatsm.	400,00		
23.	Gróa Jónsdóttir ljósm.	200,00		
24.	Guðbjörg Þorleifsdóttir, Múlakoti	400,00		
25.	Guðjón Guðlaugsson	1200,00		
26.	Guðlaugur Hansson lýsismatsm.	200,00		
27.	Guðleif Erlendsdóttir, fyrrv. hjúkrunark.	300,00		
28.	Guðmundur Eiríksson á Þorfinnsst.	300,00		
29.	Guðmundur Gissurarson fv. fiskimatsm.	400,00		
30.	Guðmundur Kr. Guðmundsson, fyrrv. fiskimatsm.	400,00		
31.	Guðmundur Þorfinnsson, fyrrv. ferjum.	300,00		
32.	Guðríður Guðmundsdóttir ljósm.	200,00		
33.	Guðríður Jónsdóttir ljósm.	200,00		
34.	Guðrún Cýrusdóttir ljósm.	200,00		
35.	Guðrún Egilson 2000 kr., auk 100 kr. með hverju barni hennar í ómegð	2200,00		
36.	Guðrún Einarsdóttir ljósm.	200,00		
37.	Guðrún Finnsdóttir ljósm.	200,00		
38.	Guðrún Gísladóttir júbilljósmóðir	400,00		
39.	Guðrún Guðmundsdóttir ljósm.	300,00		
40.	Guðrún Jóhannesdóttir ljósm.	300,00		
41.	Guðrún Magnúsdóttir ljósm.	200,00		
42.	Guðrún J. Norðfjörð ljósm.	200,00		
43.	Halldór Brynjólfsson blindi	350,00		
44.	Halldóra Metúsalemsdóttir ljósm.	300,00		
45.	Halldóra Þórðardóttir	600,00		
46.	Helga Þórðardóttir ljósm.	200,00		
47.	Helgi Árnason, fyrrv. safnahúsvörður ..	600,00		
48.	Henriette Kjær, fv. yfirhjúkrunarkona .	600,00		
49.	Hólmfríður Björnsd., ekkja G. Hjaltas.	300,00		
50.	Hólmfríður Friðfinnsdóttir ljósm.	200,00		
51.	Ingibjörg Jósefsdóttir ljósm.	200,00		
52.	Jensína Pálsdóttir ljósm.	200,00		
53.	Jóhann Gíslason, fyrrv. fiskimatsm. ...	400,00		
54.	Jóhann Ragúels, Akureyri	600,00		
55.	Jóhannes Jörundsson, Hrísey	300,00		
56.	Jón Jónsson, Munaðarhóli, fyrrv. fiskimatsm.	400,00		
57.	Jón Runólfsson, fyrrv. sýsluskrifari ..	600,00		
58.	Jón Sigurðsson fiskimatsm.	200,00		
59.	Jón Sturlaugsson hafnsögum., Stokkseyri	300,00		
60.	Jónatan Jónsson, fyrrv. vitavörður ..	400,00		
61.	Jónína Marteinsdóttir	300,00		
62.	Jórunn Guðmundsdóttir ljósm.	300,00		
63.	Klásína Eiríksdóttir ljósm.	200,00		
64.	Kristín Guðmundsd., ekkja E. Helgas.	600,00		
	Flyt	25850,00	174508,35	94810,81

			kr.	kr.
	Flutt	25850,00	174508,35	94810,81
65.	Kristín Ólafsdóttir ljósm.	200,00		
66.	Kristín Pálsdóttir ljósm.	300,00		
67.	Kristín Pálsdóttir vitavarðarekkja	300,00		
68.	Kristín Sigurðardóttir júbilljósm.	500,00		
69.	Kristinn Jónsson vegaverkstjóri	300,00		
70.	Kristjana Benediktsdóttir	400,00		
71.	Kristólína Kragh	300,00		
72.	Kofoed-Hansen, fyrrv. skógræktarstjóri.	1546,80		
73.	Lúsía Þorsteinsdóttir júbilljósm.	200,00		
74.	Magnús Magnússon, fyrrv. fiskimatsm.	400,00		
75.	Margrét Grímsdóttir ljósm.	200,00		
76.	Margrét Jónsdóttir ljósm.	200,00		
77.	Margrét Jónsdóttir vitavarðarekkja	300,00		
78.	Margrét Sigurðardóttir ljósm.	200,00		
79.	Margrét Vigfúsdóttir vitavarðarekkja ..	300,00		
80.	María Eiríksdóttir ljósm.	200,00		
81.	Marta Þórarinsdóttir símam.ekkja	500,00		
82.	Matthildur Grímsdóttir ljósmóðir	200,00		
83.	Matthías Ólafsson, fyrrv. alþm.	600,00		
84.	Nikólína Björnsdóttir ljósm.	300,00		
85.	Níelsína Ólafsdóttir, ekkja Dan. Daníelssonar	600,00		
86.	Ólafur Guðmundsson, fyrrv. ferjum. ..	600,00		
87.	Ólafur Ísleifsson, Þjórsártúni	600,00		
88.	Ólafur Jóelsson, fyrrv. fiskimatsm.	400,00		
89.	Ólína Sigurðardóttir ljósm.	200,00		
90.	Ólöf Steingrímsdóttir, ekkja Páls Erl. ..	500,00		
91.	Pálína Björnsdóttir ljósm.	200,00		
92.	Pálína Sigurðardóttir, fyrrv. ljósm.	300,00		
93.	Pálína Sæmundsdóttir ljósm.	200,00		
94.	Petrea Jónsdóttir	300,00		
95.	Ragnheiður Erlendsdóttir	300,00		
96.	Rannveig Guðmundsdóttir ljósm.	200,00		
97.	Sigríður Bergsteinsdóttir ljósm.	200,00		
98.	Sigríður Gísladóttir 300 kr., og 100 kr. með hverju barni hennar til 16 ára ald.	1100,00		
99.	Sigríður Halldórsdóttir ljósm.	200,00		
100.	Sigríður Magnúsdóttir hjúkrunarkona .	500,00		
101.	Sigríður Narfadóttir ljósm.	300,00		
102.	Sigríður Sigurðardótir ljósm.	200,00		
103.	Sigríður Sveinsdóttir, ekkja Jakobs Björnssonar síldarmatsmanns	300,00		
104.	Sigurður Jónsson, fyrrv. fiskimatsm. ..	400,00		
105.	Sigurður Pétursson, fyrrv. fangav.	1000,00		
106.	Snæbjörn Kristjánsson, Hergilsey	200,00		
107.	Sólveig G. Guðmundsdóttir ljósm.	200,00		
108.	Steinunn Sigurðardóttir, ekkja M. Vigfússonar	600,00		
	Flyt	42896,80	174508,35	94810,81

		kr.	kr.
Flutt	42896,80	174508,35	94810,81
109. Tómas Gunnarsson fiskimatsm.	200,00		
110. Valgerður Steinsen fv. spítalaráðsk. ..	500,00		
111. Vigfús Sigurðsson fyrrv. vitavörður ..	300,00		
112. Vilborg Sigurðardóttir ljósm.	200,00		
113. Þorleifur Þorleifsson, fv. fiskimatsm. ..	400,00		
114. Þórunn Magnúsdóttir ljósm.	200,00		
		44696,80	
Á styrkveitingar í II. a.—i. greiðist dýrtíðaruppbót eftir sömu reglum sem á laun embættismanna.			
j. Lífeyrir hjónanna á Staðarfelli		3000,00	
k. Eftirlaun Sig. Sigurðssonar búnaðarmálastjóra		4500,00	
			226705,15
III. Dýrtíðaruppbót		. . .	64592,04
Samtals		. . .	386108,00

19. gr.

Til óvissra útgjalda eru veittar 100000 kr.

III. KAFLI
Eignahreyfingar.

20. gr.

		kr.	kr.
	Inn.		
I.	Fyrningar:		
1.	Samkvæmt 3. gr. A.	119640	
2.	— 3. — B.	3640	
3.	— 9. —	2170	
4.	— 10. —	2046	
5.	— 11. —	7070	
6.	— 12. —	60721	
7.	— 13. —	130552	
8.	— 14. —	13644	
9.	— 15. —	4350	
			343833
II.	Væntanlega útdregið af bankavaxtabréfum og veðdeildarbréfum		50000
III.	Endurgreiddar fyrirframgreiðslur		10000
IV.	Endurgreidd lán og andvirði seldra eigna		50000
	Samtals	. . .	453833
	Út.		
I.	Afborganir lána ríkissjóðs og ríkisstofnana:		
1.	Ríkissjóðslán:		
	a. Innlend lán 396840		
	b. Dönsk lán 306487		
	c. Ensk lán 494923		
		1198250	
2.	Lán ríkisstofnana:		
	a. Landssíminn (sjá 3. gr. A. 2.) 215000		
	b. Ríkisútvarpið (sjá 3. gr. A. 5.) 75000		
		290000	
			1488250
	Flyt	. . .	1488250

	kr.	kr.
Flutt	. . .	1488250
II. Til eignaaukningar ríkisstofnana:		
1. Landssíminn (ný símakerfi o. fl.)	130000	
2. Ríkisprentsmiðjan	10000	
		140000
III. Til að gera nýja vita		65000
IV. Til lögboðinna fyrirframgreiðslna		10000
Samtals	. . .	1703250

21. gr.
I. Rekstrar-

		kr.	kr.
	Tekjur:		
2. gr.	Skattar og tollar		14303000
3. gr. A.	Tekjur af rekstri ríkisstofnana	3010960	
— B.	Tekjur af fasteignum ríkissjóðs	33000	
			3043960
4. gr.	Tekjur af bönkum og vaxtatekjur		508000
5. gr.	Óvissar tekjur		50000
	Samtals	. . .	17904960

II. Sjóðs-

		kr.
	Inn:	
2.—5. gr.	Rekstrartekjur samkvæmt rekstraryfirliti	17904960
	Aðrar innborganir og fyrningar[1]):	
20. gr. I.	Fyrningar	343833
— II.	Væntanlega útdregið af bankavaxtabréfum	50000
— III.	Endurgreiddar fyrirframgreiðslur	10000
— IV.	Endurgreidd lán og andvirði seldra eigna	50000
	Greiðslujöfnuður	50248
	Samtals	18409041

1) Fyrningar færðar hér til jafnaðar sömu upphæð, sem talin er í rekstrarútgjöldum.

Yfirlit.
yfirlit.

			kr.	kr.
		Gjöld:		
7. gr.		Vextir		1680000
8. gr.		Borðfé konungs		60000
9. gr.		Til alþingiskostnaðar og yfirskoðunar ríkisreikninga		245920
10. gr.		Til ríkisstjórnarinnar		507346
11. gr.	A.	Til dómgæzlu og lögreglustjórnar	1522750	
—	B.	Sameiginlegur kostnaður við embættisrekstur	329000	
				1851750
12. gr.		Til læknaskipunar og heilbrigðismála		660731
13. gr.	A.	Vegamál	1620077	
—	B.	Samgöngur á sjó	654200	
—	C.	Vitamál og hafnargerðir	707250	
—	D.	Flugmál	11500	
				2993027
14. gr.	A.	Kirkjumál	408020	
—	B.	Kennslumál	1939229	
				2347249
15. gr.		Til vísinda, bókmennta og lista		251660
16. gr.		Til verklegra fyrirtækja		4003200
17. gr.		Til almennrar styrktarstarfsemi		1618800
18. gr.		Til eftirlauna og styrktarfjár		386108
19. gr.		Óviss útgjöld		100000
		Rekstrarafgangur		1199169
		Samtals	. . .	17904960

firlit.

			kr.
		Út:	
7.—19. gr.		Rekstrarútgjöld samkvæmt rekstraryfirliti	16705791
		Aðrar útborganir:	
20. gr.	I.	Afborganir lána	1488250
—	II.	Til eignaaukningar ríkisstofnana	140000
—	III.	Til að gera nýja vita	65000
—	IV.	Lögboðnar fyrirframgreiðslur	10000
		Samtals	18409041

22. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt:

I. Að verja fé úr ríkissjóði til launagreiðslu tveggja dómara í hæstarétti, ef dómurum verður fjölgað á árinu 1939 samkvæmt lögum um hæstarétt, nr. 112 14. maí 1935.

II. Að greiða Ingibjörgu H. Bjarnason 2000 kr. eftirlaun, þegar hún lætur af starfi.

III. Að greiða Jakobi Smára ¾ adjunktslauna fyrir skólaárið 1938—1939, ef hann lætur af embætti og fær eigi lífvænlegt starf við sitt hæfi fyrir þann tíma.

IV. Að greiða Sigtryggi Guðlaugssyni prófasti full laun, er hann lætur af prestskap.

V. Að láta þeim ráðherra, sem fer með utanríkismál, sé hann ekki jafnframt forsætisráðherra, í té leigulausa íbúð, eða að öðrum kosti greiða honum úr ríkissjóði allt að 3000 kr. til húsaleigu.

VI. Að endurgreiða úr lífeyrissjóðum embættismanna og barnakennara, án vaxta, iðgjöld Kristjönu V. Hannesdóttur, Andreu Bjarnadóttur, Benedikts Blöndals, Elínborgar Sveinsdóttur og Daníels Daníelssonar (til ekkju hans).

VII. Að greiða á árinu 1939 dýrtíðaruppbót á laun embættismanna, eftir sömu reglum sem á árinu 1938.

VIII. Að láta blindravinafélag Íslands fá að láni allt að 10 útvarpstæki til afnota fyrir blinda menn, og sé kostnaður, er af þessu leiðir, færður á fjárhagsáætlun viðtækjaverzlunar ríkisins. Ennfremur að lána allt að þremur tækjum til sjúklinga, sem liggja rúmfastir árum saman í heimahúsum.

IX. Að endurgreiða á árunum 1938 og 1939 viðskiptagjald af efni í niðursuðudósir undir íslenzkar afurðir að nokkru eða öllu leyti. Heimild þessi nær einnig til viðskiptagjalds af tilbúnum niðursuðudósum, ef þær fást ekki gerðar í landinu sjálfu sambærilegar að efni og gæðum.

X. Að endurgreiða skemmtanaskatt af fé því, sem aflað er með samkomum og rennur til eflingar slysavörnum hér við land.

XI. Að innheimta skemmtanaskatt af skemmtunum þeim, sem hún ákveður, öðrum en kvikmyndasýningum, með aðeins 20% álagi frá 1. júní 1938, í stað 80%, sem heimilað er í 4. gr. laga nr. 60 31. des. 1937, og lögum samþykktum á þessu þingi. Leiksýningar, hljómleikar og söngskemmtanir innlendra manna eru sem áður undanþegnar álagningunni.

XII. Að innheimta á árunum 1938 og 1939 aðflutningsgjöld af efni í kassa um fisk til útflutnings sem um almennan trjávið sé að ræða, enda sé kassaefnið ekki unnið annað meir en það, að það sé sagað niður í hæfilegar lengdir.

XIII. Að ábyrgjast fyrir tunnuverksmiðju Siglufjarðar allt að 150 þús. kr. rekstrarlán, enda sé lánið greitt fyrir áramót.

XIV. Að ábyrgjast fyrir Akureyrarkaupstað allt að 200 þús. kr. lán til rekstrar tunnuverksmiðju þar, enda greiðist lánið fyrir áramót.

XV. Að ábyrgjast fyrir Sauðárkrókshrepp allt að 330000 kr. lán til hafnargerðar á Sauðárkróki, gegn því, að héraðsbúar útvegi óendurkræft framlag til verksins, ekki undir 100000 kr., enda fari allur kostnaður ekki fram úr 680000 kr. Lánið verði tekið innanlands.

XVI. Að ábyrgjast fyrir Vestmannaeyjakaupstað allt að 150000 kr. lán vegna hafnarinnar, enda sé lánið tekið innanlands.

XVII. Að krefjast þeirra trygginga, sem stjórnin metur gildar, fyrir hverri ábyrgð, sem hún gengur í f. h. ríkissjóðs, enda séu allar slíkar lántökur framkvæmdar af ráðuneytinu, eða landsbanka Íslands og útvegsbanka Íslands í samráði við ráðuneytið. Þó getur ráðuneytið falið einstökum mönnum útvegun lánanna.

XVIII. Að kaupa hveralandið í Reykjahverfi vegna grænmetisræktunar og væntanlegrar hitaveitu til Húsavíkur, ef hagstæðir samningar takast um kaupin.
XIX. Að kaupa Reykjarhól í Seyluhreppi fyrir skólasetur
XX. Að kaupa jarðirnar Tjarnir I og II og Brúnir undir Vestur-Eyjafjöllum, sem sæta ágangi vegna fyrirhleðslu Markarfljóts.
XXI. Að kaupa jörð til ábúðar fyrir dýralækni í Austfirðingafjórðungi.
XXII. Að kaupa jörðina Ólafsdal í Dalasýslu.
XXIII. Að kaupa Gullfoss í Hvítá, ef um semst.
XXIV. Að kaupa á árinu 1939 eignina Amtmannsstíg 1 í Reykjavík, hús og lóðir, með því verði og skilmálum, sem um semst, og þó ekki óhagkvæmari fyrir ríkissjóð en boðið hefir verið áður í þá eign.
XXV. Að selja strandferðaskipið Esju, ef hagkvæmir samningar takast, og kaupa í hennar stað nýtt mótorskip.
XXVI. Að veita mjólkurbúi Ölfusinga fjárhagslegan stuðning til næsta þings, eftir mati ríkisstjórnarinnar, til þess að greiða úr bráðabirgðaörðugleikum þess vegna byrða af stofn- og starfrækslukostnaði, enda láti ríkisstjórnin athuga, svo fljótt sem verða má, fjárhag mjólkurbúsins og rekstur allan, í því skyni að tryggja afkomu þess í framtíðinni, eftir því sem unnt er.
XXVII. Að gefa Ísafjarðarkaupstað eftir 33500 kr. eftirstöðvar af dýrtíðarláni frá 1918, svo og Akraneshreppi 3000 kr. og Grunnavíkurhreppi kr. 2609.50, hvorttveggja eftirstöðvar af samskonar lánum.
XXVIII. Að hlutast til um, að stjórn Fiskveiðasjóðs Íslands verji til útlána, samkv. nánari reglum, er atvinnumálaráðherra setur, allt að 90 þús. kr. af ónotuðu fé og ónotaðri lántökuheimild skuldaskilasjóðs vélbátaeigenda, í því skyni að ná fullnaðarsamningum um greiðslu og eftirgjafir á ábyrgðarkröfum á félagsmenn fiskveiðasamvinnufélaga, er á þá hafa fallið vegna skuldaskila félagsins.
XXIX. Að semja við Búnaðarbankann um skil á Flóavegaláni, kr. 40869.98, sem veitt var úr viðlagasjóði 1924 og heimilað var að gefa eftir í fjárlögum, áður en viðlagasjóður var afhentur bankanum
XXX. Að færa niður viðlagasjóðslán til Miklavatnsmýraráveitu að réttri tiltölu á þeim jörðum, sem ekki hafa haft hennar not, að undangenginni rannsókn Búnaðarfélags Íslands á því, hvort áveitan hafi orðið að notum fyrir jarðirnar.
XXXI. Að gera nauðsynlegar ráðstafanir, í samráði við Búnaðarfélag Íslands, til varnar gegn landbroti á Vestmannaeyjajörðum og uppblæstri gróðurs á Heimaey og verja til þess nokkrum hluta af tekjum umboðsins.
XXXII. Að greiða af tekjum áfengisverzlunar ríkisins allt að 30000 kr. til byggingar sjómannaheimilis á Siglufirði, gegn að minnsta kosti $^2/_5$ hlutum annarsstaðar að, enda hafi bindindisfélögin á Siglufirði forgöngu og umsjón með rekstri hússins.
XXXIII. Að leyfa stjórn síldarverksmiðja ríkisins að taka á leigu síldarbræðsluna á Húsavík.
XXXIV. Að kalla, í samráði við biskup og sóknarnefnd dómkirkjusafnaðarins, tvo aðstoðarpresta til starfa í dómkirkjusöfnuðinum og láta greiða þeim úr prestlaunasjóði sömu laun og sóknarprestum.

23. gr.

Stjórn landsbankans veitist heimild til að greiða Steinunni Kristjánsdóttur, ekkju Alberts Þórðarsonar bankabókara, 500 kr. 1939, svo og uppbót á þá fjárhæð, eftir sömu reglu sem bankinn veitir hana á laun starfsmanna sinna, og að greiða Birni Kristjánssyni uppbót á eftirlaun hans, eftir sömu reglu.

Stjórninni er heimilt að greiða Þóru Beck, ekkju Þórólfs Becks skipstjóra, eftir-

laun eftir svipuðum reglum sem eimskipafélag Íslands greiðir ekkjum skipstjóra sinna, og sé upphæðin færð á útgerðarreikning Esju.

Stjórn búnaðarbankans veitist heimild til þess að greiða frú Önnu Klemensdóttur, ekkju Tryggva Þórhallssonar bankastjóra, 25% af launum manns hennar sem aðalbankastjóra búnaðarbankans, og dýrtíðaruppbót að auk.

Stjórn sama banka veitist heimild til þess að greiða frú Aðalbjörgu Albertsdóttur, ekkju Þorsteins Sigurgeirssonar bankagjaldkera, 1000 kr., og til tveggja barna hennar innan 16 ára aldurs, 300 kr. til hvors.

Stjórn samábyrgðar Íslands heimilast að greiða frú Elísabetu Gunnarsson, ekkju Jóns Gunnarssonar, 1000 króna lífeyri.

Stjórninni er heimilt að greiða Sigurði Hjálmarssyni stýrimanni 600 kr., og sé upphæðin færð á útgerðarreikning Esju.

24. gr.

Ef lög verða staðfest, er afgreidd hafa verið frá alþingi 1938 og hafa í för með sér tekjur eða gjöld fyrir ríkissjóð, breytast fjárhæðirnar tekju- og gjaldamegin samkvæmt þeim lögum.

Allar þær fjárveitingar, sem eigi eru ákveðnar í lögum, öðrum en fjárlögum, tilskipunum, konungsúrskurðum eða öðrum gildandi ákvörðunum, gilda aðeins fyrir fjárhagstímabilið.

Nd. 566. Frumvarp til laga

um bráðabirgðatekjuöflun ríkissjóðs og jöfnunarsjóð bæjar- og sveitarfélaga.

(Eftir eina umr. í Ed.).

1. gr.

Til þess að standast útgjöld ríkisins 1939 og til þess að greiða tillag til jöfnunarsjóðs bæjar- og sveitarfélaga er ríkisstjórninni heimilt að afla tekna á þann hátt, er greinir hér á eftir.

2. gr.

Með því að leggja á tekjuskatt á árinu 1939 eftir þeim skattstiga, sem hér fer á eftir, í stað þess skattstiga, sem greinir í 6. gr. laga nr. 6 9. jan. 1935, um tekju- og eignarskatt:

Ef hinn skattskyldi hluti teknanna er undir 1000 kr., greiðist af honum 1%.

Af	1000—	2000	kr.	skattsk.	tekjum	greiðast	10	kr.	af	1000	kr.	og	2	%	af	afg.
—	2000—	3000	—	—	—	—	30	—	—	2000	—	—	5	—	—	—
—	3000—	4000	—	—	—	—	80	—	—	3000	—	—	7,5	—	—	—
—	4000—	5000	—	—	—	—	155	—	—	4000	—	—	10	—	—	—
—	5000—	6000	—	—	—	—	255	—	—	5000	—	—	15	—	—	—
—	6000—	7000	—	—	—	—	405	—	—	6000	—	—	20	—	—	—
—	7000—	8000	—	—	—	—	605	—	—	7000	—	—	30	—	—	—
—	8000—	9000	—	—	—	—	905	—	—	8000	—	—	31	—	—	—
—	9000—	10000	—	—	—	—	1215	—	—	9000	—	—	31,5	—	—	—
—	10000—	11000	—	—	—	—	1530	—	—	10000	—	—	32	—	—	—
—	11000—	12000	—	—	—	—	1850	—	—	11000	—	—	33	—	—	—
—	12000—	13000	—	—	—	—	2180	—	—	12000	—	—	34	—	—	—
—	13000—	14000	—	—	—	—	2520	—	—	13000	—	—	35	—	—	—
—	14000—	15000	—	—	—	—	2870	—	—	14000	—	—	36	—	—	—
—	15000—	16000	—	—	—	—	3230	—	—	15000	—	—	37	—	—	—

Af	16000—18000	kr.	skattsk.	tekjum	greiðast	3600	kr.	af	16000	kr.	og	38 % af afg.
—	18000—20000	—	—	—	—	4360	—	—	18000	—	—	39 — — —
—	20000—22000	—	—	—	—	5140	—	—	20000	—	—	40 — — —
—	22000—24000	—	—	—	—	5940	—	—	22000	—	—	41 — — —
—	24000—26000	—	—	—	—	6760	—	—	24000	—	—	42 — — —
—	26000—28000	—	—	—	—	7600	—	—	26000	—	—	43 — — —
—	28000 og þar yfir		—	—	—	8460	—	—	28000	—	—	44 — — —

Félög þau og stofnanir, er um ræðir í a-lið og c-lið 3. gr. laga nr. 6 9. jan. 1935, greiði þó aldrei lægri skatt en 5% af skattskyldum tekjum. Sama er um skattgjald samkv. 2. gr. sömu laga og skattgjald erlendra félaga.

Af skattskyldum tekjum þeirra félaga, er um ræðir í 3. gr. b-lið laga nr. 6 9. jan. 1935, greiðist 10%, ef skattskyldar tekjur þeirra nema 7000 kr. eða þar yfir.

Sá skattauki, sem lagður kann að verða á 6000 kr. skattskyldar tekjur eða þar yfir samkvæmt þessum lögum, skiptist í tvo jafna hluta, og skal öðrum hlutanum varið til þess, sem talið er í 1. gr., en hinn hlutinn skal renna til fiskimálasjóðs, og skal honum varið til þess að lána sjómönnum og verkamönnum, sem gerast þátttakendur í félagi til togarakaupa samkv. 5. gr. laga nr. 61 frá 31. des. 1937, ⅓—½ af tilskildu framlagi þeirra, gegn tryggingum, er fiskimálanefnd tekur gildar, og gangi sjómenn og verkamenn í Reykjavík fyrir um fyrsta skip, sem þannig verður keypt. Verði þessi hluti skattaukans ekki notaður að fullu samkvæmt framanrituðu, rennur afgangurinn til byggingarsjóðs samkvæmt lögum nr. 3 9. jan. 1935, um verkamannabústaði, í hlutfalli við skattauka þann, er innheimtur hefir verið í hverju bæjar- eða sveitarfélagi.

3. gr.

Með því að innheimta á árinu 1939 gjald til ríkissjóðs af vörum þeim, sem fluttar eru hingað til lands og ekki eru undanþegnar því í þessum lögum. Gjaldið skal greiða af innkaupsverði varanna, kominna um borð í skip, sem flytja á vörurnar hingað til lands. Skal hlutaðeigandi tollstjóri stimpla á þann hátt, er ræðir um í lögum nr. 75 27. júní 1921, innkaupsreikninga yfir vörurnar með þeim hundraðshlutum í gjald af innkaupsverðinu, sem hér greinir:

1. Með 2% stimplast reikningar yfir eftirtaldar vörur: Akkeri og akkerisfestar, bátar, baðlyf, björgunartæki, blýsökkur, dráttartaugar fyrir plóga og herfi, fiskábreiður, fiskilínur, fiskinet, fiskmottur, fiskpressur, forardælur, frystivélar, fræ og trjáplöntur, grastó, hafragrjón, hafrar, heyvinnsluvélar, hrífur, hrífutindaefni, hrísgrjón, húðir saltaðar, kjöttunnur og efni í þær, kjötumbúðir, landbúnaðarvélar, ljáir og blöð, lóðarbelgir, lóðartaumar, lóðarteinar, lóðarönglar, lýsistunnur og efni í þær, manilla, mjaltavélar, mótorvélar, netagarn, netakork, netakúlur, olíulampar og tilheyrandi, plógar og herfi, prentpappír, prjónavélar, rúgmjöl, rúgur, sáðvélar, saumavélar, síldarkrydd, síldartunnur og efni í þær, skip, skóflur og landbúnaðarverkfæri allskonar, sláttuvélar, smávarningur á og til fata, svo sem tölur, krókapör, smellur, spennur, leggingar, tvinni, snúrur og teygjubönd, smjörpappír, umbúðastrigi, varahlutir til mótorvéla, veiðarfæri og efni í þau, vélaolíur í tunnum og brúsum, vörpugarn, vörpuhlerar, vörpujárn og vörpur.
2. Með 8% stimplast reikningar yfir allar aðrar vörur en þær, sem tilgreindar eru í 1., 3., 4. og 5. tölulið greinar þessarar, eða eru sérstaklega undanþegnar samkvæmt því, sem segir hér á eftir.
3. Með 10% stimplast reikningar yfir eftirtaldar vörur: Bifhjól, blákka, borðbúnaður, annar en sá, er fellur undir 5. tölulið þessarar greinar. Burstavörur, búsáhöld allskonar, eldhúsáhöld allskonar, fólksflutningsbifreiðar, fægiefni allskonar, glervarningur, greiður, hreinlætisvörur allskonar, húsgögn og húsgagnahlutar, kaffi, lásar, skrár, lamir og tilheyrandi, leirvarningur, línsterkja, postulínsvarningur, ræstiduft, sápa allskonar, sápuduft og spænir. Smávarningur úr

alpakka, aluminum, beikalít, beini, blý, eir, hvítmálmi, járni, látúni, málmblendingi, steintegundum, tini og tré. Speglar, straubretti, straujárn, sykur, tauklemmur, taurullur, tausnúrur, tauvindur, vogir og tilheyrandi, þvottabretti og þvottaefni allskonar.

4. Með 15% stimplast reikningar yfir eftirtaldar vörur: Fatnaður allskonar, band, garn, kakaó, kryddvörur, sagó, skófatnaður, annar en gúmmískófatnaður. Sýróp, te, vefnaðarvörur og vefnaður allskonar.
5. Með 30% stimplast reikningar yfir eftirtaldar vörur: Ávaxtamauk, ávaxtasulta, ávextir niðursoðnir, ávextir nýir, ávextir þurrkaðir, brjóstsykur, grænmeti niðursoðið, grænmeti nýtt, grænmeti þurrkað, gullvarningur, gull og silfur óunnið, hljóðfæri og músikvörur, konfekt, leðurvörur, platinuvarningur, silfurvarningur, snyrtivörur, súkkulaði, úr og klukkur, vörur úr gull-, silfur- og platinupletti.

Undanþegnar gjaldi þessu eru vörur þær, sem tilgreindar eru í auglýsingu um viðskiptasamkomulag milli Íslands og sameinaða konungsríkisins Stórabretlands og Norður-Írlands, nr. 106 29. júní 1933, þó ekki lengur en sá samningur er í gildi. Ennfremur blöð, bækur, tímarit, áburðarefni, girðingarefni, kol, salt, steinolía, endursendar íslenzkar afurðir, endursendar tómar umbúðir, notaðir heimilismunir manna, sem flytja vistferlum til landsins og hafa verið minnst eitt ár búsettir erlendis, og venjulegur farangur farþega.

Gjöld þau, sem greinir í 1.—5. tölulið hér á undan, skal einnig greiða af vörum þeim, sem innfluttar hafa verið fyrir 1. janúar 1938, en aðflutningsgjöld hafa ekki verið greidd af er lög þessi öðlast gildi.

Verði ágreiningur um það, hvaða vörur skuli taldar og ekki taldar til framangreindra gjaldflokka, fellir fjármálaráðherra um það fullnaðarúrskurð.

Framangreind ákvæði raska að engu leyti gildandi lögum um verðtoll. Ákvæðin um sýning innkaupsreikninga í 1. gr. laga nr. 5 3. apríl 1928, svo og ákvæðin í gildandi reglugerð um verðtoll og ákvæði laga nr. 63 31. desember 1937 og 4. gr. laga nr. 132 31. des. 1935 skulu gilda, eftir því sem við á, um gjald samkvæmt þessari grein.

Sérstök skilagrein skal gerð fyrir gjaldi samkvæmt þessari grein. Fjármálaráðherra getur með reglugerð sett nánari fyrirmæli um greiðslu gjaldsins af vörum, sem sendar eru til landsins í pósti, og um annað, er snertir framkvæmd á ákvæðum greinarinnar, og má í reglugerðinni ákveða sektir fyrir brot á henni.

4. gr.

Með því að innheimta á árinu 1939 8 aura innflutningsgjald af hverjum lítra af benzíni, í stað þess innflutningsgjalds, sem ákveðið er í a-lið 1. gr. laga nr. 84 6. júlí 1932.

Að öðru leyti gilda ákvæði nefndra laga 6. júlí 1932 um innheimtu og endurgreiðslu innflutningsgjalds af benzíni samkvæmt 1. mgr. þessarar greinar.

Þeim tekjuauka, sem leiðir af framangreindri hækkun innflutningsgjaldsins af benzíni frá því, sem það var eftir nefndum lögum frá 1932, skal varið til að greiða kostnað við lagning akvega og malbikun þjóðvega svo sem hér greinir:

1. Til malbikunar:
   a. Elliðaárvegur ..... allt að 50000 kr.
   b. Hafnarfjarðarvegur ..... — — 50000 —
2. Til akvega:
   a. Til Suðurlandsbrautar ..... — — 63000 —
   b. — Vatnsskarðsvegar ..... — — 36000 —
   c. — Austurlandsvegar ..... — — 15300 —
   d. — vega út frá Akureyri ..... — — 13500 —
   e. — Ljósavatnsskarðsvegar ..... — — 4500 —
   f. — Sogsvegar ..... — — 14400 —

g. Til Steingrímsfjarðarheiðarvegar ..... allt að 10800 kr.
h. — vega í Vestmannaeyjum ..... — — 2700 —
i. — Siglufjarðarskarðsvegar ..... — — 15570 —
j. — vega út frá Seyðisfirði ..... — — 2700 —
k. — Öxnadalsvegar ..... — — 5670 —

Það, sem ofangreindur tekjuauki kann að fara fram úr kr. 284320.00, leggist í sérstakan sjóð, er verði ráðstafað til lagningar Suðurlandsbrautar á árinu 1940.

5. gr.

Með því að innheimta á árinu 1939 með 11% viðauka alla skatta, tolla og önnur gjöld, sem greiða ber í ríkissjóð og falla í gjalddaga á árinu, og því einnig skatta og gjöld samkvæmt 2., 3. og 4. gr. laga þessara.

Framangreindu 11% gjaldi skal einnig bætt við aðflutningsgjöld af vörum, sem fluttar hafa verið til landsins fyrir 1. janúar 1938, en aðflutningsgjöld hafa ekki verið greidd af fyrir gildistöku laga þessara.

Undanþegin viðaukagjaldi samkvæmt 1. mgr. þessarar greinar eru útflutningsgjöld samkvæmt lögum nr. 63 23. jan. 1935, gjöld samkvæmt lögum nr. 25 9. jan. 1935 og aðflutningsgjöld af vörum þeim, sem tilgreindar eru í auglýsingu nr. 106 29. júní 1933, þó ekki lengur en samningur sá, sem þar er birtur, er í gildi.

Fjármálaráðherra setur nánari reglur um innheimtu viðaukagjaldsins samkvæmt þessari grein, svo og um skil á því í ríkissjóð.

6. gr.

Á árinu 1939 er ríkisstjórninni heimilt:

a. að endurgreiða fiskveiðagufuskipum vörutoll af kolum, sem þau nota til fiskveiða í salt.
b. að falla frá innheimtu vörutolls af salti.

Heimild þessi sé þó því aðeins notuð, að bæjar- eða hreppsfélög, sem hlut eiga að máli, eða fyrirtæki, sem rekin eru af þeim, veiti útgerðinni hliðstæð hlunnindi, að dómi ríkisstjórnarinnar, með lækkun á gjöldum.

Noti ríkisstjórnin heimild þessa, heimilast henni að hækka skatt- og tollviðauka þann, sem um ræðir í 5. gr. laga þessara, úr 11% í 12%.

7. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1939.

Nd. 567. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 104 23. júní 1936, um atvinnu við siglingar á íslenzkum skipum.

(Eftir 3. umr. í Ed.).

1. gr.

Aftan við 49. gr. laganna bætist ný málsgr., svo hljóðandi:

Undanþegin ákvæðum 1. málsgr. þessarar greinar um skyldu til að hafa stýrimann auk skipstjóra eru fiskiskip og bátar undir 30 rúmlestum, ef þeim er ætlað að leggja afla sinn á land daglega eða stunda síldveiðar tveir um nót.

2. gr.

Aftan við 1. málsgr. b-liðs 51. gr. laganna bætist:

Undanþegin ákvæðinu um aðstoðarmann í vél eru þó öll fiskiskip, sem hafa minni vél en 800 hestafla.

d-liður sömu gr. laganna orðist svo:

Á eimskipi með meira en 1200, en ekki yfir 2500 hestafla vél, skal vera í minnsta lagi einn yfirvélstjóri, sem öðlazt hefir skírteini samkv. 33. gr., og tveir undirvélstjórar, sem öðlazt hafa skírteini samkv. 31. gr.

Sé skipið farþegaskip og vél þess yfir 1800 hestafla, skal það auk þess hafa einn aðstoðarvélstjóra, sem öðlazt hefir skírteini samkv. 29. gr.

e-liður sömu gr. laganna orðist svo:

Á eimskipi með yfir 2500 hestafla vél skal vera að minnsta kosti einn yfirvélstjóri, sem öðlazt hefir skírteini samkv. 33. gr., tveir undirvélstjórar, sem öðlazt hafa skírteini samkv. 31. gr., og einn aðstoðarvélstjóri, sem öðlazt hefir skírteini samkv. 29. gr.

3. gr.

c-liður 52. gr. laganna orðist svo:

Á mótorskipi með meira en 50, en ekki yfir 150 hestafla vél skal vera í minnsta lagi einn vélstjóri, sem öðlazt hefir skírteini samkvæmt 38. gr., og einn undirvélstjóri, sem öðlazt hefir skírteini samkvæmt 36. gr. Fiskiskip og bátar, sem ætlað er að koma daglega að landi með afla sinn, eða stunda síldveiðar tvö um nót, eru þó ekki skyld til að hafa undirvélstjóra, ef skipstjóri hefir öðlazt vélgæzluréttindaskírteini samkvæmt 36. gr.

4. gr.

Á eftir 1. málsgr. 57. gr. laganna kemur ný málsgr., svo hljóðandi:

Þetta ákvæði tekur þó ekki til réttinda til skipstjórnar á varðskipum ríkisins, nema þau séu fengin með siglingatíma á þesskonar skipum, innlendum eða erlendum, samkv. ákvæðum 21.—23. gr. þessara laga.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Nd. 568. Breytingartillaga

við frv. til l. um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að ábyrgjast fyrir Reykjavíkurkaupstað lán til hitaveitu.

Frá Finni Jónssyni og Emil Jónssyni.

Við 1. gr. Greinin orðist svo:

Ríkisstjórninni er heimilt, gegn þeim tryggingum, er hún metur gildar, að ábyrgjast fyrir hönd ríkissjóðs lán fyrir Reykjavíkurkaupstað til hitaveitu, allt að 6,3 milljónum króna, eða jafngildi þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt, þó aldrei yfir 90% af stofnkostnaði hitaveitunnar, enda sé tilhögun veitunnar samþykkt af ríkisstjórninni og útvegun lánsfjár gerð í samráði við hana.

Nd. 569. Breytingartillaga

við frv. til l. um skattgreiðslu útgerðarfyrirtækja íslenzkra botnvörpuskipa.

Frá Einari Olgeirssyni.

Við 2. gr. 2. málsl. falli niður.

Nd. 570. Frumvarp til laga

um skattgreiðslu útgerðarfyrirtækja íslenzkra botnvörpuskipa.

(Eftir 2. umr. í Nd.)

1. gr.

Á árunum 1938—1942, að báðum árum meðtöldum, er útgerðarfyrirtækjum íslenzkra botnvörpuskipa heimilt að draga frá skattskyldum tekjum sínum tap, sem orðið hefir á rekstri þeirra eftir 1. jan. 1931, unz tapið er að fullu greitt.

Á sama tíma er ofangreindum fyrirtækjum heimilt að draga frá skattskyldum tekjum sínum 90% af þeirri fjárhæð, sem þau leggja í varasjóð af árstekjum sínum.

2. gr.

Bæjarstjórnum og sveitarstjórnum er heimilt að undanþiggja sömu fyrirtæki útsvari á sama tíma. Verði heimild þessi ekki notuð, má þó ekki leggja hærra útsvar á þau en sömu fyrirtæki báru árið 1938.

3. gr.

Ívilnanir þær, sem fólgnar eru í 1. og 2. gr., eru bundnar eftirfarandi skilyrðum:

a. Að fullnægjandi grein hafi verið gerð fyrir tapinu á framtali til tekju- og eignarskatts fyrir það eða þau ár, sem tapið varð.
b. Að eigi sé úthlutað arði til hluthafa eða félagsmanna á meðan tapið er eigi að fullu jafnað, né hluthöfum ívilnað á annan beinan eða óbeinan hátt, svo sem með hækkuðum kaupgreiðslum eða auknum hlunnindum. Ennfremur er fjármálaráðherra heimilt að setja svipaðar takmarkanir þegar um einkafyrirtæki er að ræða.
c. Að því leyti, sem tapið, eða þær skuldir, sem mynduðust þess vegna, hefir verið gefið eftir fyrir ráðstöfun þess opinbera, kemur framangreind ívilnun eigi til greina, sbr. lög nr. 9 6. jan. 1938.

4. gr.

Fjármálaráðherra setur nánari reglur um framkvæmd þessara laga.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Nd. 571. Breytingartillaga

við frv. til laga um skattgreiðslu útgerðarfyrirtækja íslenzkra botnvörpuskipa.

Frá Einari Olgeirssyni

Aftan við 3. gr. bætist nýr liður, er verði d-liður, og orðist svo:

Að útgerðarfyrirtæki þessi hafi, að áliti fjármálaráðherra, gert út botnvörpuskip sín á veiðar eins og frekast hafi verið fært fjárhagslega.

Nd. 572. Breytingartillögur

við frv. til l. um rekstrarlánafélög.

Frá Bergi Jónssyni.

1. Við 2. gr. Orðin „og til heimilisþarfa“ í 2. mgr. falli burt.
2. Við 6. gr. Greinin orðist svo:
   Rekstrarlánafélög eiga rétt á innflutnings- og gjaldeyrisleyfum fyrir nauðsynjar til útgerðar félagsmanna sinna, sbr. 2. gr., í samræmi við innflutningsreglur á hverjum tíma.
3. Við 10. gr. Greinin orðist svo:
   Rekstrarlánafélög skulu hafa jafnan rétt og aðrir til lánsfjár til útgerðar hjá Landsbanka Íslands og Útvegsbanka Íslands h/f, eftir því sem tryggingar standa til.

Ed. 573. Lög

um breyting á vatnalögum, nr. 15 15. júní 1923.

(Afgreidd frá Ed. 11. maí).

Samhljóða þskj. 405.

Ed. 574. Lög

um breyting á lögum nr. 75 27. júní 1921, um stimpilgjald, og lögum nr. 25 9. jan. 1935, um viðauka við þau.

(Afgreidd frá Ed. 11. maí).

Samhljóða þskj. 552.

Sþ. 575. Breytingartillaga

við till. til þál. um skipun milliþinganefndar til þess að endurskoða tolla- og skattalöggjöf landsins.

Frá fjármálaráðherra.

Við fyrstu málsgr. tillgr. bætist nýr málsliður:
Auk þess skulu skattstjórinn í Reykjavík og tollstjórinn í Reykjavík eiga sæti í nefndinni.

Ed. 576. Breytingartillaga

við frv. til l. um varnir gegn útbreiðslu mæðiveikinnar og stuðning til bænda, er beðið hafa tjón af henni.

Frá Erlendi Þorsteinssyni og Árna Jónssyni.

Við 5. gr. Á eftir 3. tölul. greinarinnar komi nýr tölul., sem verður 4. tölul., svo hljóðandi:

4. Milli Kollafjarðar og Ísafjarðar.

Ed. **577. Breytingartillaga**

við frv. til l. um varnir gegn útbreiðslu mæðiveikinnar og stuðning til bænda, er beðið hafa tjón af henni.

Frá forsætisráðherra.

Við 23. gr. Í stað orðanna „hreppa- og sýsluvegum“ komi: vegum.

Nd. **578. Breytingartillögur**

við frv. til laga um breyting á lögum nr. 104 23. júní 1936, um atvinnu við siglingar á íslenzkum skipum.

Frá Finni Jónssyni.

1. Við 1. gr. Orðin „eða stunda síldveiðar ... tveir um nót“ falli niður.
2. Við 3. gr. síðari málsl. Orðin „eða stunda síldveiðar ... tvö um nót“ falli niður.
3. Á eftir 4. gr. komi ný grein, sem verður 5. gr., svo hljóðandi:
   Á eftir 63. gr. laganna komi eftirfarandi

Ákvæði til bráðabirgða.

Á árinu 1938 fer fram endurskoðun laga þessara eftir fyrirmælum atvinnumálaráðherra, og skulu til endurskoðunarinnar kvaddir fulltrúar sjómanna og útgerðarmanna

Greinatalan breytist samkv. þessu.

Sþ. **579. Breytingartillaga**

við till. til þál. um skipun milliþinganefndar til þess að endurskoða tolla- og skattalöggjöf landsins.

Frá Einari Olgeirssyni.

Við 1. málsgr. Í stað orðanna „þriggja manna“ komi: fimm manna.

Sþ. **580. Fjáraukalög**

fyrir árið 1936.

(Afgreidd frá Sþ. 11. maí).

Samhljóða þskj. 348.

Sþ. **581. Fjáraukalög**

fyrir árið 1937.

(Afgreidd frá Sþ. 11. maí).

Samhljóða þskj. 448.

Sþ. 582. Breytingartillaga

við till. til þál. um skipun milliþinganefndar til þess að endurskoða tolla- og skattalöggjöf landsins.

Frá fjármálaráðherra.

Tillögugreinin orðist svo:

Sameinað Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að skipa fimm manna milliþinganefnd til að endurskoða tolla- og skattalöggjöf landsins, þar á meðal öll lagaákvæði og fyrirmæli um skatt- og tollheimtu og tollgæzlu.

Þrír nefndarmanna skulu skipaðir eftir tilnefningu frá þremur stærstu flokkum þingsins. Auk þess skulu skattstjórinn í Reykjavík og tollstjórinn í Reykjavík eiga sæti í nefndinni.

Fjármálaráðherra velur formann nefndarinnar.

Kostnaður við störf nefndarinnar greiðist úr ríkissjóði.

Sþ. 583. Þingsályktun

um samningaumleitanir um afhending íslenzkra skjala og forngripa.

(Afgreidd frá Sþ. 11. maí).

Samhljóða þskj. 315.

Sþ. 584. Þingsályktun

um skipun milliþinganefndar til þess að endurskoða tolla- og skattalöggjöf landsins.

(Afgreidd frá Sþ. 11. maí).

Sameinað Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að skipa fimm manna milliþinganefnd til að endurskoða tolla- og skattalöggjöf landsins, þar á meðal öll lagaákvæði og fyrirmæli um skatt- og tollheimtu og tollgæzlu.

Þrír nefndarmanna skulu skipaðir eftir tilnefningu frá þremur stærstu flokkum þingsins. Auk þess skulu skattstjórinn í Reykjavík og tollstjórinn í Reykjavík eiga sæti í nefndinni.

Fjármálaráðherra velur formann nefndarinnar.

Kostnaður við störf nefndarinnar greiðist úr ríkissjóði.

Ed. 585. Frumvarp til laga

um varnir gegn útbreiðslu mæðiveikinnar og stuðning til bænda, er beðið hafa tjón af henni.

(Eftir 2. umr. í Ed.).

Samhljóða þskj. 483 með þessari breytingu:

5. gr. hljóðar svo:

Aðalvarðlínur skulu vera þessar:

1. Meðfram Þjórsá frá sjó upp í Hofsjökul.
2. Meðfram Héraðsvötnum og Jökulsá eystri frá sjó og upp í Hofsjökul.

3. Milli Steingrímsfjarðar og Þorskafjarðar eða Berufjarðar.
4. Milli Kollafjarðar og Ísafjarðar.

Þessar aðalvarðlínur skal treysta með girðingum og varðmönnum eftir því, sem þörf krefur og öruggast er talið á hverjum stað.

Ed. 586. Þingsályktun

um sýslumannabústaði.

(Afgreidd frá Ed. 11. maí).

Samhljóða þskj. 446.

Nd. 587. Frumvarp til laga

um varnir gegn útbreiðslu mæðiveikinnar og stuðning til bænda, er beðið hafa tjón af henni.

(Eftir 3. umr. í Ed.)

Samhljóða þskj. 483 með þessum breytingum.

5. gr. hljóðar svo:

Aðalvarðlínur skulu vera þessar:

1. Meðfram Þjórsá frá sjó upp í Hofsjökul.
2. Meðfram Héraðsvötnum og Jökulsá eystri frá sjó og upp í Hofsjökul.
3. Milli Steingrímsfjarðar og Þorskafjarðar eða Berufjarðar.
4. Milli Kollafjarðar og Ísafjarðar.

Þessar aðalvarðlínur skal treysta með girðingum og varðmönnum eftir því, sem þörf krefur og öruggast er talið á hverjum stað.

23. gr. hljóðar svo:

Framkvæmdanefnd tilkynnir aðiljum, ekki síðar en í lok aprílmánaðar, hversu mikils styrks þeir megi vænta það ár. Sýslunefndin ákveður síðan, að fengnum tillögum viðkomandi hreppsnefnda, í hvaða vegum skuli unnið og hvernig þátttaka í vinnunni skiptist á milli hreppanna.

Nd. 588. Lög

um bráðabirgðatekjuöflun ríkissjóðs og jöfnunarsjóðs bæjar- og sveitarfélaga.

(Afgreidd frá Nd. 11. maí).

Samhljóða þskj. 566.

Ed. 589. Þingsályktun

um undirbúning stofnunar uppeldisheimilis fyrir vangæf börn og unglinga.

(Afgreidd frá Ed. 11. maí).

Samhljóða þskj. 505.

Ed. 590. Lög

um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að taka lán.

(Afgreidd frá Ed. 11. maí).

Samhljóða þskj. 344.

Ed. 591. Lög

um skattgreiðslu útgerðarfyrirtækja íslenzkra botnvörpuskipa.

(Afgreidd frá Ed. 11. maí).

Samhljóða þskj. 570.

Ed. 592. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 104 23. júní 1936, um atvinnu við siglingar á íslenzkum skipum.

(Eftir eina umr. í Nd.).

1. gr.

Aftan við 49. gr. laganna bætist ný málsgr., svo hljóðandi:

Undanþegin ákvæðum 1. málsgr. þessarar greinar um skyldu til að hafa stýrimann auk skipstjóra eru fiskiskip og bátar undir 30 rúmlestum, ef þeim er ætlað að leggja afla sinn á land daglega.

2. gr.

Aftan við 1. málsgr. b-liðs 51. gr. laganna bætist:

Undanþegin ákvæðinu um aðstoðarmann í vél eru þó öll fiskiskip, sem hafa minni vél en 800 hestafla.

d-liður sömu gr. laganna orðist svo:

Á eimskipi með meira en 1200, en ekki yfir 2500 hestafla vél, skal vera í minnsta lagi einn yfirvélstjóri, sem öðlazt hefir skírteini samkv. 33. gr., og tveir undirvélstjórar, sem öðlazt hafa skírteini samkv. 31. gr.

Sé skipið farþegaskip og vél þess yfir 1800 hestafla, skal það auk þess hafa einn aðstoðarvélstjóra, sem öðlazt hefir skírteini samkv. 29. gr.

e-liður sömu gr. laganna orðist svo:

Á eimskipi með yfir 2500 hestafla vél skal vera að minnsta kosti einn yfirvélstjóri, sem öðlazt hefir skírteini samkv. 33. gr., tveir undirvélstjórar, sem öðlazt hafa skírteini samkv. 31. gr., og einn aðstoðarvélstjóri, sem öðlazt hefir skírteini samkv. 29. gr.

3. gr.

c-liður 52. gr. laganna orðist svo:

Á mótorskipi með meira en 50, en ekki yfir 150 hestafla vél skal vera í minnsta lagi einn vélstjóri, sem öðlazt hefir skírteini samkvæmt 38. gr., og einn undirvélstjóri, sem öðlazt hefir skírteini samkvæmt 36. gr. Fiskiskip og bátar, sem ætlað er að koma daglega að landi með afla sinn, eru þó ekki skyld til að hafa undirvélstjóra, ef skipstjóri hefir öðlazt vélgæzluréttindaskírteini samkvæmt 36. gr.

4. gr.

Á eftir 1. málsgr. 57. gr. laganna kemur ný málsgr., svo hljóðandi:

Þetta ákvæði tekur þó ekki til réttinda til skipstjórnar á varðskipum ríkis-

ins, nema þau séu fengin með siglingatíma á þesskonar skipum, innlendum eða erlendum, samkv. ákvæðum 21.—23. gr. þessara laga.

5. gr.

Á eftir 63. gr. laganna komi eftirfarandi

Ákvæði til bráðabirgða.

Á árinu 1938 fer fram endurskoðun laga þessara eftir fyrirmælum atvinnumálaráðherra, og skulu til endurskoðunarinnar kvaddir fulltrúar sjómanna og útgerðarmanna.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Nd. 593. Breytingartillaga

við tillögu til þingsályktunar um stofnun nýs læknishéraðs.

Frá Ólafi Thors.

1. Aftan við tillögugreinina bætist: svo og nauðsyn á stofnun nýs læknishéraðs í Kjósarsýslu.
2. Fyrir orðin „nýs læknishéraðs“ í fyrirsögn tillögunnar kemur: nýrra læknishéraða.

Nd. 594. Viðaukatillaga

við breytingartill. á þskj. 593 [Nýtt læknishérað].

Frá Ásgeiri Ásgeirssyni.

Við 1. Við till. bætist: og í Súgandafirði.

Ed. 595. Breytingartillaga

við frv. til l. um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að ábyrgjast fyrir Reykjavíkurkaupstað lán til hitaveitu.

Frá Erlendi Þorsteinssyni.

Við 1. gr. Greinin orðist svo:

Ríkisstjórninni er heimilt, gegn þeim tryggingum, er hún metur gildar, að ábyrgjast fyrir hönd ríkissjóðs lán fyrir Reykjavíkurkaupstað til hitaveitu, allt að 6,3 milljónum króna, eða jafngildi þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt, þó aldrei yfir 90% af stofnkostnaði hitaveitunnar.

Nd. 596. Lög

um bráðabirgðatekjuöflun fyrir Hafnarfjarðarkaupstað.

(Afgreidd frá Nd. 12. maí).

Samhljóða þskj. 516.

Nd. 597. Lög

um breyting á lögum nr. 27 1. febr. 1936, um iðnaðarnám.

(Afgreidd frá Nd. 12. maí).

Samhljóða þskj. 529.

Nd. 598. Þingsályktun

um stofnun nýrra læknishéraða.

(Afgreidd frá Nd. 12. maí).

Neðri deild Alþingis ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta rannsaka, í samráði við landlækni, möguleikana fyrir stofnun nýs læknishéraðs fyrir næstu sveitir beggja megin Þjórsár, svo og nauðsyn á stofnun nýs læknishéraðs í Kjósarsýslu og í Súgandafirði.

Rannsókn þessi sé framkvæmd fyrir næsta reglulegt Alþingi.

Ed. 599. Frumvarp til laga

um rekstrarlánafélög.

(Eftir 3. umr. í Nd.).

1. gr.

Útvegsmönnum í einu og sömu verstöð eða byggðarlagi er rétt að stofna rekstrarlánafélög samkvæmt lögum þessum.

2. gr.

Hlutverk rekstrarlánafélaga er að annast útvegun rekstrarlána handa félagsmönnum sínum.

Félögin geta einnig haft með höndum sameiginleg innkaup á nauðsynjum félagsmanna til útgerðar og sölu á afurðum þeirra.

Rekstrarlánafélögin skulu haga starfsemi sinni þannig:

a) að svo tímanlega sé samið um rekstrarlán handa félagsmönnum, að þeir geti óhindraðir hafið fiskveiðar í byrjun vertíðar.
b) að félagsmenn geti jafnan orðið aðnjótandi beztu kjara á aðkeyptum nauðsynjum til rekstrar síns, með því að geta boðið staðgreiðslu.

3. gr.

Ábyrgð félagsmanna á skuldbindingum rekstrarlánafélaga getur verið með tvennu móti:

a) að félagsmenn ábyrgist einn fyrir alla og allir fyrir einn allar skuldbindingar félagsins.

b) að hver félagsmaður ábyrgist einungis sína eigin skuld, að viðbættri tiltekinni upphæð, sem nánar sé ákveðin í lögum hvers félags.

Félagsmenn í sama félagi mega vera fæstir 10, en flestir 30. Þó má víkja frá þessu ákvæði, ef hentugt þykir og sérstaklega stendur á.

4. gr.

Stjórn rekstrarlánafélags eða umboðsmaður hennar semur við lánsstofnanir um rekstrarlán handa félagsmönnum, eftir því sem félagsstjórninni og hverjum einstökum félagsmanni hefir komið saman um og með tilliti til eðlilegrar rekstrarlánaþarfar félagsmanns og þeirra trygginga, er hann getur sett.

5. gr.

Fyrirkomulag lána þeirra, er rekstrarlánafélög útvega félagsmönnum, getur verið með tvennu móti:

a) að hver einstaklingur sé lántakandi hjá hlutaðeigandi lánsstofnun að því láni, er hann fær.

b) að félagið sjálft sé skuldunautur gagnvart lánsstofnuninni og að það úthluti lánsfénu meðal félagsmanna.

Leggja skal árlega í félagssjóð hundraðshluta af viðskiptaveltunni, og skal gjald þetta ákveðið í samþykktum hvers félags.

Sjóðeign útborgist ekki til félagsmanna nema við félagsslit.

6. gr.

Rekstrarlánafélög eiga rétt á innflutnings- og gjaldeyrisleyfum fyrir nauðsynjar til útgerðar félagsmanna sinna, sbr. 2. gr., í samræmi við innflutningsreglur á hverjum tíma.

7. gr.

Lánsstofnunum, er veita lán samkvæmt lögum þessum, er heimilt að setja sérstök skilyrði fyrir lánunum, í því skyni að tryggja skilvísa greiðslu þeirra, svo sem:

að allar sjávarafurðir lántakanda skuli seldar gegnum sölusamlag,

að í hvert skipti, er lántakandi selur afurðir — eins þó að þær séu ekki veðsettar fyrir láninu —, skuli jafnan haldið eftir nokkurri upphæð af andvirðinu, svo sem nánar kann að vera um samið, til greiðslu upp í lánið.

Þetta atriði gildir, þótt lánið sé ekki komið í gjalddaga.

að lánsstofnunin eða trúnaðarmanni hennar sé jafnan heimilt að hafa eftirlit með því, að þannig umsömdum ákvæðum sé framfylgt.

8. gr.

Rekstrarlánafélög greiða skatta til ríkis og bæjar- og sveitarsjóða eftir sömu reglum og samvinnufélög.

9. gr.

Lán samkvæmt lögum þessum veitast gegn þeim tryggingum, er lánsstofnunin metur gildar. Þau skulu endurgreidd að fullu innan eins árs frá lántökudegi, eða fyrr, eftir því sem um semur.

Það teljast ekki vanskil, þótt hluti af rekstrarláni sé ógreiddur, ef lántakandi sannar, að hann eigi nægilegar óseldar afurðir til fullnaðargreiðslu lánsins.

Vextir — þar með talin framlengingargjöld eða provision — mega ekki vera hærri en venjulegir bankavextir af fiskveðsvíxlum á sama tíma.

10. gr.

Komi til þess, að Landsbanki Íslands eða Útvegsbanki Íslands, annar eða báðir, sjái sér ekki fært, vegna vöntunar reiðufjár, að sinna lánbeiðnum rekstrarlánafélaga, skal ríkisstjórnin veita aðstoð sína til þess að bankarnir, annar eða báðir,

verði sér úti um lánsfé, til þess að fullnægja rekstrarlánaþörfinni, eftir því sem tryggingar standa til.

11. gr.

Lög og starfsreglugerðir rekstrarlánafélaga skulu sniðin eftir fyrirmyndum, sem atvinnumálaráðuneytið semur í samvinnu við Landsbanka Íslands, Útvegsbanka Íslands, Fiskifélag Íslands og Sölusamband íslenzkra fiskframleiðenda.

Skulu fyrirmyndir þessar samdar þegar er lög þessi hafa verið staðfest og vera til útbýtingar hjá sýslumönnum landsins og Fiskifélagi Íslands og fulltrúum þess.

12. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Nd. 600. Lög

um varnir gegn útbreiðslu mæðiveikinnar og stuðning til bænda, er beðið hafa tjón af henni.

(Afgreidd frá Nd. 12. maí).

Samhljóða þskj. 587 (sbr. 483).

Ed. 601. Frumvarp til laga

um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að ábyrgjast fyrir Reykjavíkurkaupstað lán til hitaveitu.

(Eftir 2. umr. í Ed.).

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt, gegn þeim tryggingum, er hún metur gildar, að ábyrgjast fyrir hönd ríkissjóðs lán fyrir Reykjavíkurkaupstað til hitaveitu, allt að 6,3 milljónum króna, eða jafngildi þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt, þó aldrei yfir 90% af stofnkostnaði hitaveitunnar.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ed. 602. Lög

um breyting á lögum nr. 104 23. júní 1936, um atvinnu við siglingar á íslenzkum skipum.

(Afgreidd frá Ed. 12. maí).

Samhljóða þskj. 592.

Ed. 603. Lög

um rekstrarlánafélög.

(Afgreidd frá Ed. 12. maí).

Samhljóða þskj. 599.

Nd. 604. Breytingartillaga

við frv. til l. um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að ábyrgjast fyrir Reykjavíkurkaupstað lán til hitaveitu.

Frá Pétri Halldórssyni.

Við 1. gr. Í stað orðanna „allt að 6,3 milljónum króna“ til enda greinarinnar komi: allt að 7 milljónum króna, eða jafngildi þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt.

Nd. 605. Lög

um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að ábyrgjast fyrir Reykjavíkurkaupstað lán til hitaveitu.

(Afgreidd frá Nd. 12. maí).

Samhljóða þskj. 601.

Ed. 606. Þingsályktun

um rannsókn á atvinnuskilyrðum aldraðra sjómanna.

(Afgreidd frá Ed. 12. maí).

Samhljóða þskj. 541.

Sþ. 607. Þingsályktun

um rannsókn á framfærslukostnaði embættismanna.

(Afgreidd frá Sþ. 12. maí).

Samhljóða þskj. 240.

Sþ. 608. Þingsályktun

um athugun á því, hve há iðgjöld sé hæfilegt að greiða í lífeyrissjóði kennara og embættismanna.

(Afgreidd frá Sþ. 12. maí).

Samhljóða þskj. 205.

Sþ. 609. Þingsályktun

um skipun nefndar til þess að gera tillögur um tilraunastarfsemi landbúnaðarins.

(Afgreidd frá Sþ. 12. maí).

Samhljóða þskj. 413.

Sþ. 610. Nefndaskipun 1938

(53. löggjafarþing).

I.
Fastanefndir.

A.
Í sameinuðu þingi.

1. Fjárveitinganefnd:

Bjarni Bjarnason, formaður,
Pétur Ottesen,
Þorbergur Þorleifsson,
Helgi Jónasson,
Þorsteinn Þorsteinsson,
Ásgeir Ásgeirsson, fundaskrifari,
Jón Pálmason,
Skúli Guðmundsson[1]),
Jakob Möller.

Til hennar vísað:

1. Frv. til fjárlaga fyrir árið 1939 (1[2]), n. 223).
   Frsm.: Bjarni Bjarnason.
2. Till. til þál. um að auka ljósmagn Vestmannaeyjavitans á Stórhöfða (10).
   Nefndarálit kom ekki.
3. Till. til þál. um skipun milliþinganefndar til þess að endurskoða tolla- og skattalöggjöf landsins (57, n. 354).
   Frsm.: Bernharð Stefánsson.
4. Till. til þál. um afnotagjald útvarpsnotenda (62, n. 398 (minni hl.)).
   Frsm. minni hl.: Þorsteinn Þorsteinsson.
   Nefndarálit kom ekki frá meiri hl.
5. Till. til þál. um rannsókn á riðuveiki í sauðfé (67).
   Nefndarálit kom ekki.
6. Till. til þál. um bátasmíðastöð á Svalbarðseyri við Eyjafjörð (27).
   Nefndarálit kom ekki.
7. Till. til þál. um ráðstafanir gegn fólksfækkun í sveitum (254).
   Nefndarálit kom ekki.
8. Frv. til fjáraukalaga fyrir árið 1936 (348, n. 514).
   Frsm.: Helgi Jónasson.
